3.64 Að selja fasteignir Héraðsskólans að Núpi í Dýrafirði, Héraðsskólans í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp og Héraðsskólans á Reykjum í Hrútafirði og verja andvirði þeirra til viðhalds og stofnkostnaðar framhaldsskóla.
3.65 Að selja fasteignir fræðsluskrifstofanna í Reykjanesumdæmi og Austurlandsumdæmi og verja andvirði þeirra til viðhalds og stofnkostnaðar framhaldsskóla.
3.66 Að selja húseignirnar Sundstræti 28 og Árholt 5 á Ísafirði og eignarhluta ríkisins í fjölbýlishúsinu Miðgarði 4 á Egilsstöðum og verja andvirði þeirra til viðhalds og stofnkostnaðar framhaldsskóla.
3.67 Að selja húseignina Lindarbraut 8 á Laugarvatni og kaupa aðra í staðinn.
3.68 Að selja núverandi húsnæði lögreglunnar á Þórshöfn og kaupa annað hentugra.
3.69 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteigninni Borgartún 32, Reykjavík.
3.70 Að selja prestssetrið Hlíðarvegi 14, Bolungarvík, og kaupa annað í staðinn.
3.71 Að selja jörðina Gufudal í Ölfushreppi, Árnessýslu.
3.72 Að selja skólastjórabústað Húsmæðrakennaraskólans á Hallormsstað og nýta andvirðið til endurbóta á skólahúsinu.

Fasteignakaup, lántökuheimildir o.fl.

4.1 Að kaupa hverasvæði Geysis í Haukadal og taka til þess nauðsynleg lán.
4.2 Að kaupa húsnæði fyrir tækjastöð Brunamálastofnunar ríkisins.
4.3 Að ganga til samninga um kaup á húsnæði í Garðabæ fyrir útibú frá sýslumanninum í Hafnarfirði.
4.4 Að kaupa húsnæði fyrir varamann sendiherra í Washington og taka til þess nauðsynleg lán.
4.5 Að endurnýja lóðarleigusamning um núverandi sendiherrabústað í London eða festa kaup á nýju húsnæði og taka til þess nauðsynleg lán.
4.6 Að kaupa jarðirnar Gunnólfsvík I og II í Skeggjastaðahreppi, N-Múlasýslu, og taka til þess nauðsynleg lán.
4.7 Að kaupa húseignir og lóðir í nágrenni Menntaskólans í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
4.8 Að kaupa Hótel Valhöll á Þingvöllum og taka til þess nauðsynleg lán.
4.9 Að kaupa húseignir og lóðir í nágrenni Arnarhvols í Reykjavík fyrir Stjórnarráðið og taka til þess nauðsynleg lán.
4.10 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir aðalskrifstofur ráðuneyta og taka til þess nauðsynleg lán.
4.11 Að kaupa geymsluhúsnæði fyrir Þjóðskjalasafn Íslands.
4.12 Að kaupa húsnæði fyrir læknamóttöku í Hrísey.
4.13 Að kaupa húsnæði vegna uppbyggingar heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu og taka til þess nauðsynleg lán.
4.14 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir Heilsugæslustöðina Sólvang í Hafnarfirði.
4.15 Að kaupa íbúðarhúsnæði við Eiríksgötu í Reykjavík til nota fyrir Ríkisspítala og taka til þess nauðsynleg lán.

4.16 Að kaupa húsnæði fyrir Lyfjanefnd ríkisins og taka til þess nauðsynleg lán.
4.17 Að kaupa húsnæði fyrir útibú Fasteignamats ríkisins á Selfossi.
4.18 Að kaupa húseignir og byggingarreit á háskólalóðinni við Hringbraut í þágu Þjóðminjasafns Íslands.
4.19 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir Héraðsdóm Vestfjarða.
4.20 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir skrifstofu sýslumannsins á Hólmavík.
4.21 Að kaupa húsnæði fyrir Kjararannsóknarnefnd.

Ýmsar heimildir

5.1 Að semja við einstaklinga um bætur, í samræmi við tillögur nefndar um ágreiningsmál skv. 3. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, og að höfðu samráði við ríkislögmann, vegna tjóns sem þeir hafa orðið fyrir við læknismeðferð.
5.2 Að kaupa dagblöð eða aðalmálgagn þingflokks fyrir stofnanir ríkisins, allt að 100 eintökum af hverju blaði.
5.3 Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 1996, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana, að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárlaganefndar Alþingis.
5.4 Að ráðstafa, í samráði við einstaka ráðherra og fjárlaganefnd Alþingis, fjárlagalið 950 Rekstrarhagræðing til hækkunar á fjárheimild einstakra rekstrarviðfangsefna.
5.5 Að láta allt að 20% arðs af tekjum ríkisins í Kísiliðjunni hf. renna til sjóðs sem ætlað er að kosta eflingu atvinnulífs í þeim sveitarfélögum sem eiga verulegra hagsmuna að gæta af starfsemi kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn.
5.6 Að greiða bætur þeim sem sýkst hafa af alnæmi við blóðgjafir hér á landi fyrir 1986. Bætur séu ákveðnar af fjármálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra.
5.7 Að endurgreiða verðjöfnunargjöld við útflutning á unnum vörum sem innihalda landbúnaðarhráefni, í samráði við landbúnaðarráðherra.
5.8 Að ganga til samninga við Valbjörn hf. um greiðslu bóta vegna úreldingar fiskiskipsins Hauks GK 25.
5.9 Að lána til fiskeldisfyrirtækja, að fenginni tillögu landbúnaðarráðherra, greiddar afborganir, vexti og verðbætur af sérstökum rekstrarlánum sem veitt voru til fiskeldisfyrirtækja á árunum 1991 og 1992.
5.10 Að breyta stofnframlagi ríkisins í Samtökum um upplýsinganet rannsóknaraðila á Íslandi (SURÍS) í hlutafé í Internet á Íslandi hf.
5.11 Að heimila Póst- og símamálastofnun að kaupa hlutafé í fyrirtæki sem á viðskipti með fjarskiptatækni og þjónustu í Víetnam og nálægum löndum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Framlagning frumvarpsins og umfjöllun á Alþingi. Samkvæmt 42. gr. stjórnarskrárinnar ber að leggja fjárlagafrumvarp fyrir Alþingi strax og það kemur saman að hausti. Í samræmi við þetta hefur frumvarpið jafnan verið lagt fram á fyrsta fundi þingsins. Um meginefni þess er fjallað í fjárlaganefnd þingsins en fagnefndir fá þau atriði til umsagnar sem að þeim snúa. Þá er fjallað um nauðsynlegar lagabreytingar vegna tekjuhliðar og lánsfjármála í efnahags- og viðskiptanefnd. Fjárlagafrumvarp er jafnan afgreitt undir lok haustþings síðari hluta desembermánaðar.

Efnisskipan fjárlagafrumvarps. Fjárlagafrumvarpinu er skipt í fjóra meginhluta. Í fyrsta hlutanum eru hinar eiginlegu lagagreinar frumvarpsins. Greinarnar eru sex.

Í 1. grein er birt heildaryfirlit yfir tekjur, gjöld og lánahreyfingar, í 2. grein er yfirlit yfir útgjöld eftir ráðuneytum og helstu málefnaflokkum, í 3. grein er sundurliðun tekna, í 4. grein er ítarleg sundurliðun gjalda eftir ráðuneytum, stofnunum og tegundum útgjalda, í 5. grein er birt yfirlit yfir fjárreiður B-hluta fyrirtækja og í 6. grein er yfirlit yfir heimildarákvæði fjármálaráðherra og ríkisstjórnar.

Í öðrum hluta frumvarpsins er að finna greinargerð í átta köflum þar sem lýst er helstu forsendum og farið yfir einstaka þætti, breytingar frá fyrra ári o.fl. Þetta er fyrirferðarmesti hluti frumvarpsins enda er þar að finna skýringar á flestum þeim atriðum sem það varða.

- Í fyrsta kafla er gerð grein fyrir stefnunni í efnahags- og ríkisfjármálum og helstu áhersluatriðum frumvarpsins í því sambandi.
- Í öðrum kafla er fjallað um langtímaáætlun í ríkisfjármálum sem miðar að því að eyða halla ríkissjóðs á næstu tveimur árum.
- Í þriðja kafla er yfirlit yfir helstu niðurstöður fjárlagafrumvarps og horfum ársins 1995. Þar er lýst meginbreytingum á tekju-, gjalda- og lánahlið, meðal annars í ljósi framvindu síðustu ára.
- Í fjórða kafla er gerð grein fyrir efnahagshorfum frumvarpsins, bæði þróuninni að undanförnu og þjóðhagshorfum fyrir árið 1996.
- Í fimmta kafla er fjallað nánar um tekjuhlið frumvarpsins þar sem farið er yfir breytingar einstakra tekjustofna með samanburði við fyrri ár.
- Í sjötta kafla er ítarleg umfjöllun um gjaldahlið frumvarpsins eftir einstökum ráðuneytum, málefnaflokkum og stofnunum.
- Í sjöunda kafla er gerð grein fyrir fjárreiðum B-hluta fyrirtækja og sjóða.

- Í áttunda kafla er yfirlit yfir lánamál ríkissjóðs. Jafnframt er litið á þróunina á innlenda lánamarkaðnum og horfur fyrir árið 1996, meðal annars með hliðsjón af lánsfjárþörf opinberra aðila.

Í þriðja hluta frumvarpsins eru töflur um helstu þætti ríkisfjármála auk almennra yfirlitstaflna um helstu þjóðhagsstærðir og þróun þeirra síðustu ár. Í fjórða hlutanum eru fylgiskjöl, atriðaorðaskrá og efnisyfirlit.

1 Efnahagsstefnan og markmið fjárlaga

1.1 Helstu markmið fjárlagafrumvarps

Fjárlagafrumvarpið endurspeglar þær áherslur í efnahagsmálum sem fram koma í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Meginákersla er lögð á að skapa skilyrði til varanlegs hagvaxtar og aukinnar atvinnu án þess að stofna í hættu stöðugleika í verðlagi og frekari lækkun erlendra skulda. Þessi stefna kallar á aðgerðir á mörgum sviðum. Einna mikilvægast er að draga úr halla ríkissjóðs og ná jafnvægi í ríkisfjármálum á næstu tveimur árum.

Á sama hátt og hallarekstur á ríkissjóði getur verið réttlætanlegur á tímum samdráttar og vaxandi atvinnuleysis er jafn mikilvægt að nýta það svigrúm sem aukinn kaupmáttur almennings og batnandi afkoma þjóðarbúsins gefur til að rétta ríkisfjármálin af. Það er óásættanlegt að safna skuldum þegar efnahagslífið er í uppsveiflu og velta þannig vandanum yfir á komandi kynslóðir. Slíkt háttalag er óábyrgt og stenst ekki til lengdar. Sem betur fer er vaxandi skilningur í þjóðfélaginu á mikilvægi hallalausra fjárlaga og lækkunar skulda.

Ábyrg og traust ríkisfjármálastefna er forsenda þess að vextir geti lækkað, fjárfesting í atvinnulífinu taki við sér, hagvöxtur komist á skrið og störfum fjölgi. Þetta er kjarninn í stefnunni sem fjárlagafrumvarpið byggir á og ætlað er að bæta lífskjör heimilanna í landinu.

Markmið fjárlagafrumvarpsins er að minnka halla ríkissjóðs um helming á árinu 1996 og ná jafnvægi árið 1997. Árið 1996 er áætlaður halli tæplega 4 milljarðar króna. Gangi þessi áform eftir verður þetta minnsti halli á ríkissjóði í 12 ár, en árið 1984 var síðast afgangur á rekstri ríkissjóðs. Til að ná þessu markmiði þarf að beita ítrasta aðhaldi í útgjöldum. Við fjárlagagerð ársins 1996 hefur einkum verið litið til lækkunar framlaga til atvinnuvega, bótagreiðslna hvers konar og framkvæmda, einkum á sviði samgangna. Aðgerðir til að draga úr rekstrarútgjöldum krefjast lengri undirbúnings. Til þess verður horft við fjárlagagerð 1997 og er undirbúningur þegar hafinn.

Á gjaldahlið er meginákersla lögð á að halda aukningu útgjalda í skefjum. Í þessu skyni er dregið úr sjálfvirkni í vexti útgjalda, einkum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála. Jafnframt er aðhaldi beitt í rekstri stofnana ríkisins. Loks eru framlög til fjárfestinga lækkuð. Þrátt fyrir aðhaldssama útgjaldastefnu aukast framlög til ýmissa málaflokka, til dæmis til eflingar skólastarfs vegna aukinnar kennslu. Þótt nokkuð dragi úr framkvæmdum á vegum ríkisins þýðir það ekki minni umsvif í efnahagslífinu þar sem minni lánsfjárþörf ríkisins eykur svigrúm atvinnulífsins til fjárfestinga.

Að öllu samanlögðu er talið að heildarútgjöld ríkissjóðs á árinu 1996 verði tæplega 124 milljarðar króna og verði nokkurn veginn óbreytt í krónum talið frá áætlun þessa árs. Hins vegar lækka útgjöldin að raungildi um 2-3%, eða sem nemur rúmlega 3 milljörðum króna. Hlutfall útgjalda af landsframleiðslu lækkar því umtalsvert, eða um rúmlega 1% og hefur ekki verið lægra síðan 1987.

Tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins markast af þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að auka ekki skattbyrði. Heildartekjur ríkissjóðs eru áætlaðar rétt innan við 120 milljarða króna árið 1996. Þar af nema skatttekjur tæplega 112 milljörðum króna. Tekjurnar aukast um tæplega 6 milljarða frá árinu 1995, eða sem nemur almennum verðbreytingum og hagvexti. Tekjuaukninguna má alfarið rekja til meiri kaupmáttar launafólks í kjölfar kjarasamninga sem birtist í aukinni neyslu og fjárfestingu almennings. Hlutfall tekna af landsframleiðslu lækkar

hins vegar lítillega frá því í ár og hefur ekki verið lægra síðan 1987. Samhliða fjárlagagerðinni hefur verið unnið að ýmsum umbótum í skattamálum. Meðal annars er gert ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur verði tekinn upp á næsta ári og unnið er að heildarendurskoðun á tekjuskattskerfinu með það fyrir augum að draga úr jaðaráhrifum þess. Um næstu áramót ganga einnig í gildi ýmsar skattabreytingar sem ákveðnar voru á síðasta þingi. Nánar er fjallað um þessi atriði síðar.

Minni rekstrarhalli dregur úr lánsfjárþörf ríkissjóðs á næsta ári. Jafnframt er áætlað að lánsfjárþörf ríkisfyrirtækja, opinberra lánasjóða og sveitarfélaga verði minni en á þessu ári. Hvort tveggja stuðlar að lægri vöxtum en ella. Fjárlagafrumvarpinu er ætlað að treysta efnahagsbatann í sessi og stuðla þannig að aukinni atvinnu og bættum lífskjörum almennings.

1.2 Efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar

Íslenskt efnahagslíf er nú smám saman að ná sér eftir langvinnt erfiðleikatímabil sem staðið hefur frá því um miðjan síðasta áratug. Lengst af einkenndist þetta tímabil af litlum sem engum hagvexti, versnandi atvinnuástandi og þrálátum hallarekstri ríkissjóðs. Fyrri hluta þessa tímabils var verðbólga auk þess enn afar mikil. Viðskiptahalli var verulegur og náði hámarki árið 1991. Síðari hluta tímabilsins tókst að ná verðbólgunni niður á svipað stig og í nágrannalöndunum og síðustu þrjú ár hefur verið afgangur á viðskiptum við útlönd. Þannig hefur þokast verulega í átt til jafnvægis í þjóðarbúskapnum. Ríkisstjórnin hefur þess vegna ákveðið að gera jafnvægi í ríkisfjármálum að forgangsverkefni. Hér á eftir eru rakin helstu áhersluatriði efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, einkum þau er varða ríkisfjármál:

- Meginmarkmiðið er að viðhalda stöðugleika í efnahagsmálum og skapa skilyrði fyrir auknum hagvexti og fjölgun starfa. Lítil verðbólga og sambærilegir vextir og í helstu samkeppnislöndum stuðla að auknum fjárfestingum og nýsköpun í atvinnulífinu og eru því forsenda þess að störfum fjölgi. Því er mikilvægt að draga úr lánsfjárþörf ríkisins.

- Eitt af forgangsverkefnunum er að ná jafnvægi í ríkisbúskapnum á kjörtímabilinu. Áhersla verður lögð á ráðdeild um leið og stoðir velferðarinnar verða treystar. Í þeim tilgangi er brýnt að stöðva sjálfvirkni í útgjöldum ríkissjóðs. Unnið verður að ýmsum skipulagsbreytingum til að nýta sem best þá fjármuni sem varið er til heilbrigðis- og menntamála, einstakra atvinnugreina og opinberra framkvæmda.

- Lífeyrismál verða tekin til skoðunar og starfsgrundvöllur lífeyrissjóðanna treystur þannig að allir landsmenn njóti sambærilegra réttinda. Valfrelsi í lífeyrissparnaði verður aukið. Kannað verður hvort lífeyrissjóðir geta leyst af hólmi einstaka þætti almannatryggingakerfisins.

- Áfram verður unnið að nýskipan í ríkisrekstri, með auknum útboðum, sameiningu stofnana, þjónustusamningum, breyttu launakerfi og aukinni ábyrgð stjórnenda. Stefnt verður að meiri hagkvæmni við opinberar framkvæmdir og ríkisrekstur gerður einfaldari og skilvirkari. Aðstöðumunur verður jafnaður þar sem ríkið stundar atvinnurekstur í samkeppni við einkaaðila og arðsemiskröfur gerðar til ríkisfyrirtækja.

- Tekjuskattskerfið verður endurskoðað með það að markmiði að draga úr jaðaráhrifum þess, einfalda það og vinna gegn skattsvikum. Jafnframt verði skattakerfinu breytt

þannig að það hvetji almenning til að leggja áhættufé í atvinnurekstur. Skattalegt umhverfi fyrirtækja verði á við það sem best er í helstu samkeppnislöndunum.

- Lögð verður fram áætlun um verkefni á sviði einkavæðingar sem unnið verður að á kjörtímabilinu. Áhersla verður lögð á að breyta rekstrarformi ríkisbanka og fjárfestingarlánasjóða, ríkisfyrirtækja og stofnana sem eru í samkeppni við einkaaðila.

- Rekstrarskilyrði atvinnuvega verða tryggð og stuðlað að nýsköpun og sókn í vöruþróun og markaðssetningu. Mótuð verður heildarstefna um upplýsingatækni og -miðlun í því skyni að bæta framleiðni og samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja. Lög um erlenda fjárfestingu verða endurskoðuð til að laða að erlent fjármagn og atvinnustarfsemi.

1.3 Stefnumörkun í ríkisfjármálum til langs tíma

Í fjárlagagerð hér á landi hefur hingað til fyrst og fremst verið horft til eins árs í senn og aðgerða sem skila sér á fjárlagaárinu. Í nágrannaríkjunum hafa hins vegar um nokkurt skeið verið settar fram áætlanir um horfur í ríkisfjármálum til nokkurra ára að gefnum tilteknum forsendum um þjóðhagshorfur. Þessar áætlanir hafa nýst stjórnvöldum til að marka stefnu í ríkisfjármálum til lengri tíma. Þrátt fyrir að þessar áætlanir hafi ekki lagagildi styrkja þær trúverðugleika efnahagsstefnunnar út á við og stuðla að meiri stöðugleika. Gildi slíkra áætlana er því ótvírætt. Sterklega kemur til álita að treysta þessa áætlanagerð enn frekar í sessi með lagasetningu og bindandi ákvörðunum ríkisstjórnar og Alþingis.

Fjármálaráðherra lagði fyrr á þessu ári fram í ríkisstjórn drög að áætlun í ríkisfjármálum til næstu fjögurra ára. Áætlunin var unnin í fjármálaráðuneytinu í samvinnu við Þjóðhagsstofnun og Seðlabanka. Í henni eru sýndar niðurstöður athugana á hugsanlegri þróun efnahagsmála fram til ársins 1998. Þær staðfesta að eina örugga leiðin til þess að örva hagvöxt og efla atvinnulífið felst í því að tryggja áframhaldandi stöðugleika í verðlagsmálum og lægri vexti. Forsenda fyrir því er að dregið verði úr halla ríkissjóðs með ströngu aðhaldi að ríkisútgjöldum.

Mikill og þrálátur hallarekstur hins opinbera er eitt meginvandamál og viðfangsefni hagstjórnar í OECD-ríkjunum. Um þetta ríkir almenn samstaða á alþjóðavettvangi, enda eru helstu skilaboð frá alþjóðaefnahagstofnunum til stjórnvalda að taka fjármál ríkis og sveitarfélaga föstum tökum og nýta þannig uppsveifluna í efnahagslífinu sem best. Það er ennfremur til marks um hve víðtæk samstaða virðist vera að skapast um megináherslur í efnahagsmálum að í sameiginlegri greinargerð samtaka launþega og atvinnurekenda í Evrópusambandinu eru aðgerðir til að ná tökum á hallarekstri hins opinbera taldar forsenda þess að skapa fleiri störf og minnka atvinnuleysi.

Á næstu árum eru horfur á að heldur hægi á hagvexti hér á landi miðað við það sem nú er nema gripið verði til sérstakra aðgerða til þess að örva efnahagslífið. Lykilatriði í þessu samhengi er að ríkisfjármál verði tekin föstum tökum og rekstrarhalla snúið í afgang. Að öðrum kosti stefnir í umtalsvert minni hagvöxt en í nágrannalöndunum, hækkun vaxta og minni fjárfestingar. Við þessi skilyrði fjölgar störfum engan veginn nóg til að taka á móti nýju vinnuafli og draga úr atvinnuleysi.

1.4 Helstu áhersluatriði í ríkisfjármálum

Með fjárlagafrumvarpinu er stigið mikilvægt skref í átt til jafnvægis í ríkisfjármálum. Útgjöldum er haldið í skefjum og sá tekjuauki sem efnahagsbatinn skilar gengur til þess að

minnka halla ríkissjóðs á næsta ári. Þessu starfi þarf að halda áfram á næstu árum. Hér að framan var vakin athygli á nokkrum atriðum sem fram koma í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Af hálfu fjármálaráðherra hefur nú þegar verið gripið til ráðstafana sem varða mörg þessara atriða og undirbúningur frekari aðgerða hafinn. Hér á eftir er stuttlega fjallað um helstu verkefnin:

- **Sjálfvirkni afnumin.** Áhersla er lögð á að draga úr sjálfvirkni í skatta- og bótakerfinu. Ákvæði laga og reglna sem fela í sér beina tengingu útgjalda og tekna við breytingu á vísitölum og launum verða afnumin, en þess í stað verði ákvarðanir um breytingar teknar við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

- **Sparað í rekstri.** Þegar er hafinn undirbúningur að fjárlagagerð ársins 1997 og hafa tillögur sérstakrar nefndar á vegum ríkisstjórnarinnar um ýmsar skipulagsbreytingar og sparnað í rekstri á næstu árum verið kynntar fjármálaráðherra.

- **Jaðarskattar lækkaðir.** Fjármálaráðherra hefur óskað eftir tilnefningu ýmissa aðila í nefnd sem á að endurskoða tekjuskattskerfið, meðal annars með það að markmiði að lækka jaðarskatta. Nefndin á að skila tillögum fyrir árslok 1996.

- **Skatteftirlit hert.** Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á að dregið verði úr skattsvikum. Að undanförnu hefur skatteftirlit verið hert til muna, meðal annars hefur verið skipuð sérstök framkvæmdanefnd á þessu sviði og hafa margar tillögur hennar, til dæmis um hert viðurlög við skattsvikum, komist í framkvæmd. Þá hefur sjálfstætt embætti skattrannsóknarstjóra styrkt skatteftirlit. Frekari umbætur eru í undirbúningi og munu þær enn styrkja skatteftirlit og draga úr skattsvikum.

- **Lífeyrismál endurskoðuð.** Í samræmi við ákvæði stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar hefur fjármálaráðherra skipað sérstaka nefnd til að undirbúa tillögur um úrbætur í lífeyrismálum sem miði að því meðal annars að allir landsmenn njóti sambærilegra lífeyrisréttinda, valfrelsi í lífeyrissparnaði verði aukið og innleidd verði samkeppni milli lífeyrissjóða.

- **Starfsmannastefna ríkisins mótuð.** Fjármálaráðherra hefur skipað nefnd til að gera tillögur um nýja starfsmannastefnu ríkisins. Nýjar hugmyndir í starfsmannamálum fela meðal annars í sér að ábyrgð og frammistaða vegi þyngra í launakjörum en starfsaldur og að stofnanir fái aukið sjálfstæði í launa- og starfsmannamálum.

- **Jafnréttismál kynnt.** Fjármálaráðherra hefur ákveðið að taka jafnrétti karla og kvenna í kjaramálum til sérstakrar skoðunar. Einnig er fyrirhuguð kynning meðal ríkisstarfsmanna um stöðu jafnréttismála.

- **Atvinnulíf eflt og störfum fjölgað.** Unnið er að ýmsum umbótum sem miða að því að skapa frekari skilyrði til eflingar atvinnulífs og aukinnar atvinnu, meðal annars með skattalegum aðgerðum til að hvetja einstaklinga til aukinna fjárfestinga í hlutabréfum, aukinni áherslu á rannsóknir og markaðsþróun innanlands sem erlendis o.fl.

- **Samkeppnisstaða atvinnulífsins styrkt.** Á vegum fjármálaráðherra hefur að undanförnu verið unnið að sérstakri athugun á samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og horfunum á næstu árum og áratugum. Hér er horft til margra þátta, svo sem þróunar efnahags- og atvinnumála, menntunar, viðskiptareglna og opinberrar stjórnsýslu. Tilgangur athugunarinnar er að leita leiða til að styrkja samkeppnisstöðu atvinnulífsins.

- **Nýskipan í ríkisrekstri.** Unnið hefur verið að margvíslegum undirbúningi og framkvæmd breytinga á rekstri ríkisins sem miða að því að gera hann einfaldari og skilvirkari og nýta skattfé betur en áður. Útboð framkvæmda og verkefna hafa verið aukin. Gerðir hafa verið sérstakir þjónustusamningar milli nokkurra ríkisstofnana og viðkomandi fagráðuneyta sem fela í sér aukið sjálfstæði stofnana og aukna ábyrgð stjórnenda. Lagt verður fram frumvarp um heildarendurskoðun á reikningshaldi ríkissjóðs og framsetningu ríkisreiknings og fjárlaga.

- **Upplýsingastefna mótuð.** Unnið er að mótun stefnu og starfsáætlunar um tilhögun og notkun upplýsinga frá ríkisstofnunum. Með hagnýtingu nýjustu tækni í rekstri ríkisins má meðal annars draga úr tvíverknaði í gagnaöflun, einfalda þjónustu og gera hana markvissari.

- **Fjölbreyttari ríkisverðbréf.** Í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um að draga úr verðtryggingu fjárskuldbindinga hafa verið gefin út óverðtryggð ríkisbréf til 5 ára. Þessi breyting er gerð í ljósi þess efnahagslega stöðugleika sem hér ríkir. Ennfremur verða gefin út verðtryggð spariskírteini til lengri tíma en áður, eða allt að 20 ára. Með þessu er komið til móts við þarfir stærstu aðilanna á verðbréfamarkaðinum.

Lokaorð. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að ná jafnvægi í ríkisbúskapnum á næstu tveimur árum og treysta jafnframt þann grunn sem fjárlagagerð næstu ára mun hvíla á með aðgerðum sem horfa til langs tíma. Ekki er réttlætanlegt að ríkissjóður haldi áfram að safna skuldum og velta vandanum yfir á komandi kynslóðir. Sem betur fer er vaxandi skilningur í þjóðfélaginu á mikilvægi þessarar stefnu, einkum meðal ungs fólks. Þann skilning þarf enn að efla og vinna ábyrgri ríkisfjármálastefnu fylgi. Þetta fjárlagafrumvarp er liður í þeirri mikilvægu stefnu ríkisstjórnarinnar að ná tökum á ríkisfjármálum og skapa þannig skilyrði fyrir bætt lífskjör landsmanna.

2 Langtímaáætlun í ríkisfjármálum

Í þessum kafla eru raktar helstu niðurstöður sérstakrar athugunar á horfum í efnahags- og ríkisfjármálum fram undir aldamót. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á að ná jafnvægi í ríkisfjármálum á kjörtímabilinu og hefur fjármálaráðuneytið í samvinnu við Þjóðhagsstofnun og Seðlabanka unnið að gerð sérstakrar langtímaáætlunar á grundvelli þeirrar stefnumörkunar. Baksvið þessarar áætlunar er að hagvaxtarhorfur hér á landi næstu árin eru taldar lakari en í nágrannaríkjunum. Jafnvægi í ríkisfjármálum getur ráðið úrslitum um hvort hagvöxtur hér á landi verður svipaður og í nálægum ríkjum.

2.1 Horfur í efnahagsmálum án aðgerða í ríkisfjármálum

Niðurstöður. Þjóðhagsstofnun hefur spáð um þróun efnahagsmála fram til aldamóta án sérstakra ráðstafana til að draga úr halla ríkissjóðs. Árlegur hagvöxtur er talinn nema tæplega 2% að jafnaði. Við þær aðstæður stendur atvinnuleysi nánast í stað frá því sem nú er. Enginn einn þáttur eftirspurnar sker sig úr í þessari spá nema helst útflutningur sem vex um tæplega 3% á ári. Einkaneysla og fjárfesting aukast um 1-1½% og innflutningur um 2%.

Á þessum forsendum blasir við að hallinn á ríkissjóði muni næstum því tvöfaldast fram til aldamóta frá því sem nú er. Skýringin er að ríkisútgjöld munu aukast mun meira en tekjur. Á sama tíma og tekjur aukast í takt við almenna efnahagsþróun, um 1 milljarð á ári, hækka útgjöldin um 3 milljarða. Bilið milli tekna og gjalda eykst því stöðugt.

Afleiðingin er að hlutfall heildarskulda ríkissjóðs hækkar stöðugt og fer yfir 52% af landsframleiðslu í lok tímabilsins. Að viðbættum skuldum sveitarfélaga jafngildir þessi þróun því að skuldahlutfall hins opinbera fari vel yfir 60%, en það er ein af viðmiðunum Maastricht-samkomulags Evrópusambandsríkjanna.

Aukinn hallarekstur mun að öllum líkindum leiða til hækkunar raunvaxta. Jafnframt er reynsla af því í öðrum löndum þar sem stjórnvöld hafa ekki tekið ríkisfjármál föstum tökum að vextir hafi hækkað verulega.

Þessi spá sýnir á engan hátt verstu niðurstöðu sem getur orðið. Tekið er mið af núgildandi lögum og reglum á tekju- og gjaldahlið. Auk þess er gengið út frá fyrirliggjandi spám um fólksfjölgun, fjölgun lífeyrisþega o.fl. Ekki er ástæða til að fjalla sérstaklega um tekjuhliðina þar sem hún tekur alfarið mið af ástandi efnahagsmála á hverjum tíma. Hins vegar er rétt að gera nokkra grein fyrir útgjaldahorfunum.

Forsendur um ríkisútgjöld. Mat á útgjaldahorfum ríkissjóðs er fremur varkárt. Tekið er tillit til gildandi laga, reglna, samninga og ákvarðana. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að aukning útgjalda ráðist að mestu af þáttum eins og fjölgun lífeyrisþega og námsmanna, auknum vaxtagreiðslum o.fl. Niðurstaðan er sú að útgjöld ríkissjóðs verði 12 milljörðum króna, eða 10%, hærri að raungildi í lok aldarinnar en árið 1995. Þar af hækka almenn rekstrarútgjöld um 11% að raungildi og framlög til einstaklinga, fyrirtækja og samtaka um 7%. Helstu ástæður þessara hækkana eru eftirfarandi:

- Framlög til heilbrigðis-, trygginga- og félagsmála aukast um tæplega 8 milljarða króna. eða nálægt 3% á ári að jafnaði. Mest er aukningin í lífeyristryggingum, eða 4%. Hærri meðalaldur þjóðarinnar og örar tækniframfarir kalla einnig á aukin útgjöld til hjúkrunar og umönnunar aldraðra, fatlaðra og sjúkra.

- Framlög til fræðslumála aukast um 2½% að raungildi vegna fyrirsjáanlegrar fjölgunar barna á skólaaldri. Þessi aukning jafngildir 2 milljörðum króna á tímabilinu. Jafnframt munu nýlegar skipulagsbreytingar í grunnskólum og framhaldsskólum hafa í för með sér aukin útgjöld. Ennfremur er gert ráð fyrir að árleg útgjöld almennrar stjórnsýslu aukist um 1% að raungildi.

- Vaxtagreiðslur ríkissjóðs taka mið af almennum efnahagshorfum og skuldastöðu ríkissjóðs. Á næstu fjórum árum aukast vaxtagreiðslurnar um nálægt 6 milljarða króna og fara úr rúmlega 12 milljörðum árið 1995 í um 18 milljarða.

- Framlög til fjárfestinga lækka hins vegar um tæplega 8% yfir tímabilið, enda er ekki gert ráð fyrir framhaldi á sérstöku átaki í samgönguframkvæmdum. Framlög til annarra málaflokka aukast hins vegar um 1-2% að raungildi.

2.2 Nauðsyn aðgerða í ríkisfjármálum

Markmið í ríkisfjármálum. Af því sem hér hefur verið rakið má ráða hversu brýnt er að ná jafnvægi í ríkisbúskapnum. Þrátt fyrir að tekist hafi að hamla gegn útgjaldavexti ríkissjóðs undanfarin ár er mikið verk óunnið. Í ljósi þess að lífeyrisskuldbindingar og útgjöld til heilbrigðismála fara vaxandi samhliða fjölgun ellilífeyrisþega á næstu áratugum er brýnt að taka á þessum málum sem fyrst. Ennfremur er auðveldara að vinna slíkri aðhaldsstefnu fylgi þegar uppsveifla er í efnahagslífinu.

Athyglisvert er hve almenn samstaða ríkir á alþjóðavettvangi um nauðsyn þess að draga úr hallarekstri hins opinbera. Helstu skilaboð alþjóðlegra efnahagsstofnana til stjórnvalda um þessar mundir eru að taka ríkisfjármál föstum tökum og nýta þannig uppsveifluna í efnahagslífinu sem best. Þessi sjónarmið hafa komið skýrt fram á fundum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og OECD. Af hálfu OECD er bent á að þar sem svigrúm til skattahækkunar sé víðast hvar takmarkað þurfi að leggja áherslu á aðhald í útgjöldum. Hagkvæmni í opinberum rekstri megi auka með hagræðingu, útboðum og ríkari áherslu á þjónustugjöld. Draga verði úr niðurgreiðslum og styrkjum til atvinnuvega, einkum landbúnaðar. Aukna áherslu þurfi að leggja á sölu ríkisfyrirtækja og endurskipulagningu tryggingakerfisins. Það er til marks um víðtæka samstöðu um áherslur í efnahagsmálum að í sameiginlegri greinargerð samtaka launþega og atvinnurekenda í Evrópusambandinu eru aðgerðir til þess að ná tökum á hallarekstri hins opinbera taldar forsenda fyrir því að skapa fleiri störf og minnka atvinnuleysi.

Kerfishalli. Mikill hallarekstur á ríkissjóði hefur verið í brennidepli efnahagsumræðunnar á alþjóðavettvangi undanfarin ár. Athyglin hefur einkum beinst að þróun svonefnds kerfishalla ríkissjóðs, en það er sá hluti hallans sem ekki má rekja til samdráttar í efnahagslífinu heldur þátta sem hafa varanleg áhrif óháð almennri efnahagsþróun. Dæmi um kerfislæg áhrif eru hækkandi greiðslur lífeyristrygginga, aukin útgjöld vegna umönnunar aldraðra, vaxandi framlög til skólamála o.fl. Þessi atriði má rekja til ákvæða gildandi laga og reglugerða og breyttrar aldurssamsetningar þjóðarinnar en ekki til efnahagsþróunarinnar á hverjum tíma.



Á meðfylgjandi línuriti er mat á þróun kerfishalla ríkissjóðs hér á landi frá árinu 1980 og spá fyrir næstu ár, annars vegar að óbreyttu, þ.e. án aðgerða, og hins vegar miðað við að stjórnvöld grípi til sérstakra aðgerða til þess að ná jafnvægi í ríkisfjármálum árið 1997. Eins og fram kemur á línuritinu var kerfishallinn í hámarki á tímabilinu 1987-1991. Á árinu 1992 tókst að minnka hallann verulega með víðtækum aðhaldsaðgerðum, en síðan hefur hallinn nánast staðið í stað. Loks sést að ef ekki verður gripið til aðhaldsaðgerða í ríkisfjármálum á næstu árum mun hallinn aukast á nýjan leik.[1]

Kynslóðareikningar. Á næstu áratugum mun meðalaldur þjóðarinnar fara ört hækkandi. Áætlað er að árið 2030 verði hlutfall 67 ára og eldri hér á landi um 30% af þeim sem eru á aldrinum 20-67 ára, samanborið við um 16% nú. Þetta mun valda auknum þrýstingi á opinber útgjöld, sérstaklega heilbrigðis- og lífeyrisútgjöld. Opinberar skuldir munu því aukast og vaxtagreiðslur hækka.

Erlendis hefur verið reynt að meta þessi áhrif með svokölluðum kynslóðareikningum þar sem bornar eru saman skattgreiðslur dæmigerðs einstaklings hverrar kynslóðar. Niðurstöður þessara reikninga leiða í ljós að umtalsvert misvægi er milli kynslóða. Án aðgerða af hálfu stjórnvalda munu til dæmis komandi kynslóðir á Ítalíu þurfa að greiða fimmfalt hærri skatta en sú kynslóð sem nú er nýfædd. Í Bandaríkjunum munu skattgreiðslur næstu kynslóða þurfa að hækka um 100%, um 50% í Noregi og um 30% í Svíþjóð og Þýskalandi.

Unnið er að svipuðum athugunum hér á landi. Enn liggja ekki fyrir niðurstöður, en líklegt er að skattbyrði næstu kynslóða hækki nokkuð ef ekkert verður að gert. Þó má ætla að eignauppbygging almennra lífeyrissjóða undanfarin ár létti nokkuð róðurinn borið saman við aðrar þjóðir. Engu að síður er mikilvægt að stjórnvöld bregðist við þessari þróun með því að ná betra jafnvægi í ríkisfjármálum á næstu árum áður en áhrifa hennar fer að gæta fyrir alvöru.

2.3 Helstu áhersluatriði langtímaáætlunar í ríkisfjármálum

Athuganirnar sýna glöggt hversu brýnt er að hamla nú þegar gegn fyrirsjáanlegum útgjaldavexti á næstu árum. Taka þarf ákvarðanir um meginleiðir og hrinda nauðsynlegum aðgerðum í framkvæmd sem fyrst. Mikilvægt er að nýta uppsveifluna í efnahagslífinu sem best.

---

[1] Fyrirvara þarf að hafa um nákvæmni áætlaðs kerfishalla. Bæði er hallinn vandmetinn yfirhöfuð auk þess sem ýmsir þættir í skipulagi og uppbyggingu íslenska hagkerfisins, meðal annars meiri óstöðugleiki en víða annars staðar, torveldar slíkt mat. Engu að síður má ætla að þessar áætlanir gefi þokkalega mynd af breytingum milli ára.

Til að ná jafnvægi í ríkisfjármálum á næstu tveimur árum þarf að lækka ríkisútgjöld um 10-11 milljarða króna, eða 8%, frá því sem þau hefðu ella orðið. Þetta jafngildir því að halda útgjaldastigi ársins 1996 nokkurn veginn óbreyttu. Gert er ráð fyrir að lækka rekstrarkostnað ríkisins og útgjöld sjúkratrygginga (svokölluð samneysluútgjöld) um 5-7 milljarða, tilfærsluútgjöld um 3-4 milljarða króna og stofnkostnað um tæplega 2 milljarða króna. Áhersla er lögð á að beita almennum sparnaðaraðgerðum. Hér á eftir eru nefnd nokkur atriði sem hljóta að koma til skoðunar í því sambandi:

- **Samneysluútgjöld.** Um helmingur ríkisútgjalda fer til samneyslu, en þrír fjórðu hlutar hennar eru laun. Nær helmingur þessara útgjalda telst til heilbrigðismála og fimmtungur til menntamála þannig að mikill hluti sparnaðarins hlýtur að verða í þessum málaflokkum. Hér þarf að beita í senn almennum sparnaðaraðgerðum, þjónustugjöldum, auknum útboðum, sameiningu stofnana eða verkefna, endurmati á útgjöldum sjúkratrygginga o.fl.
- **Tilfærsluútgjöld.** Þriðjungur ríkisútgjalda eru beinar greiðslur til heimila, samtaka og fyrirtækja. Þar af fara 44% til lífeyristrygginga, 16% til landbúnaðarmála, 9% til Atvinnuleysistryggingasjóðs og 10% samanlagt til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Dæmi um mögulega lækkun útgjalda er að endurskoða samspil almannatrygginga og lífeyrissjóða, skerpa skil milli ríkis og sveitarfélaga um greiðslu félagslegra heimildarbóta og endurskoða greiðsluviðmiðanir í samningum við bændur.
- **Stofnkostnaður.** 10% ríkisútgjalda fara til stofnkostnaðar; þar af nálægt helmingur til samgöngumannvirkja. Lækkun á þessum framlögum hlýtur að snerta þann málaflokk. Einnig kemur til greina að beina mörkuðum tekjustofnum til framkvæmda í auknum mæli til rekstrar innan sama málaflokks. Undanfarin ár hafa útgjöld til framkvæmda verið aukin sérstaklega til að hamla gegn auknu atvinnuleysi á tímum samdráttar í efnahagslífinu. Nú, þegar hagvöxtur er tekinn að glæðast, eru því rök fyrir því að draga úr fjárfestingum á vegum ríkisins og skapa svigrúm fyrir fjárfestingar atvinnulífsins.

Tekju- og útgjaldaþróun ríkissjóðs - Langtímaáætlun
Verðlag 1995

Í milljörðum króna	1995	1996	1997	1998	1999
Tekjur	114	117	118	120	123
Gjöld	123	121	118	119	121
Afkoma ríkissjóðs	**-9**	**-4**	**0**	**1**	**2**
Heildarskuldir ríkissjóðs, % af VLF	48	47	45	43	40

Niðurstöður. Samkvæmt langtímaáætluninni verða útgjöld ríkissjóðs 11% lægri að raungildi í lok aldarinnar en ella. Samanburður við áætlun ársins 1995 leiðir hins vegar í ljós rúmlega 2% lækkun að raungildi. Í hlutfalli við landsframleiðslu lækka útgjöldin í rúmlega 24% og verður að fara aftur til ársins 1984 til að finna jafn lágt útgjaldahlutfall, en það ár var reyndar síðast afgangur á rekstri ríkissjóðs. Aðgerðirnar leiða til jafnvægis í ríkisbúskapnum árið 1997. Samkvæmt langtímaáætluninni taka skuldir ríkissjóðs að lækka þegar á næsta ári og fara úr 48% af landsframleiðslu árið 1995 í 40% í lok tímabilsins.

2.4 Áhrif aðgerðanna á efnahagslífið

Þjóðhagsstofnun hefur lagt mat á hvaða áhrif framkvæmd langtímaáætlunarinnar getur haft á efnahagslífið. Niðurstaðan er sú að efnahagshorfurnar á árunum fram til aldamóta breytast í veigamiklum atriðum. Aðgerðirnar hægja reyndar örlítið á hagvexti í upphafi, en eftir því sem lengra líður á tímabilið verður hagvöxtur meiri. Í lok aldarinnar er árlegur hagvöxtur orðinn meira en heilu prósentustigi umfram það sem ella hefði orðið. Jafnframt verður atvinnuleysi minna, vextir umtalsvert lægri og kaupmáttur heimilanna meiri.

Þessar aðstæður stuðla að aukinni fjárfestingu og framleiðni í þjóðarbúskapnum. Fjárfesting í atvinnuvegunum eykst um 10-12% á ári til jafnaðar. Jafnframt eykst fjárfesting heimila í íbúðarhúsnæði. Loks er gert ráð fyrir að útflutningur án sjávarútvegs og stóriðju aukist um rúm 7% á ári í stað 5% við óbreyttar horfur í ríkisfjármálum.

Enginn vafi er á því að þjóðarbúskapurinn verður mun öflugri að fjórum árum liðnum verði langtímaáætluninni framfylgt. Í meðfylgjandi töflu er samanburður á helstu þáttum efnahagsmála við lok aldarinnar, annars vegar miðað við framkvæmd langtímaáætlunarinnar og hins vegar án aðgerða.

Þjóðhagshorfur um aldamót

Breyting frá fyrra ári, %	Langtíma-áætlun	Horfur án aðgerða	Mismunur
Hagvöxtur	3,1	1,9	1,2
Þjóðarútgjöld	3,2	1,4	1,8
Einkaneysla	2,4	1,1	1,3
Samneysla	2,2	2,4	-0,2
Fjárfesting	6,8	1,0	5,8
Útflutningur	4,3	3,5	0,8
Innflutningur	4,6	2,1	2,5
Laun	3,5	2,5	1,0
Verðlag	2,7	2,8	-0,1
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	1,3	0,3	1,0
Atvinnuleysi sem % af mannafla	3,6	4,2	-0,6
Langtímavextir innanlands	4,5	5,5	-1,0

Þessar niðurstöður sýna glöggt þann ávinning sem felst í markvissum aðhaldsaðgerðum í ríkisfjármálum á næstu árum. Jafnframt leiða þær í ljós þá erfiðleika sem aðgerðaleysi og aukinn hallarekstur ríkissjóðs getur skapað. Verkefnið er ekki einungis að nýta efnahagsbatann til að tryggja jafnvægi í ríkisfjármálum á næstu tveimur árum heldur má segja að áframhaldandi hagvöxtur - og þar með efnahagsbatinn - ráðist af því að þessu markmiði verði náð.

3 Helstu þættir ríkisfjármála

Í þessum kafla eru dregnir saman helstu þættir ríkisfjármála, annars vegar í ljósi framvindunnar á árinu 1995 og hins vegar eins og þeir birtast í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1996. Einungis er stiklað á stóru, en nánar er fjallað um einstök atriði síðar í greinargerðinni.

3.1. Horfur í ríkisfjármálum árið 1995

Fjárlög. Við samþykkt fjárlaga var gert ráð fyrir hagstæðari þróun efnahagsmála en verið hafði um nokkurt árabil. Áhrif þessa birtust í auknum tekjum. Á móti vógu hins vegar aukin útgjöld til sérstaks framkvæmdaátaks í vegamálum. Fjárlög ársins 1995 voru afgreidd með 7,4 milljarða króna halla. Gert var ráð fyrir því að tekjur ríkissjóðs árið 1995 yrðu 112,1 milljarður króna, en útgjöldin voru áætluð 119,5 milljarðar króna.

Breyttar horfur. Frá því að fjárlög voru samþykkt í desember 1994 hafa ýmsar grundvallarforsendur þeirra breyst. Í fyrsta lagi leiddu kjarasamningar og tengdar aðgerðir til verulegs útgjaldaauka og nokkurs tekjutaps á árinu. Á móti vegur að efnahagsforsendur hafa færst til betri vegar en það hefur styrkt afkomuna. Loks hafa ýmis sparnaðaráform fjárlaga ekki gengið eftir og ákvarðanir um aukin útgjöld verið teknar eftir að Alþingi samþykkti fjárlögin.

Tekjurnar hafa hækkað og eru nú áætlaðar um 114,4 milljarðar króna. Á móti vegur að útgjöldin eru talin verða 123,3 milljarðar króna, eða 3,8 milljörðum umfram fjárlög. Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að halli ríkissjóðs á árinu 1995 verði 8,9 milljarðar króna, eða rúmum 1,5 milljörðum króna umfram fjárlög.

Áhrif kjarasamninga og tengdra aðgerða. Kjarasamningarnir sem gerðir voru fyrr á þessu ári og ná til þorra launafólks fela í sér meiri launabreytingar en gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Jafnframt gaf ríkisstjórnin vilyrði fyrir því að eingreiðslur vegna almanna- og atvinnuleysistrygginga yrðu greiddar í samræmi við ákvæði um launabætur í kjarasamningum. Að meðtalinni hækkun bóta til samræmis við launahækkanir er talið að nýgerðir kjarasamningar leiði til rúmlega 2,1 milljarða króna kostnaðarauka ríkissjóðs á árinu 1995 umfram það sem fólst í fjárlögum. Tekjurnar eru taldar verða 0,6 milljörðum króna lægri en ella í kjölfar þess að lífeyrisiðgjöld launafólks verða undanþegin tekjuskatti. Samanlagt munu þessi atriði veikja afkomu ríkissjóðs um 2,7 milljarða króna frá fjárlögum. Á móti vegur að kjarasamningarnir leiða til hærri launa og aukinnar veltu sem styrkir afkomu ríkissjóðs.

Áhrif breyttra efnahagshorfa. Framvinda efnahagsmála á árinu 1995 hefur verið mun hagstæðari en gert var ráð fyrir við samþykkt fjárlaga fyrir síðustu áramót. Hagvöxtur hefur aukist, bæði vegna meiri útflutnings og aukinnar veltu, einkum vegna meiri einkaneysluútgjalda heimilanna í kjölfar aukins kaupmáttar. Á hinn bóginn verður minni afgangur á viðskiptum við útlönd en talið var í upphafi ársins. Þessi þróun hefur styrkt afkomu ríkissjóðs; annars vegar hafa tekjur ríkissjóðs af veltu- og tekjusköttum aukist sem getur numið tæplega tveimur milljörðum króna og hins vegar hafa útgjöld til greiðslu atvinnuleysisbóta orðið minni en ella.

Önnur áhrif. Af öðrum atriðum sem hafa breyst frá samþykkt fjárlaga má nefna að ýmis sparnaðaráform hafa ekki gengið eftir, einkum í heilbrigðismálum. Þá hafa útgjöld Vegagerðar, einkum vegna snjómoksturs, farið nokkuð fram úr áætlun og framlag til fyrirtækja á Vestfjörðum sem samþykkt var 1994 kom fyrst til greiðslu á árinu 1995. Einnig má nefna ýmsar ákvarðanir ríkisstjórnar og Alþingis eftir afgreiðslu fjárlaga sem hafa nokkurn kostnaðarauka í för með sér. Loks verða vaxtagreiðslur ríkissjóðs nokkru hærri en ráð var fyrir gert í fjárlögum, einkum vegna meiri skammtímalántöku erlendis. Á móti kemur að ýmsar útgjaldaheimildir fjárlaga verða ekki nýttar á árinu. Á tekjuhlið voru einnig gerðar ýmsar breytingar á vörugjöldum sem höfðu í för með sér nokkurt tekjutap. Á móti vega meiri arðgreiðslur og vaxtatekjur en áætlað var.

Helstu frávik tekna og gjalda frá fjárlögum 1995, m.kr.

	Tekjuhlið:	
1.	**Veltuáhrif vegna betra efnahagsástands**	**2.300**
2.	**Aðgerðir vegna kjarasamninga**	**-600**
3.	**Önnur atriði.**	**600**
	Heildarfrávik tekna frá fjárlögum	**2.300**
	Gjaldahlið:	
1.	**Áhrif kjarasamninga**	**2.100**
	- Lífeyristryggingar. Almenn bótahækkun og eingreiðslur	960
	- Sjúkratryggingar. Ýmsir launatengdir liðir	100
	- Atvinnuleysistryggingasjóður. Almenn bótahækkun	220
	- Almenn launahækkun ríkisstarfsmanna	820
2.	**Viðbótarútgjöld í heilbrigðismálum**	**900**
3.	**Viðbótarútgjöld til Vegagerðarinnar og Vestfjarðaaðstoð**	**600**
4.	**Ákvarðanir ríkisstjórnar og Alþingis um ný útgjöld**	**450**
5.	**Auknar vaxtagreiðslur ríkissjóðs**	**330**
6.	**Útgjaldaheimildir sem ekki verðar nýttar**	**-580**
	Heildarfrávik gjalda frá fjárlögum	**3.800**

Í fjárlögum var hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs áætluð 9,4 milljarðar króna. Meiri hallarekstur ríkissjóðs en gert var ráð fyrir í fjárlögum hefur hins vegar kallað á auknar lántökur. Þá hafa endurlán til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins orðið um 500 m.kr. meiri vegna heimilda sem fluttust milli ára. Þyngst vegur hins vegar að ríkissjóður hefur líkt og í fyrra tekið lán og endurlánað Húsnæðisstofnun ríkisins til þess að mæta fjárþörf stofnunarinnar. Þessi lánafyrirgreiðsla, sem gæti farið hátt í 8 milljarða króna, breytir vitaskuld engu um heildarlánsfjárþörf ríkisins, þ.e. fyrir ríkissjóð að viðbættum stofnunum og fyrirtækjum, en hækkar hins vegar hreina lánsfjárþörf ríkissjóðs sem er nú áætluð 19 milljarðar króna. Lánsfjárþörf ríkisins í heild, þ.e. að viðbættum stofnunum og fyrirtækjum, er hins vegar áætluð 14 milljarðar króna, eða mun minna en í lánsfjárlögum.

3.2 Megindrættir fjárlagafrumvarps 1996

Gert er ráð fyrir áframhaldandi hagvexti á næsta ári. Tekjur ríkissjóðs munu því hækka í takt við aukna veltu í efnahagslífinu. Í frumvarpinu er lögð áhersla á að halda vexti útgjalda í skefjum og eru heildarútgjöld talin verða sem næst óbreytt í krónum talið frá yfirstandandi ári. Auknar tekjur munu því alfarið ganga til þess að minnka halla ríkissjóðs á næsta ári.

Helstu niðurstöður. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að halli ríkissjóðs árið 1996 verði tæplega 3,9 milljarðar króna, eða 5 milljörðum króna minni en á árinu 1995. Gangi það eftir verður þetta minnsti halli á ríkissjóði síðan 1984. Þessi halli svarar til 0,8% af landsframleiðslu, samanborið við 2% árið 1995. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs er áætluð 4,2 milljarðar króna, eða sem svarar til 0,9% af landsframleiðslu. Verði þetta reyndin munu skuldir ríkissjóðs lækka í hlutfalli við landsframleiðslu, í fyrsta sinn síðan 1987.



Afkoma ríkissjóðs 1992-1996

Í milljónum króna á verðlagi hvers árs	1992	1993	1994	Fjárlög 1995	Áætlun 1995	Frumvarp 1996
Tekjur	103.447	103.220	109.602	112.092	114.420	119.889
Gjöld	110.607	112.863	116.986	119.528	123.317	123.769
Rekstrarafkoma	**-7.160**	**-9.643**	**-7.384**	**-7.436**	**-8.897**	**-3.880**
Hlutfall af landsframleiðslu, %	-1,8	-2,3	-1,7	-1,6	-2,0	-0,8
Lánveitingar, nettó	-15	-1.055	-7.387	-1.960	-10.080	-350
Hrein lánsfjárþörf	**7.175**	**10.698**	**14.771**	**9.396**	**18.977**	**4.230**
Hlutfall af landsframleiðslu, %	1,8	2,6	3,4	2,0	4,2	0,9
Lántökur nettó	**9.434**	**12.134**	**14.729**	**9.400**	**18.850**	**4.250**
Innlend lántaka-afborganir	5.494	8.090	3.568	-	4.400	-
Erlend lántaka-afborganir	4.716	4.044	11.161	-	14.450	-
Seðlabanki Íslands, nettó	-776	-	-	-		
Greiðsluafkoma	2.259	1.436	-42	4	-127	20

Tekjuhlið. Samkvæmt frumvarpinu eru tekjur ríkissjóðs áætlaðar rétt tæplega 120 milljarðar króna, samanborið við 114,4 milljarða á þessu ári. Þrátt fyrir auknar tekjur lækkar hlutfall þeirra af landsframleiðslu lítillega milli áranna 1995 og 1996. Á tekjuhlið er vakin athygli á eftirfarandi atriðum:

- Áframhaldandi efnahagsbati skilar sér í auknum tekjum ríkissjóðs árið 1996. Spáð er að tekjurnar verði 5,5 milljörðum króna hærri en 1995. Þetta svarar nokkurn veginn til almennra launa- og verðlagsbreytinga og aukins hagvaxtar á næsta ári.

- Tryggingagjald á atvinnureksturinn verður hækkað um 0,5% til að mæta hluta tekjutaps ríkissjóðs vegna ákvörðunar um skattfrelsi lífeyrisiðgjalda launafólks. Samhliða þessari breytingu verður fjármögnun Atvinnuleysistryggingasjóðs treyst með því að

breyta hluta tryggingagjaldsins í sérstakt atvinnuleysistryggingagjald sem renni beint í sjóðinn. Gjaldið verði breytilegt eftir fjárþörf hverju sinni.

- Sjálfvirk verðuppfærsla í skatta- og bótakerfinu verður afnumin og breytingar gerðar að sjálfstæðri ákvörðun stjórnvalda hverju sinni líkt og tíðkast annars staðar. Persónuafsláttur verður óbreyttur í krónum talið á næsta ári, en skattleysismörk munu engu að síður hækka á grundvelli aukins skattfrelsis lífeyrisiðgjalda. Skattleysismörk verða því svipuð og þau hefðu orðið ef persónuafsláttur hefði hækkað í takt við verðlag og skattfrelsi lífeyrisiðgjalda hefði ekki komið til sögunnar.

- Sérstakur 5% tekjuskattur á hærri tekjur verður framlengdur um eitt ár.

- Fjármálaráðherra mun skipa nefnd til þess að endurskoða tekjuskattskerfið, meðal annars til þess að draga úr jaðaráhrifum þess. Í því sambandi verður tekjuskerðing barnabótaaukans minnkuð strax á næsta ári.

- Um næstu áramót er stefnt að því að ýmsar breytingar í skattamálum komi til framkvæmda. Þar má nefna upptöku olíugjalds í stað þungaskatts, verðjöfnunargjöld og vörugjöld.

- Gert er ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur verði lögfestur á komandi þingi. Líklegast er að staðgreiðsluskattur á nafnvexti verði fyrir valinu sem yrði innheimtur í bönkum og fjármálastofnunum.

Gjaldahlið. Heildarútgjöld samkvæmt fjárlagafrumvarpinu eru 123,8 milljarðar króna samanborið við 123,3 milljarða króna áætluð útgjöld árið 1995. Á föstu verði lækka útgjöldin um 3 ½ milljarð króna. Helstu einkenni á gjaldahlið eru þessi:

- Útgjöld ríkissjóðs á árinu 1996 taka mið af því markmiði ríkisstjórnarinnar að ná jafnvægi í ríkisfjármálum á árinu 1997. Samneysla ríkisins eykst um nálægt 2% að raungildi, meðal annars vegna aukinnar kennslu í grunnskólum. Framlög til almannatrygginga, landbúnaðar, sveitarfélaga o.fl. haldast óbreyttar í krónum talið milli ára. Fjárfestingar ríkissjóðs dragast saman um rúmlega 2 milljarða króna. Auk samdráttar í samgönguframkvæmdum er dregið úr framkvæmdum sem myndu ella leiða til aukins rekstrar ríkisins, til dæmis við heilbrigðisstofnanir.

- Áfram er unnið að því að efla þjónustu ríkisstofnana og auka hagkvæmni í rekstri. Áhersla er lögð á að auka ábyrgð stjórnenda og flytja ákvarðanir um rekstur sem næst vettvangi. Leitað verður til stofnana um staðlaðar upplýsingar um þá þjónustu sem stofnanir veita og þar sem ástæða er til verður gengið frá þjónustusamningum við stofnanir, einkum þær sem ekki eru í eigu ríkisins.

- Með nýjum lögum eru stigin veigamikil skref til eflingar grunnskólans. Annars vegar er vikulegt kennslumagn aukið og skólastarfið gert samfellt og hins vegar færist rekstur grunnskólans alfarið til sveitarfélaga í byrjun næsta skólaárs.

- Lögð er áhersla á stuðning við rannsóknir, þróun og markaðssókn. Verulegum fjármunum er varið til þátttöku í rannsóknaáætlun Evrópusambandsins og í alþjóðasamstarfi af margvíslegum toga.

- Áhersla er lögð á að draga úr sjálfvirkni í vexti ríkisútgjalda. Ákvæði laga og reglna sem fela í sér beina tengingu útgjalda við breytingu á vísitölum og launum verða aftengd, en þess í stað verði ákvarðanir um breytingar teknar við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Lánsfjármál, skuldastaða og vextir. Í frumvarpinu eru skýr skilaboð um að stefnt sé að jafnvægi í ríkisfjármálum. Útgjöld hækka ekki í krónum talið og efnahagsbatinn verður nýttur til þess að draga úr lánsfjárþörf hins opinbera og auka svigrúm atvinnulífsins til fjárfestingar og fjölgunar starfa.

- Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs og annarra opinberra aðila er áætluð 11,6 milljarðar króna árið 1996, samanborið við 14 milljarða árið 1995. Þetta yrði minnsta lánsfjárþörf hins opinbera í meira en áratug.

- Í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um að draga úr verðtryggingu fjárskuldbindinga hafa verið gefin út óverðtryggð ríkisbréf til 5 ára. Þessi breyting er gerð í ljósi þess efnahagslega stöðugleika sem hér ríkir. Ennfremur verða gefin út verðtryggð spariskírteini til lengri tíma en áður, eða allt að 20 ára. Með þessu er komið til móts við þarfir stærstu aðilanna á verðbréfamarkaðnum.

- Gangi áform fjárlagafrumvarps eftir munu skuldir ríkissjóðs lækka í hlutfalli við landsframleiðslu, í fyrsta sinn síðan 1987. Þetta mun einnig leiða til lækkunar heildarskulda hins opinbera úr 55,4% af landsframleiðslu árið 1995 í 54,5% árið 1996.

4 Framvinda og horfur í efnahagsmálum

Í þessum kafla er fjallað um framvindu efnahagsmála að undanförnu og þær efnahagsaðstæður sem fjárlagafrumvarp ársins 1996 tekur mið af. Í lok kaflans er yfirlit yfir helstu þjóðhagsforsendur frumvarpsins.

4.1 Efling atvinnuvega

Miklar skipulagsbreytingar hafa einkennt íslenskt efnahagslíf síðastliðinn áratug. Í upphafi síðasta áratugar ríkti lausung í hagstjórn sem náði hámarki fyrri hluta ársins 1983 þegar verðbólga fór í sögulegt hámark, vel yfir 100% á ársgrundvelli. Þótt gripið væri harkalega í taumana um sinn sótti fljótlega í svipað horf. Óvenju kröftug uppsveifla í sjávarútvegi árin 1985-1987 leiddi til kjarasamninga og launahækkana sem engan veginn samræmdust efnahagslegum aðstæðum. Þar að auki voru skattar lækkaðir. Á þessum þremur árum nær þreföldust ráðstöfunartekjur heimilanna á sama tíma og verðlag tæplega tvöfaldaðist. Kaupmáttur jókst þannig um 50%.



Atvinnulífið gat vitaskuld ekki staðið undir þessum launahækkunum. Við þetta bættist samtímis að raunvextir urðu jákvæðir og fóru hækkandi, en þeir höfðu verið neikvæðir um langt árabil. Frá árinu 1988 kom snöggur afturkippur í efnahagslífið vegna langvinns samdráttar í fiskafla og sjávarvöruframleiðslu.

Það er því ekki að undra þótt á ýmsu hafi gengið í íslensku efnahagslífi undanfarin 6-7 ár þar sem atvinnuvegirnir þurftu að endurskipuleggja reksturinn nánast frá grunni. Í stað tímabils þar sem ákvarðanir um rekstur og fjárfestingar tóku oftar en ekki mið af neikvæðum raunvöxtum og mikilli óvissu um launa- og kostnaðarþróun tók við tímabil hagræðingar í rekstri og endurmats á starfsgrundvelli fyrirtækja.

Á þessu ári hafa komið fram ýmsar vísbendingar um að þessu endurhæfingarskeiði sé um það bil að ljúka og við taki tímabil hægfara uppbyggingar í atvinnulífinu. Auk aðgerða af hálfu fyrirtækjanna sjálfra hafa stjórnvöld með margvíslegum hætti lagt grunn að eflingu atvinnulífsins. Skattar hafa verið lækkaðir og raungengi lagað að efnahagslegum aðstæðum. Það má hins vegar ekki búast við stökkbreytingum heldur miklu fremur hægfara þróun sem skilar sér smám saman í aukinni verðmætasköpun og fjölgun starfa.

4.2 Alþjóðlegar efnahagshorfur

Flest ríki heims fagna nú hagvexti annað árið í röð og fyrir OECD-ríkin í heild er búist við að hann nemi rúmlega 2 ½ % að meðaltali á þessu ári. Þótt efnahagsútlitið sé ekki alveg eins bjart og fyrir hálfu ári er búist við svipuðum hagvexti í OECD-ríkjunum á næsta ári.

Margar þjóðir hafa nýtt síðasta samdráttarskeið til að leggja grundvöll að varanlegum hagvexti á næstu árum. Samkeppni á mörkuðum hefur aukist, ekki síst vegna samninga sem miða að því að ryðja viðskiptahindrunum úr vegi, auk þess sem mörg lönd hafa gert ráðstafanir til að auka sveigjanleika á vinnumarkaði.

Með auknum umsvifum í efnahagslífinu hefur hið landlæga atvinnuleysi í OECD-ríkjunum heldur dregist saman og er búist við að sú þróun haldi áfram á næsta ári. Verðbólga virðist á hinn bóginn hafa náð lágmarki á árinu 1994. Með auknum hagvexti hefur hún farið örlítið hækkandi, en þó mun minna en búist var við.

Helstu óvissuþættir eru að staðan á fjármagnsmörkuðum hefur verið ótrygg að undanförnu og má þar nefna nýlegar sviptingar á gjaldeyrismörkuðum. Þetta gæti haft áhrif á efnahagshorfurnar. Þessar sviptingar sýna annað hvort litla tiltrú á efnahagsspám eða efnahagsstefnu landanna nema hvort tveggja sé. Þá er hugsanlegt að vextir hækki vegna mikils halla á rekstri hins opinbera í mörgum löndum.

Efnahagshorfur í nokkrum OECD-ríkjum

	Afkoma hins opinbera[1]		Verðbólga		Atvinnuleysi		Hagvöxtur	
	1995	1996	1995	1996	1995	1996	1995	1996
Ísland	**-2,6**	**-1,6**	**1,7**	**2,5**	**5,0**	**4,8**	**3,2**	**2,0**
Danmörk	-2,1	-1,6	2,5	3,0	10,6	9,7	3,4	3,0
Finnland	-5,0	-3,3	2,1	2,6	16,4	14,9	4,8	3,9
Noregur	1,4	2,7	2,8	2,6	4,9	4,5	4,8	3,5
Svíþjóð	-9,2	-6,4	3,3	2,8	7,5	6,7	2,5	2,4
Norðurlönd, alls	**-3,5**	**-2,0**	**2,5**	**2,7**	**8,9**	**8,1**	**3,7**	**3,0**
Bretland	-4,2	-2,6	2,9	3,1	8,2	7,6	3,4	3,0
Frakkland	-5,0	-4,1	1,6	1,7	12,0	11,5	3,0	3,2
Ítalía	-7,8	-6,9	5,4	4,7	11,1	10,5	3,0	2,9
Þýskaland	-2,3	-2,2	2,1	2,3	9,2	8,7	2,9	2,7
Evrópusambandið	**-4,8**	**-4,0**	**3,1**	**2,9**	**11,1**	**10,6**	**3,0**	**2,9**
Bandaríkin	-1,8	-2,0	2,0	2,7	5,6	5,7	3,2	2,3
Japan	-4,1	-4,2	-0,3	0,2	3,1	3,1	1,3	2,3
Kanada	-3,7	-2,4	2,0	2,0	9,4	9,1	3,9	3,4
OECD-ríkin	**-3,4**	**-3,1**	**4,1**	**3,7**	**7,8**	**7,6**	**2,7**	**2,7**

[1] Afkoma ríkis og sveitarfélaga reiknuð sem hlutfall af landsframleiðslu.

Alþjóðaviðskipti hafa aukist verulega að undanförnu og er búist við að þessi þróun haldi áfram á næsta ári. Hér gætir áhrifa aukins hagvaxtar og ekki síður þeirra alþjóðasamninga sem gerðir hafa verið að undanförnu um frjálsari viðskipti milli landa.

Halli á rekstri hins opinbera hefur verið mikill í mörgum ríkjum OECD á undanförnum árum og skuldir hafa hlaðist upp. Þetta hefur víða leitt til hækkunar langtímavaxta og lækkunar á gengi, t.d. í Svíþjóð. Vandamálin eru hins vegar stærri þegar til lengri tíma er litið og er þar sérstaklega rætt um lífeyrisskuldbindingar þjóða og aukin útgjöld til heilbrigðismála eftir því sem meðalaldur hækkar og tækninni fleygir fram.

4.3 Framvinda og horfur hér á landi

Hagvöxtur. Árið 1995 er búist við að hagvöxtur hér á landi verði rúmlega 3% sem er heldur meira en í fyrra. Þrátt fyrir svipaðan hagvöxt bæði árin hafa ýmsar grundvallarforsendur breyst. Árið 1994 var meginástæða hagvaxtar aukinn útflutningur. Innflutningur jókst hins vegar mun minna og var viðskiptajöfnuður því hagstæður. Á þessu ári hefur þróunin snúist við. Dregið hefur úr vexti útflutnings á sama tíma og þjóðarútgjöld hafa tekið kipp. Innlend eftirspurn er því helsta driffjöður hagvaxtar árið 1995. Jafnframt hefur afgangur á viðskiptajöfnuði minnkað. Á næsta ári er búist við heldur minni hagvexti, eða um 2%. Ekki er gert ráð fyrir stækkun álvers í þessari spá, en hún hefði í för með sér um ½ % viðbótarhagvöxt á næsta ári. Eftir árið 1996 er hins vegar búist við að hagvöxtur nemi um 2 ½ % á ári að jafnaði sem er nálægt meðalhagvexti í OECD-ríkjunum.



Samneysla. Verulega hefur dregið úr samneysluútgjöldum á síðustu árum. Árlegur vöxtur er nú á bilinu 1-2%, en nam að jafnaði 4-5% á níunda og framan af tíunda áratugnum. Á þessu ári er búist við að samneysluútgjöld ríkis og sveitarfélaga aukist um 2%. Þessi aukning stafar einkum af áhrifum kjarasamninga við einstaka hópa eins og kennara og hjúkrunarstéttir sem fólu í sér launahækkanir umfram það sem almennt gerðist. Áhrifa þessa gætir einnig á næsta ári og er reiknað með að samneyslan í heild aukist þá um 1 ½ %.

Þjóðhagsyfirlit

	Milljónir króna		Magnbreytingar, %[1]		
	1995	1996	1994	1995	1996
Einkaneysla	273.545	288.726	1,7	4,5	3,0
Samneysla	94.311	99.023	3,3	2,0	1,5
Fjárfesting	70.420	75.170	-1,1	3,2	3,5
Birgðabreytingar	-1.844	0	-0,4	0,2	0,0
Þjóðarútgjöld	436.432	462.919	1,1	3,9	2,8
Útflutningur vöru og þjónustu	168.375	175.002	9,5	3,2	0,7
Innflutningur vöru og þjónustu	149.964	158.565	5,2	5,5	2,8
Landsframleiðsla	**454.843**	**479.356**	**2,8**	**3,2**	**2,0**
Viðskiptajöfnuður	4.734	3.395	2,0	1,0	0,7

[1] Viðskiptajöfnuður reiknaður sem hlutfall af landsframleiðslu.

Fjárfesting. Á síðustu árum og áratugum hefur verulega dregið úr fjárfestingum hér á landi. Á árunum 1965-1980 nam fjárfesting tæplega 30% af landsframleiðslu að meðaltali, en var á tímabilinu 1985-1994 komin vel niður fyrir 20%, eða lægra en í OECD-ríkjunum.

Árið 1994 var hlutfallið um 15% af landsframleiðslu. Fyrra tímabilið voru vextir almennt neikvæðir og fjárfestingarákvarðanir því oft byggðar á ótraustum forsendum um arðsemi. Síðara tímabilið voru mörg fyrirtæki orðin mjög skuldsett vegna fyrri fjárfestingarákvarðana og fór þessi tími því að miklu leyti í endurskipulagningu rekstrar og að greiða niður skuldir. Fyrirtæki héldu því að sér höndum í fjárfestingu. Á sama tíma óx fjárfesting hins opinbera jafnt og þétt. Hlutfall fjárfestingar hins opinbera var í fyrra 25% af heildarfjárfestingu á móti 45% hlut fjárfestingar fyrirtækja. Árið 1985 var fjárfesting hins opinbera hins vegar 15% af heildarfjárfestingu á móti 60% hjá einkafyrirtækjum.

Til að tryggja varanlegan hagvöxt í framtíðinni er nauðsynlegt að snúa þessari þróun við, draga úr fjárfestingu hins opinbera og skapa svigrúm fyrir aukna fjárfestingu einkafyrirtækja. Frjáls fjármagnsmarkaður stuðlar einnig að bættu aðgengi fyrirtækja að lánsfé.



Á þessu ári er gert ráð fyrir að heildarfjárfesting aukist um rúmlega 3%. Þessi aukning stafar alfarið af mikilli fjárfestingu fyrirtækja, einkum í samgöngum, tölvubúnaði og almennum iðnaði. Á móti dregst fjárfesting hins opinbera saman og á það bæði við um ríki og sveitarfélög. Á næsta ári er gert ráð fyrir að þessi þróun haldi áfram og fjárfesting í heild aukist um 3½%. Líkt og í ár má rekja þessa aukningu til vaxandi fjárfestingar í atvinnulífinu. Hér gætir áhrifa betri afkomu fyrirtækja og aðgerða stjórnvalda til að styrkja rekstrargrundvöll þeirra.

Einkaneysla. Eftir talsverðan samdrátt á árunum 1992-1993 hefur þróunin snúist við og einkaneysla smám saman tekið við sér. Á meðan hagvöxtur var lítill, atvinnuleysi fór vaxandi og launahækkanir voru litlar hélt fólk að sér höndum. En um mitt ár 1994 þegar teikn voru á lofti um betri tíð jókst eftirspurn almennings. Þessa þróun má rekja til aukins kaupmáttar heimilanna á þessu ári í kjölfar kjarasamninga í vor. Auk þess hefur verðbólga verið lág.

Vöxtur einkaneyslu birtist meðal annars í aukinni veltu í smásöluverslun, þjónustu ýmiss konar og veitingarekstri. Í heild hefur velta í neysluvörugreinum aukist um rúmlega 5% milli áranna 1994 og 1995. Þá hefur innflutningur á bifreiðum og heimilistækjum aukist það sem af er þessu ári miðað við sama tíma í fyrra. Þannig hefur verðmæti bifreiðainnflutnings aukist um nálægt fjórðung.

Aukin neysluútgjöld heimilanna skýra einnig auknar skatttekjur ríkissjóðs á árinu sem óneitanlega hefur styrkt afkomuna. Á hinn bóginn er önnur hlið á þessari þróun, ekki eins hagstæð. Stór hluti einkaneyslunnar er innfluttar vörur. Aukin neysla og þar með meiri innflutningur þýðir að viðskiptajöfnuður landsmanna verður óhagstæðari. Þetta kemur fram í minni afgangi á viðskiptajöfnuði á þessu ári en í fyrra og enn frekar á næsta ári. Hér eru því viss hættumerki á lofti. Á undanförnum árum hefur verðbólga einnig verið meiri í mörgum viðskiptalanda okkar en hér á landi og aukinn innflutningur þannig valdið verðhækkunum hér á landi.

Á þessu ári eru neysluútgjöld heimilanna talin aukast um 4 ½ %. Búist er við frekari aukningu á næsta ári, eða um 3%. Þessi vöxtur er nokkuð umfram aukningu kaupmáttar sem þýðir að annað hvort hefur gengið á sparnað eða skuldir hafa aukist. Hvorugur kosturinn er góður þar sem sparnaður heimila á Íslandi er lágur á alþjóðlegan mælikvarða og skuldsetning þegar mikil.

Launaþróun. Í febrúar síðastliðnum voru undirritaðir kjarasamningar milli stærstu landssambanda ASÍ og vinnuveitenda. Með því var lagður grunnur að öðrum samningum í landinu. Samningarnir eru til tveggja ára, eða til ársloka 1996, en geta komið til endurskoðunar á miðju samningstímabili hafi forsendur þeirra breyst í veigamiklum atriðum. Kveðið var á um almenna krónutöluhækkun við undirritun samninga, en auk þess fengu hinir lægst launuðu viðbótarhækkun sem smám saman fjaraði út við ákveðið tekjumark. Í upphafi árs 1996 hækka laun um annað hvort tiltekna krónutölu eða 3%. Þá voru ákvæði um sérstakar launabætur til láglaunafólks framlengd. Jafnhliða hinum almennu samningum voru gerðir sérkjarasamningar við einstök landssambönd innan ASÍ og nokkur stór verkalýðsfélög.

Ríkisstjórnin féllst á að grípa til ýmissa aðgerða til að greiða fyrir gerð samninganna. Þar vegur þyngst sú ákvörðun að lífeyrisiðgjöld launþega verði undanþegin tekjuskatti. Ennfremur var ákveðið að hverfa frá viðmiðun fjárskuldbindinga við lánskjaravísitölu. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar var einnig fjallað um aðgerðir á fleiri sviðum, meðal annars um húsnæðismál og jöfnun húshitunarkostnaðar.

Í heild voru þessir samningar taldir fela í sér um 7 ½ % hækkun meðallauna yfir samningstímann, rúmlega 4% við undirskrift og liðlega 3% í upphafi árs 1996. Það má með nokkrum rétti telja að þessir samningar hafi falið í sér ákveðna launajöfnun þar sem laun hinna tekjulægstu hækkuðu mest, eða allt að 15%, en laun hinna tekjuhærri hækkuðu hlutfallslega minna. Enda þótt þessir samningar hafi falið í sér nokkru meiri launahækkanir en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga 1995 var talið að þeir myndu ekki raska þeim stöðugleika sem náðst hefur í verðlagsmálum að undanförnu.

Frá því febrúarsamningarnir voru undirritaðir hafa verið gerðir samningar við þorra annarra launþega. Þeir samningar hafa í ýmsum atriðum vikið frá febrúarsamningunum. Þannig hefur fremur verið samið um hlutfallshækkun launa í stað krónutöluhækkunar, einkum í félögum þar sem meðallaun eru í efri hluta launatöflunnar. Ýmis aðildarfélög ASÍ og VSÍ hafa samið um mun meiri launahækkanir en fólust í febrúarsamningunum, oft á tíðum í kjölfar harðra verkfalla, til dæmis hjá sjómönnum, flugfreyjum og starfsmönnum álversins.

Í kjölfarið hafa verið gerðir samningar við flest félög opinberra starfsmanna. Þessir samningar eru yfirleitt á svipuðum nótum og samningar á almenna markaðnum, þ.e. bæði febrúarsamningarnir og síðari samningar, enda gengið út frá sömu grundvallarviðmiðunum. Þó hafa samningar við grunnskóla- og framhaldsskólakennara, nokkrar hjúkrunarstéttir og ýmis aðildarfélög ASÍ nokkra sérstöðu.

Samningar við kennara voru gerðir eftir langvinnt verkfall sem lamaði kennslu og raskaði mjög öllu skólastarfi í landinu. Til þess að ljúka þeim samningum var auk almennra launahækkana samið um breytingar á kennsluskyldu, starfsaldursákvæðum o.fl. Talið er að heildarlaunakostnaður í skólakerfinu muni hækka um tæplega 20% vegna þessara ákvarðana. Þá hefur verið samið við ýmsar hjúkrunarstéttir um heldur meiri launabreytingar en gert var almennt. Þessir samningar voru reyndar að hluta gerðir undir lok árs 1994, meðal annars eftir hörð verkfallsátök.

Þriðji hópurinn eru ýmis aðildarfélög ASÍ. Þar gekk ríkið að verulegu leyti inn í þann samningsramma sem markaður var í samningum milli ASÍ og VSÍ, en hann fól í sér meiri launabreytingar en meðaltalinu nam. Hér má nefna samninga við Sókn, Iðju og Einingu svo dæmi séu tekin. Þá má nefna samninga ríkisins við sjómenn sem að öllu leyti voru eins og samið var um á almenna markaðnum. Þessir samningar fólu í sér hækkanir á bilinu 11-15% á samningstímanum. Sömu sögu er að segja af samningum við Samiðn. Hér gekk ríkið inn í samninga ASÍ og VSÍ, en samningurinn fól í sér launahækkun í kringum 20%.

Samningum er einnig lokið við þorra aðildarfélaga BSRB og nær helming aðildarfélaga BHMR. Í samningunum við BSRB hefur yfirleitt verið samið um sömu krónutöluhækkun launa og fólst í febrúarsamningunum, en í samningum við BHMR hefur meginreglan verið að ganga út frá sömu hlutfallshækkun launa og fólst í febrúarsamningunum. Meðalhækkun launa í samningum við BSRB og BHMR er metin nálægt 8 ½ % á samningstímanum. Hækkunin er að jafnaði meiri hjá BSRB en BHMR. Þegar öllu er til skila haldið er hins vegar talið að launaútgjöld ríkissjóðs hækki um 11% í kjölfar kjarasamninganna. Þar vega kennarasamningarnir þyngst, en til þeirra fer um fimmtungur launaútgjalda ríkissjóðs.

Kjarasamningarnir leiða til umtalsverðrar kaupmáttaraukningar á þessu og næsta ári. Kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna er talinn aukast um 4% árið 1995 og 1 ½ % árið 1996, eða samanlagt um tæplega 6%. Til samanburðar má nefna að kaupmáttur þjóðartekna er talinn aukast á þessu sama tímabili um innan við 3% á mann. Eins og áður er komið fram sér þessa þegar merki í verulegri útgjaldaaukningu heimilanna árið 1995 og spáð er að framhald verði á þeirri þróun á næsta ári.

Verðlagsþróun. Síðustu tólf mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkað um 1,8%. Helmingur hækkunarinnar stafar af hækkun matvælaverðs. Undanfarin fimm ár hafa verðlagsbreytingar hér á landi verið í lágmarki og hefur hækkun á vísitölu neysluverðs verið í takt við verðhækkanir í ríkjum OECD. Matvælaverð hefur reyndar hækkað mun minna á þessu tímabili, meðal annars vegna aukinnar samkeppni í matvöruverslun og lækkunar á virðisaukaskatti á matvælum í byrjun árs 1994.



Nýjustu áætlanir benda til þess að verðbólga á Íslandi í ár verði minni en að meðaltali í OECD-ríkjunum, eða innan við 2%. Í kjölfar þess að gerðir voru samningar á almenna markaðnum á fyrri hluta árs var reyndar búist við meiri verðlagshækkun á þessu ári. Með aukinni samkeppni í atvinnulífinu og bættri fjárhagsstöðu fyrirtækja virðast launahækkanir hins vegar ekki skila sér í hærra verði í sama mæli og reiknað var með. Þó hafa verðbreytingar á allra síðustu mánuðum verið meiri en framan af ári. Að hluta má skýra þessa þróun með mikilli en að verulegu leyti árstíðabundinni hækkun matvælaverðs, en einnig kann

að gæta hér síðbúinna áhrifa launahækkana fyrr á árinu. Á milli áranna 1995 og 1996 er búist við heldur meiri verðhækkunum, eða um 2 ½ %, aðallega vegna launahækkana. Þetta er svipuð eða ívið minni verðbólga en spáð er í ríkjum OECD.

Vinnumarkaður. Undanfarna áratugi hefur nánast ekkert atvinnuleysi verið hér á landi. Um og eftir miðjan síðasta áratug fór atvinnuástand hins vegar versnandi. Í kjölfarið hefur skráð atvinnuleysi aukist ár frá ári og nam 4,3% árið 1994. Þrátt fyrir aukinn hagvöxt er gert ráð fyrir að skráð atvinnuleysi mælist 5% árið 1995 sem að hluta skýrist af áhrifum verkfalla en einnig hefur atvinnuþátttaka aukist. Þótt atvinnuleysi hafi aukist frá árinu 1994 hafa orðið þau þáttaskil á vinnumarkaði að störfum fjölgaði nú á nýjan leik. Þannig er áætlað að 1600 ný störf hafi bæst við á þessu ári og gert er ráð fyrir svipaðri fjölgun á næsta ári. Spáð er heldur minna atvinnuleysi árið 1996 eða nálægt 4,8% fyrir árið í heild.



Aukið atvinnuleysi hefur komið misjafnlega niður á einstökum hópum. Ungt fólk og aðrir þeir sem eru að leita að vinnu í fyrsta sinn eiga erfitt með að fá störf og í kjölfarið hefur langtíma-atvinnuleysi aukist. Fyrir 10 árum var atvinnuleysi meðal ungs fólks innan við 1% og langtímaatvinnuleysi óþekkt. Nú hafa hins vegar um 15% atvinnulausra verið án atvinnu lengur en eitt ár og atvinnuleysi meðal fólks á aldrinum 16-24 ára er um 13%. Þetta er þó talsvert lægra en í helstu nágrannalöndum okkar þar sem tæplega helmingur atvinnulausra í Evrópu hefur verið án atvinnu í meira en eitt ár og atvinnuleysi í aldurshópnum 16-24 ára er um 20%.

Velta. Heildarvelta atvinnugreina jókst að raungildi um 7 ½ % á fyrri helmingi þessa árs miðað við sama tíma í fyrra. Velta hefur aukist í flestum greinum, að byggingarstarfsemi undanskilinni. Mest hefur aukningin verið í útflutnings- og heildverslun, auk ýmiss konar þjónustu við atvinnurekstur. Velta hefur einnig aukist í iðnaði, en sú aukning kemur einnig fram í stórauknum útflutningi iðnaðarvara. Álverð hefur hækkað mikið á heimsmarkaði síðastliðið ár og hefur verðmæti útflutts áls því aukist töluvert þrátt fyrir að framleitt magn sé nánast óbreytt á milli ára. Búist er við að framleiðsla aukist lítillega á næsta ári.

Það sem af er þessu ári hefur velta í sjávarútvegi aukist. Hins vegar hefur verðmæti útfluttra sjávarafurða ekki hækkað á milli ára þrátt fyrir hækkun á fiskverði á alþjóðamarkaði. Fyrir árið allt er áætlað að framleiðsla sjávarafurða verði óbreytt frá fyrra ári. Horfurnar eru heldur bjartari fyrir næsta ár þegar búist er við að framleiðslan aukist um 1%.

Útflutningur. Útflutningur vöru og þjónustu jókst verulega á árinu 1993 og enn meira í fyrra eftir samdrátt næstu ár á undan. Ástæða þessara umskipta er ekki síst að vegna lítillar verðbólgu hérlendis hefur raungengi krónunnar lækkað og íslensk framleiðsla þannig orðið samkeppnishæfari á alþjóðamörkuðum. Á þessu ári er búist við að útflutningur vöru og þjón-

ustu aukist um rúmlega 3% frá síðasta ári. Fyrstu sjö mánuði ársins stóð vöruútflutningur hins vegar í stað. Mikil aukning hefur þó orðið í útflutningi almennra iðnaðarvara eða 25%. Þar af vegur aukning í útflutningi lyfja mest, en hann margfaldast á milli ára. Einnig hefur útflutningur fiskineta og ýmiss búnaðar til fiskveiða aukist mikið.

Stór hluti af útflutningi þjónustu er tekjur af erlendum ferðamönnum. Fjöldi erlendra ferðamanna sem heimsækja Ísland hefur aukist mjög á undanförnum árum og þar með tekjur þjóðarbúsins af komu þeirra. Milli áranna 1993 og 1994 fjölgaði erlendum ferðamönnum um 13% og tekjurnar hækkuðu samsvarandi. Á fyrri helmingi þessa árs fjölgaði erlendum ferðamönnum um 4% á meðan tekjur af komu þeirra jukust um 25%. Það vekur athygli að aukningin milli ára varð mest í byrjun ársins sem bendir til þess að vel gangi að auka ferðamannastraum til landsins utan sumarleyfistíma.

Á komandi ári er búist við vaxandi útflutningi, en þó mun minni aukning en í ár eða um 0,7%. Minni útflutningur skipa og flugvéla á hér hlut að máli, en að honum frátöldum eykst útflutningur vöru og þjónustu um 2 ½ % á næsta ári.

Innflutningur. Eftir mikinn samdrátt á árunum 1992 og 1993 tók innflutningur kipp á miðju ári 1994 og hefur aukist stöðugt síðan. Búist er við að árið 1995 verði innflutningur vöru og þjónustu 5 ½ % meiri en í fyrra. Það sem af er árinu hefur almennur vöruinnflutningur aukist um nálægt 9% að raungildi. Mest áberandi er fjórðungs aukning í bifreiðainnflutningi. Þá hefur innflutningur fjárfestingar-, rekstrar- og hrávara til iðnaðar einnig aukist verulega. Þetta er vísbending um aukin umsvif í atvinnulífinu og má sjá sömu þróun í veltubreytingum einstakra atvinnugreina.

Innflutt þjónusta, þ.e. útgjöld Íslendinga vegna skipa- og flugsamgangna, ferðalaga erlendis o.fl., fer nú vaxandi á nýjan leik eftir samdrátt undanfarin ár. Gert er ráð fyrir að þjónustuinnflutningur aukist á þessu ári og að sú þróun haldi áfram á komandi ári. Á hinn bóginn er búist við að dragi úr aukningu vöruinnflutnings á næsta ári og innflutningur í heild aukist þannig um nálægt 3% milli ára.

Viðskiptajöfnuður. Mikil umskipti hafa orðið í viðskiptum við útlönd á undanförnum árum. Í stað viðvarandi halla á viðskiptajöfnuði um áratugaskeið hefur verið afgangur frá árinu 1993. Á síðasta ári nam afgangur á viðskiptajöfnuði 2% af landsframleiðslu. Í ár er útlit fyrir að viðskiptajöfnuður verði áfram jákvæður um 1% af landsframleiðslu.



Þetta er í fyrsta skipti í sögu lýðveldisins að viðskiptajöfnuður er jákvæður þrjú ár í röð. Talið er að viðskiptajöfnuður verði einnig jákvæður á næsta ári, um rúmlega ½ % af landsframleiðslu. Jákvæður viðskiptajöfnuður hefur gert kleift að greiða niður erlendar skuldir síðustu ár og hafa þær lækkað úr 54% af landsframleiðslu árið 1993 í 46% árið 1996.

Meginskýring þess að nú er afgangur á viðskiptajöfnuði er að vöruskiptajöfnuður hefur verið mjög hagstæður og gert meira en vega upp neikvæðan vaxtajöfnuð. Þrátt fyrir þessa hagstæðu þróun er visst áhyggjuefni að afgangur á viðskiptajöfnuði fer nú minnkandi í takt við vaxandi kaupmátt heimilanna og aukin neysluútgjöld. Á sama tíma dregur úr vexti útflutningstekna. Við þessar aðstæður er enn brýnna en ella að draga úr hallarekstri ríkisins og hamla þannig gegn aukinni skuldsetningu þjóðarinnar.

Peningamarkaður. Í ársbyrjun 1995 var síðustu hömlum á fjármagnsviðskipti við útlönd aflétt, þegar fjárfestingar í erlendum skammtímaverðbréfum voru heimilaðar, ári eftir að fjárfestingar í erlendum langtímabréfum voru gefnar frjálsar. Þetta hefur þó ekki orðið til þess að fjármagn streymdi úr landi þar sem kaup á erlendum verðbréfum hafa dregist mikið saman í ár. Skýringin er vafalaust sú að vextir erlendis hafa lækkað auk þess sem samanburður við árið 1994 er tæplega marktækur, en þá voru viðskipti með erlend verðbréf til langs tíma gefin frjáls. Þá hafa vaxtahækkanir innanlands og sérstakar aðhaldsaðgerðir Seðlabankans gagnvart innlánsstofnunum á fyrstu mánuðum ársins skilað sér í jákvæðum gjaldeyrisviðskiptum.

Á árinu 1994 keypti Seðlabankinn mikið af ríkisbréfum og húsbréfum af bönkunum sem voru að fjármagna gjaldeyrisviðskipti sín. Til að hamla gegn frekara gjaldeyrisútstreymi ákvað Seðlabankinn að draga úr þessari fyrirgreiðslu við innlánsstofnanir og beitti sér fyrir hækkun vaxta. Í kjölfarið hefur gjaldeyrisstaðan batnað án nýrrar erlendrar lántöku. Einnig hefur ríkis- og húsbréfaeign Seðlabankans minnkað um tæpa 3 milljarða króna til loka ágúst, en á sama tíma í fyrra nam nettókaup bankans á þessum bréfum um 11 milljörðum króna.

Áhrif þessara aðgerða koma meðal annars fram í því að á fyrstu sjö mánuðum ársins 1995 nam nettókaup á verðbréfum frá útlöndum 1,8 milljörðum króna samanborið við 6 milljarða á sama tíma árið 1994. Þessi umskipti sjást einnig glöggt í gjaldeyrisstöðu Seðlabanka Íslands því gjaldeyrisforðinn lækkaði aðeins um 1 milljarð króna fyrstu sjö mánuði þessa árs, samanborið við 8 ½ milljarð í fyrra. Erlend nettóstaða Seðlabankans hefur hins vegar batnað um 2,3 milljarða króna það sem af er árinu, en í fyrra versnaði hún um 8,7 milljarða til loka júlí.

Lánahreyfingar innlánsstofnana

	Staða 31. desember 1994 m.kr.	Staða 31. ágúst 1995 m.kr.	Hreyfing jan.-ág. 1994 %	Hreyfing jan.-ág. 1995 %
Heildarinnlán og verðbréfaútgáfa	185.613	192.390	0,2	3,7
Lán og endurlán	213.299	209.658	-1,8	-1,7
Þar af fyrirtæki	124.950	120.348	-5,0	-3,7
Þar af einstaklingar	56.679	58.710	2,2	3,6
Þar af sveitarfélög	7.312	7.624	20,3	4,3
Lausafjárstaða	10.647	18.068	6,2	69,7

Líkt og á síðasta ári hafa útlán innlánsstofnana dregist nokkuð saman. Lausafjárstaða bankanna hefur jafnframt batnað um tæplega 70% frá áramótum. Fyrirtækin halda áfram að lækka skuldir sínar við bankakerfið sem nemur rúmlega 10 milljörðum króna frá ársbyrjun 1994. Hins vegar hafa skuldir heimilanna við bankakerfið aukist. Einnig aukast skuldir sveitarfélaga í ár, en þó mun minna en í fyrra.

Á síðasta ári jukust skuldabréfaútboð sveitarfélaga og fyrirtækja á innlendum markaði verulega. Í kjölfar lækkunar vaxta á verðbréfamarkaði buðust þessum aðilum betri kjör en í bankakerfinu. Þessi þróun hefur haldið áfram í ár þó að sveitarfélögin hafi heldur dregið úr útboðum sínum. Sveitarfélögin buðu út verðbréf fyrir 2,5 milljarða króna á fyrstu sjö mánuðum síðasta árs á meðan útboð fyrirtækja námu um 1 milljarði. Í ár hafa verðbréfaútboð sveitarfélaga numið 1,8 milljörðum króna, en útboð fyrirtækja um 1,2 milljörðum.

Í kjölfar vaxtalækkunar og afnáms takmarkana á viðskiptum með erlend langtímaverðbréf jukust umsvif verðbréfasjóða verulega á síðasta ári. Verðmæti hlutdeildarskírteina jókst um rúm 62% á fyrstu átta mánuðum síðasta árs, en í ár hefur þessi þróun snúist við og í ágúst hafði verðmæti hlutdeildarskírteina dregist saman um tæp 20% frá áramótum. Þessi umskipti stafa einkum af mikilli innlausn hlutdeildarskírteina í eignarskattfrjálsum sjóðum.

Vextir. Vextir hafa lækkað verulega á undanförnum árum. Þetta má fyrst og fremst rekja til aukins stöðugleika í efnahagslífinu og lægri verðbólgu, auk ýmissa skipulagsbreytinga á peningamarkaði. Það sem af er árinu 1995 hafa vextir hins vegar hækkað nokkuð á ný, einkum á ríkisbréfum, en þeir voru reyndar mjög lágir á síðasta ári. Breytinguna má meðal annars rekja til þess að í apríl síðastliðnum hækkaði Seðlabankinn ávöxtun spariskírteina á eftirmarkaði og í kjölfarið fylgdi almenn vaxtahækkun.

Vaxtaþróun

	September 1993 %	Júní 1994 %	Janúar 1995 %	September 1995 %
Nafnávöxtun þriggja mánaða ríkisvíxla í útboðum	9,5	4,9	6,7	7,3
Nafnávöxtun útlánsvíxla banka, meðaltal	19,8	11,9	12,3	12,7
Vaxtamunur	10,3	7,0	5,6	5,4
Raunávöxtun spariskírteina ríkissjóðs á Verðbréfaþingi	6,9	4,9	5,1	5,8
Meðalávöxtun verðtryggðra útlána banka	9,4	7,8	8,3	8,9
Vaxtamunur	2,5	2,9	3,2	3,1

Vextir á ríkisvíxlum hafa hækkað mest, en ávöxtun þeirra í útboðum var komin niður fyrir 5% um mitt síðasta ár. Meðalvextir í bankakerfinu hafa einnig hækkað og er munur á vöxtum ríkisbréfa og útlánsvöxtum bankanna því enn mikill. Þannig er vaxtamunur ríkisvíxla og útlánsvíxla um 5 ½ % á þessu ári, samanborið við 7% í fyrra og vaxtamunur spariskírteina og verðtryggðra útlána er rúmlega 3%.



Þrátt fyrir að fjármagnsflutningar milli Íslands og annarra landa hafi verið gefnir frjálsir um síðustu áramót eru raunvextir hér á

landi talsvert hærri en í nágrannaríkjum okkar. Myndin sýnir samanburð á ávöxtun þriggja mánaða ríkisvíxla hér á landi og í þremur öðrum ríkjum þar sem verðbólga er svipuð.

Á síðasta ári var ávöxtun hér á landi svipuð og um tíma jafnvel lægri en í þessum ríkjum. Það sem af er þessu ári hafa vextir hér hins vegar hækkað á sama tíma og vextir hafa lækkað erlendis. Ein skýring á þessum vaxtamun er að fjármagnsmarkaður hér á landi er enn í mótun. Jafnframt er stutt síðan fjármagnsmarkaðurinn opnaðist gagnvart útlöndum. Þetta kemur meðal annars fram í því að fjármagnshreyfingar eru nánast eingöngu í eina átt, þ.e. úr landinu. Þannig jukust kaup Íslendinga á erlendum verðbréfum verulega á síðasta ári þegar markaðurinn opnaðist og vextir voru lægri hér en erlendis. Háir vextir hér á landi á þessu ári hafa hins vegar ekki að sama skapi dregið fjármagn til landsins þótt verðbréfakaup erlendis hafi vissulega minnkað.

Erlendar skuldir þjóðarbúsins. Mikil umskipti hafa orðið á erlendri skuldastöðu þjóðarbúsins á síðustu árum. Á árunum 1987-1993 hækkuðu erlendar nettóskuldir okkar úr 40% af landsframleiðslu í rúm 54%. Greiðslubyrði erlendra lána sem hlutfall af útflutningstekjum tvöfaldaðist á sjö árum og náði hámarki, tæplega 35% árið 1994. Þessi þróun hefur hins vegar snúist við og á síðustu árum hafa erlendar skuldir okkar lækkað verulega. Spár gera ráð fyrir að árið 1996 verði hrein erlend skuldastaða komin niður í 46% af landsframleiðslu og að greiðslubyrði erlendra lána nemi 23% af útflutningstekjum.



Erlendar skuldir einstakra geira þjóðfélagsins hafa þróast með mismunandi hætti. Erlendar skuldir lánastofnana og fyrirtækja hafa lækkað verulega á sama tíma og erlendar lántökur opinberra aðila hafa aukist. Þetta má fyrst og fremst rekja til þess að á síðasta ári leitaði ríkissjóður fremur á erlenda markaði en innlenda eftir lánsfé til að treysta í sessi þá vaxtalækkun sem orðið hafði. Lágir vextir leiddu síðan til þess að lánastofnanir og fyrirtæki tóku lán í auknum mæli á innlendum markaði.

Sveitarfélög. Afkoma sveitarfélaga hefur versnað mjög mikið á tiltölulega skömmum tíma. Árið 1990 voru sveitarfélögin rekin með afgangi, en frá þeim tíma hefur staðan gjörbreyst og hallinn aukist ár frá ári. Á árinu 1994 nam hallinn 7 milljörðum króna, eða sem samsvarar 22% af tekjum. Til samanburðar var halli ríkissjóðs sama ár innan við 7% af tekjum. Í kjölfar þessa hallareksturs er fjárhagsstaða margra sveitarfélaga orðin mjög slæm. Því hafa mörg sveitarfélög gripið til sparnaðar- og aðhaldsaðgerða á árinu 1995. Spáð er að tekjur aukist um rúmlega 2 milljarða króna á árinu og að gjöld lækki um tæplega 2 milljarða króna og hallinn verði þannig rúmir 3 milljarðar króna.

Í kjölfar hallareksturs ríkis og sveitarfélaga undanfarin ár hafa skuldir hins opinbera vaxið hratt. Heildarskuldir hins opinbera hafa aukist úr 25% af landsframleiðslu árið 1980 í rúmlega 55% árið 1995. Á næsta ári er hins vegar gert ráð fyrir breytingu á þessari þróun og skuldahlutfallið talið lækka í rúmlega 54%. Þrátt fyrir mikla aukningu opinberra skulda á síðustu árum er skuldastaðan hér á landi betri en víða annars staðar. Í OECD-ríkjunum hafa skuldirnar farið úr 42% í 74% af landsframleiðslu á sama tíma og á hinum Norðurlöndunum hafa skuldirnar aukist úr 36% af landsframleiðslu í 69%.



Þjóðhagsforsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 1996

		Áætlun 1995	Frumvarp 1996
I.	**Helstu þjóðhagsstærðir - magnbreytingar milli ára, %**		
	Einkaneysla	4,5	3,0
	Samneysla	2,0	1,5
	Fjárfesting	3,2	3,5
	Þjóðarútgjöld án birgðabreytinga	3,7	2,8
	Útflutningur vöru og þjónustu	3,2	0,7
	Innflutningur vöru og þjónustu	5,5	2,8
	Almennur vöruinnflutningur án olíu	5,2	3,2
	Verg landsframleiðsla	3,2	2,0
	Þjóðartekjur	2,3	2,4
II.	**Launa- og verðlagsforsendur - meðalbreytingar milli ára, %**		
	Ráðstöfunartekjur á mann	5,5	4,3
	Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	3,7	1,8
	Þjóðartekjur á mann	1,1	1,3
	Framfærsluvísitala	1,7	2,5
	Byggingarvísitala	3,1	2,7
	Innflutningsverðlag	3,9	3,0
	Verðvísitala samneyslu	3,8	3,4
	Verðvísitala landsframleiðslu	1,7	3,3
	Viðskiptakjör, vörur	0,1	0,7
	Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla	5,0	4,8
III.	**Ýmsar forsendur**		
	Fjöldi innfluttra bíla	6.950	7.100
	Fólksbílar	6.100	6.225
	Atvinnubílar	850	875
	Sala á bensíni, milljónir lítra	179	181

5 Tekjur

5.1 Heildaryfirlit

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1995 var áætlað að heildartekjur ríkissjóðs yrðu 112,1 milljarður króna. Meginforsendur þeirrar spár voru bjartari horfur í þjóðarbúskapnum en um langt skeið sem skilað gæti auknum tekjum í ríkissjóð. Þessi spá hefur í flestu gengið eftir og raunar gott betur sem skýrir það að tekjur ríkissjóðs verða væntanlega 2,3 milljörðum króna hærri 1995 en í tekjuáætlun fjárlaga, eða 114,4 milljarðar króna, þrátt fyrir tekjutap vegna aðgerða í skattamálum í tengslum við gerð kjarasamninga fyrr á árinu. Skýringin er fyrst og fremst meiri umsvif í þjóðarbúskapnum samhliða um 4% kaupmáttaraukningu heimila í kjölfar nýrra kjarasamninga.

Útlit er fyrir áframhaldandi bata í íslensku efnahagslífi á árinu 1996 sem skilar sér í auknum tekjum hjá ríkissjóði. Spáð er tæplega 6 milljarða króna hækkun tekna frá árinu 1995 sem er í samræmi við aukin umsvif þjóðarbúsins. Þrátt fyrir þetta lækkar hlutfall heildartekna ríkissjóðs af landsframleiðslu og hefur ekki verið lægra síðan 1987. Sama gildir um skatttekjurnar.

Áætlaðar tekjur ríkissjóðs

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Áætlun 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.
Skatttekjur	101.669	104.472	106.306	111.709
Aðrar tekjur	7.933	7.620	8.114	8.180
Tekjur ríkissjóðs, alls	**109.602**	**112.092**	**114.420**	**119.889**
Verg landsframleiðsla	433.242	450.804	454.843	479.354
Heildartekjur sem % af landsframleiðslu	**25,3**	**24,9**	**25,2**	**25,0**
Skatttekjur sem % af landsframleiðslu	**23,5**	**23,2**	**23,4**	**23,3**

Breytt skattlagning. Að undanförnu hafa verið til skoðunar í fjármálaráðuneytinu ýmis atriði er varða tekjuhlið ríkissjóðs, en þeim má í reynd skipta í þrennt. Í fyrsta lagi eru þau sem snúa að því hvernig mæta eigi tekjutapi vegna skattfrelsis lífeyrisiðgjalda, sbr. yfirlýsingu stjórnvalda í tengslum við gerð kjarasamninga snemma á þessu ári. Þar kemur tvennt til. Annars vegar er tryggingagjald fyrirtækja hækkað um 0,5%, en þar er talið vera nokkurt svigrúm fyrir hendi án þess að samkeppnisstöðu innlendra fyrirtækja sé raskað. Samhliða þessari breytingu hefur ríkisstjórnin ákveðið að breyta og jafnframt treysta fjármögnun Atvinnuleysistryggingasjóðs. Nánar er fjallað um þessi áform síðar í greinargerðinni. Hins vegar er horfið frá sjálfvirkri verðuppfærslu afsláttar- og bótaliða í tekjuskattskerfinu. Það þýðir að breytingar á þessum liðum verða sjálfstæð ákvörðun stjórnvalda hverju sinni eins og tíðkast í öðrum löndum. Samanlagt fela þessar breytingar í sér um 1½ milljarðs króna tekjuauka árið 1996.

Í öðru lagi hafa ýmis önnur skattatengd mál verið rædd, án þess þó að hafa áhrif á tekjuhlið ríkissjóðs á næsta ári. Þar á meðal er upptaka fjármagnstekjuskatts, endurskoðun vörugjalds og fyrirhuguð endurskoðun tekjuskattskerfisins. Um þetta er nánar fjallað hér á eftir.

Í þriðja lagi eru þær breytingar sem þegar hafa verið lögbundnar en koma hins vegar ekki til framkvæmda fyrr en á árinu 1996. Þar ber hæst upptaka sérstaks áfengisgjalds sem

tók raunar gildi hinn 1. september síðastliðinn og olíugjalds í stað þungaskatts um næstu áramót.

Framvindan 1995. Sem fyrr segir hefur betri afkoma þjóðarbúsins en spáð var í lok síðasta árs styrkt tekjuhlið ríkissjóðs. Mestu munar um meiri kaupmátt ráðstöfunartekna heimila í kjölfar aukinna útflutningstekna og nýrra kjarasamninga. Sú þróun birtist í aukinni eftirspurn og meiri hagvexti eins og sjá má í meðfylgjandi töflu.

Breyttar þjóðhagsforsendur árið 1995

Magnbreytingar	Fjárlög %	Endurskoðuð áætlun %	Frávik %
Einkaneysla	2,5	4,5	2,0
Þjóðarútgjöld án birgðabreytinga	2,9	3,7	0,8
Landsframleiðsla	2,1	3,2	1,1
Ráðstöfunartekjur á mann	2,8	5,5	2,7
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	1,0	3,7	2,7

Breyttar þjóðhagsforsendur endurspeglast einkum í viðbótartekjum af virðisaukaskatti og öðrum veltutengdum sköttum. Þá skilar batnandi afkoma fyrirtækja á síðasta ári sér í hærri tekjuskatti á þessu ári en gert var ráð fyrir í fjárlögum og betri innheimtu almennt. Staðgreiðsla tekjuskatts er einnig talsvert meiri en reiknað var með sem stafar af meiri tekjubreytingum. Á móti vegur ákvörðun stjórnvalda í tengslum við gerð kjarasamninga fyrr á þessu ári um skattfrelsi lífeyrisiðgjalda. Hún er talin skerða tekjur ríkisins um 600 m.kr. í ár, en samtals 1.600 m.kr. á ári þegar áhrifin verða að fullu komin fram.

Að öllu samanlögðu verða að heildartekjur ríkissjóðs líklega 2,3 milljörðum króna meiri á árinu 1995 en áætlað var, eða 114,4 milljarðar króna.

Skipting ríkissjóðstekna

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Áætlun 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting 1995-96 %
Tekjuskattar	**19.163**	**18.900**	**19.930**	**21.250**	**6,6**
Einstaklingar	15.872	15.200	15.750	16.550	5,1
Fyrirtæki	3.291	3.700	4.180	4.700	12,4
Tryggingagjöld, launaskattar	**10.945**	**11.380**	**11.360**	**12.665**	**11,5**
Eignarskattar	**3.561**	**3.370**	**3.445**	**3.555**	**3,2**
Skattar á vörur og þjónustu	**68.000**	**70.822**	**71.571**	**74.239**	**3,7**
Virðisaukaskattur	40.899	42.200	43.150	45.450	5,3
Innflutningsgjöld, vörugjöld	7.994	8.719	8.964	9.224	2,9
Tekjur af sölu áfengis og tóbaks	6.600	6.865	6.735	6.650	-1,3
Bifreiðagjöld	8.231	8.725	8.685	8.780	1,1
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	4.276	4.313	4.037	4.135	2,4
Aðrar tekjur	**7.933**	**7.620**	**8.114**	**8.180**	**0,8**
- Vaxtatekjur	4.720	4.600	4.900	5.450	11,2
- Arðgreiðslur o.fl.	3.213	3.020	3.214	2.730	-15,1
Heildartekjur ríkissjóðs	**109.602**	**112.092**	**114.420**	**119.889**	**4,8**
Skatttekjur ríkissjóðs	**101.669**	**104.472**	**106.306**	**111.709**	**5,1**



Frumvarp 1996. Sem fyrr segir hafa nýjustu spár um framvindu efnahagsmála á næsta ári hagstæð áhrif á tekjuhlið ríkissjóðs til viðbótar þeim áformum í skattamálum sem þegar hefur verið lýst. Spáð er tæplega 3% aukningu þjóðarútgjalda á árinu 1996, en heldur minni hagvexti, eða 2% . Þá er gert ráð fyrir 3% aukningu einkaneyslu milli áranna 1995 og 1996 og að kaupmáttur ráðstöfunartekna aukist um 1½% á mann. Þegar allt er lagt saman er talið að heildartekjur ríkissjóðs verði tæplega 120 milljarðar króna á næsta ári samanborið við 114,4 milljarða króna í ár. Á hinn bóginn lækkar hlutfall skatttekna af landsframleiðslu lítillega milli ára, annað árið í röð, úr 23,4% í 23,3%.

Skattlagning hins opinbera. Nýlega kom út á vegum OECD í París skýrsla um skattlagningu hins opinbera í aðildarríkjum samtakanna. Rétt er að árétta að skattauppgjör OECD tekur bæði til ríkis og sveitarfélaga og er því ekki sambærilegt við skatthlutföllin hér að framan. Auk þess er nokkur munur á tekjuskilgreiningum stofnunarinnar og hinu hefðbundna uppgjöri tekna hér á landi, en stefnt er að breytingum þar á frá og með næstu fjárlagagerð.

Í eftirfarandi töflu kemur fram að skattar hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu jukust talsvert á níunda áratugnum en síðan hefur dregið úr vextinum. Ísland sker sig nokkuð úr þar sem vöxtur er mun hægari og undanfarin ár hefur hlutfallið raunar heldur lækkað.

Ýmis tormerki eru á samanburði af þessu tagi milli landa og því ber að skoða hlutföllin með vissum fyrirvara. Þau gefa engu að síður ákveðna vísbendingu um þróunina síðustu fimmtán árin.

Þróun skattbyrði í aðildarríkjum OECD 1980-1994 [1]

Hlutfall af landsframleiðslu, %	1980	1985	1990	1991	1992	1993	1994[2]
OECD í heild	35,0	36,9	38,0	38,2	38,4	38,7	38,9
Evrópuríki OECD	36,5	38,6	39,3	39,7	40,1	40,5	40,7
Aðildarríki Evrópusambandsins	36,7	39,6	39,6	40,1	40,8	41,4	41,7
Ísland	*29,2*	*28,4*	*31,4*	*31,4*	*32,2*	*31,3*	*31,1*
Norðurlönd án Íslands	44,6	46,9	49,0	48,9	48,2	47,8	49,7

[1] Revenue Statistics of OECD Member Countries 1965-1994; París 1995.
[2] Bráðabirgðatölur.

5.2 Yfirlit yfir helstu tekjustofna

Í greinargerð fjárlagafrumvarps og þar með í 3. grein þess hefur flokkun tekna verið breytt frá því sem verið hefur. Þessi nýja flokkun er í samræmi við tillögur ríkisreikningsnefndar um færslu tekna. Með þessu er stigið skref í átt til samræmingar á

tekjuflokkun við það sem gert er í öðrum ríkjum OECD. Heildartölur er þó óbreyttar. Eftirfarandi umfjöllun um einstaka tekjustofna byggir á þessari nýju flokkun.

Tekjuskattar einstaklinga og fyrirtækja. Heildartekjur ríkissjóðs af tekjusköttum einstaklinga og fyrirtækja eru áætlaðar 21,3 milljarðar króna á næsta ári samanborið við tæplega 20 milljarða í ár. Hækkunin milli ára nemur tæplega 7% sem skýrist af batnandi afkomu heimila og fyrirtækja á síðustu tveimur árum eftir langt samdráttarskeið.

Tekjuskattar einstaklinga og fyrirtækja

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Áætlun 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting 1995-96 %
Staðgreiðsla, brúttó	**41.750**	**42.550**	**43.635**	**45.900**	**5,2**
- Útsvar sveitarfélaga	-18.383	-19.065	-19.500	-20.150	3,3
- Sóknar- og kirkjugarðsgjöld	-1.388	-1.450	-1.455	-1.515	4,1
- Barnabætur, barnabótaauki	-4.571	-4.775	-4.750	-5.350	12,6
- Vaxtabætur	-2.866	-3.050	-3.130	-3.350	7,0
Hlutur ríkisins í staðgreiðslu, nettó	**14.542**	**14.210**	**14.800**	**15.535**	**5,0**
Sérstakur 5% tekjuskattur	335	300	300	315	5,0
Innheimta eftirstöðva, nettó	995	690	650	700	7,7
Tekjuskattur einstaklinga, nettó	**15.872**	**15.200**	**15.750**	**16.550**	**5,1**
Tekjuskattur fyrirtækja	**3.291**	**3.700**	**4.180**	**4.700**	**12,4**
Samtals	**19.163**	**18.900**	**19.930**	**21.250**	**6,6**

Einstaklingar. Síðustu áætlanir benda til þess að atvinnutekjur á mann hækki um 5% á þessu ári sem rekja má til áhrifa nýrra kjarasamninga. Til samanburðar var í forsendum fjárlaga gert ráð fyrir 2½% hækkun. Innheimta á staðgreiddum tekjuskatti hefur því aukist, en á móti kemur tekjutap vegna skattfrelsis lífeyrisiðgjalda frá 1. apríl á þessu ári. Þá verða greiðslur vaxtabóta og endurgreiðslur á ofgreiddri staðgreiðslu vegna fyrra árs nokkru hærri á þessu ári en reiknað var með. Að öllu samanlögðu má ætla að tekjur af þessum skattstofni verði um það bil ½ milljarði króna meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum.

Forsendur tekjuáætlunar fyrir árið 1996 eru þær að tekjubreytingar milli ára verði að meðaltali 3½-4% og er sú spá gerð á grundvelli fyrirliggjandi kjarasamninga, en þeir gilda að óbreyttu til ársloka 1996. Auk þess er tekið tillit til breytinga á skattfrelsi lífeyris og lífeyrisiðgjalda á næsta ári. Jafnframt er grunnfjárhæðum tekjuskattskerfisins, þ.e. persónuafslætti, barnabótum, vaxtabótum o.fl., haldið því sem næst óbreyttum.

Þó svo að persónuafsláttur verði óbreyttur í krónum talið á næsta ári hækka skattleysismörkin. Ástæðan er sú að skattfrelsi lífeyrisiðgjalda jafngildir í reynd lækkun á hlutfalli tekjuskatts um rúmlega 1½% þegar það er að fullu komið til framkvæmda á miðju ári 1997. Þar af verða tveir þriðju hlutar þessarar lækkunar, eða um 1%, komnir fram á síðari árshelmingi 1996. Þetta er svipuð niðurstaða og leitt hefði af hækkun persónuafsláttar í takt við almenna verðlagsþróun án tillits til áhrifa skattfrelsis lífeyrisiðgjalda.

Til viðbótar þarf að nefna nokkur atriði sem hafa áhrif á þennan skattstofn. Í fyrsta lagi verður barnabótaaukinn hækkaður sérstaklega með því að draga úr tekjuskerðingu hans. Markmiðið er að styrkja stöðu barnafjölskyldna með þunga framfærslu, jafnframt því sem dregið er úr óheppilegum jaðaráhrifum tekjuskattsins.

Þá hefur verið að störfum nefnd sem fjármálaráðherra skipaði til að fjalla um útfærslu og framkvæmd fjármagnstekjuskatts. Niðurstöður nefndarstarfsins liggja enn ekki fyrir en líklegast er að lágur staðgreiðsluskattur á nafnvexti verði fyrir valinu. Að svo stöddu er ekki reiknað með tekjum af þessum skatti í tekjuáætlun frumvarpsins.

Í þriðja lagi eru áform um að framlengja álagningu sérstaks 5% tekjuskatts (hátekjuskatts) til loka árs 1996. Umræddur skattur hefur verið mjög umdeildur, ekki síst með hliðsjón af þeirri hækkun sem hann veldur á jaðarhlutfalli tekjuskatts.

Að lokum þarf að endurskoða fyrri ákvörðun stjórnvalda um að undanþiggja 15% af lífeyrisgreiðslum ellilífeyrisþega skattskyldu í ljósi þess að lífeyrisiðgjöld verða að fullu skattfrjáls á næstu árum. Gert er ráð fyrir að fella þessa undanþágu niður í tveimur áföngum og kemur sá fyrri til framkvæmda um næstu áramót. Hins vegar verður þeim fjármunum sem sparast við þessa breytingu varið til að hækka grunnfjárhæðir lífeyristrygginga.

Þegar allt er talið verður tekjuskattur einstaklinga líklega 800 m.kr. hærri á næsta ári en í ár, eða 16 ½ milljarður króna.

Fyrirtæki. Umskipti hafa orðið í afkomu margra fyrirtækja á undanförnum tveimur árum eftir langt samdráttarskeið. Þetta kemur meðal annars fram í könnun Þjóðhagsstofnunar á ársreikningum fyrirtækja fyrir árin 1993 og 1994. Í þeim tæplega eitt þúsund fyrirtækjum sem skoðuð voru var hagnaður af reglulegri starfsemi að jafnaði um 4% af tekjum á árinu 1994 samanborið við 0,8% árið á undan. Svipuð athugun fyrir rekstrarárið 1992 benti hins vegar til 1% taprekstrar fyrirtækja. Batinn nemur því um 5% á þessum tveimur árum.

Ástæður batans eru án efa margvíslegar. Meðal annars hefur gætt mikillar hagræðingar í rekstri fyrirtækja síðustu árin, jafnframt því sem stjórnvöld hafa beitt sér fyrir ýmsum skattalegum aðgerðum til að bæta samkeppnisstöðu atvinnulífsins. Betri afkoma fyrirtækja hefur einnig bætt skattskil og hækkað álagningu tekjuskatts þrátt fyrir lækkun tekjuskattshlutfallsins úr 45% í 33%. Upplýsingar úr skattframtölum sýna að frumálagning tekjuskatts á lögaðila hækkaði um meira en fimmtung milli áranna 1994 og 1995 (rekstur áranna 1993 og 1994) í krónum talið sem er helmingi meira en reiknað var með í forsendum fjárlaga fyrir líðandi ár. Þetta leiðir til þess að innheimta tekjuskatts hjá lögaðilum verður líklega ½ milljarði króna meiri á þessu ári en spáð hafði verið, eða nálægt 4,2 milljörðum króna.

Reiknað er með frekari bata í afkomu fyrirtækja á þessu ári sem skýrir liðlega 12% hækkun tekjuskatts í áætlun frumvarpsins fyrir árið 1996.

Tryggingagjöld. Undir þennan lið falla þeir tekjustofnar sem eru sérstaklega markaðir félagslegri þjónustu, en það eru tryggingagjald, ábyrgðargjald launa og gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra. Þessi gjöld eru alla jafna lögð á laun eða atvinnutekjur, en einnig getur verið um að ræða nefskatt, eins og í tilviki þess síðasttalda.

Tryggingagjald. Þrátt fyrir að tekjubreytingar hafi orðið talsvert meiri á þessu ári en miðað var við í forsendum fjárlaga sjást þess ekki mikil merki í innheimtu tryggingagjalds. Þetta skýrist fyrst og fremst af því að í byrjun árs var tekin sú ákvörðun að samræma skil ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja á tryggingagjaldi því sem gildir á almennum markaði. Þetta hefur nokkur áhrif á greiðslustöðu yfirstandandi árs sem verður um 200 m.kr. lægri, en áhrifin jafnast út á næsta ári.

Sem fyrr segir er gert ráð fyrir 0,5% hækkun á tryggingagjaldi frá og með næstu áramótum til að mæta að hluta tekjutapi vegna skattfrelsis lífeyrisiðgjalda. Þessi aðgerð skilar

ríkissjóði tæplega einum milljarði króna í viðbótartekjur á næsta ári. Að öðru leyti hækka tekjur af tryggingagjaldi í takt við almennar launabreytingar auk fyrrgreindra greiðsluáhrifa vegna breyttra skila.

Tekjur af tryggingagjöldum

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Áætlun 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting 1995-96 %
Tryggingagjald	9.917	10.330	10.480	11.925	13,8
Eftirstöðvar eldri gjalda	182	150	100	75	-25,0
Tryggingagjald, alls	**10.099**	**10.480**	**10.580**	**12.000**	**13,4**
Ábyrgðargjald	404	420	320	200	-37,5
Framkvæmdasjóður aldraðra	442	480	460	465	1,1
Samtals	**10.945**	**11.380**	**11.360**	**12.665**	**11,5**

Ábyrgðargjald. Samkvæmt lögum um ábyrgðarsjóð launa vegna gjaldþrota skal sjóðurinn fjármagnaður með sérstöku ábyrgðargjaldi sem lagt er á sama gjaldstofn og tryggingagjaldið. Gjaldið var upphaflega ákveðið 0,2%, en félagsmálaráðherra ákveður - að fenginni tillögu sjóðsstjórnar - með reglugerð fyrir eitt ár í senn hvert gjaldið á að vera. Í fjárlögum 1995 var reiknað með óbreyttri gjaldtöku, en eftir samþykkt þeirra var ákveðið að lækka það í 0,16%. Þetta skýrir þá lækkun sem fram kemur í meðfylgjandi töflu. Þá bendir allt til frekari lækkunar á gjaldinu, en gert er ráð fyrir að fjárþörf sjóðsins verði aðeins um 200 m.kr. á árinu 1996.

Framkvæmdasjóður aldraðra. Á þessu ári nam gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra 3.985 krónum á hvern gjaldanda, en þeir eru 118 þúsund. Áætlaðar tekjur á yfirstandandi ári verða 460 m.kr. sem er lægri fjárhæð en í fjárlögum vegna færri gjaldenda en spáð hafði verið.

Að óbreyttum lögum breytist gjaldið sjálfvirkt í lok þessa árs í takt við byggingarvísitölu. Í tekjuáætlun frumvarpsins er hins vegar gengið út frá því að vísitölutengingin verði afnumin og gjaldið haldist því óbreytt milli ára í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um afnám sjálfvirkrar verðuppfærslu í skattkerfinu. Á þessum forsendum og að gjaldendur verði kringum 119 þúsund er áætlað að innheimta gjaldsins verði 465 m.kr. á árinu 1996.

Eignarskattar. Þessi skattstofn skilar ríkissjóði nálægt 3½ milljarði króna árin 1995 og 1996. Þar af er hlutur einstaklinga 55% en lögaðilar bera afganginn. Hlutfall fyrirtækja af eignarsköttum hefur farið hækkandi á undanförnum árum sem skýrist af tvennu. Annars vegar mikilli skuldasöfnun heimila sem hefur rýrt eignarskattsstofn þeirra verulega. Hins vegar hefur afkoma fyrirtækja batnað sem aftur hefur haft jákvæð áhrif á eignarskattstofninn. Þetta kemur fram þegar horft er yfir þróunina frá 1994, sbr. meðfylgjandi töflu.

Eignarskattar einstaklinga. Í árslok 1994 var samþykkt að fella niður sérstakan 0,75% stóreignaskatt sem tekinn var upp árið 1989. Þetta er önnur skýring þess að eignarskattur einstaklinga lækkar frá árinu 1994. Hitt er áhrif frekari skuldasöfnunar heimilanna. Eignarskattar einstaklinga verða því líklega 100 m.kr. lægri á þessu ári en gert var ráð fyrir í fjárlagaáætlun.

Svipuð þróun virðist hafa átt sér stað á þessu ári. Á sama tíma og skuldir heimila hafa haldið áfram að aukast hefur orðið óveruleg hækkun á fasteignaverði. Því er ekki að vænta mikilla breytinga á álagningu eignarskatta á árinu 1996.

Erfðafjárskattur. Þessi tekjustofn er alltaf mjög óviss. Í fjárlögum ársins var gert ráð fyrir rúmlega 300 m.kr. tekjum, en niðurstaðan verður nær 400 m.kr. Reiknað er með svipuðum tekjum á næsta ári.

Eignarskattar

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Áætlun 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting 1995-96 %
Eignarskattur	1.546	1.490	1.390	1.390	0,0
Sérstakur eignarskattur	127	150	130	134	3,1
Erfðafjárskattur	407	310	390	390	0,0
Einstaklingar alls	**2.080**	**1.950**	**1.910**	**1.914**	**0,2**
Eignarskattur	1.240	1.200	1.272	1.360	6,9
Sérstakur eignarskattur	241	220	263	281	6,8
Fyrirtæki, alls	**1.481**	**1.420**	**1.535**	**1.641**	**6,9**
Samtals	**3.561**	**3.370**	**3.445**	**3.555**	**3,2**

Eignarskattar fyrirtækja. Bætt eiginfjárstaða fyrirtækja í kjölfar batnandi afkomu eykur óhjákvæmilega tekjur ríkissjóðs af þessum gjaldstofni. Þetta sést glöggt í meðfylgjandi töflu, þar sem fram kemur að eignarskattar fyrirtækja hækka nokkuð frá forsendum fjárlaga. Bætt skil eiga hér einnig hlut að máli. Áfram er reiknað með nokkurri hækkun eignarskatta á næsta ári, enda margt sem bendir til þess að afkoma fyrirtækja hafi batnað frekar að undanförnu.

Virðisaukaskattur. Á árinu 1994 námu tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti að frádregnum endurgreiðslum tæplega 41 milljarði króna. Ríflega helming teknanna, eða 23,4 milljarða króna, má rekja til álagningar virðisaukaskatts á innflutning, en innlend starfsemi skilaði rúmlega 20 milljörðum króna. Þá námu endurgreiðslur um 3 milljörðum króna. Þrír fjórðu hlutar teknanna er álagning virðisaukaskatts á neysluútgjöld heimila. Ennfremur greiða heimilin 2 milljarða til viðbótar vegna fjárfestingar í íbúðarhúsnæði. Þá greiða ríki og sveitarfélög tæplega 6 milljarða, en afgangurinn, um 3 milljarðar, er hluti af útgjöldum þeirra aðila, sem selja skattfrjálsa vöru og þjónustu, svo sem fjármálastofnanir, tryggingafélög, einkarekin heilbrigðisþjónusta o.fl.

Virðisaukaskattur er langstærsti tekjustofn ríkissjóðs, en hann skilar meira en þriðju hverri krónu af heildartekjum. Það er því fróðlegt að skoða hvernig skatturinn skiptist eftir vöruflokkum og gjaldendum, sbr. meðfylgjandi töflu.

Skipting virðisaukaskatts eftir vöruflokkum og gjaldendum

	Tekjur 1994 Milljarðar	Hlutfallsleg skipting %
Einkaneysla	**30,0**	**73**
- Matvæli	7,4	18
- Áfengi og tóbak	2,4	6
- Fatnaður	3,7	9
- Bifreiðakaup	2,5	6
- Húsnæði	2,9	7
- Aðrar vörur og þjónusta	11,1	27
Íbúðarhúsnæði að frádregnum endurgreiðslum vegna vinnuþáttar	2,0	5
Samneysla og fjárfesting opinberra aðila	5,7	14
Aðföng og fjárfesting óskattskyldra aðila	3,2	8
Samtals	**40,9**	**100**

Í fjárlögum yfirstandandi árs voru tekjur af virðisaukaskatti áætlaðar 42,2 milljarðar króna. Eins og fram er komið hefur efnahagslífið færst til betri vegar frá því að þau voru samþykkt í lok síðasta árs sem meðal annars birtist í aukinni innheimtu á virðisaukaskatti. Við endurskoðun hefur fyrri áætlun skattsins því verið hækkuð um einn milljarð, eða í 43,2 milljarða króna.

Tekjur af virðisaukaskatti

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Áætlun 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting 1995-96 %
Virðisaukaskattur af innflutningi	23.440	24.700	26.600	28.500	7,1
- af innlendri starfsemi	20.477	20.400	19.700	20.250	2,8
Virðisaukaskattur, alls	43.917	45.100	46.300	48.750	5,3
- Endurgreitt v/ vinnu við íbúðarhúsnæði	-1.037	-1.100	-1.100	-1.150	4,5
- Endurgreitt til opinberra aðila	-1.193	-950	-1.150	-1.200	4,3
- Endurgreitt vegna húshitunar, matvöru	-788	-850	-900	-950	5,6
Virðisaukaskattur - endurgreiðslur	**40.899**	**42.200**	**43.150**	**45.450**	**5,3**

Auknar tekjur af virðisaukaskatti stafa alfarið af auknum vöruinnflutningi, en tekjur af innlendri starfsemi hafa fremur dregist saman. Mest er aukningin í bifreiðaverslun þar sem veltan hefur aukist um fimmtung milli ára. Talið er víst að sá vöruflokkur einn og sér skili ríkissjóði allt að ½ milljarði króna í viðbótartekjur af þessum skattstofni á þessu ári.

Engar breytingar eru fyrirhugaðar á virðisaukaskattskerfinu á næsta ári. Nýjustu spár benda til þess að einkaneysla aukist um 3% milli ára, en sú stærð ræður mestu um tekjur af þessum skattstofni. Þá er reiknað með að almennt verðlag hækki um 2½%. Miðað við þessar forsendur verður innheimta virðisaukaskatts 45,5 milljarðar króna á komandi ári.

Innflutningsgjöld, vörugjöld. Tekjur af innflutnings- og vörugjöldum eru svipaðar á þessu ári og reiknað var með í tekjuáætlun fjárlaga, ef frá er talið vörugjald af bensíni sem hækkar nokkuð. Þar er þó ekki um eiginlegan tekjuauka að ræða heldur breytta færslu á þessum tekjustofni í reikningum ríkisins. Þetta veldur tilfærslu milli ára. Sú breyting skýrir

einnig þá lækkun sem verður á þeim gjaldstofni milli áranna 1995 og 1996. Áætlað er að innflutnings- og vörugjöld skili 9,2 milljörðum króna í ríkissjóð á næsta ári samanborið við tæplega 9 milljarða í ár.

Tekjur af innflutnings- og vörugjöldum

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Áætlun 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting 1995-96 %
Tollar, innflutningsgjöld	1.808	1.929	1.795	1.860	3,6
Vörugjald af bifreiðum	1.926	2.100	2.100	2.205	5,0
Vörugjald af bensíni	1.658	1.650	2.000	1.925	-3,8
Almenn vörugjöld	2.511	2.950	2.950	3.100	5,1
Álgjald	91	90	119	134	12,6
Samtals	**7.994**	**8.719**	**8.964**	**9.224**	**2,9**

Tollar, innflutningsgjöld. Tollar eru sá skattstofn sem tekið hefur einna mestum breytingum á undanförnum árum, í flestum tilvikum vegna skuldbindinga gagnvart öðrum ríkjum. Þannig hefur vægi þessa skattstofns minnkað ár frá ári sem er svipuð þróun og í löndunum kringum okkur. Þrátt fyrir meiri innflutning en miðað var við í forsendum fjárlaga hafa tolltekjur ríkissjóðs ekki aukist í sama mæli ef marka má innheimtuna það sem af er ári. Fljótt á litið stefnir jafnvel í að þessi skattstofn skili 100 m.kr. minni tekjum en búist var við, eða 1.550 m.kr. Ein skýring kann að vera tilfærsla milli markaða, þ.e. frá svæðum utan EES inn á Evrópusvæðið, en vörur fluttar inn frá aðildarríkjum EES bera ekki toll. Í áætlun fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að tollar hækki nokkurn veginn í takt við almennar þjóðhagsforsendur og nemi 1.615 m.kr.

Af öðrum innflutningsgjöldum má nefna kartöflugjald og ýmis verðjöfnunargjöld. Talið er að tekjur af þessum gjöldum verði 245 m.kr. á þessu ári og svipuð fjárhæð á því næsta.

Vörugjald af bifreiðum. Í forsendum fjárlaga fyrir árið 1995 var gert ráð fyrir að fluttir yrðu inn rúmlega 6.800 bílar. Sú spá virðist ætla að ganga eftir og gott betur, en á móti kemur lækkun gjaldsins með tilfærslu milli gjaldflokka sem samþykkt var á Alþingi síðastliðið vor. Það leiðir til þess að tekjur af vörugjaldi bifreiða verða líklega þær sömu og í áætlun fjárlaga þrátt fyrir meiri bílainnflutning.

Gert er ráð fyrir að innflutningur bifreiða aukist enn á næsta ári, eða úr 6.950 bílum í 7.100. Miðað við þær forsendur og að innflutningsverð bifreiða hækki um 3% ætti vörugjaldið að skila liðlega 2,2 milljörðum króna í ríkissjóð á árinu 1996.

Innflutningur bifreiða 1990-1995

Fjöldi	1990	1991	1992	1993	1994	1995[1]
Fólksbifreiðar	6.814	9.402	7.261	5.679	5.571	6.100
Atvinnubifreiðar	2.005	2.498	1.408	773	724	850
Samtals	**8.819**	**11.900**	**8.669**	**6.452**	**6.295**	**6.950**

[1] Áætlun.

Vörugjald af bensíni. Hér er um að ræða 97% gjald sem lagt er á cif-verðmæti innflutnings. Auk þess er innheimt sérstakt vörugjald af hverjum seldum lítra, en það er markaður tekjustofn til vegagerðar. Í fjárlögum 1995 var gert ráð fyrir að tekjur af innflutningsgjaldinu yrðu kringum 1,7 milljarðar, en vegna breyttra skila sem áður var getið verður innheimtan meiri, eða kringum 2 milljarðar króna. Reiknað er með að innflutningur á bensíni aukist um tæplega 1½% árið 1996 og verðbreytingar verði kringum 3%. Samkvæmt því ætti vörugjald af bensíni að skila um 1,9 milljörðum króna á komandi ári.

Almenn vörugjöld. Það sem af er ári hefur innheimta almennra vörugjalda samrýmst tekjuáætlun fjárlaga þegar á heildina er litið. Tekjur af innlendri framleiðslu virðast að vísu heldur minni en til stóð, en vörugjaldstekjur af innflutningi eru heldur meiri.

Á miðju ári skipaði fjármálaráðherra starfshóp til að gera tillögur um breytingar á lögum um vörugjald í ljósi þeirra athugasemda sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert við núverandi skipan. Tillögur hópsins liggja enn ekki fyrir, en honum er ætlað að ganga út frá þeirri forsendu að ríkissjóður verði ekki af tekjum við breytinguna. Á grundvelli þessa er að svo stöddu miðað við að tekjur af vörugjaldi breytist svipað og almennar þjóðhagsforsendur milli áranna 1995 og 1996 og verði rúmlega 3 milljarðar króna árið 1996.

Í meðfylgjandi töflu eru til fróðleiks birtir núverandi gjaldflokkar vörugjalds ásamt vægi einstakra vörutegunda.

Gjaldflokkar vörugjalds

	Gjaldflokkur %	Vægi í tekjum %
1. Kaffi, sultur, hjólbarðar, málning	6	7
2. Snyrtivörur, byggingarvörur	11	26
3. Filmur, bílavarahlutir	16	8
4. Sælgæti, gosdrykkir, kex	18	33½
5. Heimilistæki, ritföng	20	10
6. Vopn, skotfæri	25	½
7. Sykur, sjónvörp, hljómflutningstæki	30	15

Tekjur af sölu áfengis og tóbaks. Í tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 1995 voru skil ÁTVR á hagnaði talin verða kringum 6,9 milljarðar króna. Að baki þeirri áætlun lágu forsendur um að kaup áfengis og tóbaks breyttust líkt og önnur neysla. Sú hefur hins vegar ekki orðið raunin og gildir það jafnt um áfengi og tóbak, þó að samdrátturinn sé meiri í tóbaksneyslu. Því má reikna með að skil ÁTVR verði undir áætlun fjárlaga á yfirstandandi ári.

Hinn 1. september 1995 tóku gildi lög um sérstakt áfengisgjald. Meginbreytingin er að gjaldið verður innheimt strax við innflutning í stað þess að vera hluti af hagnaði ÁTVR eins og verið hefur. Þetta hefur óhjákvæmilega áhrif á skil fyrirtækisins árið 1996 og raunar einnig á þessu ári. Hins vegar er ákvörðun áfengisgjalds miðuð við að þessi skattstofn skili svipuðum tekjum og áður. Á þessum forsendum er miðað við að samanlagðar tekjur af sölu áfengis og tóbaks verði nær óbreyttar frá þessu ári, eða 6,7 milljarðar króna.

Bifreiðagjöld. Á þessu ári verða heildartekjur af bifreiðagjöldum eilítið lægri en reiknað var með í áætlun fjárlaga. Samkvæmt frumvarpinu eiga þessir tekjustofnar að skila 8,8 milljörðum króna á næsta ári.

Tekjur af bifreiðagjöldum

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Áætlun 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting 1995-96 %
Sérstakt vörugjald af bensíni	4.293	4.635	4.485	4.550	1,4
Þungaskattur, km-gjald	1.531	1.575	1.670	-	.
Þungaskattur, árgjald	623	640	705	-	.
Þungaskattur/olíugjald	-	-	-	2.350	.
Markaðar tekjur til vegagerðar	**6.447**	**6.850**	**6.860**	**6.900**	**0,6**
Bifreiðagjald	1.784	1.875	1.825	1.880	4,1
Samtals	**8.231**	**8.725**	**8.685**	**8.780**	**1,3**

Markaðar tekjur til vegagerðar. Allt bendir til þess að innheimta á mörkuðum tekjum til vegagerðar, þ.e. bensíngjaldi og þungaskatti, verði svipaðar á þessu ári og miðað var við í áætlun fjárlaga þrátt fyrir talsvert minni bensínsölu. Skýringin liggur í meiri innheimtu þungaskatts vegna fjölgunar dísilbifreiða, herts eftirlits og sérstaks innheimtuátaks.

Forsendur fyrir áætlun bensíngjalds næsta ár eru þær að salan aukist um tæplega 1½%, en gjaldskrá haldist óbreytt. Samkvæmt því ætti þessi tekjustofn að skila ríkissjóði 4,6 milljörðum króna á árinu 1996.

Um næstu áramót taka gildi lög um olíugjald sem kemur í stað þungaskatts. Hér er um afar viðamikla breytingu að ræða sem skapar verulega óvissu um tekjurnar á komandi ári. Í greinargerð með olíugjaldsfrumvarpinu kemur hins vegar fram að þessu nýja gjaldi sé ætlað að skila sömu tekjum og þungaskatturinn. Hér er því miðað við að tekjur af olíugjaldi að viðbættri innheimtu á eldri gjöldum verði svipaðar og innheimta þungaskatts á þessu ári. Þessar forsendur verða skoðaðar nánar fyrir endanlega afgreiðslu fjárlaga þegar frekari upplýsingar um framvinduna á þessu ári liggja fyrir.

Bifreiðagjald. Tekjur af bifreiðagjaldi virðast ætla að verða heldur minni á þessu ári en búist hafði verið við. Munar þar um 50 m.kr. Ekki er reiknað með hækkun gjaldsins á næsta ári, en gera má ráð fyrir einhverri aukningu vegna innflutnings nýrra bíla og meiri umsvifa í þjóðarbúskapnum. Hér er því gert ráð fyrir að tekjur af bifreiðagjaldi verði 1.880 m.kr. á árinu 1996 samanborið við 1.825 m.kr. í ár.

Aðrir skattar af vöru og þjónustu. Í tekjuáætlun fjárlaga var reiknað með 4,3 milljarða króna tekjum af þessum safnlið. Veigamesti tekjustofn þessa flokks, stimpilgjaldið, hefur hins vegar ekki skilað því sem búist var við og sama gildir raunar um ýmsa aðra stofna. Tekjur af ríkisábyrgðargjaldi eru til að mynda mun lægri sem skýrist af undanþágu LÍN frá þessari gjaldtöku. Aukatekjur ríkissjóðs (dómsmálagjöld, leyfisgjöld o.fl.) eru aftur á móti heldur meiri en miðað var við í forsendum fjárlaga. Þegar allt er lagt saman verða heildartekjur af þessum lið líklega 300 m.kr. undir áætlun.

Aðrir skattar af vöru og þjónustu

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Áætlun 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting 1995-96 %
Skattar af erlendum gjaldeyri	220	117	85	15	-82,4
Þinglýsingar, stimpilgjöld	2.359	2.547	2.310	2.430	5,2
Aukatekjur	954	935	1.000	1.030	3,0
Ríkisábyrgðargjald	363	350	270	270	0,0
Aðrir skattar	380	364	372	390	4,8
Samtals	**4.276**	**4.313**	**4.037**	**4.135**	**2,4**

Um næstu áramót kemur til framkvæmda síðasti áfanginn í niðurfellingu sérstaks skatts af sölu gjaldeyris, en hann átti að falla niður í þremur áföngum. Þess má geta að á árinu 1992 námu tekjur af þessum skattstofni tæplega ½ milljarði króna. Að öðru leyti er ekki að vænta sérstakra breytinga í þessum flokki.

Aðrar tekjur. Þessi tekjuliður nær til þeirra tekna ríkissjóðs sem ekki teljast skatttekjur. Samkvæmt fjárlögum yfirstandandi árs átti þessi tekjuliður að skila 7,6 milljörðum króna sem var nokkur lækkun frá árinu 1994. Það sem af er ári hafa vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs hins vegar verið mun meiri en spáð var sem skýrir að stærstum hluta hækkun vaxtatekna frá forsendum fjárlaga. Þá verða arðgreiðslur ríkisfyrirtækja heldur meiri en reiknað var með.

Aðrar tekjur

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Áætlun 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting 1995-96 %
Vaxtatekjur	4.720	4.600	4.900	5.450	11,2
Arðgreiðslur	2.769	2.570	2.764	2.280	-17,5
Aðrar tekjur	444	450	450	450	.
Samtals	**7.933**	**7.620**	**8.114**	**8.180**	**0,8**

Aftur á móti er útlit fyrir að arðgreiðslur ríkisfyrirtækja verði heldur lægri á næsta ári en í ár. Þetta skýrist alfarið af minni hagnaði Seðlabanka Íslands, sem lækkar arðgreiðslur hans í ríkissjóð um tæplega 400 m.kr. milli ára. Á móti koma auknar vaxtatekjur, meðal annars vegna endurgreiðslu Húsnæðisstofnunar ríkisins á lánum sem tekin voru á árinu 1994 og á þessu ári. Þessi viðbót vaxtatekna bætur upp lægri arðgreiðslur, en gert er ráð fyrir að þessi liður skili ríkissjóði samanlagt 8,2 milljörðum króna árið 1996.

5.3 Tekjuskattur einstaklinga 1988-1996

Inngangur. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir endurskoðun á ýmsum veigamiklum þáttum skattkerfisins, meðal annars með einföldun og lækkun jaðarskatta að leiðarljósi.

Tilefni þessarar endurskoðunar er margþætt, meðal annars þær miklu breytingar sem hafa orðið á tekjuskattskerfinu frá því að staðgreiðslan var tekin upp í ársbyrjun 1988. Skatthlutfallið hefur hækkað úr 35,2% í tæplega 42%. Þá hefur vægi tekjutengdra bóta verið

aukið og þar með hafa jaðaráhrif skattkerfisins orðið enn meiri. Loks hefur verið tekinn upp sérstakur 5% skattur (hátekjuskattur) á tekjur yfir ákveðnum mörkum. Allar þessar breytingar hafa breytt ýmsum grundvallarviðmiðunum í tekjuskattskerfinu og í mörgum tilvikum raskað innbyrðis hlutföllum og markmiðum þess.

Af þessu tilefni er fróðlegt að skoða hvaða breytingar hafa verið gerðar á tekjuskatti einstaklinga frá því að staðgreiðslan var tekin upp í ársbyrjun 1988. Hér þarf þó að hafa tvennt í huga; annars vegar þær breytingar sem gerðar hafa verið á öðrum sköttum, jafnt á sviði fyrirtækjaskatta sem og neysluskatta (aðstöðugjald, virðisaukaskattur o.fl.); hins vegar þær aðstæður sem ríkt hafa í íslenskum þjóðarbúskap á umræddu tímabili.

Breytingar á tekjuskattlagningu einstaklinga. Í ársbyrjun 1988 var tekin upp staðgreiðsla á tekjuskatti einstaklinga. Samhliða var tekjuskattskerfinu umbylt með afnámi margvíslegra frádráttarliða og undanþágna, auk verulegrar einföldunar á álagningarreglum. Með þessum breytingum varð skattkerfið virkara hagstjórnartæki en áður. Síðan hafa hins vegar verið gerðar margvíslegar breytingar á tekjuskattskerfinu. Oftar en ekki hafa þær verið hluti af stærri breytingum, meðal annars í tengslum við gerð kjarasamninga.

Í fyrsta lagi hefur skatthlutfallið breyst, bæði hjá ríki og sveitarfélögum. Á fyrstu tveimur árunum eftir gildistöku staðgreiðslunnar hækkaði skatthlutfallið úr 35,2% í 39,8%. Frá þeim tíma hafa tvívegis orðið breytingar á hlutfallinu. Annars vegar í tengslum við niðurfellingu aðstöðugjalds, en í staðinn fengu sveitarfélög auknar heimildir til að hækka útsvar, um 1,7% að hámarki. Hins vegar varð lítils háttar hækkun, 0,35%, á hlutfalli ríkisins til að mæta hluta af tekjutapi vegna lækkunar virðisaukaskatts á matvælum.

Í öðru lagi hafa orðið ýmsar breytingar á persónuafslætti. Þar vegur þyngst sú breyting sem gerð var í lok árs 1988, þegar ákvörðun persónuafsláttar fyrir fyrri hluta hvers árs var gerð að sjálfstæðri aðgerð en ekki tengd sjálfvirkt við lánskjaravísitöluna eins og verið hafði í upphaflegu lögunum. Önnur mikilvæg breyting er kynnt í þessu fjárlagafrumvarpi, þ.e. afnám sjálfvirkrar tengingar afsláttar- og bótaliða við verðlag.

Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig þessir tveir meginþættir tekjuskattskerfisins hafa verið að breytast á tímabilinu.

Þróun tekjuskatts, útsvars og persónuafsláttar frá 1988

	Staðgreiðslu-hlutfall %	Hlutur tekjuskatts %	Hlutur útsvars %	Persónu-afsláttur krónur	Skattleysis-mörk [1] krónur
1988	35,20	28,50	6,70	15.552	44.182
1989	37,74	30,80	6,94	18.631	49.367
1990	39,79	32,80	6,99	21.482	53.988
1991	39,79	32,80	6,99	23.377	58.750
1992	39,85	32,80	7,05	23.968	60.144
1993	41,34	34,30	7,04	23.761	57.477
1994	41,84	33,15	8,64	23.930	57.193
1995	41,93	33,15	8,78	24.495	59.310
1996	41,93	33,15	8,78	24.544	60.040

[1] Við útreikning á skattleysismörkum er tekið tillit til áhrifa þess að lífeyrisiðgjöld launþega verða skattfrjáls í þremur áföngum frá 1995-1997.

Í þriðja lagi hafa verið gerðar viðamiklar breytingar á aðstoð ríkisins við húsbyggjendur sem tengd er tekjuskattskerfinu. Árin 1988 og 1989 var þessi aðstoð veitt í formi

vaxtaafsláttar, háð skattgreiðslum einstaklinga. Einnig gátu þeir sem voru að kaupa sína fyrstu íbúð sótt um sérstakar húsnæðisbætur, óháð tekjum og eignum, en þær voru greiddar í sex ár. Árið 1990 var tekið upp nýtt kerfi sem enn er við lýði - vaxtabótakerfið - í tengslum við breytingar á hinu opinbera íbúðarlánakerfi með útgáfu húsbréfa. Þessi aðstoð kom í staðinn fyrir vaxtaafslátt og húsnæðisbætur. Meginmarkmið breytinganna var að hætta beinni niðurgreiðslu vaxta, en beina aðstoðinni alfarið gegnum skattkerfið með greiðslum vaxtabóta. Þessar bætur eru tekju-, eigna- og skuldatengdar og misháar eftir hjúskaparstöðu.

Í fjórða lagi hafa reglur um barnabætur og barnabótaauka tekið nokkrum breytingum á þessu tímabili. Meginbreytingin felst í tilfærslu frá barnabótum yfir í barnabótaauka, en þær síðartöldu eru bæði tekju- og eignatengdar. Sem fyrr segir er fyrirhuguð lækkun á skerðingarhlutföllum barnabótaaukans strax á næsta ári til að draga úr jaðaráhrifum hans á afkomu fjölskyldna.

Í fimmta lagi er upptaka sérstaks 5% tekjuskatts (hátekjuskatts) árið 1993 sem átti upphaflega að gilda í tvö ár. Álagning hans hefur síðan verið framlengd jafnhliða því að viðmiðunarmörk tekna voru hækkuð. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir frekari framlengingu þessarar skattlagningar í eitt ár.

Auk þess má nefna ýmsar minni háttar breytingar, meðal annars á frádráttarbærni húsnæðissparnaðarreikninga, skattívilnunum í tengslum við hlutafjárkaup, breytingar á skattfrelsi arðgreiðslna o.fl.

Þróun skattbyrði. Til að glöggva sig betur á því hvaða áhrif framangreindar breytingar á tekjuskattskerfinu hafa haft á ráðstöfunartekjur heimila eru hér á eftir skoðuð nokkur dæmi. Þau sýna hvernig tekjuskattsbyrði fjölskyldna með misháar tekjur hefur breyst á tímabilinu 1988-1995 og þar með ráðstöfunartekjur þeirra. Í dæmunum er miðað við almennar launabreytingar sem eru kringum 40% yfir tímabilið.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu hafa ráðstöfunartekjur tekjuhærri fjölskyldna hækkað mun minna en hinna tekjulægri. Ráðstöfunartekjur fjögurra manna fjölskyldu sem hefur 100 þúsund krónur í mánaðarlaun hafa til dæmis hækkað 2% umfram almennar launabreytingar á sama tíma og ráðstöfunartekjur fjölskyldu með 500 þúsund króna mánaðarlaun hafa hækkað 7½% minna en nemur almennum launabreytingum. Svipuð þróun kemur fram hjá einhleypum. Breytingar á tekjuskatti hafa lækkað ráðstöfunartekjur einhleypra með meðaltekjur - en þeir hafa að jafnaði 100 þúsund krónur í mánaðarlaun - um tæplega 5%, en samsvarandi tala fyrir meðaltekjur fjögurra manna fjölskyldu er lækkun um 4%.

Áhrif breytinga á tekjuskatti á ráðstöfunartekjur fjölskyldna 1988-1995

Mánaðartölur í þúsundum króna	Tekjur undir meðaltali	Meðaltekjur	Tekjur yfir meðaltali
1. Einhleypir:			
Laun	75	100	250
Ráðstöfunartekjur	69	83	170
Áhrif breyttra skattareglna á ráðstöfunartekjur, %	-0,8	-4,7	-7,3
2. Hjón með tvö börn, annað yngra en sjö ára:			
Laun	100	225	500
Barnabætur	21	7	6
Ráðstöfunartekjur	121	189	347
Áhrif breyttra skattareglna á ráðstöfunartekjur, %	2,0	-4,0	-7,5

Rétt er að árétta það sem áður var sagt að á umræddu tímabili hafa orðið ýmsar aðrar breytingar á skattkerfinu, jafnvel í beinum tengslum við breytingar á tekjuskatti einstaklinga. Þar má nefna viðamiklar breytingar á skattlagningu fyrirtækja, upptöku virðisaukaskatts árið 1990 ásamt þeim breytingum sem fylgt hafa í kjölfarið (lækkun VSK á matvælum, breikkun gjaldstofns o.fl.), auk margvíslegra breytinga á innflutnings- og vörugjöldum og bifreiðasköttum. Ljóst er að áhrif þeirra á ráðstöfunartekjur heimilanna eru bæði til hækkunar og lækkunar auk þess að hafa afar mismunandi áhrif á einstaka tekjuhópa.

Jaðaráhrif tekjuskatts. Tekjuskattlagning einstaklinga hér á landi er að mörgu leyti frábrugðin því sem er í löndunum kringum okkur. Skattleysismörk eru óvíða hærri sem skýrist af háum persónuafslætti. Þetta leiðir til þess að aðeins um helmingur framteljenda greiðir tekjuskatt og einungis þriðjungur sé einnig tekið tillit til greiðslu barnabóta og vaxtabóta. Af þessum sökum verður meðalskattbyrði íslenskra heimila tiltölulega lág samanborið við aðrar þjóðir. Hins vegar er jaðarskattur á fjölskyldur með miðlungstekjur með því hæsta sem þekkist. Þessu valda ekki síst ýmsar tekjutengdar bótagreiðslur (barnabótaauki, vaxtabætur). Í vissum tilvikum getur jaðarskattur fjölskyldu orðið um og yfir 70%. Leiða má að því líkur að hár jaðarskattur dragi úr vinnuframlagi og stuðli að skattsvikum.

Helstu kennitölur 1988-1995. Í meðfylgjandi töflu eru til fróðleiks birtar helstu viðmiðunarreglur og fjárhæðir vaxtabóta, barnabóta og sérstaks 5% tekjuskatts.

Viðmiðunarreglur vaxtabóta, barnabóta og hátekjuskatts

	1988	1990	1995
1. Vaxtabætur, húsnæðisbætur, árstölur í þús.kr.:			
Hámarksbætur einhleypra	46[1)]	113	141
Hámarksbætur einstæðra foreldra	46[1)]	148	181
Hámarksbætur hjóna	92[1)]	185	233
Tekjuskerðing, hlutfall af tekjuskattsstofni, %	.	6	6
Neðri eignarmörk einstaklinga	.	2.500	3.093
Efri eignarmörk einstaklinga	.	5.000	4.949
Neðri eignarmörk hjóna	.	4.150	5.127
Efri eignarmörk hjóna	.	8.300	8.203
2. Barnabætur, árstölur í þús.kr.:			
Með fyrsta barni hjóna	19	26	9
Með börnum umfram eitt	28	39	29
Með börnum einstæðra foreldra	56	78	69
Viðbótarbætur með börnum yngri en sjö ára	19	26	30
3. Barnabótaauki, árstölur í þús.kr.:			
Hámarksbætur með börnum hjóna	46	63	93
Hámarksbætur með börnum einstæðra foreldra	46	63	101
Tekjumörk hjóna, þús. kr. á mánuði,	56	77	95
Tekjumörk einstæðra foreldra, þús. kr. á mánuði	37	51	48
Tekjuskerðing með 1. barni, %	7	7	7
" með 2. barni, %	6	6	6
" með 3. barni, %	5	5	5
" með börnum umfram þrjú, %	4	4	4
4. Sérstakur 5% tekjuskattur, þús.kr. á mánuði:			
Viðmiðunarmörk einhleypra	.	.	230
- hjóna	.	.	460

[1)] Fyrir 1990 gátu þeir sem voru að kaupa íbúð í fyrsta sinn sótt um sérstakar húsnæðisbætur, óháð tekjum og eignum.

6 Gjöld

Í þessum kafla er fjallað um áætluð útgjöld A-hluta ríkissjóðs. Fyrst verður fjallað um útgjöldin í heild sinni og hagræna skiptingu þeirra. Gerð er grein fyrir fjölda ársverka hjá stofnunum ríkisins og hverra breytinga er þar að vænta á næsta ári. Því næst er stutt lýsing á þeim nýjungum í ríkisrekstri sem fyrirhugað er að veita brautargengi á næsta ári. Loks er fjallað um fjárveitingar til einstakra ráðuneyta, málefnaflokka og stofnana. Rétt er að geta þess að frumvarpið er á áætluðu meðalverðlagi 1996, en í byrjun kafla 6.3 hér á eftir er gerð grein fyrir verðlagsuppfærslu gjaldategunda milli ára.

6.1 Heildaryfirlit útgjalda

Heildarútgjöld ríkissjóðs árið 1996 eru áætluð 123,8 milljarðar króna. Að teknu tilliti til almennra forsendna um verðþróun jafngildir það um hálfs milljarðs króna hækkun útgjalda frá fjárlögum yfirstandandi árs en um 3 ½ milljarðs króna lækkun frá endurskoðaðri áætlun ársins.

Gjaldahlið frumvarpsins einkennist af þrennu. Í fyrsta lagi er lögð áhersla á að draga úr allri sjálfvirkni í vexti ríkisútgjalda. Samkvæmt frumvarpinu haldast neyslu- og rekstrartilfærslur ríkissjóðs óbreyttar í krónum talið milli ára en hefðu að óbreyttu hækkað um fast að 3 milljörðum króna. Í öðru lagi er beitt aðhaldi í rekstri stofnana ríkisins. Hækkun rekstrarkostnaðar milli ára er að stærstum hluta vegna áhrifa kjarasamninga sem gerðir hafa verið á yfirstandandi ári, en einnig kemur rekstur þeirra stofnana sem hófu rekstur á þessu ári inn að fullum þunga á árinu 1996. Í þriðja lagi er framlag til fjárfestingar lækkað um tæpa tvo milljarða króna frá fjárlögum 1995, eða um 16%. Í ríkari mæli en áður er mörkuðum tekjustofnum til fjárfestingar beint til að standa undir viðhaldi fasteigna og dregið er úr samgönguframkvæmdum.

Þrátt fyrir aðhaldssamt fjárlagafrumvarp eru nokkrir gjaldaliðir sem hækka. Þannig eykst kennsla í grunnskólum, vistrýmum fyrir aldraða fjölgar og úrræðum fyrir fatlaða. Einnig má nefna meiri vaxtabyrði ríkissjóðs sem fer vaxandi meðan skuldir hækka.

Horfur 1995. Áætluð útgjöld samkvæmt fjárlögum 1995, sem Alþingi samþykkti í desember sl., námu 119,5 milljörðum króna. Frá þeim tíma hafa ýmsar forsendur breyst. Í fyrsta lagi má nefna gerð kjarasamninga á almennum markaði og við opinbera starfsmenn. Talið er að samningarnir leiði á þessu ári til um 1,2 milljarða króna útgjalda fyrir ríkissjóð umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlögum 1995. Frá þeirri fjárhæð dragast 3-400 m.kr. kostnaðarlækkun vegna verkfalls kennara sl. vetur. Í öðru lagi gaf ríkisstjórnin yfirlýsingu í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum markaði að svokallaðar eingreiðslur vegna almanna- og atvinnuleysistrygginga yrðu greiddar í samræmi við ákvæði um launabætur í kjarasamningum. Þessar eingreiðslur ásamt hækkun bóta til samræmis við launahækkanir auka útgjöld ríkissjóðs á árinu 1995 um 1,1 milljarð króna frá fjárlögum. Í þriðja lagi eru útgjöld til viðhalds og fjárfestingar áætluð um 600 m.kr. umfram fjárlög. Sú fjárhæð skiptist jafnt milli kostnaðar við snjómokstur Vegagerðar og útgjalda Byggðastofnunar vegna aðstoðar við fyrirtæki á Vestfjörðum sem samþykkt var á árinu 1994 en kom til greiðslu í ár. Í fjórða lagi má nefna ýmis áform í fjárlögum 1995 sem ekki náðust fram, samtals að fjárhæð um 700 m.kr., einkum í heilbrigðismálum. Loks eru ýmis mál, auknar vaxtagreiðslur ríkis-

sjóðs, ákvarðanir um ný útgjöld o.fl. samtals að fjárhæð um 500 m.kr. Að öllu samanlögðu er áætlað að útgjöld ríkissjóðs árið 1995 nemi um 123,3 milljörðum króna, eða um 3,8 milljörðum umfram fjárlög.

	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Áætlun 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting frá áætlun %
1. Rekstrarkostnaður	**45.375**	**45.794**	**47.050**	**49.772**	**5,8**
Laun	36.220	36.534	37.700	40.866	8,4
Önnur gjöld	15.980	16.090	16.200	16.254	0,3
Sértekjur	-6.825	-6.830	-6.850	-7.348	7,3
2. Tryggingagreiðslur o.fl.	**45.120**	**46.427**	**48.000**	**47.890**	**-0,2**
Lífeyristryggingar	16.356	16.200	17.160	17.225	0,4
Sjúkratryggingar	10.114	10.080	10.600	10.460	-1,3
Slysatryggingar	534	540	540	500	-7,4
Atvinnuleysistryggingasjóður	2.821	3.344	3.530	3.440	-2,6
Uppbætur á lífeyri	792	870	770	870	13,0
Lífeyrissjóður bænda	309	308	322	313	-2,8
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	5.121	5.154	5.154	4.947	-4,0
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	300	250	250	200	-20,0
Ábyrgðasjóður launa	240	400	340	200	-41,2
Húsaleigubætur	-	320	120	200	66,7
Niðurgreiðslur á rafhitun	401	397	447	447	0,0
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.497	1.480	1.430	1.380	-3,5
Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga	1.922	2.018	2.037	2.219	8,9
Annað	4.713	5.066	5.300	5.489	3,6
3. Vaxtagreiðslur	**10.704**	**12.300**	**12.630**	**13.050**	**3,3**
4. Viðhald	**3.412**	**3.406**	**3.706**	**3.343**	**-9,8**
Vegagerð ríkisins	2.543	2.600	2.900	2.600	-10,3
Annað	869	806	806	743	-7,8
5. Fjárfesting	**12.375**	**11.601**	**11.931**	**9.714**	**-18,6**
Vegagerð ríkisins	4.522	4.573	4.573	4.078	-10,8
Flugvellir	393	323	353	203	-42,5
Endurbætur menningarbygginga	745	458	300	452	50,7
Framhaldsskólar	510	565	450	573	27,3
Heilbrigðisstofnanir	566	721	721	482	-33,1
Framkvæmdasjóður fatlaðra	196	330	400	257	-35,8
Hafnamál	942	747	747	655	-12,3
Byggðastofnun	252	250	550	210	-61,8
Byggingarsjóðir	918	608	608	400	-34,2
Framkvæmdasjóður aldraðra	229	229	229	160	-30,1
Annað	3.102	2.797	3.000	2.244	-25,2
Samtals	**116.986**	**119.528**	**123.317**	**123.769**	**0,4**

Frumvarp 1996. Fjármálaráðherra lagði fram í ríkisstjórn í maí 1995 yfirlit yfir mat ráðuneyta á útgjaldahorfum fyrir árið 1996 og mat fjármálaráðuneytis á tekjuhorfum ríkissjóðs að óbreyttum skattalögum. Í lok maí féllst ríkisstjórnin á meginmarkmið við fjárlagagerðina og ákvað að stefna að um 4 milljarða króna halla ríkissjóðs á árinu 1996 og að ná jafnvægi í ríkisfjármálum á árinu 1997. Nefnd fjögurra ráðherra, forsætis-, fjármála-, utanríkis- og landbúnaðarráðherra, útfærði síðan nánar áherslur við fjárlagagerð.

Í lok júní voru markmiðin áréttuð í ríkisstjórn og jafnframt samþykkt að vinna útgjaldahlið fjárlaga á grundvelli tillögu ráðherranefndarinnar um viðmiðunarramma fyrir hvert

ráðuneyti eftir tegundum gjalda. Þannig var einn rammi fyrir rekstrargjöld stofnana ríkisins, annar fyrir rekstrartilfærslur og sá þriðji fyrir framlög til viðhalds og stofnkostnaðar. Áhersla var lögð á að lækka tilfærsluútgjöld ríkissjóðs og framlög til fjárfestingar milli áranna 1995 og 1996 og sporna við hækkun á rekstrarkostnaði stofnana ríkisins.

Um miðjan ágúst skiluðu ráðuneytin til ráðherranefndarinnar nánari útfærslu á framlögum til einstakra stofnana og verkefna innan hvers útgjaldaramma. Ráðherranefndin gerði tillögur til ríkisstjórnarinnar um útgjaldahlið fjárlagafrumvarpsins sem ríkisstjórnin afgreiddi hinn 8. september eftir að hafa fengið umboð til þess í stjórnarþingflokkunum. Jafnframt var ákveðið að hefja nú þegar starf sem miðar að því að lækka rekstrarútgjöldin um 6% á árinu 1997, eða 3 milljarða króna, til að treysta markmiðið um jöfnuð milli tekna og gjalda í fjárlögum ársins 1997. Í því sambandi hefur sérstök nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar skilað fjármálaráðherra tillögum um skipulagsbreytingar og sparnað í ríkisrekstri á næstu árum.

Rekstrarkostnaður A-hluta ríkissjóðs, þ.e. laun og önnur rekstrargjöld að frádregnum sértekjum, er áætlaður 49,8 milljarðar króna og hækkar um 5,8% milli ára. Sé tekið mið af fjárlögum 1995 er hækkunin 8,7%.



Almennt er gerð krafa til ráðuneyta um 1 ½ % hagræðingu í rekstri til að mæta auknum umsvifum í rekstri ríkisins. Þannig fjölgar kennslustundum á grunnskólastigi nú í haust og rekstur nýrra stofnana á við Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn, Sendiráðið í Kína o.fl. kemur inn að fullu. Þá hefur hjúkrunarrýmum fyrir aldraða og stofnunum fatlaðra fjölgað á síðustu árum og mun auka enn á útgjöld ríkissjóðs á næsta ári. Ekki er gert ráð fyrir starfsemi nýrra stofnana á árinu 1996, ef frá eru talin sambýli fyrir fatlaða.

Launagjöld, áhrif kjarasamninga og starfsmannafjöldi. Heildarlaunagjöld eru áætluð 40,9 milljarðar króna á næsta ári og hækka um 8,4% milli ára. Hækkunin er af þrennum toga. Um 5 prósentur eru vegna áhrifa kjarasamninga, um 2 prósentur stafa af auknum umsvifum og það sem eftir stendur má rekja til ýmissa þátta, m.a. til þess að launagjöld nokkurra hjúkrunarstofnana eru nú hluti rekstrarkostnaðar en voru áður færð sem tilfærslugjöld.

Ríkið hefur nú gert kjarasamninga við flest félög opinberra starfsmanna. Þessir samningar, sem gilda allir út árið 1996, eru yfirleitt á svipuðum nótum og samningar á almenna markaðnum. Samkvæmt samningum sem gerðir hafa verið við félög innan BSRB og BHM er gert ráð fyrir um 8,5% hækkun að meðaltali á samningstímabilinu. Hækkunin er að jafnaði hærri hjá félögum innan BSRB en hjá félögum innan BHM. Samningar við grunnskóla- og framhaldsskólakennara og ýmis félög innan ASÍ hafa nokkra sérstöðu. Í

samningum við kennara var auk almennrar launahækkunar samið um breytingar á kennsluskyldu, starfsaldursákvæðum o.fl. Laun kennara hækka alls um tæp 20% á samningstímanum, en þar fyrir utan er gert ráð fyrir um 5% fjölgun grunnskólakennara vegna fjölgunar vikulegra kennslustunda. Samningar ríkisins við félög innan ASÍ hækka laun félagsmanna þeirra um tæp 15% að meðaltali, en þeir eru að mestu í samræmi við þá samninga sem gerðir hafa verið á almennum markaði. Þegar þeir kjarasamningar sem ríkið hefur gert á árinu 1995 eru að fullu komnir til framkvæmda munu þeir leiða til rúmlega 11% hækkunar launagreiðslna ríkissjóðs að öðru óbreyttu.

Af launagreiðslum ríkissjóðs fara ríflega 31,2 milljarðar króna í gegnum starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, eða um 76 ½ %. Afgangurinn, um 9,6 milljarðar króna, eru greiddar beint af stofnunum. Þar munar langmest um launagreiðslur sjúkrahúsa, eða 8,1 milljarða króna, en einungis laun ríkisspítala eru greidd af starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins.

Í töflu hér á eftir er sýndur reiknaður fjöldi ársverka samkvæmt launagreiðslum starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis. Fyrstu þrír dálkar töflunnar sýna fjölda ársverka eftir ráðuneytum og eru þau reiknuð eftir samræmdum reiknistuðlum sem fjármálaráðuneyti, ríkisbókhald og ríkisendurskoðun hafa komið sér saman um. Í fjórða dálki eru sýndar breytingar milli áranna 1993 og 1994 og í fimmta dálki eru tilgreindar breytingar milli fyrstu sex mánaða áranna 1994 og 1995. Tölur fyrir fyrstu sex mánuði ársins 1995 verður að taka með varúð þar sem niðurstaðan getur orðið önnur á heilu ári. Breytingar á vinnumagni milli ára 1995 og 1996 eru áætlaðar með því að styðjast við heildarlaunatölur fjárlaga 1995 og fjárlagafrumvarps 1996, áður en launabætur vegna kjarasamninga eru settar inn. Þá hafa tölurnar verið samræmdar í þeim tilvikum að stofnanir hafa flust milli ráðuneyta.

Launaútgjöld metin í fjölda ársverka

Ráðuneyti	Ársverk 1992	Ársverk 1993	Ársverk 1994	Breyting '93-'94 %	Breyting '94-'95 %	Áætluð breyting '95-'96 %
Æðsta stjórn ríkisins	291	294	301	2,4	1,9	-1,6
Forsætisráðuneyti	65	61	65	6,9	-4,0	-2,0
Menntamálaráðuneyti	7.620	7.466	7.560	1,3	-7,0	4,3
Utanríkisráðuneyti	243	239	235	-1,8	-1,0	6,3
Landbúnaðarráðuneyti	503	504	512	1,4	1,0	1,2
Sjávarútvegsráðuneyti	460	480	455	-5,3	-0,9	-0,2
Dómsmálaráðuneyti	2.210	2.204	2.215	0,5	-0,1	-0,2
Félagsmálaráðuneyti	1.069	1.142	1.226	7,3	7,6	4,8
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	4.155	4.169	4.199	0,7	0,6	0,1
Fjármálaráðuneyti	720	735	756	2,8	2,1	5,8
Samgönguráðuneyti	1.112	1.113	1.063	-4,5	3,1	-0,1
Iðnaðarráðuneyti	358	347	338	-2,5	-0,7	2,4
Viðskiptaráðuneyti	69	71	70	-2,0	-6,9	1,8
Hagstofa Íslands	65	67	70	3,3	10,3	4,4
Umhverfisráðuneyti	265	279	291	4,4	4,2	6,2
Samtals	**19.202**	**19.172**	**19.355**	**1,0**	**-2,0**	**2,0**

Fækkun ársverka í menntamálaráðuneyti á fyrri hluta árs 1995 er vegna verkfalls kennara sl. vetur. Ársverkum annarra ráðuneyta fjölgar um 1,4% á fyrri hluta árs 1995 miðað við sama tímabil árið áður.

Áætlun um breytingar á ársverkum milli áranna 1995 og 1996 verður að taka sem nálgun, en tölurnar gefa engu að síður nokkuð góða mynd af breytingum samkvæmt frumvarpinu frá því sem áformað var í fjárlögum 1995. Af töflunni má ráða að ársverkum ríkisstarfsmanna fjölgar um 2% frá fjárlögum 1995. Fjölgun ársverka í menntamálaráðuneyti er að stærstum hluta vegna fjölgunar vikulegra kennslustunda í grunnskólum og lækkun á kennsluskyldu kennara. Ársverkum fjölgar áfram umtalsvert í umhverfisráðuneyti og félagsmálaráðuneyti og Hagstofu Íslands. Þá er einnig nokkur fjölgun ársverka í utanríkisráðuneyti, einkum vegna aukinna umsvifa sendiráða, og í fjármálaráðuneyti, m.a. vegna aukinnar áherslu á skatteftirlit og skattrannsóknir. Breytingar á ársverkum annarra ráðuneyta er óveruleg, ýmist til lækkunar eða hækkunar.

Nánar er fjallað um þróun ársverka í heildarumfjöllun um viðkomandi ráðuneyti þar sem þess gerist þörf.

Önnur rekstrargjöld ráðuneyta og stofnana nema 16,3 milljörðum króna og dragast saman um 2 ½ % að raungildi milli ára. Sú lækkun skýrist af því að stofnunum er ætlað að hagræða í rekstri sem svarar til áætlaðra verðbreytinga annarra gjalda milli áranna 1995 og 1996. Sértekjur stofnana ríkisins eru áætlaðar 7,3 milljarðar króna og hækka um rúm 7% milli ára. Sértekjur margra stofnana er í formi útseldrar vinnu sem fylgir hækkun launa. Ýmsum stofnunum ríkisins, einkum eftirlitsstofnunum, er ætlað að mæta rekstrarkostnaði sínum að fullu með sértekjum og skýrir það einnig hækkun sértekna milli ára.

Tryggingabætur, niðurgreiðslur og önnur framlög, þ.e. svonefndar rekstrartilfærslur, nema 47,9 milljörðum króna samanborið við 46,4 milljarða króna í fjárlögum 1995 og 48,0 milljarða króna samkvæmt endurskoðaðri útgjaldaáætlun ársins.

Á undanförnum árum hafa rekstrartilfærslur verið um 40% heildarútgjaldanna. Um 66% þeirra renna til almanna- og atvinnuleysistrygginga og til landbúnaðarins fara 12%. Árið 1991 var hlutur almannatrygginga af rekstrartilfærslum 58% og landbúnaðar 20%.



Greiðslur vegna bóta almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga eru áætlaðar 31,6 milljarðar króna á næsta ári samanborið við 31,8 milljarða króna á yfirstandandi ári. Markmiðið er að koma í veg fyrir að bótagreiðslur aukist milli ára, en að óbreyttu má ætla að útgjöld almannatrygginga aukist um 1 ½ milljarð króna árlega. Í fjárlögum 1994 voru ætlaðar til þessa þáttar 30,2 milljarðar króna, en áhrif kjarasamninga og ákvarðanir ríkisstjórnarinnar um eingreiðslur juku útgjöldin, auk þess sem nokkuð vantaði á að sparnaðaráform fjárlaga næðu fram að ganga.

Greiðslur til landbúnaðar nema 5,7 milljörðum króna sem er um 200 m.kr. lægri fjárhæð og greidd verður á yfirstandandi ári. Þá lækkar framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna og nemur 1,4 milljörðum króna þrátt fyrir lítils háttar fjölgun lánþega. Reynslan af nýjum

lögum um sjóðinn bendir til þess að lækka megi greiðsluhlutfall ríkissjóðs vegna námsaðstoðar frá því sem verið hefur án þess að raska fjárhagsstöðu sjóðsins.

Lög um húsaleigubætur tóku gildi í upphafi árs 1995. Bótagreiðslur hafa orðið allnokkru lægri en gert var ráð fyrir í upphafi, m.a. vegna þess að mörg sveitarfélög tóku ekki þátt í bótakerfinu. Framlag ríkisins til húsaleigubóta verður 200 m.kr. á árinu 1996 en farið verður í viðræður við sveitarfélög um framtíð kerfisins með það að markmiði að ríkissjóður hætti þátttöku í kostnaði.

Útgjöld Ábyrgðasjóðs launa hafa farið lækkandi allt frá stofnun sjóðsins. Sjóðurinn er fjármagnaður með ábyrgðargjaldi sem atvinnurekendur greiða. Ástæða er talin til að lækka þetta gjald úr 0,16% af tryggingagjaldsstofni niður í 0,08%. Framlag til sjóðsins lækkar samsvarandi og verður 200 m.kr.

Vaxtagreiðslur af lánum ríkissjóðs eru áætlaðar rúmlega 13 milljarðar króna og hækka um 400 m.kr. frá árinu 1995. Hækkunin stafar fyrst og fremst af auknum vaxtagreiðslum vegna innlausnar á eldri spariskírteinum. Þá má ætla að vaxtagreiðslur af innlendum skammtímalánum aukist milli ára, m.a. vegna fjölbreyttari útgáfu skammtímabréfa. Á móti vegur að vaxtagreiðslur vegna erlendra lána eru talin lækka nokkuð einkum vegna minni halla á ríkissjóði. Vaxtaútgjöldin, sem nema 10,5% af ríkisútgjöldum, eru mjög sveiflukennd og háð gengi, vaxtastigi á innlendum og erlendum lánamörkuðum og innlausn spariskírteina. Þá ráðast vaxtaútgjöld einnig að nokkru af því hvort ríkissjóður mætir nauðsynlegri fjárþörf með skammtímalánum, svo sem ríkisvíxlum, eða verðbréfum til lengri tíma.

Viðhald. Til viðhalds á vegum og byggingum ríkisins er varið 3,3 milljörðum króna í fjárlagafrumvarpi 1996 sem er aðeins lægri fjárhæð en í fjárlögum 1995. Til viðbótar þessari fjárhæð eru verulegar fjárhæðir ætlaðar til endurbóta á húsnæði í eigu ríkisins og eru hluti af framlagi til fjárfestingar. Á undanförnum árum hefur nauðsynlegu viðhaldi á húseignum ríkisins í vaxandi mæli verið mætt með innheimtu leigugjalda. Við fjárlagagerðina var lögð áhersla á að aðgerðir til lækkunar útgjalda beindust sem minnst að viðhaldskostnaði.

Fjárfesting er áætluð 9,7 milljarðar króna á árinu 1996 og lækkar um 1,9 milljarða króna milli ára. Í samanburði við fjárlög 1995 er lækkunin 1,6 milljarðar króna. Framlög til samgöngumannvirkja lækka um rúmlega 700 m.kr. Þar af lækkar framlag til vegaframkvæmda um 500 m.kr., en helmingur þeirrar lækkunar tengist sérstöku átaki í vegamálum sem hófst í ársbyrjun 1995. Framlag til heilbrigðisstofnana lækkar um 250 m.kr. og framlag til framkvæmdasjóða aldraðra og fatlaðra lækkar um rúmlega 200 m.kr. Með þessu er verið að styrkja þann rekstur sem fyrir er og þjónustar sjúka og fatlaða. Fleiri nýbyggingar kalla síðar á meira rekstrarfé sem nú þegar er af skornum skammti. Framlag til Byggingarsjóðs verkamanna lækkar um rúmar 200 m.kr. Eftirspurn eftir félagslegu húsnæði hefur farið lækkandi á undanförnum árum. Í vaxandi mæli hafa eigendur íbúða í félagslega kerfinu lent í erfiðleikum vegna mikillar greiðslubyrði og víða um land hefur verðlag á notuðu íbúðarhúsnæði lækkað verulega vegna mikils framboðs. Þá lækka framlög til fjárfestingar um 240 m.kr. þar sem kaup á nýrri þyrlu hafa farið fram.

Framkvæmdum er haldið áfram við framhaldsskóla víða um land, Hæstaréttarhús, fangelsisbyggingu á Litla-Hrauni og fleiri byggingar. Hins vegar eru áform um að hefja framkvæmdir við nýjar byggingar lítil sem engin. Loks verður haldið áfram endurbótum gamalla bygginga í eigu ríkisins sem hafa menningarsögulegt gildi.

6.2 Nýskipan í ríkisrekstri

Í fjármálaráðuneytinu hefur um nokkurt skeið verið unnið að mótun heildstæðrar stefnu um þróun ríkisrekstrarins. Kjarni þessarar stefnu er að dreifa valdi og skilja ábyrgð á rekstri frá pólitískri stefnumörkun. Stefnt er að því að auka ábyrgð stjórnenda og starfsmanna og flytja ákvarðanir um rekstur sem næst vettvangi og tryggja þannig hagkvæma og góða þjónustu. Einkavæðing ríkisstofnana og aukin útboð vegna kaupa á vörum og þjónustu eru dæmi um þetta. Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim skrefum sem ætlað er að stíga á næsta ári.

Minni sjálfvirkni í vexti útgjalda. Greiðsluþátttaka ríkissjóðs í margvíslegri starfsemi er lögbundin án takmörkunar við heildarfjárhæðir. Í því sambandi má nefna þátttöku í greiðslum almannatrygginga. Að undanförnu hafa verið stigin mikilvæg skref í að takmarka greiðsluskyldu ríkissjóðs með því að auka ábyrgð þess sem tekur ákvörðun um útgjöldin. Með lögum nr. 53/1993 var Ábyrgðasjóður launa falin samtökum atvinnurekenda og launafólks til umsjónar. Sjóðurinn er fjármagnaður með ákveðnu hlutfalli af tryggingagjaldsstofni sem atvinnureksturinn greiðir. Gjaldið tekur mið af útgreiðslum hverju sinni og það er fjárhagslegur ávinningur stjórnenda sjóðsins að útgjöld hans séu sem minnst. Fyrirhugað er að breyta fjármögnun Atvinnuleysistryggingasjóðs í svipaða veru og fela samtökum atvinnulífsins fulla ábyrgð með rekstri hans. Þannig eru áform um að afmarka hluta tryggingagjalds til sjóðsins sem breyttist í samræmi við útgreiddar bætur á ári hverju. Tryggingastofnun ríkisins hefur nýverið gert samning við sérfræðilækna sem afmarkar kaup stofnunarinnar á sérfræðiþjónustu þeirra. Jafnframt er hluti eftirlits með þjónustunni færður til læknanna. Stefnt er að því að gera samninga af þessu tagi um fleiri þætti heilbrigðisþjónustunnar.

Mat á árangri ríkisstofnana. Á undanförnum árum hefur markvisst verið unnið að því að draga úr rekstrarkostnaði ríkisstofnana. Samtímis hefur verið dregið úr miðstýringu ráðuneyta á rekstri þeirra og forstöðumönnum ætlað að axla ábyrgð á fjármálastjórninni. Í þessu sambandi má nefna gerð rammafjárlaga, yfirfærslu ónýttra fjárheimilda milli ára og aukið svigrúm í starfsmannamálum. Nýlega hefur fjármálaráðherra skipað nefnd sem hefur það hlutverk að veita þeim ríkisstofnunum viðurkenningu sem hafa skarað fram úr í þjónustu, hagræðingu í rekstri eða með hugvitsamlegum nýjungum.

Auknu frelsi handa stjórnendum fylgir krafa um aukna ábyrgð. Sú ábyrgð felst ekki síst í að greina frá hvernig fjárveitingum til stofnana er ráðstafað. Í reynd er ríkissjóður að „kaupa" ákveðna þjónustu af stofnunum gegn fjárveitingu til þeirra. Því er mikilvægt að á sama tíma liggi fyrir vitneskja um árangurinn og hvort hann sé í samræmi við það sem til var ætlast. Á sama hátt er mikilvægt fyrir „seljanda" þjónustunnar að vita hvaða kröfur „kaupandinn" gerir og fái mælikvarða á árangur sinn.

Fjármálaráðuneytið, að höfðu samráði við önnur ráðuneyti, hefur við fjárlagagerð ársins 1996 hrint af stað tilraunaverkefni sem kynnt hefur verið undir heitinu *verkefnavísar*. Verkefnavísar eru víða þekktir erlendis og hafa verið teknir upp í kjölfar rammafjárlaga. Lögð er áhersla á að afla með markvissum en einföldum hætti upplýsinga um þá þjónustu sem stofnanir ríkisins veita. Þessar upplýsingar eru ætlaðar Alþingi, ríkisstjórn, ráðuneytum og almenning og eru þríþættar. Í fyrsta lagi þarf að skilgreina þau verkefni sem hver stofnun sinnir. Í öðru lagi þarf að skipta heildarrekstrarkostnaði stofnunar á einstök verkefni. Í þriðja lagi þarf að smíða þjónustuvísa fyrir hvert verkefni, en það eru tölulegir magnmælikvarðar sem eiga að lýsa hverju verkefni.

Einungis hluti stofnana ríkisins hafa veitt þessar upplýsingar. Gert er ráð fyrir að verkefnavísar þeirra stofnana sem hefur verið skilað til fjármálaráðuneytisins verði gefnir út og þess vænst að þeir geti á næstu árum auðveldað ákvarðanir og forgangsröðun verkefna við gerð fjárlaga.

Samningsstjórnun er eitt form á samskiptum ráðuneyta og stofnana sem hefur það að markmiði að efla þjónustu ríkisstofnana og auka hagkvæmni í rekstri þeirra. Nýjungin felst einkum í tvennu: Annars vegar fær stofnun aukið sjálfræði til ákvarðana um tilhögun rekstrarins og með hvaða hætti hún nær tilskildum árangri. Hins vegar er gerður formlegur þjónustusamningur milli stofnunar og ráðuneytis þar sem skilgreint er það starf sem stofnunin skuldbindur sig til að inna af hendi og endurgjald ráðuneytis. Þannig er í samningnum kveðið á um hvaða þjónustu stofnunin skuldbindur sig til að „selja" og hvað stjórnvöld skuldbinda sig til að „kaupa".

Samningurinn skýrir tilhögun samskipta aðila en breytir hvorki ábyrgð ráðherra á rekstri stofnunar gagnvart Alþingi né hefur áhrif á þær stjórnsýsluskyldur sem stofnunin hefur lögum samkvæmt. Þá lýtur hún áfram kjarasamningum sem fjármálaráðherra gerir fyrir hönd ríkisins.

Í tilraunaskyni hafa verið gerðir slíkir samningar við fimm stofnanir, en þær eru: Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Vita- og hafnamálastofnun, Geislavarnir ríkisins, Bændaskólinn á Hólum og Kvennaskólinn í Reykjavík.

Samningar um rekstur við einkaaðila. Um alllangt skeið hafa einkaaðilar annast ýmiss konar þjónustu sem ríkissjóður lögum samkvæmt ber faglega og fjárhagslega ábyrgð á. Sem dæmi má nefna rekstur skóla á grunn- og framhaldsskólastigi, þjónustustörf í landbúnaði, rekstur hjúkrunarheimila, endurhæfingar- og afvötnunarstöðva og rekstur stofnana fyrir fatlaða.

Í fæstum tilvikum hefur verið gengið frá formlegum samningi milli ríkis og viðkomandi rekstraraðila um fjárframlög og þjónustustig. Þess í stað hafa einfaldar viðmiðanir verið látnar nægja, svo sem áætlaður fjöldi vistmanna, og fjárveitingar hafa tekið mið af rekstrarkostnaði áranna á undan. Þetta hefur orðið til þess að skilin eru stundum óljós milli þess sem ríkinu ber að greiða og þess sem rekstraraðilinn er ábyrgur fyrir. Þá er í mörgum tilvikum óskýrt hvort starfsmenn viðkomandi stofnunar séu ríkisstarfsmenn, þar sem starfskjör þeirra hafa með tímanum orðið hin sömu og ríkisstarfsmanna. Fjármálaráðuneytið mun í samvinnu við viðkomandi ráðuneyti vinna að því að gerðir verði formlegir samningar við þessa aðila.

6.3 Ráðuneyti, málefnaflokkar og einstakar stofnanir

Í þessum hluta greinargerðarinnar eru skýrðar helstu breytingar á útgjöldum til einstakra ráðuneyta, málefnaflokka og stofnana. Í umfjölluninni er áhersla lögð á skýringar er taka til heilla málaflokka, en minna lagt upp úr frásögn af breytingum á rekstrar- og framkvæmdaliðum einstakra stofnana. Með þessu er ætlað að auðvelda yfirsýn um framlög til veigamikilla útgjaldaflokka og er það í anda þeirra vinnubragða sem viðhöfð voru við undirbúning frumvarpsins.

Rétt er að taka fram að þegar vitnað er til fjárlaga 1995 í þessu frumvarpi er átt við fjárlög eins og þau voru afgreidd frá Alþingi í árslok 1994. Í umfjöllun hér á eftir er þar af leiðandi ekki tekið tillit, nema í fáum tilvikum, til þeirra útgjaldabreytinga sem fram munu koma í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1995 sem lagt verður fyrir Alþingi nú í byrjun þings.

Frumvarpið er sett fram á áætluðu meðalverðlagi ársins 1996. Launagjöld einstakra stofnana í frumvarpinu eru miðuð við það launastig sem verður á árinu 1996 að teknu tilliti til kjarasamninga og kjaraúrskurða sem gerðir hafa verið á árinu 1995. Nánar er gerð grein fyrir útreikningi launabóta í umfjöllun um fjárlagalið *09-989 Launa- og verðlagsmál* í fjármálaráðuneytinu síðar í greinargerðinni. Sértekjur hafa verið hækkaðar upp í þeim tilvikum þar sem þær ráðast af töxtum á útseldri vinnu eða þeim er ætlað að standa undir útgjöldum af tiltekinni starfsemi. Önnur gjöld eru ekki hækkuð upp til verðlags. Þess í stað var ákveðið að stofnanir hagræði í rekstri sem því nemur. Rekstrartilfærslur eru einungis hækkaðar í þeim tilvikum sem það var óhjákvæmilegt vegna tengingar við laun eða gengi. Viðhald og fjárfestingarframlög hækka ekki.

Eins og í fjárlögum og frumvarpi til fjárlaga er fjallað um allar reikningstölur 1994 á greiðslugrunni.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Útgjöld æðstu stjórnar ríkisins breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Embætti forseta Íslands	57,9	48,2	51,0	6	-12
Alþingi og stofnanir þess	878,5	1.030,4	1.057,1	3	20
Ríkisstjórn	57,8	68,6	70,5	3	22
Annað	188,2	129,5	98,5	-24	-48
Samtals	**1.182,4**	**1.276,7**	**1.277,1**	**0**	**8**
Rekstrarkostnaður	988,5	1.009,6	1.049,1	4	6
Neyslu- og rekstrartilfærslur	51,6	142,0	142,0	0	175
Stofnkostnaður og viðhald	142,3	125,1	86,0	-31	-40
Samtals	**1.182,4**	**1.276,7**	**1.277,1**	**0**	**8**

Heildarframlag til æðstu stjórnar ríkisins nemur 1.277 m.kr. og er nær óbreytt frá fjárlögum yfirstandandi árs. Framlag til rekstrar hækkar um 4% en framlag til stofnkostnaðar og viðhalds lækkar um nær þriðjung sem felst í minni fjárveitingum til uppbyggingar Bessastaða. Við gerð fjárlagafrumvarps var gerð sú krafa til allra ráðuneyta að lækka útgjöld til rekstrar um 2% milli ára. Sú krafa nær einnig til æðstu stofnana ríkisins og hafa framlög til rekstrar verið lækkuð sem því nemur.

Embætti forseta Íslands

Heildarfjárveiting til embættis forseta Íslands nemur 51 m.kr. og hækkar um 6%. Er hér eingöngu um launahækkanir að ræða og hækka aðrar fjárveitingar ekki.

Alþingi og stofnanir þess

Eftirtaldir fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Alþingi; 211 Lýðveldissjóður; 610 Umboðsmaður Alþingis og 620 Ríkisendurskoðun. Heildarfjárveiting nemur 1.057,1 m.kr. og hækkar um 3% frá fjárlögum 1995.

210 Alþingi. Fjárveiting til Alþingis nemur 768,1 m.kr. og hækkar um 2,8% milli ára. Í fjár-

lögum 1995 hafði fjárveiting til Alþingis að geyma 15,1 m.kr. til að standa undir biðlaunum til fráfarandi alþingismanna að loknum kosningum. Ennfremur voru veittar 27 m.kr. til að kosta þing Norðurlandaráðs á þessu ári. Að teknu tilliti til þess að báðar fjárveitingar falla niður 1996 hækkar framlag til Alþingis um 9%. Er hér aðallega um hækkun á launum alþingismanna og starfskostnaði þeirra að ræða, en fjárveiting til þeirra er á viðfangsefninu *101 Alþingiskostnaður*. Aðrar fjárveitingar til Alþingis haldast nær óbreyttar. Fjárveiting til rekstrar Alþingis er lækkuð um 5 m.kr. vegna kröfu um hagræðingu í rekstri en sú krafa er gerð til allra ríkisstofnana. Fjárveiting til viðhalds fasteigna er óbreytt frá yfirstandandi ári, 34 m.kr.

610 Umboðsmaður Alþingis. Fjárveiting til rekstrar nemur 27,9 m.kr. og gert er ráð fyrir óbreyttri starfsemi frá fyrra ári. Framlag til tækja og búnaðar er nam 3,8 m.kr. í fjárlögum 1995 fellur niður, enda var framlagið tengt flutningi embættisins í nýtt húsnæði.

620 Ríkisendurskoðun. Fjárveiting nemur 161,1 m.kr. og hækkar um 8,2 m.kr. frá 1995. Fjárveitingin er nær óbreytt að umfangi frá árinu 1995 og hækkunin er eingöngu tilkomin vegna kjarasamninga. Ríkisendurskoðun ber 1,7 m.kr. af þeirri rekstrarhagræðingu sem skipt er niður á stofnanir æðstu stjórnar ríkisins.

Ríkisstjórn

Fjárveiting til ríkisstjórnar nemur 70,5 m.kr. og hækkar um 3% frá fjárlögum 1995. Biðlaun ráðherra sem nema 9,3 m.kr. í fjárlögum 1995 falla niður. Í fjárlagafrumvarpi 1996 bætast við laun tveggja aðstoðarmanna ráðherra, 6,3 m.kr. Með því fjölgar aðstoðarmönnum sem greitt er fyrir af fjárveitingu til ríkisstjórnarinnar úr tíu, þ.e. einum á hvern ráðherra, í tólf. Samkvæmt ákvörðun forsætisráðherra er ráðherrum nú heimilt að ráða til starfa fleiri en einn aðstoðarmann, gegni þeir fleiri en einu ráðuneyti.

Annað

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 401 Hæstiréttur; 510 Bessastaðir og 520 Opinberar heimsóknir.

401 Hæstiréttur. Laun hæstaréttardómara og starfsfólks Hæstaréttar eru greidd af þessum lið. Annar kostnaður við Hæstarétt greiðist af lið *06 201 Hæstiréttur* undir dómsmálaráðuneyti. Fjárveiting nemur 47,9 m.kr. og hækkar um 9,6%, nær eingöngu vegna kjarasamninga og úrskurðar Kjaradóms.

510 Bessastaðir. Til framkvæmda á Bessastöðum er lagt til að verja 37 m.kr. Undanfarin ár hefur fjárveiting numið 82 m.kr. á ári en í fjárlögum 1995 lækkaði hún um 10 m.kr. Nú stendur þannig á framkvæmdum að kostnaður á yfirstandandi ári mun fara fram úr fjárveitingu og því hefur verið ákveðið að leita eftir 45 m.kr. viðbótarfjárveitingu í fjáraukalögum fyrir árið 1995 og lækka fjárveitingu ársins 1996 um sömu fjárhæð. Stafar það af kostnaði við byggingu nýs forsetabústaðar sem nú stendur yfir, en sú framkvæmd var boðin út í einu lagi af hagkvæmniástæðum.

Framkvæmdum við svonefnt þjónustuhús og norðurhús verður að fullu lokið á þessu ári. Aðalviðfangsefni þessa árs er bygging íbúðarhúss fyrir forseta. Bygging hússins var boðin út í febrúar og framkvæmdir hófust í apríl. Gert er ráð fyrir að húsið

verði fullgert að utan og múrhúðað að innan á árinu. Þegar grafið var fyrir húsinu komu húsarústir í ljós við austurgafl hússins og vann Þjóðminjasafnið að rannsóknum á þeim síðastliðið sumar. Byggingu hússins verður haldið áfram á næsta ári og er gert ráð fyrir að henni verði lokið í maí. Þá verður unnið að lóðaframkvæmdum en þeim munu fylgja fornleifarannsóknir. Árið 1996 verður unnið að deiliskipulagi fyrir Bessastaðanes sem frestað var á þessu ári.

Frá því að framkvæmdir hófust árið 1989 til ársloka 1995 verður búið að veita alls um 740 m.kr. til þeirra, reiknað á verðlagi ársins 1995. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum ljúki á árinu 1998.

01 Forsætisráðuneyti

Útgjöld forsætisráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	278,7	97,7	99,8	2	-64
Annað	426,9	426,1	397,5	-7	-7
Samtals	**705,6**	**523,8**	**497,3**	**-5**	**-30**
Rekstrarkostnaður	176,3	162,8	172,7	6	-2
Neyslu- og rekstrartilfærslur	191,3	88,0	97,0	10	-49
Stofnkostnaður og viðhald	338,0	273,0	227,6	-17	-33
Samtals	**705,6**	**523,8**	**497,3**	**-5**	**-30**

Framlög til ráðuneytisins nema 497 m.kr. og lækka um 5% frá fjárlögum yfirstandandi árs, aðallega vegna lægra framlags til Byggðastofnunar og brottfalls á fjárveitingu til þinghalds Norðurlandaráðs . Ársverkum ráðuneytisins fækkar um 3%. Er sú fækkun rekjanleg til embættis Húsameistara ríkisins en starfsemi þeirrar stofnunar fer minnkandi.

Ráðuneyti

Fjárlagaliðirnir 101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé heyra undir þennan málefnaflokk. Heildarfjárveiting nemur 99,8 m.kr. og hækkar um 2% frá yfirstandandi ári. Breyting á verkefnum þessa málefnaflokks er óveruleg og stafar hækkunin eingöngu af launabreytingum.

Annað

Fjárlagaliðirnir 211 Þjóðhagsstofnun; 221 Byggðastofnun; 231 Norræna ráðherranefndin; 241 Umboðsmaður barna; 901 Húsameistari ríkisins og 902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum falla undir þennan málefnaflokk. Heildarfjárveiting nemur 397,5 m.kr. og lækkar um 7% eða 29 m.kr. frá fjárlögum 1995.

211 Þjóðhagsstofnun. Heildarútgjöld stofnunarinnar án sértekna nema 90,8 m.kr. og hækka um 3,7 m.kr. frá fjárlögum 1995. Hækkunin stafar eingöngu af áhrifum kjarasamninga en á móti lækkar fjárveiting til annarra rekstrargjalda og eignakaupa lítillega. Gert er ráð fyrir að sértekjur af sölu á ritum stofnunarinnar og gjaldtöku fyrir verkefni, sem

ekki teljast hluti af almennum verkefnum hennar, nemi 2,2 m.kr. Þær tekjur dragast frá ofangreindum heildargjöldum áður en til skipta á kostnaði stofnunarinnar kemur. Hann skiptist til helminga milli Seðlabanka Íslands og ríkissjóðs og koma 44,3 m.kr. í hlut hvors um sig.

221 ***Byggðastofnun.*** Framlag til Byggðastofnunar lækkar úr 250 m.kr. 1995 í 210 m.kr. Við afgreiðslu Alþingis á fjárlögum þessa árs voru sérstaklega veittar 40 m.kr. til að mæta tímabundnum erfiðleikum í sauðfjárrækt og skerðingu á aflaheimildum smábáta.

231 ***Norræna ráðherranefndin.*** Framlag á þessum fjárlagalið hækkar um 2,4 m.kr. frá yfirstandandi ári. Fjárveiting til að standa að þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík á þessu ári nam 7 m.kr. og fellur nú niður. Hins vegar hækkar fjárveiting á viðfangsefninu *1.61 Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar* um 9 m.kr. þar eð hlutur Íslands í heildarfjárlögum norrænu ráðherranefndarinnar hækkar úr 1% í 1,1% en skiptingin ræðst af vergri landsframleiðslu norrænu þjóðanna.

241 ***Umboðsmaður barna.*** Embætti umboðsmanns barna hóf starfsemi sína á árinu 1995. Nú er gert ráð fyrir heilsársrekstri og því hækkar fjárveiting úr 6 m.kr. á yfirstandandi ári í 9,6 m.kr.

901 ***Húsameistari ríkisins.*** Gjöld embættisins nema 45 m.kr. og er sértekjum ætlað að standa undir kostnaði að fullu. Gert er ráð fyrir að starfsemi embættisins dragist enn saman eins og verið hefur á undanförnum árum.

902 ***Þjóðgarðurinn á Þingvöllum.*** Framlag nemur 29,1 m.kr. og lækkar örlítið frá fjárlögum 1995. Framlag á liðnum *5.01 Fasteignir* er 5,8 m.kr. og er ætlað til að bæta umhverfi Þingvallabæjarins og þjónustumiðstöðvarinnar og til að hefja viðgerð á Þingvallakirkju. Framlag á liðnum *6.01 Nýframkvæmdir* nemur 6 m.kr. og verður varið til að gera stíga og gönguleiðir.

02 Menntamálaráðuneyti

Útgjöld menntamálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	242,0	266,0	280,7	6	16
Háskólar og rannsóknir	2.974,5	3.003,4	3.216,9	7	8
Framhaldsskólar og héraðsskólar	4.495,4	4.700,0	5.264,9	12	17
Grunnskólar og sérskólar	5.523,1	5.500,8	6.626,0	20	20
Námsaðstoð	1.598,0	1.590,2	1.511,5	-5	-5
Söfn, listastofnanir o.fl.	1.590,6	1.240,6	1.386,6	12	-13
Annað	1.114,2	742,6	886,2	19	-20
Samtals	**17.537,8**	**17.043,6**	**19.172,8**	**12**	**9**
Rekstrarkostnaður	12.109,9	12.080,0	14.069,9	16	16
Neyslu- og rekstrartilfærslur	3.002,4	3.031,7	3.125,4	3	4
Viðhald og stofnkostnaður	2.425,5	1.931,9	1.977,5	2	-18
Samtals	**17.537,8**	**17.043,6**	**19.172,8**	**12**	**9**

Sú breyting hefur verið gerð á málefnaflokkaskipan ráðuneytisins að Listdansskólinn sem talinn er með listastofnunum í fjárlögum 1995 er talinn til skóla í frumvarpinu.

Rekstrargjöld ráðuneytisins, án tillits til sértekna Happdrættis Háskóla Íslands sem renna til viðhalds og stofnkostnaðar, eru áætluð um 14.382 m.kr. og hækka um 16,7% eða um 2.062 m.kr. Mestur hluti hækkunar skýrist af kjarasamningum, aukinni kennslu í grunnskólum og háskólastofnunum og aukinni starfsemi Landsbókasafns - Háskólabókasafns, en einnig af tilfærslu framlaga af stofnkostnaði á rekstur. Áætlað er að ársverkum fjölgi um rúm 4% af þessum sökum. Gert er ráð fyrir að með hagræðingu og aðhaldi í rekstri verði dregið úr útgjöldum. Er almennt miðað við að launagjöld stofnana lækki að raungildi um 1%, en þó lækki launagjöld framhaldsskóla heldur meira. Ekki er gert ráð fyrir að lækkunin taki til grunnskóla.

Rekstrartilfærslur verða um 3.125 m.kr. sem er hækkun um 94 m.kr. Munar þar mestu um 140 m.kr. hækkun á framlagi vegna samstarfs við Evrópusambandið á sviði rannsókna og tækniþróunar. Nokkur framlög lækka, mest þó til Lánasjóðs íslenskra námsmanna, um 80 m.kr. frá fjárlögum 1995.

Fjárveiting til viðhalds og stofnkostnaðar nemur 1.977 m.kr. og hækkar um 46 m.kr. Nokkrar innbyrðis breytingar verða milli fjárlagaliða og kostnaðartegunda. Áætlað er að framlag í Endurbótasjóð menningarbygginga hækki um 85 m.kr. og að bætt afkoma Happdrættis Háskóla Íslands skili um 90 m.kr. hækkun. Þá eru um 95 m.kr. færðar af viðfangsefnum viðhalds og stofnkostnaðar á viðfangsefni rekstrar.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir *101 Aðalskrifstofa* og *199 Ráðstöfunarfé*. Áætluð útgjöld aðalskrifstofu verða 262,7 m.kr. sem er hækkun um 14,7 m.kr. Kjarasamningar skýra annan kostnaðarauka en 2,6 m.kr. sem eru vegna póstburðargjalda sem til þessa hafa verið greidd af fjármálaráðuneytinu.

Háskólar og rannsóknir

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 201-209 Háskóli Íslands og stofnanir tengdar honum; 210 Háskólinn á Akureyri; 211 Tækniskóli Íslands; 221 Kennaraháskóli Íslands; 223 Rannsóknastofnun uppeldis-og menntamála; 231 Rannsóknarráð Íslands; 236 Vísindasjóður; 237 Tæknisjóður; 238 Bygginga- og tækjasjóður; 239 Rannsóknarnámssjóður; 269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður og 299 Háskóla-og rannsóknastarfsemi.

Heildarframlag til málaflokksins er um 3.217 m.kr. og skiptist á fjárlagaliði sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Háskóli Íslands	1.606,6	1.592,1	1.695,3	6	6
Tilraunastöð Háskólans að Keldum	82,7	97,7	80,3	-18	-3
Raunvísindastofnun Háskólans	124,0	121,2	126,1	4	2
Stofnun Sigurðar Nordals	9,4	8,8	9,2	5	-2
Stofnun Árna Magnússonar	59,8	41,3	42,3	2	-29
Orðabók Háskólans	15,0	14,1	15,1	7	1
Íslensk málstöð	10,5	8,2	8,6	5	-18
Örnefnastofnun	4,4	4,4	4,7	7	7
Háskólinn á Akureyri	186,5	181,9	193,3	6	4
Tækniskóli Íslands	174,9	175,9	180,9	3	3
Kennaraháskóli Íslands	308,0	319,5	295,0	-8	-4
Rannsóknastofnun uppeldismála	50,3	47,1	33,8	-28	-33
Rannsóknarráð Íslands	41,2	37,3	40,9	10	-1
Vísindasjóður	25,0	25,0	15,0	-40	-40
Tæknisjóður	200,1	200,0	200,0	0	-0
Bygginga- og tækjasjóður	40,0	60,0	78,0	30	95
Rannsóknarnámssjóður	0,0	25,0	20,0	-20	-
Háskóla- og vísindastofnanir, stofnkostn.	0,0	0,0	123,0	-	-
Háskóla- og rannsóknastarfsemi	36,2	43,9	55,4	26	53
Samtals	**2.974,6**	**3.003,4**	**3.216,9**	**7**	**8**

Gerð er sú breyting að Verkfræðistofnun Háskóla Íslands, sem er sérstakur fjárlagaliður í fjárlögum þessa árs, er færð undir fjárlagalið Háskóla Íslands sem sérstakt viðfangsefni. Til greina kemur að skoða flutning fleiri stofnana Háskólans undir fjárlagalið skólans í því augnamiði að styrkja fjármálastjórn stofnananna. Einnig er gerð sú breyting, að stofnaður er nýr fjárlagaliður *269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður* og á hann færð framlög vegna stofnkostnaðar og viðhalds annarra háskóla- og vísindastofnana en Háskóla Íslands.

Framlag til rekstrar og rekstrartilfærslna, án tillits til sértekna Háskóla Íslands frá Happdrætti Háskóla Íslands, er áætlað 2.800,9 m.kr. og hækkar um 188,5 m.kr. eftir að tekið hefur verið tillit til 15 m.kr. tilfærslu framlaga til rannsókna og vísindastarfsemi af fjárlagalið *09-481-6.90 Átak á sviði rannsókna og þróunarstarfs* í fjárlögum þessa árs. Skýrist hækkunin einkum af kjarasamningum, en einnig af aukinni starfsemi, auknu húsnæði og tilfærslu stofnkostnaðar á rekstur. Þá er hluti af framlagi til rannsókna og þróunarstarfs færður sömuleiðis af stofnkostnaði á rekstur. Launaliðir flestra stofnana hafa verið lækkaðir um nálægt 1% og er þeim ætlað að ná sparnaðinum með aðhalds- og hagræðingaraðgerðum.

Heildarframlag til stofnkostnaðar og viðhalds er 728 m.kr. og hækkar um 75 m.kr. frá fjárlögum ársins, eftir að tekið hefur verið tillit til tilfærslu á 85 m.kr. framlagi til Tækni-

sjóðs af fjárlagalið *09-481-6.90 Átak á sviði rannsókna og þróunarstarfs* í fjárlögum þessa árs. Hækkun um 90 m.kr. skýrist af bættri afkomu Happdrættis Háskóla Íslands, en hagnaður happdrættisins rennur til Háskóla Íslands og í Bygginga- og tækjasjóð.

Hafa fjárlagatölur 1995 í töflunni hér að framan verið leiðréttar með tilliti til þessara tilfærslna.

Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

202 Háskóli Íslands. Rekstrarframlag til Háskólans er áætlað 1.695,3 m.kr., án tillits til sértekna frá Happdrætti Háskóla Íslands, og hækkar um 117,3 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Ef hækkun vegna kjarasamninga er undanskilin er hækkunin 14,7 m.kr. Framlag til Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands, sem er 6,1 m.kr. í fjárlögum, er fært á viðfangsefnalið *109 Verkfræðistofnun.* Þá skýrist hækkun af tilfærslu á 8 m.kr. framlagi til eflingar vísinda- og rannsóknarstarfsemi af fjárlagalið *09-481-6.90 Átak á sviði rannsókna og þróunarstarfsemi* í fjárlögum þessa árs. Framlag til skólans hækkar vegna launa tveggja prófessora á Tilraunastöðinni að Keldum, en annar þeirra er jafnframt forstöðumaður tilraunastöðvarinnar samkvæmt lögum. Einnig hækkar framlagið vegna aukins húsnæðis. Á móti kemur krafa um hagræðingu. Í athugun er að gera samning milli menntamálaráðuneytis og Háskólans um námsbrautir og kennslu sem nemendum er látin í té. Við gerð samningsins verður tekið mið af reiknilíkani sem fjármálanefnd háskólaráðs hefur unnið að, með hliðsjón af reiknilíkönum erlendra háskóla.

Áætlað er að Háskólinn verji 312 m.kr. af hagnaði Happdrættis Háskóla Íslands til byggingarframkvæmda, viðhalds, tækja-og búnaðarkaupa, sem er hækkun um 72 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Ætlast er til að skólinn leggi fram fé til tækjakaupa Tilraunastöðvarinnar að Keldum og Raunvísindastofnunar Háskólans. Þá er gert ráð fyrir að Háskólinn greiði Landsbókasafni Íslands-Háskólabókasafni framlag, í samræmi við sérstakt samkomulag sem gera skal samkvæmt lögum um safnið.

210 Háskólinn á Akureyri. Rekstrarframlag til skólans hækkar um 26,4 m.kr. og verður 193,3 m.kr. Hækkun umfram kjarasamninga er 15,1 m.kr. Skýrist hún af auknu húsnæði og fjölgun nemenda, m.a. vegna kennslu á síðasta ári kennaradeildar. Skólinn fær á þessu ári afhenta fasteignina Sólborg á Akureyri sem er í eigu ríkissjóðs. Miðað er við að skólinn geti tekið eignina í notkun í áföngum og þar verði framtíðaraðstaða skólans byggð upp, eftir því sem fjárveitingar leyfa.

211 Tækniskóli Íslands. Rekstrarframlag hækkar um 12 m.kr. og verður 180,9 m.kr. Hækkun rekstrarframlags umfram kjarasamninga skýrist einkum af tilfærslu framlags til kaupa á búnaði af stofnkostnaðarviðfangsefni. Að teknu tilliti til þessarar tilfærslu lækkar framlag til kaupa á tækjum og búnaði um 3 m.kr.

231 Rannsóknarráð Íslands. Framlag hækkar um 10,6 m.kr. og verður 40,9 m.kr. Hækkun umfram kjarasamninga skýrist af auknu framlagi til stjórnunar. Einnig skýrist hækkun af tilfærslu á 7 m.kr. framlagi vegna vísindamálafulltrúa, af fjárlagalið *09-481-6.90 Átak á sviði rannsókna og þróunarstarfsemi* í fjárlögum þessa árs. Framlag í Vísindasjóð lækkar um 10 m.kr. og verður 15 m.kr. Framlag í Tæknisjóð verður 200 m.kr. sem er óbreytt frá fjárlögum. Koma 85 m.kr. af fjárlagaliðnum *09-481-6.90 Átak á sviði rannsókna og þróunarstarfsemi.* Framlag á fjárlagalið *239 Rannsóknarnámssjóður* lækkar um 5 m.kr. og verður 20 m.kr.

Að venju eru sýnd í einni töflu framlög til rannsóknastofnana.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Tilraunastöð Háskólans að Keldum	72,7	74,7	80,3	7	10
Raunvísindastofnun Háskólans	121,9	121,2	126,1	4	3
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	141,5	133,7	130,8	-2	-8
Veiðimálastofnun	39,2	38,5	35,0	-9	-11
Laxeldisstöðin Kollafirði og Stofnfiskur	30,1	22,4	22,4	0	-26
Hafrannsóknastofnun	392,6	613,6	647,8	6	65
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	105,4	91,5	94,8	4	-10
Iðntæknistofnun Íslands	97,5	96,6	94,7	-2	-3
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	56,8	51,8	54,9	6	-3
Orkustofnun	205,2	203,6	205,7	1	0
Samtals	**1.262,9**	**1.447,6**	**1.492,5**	**3**	**18**

269 ***Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður.*** Fjárframlag til viðhalds og stofnkostnaðar, þar á meðal kaupa á búnaði, á þessum nýja fjárlagalið verður 123 m.kr. Á móti kemur að fjárveitingar til einstakra stofnana í þessum málefnaflokki lækka samtals um 97,9 m.kr. vegna viðhalds og stofnkostnaðar. Gert er ráð fyrir að ráðstafa framlaginu þannig: Tilraunastöð Háskólans að Keldum 17 m.kr.; Háskólinn á Akureyri 28 m.kr., þar af 5 m.kr. til undirbúnings framkvæmdum á lóð Sólborgar; Kennaraháskóli Íslands 31 m.kr., þar af 5 m.kr. til undirbúnings framkvæmdum á lóð skólans; Norræna eldfjallastöðin 40 m.kr. vegna aðildar að nýbyggingu á vegum Háskóla Íslands og aðrar stofnanir 7 m.kr.

299 ***Háskóla-og rannsóknastarfsemi.*** Framlag verður 55,4 m.kr. sem er hækkun um 11,5 m.kr. Þar af hækkar *1.61 Norræna eldfjallastöðin* um 6 m.kr. vegna launa sérfræðings og húsnæðiskostnaðar, og viðfangsefnaliðurinn *1.90 Háskóla-og rannsóknastarfsemi* hækkar um 5 m.kr., meðal annars til að undirbúa stofnun uppeldisháskóla og vegna úttektar á háskólastiginu.

Framhaldsskólar og héraðsskólar

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málaflokks: 301-309 Menntaskólar; 318-319 Framhaldsskólar, safnliðir; 350-363 Fjölbrautaskólar; 440-441 Fullorðinsfræðsla; 506-581 Ýmsir sérskólar og 606-610 Héraðsskólar.

Heildarframlag til framhaldsskóla er áætlað um 5.265 m.kr. og skiptist á gjaldategundir sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Framhaldsskólar og héraðsskólar	**4.495,4**	**4.700,0**	**5.264,9**	**12**	**17**
Rekstrarkostnaður	3.776,8	3.871,1	4.515,9	17	20
Viðhald	148,3	174,0	176,0	1	19
Stofnkostnaður	570,3	654,9	573,0	-13	0

Sú breyting hefur verið gerð á þessum málefnaflokki að til hans telst nú *564 Listdansskólinn* sem áður fékk fjárveitingu á sama fjárlagalið og *972 Íslenski dansflokkurinn.* Er tekið tillit til þessa í töflunni að ofan.

Til rekstrar framhaldsskóla eru alls áætlaðar um 4.516 m.kr. og hækkar framlag um 645 m.kr. frá fjárlögum líðandi árs. Af heildarrekstrarkostnaði eru launagjöld áætluð um 3.928 m.kr. eða um 82,1%, samanborið við 81,3% í fjárlögum yfirstandandi árs. Hækkun rekstrarkostnaðar milli ára skýrist af kjarasamningum og því að framlag til kaupa á tækjum og búnaði, um 90 m.kr, er flutt af viðfangsefnum stofnkostnaðar yfir á viðfangsefni rekstrar hjá skólunum. Þá eru sértekjur hækkaðar um 30 m.kr. vegna áætlaðra leigutekna af skólahúsnæði sem ætlunin er að ráðstafa til viðhalds skóla. Leigutekjurnar koma í stað kvaðar um viðhald og gefa því kost á skipulagðari vinnubrögðum en áður. Að teknu tilliti til þessara skýringa er áætlað að raunlækkun rekstrarframlaga sé um 82 m.kr., sem jafngildir um 1,8%. Skólunum er ætlað að ná þessum sparnaði með aðhalds- og hagræðingaraðgerðum. Vegna þessa sparnaðar hefur áætluðum kennslustundum í skólunum verið fækkað um nálægt 3%. Í forsendum fjárlaga 1995 er miðað við að nemendur verði 16.500 skólaárið 1995/1996 og samkvæmt frumvarpinu að þeim fjölgi um 200. Áætlað er að nemendum muni einnig fjölga haustið 1996 og er á fjárlagalið *319 Framhaldsskólar, almennt* fjárhæð til að mæta ófyrirséðum kostnaði, m.a. vegna nemendafjölgunar. Þess ber að geta í þessu sambandi að upplýsingar um fjölda nemenda eru enn ónákvæmar og að samanburður nemendafjölda og kostnaðar er vandmeðfarinn. Töluverður fjöldi hættir námi þegar líður á skólaárið og tímasókn nemenda getur verið mjög mismikil eftir því hvernig nám þeir stunda eða hvar þeir eru staddir í námi. Áformað er að nýr skóli, Borgarholtsskóli í Grafarvogi, hefji starf haustið 1996. Í honum mun meðal annars verða hægt að stunda nám í málmiðnaðargreinum og minnkar þar með álag á aðra iðnfræðsluskóla. Áætlað er fyrir rekstrarkostnaði skólans á viðfangsefni *1.40 Framhaldsskólar, óskipt.* Aðsókn að öldungadeildum er svipuð og verið hefur. Innritunargjöld öldungadeilda hafa verið færð af viðfangsefni *1.09 Önnur kennsla* á viðfangsefni *1.02 Annað en kennsla.*

Fjárveiting til einstaka skóla breytist allnokkuð frá fjárlögum. Menntamálaráðuneytið hefur í samvinnu við fulltrúa framhaldsskólanna unnið að gerð reiknilíkans sem ætlað er að samræma fjárframlög til skólanna eftir nemendafjölda, námsframboði og stærð og gerð húsnæðis. Framlög til annars en kennslukostnaðar eru látin taka mið af drögum að reiknilíkaninu og skýrir það að hluta til breytingar hjá einstaka skólum. Starfsemi Alþýðuskólans á Eiðum hefur verið hætt og húsnæði hans afhent Menntaskólanum á Egilsstöðum. Fjárveiting til Alþýðuskólans er því felld niður en fjárveiting til menntaskólans hækkuð. Fjölbrautaskóla Vesturlands hefur verið falið að annast kennslu í Héraðsskólanum í Reykholti til reynslu í tvö skólaár, frá hausti 1995. Áætlaður kostnaður við þá kennslu er færður á sérstakan viðfangsefnalið hjá fjölbrautaskólanum. Fiskvinnsluskólinn starfar ekki árið 1996, en menntamálaráðuneytið hefur falið Flensborgarskóla að bjóða upp á kennslu í fiskvinnslu í tvö skólaár, frá hausti 1995. Gert er ráð fyrir að taka ekki inn nýnema í tannsmíðanám haustið 1996 og er fjárveiting á viðfangsefni *1.21 Nám tannsmiða og aðstoðarfólks tannlækna*, lækkuð í samræmi við áætlaðan sparnað vegna þessa.

318 ***Framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður.*** Framlag er áætlað 719 m.kr. og lækkar um 20 m.kr. frá fjárlögum 1995. Bætt er við nýju viðfangsefni *1.50 Leigutekjur skóla* og eru tekjur áætlaðar 30 m.kr. Hér er um að ræða áætlaðar leigutekjur af útleigu skólahúsnæðis sem til þessa hafa almennt ekki verið færðar til tekna hjá skólunum heldur hafa leigutakar greitt fyrir afnot af skólahúsnæði með því að greiða beint umsaminn viðhaldskostnað. Ætlunin er að nýta tekjur þessar til viðhalds á hinu útleigða húsnæði. Til byggingarframkvæmda eru áætlaðar 560 m.kr. sem er hækkun um 14 m.kr. Af

þessari fjárhæð skýrast um 402 m.kr. af bundnum greiðslusamningum ríkissjóðs um byggingu framhaldsskóla og 50 m.kr. af viðhaldi skólahúsnæðis á Laugarvatni. Tillögur menntamálaráðuneytis um ráðstöfun á óskiptu framlagi til byggingarframkvæmda, viðhalds og endurbóta verða lagðar fyrir Alþingi fyrir afgreiðslu fjárlaga. Í 6. gr. er óskað eftir heimild til að selja húsnæði tiltekinna fræðslustofnana og ráðstafa andvirðinu til viðhaldsframkvæmda skólahúsnæðis, enda er víða þörf verulegra endurbóta.

*319 **Framhaldsskólar almennt.*** Framlag er 376,6 m.kr. og hækkar um 114,6 m.kr. frá fjárlögum ársins. Að frátalinni hækkun vegna kjarasamninga er helsta tilefni hækkana sem hér segir: Viðfangsefnið *1.14 Sérkennsla* hækkar um 15 m.kr. vegna fjölgunar nemenda sem þurfa á sérkennslu að halda og sérkennslu sem í fjárlögum yfirstandandi árs er áætluð á fjárlagalið Verkmenntaskólans á Akureyri; *1.15 Prófkostnaður* hækkar um 9 m.kr. vegna leiðréttingar á framlagi til sveinsprófa; *1.18 Námsefnisgerð* hækkar um 2 m.kr. vegna iðnfræðslu; *1.20 Framhaldsdeildir* hækka um 3 m.kr. vegna leiðréttinga í samræmi við nemendafjölda og *1.30 Endurmenntun* hækkar vegna kennsluréttindanáms samkvæmt kjarasamningi við félög framhaldsskólakennara. Fjárveitingu á viðfangsefni *1.40 Framhaldsskólar, óskipt* er ætlað að mæta kostnaði við Borgarholtsskóla og ófyrirséðum kostnaði vegna frávika frá áætluðum nemendafjölda og tilfærslu nemenda milli skóla. Á móti lækkar fjárveiting vegna *1.19 Kennslueftirlit* um 4 m.kr. og framlag til náms tannsmiða á viðfangsefni *1.21 Nám tannsmiða og aðstoðarfólks tannlækna* um 1,8 m.kr. þar sem ekki er gert ráð fyrir að taka inn nýja nemendur haustið 1996.

*606 - 610 **Héraðsskólar.*** Heildarframlag til héraðsskóla er áætlað 30,7 m.kr. en það er 45,4 m.kr. lægri fjárveiting en í fjárlögum þessa árs. Starfsemi Alþýðuskólans á Eiðum er hætt og hefur Menntaskólinn á Egilsstöðum tekið við húsnæði hans. Framlag til Héraðsskólans í Reykholti er fært á fjárlagalið Fjölbrautaskólans á Vesturlandi. Framlag til Héraðsskólans á Skógum lækkar vegna heimavistargæslu grunnskólanemenda sem er lögbundið verkefni sveitarfélaga. Við flutning grunnskóla til sveitarfélaga, sem áformaður er haustið 1996, breytast forsendur fyrir framhaldsnámi að Skógum og kallar á endurmat á starfsemi héraðsskólans.

Grunnskólar og sérskólar

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 222 Æfinga-og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands; 700-708 Grunnskólar; 710-718 Fræðsluskrifstofur; 720 Grunnskólar, almennt; 725 Námsgagnastofnun; 730 Skólabúðir að Reykjum; 750-758 Skólar fyrir fatlaða; 798 Einholtsskóli og 799 Vesturhlíðarskóli, áður Heyrnleysingjaskólinn.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fræðsluumdæmi, grunnskólar	4.620,1	4.455,2	5.523,0	24	20
Fræðsluskrifstofur	190,8	188,8	199,6	6	5
Grunnskólar, almennt	83,5	227,6	228,5	0	174
Námsgagnastofnun	238,2	251,2	249,9	-1	5
Skólabúðir að Reykjum	11,7	11,5	8,5	-26	-27
Skólar fyrir fatlaða og sérskólar	378,8	366,5	416,5	14	10
Samtals	**5.523,1**	**5.500,8**	**6.626,0**	**20**	**20**

Heildarkostnaður grunn- og sérskóla er áætlaður 6.626 m.kr. Þar af er launakostnaður áætlaður 6.168,6 m.kr. eða um 92,3 % af heildarútgjöldunum. Framlag hækkar alls um 1.125,2 m.kr. og skýrist stærsti hlutinn af hækkun vegna kjarasamninga, en einnig af nýjum skólum og fjölgun viðmiðunarstunda í skólum.

Í fjárlögum 1995 er gert ráð fyrir kostnaði við að fjölga vikulegum kennslustundum um sex haustið 1995. Til þess að bæta nemendum upp kennslu sem féll niður vegna verkfalls vorið 1995 hefur vikulegum kennslustundum skólaárið 1995/1996 verið fjölgað um níu til viðbótar. Eru kennslustundir samkvæmt viðmiðunarstundaskrá þannig samtals 308 á viku fyrir fyrsta til tíunda bekk grunnskóla frá hausti 1995 í stað 293 skólaárið 1994/1995. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði grunnskólalaga skal fjöldi kennslustunda vera 309 á viku frá hausti 1996.

Með lögum um grunnskóla nr. 66/1995 var verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga breytt þannig að allur kennslukostnaður og kostnaður sem leiðir af kjarasamningum kennara við ríkið fellur í hlut sveitarfélaga. Ríkið sér um og kostar eftir sem áður námsefnisgerð og hefur með höndum eftirlit með skólum og yfirstjórn fræðslumála. Stefnt er að því að breytt verkaskipting taki gildi frá 1. ágúst 1996. Í frumvarpinu er þó áætlað fyrir kostnaði við lögbundin verkefni út árið 1996 þar sem samningum við sveitarfélög um yfirtöku verkefnanna er ekki lokið.

222, 700 - 707 Grunnskólar. Framlag til fræðsluumdæmanna hækkar alls um 1.068,4 m.kr. og verður 5.523 m.kr. Skýringin er hækkun vegna kjarasamninga, fjölgun skóla og fjölgun viðmiðunarstunda. Nemendafjöldi er áætlaður svipaður og í fjárlögum yfirstandandi árs, eða um 41.800. Nokkur tilfærsla er milli fræðsluumdæma og innan umdæmanna. Þar sem nemendum er skipt í bekkjardeildir, áður en kennslukostnaður er reiknaður út, getur lítil fjölgun nemenda á einum stað leitt til fjölgunar deilda ef nauðsynlegt er að skipta bekk vegna viðmiðunarreglna um hámarksfjölda í bekkjardeildum. Áætlað er að bekkjardeildum muni fjölga um sautján og verði samtals 2.192. Deildunum fjölgar í fræðsluumdæmum Reykjavíkur, Reykjaness og Suðurlands, en fækkar í öðrum umdæmum. Í annan stað hækkar kostnaður fræðsluumdæma vegna fjölgunar viðmiðunarstunda um fimmtán haustið 1995 og um eina til viðbótar haustið 1996. Fjárveiting fyrir þeirri kennslustundarfjölgun er á viðfangsefninu *720 Grunnskólar, almennt.*

Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu framlags milli fjárlagaliða:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Æfinga- og tilraunaskóli KHÍ	55,7	54,6	66,2	21	19
Grunnskólar, Reykjavík	1.403,8	1.320,0	1.653,2	25	18
Grunnskólar, Reykjanesi	1.159,1	1.120,0	1.406,5	26	21
Grunnskólar, Vesturlandi	321,2	312,5	381,1	22	19
Grunnskólar, Vestfjörðum	221,5	212,9	257,5	21	16
Grunnskólar, Norðurlandi vestra	239,1	231,9	284,0	22	19
Grunnskólar, Norðurlandi eystra	511,3	505,0	606,9	20	19
Grunnskólar, Austurlandi	282,9	276,5	336,5	22	19
Grunnskólar, Suðurlandi	425,5	421,8	531,1	26	25
Samtals	**4.620,1**	**4.455,2**	**5.523,0**	**24**	**20**

*720 **Grunnskólar, almennt.*** Framlag lækkar um 0,9 m.kr. og er áætlað 228,5 m.kr. Að teknu tilliti til hækkana vegna kjarasamninga er raunlækkun framlags um 21,3 m.kr. Skýrist lækkunin að stærstum hluta af því að fjárveiting á viðfangsefnalið *181 Fjölgun kennslustunda* í fjárlögum líðandi árs hefur verið færð á fræðsluumdæmin. Þá er fjárveiting á fjárlögum vegna kennslu á sjúkrastofnunum og í Kvennaathvarfi flutt á viðkomandi fræðsluumdæmi. Nokkur tilfærsla er einnig milli viðfangsefna. Hækkar *131 Sérstök fræðsluverkefni* vegna ákvæða nýrra grunnskólalaga um fjölgun samræmdra prófa, aukið gæðamat í skólum o.fl. Rekstrarstyrkir til einkaskóla eru færðir saman á einn viðfangsefnalið *141 Einkaskólar, rekstrarstyrkir* og lækkaðir sem nemur framlagi því sem Hlíðardalsskólinn fær á fjárlögum ársins, en skólahald þar hefur verið fellt niður. Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi hækka í samræmi við samning. Fjárveiting til *190 Grunnskólar, óskipt* lækkar að raungildi en þessari fjárveitingu er ætlað að mæta ófyrirséðum kostnaðarauka vegna nemendafjölgunar, óhagkvæmari skiptingu nemenda í bekkjardeildir og öðrum ófyrirséðum kostnaði. Upphæðin var hækkuð verulega fyrir nokkrum árum en í ljós hefur komið að sú hækkun var að hluta til umfram þarfir. Framlag til viðfangsefnisins *690 Tölvuvæðing í grunnskólum* lækkar um 1,5 m.kr. en um er að ræða kostnað við gerð gagnabanka vegna skýrsluhalds skóla.

*725 **Námsgagnastofnun.*** Framlag lækkar um 1,3 m.kr. og verður um 250 m.kr. Að teknu tilliti til hækkunar vegna kjarasamninga skýrist lækkunin af því að framlag til viðhalds Brautarholti 6 er fellt niður enda er lekaviðgerð á húsinu lokið. Einnig er gert ráð fyrir að með aðhaldi í rekstri og hagræðingu verði rekstrarkostnaður lækkaður lítillega.

*730 **Skólabúðir að Reykjum.*** Framlag lækkar um 3 m.kr. og verður 8,5 m.kr. Skólabúðir eru ekki lögboðið verkefni samkvæmt grunnskólalögum. Gert er ráð fyrir að ríkið hætti rekstrinum haustið 1996 enda miðað við að breytt verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga, vegna grunnskóla, taki þá gildi.

*750 - 799 **Kennsla fyrir fatlaða og sérskólar fyrir börn og unglinga.*** Heildarframlag er 416,5 m.kr. og skiptist það á fjárlagaliði sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Skólar fyrir fatlaða	103,4	118,5	138,3	17	34
Öskjuhlíðarskóli	113,8	106,6	126,3	18	11
Safamýrarskóli	60,9	59,7	58,0	-3	-5
Dalbrautarskóli	18,9	15,6	18,7	20	-1
Hvammshlíðarskóli	29,0	18,7	15,4	-18	-47
Einholtsskóli	14,4	15,1	19,4	28	35
Vesturhlíðarskóli	38,4	32,3	40,4	25	5
Samtals	**378,8**	**366,5**	**416,5**	**14**	**10**

Nokkur breyting er á fjárveitingu til einstakra skóla og sérdeilda vegna breytinga á nemendafjölda og samsetningu nemendahópa. Vegna fjölgunar einhverfra nemenda var stofnuð ný sérdeild fyrir einhverf börn í Langholtsskóla í Reykjavík. Þá lækkar framlag til Hvammshlíðarskóla þar sem nemendum hefur fækkað verulega á liðnum árum og helmingur af almennum rekstrarkostnaði skólans færist nú á fjárlagalið *441 Fullorðins-*

fræðsla fatlaðra enda er um helmingur af starfsemi þeirri sem fram fer í húsnæði Hvammshlíðarskóla á vegum þeirrar stofnunar. Gert ráð fyrir að Hvammshlíðarskóli verði sérdeild í tengslum við nýstofnaðan Giljaskóla á Akureyri. Skýra framansagðar breytingar og hækkun vegna kjarasamninga hækkun framlaga.

Námsaðstoð

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna og 884 Jöfnun á námskostnaði. Framlag til jöfnunar á námskostnaði hækkar um 1,3 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs og verður 111,5 m.kr. Fjallað er um Lánasjóð íslenskra námsmanna í athugasemdum um B-hluta í 7. kafla.

Söfn, listastofnanir og fleira

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 902-909 Ýmis söfn; 919 Söfn, ýmis framlög; 969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður; 972 Íslenski dansflokkurinn; 973 Þjóðleikhús og 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Heildarframlag er um 1.387 m.kr. og skiptist á fjárlagaliði sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Þjóðminjasafn Íslands	186,4	157,5	94,6	-40	-49
Þjóðskjalasafn Íslands	65,5	71,4	53,0	-26	-19
Safnahúsið við Hverfisgötu	9,5	4,5	4,2	-7	-56
Landsbókasafn Ísl. - Háskólabókasafn	145,6	190,8	248,9	30	71
Listasafn Einars Jónssonar	7,7	7,0	5,3	-24	-31
Listasafn Íslands	69,3	71,5	55,8	-22	-19
Blindrabókasafn Íslands	35,8	27,3	30,5	12	-15
Söfn, ýmis framlög	26,2	16,0	15,5	-3	-41
Menningarstofnanir, viðhald og stofnk.	0,0	0,0	415,0	-	-
Þjóðarbókhlaða	576,7	240,0	0,0	-100	-100
Íslenski dansflokkurinn	43,6	40,6	42,8	5	-2
Þjóðleikhús	318,8	306,0	308,0	1	-3
Sinfóníuhljómsveit Íslands	105,5	108,0	113,0	5	7
Samtals	**1.590,6**	**1.240,6**	**1.386,6**	**12**	**-13**

Nokkrar breytingar hafa orðið á þessum málefnaflokki. Viðfangsefnaliðurinn Listdansskólinn, sem í fjárlögum líðandi árs er undir fjárlagaliðnum *972 Íslensk dansflokkurinn og Listdansskólinn*, er gerður að sérstökum fjárlagalið undir málefnaflokki framhaldsskóla. Bætt er við nýjum fjárlagalið *969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður*. Á hann eru færð fjárframlög til viðhalds og stofnkostnaðar menningarstofnana sem til þessa hafa verið hjá einstökum stofnunum þessa málefnaflokks. Þá eru framlög vegna gamla Stýrimannaskólans og Löngubúðar fluttar á þennan málefnaflokk, af fjárlagalið *999 Ýmislegt* í fjárlögum þessa árs.

Framlag til rekstrarkostnaðar hækkar um 92 m.kr. og verður um 917 m.kr. Helstu skýringar eru hækkun vegna kjarasamninga og aukinn rekstrarkostnaður Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns. Gert er ráð fyrir að stofnanir lækki launakostnað sinn um sem svarar 1% með aðhalds- og hagræðingaraðgerðum.

Heildarframlag til viðhalds og stofnkostnaðar er 470 m.kr. sem er hækkun um 54 m.kr. frá fjárlögum ársins. Gert er ráð fyrir því að tekjur af sérstökum eignarskatti verði 415 m.kr. á árinu 1996, sem er hækkun um 45 m.kr. frá fjárlögum líðandi árs, og að tekjurnar nýtist

óskertar til framkvæmda en í fjárlögum yfirstandandi árs eru 40 m.kr. notaðar til að kosta rekstur Landsbókasafns - Háskólabókasafns. Framkvæmdafé Endurbótasjóðs menningarbygginga hækkar því samtals um 85 m.kr. Á móti lækka framlög nokkurra stofnana til viðhalds og stofnkostnaðar.

Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

902 Þjóðminjasafn Íslands. Fjárveiting vegna viðhalds og stofnkostnaðar, samtals 56,1 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs, er flutt á fjárlagalið *969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður*. Um er að ræða framlög til viðhalds og endurbyggingar gamalla húsa og byggingar byggðasafna. Fellt er niður 12 m.kr. framlag á fjárlögum líðandi árs sem er ætlað til að ljúka framkvæmdum við Húsið á Eyrarbakka á viðfangsefni *5.90 Verndun gamalla húsa*.

905 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn. Hækkun rekstrarframlags er 58,1 m.kr. Hækkun umfram kjarabundnar hækkanir er 48,2 m.kr. og skýrist af endurmati á rekstri safnsins. Rekstrarframlag miðast við að starfsmenn séu allt að 80 og að umfang sé hið sama og verið hefur. Við ákvörðun rekstrarútgjalda er ekki tekið tillit til þess að stofnuninni er heimilt samkvæmt lögum að taka gjald fyrir ákveðna þætti þjónustunnar til að kosta starfsemi sína. Þá hefur ekki verið tekið tillit til þess að samkvæmt lögum skal hluti af árlegri fjárveitingu Háskóla Íslands renna til safnsins samkvæmt samkomulagi sem Háskólinn og bókasafnið skulu gera.

909 Blindrabókasafn Íslands. Hækkun rekstrarframlags er 3,2 m.kr. Með raunhækkun framlags, um 2 m.kr., er meðal annars ætlað að auka þjónustu við nemendur framhaldsskóla.

969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður. Fjárframlag til viðhalds og stofnkostnaðar menningarbygginga á þessum nýja fjárlagalið verður 415 m.kr. sem er í samræmi við áætlaðar tekjur af sérstökum eignarskatti. Í fjárlögum 1995 eru tekjur Endurbótasjóðs menningarbygginga af sérstökum eignarskatti áætlaðar 370 m.kr., þar af renna 40 m.kr. til reksturs Landsbókasafns - Háskólabókasafns. Framkvæmdafé sjóðsins eykst því um 85 m.kr. milli ára. Auk þess sem ætlunin er að ljúka framkvæmdum við Þjóðarbókhlöðu eru áformað að halda áfram framkvæmdum við húsnæði Þjóðminjasafns, Þjóðskjalasafns, Þjóðleikhúss og fleiri menningarbygginga, auk þess sem byrjað verður á nýjum verkefnum. Tillögur um ráðstöfun tekna Endurbótasjóðs verða lagðar fyrir Alþingi fyrir afgreiðslu fjárlaga.

Annað

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra; 804 Kvikmyndaeftirlit ríkisins; 976 Menningarsjóður; 978 Listasjóðir; 979 Húsfriðunarsjóður; 980 Listskreytingasjóður; 981 Kvikmyndasjóður; Listir, framlög; 983 Ýmis fræðistörf; 984 Norræn samvinna; 985 Alþjóðleg samskipti; 988 Æskulýðsmál; 989 Ýmis íþróttamál og 999 Ýmislegt.

Heildarframlag til málefnaflokksins er um 886 m.kr. og skiptist það þannig:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra	14,9	12,8	19,3	51	30
Kvikmyndaeftirlit ríkisins	1,5	1,6	1,7	6	13
Menningarsjóður	9,0	11,5	12,5	9	39
Listasjóðir	92,6	116,3	130,0	12	40
Húsfriðunarsjóður	10,2	10,5	10,5	0	3
Listskreytingasjóður	11,9	4,0	4,0	0	-66
Kvikmyndasjóður	105,0	101,6	92,3	-9	-12
Listir, framlög	193,7	196,8	201,7	2	4
Ýmis fræðistörf	24,2	14,0	14,0	0	-42
Norræn samvinna	7,3	12,0	8,0	-33	10
Alþjóðleg samskipti	121,8	126,0	266,0	111	118
Æskulýðsmál	31,0	31,0	29,5	-5	-5
Ýmis íþróttamál	77,5	77,5	72,2	-7	-7
Uppgjör við sveitarfélög	362,7	-	-	-	-
Ýmislegt	50,9	27,0	24,5	-9	-52
Samtals	**1.114,2**	**742,6**	**886,2**	**19**	**-20**

Framlag til rekstrar og styrkja er áætlað 866,7 m.kr og hækkar um 153,6 m.kr. Þyngst vegur hækkun framlags til alþjóðlegra samskipta, 140 m.kr., aukið framlag til Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra og aukið framlag í Listasjóði.

Heildarframlag til viðhalds og stofnkostnaðar er áætlað 19,5 m.kr. samanborið við 29,5 m.kr. í fjárlögum líðandi árs. Lækkunin skýrist meðal annars af tilfærslu 9 m.kr. framlags til endurbyggingar gamla Stýrimannaskólans og Löngubúðar á *969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður.*

Helstu breytingar á fjárlagaliðum eru eftirfarandi:

430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Framlag hækkar um 6,5 m.kr. og verður 19,3 m.kr. Auk hækkana vegna kjarasamninga hækkar framlagið um 6 m.kr. vegna náms táknmálstúlka sem fram fer í samvinnu við Háskóla Íslands og er framlag til námsins samtals 11 m.kr.

976 Menningarsjóður. Framlag hækkar um 1 m.kr. og verður 12,5 m.kr. Menningarsjóður fær miðagjald samkvæmt lögum um skemmtanaskatt.

977 Listasjóðir. Framlag hækkar um 13,7 m.kr. og verður 130 m.kr. Í lögum nr. 31/1991, um listamannalaun, er kveðið á um að almenn listamannalaun skuli veitt úr fjórum sjóðum: Launasjóði rithöfunda, Launasjóði myndlistarmanna, Tónskáldasjóði og Listasjóði. Við gildistöku laganna voru samanlögð starfslaun miðuð við 75 árslaun og skulu fimm árslaun bætast við á ári næstu fimm árin samkvæmt ákvæðum laganna og verða samkvæmt því 100 árið 1997. Í fjárlögum yfirstandandi árs er miðað við 90 árslaun og er gert ráð fyrir fjölgun um fimm árslaun í frumvarpinu.

980 Listskreytingasjóður. Framlag verður 4 m.kr. eins og í fjárlögum þessa árs. Allt frá því að lögin um Listskreytingasjóð voru sett hafa fjárveitingar verið skertar.

981 Kvikmyndasjóður. Framlag verður 92,3 m.kr. sem er lækkun um 9,3 m.kr. Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður Kvikmyndasjóðs og Kvikmyndasafns hækki um 0,8 m.kr. að raungildi og styrkveitingar lækki um 11,9 m.kr. Samkvæmt lögum nr. 94/1983 eru tekjur Kvikmyndasjóðs söluskattur, nú virðisaukaskattur, af seldum miðum kvik-

myndahúsa. Markaðar tekjur sjóðsins eru áætlaðar óbreyttar, 121 m.kr., en þrátt fyrir ákvæði laga er lagt til að framlagið verði 92,3 m.kr.

*982 **Listir, framlög.*** Framlag verður 201,7 m.kr. sem er hækkun um 4,9 m.kr. Framlag til Leikfélags Akureyrar verður 22,7 m.kr. Framlag til Íslensku Óperunnar verður 46,5 m.kr. og tekur mið af gildandi samningi ríkisins við óperuna. Hefur verið tekið tillit til kostnaðarauka vegna kjarasamninga í framlögum. Unnið er að endurskoðun samninga við leikfélagið og óperuna. Framlag til Listahátíðar í Reykjavík hækkar um 8,5 m.kr. og verður 14 m.kr. enda áformað að halda hátíðina á árinu 1996.

*984 **Norræn samvinna.*** Framlag lækkar um 4 m.kr. og verður 12 m.kr. Lækkun um 5 m.kr. er vegna norrænnar menningarhátíðar sem haldin var árið 1995. Á móti kemur hækkun um 1 m.kr. vegna norrænna menningarsamskipta.

*985 **Alþjóðleg samskipti.*** Framlag hækkar um 140 m.kr. og verður 266 m.kr. Áætlað er að aðildargjöld vegna samstarfs við Evrópusambandið á grundvelli samnings um Evrópskt efnahagssvæði verði 211 m.kr. Er miðað við að aðildargjöld allra ráðuneyta verði greidd af framlaginu. Meginhluti aðildargjalda ársins 1996 er vegna fjórðu rammaáætlunar Evrópusambandsins á sviði rannsókna og tækniþróunar. Áætluninni var hrundið í framkvæmd um áramótin 1994 - 1995 og hefur kostnaður við hana farið vaxandi. Gert er ráð fyrir að hann verði í hámarki á árunum 1996 og 1997. Framlag vegna stjórnunar- og ferðakostnaðar, þýðingar, útgáfukostnaðar og annars alþjóðlegs samstarfs verður 55 m.kr.

*988 **Æskulýðsmál.*** Framlag lækkar um 1,5 m.kr. og verður 29,5 m.kr. Byggingarstyrkur til Séra Friðrikskapellu, 1 m.kr., fellur niður. Nýr viðfangsefnaliður *1.17 Landssamband KFUM og KFUK* er með 6 m.kr. framlag en sambandið fær jafn hátt framlag á óskiptum lið í fjárlögum þessa árs..

*989 **Ýmis íþróttamál.*** Framlag lækkar um 5,2 m.kr. og verður 72,2 m.kr. Að teknu tilliti til kjarabundinnar hækkunar á framlagi til stórmeistara í skák er skýringin að byggingarstyrkur til Skáksambands Íslands fellur niður. Eftirfarandi nýir viðfangsefnaliðir bætast við: *1.15 Skólaíþróttir* 3 m.kr.; *1.20 Glímusamband Íslands* 1 m.kr.; *1.21 Skáksamband Íslands* 3 m.kr. og *1.30 Bridgesamband Íslands* 1 m.kr. Samböndin þrjú fá jafn hátt framlag af óskiptum lið í fjárlögum yfirstandandi árs.

*999 **Ýmislegt.*** Framlag lækkar um 2,5 m.kr. og verður 24,5 m.kr. Skýringar eru þær að framlag til endurbóta á gamla Stýrimannaskólanum og Löngubúð, samtals 9 m.kr. á fjárlögum yfirstandandi árs, er fært á fjárlagalið *969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður*, framlag til hverarannsókna í Hverageröi, 1. m.kr., fellur niður, óskiptur liður lækkar um 0,5 m.kr. en framlag til Menntastofnunar Íslands og Bandaríkjanna hækkar um 1 m.kr og verður 5,5 m.kr. Þá bætast við nýir viðfangsefnaliðir *1.44 Snorrastofa* og *6.93 Snorrastofa.* Á þessa nýju viðfangsefnaliði eru færð framlög til rekstrar og uppbyggingar Snorrastofu í Reykholti, samtals 7 m.kr, þar af eru 2 m.kr. færðar af fjárlagalið *06-701 1.24 Snorrastofa.* Hér er um að ræða fyrsta framlag af fimm á jafn mörgum árum. Í Snorrastofu, sem er hluti af nýrri kirkjubyggingu, er ætlunin að koma upp safni um Snorra Sturluson, bókhlöðu, upplýsingaþjónustu o.fl.

03 Utanríkisráðuneyti

Útgjöld utanríkisráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	449,1	376,4	372,7	-1	-17
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	147,1	138,0	167,0	21	14
Sendiráð og fastanefndir	542,4	635,3	655,9	3	21
Þróunarmál, alþjóðastofnanir o.fl.	554,3	637,8	670,2	5	21
Samtals	**1.692,9**	**1.787,5**	**1.865,8**	**4**	**10**
Rekstrarkostnaður	1.038,9	1.018,5	1.127,6	11	9
Neyslu- og rekstrartilfærslur	627,4	654,9	682,1	4	9
Stofnkostnaður og viðhald	26,6	114,1	56,1	-51	111
Samtals	**1.692,9**	**1.787,5**	**1.865,8**	**4**	**10**

Framlög til utanríkisráðuneytisins nema 1.866 m.kr. og hækka um 4% frá fjárlögum 1995. Helstu breytingar á fjárveitingum milli ára er aukið framlag til sýslumannsembættisins á Keflavíkurflugvelli, til sendiráða í Brussel og Peking en á móti lækkar framlag til sendiráðsbyggingar í Berlín. Þá hækkar framlag til EFTA og tengdra stofnana. Áætluðum ársverkum utanríkisráðuneytis fjölgar um 8% milli ára, sé miðað við fjárlög 1995 og frumvarp 1996. Fjölgunin kemur aðallega fram á aðalskrifstofu ráðuneytisins og hjá sendiráðunum í Brussel og Peking.

Ráðuneyti

Þessi málefnaflokkur nær til fjárlagaliðanna 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé. Heildarfjárveiting til þessa málefnaflokks nemur 373 m.kr. og er næsta óbreytt frá fyrra ári.

101 Aðalskrifstofa. Fjárveiting nemur 366 m.kr. og er nær sú sama og á þessu ári. Þess ber þó að gæta að á þessu ári voru 20 m.kr. veittar til að halda hér á landi ráðstefnu ræðismanna Íslands á erlendri grund. Að teknu tilliti til að sú fjárveiting fellur niður á næsta ári hækkar fjárveiting til aðalskrifstofunnar um 6%. Framlag til *1.01 Yfirstjórnar* nemur 313,5 m.kr. og hækkar um 7%. Hækkunin stafar að hluta af því að ráðuneytið flutti í nýtt húsnæði á þessu ári og við það skapaðist aukin þörf fyrir öryggisgæslu, auk þess sem aðstaða fyrir bóka- og samningasafn myndaðist í hinu nýja húsnæði sem kallaði á aukinn kostnað. Framlag til *1.02 Varnarmálaskrifstofu* nemur 33,4 m.kr. og lækkar lítillega sem skýrist af áætlaðri hækkun sértekna. Framlag til *1.53 Þýðingarmiðstöðvar* hækkar úr 10 m.kr. í 11,9 m.kr. en sú hækkun stafar af því að þýðingarstarfsemi á vegum EFTA hefur nú fallið niður. Það þýðingarstarf sem hingað til hefur verið unnið í Brussel færist nú til þýðingarmiðstöðvarinnar.

Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Framlag til embættisins nemur 167 m.kr. og hækkar um 29 m.kr. en þar af eru 15 m.kr. launahækkanir vegna kjarasamninga. Hækkunin kemur m.a. til af því að framlag til embættisins hefur verið lækkað um of á undanförnum árum og hefur það ekki getað sinnt

skyldum sínum með því framlagi sem því var ætlað. Ákveðið var að auka framlag til embættisins um 11 m.kr. af þeim sökum. Því til viðbótar er 4 m.kr. veitt til viðhalds á fasteignum og endurnýjunar bifreiðar.

Sendiráð og fastanefndir

Öll sendiráð og fastanefndir Íslands á erlendri grund heyra undir þennan málefnaflokk. Heildarfjárveiting nemur 656 m.kr. og hækkar um 3% frá fjárlögum yfirstandandi árs. Framlag til *310 Sendiráðs Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu* nemur 87,3 m.kr. og hækkar um 22,4 m.kr. Hækkunin stafar annars vegar af því að á þessu ári var sendiráðinu ætlað að afla 3,2 m.kr. sértekna sem ekki gekk eftir og hins vegar þurfti sendiráðið að bæta við sig húsnæði og aðkeyptri þjónustu, einkum vegna þess að það þarf að hýsa fulltrúa annarra ráðuneyta er hafa þar aðsetur. Þá hækkar framlag til *314 Sendiráðs Íslands í Peking* um 22,8 m.kr. í 49,2 m.kr. Hækkunin stafar annars vegar af því að nú er sendiráðið komið í fullan rekstur og hins vegar af því að húsnæði hefur reynst mun dýrara en ráð var fyrir gert í upphafi. Á þessu ári er 86 m.kr. varið til kaupa á lóð undir *liðnum 320 6 21 Sendiráð Íslands í Berlín.* Það hefur orðið að ráði að Ísland taki þátt í samstarfi Norðurlanda við sameiginlega sendiráðsbyggingu á umræddri lóð. Þegar hefur verið efnt til arkitektasamkeppni um heildarútlit bygginga og deiliskipulag á lóðinni. Munu úrslit í þeirri samkeppni liggja fyrir um næstu áramót. Að því loknu mun hver Norðurlandaþjóð um sig efna til samkeppni um sína byggingu og mun niðurstaða liggja fyrir á árinu 1996. Til þessa verkefnis er varið 24 m.kr. á árinu 1996. Á sl. ári úrskurðaði ríkisskattstjóri að greiða skyldi tryggingagjald af launum sendiráðsstarfsmanna þótt þeir væru búsettir erlendis. Olli það 9 m.kr. kostnaðarauka og hafa fjárveitingar einstakra sendiráða verið hækkaðar sem því nemur. Þá skal þess og getið að utanríkisráðuneytinu var gert að hagræða í rekstri eins og öðrum ráðuneytum og var það m.a. gert með því að fyrirskipa sendiráðum að draga úr símkostnaði um 15% sem nemur 3,8 m.kr. og fækka áskriftum að blöðum og tímaritum um 25% sem nemur 1,3 m.kr.

Þróunarmál, alþjóðastofnanir

Þessi málefnaflokkur nær til fjárlagaliðanna 390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands og 391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi.

Fjárveiting til þessa málefnaflokks nemur 670 m.kr. og hækkar um 5% milli ára. Til þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi renna 264,4 m.kr. og lækkar framlagið um 13,4 m.kr. Framlög til alþjóðastofnana nema 405,8 m.kr.

390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Framlag til stofnunarinnar nemur 152,6 m.kr. og lækkar um 8 m.kr. frá fjárlögum 1995. Stofnunin vinnur nú að verkefnum í fjórum löndum; í Namibíu, Malawí, á Grænhöfðaeyjum og í Mósambík. Í Namibíu er lögð aukin áhersla á aðstoð við kennslu sjómanna, en draga mun úr aðstoð við rekstur hafrannsóknaskips. Namibía fær þó áfram mesta aðstoð allra samstarfslanda stofnunarinnar og þar munu starfa 14-15 menn. Í Malawí er áfram aðstoðað við rannsóknir á fiskstofnum Malawívatns og kennslu í fiskilíffræði og fiskeldi. Þar er einnig veitt aðstoð við upplýsingamiðstöð fiskimála. Á Grænhöfðaeyjum dregur smám saman úr aðstoðinni og er hún nú að mestu fólgin í samstarfsverkefni Norræna þróunarsjóðsins í alhliða fræðslu í sjávarútvegi. Hafið verður samstarf við nýtt land, Mósambík, með því að leggja til sérfræðing í fiskmati, auk þess sem rannsóknaskip stofnunarinnar, Fengur, verður sent þangað ásamt útgerðarstjóra en Norræni þróunarsjóðurinn kostar annan rekstur skipsins.

391 ***Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi.*** Framlög á þessum lið nema 111,8 m.kr. og lækka um 5,4 m.kr. frá 1995. Fjárveiting til einstakra liða breytist lítið milli ára og ræðst nær eingöngu af gengisbreytingum. Við bætist eitt nýtt viðfangsefni *391 1.15 Sjávarútvegsháskóli Sameinuðu þjóðanna* og eru 3,5 m.kr. veittar til þessa verkefnis. Þetta framlag er ætlað til þess að Háskóli Sameinuðu þjóðanna, sem staðsettur er í Tokyó, geti gert undirbúningskönnun að því hvort hægt verði að stofna útibú frá Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi fyrir vísindamenn frá þróunarlöndunum sem stunda munu framhaldsnám í sjávarútvegsfræðum. Fjárveiting á liðnum *391 1.30 Ýmis framlög til þróunarmála* lækkar um 3,5 m.kr. í 10,6 m.kr.

401 ***Alþjóðastofnanir.*** Fjárveitingar á þessum fjárlagalið nema 405,8 m.kr. og hækka um 45,8 m.kr. Þessum fjárveitingum má skipta í þrennt: Framlög til friðargæsluverkefna, framlög í tengslum við EFTA og önnur framlög til alþjóðastofnana. Framlög til friðargæsluverkefna lækka en á móti kemur veruleg hækkun til verkefna tengdum EFTA og einnig á framlögum til ýmissa alþjóðastofnana.

Framlög til friðargæsluverkefna nema 58 m.kr. og lækka um 23,9 m.kr. sem aðallega felst í lægri framlögum til friðargæslu á Balkanskaga, Sómalíu og Mósambík. Stofnað er til nokkurra nýrra friðargæsluverkefna; á Kýpur, á Haití, í Georgíu, Tadsjíkistan og Gvatemala. Framlag til friðargæslu í Úganda fellur niður.

Framlög í tengslum við EFTA nema 213,2 m.kr. og hækka um 55,5 m.kr. Sú hækkun stafar af því að aðildarþjóðum í EFTA hefur fækkað sem kunnugt er og því verða þær þrjár þjóðir sem eftir eru að standa að rekstri EFTA og tengdum stofnunum.

Önnur framlög til alþjóðastofnana ná yfir ýmis framlög til stofnana á alþjóðavettvangi sem Ísland er aðili að. Við bætist eitt viðfangsefni, *401 1.35 Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið og Barentsráðið* og nemur framlag til þessara þriggja verkefna 9,1 m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld landbúnaðarráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	105,6	107,7	112,0	4	6
Landbúnaðarstofnanir	498,9	496,3	540,6	9	8
Skógrækt og landgræðsla	426,8	405,1	410,2	1	-4
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	5.285,1	5.319,0	5.120,5	-4	-3
Ýmis framlög	723,7	584,8	553,9	-5	-23
Samtals	**7.040,1**	**6.912,9**	**6.737,2**	**-3**	**-4**
Rekstrarkostnaður	931,4	827,2	858,6	4	-8
Rekstrar- og neyslutilfærslur	5.915,2	5.918,8	5.679,8	-4	-4
Stofnkostnaður og viðhald	193,5	166,9	198,8	19	3
Samtals	**7.040,1**	**6.912,9**	**6.737,2**	**-3**	**-4**

Heildarútgjöld landbúnaðarráðuneytisins eru áætluð 6.737 m.kr. á næsta ári samanborið við 6.913 m.kr. í fjárlögum 1995 og lækka um 4% að raungildi milli ára. Munar þar mest um

lækkun rekstrar- og neyslutilfærslna og greiðslna vegna búvöruframleiðslu samkvæmt gildandi búvörusamningi.

Rekstrarkostnaður ráðuneytisins er áætlaður 859 m.kr. á næsta ári en það er um 31 m.kr. hækkun frá fjárlögum ársins 1995. Hækkun launagjalda vegna kjarasamninga nemur 64 m.kr. en á móti kemur lækkun í rekstrarkostnaði stofnana sem nánar verður vikið að hér á eftir. Má þó nefna fyrirhugaða sameiningu hluta Veiðimálastofnunar, Rannsóknastöðvarinnar á Mógilsá og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins í eina rannsóknamiðstöð sem er liður í yfirlýstri stefnu landbúnaðarráðherra að sameina rannsóknir í landbúnaði.

Fjárveiting til viðhalds og stofnkostnaðar hækkar um 32 m.kr. milli ára og verður 199 m.kr. Hækkun er fyrst og fremst vegna endurbyggingar og viðhalds skólahússins á Hólum en gert er ráð fyrir að verja 47 m.kr. til þess verks á árinu 1996. Er framkvæmdin í samræmi við þjónustusamning milli landbúnaðarráðuneytis og Bændaskólans á Hólum.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast eftirtaldir fjárlagaliðir: 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé. Heildarframlagið á árinu 1996 verður 112 m.kr. og er nær óbreytt að raungildi frá yfirstandandi ári. Framlag til aðalskrifstofu hækkar um 2 m.kr. vegna starfsmanns ráðuneytisins í sendiráði Íslands í Brussel.

Gert er ráð fyrir að á næsta ári miðist árgjald til Norður-Atlantshafslaxveiðinefndarinnar, NASCO, einungis við stangveiddan lax en áður hafði árgjaldið einnig tekið mið af veiddum hafbeitarlaxi. Framlagið til NASCO lækkar þannig um helming og verður 2,7 m.kr. á árinu 1996.

Landbúnaðarstofnanir

Þessi málefnaflokkur nær til fjárlagaliðanna 211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins; 221 Veiðimálastofnun; 233 Yfirdýralæknir; 236 Aðfangaeftirlit ríkisins; 261 Bændaskólinn á Hvanneyri; 271 Bændaskólinn á Hólum; 238 Garðyrkjuskóli ríkisins og 293 Hagþjónusta landbúnaðarins. Heildarfjárveiting til málefnaflokksins nemur 540,6 m.kr. og hækkar um 4% að raungildi. Í eftirfarandi yfirliti er sýnd skipting fjárveitinga einstakra stofnana.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	141,5	133,7	130,8	-2	-8
Veiðimálastofnun	39,2	38,5	35,0	-9	-11
Yfirdýralæknir	109,4	108,3	103,3	-5	-6
Aðfangaeftirlit ríkisins	0,0	0,0	0,0	.	.
Bændaskólinn á Hvanneyri	86,2	78,9	83,6	6	-3
Bændaskólinn á Hólum	62,5	74,3	120,5	62	93
Garðyrkjuskóli ríkisins	48,7	51,4	54,7	6	12
Hagþjónusta landbúnaðarins	11,3	11,2	12,7	13	12
Samtals	**498,8**	**496,3**	**540,6**	**9**	**8**

211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Framlag til stofnunarinnar verður 130,8 m.kr. á árinu 1996 og lækkar að raungildi um 9,2 m.kr. Stefna landbúnaðarráðherra er að sameina rannsóknir í landbúnaði undir einni stofnun. Liður í þessu er að stefnt er að því að færa rannsóknir í fiskeldi og fiskirækt ásamt rannsóknum í skógrækt og landgræðslu til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins sem fær heitið Rannsóknamiðstöð landbúnaðar-

ins. Við meðhöndlun fjárlagafrumvarpsins á Alþingi verður nánari grein gerð fyrir þessum breytingum og sameiningu landbúnaðarrannsókna í eina miðstöð. Á árinu 1996 er m.a. fyrirhugað að færa fiskeldisverkefni, sem nú eru unnin í straumfræðihúsi stofnunarinnar, í tilraunastöð Veiðimálastofnunar í fiskeldi í Kollafirði og gera rannsóknastöð Skógræktar ríkisins að Mógilsá að hluta af hinni nýju rannsóknamiðstöð.

221 Veiðimálastofnun. Gert er ráð fyrir að framlag til stofnunarinnar lækki um 5 m.kr. að raunvirði milli áranna 1995 og 1996 eða um 13%. Sem lið í yfirlýstri stefnu landbúnaðarráðherra um sameiningu rannsókna í landbúnaði er áformað að sameina hluta stofnunarinnar Rannsóknamiðstöð landbúnaðarins en embætti veiðimálastjóra, þ.e. yfirstjórn veiðimála, flyst til landbúnaðarráðuneytisins í samræmi við lög nr. 63/1994, um lax- og silungsveiði. Fellur Veiðimálastofnun þá niður sem sérstakur fjárlagaliður.

233 Yfirdýralæknir. Á árinu 1996 verða framlög til embættisins 103,3 m.kr. og lækka að raunvirði um 10,6%, einkum vegna þess að framlög til sauðfjárveikivarna lækka um 10 m.kr. og verða 30 m.kr. Lækkunin kemur einnig til vegna endurskipulagningar á starfsemi héraðsdýralækna.

271 Bændaskólinn á Hólum. Í júní 1995 var gerður samningur milli landbúnaðarráðuneytis og Bændaskólans á Hólum, svonefndur þjónustusamningur. Í samningnum er annars vegar kveðið á um áherslur sem ráðuneytið setur starfsemi skólans og þann árangur sem skólinn skuldbindur sig til að ná og hins vegar um sjálfstæði og fjárveitingar til handa skólanum. Samningurinn er umgjörð um samskipti þessara aðila en breytir hvorki ábyrgð ráðherra gagnvart Alþingi á rekstri skólans né þeim stjórnsýsluskyldum sem skólinn hefur lögum samkvæmt. Fjárhagshlið samningsins er staðfest af fjármálaráðuneytinu sem ábyrgðaraðila fyrir útgjöldum ríkissjóðs. Samkvæmt samningnum hækkar framlagið til Bændaskólans á Hólum um 46,2 m.kr. Skýrist sú hækkun að mestu af þeim hluta samningsins sem snýr að framkvæmdum og viðhaldi á mannvirkjum og búnaði skólans. Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður við endurbyggingu og viðhald skólahússins á Hólum nemi alls 72 m.kr. þar af koma 47 m.kr. til greiðslu á árinu 1996.

Skógrækt og landgræðsla

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 311 Landgræðsla ríkisins; 321 Skógrækt ríkisins og 331 Héraðsskógar. Heildarframlag nemur 410,2 m.kr. samanborið við 405,1 m.kr. í fjárlögum 1995.

311 Landgræðsla ríkisins. Framlag til stofnunarinnar nemur 199 m.kr. á árinu 1996 og lækkar um 3% að raungildi. Framlag til fyrirhleðslna lækkar um 2 m.kr. og verður 16,8 m.kr. á árinu 1996. Auk þess er stofnuninni ætlað að draga úr kostnaði sem nemur tæpum 4 m.kr. Rannsóknir í landgræðslu flytjast að hluti til hinnar nýju rannsóknamiðstöðvar, eins og fram er komið.

321 Skógrækt ríkisins. Á árinu 1996 er gert ráð fyrir að til Skógræktar ríkisins renni 157 m.kr. og samsvarar það til tæplega 5% raunlækkunar frá fjárlögum 1995. Sem lið í áðurnefndri stefnu landbúnaðarráðherra um sameiningu rannsókna í landbúnaði er áformað að sameina Rannsóknastöðina á Mógilsá ásamt tilraunastöð í landgræðslu í Gunnars-

holti, Rannsóknamiðstöð landbúnaðarins. Með því að sameina rannsóknir í landgræðslu og skógrækt verður unnt að ná fram hagræðingu og meiri samhæfingu í rannsóknum og rekstri stofnananna.

Greiðslur vegna búvöruframleiðslu

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu og 805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu. Heildarframlag nemur 5.122 m.kr. samanborið við 5.319 m.kr. í fjárlögum 1995. Að raunvirði lækkar framlagið um 4%.

801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu. Framlag nemur 2.612 m.kr. á næsta ári samanborið við 2.616 m.kr. í fjárlögum 1995. Gert er ráð fyrir að greiðslumark í mjólkurframleiðslu verði óbreytt milli ára eða 101 milljón lítra. Beinar greiðslur til bænda eru áætlaðar 24,62 kr. á lítra eða 2.517 m.kr. alls og hækka um 15 m.kr. frá fjárlögum 1995. Þá nemur framlag til Lífeyrissjóðs bænda 93,5 m.kr. á árinu 1996 sem er 5,5 m.kr. lækkun frá yfirstandandi ári vegna lækkunar á innborguðum iðgjöldum í sjóðinn.

805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu. Framlag nemur 2.510 m.kr. á næsta ári samanborið við 2.703 m.kr. í fjárlögum 1995. Framlagið tekur mið af gildandi búvörusamningi en sauðfjárhluti hans er til endurskoðunar um þessar mundir. Forsendur þær sem útreikningur framlagsins byggist á geta því breyst. Að óbreyttum búvörusamningi er gert ráð fyrir að beinar greiðslur til bænda lækki um 217 m.kr. frá fjárlögum 1995 eða úr 1.637 m.kr. í 1.420 m.kr. Forsenda við útreikninga er að greiðslumark í sauðfjárframleiðslu verði 6.780 tonn á næsta ári samanborið við 7.820 tonn á árinu 1995. Lækkunin milli ára tekur mið af heildarneyslu á árinu 1994 og neysluþróun á fyrri helmingi þessa árs samkvæmt vinnureglum við ákvörðun greiðslumarks sauðfjár sem samþykktar voru í september 1993. Framlag vegna niðurgreiðslu á ull, 250 m.kr., helst óbreytt milli ára. Hið sama gildir um 290 m.kr. framlag vegna vaxta- og geymslukostnaðar. Hins vegar hækkar framlag til uppkaupa á fullvirðisrétti samkvæmt samningum frá árinu 1991 um 10 m.kr. og verður 470 m.kr. á árinu 1996 en helst óbreytt að raunvirði. Þá ákvað ríkisstjórnin á grundvelli niðurstöðu nefndar um málefni Lífeyrissjóðs bænda að framlag ríkisins til sjóðsins skuli taka mið af framleiðsluverðmæti allra búgreina en ekki eingöngu þeim búgreinum sem falla innan búvörusamningsins. Af þeim sökum verður framlag áranna 1993 - 1995 leiðrétt og hækkað um 38 m.kr. Þar af koma 14 m.kr. til greiðslu á árinu 1996. Framlag til Lífeyrissjóðs bænda nemur því 80 m.kr. samanborið við 66 m.kr. í fjárlögum 1995. Náist samkomulag í þeim viðræðum sem nú fara fram milli Bændasamtaka Íslands og ríkisvaldsins um breytingar á búvörusamningi mun það leiða til breytinga á ofangreindum fjárlagaliðum sem taka verður tillit til við meðhöndlun fjárlagafrumvarpsins á Alþingi.

Ýmis framlög

Til þessa málefnaflokks teljast eftirtaldir fjárlagaliðir: 811 Bændasamtök Íslands; 821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins; 831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins; 841 Fiskeldisrannsóknir; 851 Greiðslur vegna riðuveiki og 891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði.

Heildarframlag nemur 582 m.kr. og lækkar um tæp 12% að raungildi frá fjárlögum 1995. Framlag til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins nemur 200 m.kr. og lækkar um 50 m.kr. í samræmi við ákvæði búvörusamnings. Úr sjóðnum eru veittir styrkir og lán til framleiðni-

aukningar og hagræðingar í landbúnaði og atvinnurekstrar á bújörðum. Í því sambandi má nefna rannsóknir og framkvæmdir er miða að lækkun framleiðslu- og dreifingarkostnaðar svo og uppbyggingu ferðaþjónustu bænda. Framlag til Bændasamtaka Íslands lækkar um tæpar 10 m.kr. að raungildi og greiðslur vegna riðuveiki lækka um 5 m.kr. Tekinn er upp nýr fjárlagaliður *Sérstakar greiðslur í landbúnaði.* Unnið er að sérstöku átaki í framleiðslu og markaðssetningu lífrænna afurða. Fyrirhugað er að átakið standi yfir árin 1995 til 1998 og munu 25 m.kr. verða veittar á árinu 1996 vegna þessa.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Útgjöld sjávarútvegsráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	172,6	202,0	214,2	6	24
Rannsókna- og eftirlitsstofnanir	751,7	908,9	971,0	7	29
Samtals	**924,3**	**1.110,9**	**1.185,2**	**7**	**28**
Rekstrarkostnaður	717,1	887,0	969,4	9	35
Neyslu- og rekstrartilfærslur	95,8	106,7	98,6	-8	3
Stofnkostnaður og viðhald	111,4	117,2	117,2	0	5
Samtals	**924,3**	**1.110,9**	**1.185,2**	**7**	**28**

Heildarframlag til sjávarútvegsráðuneytisins nemur 1.185 m.kr. og hækkar um 7% frá fjárlögum 1995. Framlög til aðalskrifstofu ráðuneytisins, Fiskistofu og Hafrannsóknastofnunar hækka en falla niður til Fiskifélags Íslands.

Ráðuneyti

Fjárlagaliðirnir 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni; 199 Ráðstöfunarfé ráðherra og 221 Verðlagsráð sjávarútvegsins tilheyra þessum málefnaflokki. Samtals eru 214 m.kr. ætlaðar í þennan málefnaflokk og hækkar hann um 12 m.kr. frá árinu áður. Framlag til *101 Aðalskrifstofu* hækkar um 10 m.kr., þar hefur bæst við nýtt viðfangsefni, *1.11 Fiskveiðisamningar.* Fjárveiting nemur 6 m.kr. og er ætluð til að kosta samninga um fiskveiðimálefni.

190 Ýmis verkefni. Framlag á þessum fjárlagalið nær til tólf viðfangsefna og nemur heildarfjárveiting 127,5 m.kr. Hækkar hún um 2 m.kr. milli ára. Til viðfangsefnisins *1.20 Eldi sjávardýra* er varið 20,1 m.kr. og er fjárveitingin ætluð til rannsóknaverkefna við fiskeldi sem valin eru af sérstökum verkefnahópi. Á liðnum *1.31 Stjórn fiskveiða* er 11,8 m.kr. fjárveiting, jafnhá og í ár. Fé þetta er notað til að vinna að hugbúnaði til að skrá og fylgjast með lönduðum afla svo og til nokkurra annarra verkefna er tengjast fiskveiðistjórn. Viðfangsefnið *1.32 Starfsmenntun, markaðsöflun og tilraunir í sjávarútvegi* tekur til ýmissa verkefna. Fjárveiting nemur 28,6 m.kr. og rennur aðallega til starfsmenntunar fyrir fiskverkafólk og samstarfsverkefna á vegum ráðuneyta sjávarútvegs, iðnaðar og menntamála, auk annarra smáverkefna. Undir viðfangsefninu *1.42 Verktakasamningur um upplýsingaöflun* er 21,2 m.kr. framlag og lækkar það um 10 m.kr. frá þessu ári. Með fé þessu er ætlað að greiða fyrir öflun gagna.

Með lögum nr. 84/1995, um úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, var skiptaverðsnefnd leyst af hólmi. Hlutverk úrskurðarnefndar er að ákvarða fiskverð í vissum nánar skilgreindum tilfellum við uppgjör á aflahlut áhafna einstakra skipa. Ákvörðun er tekin á grundvelli ítarlegra gagna um fiskverð sem úrskurðarnefnd skal afla. Framlag til hinnar nýju nefndar nemur 8,3 m.kr. Með lögum nr. 83/1995, um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, voru gerðar viðamiklar breytingar á aðferðum við fiskveiðistjórnun báta minni en sex brúttórúmlestir. Samkvæmt lögunum er stofnuð sérstök kærunefnd smábáta og er framlag til starfs hennar 2,5 m.kr. Í bráðabirgðaákvæði sömu laga segir að sjávarútvegsráðuneytinu beri að vinna að könnun á kostum fiskveiðistjórnunar með aðstoð fjareftirlits er byggist á sjálfvirkum búnaði um borð í fiskiskipum. Eru 9 m.kr. veittar til þessa verkefnis. Loks hækkar framlag á viðfangsefninu *1.52 Alþjóðahafrannsóknir* um 4 m.kr. í 14,4 m.kr. vegna aukinna þátttökugjalda í alþjóðastofnunum sem sjávarútvegsráðuneytið á aðild að.

Rannsókna- og eftirlitsstofnanir

Eftirtaldir fjárlagaliðir heyra undir þennan málefnaflokk: 202 Hafrannsóknastofnun; 203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins; 204 Fiskistofa; 272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins og 901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna. Fjárlagaliður 201 Fiskifélag Íslands fellur brott. Bein fjárveiting til Fiskifélagsins fellur niður.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fiskifélag Íslands	5,7	5,0	-	.	.
Hafrannsóknastofnun	392,6	613,6	647,8	6	65
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	105,4	91,5	94,8	4	-10
Fiskistofa	151,3	109,7	135,8	24	-10
Ríkismat sjávarafurða	0,9	-	-	.	.
Bygging rannsóknast. sjávarútvegsins	25,0	21,0	21,0	0	-16
Skrifstofa rannsóknast. sjávarútvegsins	70,7	68,1	71,6	5	1
Samtals	**751,6**	**908,9**	**971,0**	**7**	**29**
Rekstrarkostnaður	625,4	782,7	844,8	8	35
Neyslu- og rekstrartilfærslur	14,8	9,0	9,0	0	-39
Stofnkostnaður og viðhald	111,4	117,2	117,2	0	5
Samtals	**751,6**	**908,9**	**971,0**	**7**	**29**

*202 **Hafrannsóknastofnun.*** Á Hafrannsóknastofnun er unnið að rannsóknum á göngum og stofnsveiflum íslenskra sjávardýra og áhrifum þeirra á aflamagn, veiðihorfur og hámarksnýtingu. Eitt meginhlutverk stofnunarinnar er að veita íslenskum stjórnvöldum ráðgjöf í tengslum við ákvörðun um leyfilegan heildarafla helstu nytjastofna. Við stofnunina starfa 110 manns auk 30 manna í áhöfnum á þremur rannsóknaskipum og tveim bátum stofnunarinnar. Þá eru starfrækt fimm útibú auk tilraunastöðvar að Stað í Grindavík. Stofnunin tekur þátt í víðtæku erlendu samstarfi, einkum á vettvangi Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES). Fjárveiting til stofnunarinnar nemur 648 m.kr. og hækkar um 34,2 m.kr. eða 6% milli ára. Tekið er upp nýtt viðfangsefni, *1.51 Ársfundur Alþjóðahafrannsóknaráðsins, ICES*, og er framlag til þess 9 m.kr. en fundurinn verður haldinn á Íslandi á næsta ári.

203 ***Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.*** Heildarfjárveiting til stofnunarinnar nemur 94,8 m.kr. og hækkar um 3,3 m.kr. eða 4% milli ára. Heildargjöld hækka um 8,1 m.kr. en gert er ráð fyrir að sértekjur, sem að hluta til er útseld vinna, hækki um 5,3 m.kr. Hvor tveggja hækkunin endurspeglar launahækkanir. Starfsemi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins hefur dregist saman undanfarin ár þar sem einkareknar skoðunarstofur hafa að hluta tekið við hlutverki hennar.

204 ***Fiskistofa.*** Til Fiskistofu er varið 135,8 m.kr. og hækkar framlagið um 26,1 m.kr. eða 24% milli ára. Hækkunin kemur til af auknum húsaleigukostnaði og kostnaði við reglugerð ESB um eftirlit með sjávarafurðum á landamærum. Gert er ráð fyrir að sértekjur af veiðieftirlitsgjaldi hækki um 5,9 m.kr. en því er ætlað að standa undir auknum kostnaði Fiskistofu af veiðieftirliti.

205 ***Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins.*** Framlag nemur 21 m.kr. og rennur til áframhaldandi endurbóta á Sjávarútvegshúsinu við Skúlagötu. Á árunum 1991 til 1995 hafa samtals verið veittar um 125 m.kr. úr ríkissjóði til endurbóta á húsinu til viðbótar við rúmlega 65 m.kr. framlag af tekjum Happdrættis Háskóla Íslands.

901 ***Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna.*** Framlag nemur 71,6 m.kr. og hækkar um 3,5 m.kr. Hækkunin rennur öll til rekstrar og er eingöngu vegna launabreytinga; framlag til viðhalds er óbreytt.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Útgjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	124,7	166,6	157,1	-6	26
Dómsmál	523,8	550,7	588,8	7	12
Löggæslustofnanir og öryggismál	2.385,4	2.119,6	2.062,7	-3	-14
Sýslumenn	2.052,3	2.025,4	2.127,8	5	4
Fangelsismál	433,4	431,0	478,7	11	10
Kirkjumál	466,4	450,7	520,9	16	12
Samtals	**5.986,0**	**5.744,0**	**5.936,0**	**3**	**-1**
Rekstrarkostnaður	5.091,9	5.063,7	5.505,5	9	8
Neyslu- og rekstrartilfærslur	32,5	37,3	67,5	81	108
Viðhald og stofnkostnaður	861,6	643,0	363,0	-44	-58
Samtals	**5.986,0**	**5.744,0**	**5.936,0**	**3**	**-1**

Áætluð rekstrarútgjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis hækka um rúmlega 440 m.kr. og verða 5.505,5 m.kr. Að frátalinni hækkun launagjalda vegna kjarasamninga er raunhækkun tæplega 100 m.kr. Hækkunina má að mestu að rekja til þriggja stofnana. Framlag til Lögreglustjórans í Reykjavík hækkar um 30 m.kr. og tekur sú hækkun mið af rauntölum fyrri ára fremur en að um aukna starfsemi sé að ræða. Framlag til Fangelsismálastofnunar hækkar um rúmlega 50 m.kr. að raungildi, m.a. vegna reksturs á nýja fangelsinu að Litla-

Hrauni og vegna halla frá fyrra ári. Að lokum hækkar framlag til Biskupsstofu vegna launa presta og prófasta um 35 m.kr. Aðrir smærri liðir hækka einnig en á móti lækkar framlag vegna kosninga um 25 m.kr. en framlag var hækkað verulega í fjárlögum þessa árs vegna kosninga til Alþingis.

Lagt er til að neyslu- og rekstrartilfærslur verði 67,5 m.kr. á næsta ári en það er rúmlega 30 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Af þeirri fjárhæð skýrast um 15 m.kr. af nýjum fjárlagalið, *325 Neyðarsímsvörun*, en til þessara útgjalda er stofnað í kjölfar laga nr. 25/1995, um samræmda neyðarsímsvörun. Tilfærslur undir fjárlagalið Fangelsismálastofnunar hækka um tæpar 6 m.kr. sem skýrist að mestu af breyttri framsetningu gjalda. Dagpeningar fanga voru áður færðir á gjaldategundina önnur gjöld en eru nú færðir á tilfærslur. Að lokum hækkar framlag til Kristnisjóðs um 9 m.kr.

Framlag til viðhalds og stofnkostnaðar lækkar um 280 m.kr. milli ára og verður 363 m.kr. Lækkunin skýrist að verulegu leyti af 240 m.kr. lækkun framlags til Landhelgisgæslunnar, þar sem kaup á nýrri þyrlu hafa farið fram. Skýrir það einnig að verulegum hluta lækkun frá reikningsniðurstöðu 1994. Að lokum lækkar framlag til fangelsisbygginga um 45 m.kr. Á móti framangreindum lækkunum hækka framlög til húsnæðis og búnaðar dómstóla og til ýmissa smærri liða. Í 6. gr. fjárlagafrumvarpsins er leitað heimildar til að selja hlutabréf ríkissjóðs í Bifreiðaskoðun Íslands hf. og verja allt að 50 m.kr. af söluandvirði þeirra til stofnframkvæmda og fasteignakaupa. Gert er ráð fyrir að verja þessu fé með eftirfarandi hætti: Húsnæði Héraðsdóms Suðurlands 10 m.kr., húsnæði sýslumanns í Stykkishólmi 5 m.kr., húsnæði sýslumanns á Selfossi 10 m.kr. og fangelsisbyggingar 25 m.kr.

Hér á eftir er fjallað um einstaka málefnaflokka og fjárlagaliði þar sem tilefni er til.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 101 Aðalskrifstofa; 102 Stjórnartíðindi; 103 Lagasafn; 111 Kosningar; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Framlag til þessa málefnaflokks lækkar um 9,5 m.kr. og er áætlað 157,1 m.kr. á næsta ári. Breytingar umfram hækkun launa vegna kjarasamninga má nær eingöngu rekja til tveggja fjárlagaliða. Á þessu ári fóru fram kosningar til Alþingis og voru ætlaðar 35 m.kr. til að standa straum af þeim. Á næsta ári lýkur yfirstandandi kjörtímabili forseta Íslands og er áætluð 10 m.kr. fjárveiting vegna forsetakosninga. Fjárlagaliðurinn *111 Kosningar* lækkar því um 25 m.kr. Á móti hækkar framlag til fjárlagaliðarins *190 Ýmis verkefni* um tæpar 8 m.kr., aðallega vegna tveggja viðfangsefna. Samkvæmt ákvæði laga nr. 55/1994, um samfélagsþjónustu, er manni, sem hefur verið dæmdur í allt að þriggja mánaða óskilorðsbundna refsivist, heimilt að fullnusta dóminn með ólaunaðri samfélagsþjónustu í stað refsivistar. Dómsmálaráðherra skipar þriggja manna nefnd til að taka ákvörðun um hvort orðið verði við umsókn um samfélagsþjónustu. Kostnaður að fjárhæð 5 m.kr. er vegna starfa samfélagsþjónustunefndarinnar en auk þess er gert ráð fyrir að hún muni ráða starfsmann. Við bætist nýtt viðfangsefni, *1.15 Rannsókn á heimilisofbeldi*. Á árinu 1994 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um rannsókn á heimilisofbeldi o.fl. Í samræmi við tillöguna hefur dómsmálaráðherra skipað nefnd og hefur hún gert tillögur um hvernig skuli staðið að rannsóknum á heimilisofbeldi. Veittar eru 2 m.kr. til þessa verkefnis. Aðrir liðir breytast ekkert eða óverulega.

Dómsmál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 201 Hæstiréttur; 211-218 Héraðsdómstólar; 231 Málskostnaður í opinberum málum; 232 Opinber réttaraðstoð; 290 Dómsmál, ýmis kostnaður og 291 Húsnæði og búnaður dómstóla.

Rekstrarframlag til þessa málefnaflokks hækkar um 23,1 m.kr. og verður 476,8 m.kr. á næsta ári. Hækkun er að mestu tilkomin vegna kjarasamninga en nokkrar innbyrðis breytingar verða milli fjárlagaliða. Fjárveiting til flestra héraðsdómstóla hækkar lítillega með hliðsjón af rauntölum síðasta árs en á móti kemur 1,4 m.kr. lækkun til fjárlagaliðarins *290 Dómsmál, ýmis kostnaður*. Framlag hækkar aftur á móti vegna nýs viðfangsefnis, *1.15 Lögfræðiþjónusta neyðarmóttöku vegna nauðgana*, og er fjárveiting 2 m.kr. Þjónusta þessi er í tengslum við neyðarmóttöku á Borgarspítala. Áætluð rekstrarútgjöld annarra fjárlagaliða breytast ekki.

Framlag til fjárlagaliðarins *291 Húsnæði og búnaður dómstóla* verður 112 m.kr. samanborið við 97 m.kr. á þessu ári. Fjárveiting til byggingar Hæstaréttarhúss hækkar um 10 m.kr. og verður 100 m.kr. Gert er ráð fyrir að byggingunni ljúki 1996. Samkvæmt verkáætlun verður búið að ráðstafa 380 m.kr. í lok þessa árs til verkefnisins en heildarkostnaður er áætlaður 480 m.kr. með lausum innréttingum öðrum en tölvubúnaði. Tekið er inn nýtt viðfangsefni, *6.17 Húsnæði Héraðsdóms Suðurlands*, og er fjárveiting 5 m.kr. Leigusamningur um núverandi húsnæði dómstólsins rennur út á miðju ári 1997. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort ráðist verður í byggingu eða kaup á húsnæði fyrir héraðsdóminn. Eins og fram kemur í inngangi að umfjöllun um ráðuneytið er gert ráð fyrir að verja allt að 50 m.kr. af söluandvirði hlutabréfa ríkissjóðs í Bifreiðaskoðun Íslands hf. til stofnframkvæmda og fasteignakaupa. Af þeirri fjárhæð er áætlað að 10 m.kr. renni til Héraðsdóms Suðurlands til viðbótar við þær 5 m.kr. sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Löggæslustofnanir og öryggismál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 301 Ríkissaksóknari; 302 Rannsóknarlögregla ríkisins; 305 Lögregluskóli ríkisins; 311 Lögreglustjórinn í Reykjavík; 321 Almannavarnir ríkisins; 325 Neyðarsímsvörun; 331 Umferðarráð; 341 Áfengis- og fíkniefnamál; 390 Ýmis löggæslukostnaður; 391 Húsnæði löggæslustofnana og 395 Landhelgisgæsla Íslands.

Rekstrarkostnaður, að meðtöldum neyslu- og rekstrartilfærslum, hækkar um 10% milli ára og er áætlaður 1.998 m.kr. Skýringa umfram hækkun launagjalda vegna kjarasamninga er að leita til rekstrar *Lögreglustjórans í Reykjavík* og *Landhelgisgæslu Íslands*. Að auki bætist við nýr fjárlagaliður, *325 Neyðarsímsvörun*, og er fjárveiting til hans 15 m.kr.

Lagt er til að veittar verði 64,5 m.kr. á næsta ári til viðhalds og stofnkostnaðar en það er 239 m.kr. lækkun milli ára. Skýringin er lækkun framlags til *Landhelgisgæslu Íslands* sem nánar er gerð grein fyrir hér á eftir. Fjárveiting til kaupa á ýmsum tækjabúnaði fyrir lögreglu er nýr liður og nemur 7 m.kr. og að lokum lækkar framlag til *Almannavarna* og *Umferðarráðs* vegna breyttrar framsetningar en fjárveiting til tækjakaupa er nú færð sem eignakaup í rekstri.

Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

311 Lögreglustjórinn í Reykjavík. Rekstrarframlag er áætlað 976,5 m.kr. á næsta ári og hækkar að raungildi um 30 m.kr. Er það gert með hliðsjón af rauntölum fyrri ára en það er mat forstöðumanna embættisins og dómsmálaráðuneytis að ekki sé hægt að reka það

fyrir lægra framlag en hér er gert ráð fyrir án þess að það leiði til skerðingar á þjónustu. Ekki er því um breytingu á rekstrarumfangi að ræða. Framlag til tækja-, búnaðar- og bifreiðakaupa er óbreytt eða alls 20 m.kr.

325 ***Neyðarsímsvörun.*** Þetta er nýr fjárlagaliður og er til kominn vegna nýrra laga nr. 25/1995, um samræmda neyðarsímsvörun. Í lögunum segir að koma skuli upp samræmdri neyðarsímsvörun fyrir Ísland til að sinna viðtöku neyðartilkynninga um fólk og eignir og beiðnum um aðstoð lögreglu, slökkviliðs, björgunarsveita og sjúkraflutningsliðs og aðra neyðaraðstoð. Að því marki sem kostnaður við uppbyggingu og rekstur vaktstöðva er ekki greiddur af tekjum fyrir selda þjónustu skal hann greiddur að hálfu af ríkissjóði og að hálfu af sveitarfélögum. Fjárveiting er 15 m.kr. og er ætluð til reksturs vaktstöðva en gert er ráð fyrir uppbyggingu eftir því sem öflun tekna veitir svigrúm til.

395 ***Landhelgisgæsla Íslands.*** Rekstrarframlag hækkar um 45,7 m.kr. og verður 686,6 m.kr. á næsta ári. Sértekjur hækka um 17 m.kr. með hliðsjón af rauntölum síðustu ára. Áætluð heildarrekstrarútgjöld hækka því um 62,7 m.kr. og er hækkun að frádregnum launabótum um 27 m.kr. Í rekstraráætlun stofnunarinnar fyrir árið 1995 er gert ráð fyrir 1400 flugtímum þyrlna og flugvéla og 26,6 úthaldsmánuðum varðskipanna. Heildarkostnaður er áætlaður rúmlega 615 m.kr. Á árinu 1996 er gert ráð fyrir 24 úthaldsmánuðum varðskipanna og fer sparnaður vegna fækkunar úthaldsmánaða og áðurnefnd hækkun á rekstrarútgjöldum til þyrlureksturs. Stofnkostnaður lækkar um 243 m.kr. þar sem kaup á nýju þyrlunni TF-LÍF hafa farið fram. Eftir stendur 10 m.kr. fjárveiting til tækja- og búnaðarkaupa. Heildarkaupverð þyrlunnar var um 700 m.kr. en þjálfunarkostnaður var 10-15 m.kr. Útgjöld vegna varahluta nema nú um 60 m.kr. sem að verulegum hluta hafa farið til að byggja upp lager.

Sýslumenn

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 411-437 Sýslumenn; 490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta og 491 Húsnæði og búnaður sýslumannsembætta.

Rekstrargjöld eru áætluð um 2.020 m.kr. á næsta ári sem er hækkun um tæp 6%. Að teknu tilliti til hækkunar vegna kjarasamninga er um raunlækkun að ræða. Framlag til nokkurra sýslumannsembætta er hækkað með hliðsjón af rauntölum áranna 1993 og 1994 þar sem fjárþörf þeirra hefur verið vanáætluð að mati dómsmálaráðuneytis, m.a. vegna ofáætlaðra sértekna. Alls eru þetta rúmlega 20 m.kr. og skiptist á nokkur embætti en þar er helst að telja embættin í Reykjavík, á Hólmavík, á Blönduósi, á Seyðisfirði, á Höfn í Hornafirði, í Keflavík og Kópavogi. Á móti er ýmis rekstrarkostnaður sýslumanna lækkaður um sömu fjárhæð þannig að heildaráhrif af þessari leiðréttingu eru engin. Kostnaður vegna reksturs fangelsisins á Akureyri nemur um 13 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Gert er ráð fyrir að flytja umsjón með rekstrinum frá sýslumannsembættinu á Akureyri til Fangelsismálastofnunar.

Heildarrekstrargjöld lækka vegna fyrirhugaðrar sameiningar sýslumannsembætta frá 1. mars á næsta ári. Gert er ráð fyrir að sýslumannsembættið í Bolungarvík verði sameinað embættinu á Ísafirði og að sýslumannsembættið á Ólafsfirði verði sameinað embættinu á Akureyri. Fjárveitingar til embættanna í Bolungarvík og á Ólafsfirði lækka því verulega en munu svo falla niður að fullu á árinu 1997. Á móti þeim lækkunum hækkar framlag til em-

bættanna á Ísafirði og á Akureyri vegna rekstrar lögreglu í Bolungarvík og á Ólafsfirði. Útgjöld lækka alls um rúmlega 14 m.kr. á næsta ári vegna þessara fyrirætlana og um rúmlega 12 m.kr. til viðbótar á árinu 1997.

Framlag til fjárlagaliðarins *490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta* lækkar alls um tæpar 10 m.kr. Viðfangsefnin *1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður* og *1.21 Óviss útgjöld* lækka alls um rúmar 20 m.kr. á móti hækkunum til einstakra sýslumannsembætta eins og áður segir. Að auki er framlag til viðfangsefnisins *1.20 Kostnaður við löggæslunám* lækkað um tæplega 5 m.kr. í ljósi minnkandi aðsóknar að Lögregluskóla ríkisins. Á þetta viðfangsefni er færður kostnaður sýslumannsembætta vegna lögreglumanna sem fara til náms við skólann, þ.e. laun lögreglumannanna meðan á námi stendur og dagpeningar til þeirra sem eru frá embættum utan höfuðborgarsvæðisins. Á móti hækkar fjárlagaliðurinn um 15 m.kr. með tilkomu nýs viðfangsefnis, *1.60 Gagnalínukostnaður*, en kostnaður þessi var áður færður á fjármálaráðuneyti. Hér er um að ræða útgjöld vegna tölvutengingar sýslumanna, svo sem við Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar.

Framlag til viðhalds og stofnkostnaðar lækkar um 9 m.kr. Nýtt húsnæði sýslumannsins á Akranesi er tilbúið en frágangur innréttinga og búnaðarkaup eru áætluð um 10 m.kr. og lækkar framlagið til verkefnisins um 15 m.kr. Einnig lækkar viðfangsefnið *6.50 Breytingar á húsnæði, tölvulagnir o.fl.* um 2 m.kr. Á móti þessum lækkunum hækkar framlag til húsnæðis sýslumannsins á Seyðisfirði um 8 m.kr. en gert er ráð fyrir að ljúka við byggingu lögreglustöðvar á Vopnafirði á næsta ári. Aðrir liðir breytast ekki. Í 6. gr. fjárlagafrumvarps er leitað heimildar til að selja hlutabréf í Bifreiðaskoðun Íslands hf. eins og áður segir. Af söluandvirðinu er m.a. áætlað að 5 m.kr. renni til húsnæðis sýslumanns í Stykkishólmi og 10 m.kr. til húsnæðis sýslumanns á Selfossi.

Fangelsismál

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 501 Fangelsismálastofnun og 591 Fangelsisbyggingar.

Heildarframlag til Fangelsismálastofnunar er áætlað 423,7 m.kr. á næsta ári og hækkar um 100,7 m.kr. milli ára. Fjárveitingin skiptist sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Yfirstjórn	25,1	40,9	49,0	20	95
Rekstur fangelsa	286,8	271,4	356,0	31	24
Ýmis fangamál	8,4	10,7	10,7	-	27
Viðhald fangelsisbygginga	0,9	8,0	8,0	-	789
Samtals	**321,2**	**331,0**	**423,7**	**28**	**32**

Rekstrarframlag hækkar um tæplega 65 m.kr. að raungildi og er skýringin margþætt. Í fyrsta lagi hækkar fjárveiting um tæpar 13 m.kr. vegna flutnings á rekstri fangelsisins á Akureyri til Fangelsismálastofnunar. Í annan stað hækkar framlag um 25 m.kr. vegna reksturs á nýja fangelsinu að Litla-Hrauni en í fjárlögum þessa árs er áætlað fyrir hálfs árs rekstri. Þá eykst fjárveiting til yfirstjórnar fangelsismála um 7 m.kr. með fjölgun vistunarrýma fyrir afbrotamenn, m.a. í nýrri byggingu að Litla-Hrauni. Þar er um að ræða ýmiss konar þjónustu við fanga, svo sem sálfræðiþjónustu, en einnig annan kostnað, t.d. vegna fangaflutninga. Að lokum er gert ráð fyrir um 20 m.kr. framlagi vegna halla frá síðasta ári

en meginástæða hans var aukinn kostnaður í fangelsum á höfuðborgarsvæðinu og ofáætlaðar sértekjur á Litla-Hrauni. Þessi fjárveiting er eingreiðsla og fellur niður í fjárlögum 1997.

Framlag til fangelsisbygginga er áætlað 55 m.kr. og lækkar um 45 m.kr. Fjárveitingin er ætluð til byggingar fjölnota skála við Litla-Hraun en samkvæmt kostnaðaráætlun þarf um 150 m.kr. á næstu tveimur árum til að ljúka verkinu. Heildarkostnaður við fangelsið verður þá orðinn 380 m.kr. Í 6. gr. fjárlagafrumvarps er leitað heimildar til að selja hlutabréf í Bifreiðaskoðun Íslands hf. fyrir allt að 50 m.kr. Af söluandvirðinu er áætlað að 15 m.kr. renni til fangelsisbyggingarinnar að Litla-Hrauni og 10 m.kr. til hönnunar nýs varðhaldsfangelsis á Tunguhálsi. Áætlaður heildarkostnaður við þá byggingu er um 480 m.kr.

Kirkjumál

Til þessa málefnaflokks telst fjárlagaliðurinn 701 Biskupsstofa. Framlag er áætlað tæpar 521 m.kr. á næsta ári og skiptist á viðfangsefni sem hér segir:

	Fjárlög 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Mismunur m.kr.	Mismunur %
Yfirstjórn	36,0	38,2	2,2	6
Vígslubiskup Skálholti	3,3	4,2	0,9	27
Vígslubiskup Hólum	3,3	4,2	0,9	27
Kirkjumiðstöð Austurlands	1,6	0,2	-1,4	-88
Prestar og prófastar	364,6	425,2	60,6	17
Kristnisjóður	18,3	27,3	9,0	49
Skálholtsskóli	6,1	6,1	-	-
Skálholtsstaður	6,5	6,5	-	-
Hallgrímskirkja	6,0	6,0	-	-
Hóladómkirkja	3,0	3,0	-	-
Snorrastofa	2,0	-	-2,0	.
Samtals	**450,7**	**520,9**	**70,2**	**16**

Lagt er til að rekstrarframlag, að meðtöldum neyslu- og rekstrartilfærslum, verði 505,4 m.kr. en í því felst hækkun um tæplega 45 m.kr. að raungildi. Af þeirri fjárhæð skýrast um 36 m.kr. af raunhækkun til presta og prófasta en hún er tvíþætt. Annars vegar er gert ráð fyrir um 16 m.kr. aukningu vegna vanmats á launakostnaði presta og prófasta. Hins vegar er um að ræða eingreiðslu, tæplega 20 m.kr., vegna halla frá fyrra ári. Undanfarin ár hefur orðið umtalsverð hækkun á framlagi til presta og prófasta. Ein aðalástæða þessarar hækkunar eru þær kjarabætur sem prestar fengu með kjaranefndarúrskurði frá 1993 en þá hækkuðu föst laun allverulega. Yfirvinnugreiðslur komu til og embættiskostnaður var einnig hækkaður. Frá því að lög nr. 62/1990, um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju, gengu í gildi hefur orðið fjölgun á prestsembættum en þau voru 126 við gildistöku laganna. Árið 1994 voru heimiluð 128 föst störf en í fjárlögum 1995 eru þau 136 og er áætlað fyrir sama fjölda í frumvarpi til fjárlaga 1996. Framlag til Kristnisjóðs hækkar um 9 m.kr. og verður 27,3 m.kr. Er það í samræmi við ákvæði laga um sjóðinn en þar er m.a. kveðið á um að launakostnaður vegna niðurlagðra og ósetinna prestsembætta renni til sjóðsins. Aðrir liðir breytast óverulega.

Framlag til stofnkostnaðar verður 15,5 m.kr. og er óbreytt frá gildandi fjárlögum að því frátöldu að 2 m.kr. framlag til Snorrastofu fellur niður. Ríkisstjórnin ákvað að veita auknu fé til uppbyggingar og reksturs Snorrastofu og hefur sú fjárveiting verið vistuð í menntamálaráðuneyti. Nánar er gerð grein fyrir málefnum Snorrastofu í umfjöllun um fjárlagalið *999 Ýmislegt* undir menntamálaráðuneyti.

Auk framangreindra framlaga fær hver sókn innan þjóðkirkjunnar ákveðna hlutdeild í tekjuskatti, svokölluð sóknargjöld og kirkjugarðsgjöld. Áætlað er að þau verði 1.455 m.kr. á yfirstandandi ári og nemi um 1.515 m.kr. á næsta ári.

07 Félagsmálaráðuneyti

Útgjöld félagsmálaráðuneytisins breytast þannig milli ára:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	95,8	98,0	104,8	7	9
Húsnæðismál	918,2	928,0	600,0	-35	-35
Stjórnsýslustofnanir	143,5	150,7	166,5	10	16
Málefni barna og ungmenna	197,0	261,8	242,3	-7	23
Málefni fatlaðra	1.951,7	1.916,3	2.099,2	10	8
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	1.922,0	2.018,0	2.111,0	5	10
Vinnumál	3.206,3	3.801,4	3.795,3	-0	18
Annað	144,5	134,4	152,5	13	6
Rekstrarhagræðing	0,0	20,0	11,4	-43	.
Samtals	**8.579,0**	**9.328,6**	**9.283,0**	**-0**	**8**
Rekstrarkostnaður	1.891,2	1.805,4	2.109,9	17	12
Neyslu- og rekstrartilfærslur	5.494,8	6.540,7	6.505,1	-1	18
Stofnkostnaður og viðhald	1.193,0	982,5	668,0	-32	-44
Samtals	**8.579,0**	**9.328,6**	**9.283,0**	**-0**	**8**

Heildarútgjöld félagsmálaráðuneytisins verða 9.283 m.kr. og lækka lítillega frá fjárlögum 1995 en hækka um 8% miðað við reikning 1994.

Rekstrarkostnaður ráðuneytisins hækkar um 305 m.kr. frá fjárlögum 1995 eða 17% . Þar af má rekja um 200 m.kr. til hækkunar launa vegna kjarasamninga 1995. Að þeirri fjárhæð frádreginni má reikna hækkunina 6% sem að stærstum hluta tengist áformum um útskriftir af Kópavogshæli. Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 35 m.kr. eða 1% frá fjárlögum. Helstu breytingar verða hjá eftirtöldum stofnunum: Ábyrgðasjóður launa lækkar um 200 m.kr. og húsaleigubætur um 120 m.kr. Atvinnuleysistryggingasjóður hækkar um 176 m.kr. og Jöfnunarsjóður sveitarfélaga um 93 m.kr. Stofnkostnaður og viðhald lækkar um 314 m.kr. frá fjárlögum 1995 eða 32%. Þar veldur mestu lækkun á framlagi til Byggingarsjóðs verkamanna um 208 m.kr., framlagi til Framkvæmdasjóðs fatlaðra um 73 m.kr. og niðurfelling á 33 m.kr. fjárveitingu til byggingar og búnaðar húss fyrir móttöku- og meðferðarstöð barna og unglinga.

Heildarársverkafjöldi hjá ráðuneytinu vex um 9%. Í málefnum fatlaðra er áformaður flutningur á 37 vistmönnum frá Kópavogshæli á sambýli. Tvö heimili í Reykjavík og eitt á Reykjanesi, sem voru tekin í notkun 1995, verða rekin allt árið 1996. Nokkur fjölgun ársverka verður hjá Vinnueftirliti ríkisins og hjá stofnunum sem fara með málefni barna og ungmenna. Þar er fyrst og fremst um að ræða um flutning launaliðar frá tilfærslum í fjárlögum 1995 þar sem gert var ráð fyrir fleiri einkareknum heimilum en raun hefur orðið á. Þá er lítils háttar fjölgun hjá Vinnumálaskrifstofu ásamt leiðréttingu á fyrri launatölum svo og á aðalskrifstofu ráðuneytisins.

Ráðuneyti

Í þessum málefnaflokki eru 101 Aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé. Fjárveiting hækkar um tæplega 7 m.kr. eða 7% frá fjárlögum 1995. Er hún mest á launalið aðalskrifstofu og byggist einkum á nýju hlutastarfi á vegum ráðuneytisins í Brussel, ráðningu bílstjóra og hækkun vegna kjarasamninga.

Húsnæðismál

Til þessa málefnaflokks heyra 272 Byggingarsjóður verkamanna og 275 Húsaleigubætur. Framlag til málefnaflokksins lækkar um 328 m.kr. frá fjárlögum 1995. Framlag til Byggingarsjóðs verkamanna lækkar úr 608 m.kr. í 400 m.kr. eða um 208 m.kr. Ástæðan er fækkun lána til nýbygginga úr 420 íbúðum í áætlaðar 230 íbúðir. Eftirspurn eftir húsnæði í félagslega húsnæðiskerfinu hefur farið minnkandi á undanförnum árum og víða um land stendur félagslegt húsnæði autt. Svo virðist sem hækkun lánshlutfalls í húsbréfakerfinu í 70% fyrir þá sem kaupa sína fyrstu íbúð hafi jafnframt dregið úr eftirspurn eftir félagslegu íbúðarhúsnæði. Nánar verður fjallað um þetta í athugasemdum við B-hluta frumvarpsins. Ákvæði um húsaleigubætur eru í lögum nr. 100/1994 og tóku gildi 1. janúar 1995. Þau eru til þess sett að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra leigjenda og draga úr aðstöðumun á húsnæðismarkaðnum. Í lögunum er gert ráð fyrir sameiginlegri kostnaðarþátttöku ríkis og sveitarfélaga þannig að sveitarfélögin greiða íbúum sínum húsaleigubætur en ríkissjóður endurgreiðir þeim síðan allt að 60% af útlögðum kostnaði. Á árinu 1995 hafa mun færri sveitarfélög en gert var ráð fyrir ákveðið að greiða þessar bætur og hefur 320 m.kr. fjárveiting ársins ekki verið nýtt að fullu. Reikna má með að allt að 200 m.kr. verði eftir af henni um næstu áramót. Framlag ríkissjóðs til húsaleigubóta verður 200 m.kr. árið 1996. Farið verður í viðræður við sveitarfélög um framtíð húsaleigubótakerfisins með það að markmiði að ríkissjóður hætti þátttöku í kostnaði.

Stjórnsýslustofnanir

Til þessa málefnaflokks teljast 302 Ríkissáttasemjari; 311 Jafnréttisráð; 321 Brunamálastofnun ríkisins og 331 Vinnueftirlit ríkisins.

Framlög til þessa málefnaflokks hækka frá fjárlögum 1995 um 15,8 m.kr. eða 10%, þar af er hækkun til Vinnueftirlits ríkisins 12,5 m.kr. Rekstur Vinnueftirlitsins er fjármagnaður með hluta af tryggingagjaldi. Framlag til stofnunarinnar nemur um 130 m.kr. á árinu 1996 sem jafngildir 0,06% af tryggingagjaldsstofni. Breytingar á fjárveitingum til annarra stjórnsýslustofnana má aðallega rekja til kjarasamninga á þessu ári.

Málefni barna og ungmenna

Undir þennan málefnaflokk falla fjárlagaliðirnir 400 Málefni barna og ungmenna; 401 Barnaverndarráð og 402 Meðferðarstöð ríkisins.

Fjárveiting til málefnaflokksins verður 242,3 m.kr. á móti 261,8 m.kr. í fjárlögum 1995 og lækkar því um 19,5 m.kr. eða 7%. Felld er niður fjárveiting til stofnkostnaðar er nemur 33 m.kr. en á móti kemur 14 m.kr. hækkun á laun og launatengdar tilfærslur vegna kjarasamninga.

Í fjárlögum fyrir árið 1995 er málefnaflokkurinn að undanskildum fjárlagaliðnum Barnaverndarráð viðfangsefnaskiptur undir einum fjárlagalið, 400 Málefni barna og ungmenna. Nú er framsetningu málefnaflokksins breytt með hliðsjón af ákvæðum í nýjum lögum nr. 22/1995, um breyting á lögum nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna.

400 Málefni barna og ungmenna. Á þessum fjárlagalið eru tvö viðfangsefni: *1.01 Yfirstjórn og 1.20 Heimili fyrir börn og unglinga*. Fyrra viðfangsefnið tekur til yfirstjórnar alls málefnaflokksins og nemur fjárveiting til þess tæplega 36 m.kr. Síðara viðfangsefnið nær til meðferðarheimilanna í Árbót, á Torfastöðum, Geldingalæk og í Skagafirði, auk sambýlisins Sólheimar 17, og er ætlað til þeirra samtals 106 m.kr. á árinu 1996. Rými á hverju heimili eru fyrir 4-5 einstaklinga og heildarrýmið er því fyrir 20-25. Í fjárlögum 1995 eru fjárveitingar til þessara heimila undir fjárlagalið sem ber sama númer og heiti og þessi.

402 Meðferðarstöð ríkisins. Undir þennan fjárlagalið falla móttökudeildin í Efstasundi 86 og meðferðarheimilin að Sólheimum 7 og á Tindum á Kjalarnesi. Meðferðarheimilið á Tindum hefur verið lagt niður en í stað þess er nú rekin í Reykjavík dagdeild fyrir unga fíkniefnaneytendur. Fjárveiting til þessara stofnana er undir liðnum *400 Málefni barna og ungmenna* í fjárlögum 1995. Í fjárlögum 1995 voru veittar 33 m.kr. til byggingar húsnæðis og búnaðarkaupa fyrir móttöku- og meðferðarstöð sem ætlað er að hýsa starfsemi þeirra þriggja deilda Unglingaheimilis ríkisins sem nefndar eru hér að ofan. Á árinu 1995 var boðinn út fyrri áfangi byggingar stöðvarinnar sem valinn var staður á lóð við Fossaleynismýri í Grafarvogi. Áformað er að byggingu áfangans ljúki í nóvember 1995 en framkvæmdum við alla bygginguna um mitt ár 1996. Ekki er fjárveiting til þessarar byggingar í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1996 en áformað að fjármagna þann byggingarkostnað sem verður umfram fjárveitingu ársins 1995 með sölu fyrrnefndra eigna. Rekstrarkostnaður þessa fjárlagaliðar er áætlaður tæplega 90 m.kr. árið 1996 og gert er ráð fyrir að rekstur í nýja húsinu hefjist á síðari hluta ársins og starfsemi í öðru húsnæði verði þá hætt.

Málefni fatlaðra

Þessi málefnaflokkur nær til allra stofnana fatlaðra undir fjárlagaliðunum 700-722; 750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og 795 Framkvæmdasjóður fatlaðra. Breytingar á framlagi til stofnana fatlaðra sést á eftirfarandi yfirliti:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrarkostnaður	1.475,6	1.402,7	1.645,1	17	11
Neyslu- og rekstrartilfærslur	152,5	183,6	197,1	7	29
Framkvæmdasjóður fatlaðra	323,6	330,0	257,0	-22	-21
Samtals	**1.951,7**	**1.916,3**	**2.099,2**	**10**	**8**

Fjárveitingar til málefna fatlaðra hækka frá fjárlögum 1995 um 183 m.kr. eða 10%.

Framlög til fatlaðra árin 1991 til 1996 eru borin saman í eftirfarandi töflu. Annars vegar er tilgreindur rekstrarkostnaður að viðbættum neyslu- og rekstrartilfærslum og hins vegar stofnkostnaður. Fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs samkvæmt reikningi fyrir árin 1991-1994, samkvæmt fjárlögum 1995 og fjárlagafrumvarpi 1996. Að raungildi hafa framlög til rekstrar aukist um 21% frá árinu 1991.

Milljónir króna - verðlag hvers árs	1991	1992	1993	1994	1995	1996
Rekstur og tilfærslur	1.333	1.161	1.225	1.628	1.586	1.842
Stofnkostnaður	246	326	300	324	330	257
Samtals	**1.579**	**1.487**	**1.525**	**1.952**	**1.916**	**2.099**

Á árinu 1995 hófst rekstur þriggja heimila í Reykjavík og á Reykjanesi sem Alþingi veitti fjárveitingu til við afgreiðslu fjárlaga 1995. Heilsársrekstur þessara heimila 1996 veldur hækkun á fjárveitingu sem nemur um 22,6 m.kr. Þá hefur verið ákveðið að flytja 37 vistmenn af Kópavogshæli í nokkur sambýli og er rekstrarkostnaðurinn áætlaður 65,5 m.kr. Sú fjárhæð flyst frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Aðra hækkun á kostnaði má að mestu rekja til nýrra kjarasamninga á þessu ári.

Fjárveiting til *Framkvæmdasjóðs fatlaðra* verður 257 m.kr. Áætlaðar tekjur af erfðafjárskatti 1996 eru 390 m.kr. og rennur mismunurinn í ríkissjóð til greiðslu á kostnaði við stofnanir fatlaðra. Eins og undanfarin ár er 20 m.kr. fjárveiting úr ríkissjóði ætluð til byggingar sambýla fyrir geðfatlaða, sbr. 39. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, og er þetta fjórða greiðsla af fimm.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Samkvæmt frumvarpinu verður framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2.111 m.kr. Í fyrsta lagi 1,4% af skatttekjum ríkisins sem nemur 1.562 m.kr. og í öðru lagi fjárveiting í stað landsútsvars sem lagt var niður með niðurfellingu aðstöðugjalds. Sú fjárveiting nemur 549 m.kr. og jafngildir 0,227% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs samkvæmt 3. gr. laga nr. 124/1993, um breyting á lögum nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga. Af framlaginu eru 35 m.kr. vegna átaks um sameiningu sveitarfélaga.

Vinnumál

Undir þennan málefnaflokk heyra eftirtaldir fjárlagaliðir: 980 Vinnumálaskrifstofa; 981 Vinnumál; 982 Ábyrgðasjóður launa; 984 Atvinnuleysistryggingasjóður og 985 Félagsmálaskóli alþýðu.

981 Vinnumál. Fjárveitingar til þessa fjárlagaliðar hækka frá fjárlögum 1995 um tæplega 14 m.kr. og veldur því nýtt viðfangsefni, *1.30 Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit,* sem veitt er til 15 m.kr. Smávægilegar breytingar á öðrum viðfangsefnum valda rúmlega 1 m.kr. lækkun. Viðfangsefnið, *1.90 Ýmislegt,* samanstendur af nokkrum liðum er nema alls 28,8 m.kr. og er sá fyrirferðarmesti framlög til samtaka vinnumarkaðarins og nemur 18,6 m.kr.

982 Ábyrgðasjóður launa. Framlag til sjóðsins lækkar úr 400 m.kr. í fjárlögum 1995 í 200 m.kr. í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1996. Útgjöld sjóðsins hafa farið lækkandi allt frá stofnun hans. Gjaldstofn ábyrgðargjaldsins er sá sami og tryggingagjalds og getur gjaldið verið allt að 0,2% af gjaldstofni. Til samræmis við minnkandi útgjöld er ástæða talin til að lækka það úr 0,16% í 0,08% .

984 Atvinnuleysistryggingasjóður. Unnið er að endurskoðun á starfsemi Atvinnuleysistryggingasjóðs og vinnumiðlana. Meðal annars verði tryggt að fólki á atvinnuleysisskrá verði boðin störf og það falli af bótum ef störfin eru ekki þegin. Einnig er gert ráð fyrir

að skoða reglur um launabætur til fiskvinnslufólks. Á árinu 1996 er gert ráð fyrir 4,8% atvinnuleysi og að útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs nemi 3.760 m.kr. Af þeirri fjárhæð er reiknað með að 3.328 m.kr. fari í atvinnuleysisbætur og átaksverkefni. Framlag til sjóðsins í fjárlagafrumvarpi 1996 er áætlað 3.440 m.kr. Nánar verður fjallað um sjóðinn í B-hluta frumvarpsins.

Annað

Undir þennan málefnaflokk fellur einn fjárlagaliður, *Félagsmál, ýmis starfsemi.* Hækkun frá fjárlögum 1995 er 18,1 m.kr. eða 13%. Skýringin er að gert er ráð fyrir tveimur nýjum viðfangsefnum en þau eru: *1.53 Framkvæmd laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús og laga nr. 36/1994 um húsaleigu,* kostnaður áætlaður 2,7 m.kr. Í 79. gr. laga nr. 26/1994, um fjöleignarhús, er ákvæði um skipun kærunefndar sem sker úr um deiluefni sem upp kunna að koma milli húseigenda. Nefndarmenn eru þrír og skipaðir af félagsmálaráðherra til þriggja ára í senn. Í 84. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994 eru sömu ákvæði um skipun kærunefndar húsaleigumála. Hitt viðfangsefnið, *1.60 Verkefni á sviði húsnæðismála,* er um aðstoð við fólk sem hefur lent í alvarlegu fjárhagserfiðleikum við að eignast húsnæði og er kostnaður áætlaður 12,8 m.kr. Verður þetta væntanlega hluti af stærra verkefni til að aðstoða einstaklinga sem eiga í greiðsluerfiðleikum og verða fleiri þátttakendur um framkvæmd verkefnisins kallaðir til.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Útgjöld til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis breytast á milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	136,9	123,0	131,9	7	-4
Tryggingamál	27.499,9	26.859,6	28.716,1	7	4
Eftirlits-og stjórnsýslustofnanir	209,4	171,9	201,2	17	-4
Sjúkrastofnanir	17.004,4	16.909,7	17.861,2	6	5
Heilsugæsla	1.754,4	1.740,1	1.818,3	4	4
Annað	350,9	356,3	373,8	5	7
Rekstrarhagræðing	0,0	67,3	93,8	39	-
Samtals	**46.955,9**	**46.227,9**	**49.196,3**	**6**	**5**
Rekstrarkostnaður	18.011,6	17.744,9	19.064,6	7	6
Neyslu-og rekstrartilfærslur	27.817,6	27.267,7	29.232,9	7	5
Stofnkostnaður og viðhald	1.126,7	1.215,3	898,8	-26	-20
Samtals	**46.955,9**	**46.227,9**	**49.196,3**	**6**	**5**

Heildarútgjöld eru áætluð 49,2 milljarðar króna samanborið við 46,2 milljarða króna í fjárlögum 1995.

Talsverður sjálfvirkur vöxtur er í útgjöldum heilbrigðis- og tryggingamála sem talið er að stafi m.a. af fólksfjölgun og breytingum í aaldurssamsetningu. Einnig eru ný úrræði í læknisfræði talin hafa áhrif til aukins kostnaðar, svo sem ný lyf og hátæknibúnaður. Til að hamla vexti útgjalda er í frumvarpinu lagt til að gripið verði til ýmissa aðhaldsaðgerða. Helstu tillögur til lækkunar á rekstrarútgjöldum eru að auka sértekjur sjúkrahúsanna um 104

m.kr. með því að samræma greiðslur notenda fyrir þjónustu sem unnin er utan og innan sjúkrahúsa og endurskoða gjaldtöku fyrir glasafrjóvganir. Að auki er áformað að lækka rekstrargjöld sjúkrahúsa um 250 m.kr. með aukinni samvinnu og endurskipulagningu á sjúkrahúsaþjónustu. Loks er gerð almenn krafa til heilsugæslustöðva um hagræðingu sem nemur 2%.

Framlög til rekstrartilfærslna lækka um tæpa tvo milljarða frá því sem þau yrðu að óbreyttu. Áformað er að fjármagnstekjur skerði tekjutengdar lífeyrisbætur og í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar verði sjálfvirk tenging bóta við almenna launataxta afnumin. Þá verður tekið tillit til afnáms eingreiðslna við hækkun bótafjárhæða. Einnig er gerð tillaga um að herða reglur um eftirlit og útgreiðslur heimildarbóta. Loks er fyrirhugað að endurskoða mæðra- og feðralaun, en meðal annars til að vega á móti breytingu þessari er áformað að draga úr tekjutengingu barnabóta í skattkerfinu.

Áformað er að lækka útgjöld sjúkratrygginga um 880 m.kr. Þar af eru áform um að Framkvæmdasjóður aldraðra fjármagni 330 m.kr. af rekstri hjúkrunarheimila, lyfjaútgjöld sjúkratrygginga verði lækkuð um 330 m.kr. í kjölfar nýlegra reglna um viðmiðunarverð lyfja og að ekki fari saman greiðsluþátttaka Tryggingastofnunar og skráning nýrra lyfja til sölu á innlendum markaði. Ráðgert er að spara 100 m.kr. með bættu eftirliti, m.a. með samningum við heilbrigðisstéttir sem sjúkratryggingadeild hefur með að gera og endurskoðun á gjaldskrá fyrir meinefnarannsóknir. Loks er áformað að lækka útgjöld um 50 m.kr. með því að hætta endurgreiðslu sjúkradagpeninga til atvinnurekenda.

Stofnkostnaður er lækkaður um 316 m.kr. frá fjárlögum 1995 og er áformað að fresta nýjum framkvæmdum eftir því sem framast er kostur.

Rétt er að vekja sérstaka athygli á því að upplýsingar um reikning 1994 eru í flestum tilvikum greiðslur úr ríkissjóði til viðkomandi stofnana. Nær öll sjúkrahús og hjúkrunarheimili eru utan bókhaldskerfis ríkisins og stór hluti heilsugæslustöðva. Þannig geta útgjöld stofnana verið meiri en nemur greiðslum úr ríkissjóði ef um hallarekstur er að ræða.

Hér á eftir verður fjallað nánar um málefnaflokka ráðuneytisins og einstaka fjárlagaliði þar sem tilefni er til.

Tryggingamál

Eftirfarandi tafla sýnir helstu útgjaldaliði tryggingamála:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Yfirstjórn Tryggingastofnunar	379,7	412,6	431,1	4	14
Lífeyristryggingar	16.356,0	15.830,0	17.225,0	9	5
Sjúkratryggingar	10.114,0	9.970,0	10.460,0	5	3
Slysatryggingar	534,0	540,0	500,0	-7	-6
Eftirlaunasjóður aldraðra	116,2	107,0	100,0	-7	-14
Samtals	**27.499,9**	**26.859,6**	**28.716,1**	7	4

*201 **Tryggingastofnun ríkisins, yfirstjórn.*** Framlag til yfirstjórnar hækkar um 4,5% frá fjárlögum 1995. Rekstrargjöld yfirstjórnar hækka vegna verðlags og kjarasamninga og er reiknað með óbreyttri starfsemi á næsta ári. Á síðasta ári var umsýsla með Lífeyrissjóði sjómanna, Atvinnuleysistryggingasjóði og Ábyrgðasjóði launa flutt frá stofnuninni. Tekjur stofnunarinnar af umsýslunni voru nokkuð hærri en bókaður kostnaður og tekið

var tillit til þess í fjárlögum fyrir árið 1995. Gerðar eru tillögur um aukið eftirlit með greiðslum bóta lífeyris- og sjúkratrygginga sem munu óhjákvæmilega hafa áhrif á starfsemi yfirstjórnar.

204 Lífeyristryggingar. Í þessum hluta er fjallað sameiginlega um fjárlagaliðina 203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð og 204 Lífeyristryggingar, en fjárveitingunni er skipt á tvo liði í frumvarpinu í samræmi við að bæturnar eru greiddar samkvæmt lögum um almannatryggingar og samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Samkvæmt gildandi lögum breytast allar þessar bætur í samræmi við almennar launabreytingar. Á yfirstandandi ári hækkuðu bæturnar um 4,8% auk þess sem eingreiðslur voru reiknaðar sem sérstakt álag á fjárhæðir tekjutryggingar, heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar. Í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar, um að afnema beinar vísitöluviðmiðanir og sjálfvirka tengingu útgjalda við verðlag og laun, er áformað að hækkun bótafjárhæða almannatrygginga og laga um félagslega aðstoð verði ákveðin við afgreiðslu fjárlaga eins og gildir um breytingar á öðrum útgjöldum.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Lífeyris- og örorkubætur	13.556,5	13.130,0	14.545,0	11	7
Elli- og örorkulífeyrir	4.169,4	4.260,0	4.670,0	10	12
Tekjutrygging	6.398,2	5.945,0	6.775,0	14	6
Uppbót o.fl.	1.763,7	1.655,0	1.730,0	5	-2
Heimilisuppbót	845,1	850,0	960,0	13	14
Sérstök heimilisuppbót	177,4	180,0	180,0	0	1
Örorkustyrkur	202,7	240,0	230,0	-4	13
Barnalífeyrir	608,3	640,0	765,0	20	26
Ekkju-, ekkla- og makabætur	147,8	155,0	110,0	-29	-26
Mæðra- og feðralaun	261,7	270,0	165,0	-39	-37
Fæðingarorlof	1.174,5	1.190,0	1.190,0	0	1
Bílakaupastyrkir	126,5	160,0	160,0	0	26
Umönnunarbætur	279,3	285,0	290,0	2	4
Mismunur á rekstrar- og greiðslugrunni	201,4	-	-	.	.
Samtals	**16.356,0**	**15.830,0**	**17.225,0**	**9**	**1**

Útgjöld lífeyristrygginga hækka um 1,4 milljarð kr. frá fjárlögum 1995 en engu að síður er áformað að lækka útgjöld lífeyristrygginga um 1.115 m.kr. frá því sem ella hefði orðið. Í fyrsta lagi er í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar lagt til að lögum verði breytt þannig að verðlagsuppfærsla bóta verði ákveðin í forsendum fjárlaga og eingreiðslur felldar inn í bótafjárhæðir. Þannig verði heildarútgjöld um 450 m.kr. lægri en að óbreyttum lögum. Í öðru lagi er fyrirhugað að fjármagnstekjur skerði tekjutengdar bætur lífeyristrygginga og ákvæðum almannatryggingalaga verði breytt þannig að einstaklingar sem ekki hafa hirt um að greiða í lífeyrissjóði, eftir að slíkt varð lagaskylda, fái aldrei fulla tekjutryggingu. Samtals er áætlað að framangreind aðgerð spari 285 m.kr. Í þriðja lagi er fyrirhugað að spara 250 m.kr. með setningu reglna um útgreiðslu svokallaðra heimildarbóta og hefur ný reglugerð um þær þegar verið gefin út. Reglugerðin tryggir stjórnsýsluframkvæmd með tilliti til jafnræðisreglu. Í fjórða lagi er stefnt að 125 m.kr. lækkun á mæðra- og feðralaunum með því að hætta greiðslu með einu barni og að bótafjárhæðir með öðru og þriðja barni lækki um sömu krónutölu, eða um 1.048 kr. á mánuði, en meðal annars til að vega upp á móti lækkun þessari er fyrir-

hugað að draga úr tekjutengingu barnabótaauka í skattkerfinu. Í fimmta og síðasta lagi er gert ráð fyrir að 5 m.kr. sparist með því að fella niður ekkjulífeyri. Þeir sem nú fá ekkjulífeyri munu þó halda áfram að fá þær greiðslur. Konur sem verða ekkjur eftir 1. janúar 1996 munu ekki eiga rétt á þessum bótum. Til mótvægis verði rýmkaðar heimildir til að lengja greiðslur dánarbóta eftir aðstæðum eftirlifandi maka. Með þessari breytingu er komið á fullt jafnræði milli kynja gagnvart bótagreiðslu vegna fráfalls maka.

206 Sjúkratryggingar. Samkvæmt frumvarpinu er áætlað að útgjöld sjúkratrygginga verði lækkuð um 880 m.kr. með sérstökum aðgerðum. Þrátt fyrir það eru útgjöld sjúkratrygginga áætluð tæplega 500 m.kr. hærri en í fjárlögum 1995.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Vistgjöld á sjúkrastofnunum	2.326,2	2.400,0	2.600,0	8	12
Hjálpartæki	553,8	455,0	540,0	19	-2
Útgjöld skv. 33. gr.	383,6	320,0	400,0	25	4
Lækniskostnaður	1.673,8	1.555,0	1.590,0	2	-5
Tannlæknakostnaður	601,5	610,0	605,0	-1	1
Sérreikningar sjúkrastofnana	1.110,3	1.000,0	1.090,0	9	-2
Ferða- og flutningskostnaður	145,5	140,0	174,0	24	20
Erlendur sjúkrakostnaður	250,5	220,0	210,0	-5	-16
Lyfjakostnaður	2.960,2	3.080,0	3.400,0	10	15
Sjúkradagpeningar	233,7	230,0	214,0	-7	-8
Annað	55,1	70,0	77,0	10	40
Sértekjur	-83,9	-80,0	-110,0	38	31
Framkvæmdasjóður aldraðra	0,0	-30,0	-330,0	.	.
Mismunur á greiðslu- og rekstrargrunni	-96,3	-	-	.	.
Samtals	**10.114,0**	**9.970,0**	**10.460,0**	**5**	**3**

Helstu áform um sjúkratryggingar eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að Framkvæmdasjóður aldraðra ráðstafi 330 m.kr. til reksturs hjúkrunarheimila sem fá daggjaldagreiðslur frá sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar. Einnig er stefnt að afnámi tengingar daggjalda við verðvísitölur og verður upphæð þeirra ákveðin í fjárlögum í samræmi við framlög til hliðstæðra stofnana. Í öðru lagi er ráðgert að lækka lyfjaútgjöld um 330 m.kr. Reglugerð um viðmiðunarverð lyfja hefur leitt til umtalsverðs sparnaðar á þessu ári sem mun skila sér að fullu á næsta ári. Einnig er talið að samhliða innflutningur lyfja, þ.e. heimild til að flytja inn lyf hvaðanæva af Evrópska efnahagssvæðinu, muni leiða til aukinnar samkeppni og lægra lyfjaverðs. Loks er gert ráð fyrir að ekki fari sjálfkrafa saman heimild til sölu lyfs á innlendum markaði og greiðsluþátttaka sjúkratrygginga. Ný lyf verða þannig ekki greidd af sjúkratryggingadeild nema áætlaður kostnaður vegna þeirra rúmist innan fjárveitinga ársins. Í þriðja lagi er áformað að spara 100 m.kr. með hertu eftirliti Tryggingastofnunar með greiðslum samkvæmt samningum við ýmsar heilbrigðisstéttir og strangara eftirliti með erlendum sjúkrakostnaði, auk þess sem gjaldskrár fyrir meinefnarannsóknir verða endurskoðaðar. Í fjórða lagi er lagt til að útgjöld vegna sjúkradagpeninga verði lækkuð um 50 m.kr. með því að endurgreiðslu til atvinnurekenda verði hætt. Í fimmta lagi er gert ráð fyrir að afsláttur eftirlaunaþega á greiðslum fyrir heilbrigðisþjónustu og lyf hefjist við 70 ára aldur, í stað 67 ára, og er áætlað að það spari 40 m.kr. Í sjötta lagi er

ráðgert að lækka útgjöld um 20 m.kr. með því að endurskoða reglugerð um ferliverk og viðskipti sjúkrahúsanna við sjúkratryggingadeild. Í sjöunda og síðasta lagi er ráðgert að 10 m.kr. sparist með því að hætt verði að greiða fyrir sjónpróf og endurtengingar vegna fyrri ófrjósemisaðgerða.

Í meðfylgjandi töflu er yfirlit yfir hjúkrunarheimili sem rekin eru fyrir daggjöld frá sjúkratryggingum. Þær breytingar eru frá fjárlögum 1995 að Hjúkrunarheimilið Droplaugarstaðir og Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða, eru flutt af daggjöldum yfir á sérstök fjárlaganúmer. Sú breyting er gerð á útreikningi daggjalda að frá áramótum munu þau hækka í samræmi við almennar verðlagsforsendur fjárlaga, eins og gildir almennt um stofnanir á fjárlögum. Daggjald verður þannig reiknað einu sinni á ári og verða stofnanir að miða greiðsluáætlanir sínar við það. Komi til almennra kjarasamninga þannig að forsendur fjárlaga breytist munu daggjöld breytast á sama hátt og fjárveitingar til sambærilegra stofnana sem fá bein rekstrarframlög.

Daggjaldastofnanir	Fjöldi rúma	Reikningur 1994 m.kr.	Áætlað meðal-daggjald 1996 kr. á rúm	Áætlaður kostnaður á ári m.kr.
Seljahlíð, Reykjavík	13	27	6.211	29
Hornbrekka Ólafsfirði	14	26	6.211	32
Dalbær, Dalvík	20	41	6.211	45
Hlíð, Akureyri	75	150	6.211	170
Skjólgarður, Höfn	32	66	6.211	73
Hulduhlíð, Eskifirði	15	31	6.211	34
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	15	30	5.083	28
Barmahlíð, Reykhólum	12	21	6.211	27
Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi	20	21	6.211	45
Fellaskjól, Grundarfirði	5	9	5.083	9
Jaðar, Ólafsvík	4	6	4.633	6
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	12	21	6.211	27
Lundur, Hellu	12	15	6.211	27
Dvalarheimili aldraðra, Stykkishólmi	10	13	4.633	17
Hjallatún, Vík í Mýrdal	10	19	6.211	23
Naust, Þórshöfn	6	9	6.211	14
Höfði, Akranesi	24	25	6.211	54
Dvalarheimili aldraðra sjómanna, Reykjavík	183	378	6.211	415
Dvalarheimili aldraðra sjómanna, Hafnarfirði	146	323	6.633	353
Grund, Reykjavík	146	280	5.518	294
Ás, Hveragerði	64	78	3.952	92
Rauði kross Íslands, Reykjavík	28	29	3.150	32
Vinnuheimili SÍBS, Reykjalundi	166	417	7.861	476
Hjúkrunarheimilið, Fellsenda	17	21	4.153	26
Hjúkrunarheimilið Kumbaravogi, Stokkseyri	40	76	5.761	84
Hlíðarbær, Flókagötu 53, Reykjavík	18	19	4.537	19
MS félag Íslands	25	21	3.764	24
Múlabær	42	28	2.764	29
Dvalarheimili við Vesturhlíð	5	5	3.620	7
Lindargata 39, dagvist	18	0	4.537	20
Dagvistarstofnanir	186	55	1.627	76
Samtals	**1.383**	**2.260**		**2.608**
Áætlun, miðað við 98% nýtingu rúma				2.556
Annað				44
Samtals áætlun fjárlagafrumvarps				2.600

Vakin er athygli á því að taflan sýnir áætluð útgjöld daggjaldastofnana miðað við meðaldaggjald 1996 og fulla nýtingu. Áætlað er að meðalnýting sé að jafnaði 98% og

getur hún verið mismunandi milli stofnana. Ber því að taka tölum um hverja stofnun með þeim fyrirvara.

208 Slysatryggingar. Útgjöld slysatrygginga eru áætluð 500 m.kr. eða 40 m.kr. lægri en í fjárlögum yfirstandandi árs. Sú breyting tók gildi í ársbyrjun 1994 að trygging stjórnenda aflvéla og bifreiða var flutt til almennra tryggingafélaga og fara því greiðslur lækkandi. Bótagreiðslur slysatrygginga voru rúmlega 510 m.kr. árið 1994, samanborið við tæplega 610 m.kr. árið áður. Um 80% lækkunarinnar má rekja til ofangreindrar breytingar en einnig má búast við sveiflum í útgjöldum slysatrygginga milli ára. Um 35% af útgjöldum slysatrygginga árið 1994 gengu til bóta vegna sjómanna, 28% til stjórnenda bifreiða og aflvéla, 18% til launþega, annarra en sjómanna, rúmlega 7% til íþróttamanna, rúmlega 3% til bænda, tæplega 3% til atvinnurekenda, annarra en bænda, um 2% til heimilistrygginga og tæp 2% til sjúklingatrygginga. Ekki er gert ráð fyrir framlagi í varasjóð slysatrygginga.

Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir

Undir þennan málefnaflokk falla eftirtaldir fjárlagaliðir: 301 Landlæknir; 311 Héraðslæknir í Reykjavík; 315 Héraðslæknir á Norðurlandi eystra; 324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands; 326 Sjónstöð Íslands og 327 Geislavarnir ríkisins. Þær breytingar verða á málefnaflokknum frá fjárlögum 1995 að Vátryggingaeftirlitið flyst til viðskiptaráðuneytisins og tekin eru inn tvö embætti héraðslækna sem horfið var frá að leggja niður eftir að fjárlög fyrir árið 1995 voru samþykkt.

Heildarframlag til málefnaflokksins er 201,2 m.kr. og hækkar um 17% frá fjárlögum 1995, eða um rúmlega 22 m.kr. Eins og fram hefur komið var hætt við áform um að leggja niður embætti héraðslæknis í Reykjavík og á Norðurlandi eystra, en samtals hækka útgjöld um 17,6 m.kr. vegna þess. Framlag til Geislavarna ríkisins er ákvarðað í þjónustusamningi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið gerði við stofnunina árið 1994 og er þar um tilraunaverkefni að ræða. Í samningnum er kveðið á um þá þjónustu sem Geislavarnir veita og greiðslur ríkissjóðs fyrir hana. Í samræmi við samninginn hækka framlög til stofnkostnaðar tímabundið vegna kaupa á tæki til kvörðunar á mælitækjum fyrir röntgengeislun. Aðrar breytingar eru minni háttar eða stafa af áhrifum kjarasamninga.

Sjúkrastofnanir

Undir málefnaflokkinn falla eftirtaldir fjárlagaliðir: 350-373 Ýmis sjúkrahús; 381 Sjúkrahús og læknisbústaðir; 385 Framkvæmdasjóður aldraðra og 400-490 ýmis sjúkrahús og stofnanir. Málefnaflokkurinn spannar mjög vítt svið, m.a. endurhæfingarstofnanir, hjúkrunarheimili og áfengismeðferðarstofnanir auk sjúkrahúsa. Heildarframlög til sjúkrastofnana eru 17,9 milljarðar króna og hækka um 5,6% frá fjárlögum 1995. Fyrirhugað er að lækka framlög til stofnana undir þessum lið um 250 m.kr., þar af eru 200 m.kr. vegna sjúkrahúsa í Reykjavík og á Reykjanesi og 50 m.kr. vegna annarra sjúkra- og meðferðarstofnana. Til viðbótar er áformað að samræma gjaldtöku fyrir aðgerðir sem unnar eru utan og innan sjúkrahúsa og er áætlað að það skili sjúkrahúsunum 200 m.kr. í auknar sértekjur. Þá er gert ráð fyrir að til samræmis verði tekið upp jafnaðargjald fyrir læknisverk sem unnin eru á sjúkrahúsum. Með breytingunni á að vera tryggð jöfn samkeppnisstaða sjálfstætt starfandi sérfræðilækna og sjúkrahúsa. Til að tryggja innheimtu er lagt til að sjúkrahúsin haldi eftir hluta gjaldsins og geti ráðstafað því til tækjakaupa og til að bæta aðstöðu. Sértekjuáætlun

ríkisspítalanna er hækkuð um 82 m.kr. vegna samræmingarinnar, sértekjur Sjúkrahúss Reykjavíkur hækka um 97 m.kr., sértekjur St. Jósefsspítala í Hafnarfirði hækka um 5 m.kr., hjá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri um 10 m.kr. og um 6 m.kr. hjá Sjúkrahúsinu á Akranesi. Á móti tekjunum eru færðar 120 m.kr. til gjalda hjá sjúkratryggingum vegna afsláttarkjara og endurgreiðslna til sjúklinga. Eftir að prentun fjárlagafrumvarpsins var hafin var útfærslu sparnaðaraðgerða í þessum málaflokki breytt þannig að ofangreind samræming á gjaldtöku innan og utan sjúkrahúsa á að skila ríkissjóði nettó 80 m.kr. Til að gæta samræmis milli greinargerðar og talnahluta frumvarpsins eru því færðar 120 m.kr. til útgjalda sjúkratrygginga á móti þeim 200 m.kr. sem færðar eru á sértekjur sjúkrahúsanna. Talnahluta frumvarpsins verður breytt til samræmis við 2. umræðu fjárlagafrumvarpsins á Alþingi, þannig að gerð verður tillaga um að sjúkratryggingar lækki og sértekjur sjúkrahúsanna lækki til mótvægis.

Hér á eftir verður fjallað nánar um einstaka liði málefnaflokksins þar sem tilefni er til.

1. Sjúkrahús í Reykjavík og á Reykjanesi. Sú breyting er gerð á framsetningu að auk sjúkrahúsanna í Reykjavík eru sjúkrahúsin St. Jósefsspítali, Hafnarfirði og Sjúkrahús Suðurnesja talin með í umfjöllun þessa kafla. Með því að setja á fót sérstaka samstarfsstjórn, sem hafi það hlutverk að endurskoða verkaskiptingu, vinna að aukinni samvinnu og samnýtingu fjárfestingar og starfsfólks umræddra sjúkrahúsa, er fyrirhugað að ná fram 200 m.kr. sparnaði frá fjárlögum 1995. Sparnaði þessum er skipt milli sjúkrahúsanna en samstarfsstjórninni verður falið að útfæra sparnaðinn snemma árs 1996 og getur hann því fallið á annan hátt, geri hún tillögur um það. Eins og sparnaðurinn er útfærður í frumvarpinu lækka framlög til ríkisspítalanna um 120,5 m.kr, til Sjúkrahúss Reykjavíkur um 71 m.kr., Sjúkrahúss Suðurnesja um 4,5 m.kr. og til St. Jósefsspítala, Hafnarfirði um 4 m.kr.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sjúkrahúsið Suðurnesjum, án Víðihlíðar	170,1	172,5	182,8	6	7
Ríkisspítalar	6.707,8	6.582,9	6.969,3	6	4
Sjúkrahús Reykjavíkur	3.943,3	3.761,3	3.889,5	3	-1
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	230,6	215,9	237,8	10	3
Samtals	**11.051,8**	**10.732,6**	**11.279,4**	**5**	**2**

Hækkun til St. Jósefsspítala, Hafnarfirði skýrist af því að 12,6 m.kr. framlag úr Framkvæmdasjóði aldraða sem notað var til að fjármagna hvíldarinnlagnir og bæklunaraðgerðir á öldruðum er fært í rekstrarfjárveitingu spítalans. Á móti lækka framlög vegna aukinna sértekna og samvinnu sjúkrahúsa eins og fram hefur komið.

370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi. Á liðnum sjúkrahús með fjölþætta starfsemi eru 105 m.kr. samanborið við 136,5 m.kr. í fjárlögum 1995. Skýringin á lækkuninni er að framlög til rekstrar lækka um 31,5 m.kr. en sú fjárhæð er nú færð til sjúkrahúsa með varanlegum hætti. Hér er um að ræða 24 m.kr. til ríkisspítalanna til að stytta biðlista eftir aðgerðum, 6 m.kr. er ráðstafað til Fæðingarheimilisins við Eiríksgötu og 2,9 m.kr. renna til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri vegna stöðu geðlæknis. Aðrar breytingar eru vegna verðlags. Loks eru 80 m.kr. vegna stofnkostnaðar, sem er óbreytt frá fjárlögum.

*371 **Ríkisspítalar.*** Framlag til spítalanna hækkar um 386,4 m.kr. frá fjárlögum 1995 eða um tæplega 6%. Eins og fram hefur komið er gert ráð fyrir að samvinna milli sjúkrahúsanna í Reykjavík og á Reykjanesi skili 200 m.kr. sparnaði, þar af eru 120,5 m.kr. færðar til lækkunar á rekstrarframlögum ríkisspítalanna og verður nánar ákvarðaður af samstarfsstjórninni á samræmi við markmið um heildarsparnað. Þá er gert ráð fyrir að samræming á gjaldtöku innan og utan sjúkrahúsa hækki sértekjur spítalanna um 82 m.kr. Verður það endurskoðað við 2. umræðu fjárlaga, sbr. umfjöllun að framan. Loks er gert ráð fyrir að auknar tekjur glasafrjóvgunardeildar skili 24 m.kr. Samtals lækka framlög til ríkisspítalanna því um 226,5 m.kr. vegna sérstakra aðgerða í frumvarpinu. Loks er gerð sú breyting að rekstrarfjárveiting lækkar um 65 m.kr. vegna útskriftar einstaklinga af Kópavogshæli yfir á stofnanir fatlaðra hjá félagsmálaráðuneyti. Á móti lækkun framlaga eru sértekjur spítalanna lækkaðar um 100 m.kr. þar sem sértekjuáætlun í fjárlögum 1995 er talin of há og sýnt þykir að ríkisspítölum takist ekki að innheimta allar þær tekjur sem það hefur krafið sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins um. Þá eru 50 m.kr. vegna samkomulags um lausn á fjárhagsvanda ríkisspítalanna, sem undirritað var á þessu ári, og 50 m.kr. vegna aukins framlags til hjartaaðgerða. Samtals eru 30 m.kr. færðar varanlega til ríkisspítalanna af fjárlagaliðnum *370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi*, þar af eru 24 m.kr. vegna biðlistaaðgerða og 6 m.kr. til Fæðingarheimilis. Þá er að nefna að gerð er tillaga um að hækka framlög til spítalans um 30 m.kr. vegna framlags sem áður kom úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Loks hækka framlög um 4,3 m.kr. vegna glasafrjóvgunardeildar. Samtals eru framlög til ríkisspítalanna hækkuð um 264 m.kr. á móti þeim breytingum sem koma til lækkunar og taldar eru að framan. Aðrar breytingar á rekstrarframlagi skýrast af launa- og verðlagsforsendum. Framlag til viðhalds er óbreytt frá fjárlögum, eða 74 m.kr. Framlög til stofnkostnaðar lækka um 48,5 m.kr. Af þeim lækka framlög til nýbygginga en framlög til tækjakaupa hækka. Í samræmi við þá stefnu að fresta öllum nýframkvæmdum fellur 144 m.kr. framlag til nýbygginga á Landspítalalóð niður, á móti eru framlög til tækjakaupa hækkuð um 95,5 m.kr. Þar af eru 34 m.kr. ætlaðar til að greiða stofnkostnað vegna línuhraðals, 30 m.kr. til endurnýjunar á æðarannsóknastofu, 21,5 m.kr. til endurbóta á húsnæði og tækjum glasafrjóvgunardeildar og 10 m.kr. til kaupa á hjarta- og lungnavél fyrir börn.

*375 **Sjúkrahús Reykjavíkur.*** Framlög til Sjúkrahúss Reykjavíkur hækka um 128,2 m.kr., eða 3,4%. Þar af hækka framlög til rekstrar um 78,2 m.kr. og til tækjakaupa um 50 m.kr. Af 200 m.kr. sparnaði vegna aukinnar samvinnu sjúkrahúsa er 71 m.kr. færð til lækkunar á framlögum til spítalans. Samstarfsstjórnin mun taka ákvörðun um endanlega skiptingu sparnaðarins í samræmi við markmið um heildarsparnað á sjúkrahúsum í Reykjavík og á Reykjanesi. Sértekjur hækka um 97 m.kr. vegna áforma um að samræma gjaldtöku fyrir þjónustu veitta inni á sjúkrahúsum og á einkareknum læknisstofum og verður tekin til endurskoðunar við 2. umræðu vegna breytinga á útfærslu. Samtals lækka því framlög til spítalans um 168 m.kr. vegna sérstakra ráðstafana sem fyrirhugaðar eru. Að auki lækkar rekstrarfé til spítalans um 100 m.kr. þar sem tímabundið framlag í fjárlögum 1995 fellur niður. Á móti lækkun framlaga er rekstrarfjárveiting hækkuð um 50 m.kr. til samræmis við samkomulag sem gert var við stjórnendur spítalans um lausn á fjárhagsvanda hans á yfirstandandi ári. Að viðbættum verðbótum vegna kjarasamninga hækka heildarframlög til rekstrar samtals um 78 m.kr. frá fjárlögum 1995. Hækkun á tækjakaupum um 50 m.kr. skýrist af áformum um að endurnýja tölvusneiðmyndatæki.

Greiðslugrunnur	Stöðu-gildi	Fjöldi rúma	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn %
Sjúkrahúsið Akranesi	162	93	444	410	433	6	-2
Sjúkrahúsið Patreksfirði	32	24	70	70	74	5	5
Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði	86	30	172	202	215	7	26
Sjúkrahús A-Hún.,Blönduósi	57	40	115	115	122	6	6
Sjúkrahúsið Sauðárkróki	122	84	265	258	275	7	4
Sjúkrahúsið Siglufirði	53	43	126	125	135	8	7
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	461	214	1.191	1.195	1.250	5	5
Sjúkrahúsið Húsavík	98	62	229	224	238	6	4
Sjúkrahúsið Seyðisfirði	32	26	87	87	90	4	4
Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað	63	44	186	158	168	6	-10
Sjúkrahúsið Egilsstöðum	39	32	96	96	104	8	8
Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi	94	61	215	208	241	16	12
Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	69	40	190	171	181	6	-5
Víðihlíð, Grindavík	24	28	41	60	62	4	50
Sólvangur, Hafnarfirði	124	101	219	217	230	6	5
St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi	46	42	99	105	110	5	12
Sjúkrahús Hvammstanga	39	35	87	87	91	4	5
Sjúkrahús Bolungarvíkur	20	18	42	43	45	6	7
Sjúkraskýlið Hólmavík	12	13	25	26	27	6	7
Sjúkraskýlið Þingeyri	7	7	12	12	13	5	6
Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri	5	7	11	12	13	5	12
Sundabúð II, Vopnafirði	13	12	26	26	27	5	5
Sunnuhlíð, Kópavogi	58	54	120	121	127	5	6
Hjúkrunarheimilið Skjól	129	106	266	265	276	4	4
Hjúkrunarheimilið Eir	131	120	74	128	311	143	319
Garðvangur, Garði	42	41	99	97	101	4	3
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	72	68	74	76	164	116	121
Meðferðarstofnanir SÁÁ	79	120	202	202	208	3	3
Víðines	25	67	66	67	69	4	5
Hlaðgerðarkot	12	30	36	38	39	3	9
Sjálfsbjörg, hjúkr.- og endurhæf. stofn.	91	45	168	166	174	5	4
Heilsuhæli NFLÍ	70	160	190	192	199	3	4
Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða	16	7	22	25	34	37	54
Vistun ósakhæfra afbrotamanna	26	7	71	70	72	4	3
Samtals	**2.403**	**1.881**	**5.335**	**5.351**	**5.917**	**11**	**11**

2. Aðrar sjúkrastofnanir. Undir þennan lið falla sjúkra- og meðferðarstofnanir á landsbyggðinni og í Reykjavík, að frátöldum sjúkrahúsunum fjórum sem fjallað er um í kaflanum hér að framan. Gert er ráð fyrir að hlutverk sjúkrahúsa á landsbyggðinni verði tekið til endurskoðunar með skipulagsbreytingar í huga sem áformað er að skili 50 m.kr. sparnaði. Tillagan er þannig útfærð að gerð er almenn hagræðingarkrafa til sjúkrahúsanna sem skilar 100 m.kr., þar af eru 50 m.kr. settar á liðinn *950 Rekstrarhagræðing* til ráðstöfunar á fyrsta ársfjórðungi 1996. Þær breytingar eru gerðar á framsetningu að hjúkrunarheimilið Droplaugarstaðir er flutt af daggjöldum sjúkratrygginga á fjárlög og framlög til þess hækkuð verulega vegna fjölgunar hjúkrunarrúma. Samtals nemur fjárveiting til Droplaugarstaða 164 m.kr., samanborið við 74,4 m.kr. greiðslur til stofnunarinnar árið 1994. Hlein, Reykjalundi, heimili fyrir heilaskaddaða er einnig flutt af daggjöldum og er fjárveiting til þess 34 m.kr. miðað við rekstur sjö rúma. Loks hækkar framlag til reksturs Hjúkrunarheimilisins Eirar um 165,3 m.kr. þar sem ekki er gert ráð fyrir að Framkvæmdasjóður aldraðra fjármagni hluta rekstursins. Framlag til Sjúkrahúss Suðurlands hækkar um 15 m.kr. vegna aukinnar starfsemi á þessu ári. Gerð er sama hagræðingarkrafa til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri og annarra sjúkrahúsa á landsbyggðinni, ef frá er talin staða geðlæknis sem var greidd af fjár-

lagaliðnum *370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi*. Framlag til nýbyggingar við Fjórðungssjúkrahúsið er óbreytt frá fjárlögum 1995, eða 35 m.kr. í samræmi við samning um bygginguna. Sértekjur Sjúkrahússins á Egilsstöðum eru lækkaðar um 2 m.kr. og einnig er gert ráð fyrir 0,2 viðbótarstöðugildi læknis. Aðrar breytingar eru minni og gefa ekki tilefni til sérstakrar umfjöllunar.

Framlög til stofnkostnaðar og tækjakaupa eru á fjárlagaliðunum 381 Sjúkrahús og læknisbústaðir; 358 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri; 370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi; 371 Ríkisspítalar; 375 Sjúkrahús Reykjavíkur og 385 Framkvæmdasjóður aldraðra. Samtals nema framlög til stofnkostnaðar og tækjakaupa á framangreindum fjárlagaliðum 605 m.kr. og lækka um 308 m.kr. frá fjárlögum 1995. Stærsti hluti lækkunarinnar kemur á liðinn 381 Sjúkrahús og læknisbústaðir, eða 241 m.kr., þá lækka framlög Framkvæmdasjóðs aldraðra til stofnkostnaðar um 69 m.kr. Eins og fram hefur komið eru framlög til nýbygginga á Landspítalalóð felld niður, en þau námu 144 m.kr. í fjárlögum 1995, á móti hækka tækjakaup ríkisspítalanna um 95,5 m.kr. Loks hækka framlög til tækjakaupa Sjúkrahúss Reykjavíkur um 50 m.kr.

Heilsugæsla

Framlög til heilsugæslu eru áætluð samtals 1.818 m.kr. og hækka um 4,5% frá fjárlögum 1995. Gerð er almenn 2% hagræðingarkrafa til heilsugæslustöðvanna og lækka framlög til þeirra um 36 m.kr. sem kemur fram á nær öllum heilsugæslustöðvum. Á móti koma eftirfarandi breytingar: Framlag til Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík hækkar um 2,8 m.kr. vegna samninga við Læknavaktina í Reykjavík. Framlag til Heilsugæslustöðvarinnar í Grafarvogi hækkar um 5 m.kr. vegna aukinnar starfsemi, sértekjur Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri lækka um 3,5 m.kr. og framlag til stöðvarinnar í Kópavogi hækkar um 2,5 m.kr. Loks hækkar framlag til Heilsugæslustöðvarinnar Reykjalundi um 1,4 m.kr. Aðrar breytingar eru minni háttar og ekki talin ástæða til að rekja þær.

Annað

Málefnaflokkurinn nær til ýmissar starfsemi sem fellur undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti: 330 Manneldisráð; 340 Málefni fatlaðra, 393-396 Lyfjamál; 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi og 621 Áfengisvarnir og bindindismál. Samtals hækkar liðurinn um 5% frá fjárlögum, eða um 13 m.kr. Helstu breytingar eru að framlög til málefna fatlaðra lækka um 15 m.kr. vegna lækkunar á styrkjum til framkvæmda í samræmi við þá stefnu að lækka framlög til stofnkostnaðar. Þá hækka framlög til Heilbrigðismála, ýmis starfsemi um 8 m.kr. sem skýrist að mestu af tveimur nýjum liðum, áfallahjálp með 5,2 m.kr. framlagi og 2 m.kr. framlagi til heilsueflingar, sem áður var fært undir Landlæknisembættið. Loks hækka framlög til Áfengisvarna og bindindismála um 20 m.kr. vegna ákvæða í lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi, og verða heildarframlög til þessara mála 50 m.kr. í samræmi við áætlaðar tekjur af mörkuðum tekjustofni samkvæmt 8. gr. laganna. Vert er að vekja athygli á auknu umfangi Lyfjanefndar, sem tvöfaldast frá fjárlögum 1995, en útgjöldin eru borin uppi af sértekjum og hafa því ekki bein áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Aukin verkefni nefndarinnar stafa m.a. af breyttum reglum um skráningu sérlyfja og umfjöllunar um umsóknir vegna samhliðainnflutnings lyfja og endurskráningu lyfja á fimm ára fresti.

Rekstrarhagræðing

Fjárveitingin er ætluð til hagræðingarverkefna á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Við 2. umræðu fjárlaga 1995 var bætt við fjárlagaliðinn 23,5 m.kr. til að mæta leiðréttingum á launalið sjúkrastofnana í kjölfar kjarasamninga við meinatækna, röntgentækna, ljósmæður og hjúkrunarfræðinga. Í frumvarpinu hefur þessum launabótum verið skipt niður á sjúkrastofnanir og lækkar því liðurinn til samræmis. Á liðinn er færð 50 m.kr. óskipt fjárveiting sem tengist almennri hagræðingarkröfu á sjúkra- og meðferðarstofnanir, að frátöldum sjúkrahúsunum fjórum í Reykjavík og á Reykjanesi. Þeirri fjárhæð verður skipt niður á sjúkrastofnanir á fyrsta ársfjórðungi ársins 1996. Liðurinn er því 93,8 m.kr. samanborið við 67,3 m.kr. í fjárlögum 1995.

09 Fjármálaráðuneyti

Útgjöld fjármálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti o.fl.	399,1	408,5	468,0	15	17
Skatta- og tollamál	1.511,7	1.558,3	1.654,1	6	9
Verðlagsmál og ríkisábyrgðir	857,0	2.445,0	1.240,0	-48	47
Vextir	10.704,5	12.300,0	13.050,0	6	22
Rekstrarhagræðing	-	3,1	5,0	61	-
Annað	1.453,3	1.634,0	1.316,7	-19	-9
Samtals	**14.925,6**	**18.348,9**	**17.733,8**	**-3**	**19**
Rekstrarkostnaður	2.413,5	2.396,4	2.578,3	8	7
Neyslu- og rekstrartilfærslur	1.101,0	1.328,2	1.306,2	-2	19
Stofnkostnaður- og viðhald	706,6	994,3	629,3	-35	-8
Verðbætur	-	1.330,0	170,0	-	-
Vextir	10.704,5	12.300,0	13.050,0	6	22
Samtals	**14.925,6**	**18.348,9**	**17.733,8**	**-3**	**19**

Heildargjöld ráðuneytisins lækka um rúmar 600 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Helsta breytingin til lækkunar er sú að í fjárlögum í ár eru 1.330 m.kr. færðar á launa- og verðlagslið ráðuneytisins til að mæta áhrifum kjarasamninga á launakostnað stofnana og bótagreiðslur trygginga. Í frumvarpi fyrir árið 1996 er hins vegar einungis gert ráð fyrir 170 m.kr. á þeim lið, enda eru allar hækkanir vegna kjarasamninga meðtaldar í fjárveitingum ráðuneyta og stofnana. Einnig verður um 350 m.kr. lækkun á stofnkostnaði ráðuneytisins, sem stafar að mestu af 310 m.kr. lækkun á útgjöldum samkvæmt heimildum í 6. grein fjárlaga. Þar af flytjast 100 m.kr. til menntamálaráðuneytis vegna átaks á sviði rannsókna og þróunarstarfsemi. Helsta breytingin til hækkunar er sú að vaxtagreiðslur aukast um 750 m.kr. frá fjárlögum í ár. Þá hækka rekstrargjöld um 180 m.kr., en þar af nema launabætur vegna kjarasamninga um 100 m.kr. Hækkunin skýrist að öðru leyti að mestu af auknum verkefnum á sviði skattamála og vegur þar þyngst upptaka olíugjalds og hert skatteftirlit. Einnig koma til ýmis ný verkefni í kjölfar aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO) og tímabundin aukning hjá aðalskrifstofu ráðuneytisins vegna átaks í gerð tvísköttunarsamninga við ýmis erlend ríki. Aukning launaútgjalda frá fjárlögum 1995 til frumvarps 1996 vegna þessara verkefna jafngildir því að ársverkum í stofnunum ráðuneytisins fjölgi um tæp 6%.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa; 103 Ríkisbókhald; 104 Ríkisfjárhirsla; 105 Ríkislögmaður og 199 Ráðstöfunarfé.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Aðalskrifstofa	260,5	261,9	294,9	13	13
Ríkisbókhald	91,0	90,8	110,4	22	21
Ríkisfjárhirsla	29,9	30,4	33,7	11	13
Ríkislögmaður	17,7	19,4	23,0	19	30
Ráðstöfunarfé	-	6,0	6,0	-	-
Samtals	**399,1**	**408,5**	**468,0**	**15**	**17**

Heildarframlag til málefnaflokksins eykst um 9% að raungildi frá gildandi fjárlögum. Mestan hluta aukningarinnar má rekja til tímabundins framlags til *aðalskrifstofu* ráðuneytisins vegna sérstaks átaks í gerð tvísköttunarsamninga við önnur ríki. Brýnt þykir orðið að ganga til slíkra samninga til þess að greiða fyrir erlendri fjárfestingu hér á landi og viðskiptum við ný markaðssvæði, t.d. Kína og önnur Asíulönd. Þá er einnig gert ráð fyrir tímabundnu framlagi til *Ríkisbókhalds* til að standa straum af kostnaði við fyrirhugaðar breytingar á uppbyggingu ríkisreiknings og fjárlaga í framhaldi af nýlegum tillögum ríkisreikningsnefndar í þeim efnum.

Skatta- og tollamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Ríkisskattstjóri; 202-211 Skattstofur; 212 Skattamál, ýmis útgjöld; 214 Yfirskattanefnd; 215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins; 250 Innheimtukostnaður; 251 Gjaldheimtan í Reykjavík; 259 Gjaldheimta Suðurnesja; 261 Ríkistollstjóri og 262 Tollstjórinn í Reykjavík.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkisskattstjóri	301,2	292,1	299,2	2	-1
Skattstofur	465,3	457,6	507,6	11	9
Skattamál, ýmis útgjöld	23,1	32,7	86,6	165	275
Yfirskattanefnd	38,7	39,2	48,7	24	26
Skattrannsóknarstjóri ríkisins	56,3	55,5	59,3	7	5
Gjaldheimtur og innheimtukostnaður	283,1	345,0	297,1	-14	5
Tollaembætti	343,8	336,2	355,6	6	3
Samtals	**1.511,5**	**1.558,3**	**1.654,1**	**6**	**2**

Töluverðar breytingar verða innbyrðis á framlögum í þessum málefnaflokki, en í heild hækka þau um tæp 2% að raungildi.

201 Ríkisskattstjóri. Að frátöldum launabótum vegna kjarasamninga lækkar framlag um 3 m.kr. Embættinu er ætlað að ná fram sparnaðinum með almennri hagræðingu í rekstri.

201-211 Skattstofur og 212 Skattamál, ýmis útgjöld. Framlög til skattstofa hækka um rúmlega 20 m.kr. að raungildi milli ára. Þar af eru um 16 m.kr. vegna aðlögunar á fjár-

veitingu *Skattstofunnar í Reykjavík* að breyttu starfsumfangi, en breytingar á framlögum til annarra skattstofa eru óverulegar. Framlag á liðnum *Skattamál, ýmis útgjöld* er aukið um 52 m.kr. til að mæta kostnaði við ýmis ný verkefni í skattamálum í kjölfar nýlegrar lagasetningar á því sviði. Vegna ákvæða í EES-samningnum um verðjöfnunargjöld á innflutning, upptöku vörugjalds á áfengi og ákvæða í GATT-samningi sem lúta að útflutningsskýrslum eru veittar 6 m.kr. á nýju viðfangsefni, *1.02*. Fjárveiting á viðfangsefninu *1.10 Skatteftirlit* hækkar um 7 m.kr. frá gildandi fjárlögum og verður 22 m.kr. Til nýs viðfangsefnis, *1.20 Olíugjald*, eru veittar 24 m.kr. Framlagið er ætlað til að mæta útgjöldum skattyfirvalda við upptöku olíugjalds, sem kemur í stað þungaskatts um næstu áramót. Stofnað er til tveggja nýrra viðfangsefna, *1.40* og *1.41*, vegna undirbúnings laga um fjármagnstekjuskatt, kynningar og hugbúnaðargerðar. Þau framlög nema alls um 13 m.kr. Loks er 4 m.kr. framlag til nýs viðfangsefnis, *1.40 Tölvuvæðing útflutningsskýrslna*, til hagræðingar í tolleftirliti með útflutningi. Í yfirlitinu hér að neðan eru borin saman rekstrargjöld skattstofa:

Rekstrargjöld á íbúa 16 ára og eldri	Reikningur 1994 kr.	Fjárlög 1995 kr.	Frumvarp 1996 kr.
Skattstofa Reykjaness	1.849	1.778	1.899
Skattstofan í Reykjavík	2.288	2.218	2.564
Skattstofa Norðurlands eystra	2.627	2.611	2.764
Skattstofa Suðurlands	2.400	2.443	2.779
Skattstofa Austurlands	2.664	2.558	2.823
Skattstofa Norðurlands vestra	2.692	2.533	2.957
Skattstofa Vesturlands	2.666	2.841	3.084
Skattstofa Vestfjarða	3.308	3.129	3.293
Skattstofa Vestmannaeyja	3.383	3.383	3.555
Meðaltal, vegið með íbúafjölda	**2.324**	**2.272**	**2.525**

214 Yfirskattanefnd. Framlag hækkar um 7 m.kr. að raungildi frá fjárlögum 1995. Þótt uppkveðnum úrskurðum nefndarinnar hafi fjölgað verulega síðustu árin hefur málum sem skotið er til nefndarinnar fjölgað enn meira. Til þess að unnt verði að grynnka á fjölda óafgreiddra mála og stytta málsmeðferð er nú leitað fjárheimildar til ráðningar viðbótarstarfsmanns og aðkeyptrar aðstoðar.

250-259 Gjaldheimtur og innheimtukostnaður. Framlög þessara liða lækka verulega milli ára, eða alls um 48 m.kr. að raungildi. Áætlað er að *1.10 Ýmis innheimtukostnaður* lækki um 9 m.kr. vegna ýmissa sparnaðaraðgerða. Þá fellur niður 30 m.kr. stofnkostnaðarframlag til *Gjaldheimtunnar í Reykjavík* þar sem endurbótum á húsnæði og tækjabúnaði er nú lokið. Að auki lækkar fjárveiting til *Gjaldheimtu Suðurnesja* um 9 m.kr. þar sem fyrirhugað er að leggja gjaldheimtuna niður og færa starfsemina og fjárveitinguna til *Sýslumannsins í Keflavík.*

261-262 Tollaembætti. Stofnkostnaðarframlag til *Ríkistollstjóra* lækkar um 3 m.kr. Þá er gert ráð fyrir að rekstrarframlag til *Tollstjórans í Reykjavík* hækki um 7 m.kr. frá gildandi fjárlögum til samræmis við breytt starfsumfang. Á móti fellur niður 4 m.kr. fjárveiting til stofnkostnaðar hjá stofnuninni, sem veitt var í gildandi fjárlögum vegna

endurnýjunar tækjabúnaðar í tengslum við upptöku á nýju tekjubókhaldskerfi fyrir ríkissjóð. Heildarframlag til tollaembættanna verður því óbreytt.

Verðlagsmál og ríkisábyrgðir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 381 Uppbætur á lífeyri; 971 Ríkisábyrgðir og tjónabætur og 989 Launa- og verðlagsmál.

381 Uppbætur á lífeyri. Á þennan lið eru færðar endurgreiðslur ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) vegna uppbóta á lífeyrisgreiðslur sem stafa af almennum hækkunum á launum opinberra starfsmanna. Ríkissjóður endurgreiðir þann hluta uppbótanna sem er umfram vaxta- og verðbótatekjur lífeyrissjóðsins af verðbréfaeign sinni. Endurgreiðslurnar taka einungis til uppbóta á lífeyri fyrrverandi ríkisstarfsmanna hjá A-hluta stofnunum því að B-hluta aðilar annast endurgreiðslur vegna fyrrverandi starfsmanna sinna. Þessu til viðbótar færast á liðinn lífeyrisgreiðslur samkvæmt ýmsum sérlögum, m.a. til fyrrverandi þingmanna, ráðherra, hæstaréttardómara, hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra og starfsmanna Útvegsbanka Íslands. Í áætlun um uppbæturnar er gert ráð fyrir um 30 m.kr. lækkun á greiðslum vegna LSR frá fjárlögum þessa árs. Á móti þessu vegur að greiðslur ríkisins vegna Eftirlaunasjóðs starfsmanna Útvegsbanka Íslands aukast um sömu fjárhæð á næsta ári þar sem sjóðurinn verður upp urinn fyrir lok yfirstandandi árs. Heildarframlagið er því áætlað óbreytt frá gildandi fjárlögum og sundurliðast þannig:

Áætlunarliðir	m.kr.
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, A-hluti	522
Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna	50
Lífeyrissjóður alþingismanna	120
Lífeyrissjóður ráðherra	15
Ljósmæðraeftirlaun	8
Lífeyrir hæstaréttardómara	35
Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	60
Eftirlaun skv. ákvörðun bankaráðs Útvegsbanka Íslands	30
Annar lífeyrir	30
Samtals	**870**

971 Ríkisábyrgðir og tjónabætur. Áætlað er að á næsta ári gætu greiðslur að fjárhæð 180 m.kr. fallið á ríkissjóð vegna vanskila á lánum með ríkisábyrgð sem *Ríkisábyrgðasjóður* verður að leysa til sín. Hér er um að ræða 45 m.kr. lækkun frá gildandi fjárlögum. Vísað er til umfjöllunar um *Lánasýslu ríkisins* í 7. kafla frumvarpsins um nánari athugasemdir. Af þessum fjárlagalið eru einnig greiddar bætur til stofnana vegna fjármunatjóna sem ekki falla undir lögboðnar tryggingar. Tjónabæturnar eru áætlaðar 20 m.kr. og er fjárhæðin óbreytt frá fjárlögum 1995.

989 Launa- og verðlagsmál. Fjárlagafrumvarpið er sett fram á áætluðu meðalverðlagi ársins 1996. Lagt hefur verið mat á áhrif kjarasamninga ársins 1995 — bæði þeirra sem þegar hafa verið gerðir og þeirra sem væntanlega verða gerðir síðar á árinu — á launakostnað stofnana og ráðuneyta. Gildistími flestra samninga er til loka næsta árs. Í matinu var tekið tillit til samsetningar launagreiðslna eftir stéttarfélögum hjá hverri stofnun þar sem hækkanir stéttarfélaga eru mismiklar, enda hækka lægri launataxtar almennt

hlutfallslega meira en þeir hærri. Ákveðið var að fela ráðuneytunum að ráðstafa launabótunum til einstakra stofnana. Til viðmiðunar fengu þau upplýsingar frá fjármálaráðuneyti um metnar launabætur hverrar stofnunar. Þannig ákvarðaðar launabætur til stofnana eru hluti af umfjöllun ríkisstjórnarinnar um útgjaldaramma fjárlaga og taka til allra umsaminna launabreytinga fyrir árið 1996. Því eru einungis færðar 140 m.kr. á launa- og verðlagsmálalið fjármálaráðuneytisins til þess að mæta útgjöldum af kjarasamningum sem ólokið er að meta og samningum á næsta ári. Þá eru 30 m.kr. á liðnum ætlaðar til að greiða ófyrirséðar verðbætur á verksamninga um framkvæmdir á vegum ríkissjóðs.

Vextir

Vaxtagreiðslur A-hluta ríkissjóðs á árinu 1996 eru áætlaðar um 13.050 m.kr. Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum á innlendum eða erlendum lánsfjármörkuðum á næsta ári. Innlend skuldasamsetning ríkissjóðs hefur verið að breytast á þann veg að hlutur óverðtryggðra skuldbindinga til skemmri og lengri tíma fer vaxandi. Vaxtagjöld af þeim skuldum munu aukast þar sem verðbótaþáttur verðtryggðra skulda telst með afborgunum en færist inn í nafnvexti af óverðtryggðum skuldum. Þá hefur lánsfjárþörf ríkissjóðs í auknum mæli færst yfir í skammtímabréf, bæði innanlands og erlendis, og falla þær vaxtagreiðslur því fyrr til en ella. Stærsti hluti verðtryggðra skulda ríkissjóðs er bundinn föstum vöxtum og á það raunar einnig við um óverðtryggðar skuldir.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir þremur meginbreytingum á vaxtagreiðslum ríkissjóðs samanborið við áætlun ársins 1995. Í fyrsta lagi eru vaxtagreiðslur vegna innlausnar á spariskírteinum áætlaðar um 450 m.kr. hærri vegna lokagjalddaga á stórum flokki spariskírteina sem gefinn var út árið 1991. Í öðru lagi eru vaxtagreiðslur af ríkisvíxlum, ríkisbréfum og öðrum innlendum lántökum taldar verða 190 m.kr. hærri, sem rekja má til hækkunar skammtímavaxta. Loks er talið að vaxtagreiðslur lækki um 220 m.kr. vegna erlendra lána. Skýrist það bæði af minni halla á rekstri ríkissjóðs á næsta ári og minni notkun á erlendri skammtímafyrirgreiðslu.

Innheimtir vextir af þeim lánum sem ríkissjóður endurlánar öðrum aðilum eru áætlaðir um 3,5 milljarðar króna og færast á tekjuhlið frumvarpsins. Hreinar vaxtagreiðslur eru því áætlaðar um 9,6 milljarðar króna eða 7,5% af heildarútgjöldum ríkissjóðs.

Í yfirliti hér á eftir er sýnd sundurliðun á vaxtagjöldum 1994-1996:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Áætlun 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.
Spariskírteini	1.960	2.700	3.150
Önnur innlend lán	631	760	850
Skammtímalán	920	1.000	1.100
Erlend lán	7.193	8.170	7.950
Samtals	**10.704**	**12.630**	**13.050**

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 402 Fasteignamat ríkisins; 481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum; 901 Framkvæmdasýslan; 981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs; 990 Ríkisstjórnarákvarðanir; 995 Skýrsluvélakostnaður og 999 Ýmislegt.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fasteignamat ríkisins	43,0	43,5	45,5	5	6
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	15,9	510,0	200,0	-61	-
Framkvæmdasýslan	4,1	4,5	5,4	20	32
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	498,5	45,0	25,0	-44	-95
Ríkisstjórnarákvarðanir	-	140,0	125,0	-11	-
Skýrsluvélakostnaður	418,7	441,8	471,9	7	13
Ýmislegt	473,1	449,2	443,9	-1	-6
Samtals	**1.453,3**	**1.634,0**	**1.316,7**	**-19**	**-9**

402 ***Fasteignamat ríkisins.*** Framlag úr A-hluta ríkissjóðs til stofnunarinnar er óbreytt að raungildi frá gildandi fjárlögum. Fjárreiður stofnunarinnar tilheyra B-hluta ríkissjóðs og er vísað til nánari athugasemda í umfjöllun um stofnunina í 7. kafla fjárlagafrumvarpsins.

481 ***Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum.*** Undir þessum fjárlagalið er áætlað fyrir útgjöldum sem leiða af heimildarákvæðum skv. 6. gr. frumvarpsins, svo og fyrir útgjöldum sem ríkissjóði kann að verða gert að inna af hendi samkvæmt sérlögum en ekki er hægt að sjá fyrir við framlagningu fjárlagafrumvarps. Heimildargrein frumvarpsins skiptist þannig: Í fyrsta lagi er ríkisstjórn og fjármálaráðherra veitt heimild til að gera breytingar á fjárhæðum tekju- og gjaldahliðar sem leiða af nýjum lögum og sérstökum ákvörðunum. Í öðru lagi eru heimildir um eftirgjöf gjalda sem ekki er sérstaklega áætlað fyrir í frumvarpinu. Í þriðja lagi eru heimildir til eignasölu og er áætlað fyrir sölutekjunum í tekjugrein frumvarpsins. Í fjórða lagi eru heimildir til eignakaupa og lántöku sem þeim kann að fylgja. Loks eru ýmsar útgjaldaheimildir. Framlag til þessa liðar nemur 200 m.kr. í frumvarpinu en er 510 m.kr. í gildandi fjárlögum og lækkar því um 310 m.kr. milli ára. Skýrist það í fyrsta lagi af því að í fjárlögum þessa árs er fært framlag undir þennan lið sem samsvarar 20% af áætluðu andvirði seldra ríkisfyrirtækja og hlutabréfa, að fjárhæð 100 m.kr., en það er hluti af átaki í rannsókna- og þróunarverkefnum. Í frumvarpinu hefur framlagið hins vegar verið flutt yfir til menntamálaráðuneytis, enda er það ekki lengur hluti af sölutekjum vegna einkavæðingar. Í öðru lagi er í frumvarpinu gert ráð fyrir að tilkostnaður við nýtingu heimilda í 6. grein lækki um 210 m.kr.

901 ***Framkvæmdasýslan.*** Stofnunin fjármagnar yfir 90% af rekstrargjöldum sínum af sjálfsaflafé af þjónustu við ráðuneyti og ríkisstofnanir. Afgangurinn greiðist með framlagi úr ríkissjóði, sem nemur rúmlega 5,4 m.kr. í frumvarpinu og er óbreytt að raungildi frá fjárlögum 1995.

481 ***Ýmsar fasteignir ríkissjóðs.*** Á þessum lið eru færð framlög til ýmissa framkvæmda við húsbyggingar á vegum ríkisins. Fjárveiting í frumvarpinu lækkar um 20 m.kr. frá gildandi fjárlögum þar sem framkvæmdum við stjórnsýsluhús Akraness lýkur á þessu ári. Fjárveitingar til Sölvhóls og Listaskóla eru óbreyttar milli ára.

990 ***Ríkisstjórnarákvarðanir.*** Undir þessum lið eru vistuð tvö viðfangsefni með fjárveitingum sem ríkisstjórnin mun ráðstafa. Hið fyrra, *1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt sam-*

þykktum ríkisstjórnarinnar, nemur 100 m.kr. Það viðfangsefni var fyrst tekið upp í fjárlögum ársins 1990 til þess að unnt væri að mæta ýmsum ófyrirséðum eða brýnum verkefnum, sem eru þess eðlis að ástæða þykir til að ríkisstjórn fjalli um þau fremur en eitt tiltekið ráðuneyti. Líkt og gildir um ráðstöfunarfé ráðherra er tilgangurinn með því að hafa slíkt framlag tiltækt fyrir ríkisstjórnina að koma í veg fyrir að veita þurfi nýjar fjárheimildir í fjáraukalögum vegna slíkra mála. Framlag til síðara viðfangsefnisins undir þessum lið, *1.90 Markaðsátak erlendis*, nemur 25 m.kr. og lækkar um 15 m.kr. milli ára. Eins og í gildandi fjárlögum er sú fjárveiting ætluð til stuðnings við markaðsstarf íslenskra fyrirtækja á erlendri grund.

995 Skýrsluvélakostnaður. Á þessum lið eru veitt framlög til rekstrar, viðhalds og nýsmíði helstu tölvukerfa varðandi fjármál ríkisins. Með stofnkostnaði eru talin hönnun hugbúnaðar og meiri háttar endurbætur á kerfunum. Heildarframlag vegna tölvukerfanna er 472 m.kr. og hækkar um 30 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Rekstrarframlag breytist lítið og stafar hækkunin nær öll af aukinni hugbúnaðarsmíði. Gert er ráð fyrir 10 m.kr. hækkun framlags til *6.02 Hugbúnaðargerð fyrir tekjuskattskerfi*, en það verkefni er langt á veg komið og er fyrirhugað að ljúka smíðinni á næsta ári. Fjárveiting í *6.03 Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi* lækkar hins vegar um 7 m.kr. Framlag hækkar til *6.04 Hugbúnaðargerð fyrir BÁR* um 5 m.kr. þar sem hafist verður handa á næsta ári við að smíða myndræn notendaskil fyrir kerfið. Þá er gert ráð fyrir 12 m.kr. framlagi í nýtt verkefni vegna *6.08 Hugbúnaðargerð fyrir staðlað rekstrarframtal*, en því kerfi er ætlað að auðvelda skil á framtölum lögaðila og efla skatteftirlit. Loks er nýtt framlag að fjárhæð tæpar 9 m.kr. til *6.09 Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi*, en fyrirhugað er að hefja smíði á nýju kerfi í stað hins eldra, sem orðið er tæknilega úrelt og í ósamræmi við núverandi skipulag fjárlagaferlisins hjá ráðuneytum og Alþingi. Eftirfarandi yfirlit sýnir skiptingu útgjalda á viðfangsefni undir þessum lið:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Launagreiðslukerfi	56,1	61,0	61,0	-	9
Tekjubókhaldskerfi	65,1	119,0	119,0	-	83
Skattvinnslukerfi	109,2	113,5	119,0	5	9
Bókhalds- og áætlanakerfi	44,1	47,0	42,0	-11	-5
Innheimtuskilakerfi	14,4	14,5	14,5	-	1
Forsendukerfi innheimtugagna	10,7	15,8	16,6	5	55
Sívinnsla notenda	64,5	-	-	-	-
Hugbúnaðargerð fyrir launagreiðslukerfi	0,9	4,0	4,0	-	-
Hugbúnaðargerð f. tekjubókhaldskerfi	33,3	30,0	40,0	33	20
Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi	20,3	27,0	20,0	-26	-1
Hugbúnaðargerð fyrir BÁR	-	10,0	15,0	50	-
Hugbúnaðargerð fyrir rekstrarframtöl	-	-	12,0	-	-
Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi	-	-	8,8	-	-
Samtals	**418,6**	**441,8**	**471,9**	**7**	**13**

999 Ýmislegt. Á þennan fjárlagalið er færður ýmis kostnaður sem ekki verður heimfærður til annarra málefnaflokka. Nokkrar breytingar verða á framlögum viðfangsefna undir þessum lið sem alls nema um 5 m.kr. til lækkunar. Viðfangsefnið *1.10 Símkostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið* lækkar um 8 m.kr. þar sem póstburðargjöld annarra ráðuneyta hafa nú verið færð til aðalskrifstofa þeirra og fjárveitingar hækkaðar sem því

nemur, líkt og farið var að með símakostnað ráðuneyta í fjárlögum 1995. Á viðfangsefnið færast þá eftir sem áður póstburðargjöld Ríkisféhirðis og Ríkisbókhalds ásamt rekstri á sameiginlegri símstöð Stjórnarráðsins. Þá er gert ráð fyrir að kostnaður við *1.13 Kjarasamninga* verði lækkaður um 2 m.kr. og að *1.19 Ýmsar endurgreiðslur* lækki um 5 m.kr. þar sem dregið verði úr undanþágum vegna virðisaukaskatts. Greiðslur í *1.31 Lífeyrissjóð bænda* dragast saman um 4 m.kr. milli ára, en þar er um að ræða lífeyrisgreiðslur vegna bænda sem fæddir eru fyrir 1914 og maka þeirra. Gert er ráð fyrir verulegri hækkun á viðfangsefninu *1.60 Dómkröfur* vegna fjölgunar dómsmála og skaðabótakrafna á hendur ríkinu. Framlög annarra viðfangsefna eru óbreytt frá gildandi fjárlögum.

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	42,8	35,1	-18
Kjarasamningar	18,0	16,0	-11
Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	19,9	19,9	-
Kjararannsóknir	5,2	5,4	4
Ýmis sameiginlegur kostnaður	14,0	14,0	-
Styrkur til útgáfumála samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar	98,0	98,0	-
Ýmsar endurgreiðslur	40,0	35,0	-13
Lífeyrissjóður bænda	143,0	139,0	-3
Ýmsar nefndir	3,0	3,0	-
Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB)	1,7	1,7	-
Dómkröfur	16,8	30,0	79
Kjaradómur og kjaranefnd	4,5	4,5	-
Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings	5,0	5,0	-
Óviss útgjöld	17,3	17,3	-
Ríkisbifreiðar, framlag	5,0	5,0	-
Tölvumál Stjórnarráðs o.fl.	15,0	15,0	-
Samtals	**449,2**	**443,9**	**1**

10 Samgönguráðuneyti

Útgjöld samgönguráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	240,8	239,0	263,3	10	9
Vegamál	7.300,9	7.425,0	6.913,0	-7	-5
Siglingamál	1.088,0	877,5	771,2	-12	-29
Flugmál	611,6	498,9	411,2	-18	-33
Ferðamál	95,1	142,4	115,2	-19	21
Annað	-3,8	-	-	.	.
Samtals	**9.332,6**	**9.182,8**	**8.473,9**	**-8**	**-9**
Rekstrarkostnaður	695,5	650,1	680,6	5	-2
Rekstrar- og neyslutilfærslur	130,2	159,6	225,5	41	73
Viðhald og stofnkostnaður	8.506,9	8.373,1	7.567,8	-10	-11
Samtals	**9.332,6**	**9.182,8**	**8.473,9**	**-8**	**-9**

Heildarútgjöld ráðuneytisins verða 8.474 m.kr. á árinu 1996 og lækka um 709 m.kr. frá fjárlögum ársins 1995 eða um 8,3% að raunvirði. Mest er lækkunin í útgjöldum til vegamála, 512 m.kr.

Rekstrarkostnaður ráðuneytisins er áætlaður 680,6 m.kr. á næsta ári en það er um 30,5 m.kr. hækkun frá fjárlögum ársins 1995. Hækkun launagjalda vegna kjarasamninga nemur 81 m.kr. Á móti kemur að gerð er almenn krafa um hagræðingu í rekstri stofnana ráðuneytisins sem svarar til um 2% og þar að auki viðbótarkrafa til einstakra stofnana. Nánar verður fjallað um þetta síðar í umfjöllun um einstaka málefnaflokka og fjárlagaliði.

Rekstrartilfærslur ráðuneytisins hækka um 66 m.kr. frá fjárlögum 1995. Ástæðan er sú að lögbundið framlag til ferðamála sem til þessa hefur verið skilgreint sem fjármagnstilfærsla er nú fært sem rekstrartilfærsla þar sem því er að mestu varið til rekstrarverkefna.

Fjárveiting til viðhalds og stofnkostnaðar lækkar um 805 m.kr. eða um 10%. Mest er lækkunin í útgjöldum til vegamála, en framlag til sérstaks framkvæmdaátaks í vegamálum t.d. lækkar um 250 m.kr. Auk þess lækka framlög til viðhalds og stofnkostnaðar í flugmálum og siglingamálum og má þar nefna að framlag til framkvæmda við flugvelli lækkar um 150 m.kr. og framlag til hafnamannvirkja og sjóvarnagarða um 95 m.kr.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé. Heildarframlag nemur 263,3 m.kr. samanborið við 239 m.kr. í fjárlögum 1995 og hækkar um 6,2% að raungildi. Framlag til Rannsóknarnefndar flugslysa er nú fært á sérstakan fjárlagalið undir málefnaflokknum Flugmál, en var áður fært á viðfangsefni undir fjárlagaliðnum 190 Ýmis verkefni.

101 Aðalskrifstofa. Framlag til aðalskrifstofunnar verður 106,1 m.kr. og hækkar um 18% að raungildi eða um 21,2 m.kr. Að hluta skýrist hækkunin af 6 m.kr. sem eiga að renna til tveggja nefnda sem ráðuneytinu ber að starfrækja samkvæmt lögum nr. 59/1995 og

lögum nr. 61/1995. Um er að ræða mönnunarnefnd kaupskipa og umsjónarnefnd fólksbifreiða. Þá er gert ráð fyrir 2 m.kr. hækkun vegna fulltrúa ráðuneytisins í sendiráði Íslands í Brussel. Til annarra viðbótarverkefna hjá skrifstofunni er ráðgert að verja allt að 10 m.kr. á árinu 1996.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir framlögum til fimmtán verkefna á árinu 1996, samtals að fjárhæð 152,2 m.kr. Framlög til þessara verkefna verða nær hin sömu og á árinu 1995 eins og sjá má af meðfylgjandi töflu. Helstu framlögin eru til Slysavarnaskóla sjómanna, Tilkynningarskyldu íslenskra skipa og Slysavarnafélags Íslands, samtals um 70 m.kr.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	26,2	28,0	28,0	-	7
Rannsóknarnefnd sjóslysa	7,4	7,0	7,0	-	-5
Lög- og réttindaskráning sjómanna	0,9	1,0	0,9	-10	-
Fræðsluefni um öryggismál sjómanna ..	2,3	3,2	3,2	-	39
Slysavarnaskóli sjómanna	31,5	32,0	33,6	5	7
Tilkynningarskylda íslenskra skipa	18,2	18,6	19,8	6	9
GPS-staðsetningarkerfi	6,6	7,6	7,6	-	15
Alþjóðasiglingamálastofnunin IMCO...	1,2	1,1	1,1	-	-8
Slysavarnafélag Íslands.....	16,7	16,7	16,7	-	-
Sjálfvirkt tilkynningarkerfi skipa	0,1	10,0	10,0	-	.
Landsbjörg	9,0	9,0	9,0	-	-
Flugeftirlitsnefnd	1,2	2,6	2,6	-	117
Flugskóli Íslands	9,0	10,0	10,4	4	16
Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda .	1,0	1,0	1,0	-	-
Athugun á öryggi fiskiskipa	-	1,3	1,3	-	-
Samtals	**131,3**	**149,1**	**152,2**	**2**	**16**

Vegamál

Til þessa málefnaflokks telst eingöngu 211 Vegagerðin. Heildarframlag er áætlað 6.913 m.kr. á næsta ári samanborið við 7.425 m.kr. í fjárlögum 1995. Framlag til sérstaks framkvæmdaátaks í vegamálum lækkar um 250 m.kr. og verður 1.000 m.kr. Átakið, sem nær til afmarkaðra verkefna á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi, hófst í byrjun árs 1995 og er ætlað að standa til ársins 1998. Samtals er ætlað að verja til þess 3.500 m.kr., þar af 1.250 m.kr. á árinu 1995 og 1.000 m.kr. á árinu 1996. Átakið er fjármagnað til helminga með hækkun bensíngjalds annars vegar og með framlagi úr ríkissjóði hins vegar. Forsendur tekna samkvæmt mörkuðum tekjustofnum, þ.e. bensíngjald, þungaskattur og olíugjald, eru nánar skýrðar í 5. kafla greinargerðarinnar.

Af mörkuðum tekjustofnum munu 637 m.kr. renna í ríkissjóð, samanborið við 275 m.kr. í fjárlögum 1995. Þessum stofnum er m.a. ætlað að standa undir útgjöldum vegna flýtingar framkvæmda á síðustu árum og ákvörðun stjórnvalda um að draga úr framkvæmdum 1996. Samtals nemur ráðstöfunarfé Vegagerðarinnar því 5.913 m.kr. að framkvæmdaátakinu frátöldu. Af þeirri fjárhæð fara 2.600 m.kr. til viðhalds vega, eins og í fjárlögum 1995, til afborgana lána og reksturs ferja og flóabáta fara 469 m.kr. og til yfirstjórnar Vegagerðarinnar fara 235 m.kr. Það sem eftir stendur, 2.609 m.kr., fer til framkvæmda og tilrauna. Af þessu er ljóst að endurskoða þarf gildandi vegáætlun.

Siglingamál

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 330 Vita- og hafnamálastofnun og 341 Siglingamálastofnun ríkisins. Heildarframlag nemur um 771 m.kr. og lækkar um 115 m.kr. að raungildi frá fjárlögum 1995.

Á fjárlagaliðnum Vita- og hafnamálastofnun eru tíu viðfangsefni. Þar á meðal er yfirstjórn stofnunarinnar, hafnamannvirki, sjóvarnagarðar, Hafnabótasjóður og sérstakt vörugjald. Alls lækkar framlag til vita- og hafnamála um 100 m.kr. að raunvirði frá fjárlögum 1995 eða um 13%. Framlag til yfirstjórnar stofnunarinnar á árinu 1996 lækkar um tæpar 3 m.kr. og er það í samræmi við þjónustusamning sem undirritaður var í byrjun þessa árs. Einnig lækkar framlag til gerðar hafnamannvirkja um 68 m.kr. og framlag til sjóvarnargarða lækkar um 27 m.kr. en framkvæmdum við Hornafjarðarós lýkur á árinu 1995. Gert er ráð fyrir að sérstakt vörugjald skili 5 m.kr. hærri tekjum á árinu 1996 en áætlað er í fjárlögum 1995. Tekjuaukninguna má rekja til hækkunar á gjaldskrá hafna í febrúar á þessu ári og gengur hækkunin til Hafnabótasjóðs.

Framlag til Siglingamálastofnunar ríkisins lækkar um 14,8 m.kr. milli áranna 1995 og 1996 og verður rúmar 79 m.kr. Ástæður fyrir lækkuninni er að mengunarsvið stofnunarinnar færist til Hollustuverndar ríkisins sem tilheyrir umhverfisráðuneytinu.

Flugmál

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 471 Flugmálastjórn; 472 Flugvellir og 481 Rannsóknarnefnd flugslysa. Heildarframlag á næsta ári er áætlað 411,2 m.kr. samanborið við 499 m.kr. í ár.

471 Flugmálastjórn. Framlög til Flugmálastjórnar nema 372,5 m.kr. og haldast nær óbreytt að raungildi milli ára. Hins vegar breytast hlutföll milli fjárlagaliða. Þannig hækkar framlagið til Alþjóðaflugþjónustunnar lítils háttar vegna aukinnar umferðar yfir Atlantshaf en framlag til Flugmálastjórnar lækkar að sama skapi.

472 Flugvellir. Áætlað er að rekstrarkostnaður flugvalla á árinu 1996 verði um 298 m.kr. og 74,6 m.kr. endurheimtist með sértekjum, aðallega lendingargjöldum. Markaðir tekjustofnar flugmálaáætlunar, þ.e. flugvallargjald og eldsneytisgjald, eru taldir alls 393 m.kr. sem er sama fjárhæð og á þessu ári. Af því fé er áætlað að verja 190 m.kr. til reksturs flugvalla í stað 40 m.kr. á yfirstandandi ári. Það sem á vantar eru því um 34 m.kr. og er fjármagnað úr ríkissjóði. Framlög til framkvæmda við flugvelli nema 203 m.kr. og lækka um 150 m.kr. milli áranna 1995 og 1996. Í flugmálaáætlun fyrir árin 1994 - 1997 er ekki gert ráð fyrir þessari lækkun. Þar er hins vegar ráðgert að verja 130 m.kr. á árinu 1996 í flugbrautir og stæði, 77 m.kr. í bundið slitlag og 62 m.kr. í snjóhreinsibúnað svo eitthvað sé nefnt. Flugmálaáætlun þarf því að endurskoða.

Ferðamál

Til þessa málefnaflokks telst fjárlagaliðurinn 651 Ferðamálaráð. Framlag nemur 115,2 m.kr. samanborið við 142,4 m.kr. í fjárlögum 1995 sem samsvarar rúmlega 20% raunlækkun. Framlag að fjárhæð 20 m.kr. til landkynningar í tengslum við Heimsmeistaramót í handknattleik á Íslandi fellur niður. Einnig fellur niður 20 m.kr. framlag til Ferðamálasjóðs en á þessu ári var því framlagi varið til skuldbreytingar lána hjá hótelum á landsbyggðinni sem opin eru allt árið. Á viðfangsefninu Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985 koma fram skil

ríkissjóðs af hluta tekna Fríhafnarinnar í Keflavík. Áætlað er að þau nemi 68 m.kr. á næsta ári sem er óbreytt frá yfirstandandi ári.

Á árinu 1993 var undirritaður samstarfssamningur við Grænlendinga á sviði ferðamála. Sams konar samningur var gerður við Færeyinga á árinu 1994. Framlög í samræmi við þessa samninga á árinu 1996 eru 5,8 m.kr. vegna Grænlands og 2,9 m.kr. vegna Færeyja.

Gert er ráð fyrir auknum kostnaði við rekstur skrifstofu Ferðamálaráðs sem nemur 4,9 m.kr. Á móti koma tekjur af sölu á handbók um ferðaþjónustu, alls 2,5 m.kr. Framlag til skrifstofunnar hækkar því um 2,4 m.kr. að raungildi milli áranna 1995 og 1996.

11 Iðnaðarráðuneyti

Útgjöld iðnaðarráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	49,5	59,2	61,0	3	23
Iðnaðarmál	312,6	227,5	230,7	1	-26
Orkumál	759,8	804,0	855,2	6	13
Samtals	**1.121,9**	**1.090,7**	**1.146,9**	**5**	**2**
Rekstrarkostnaður	461,8	454,8	456,6	0	-1
Neyslu- og rekstrartilfærslur	567,9	580,1	631,1	9	11
Stofnkostnaður og viðhald	92,2	55,8	59,2	6	-36
Samtals	**1.121,9**	**1.090,7**	**1.146,9**	**5**	**2**

Heildarframlög til iðnaðarráðuneytisins eru 1.147 m.kr. sem er 5% hækkun frá fjárlögum 1995 og 2% hækkun frá reikningi 1994.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 101 Aðalskrifstofa; 102 Einkaleyfastofan og 199 Ráðstöfunarfé.

Framlög til málefnaflokksins hækka um 3% frá fjárlögum 1995.

Iðnaðarmál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 201 Iðntæknistofnun Íslands; 203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins; 240 Iðnaðarrannsóknir og 299 Iðja og iðnaður, framlög.

Framlög til málefnaflokksins verða 230,7 m.kr. og hækka um 1% frá fjárlögum 1995.

201 Iðntæknistofnun Íslands. Stofnunin stuðlar að aukinni nýsköpun í atvinnulífinu með rannsóknum, vöruþróun, fræðslu, ráðgjöf og prófunum. Mörg sérverkefni eru unnin í samvinnu við opinbera aðila jafnt sem einkaaðila. Hlutur sértekna hefur farið vaxandi á undanförnum árum og á árinu 1994 nam hann 65% af rekstrarkostnaði stofnunarinnar. Iðnaðarráðherra hefur skipað nefnd sem m.a. er ætlað að meta hvernig efla megi sjálfstæði Iðntæknistofnunar, hagræða og auka skilvirkni í rekstri og hugsanlega sameina stofnunina og Orkustofnun.

203 ***Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.*** Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar um 6% frá fjárlögum 1995. Haustið 1994 gerði iðnaðarráðuneytið þjónustusamning við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins en það var liður í tilraun til að auka sveigjanleika í rekstri stofnana og auka ábyrgð stjórnenda þeirra. Samningurinn sem er staðfestur af fjármálaráðherra gildir í þrjú ár frá 1. janúar 1995. Í samningnum er ákveðið að fjárveiting til stofnunarinnar verði 53 m.kr. á árinu 1996. Vegna almennrar lækkunar rekstrargjalda er grunnfjárveiting stofnunarinnar 52 m.kr. og verður gerður viðbótarsamningur um þau verkefni sem draga þarf úr til að mæta þessari lækkun. Fjárveiting tekur síðan breytingum vegna kjarasamninga.

240 ***Iðnaðarrannsóknir.*** Fjárveitingu til iðnaðarrannsókna er varið til að athuga ýmsa iðnaðar- og orkunýtingarkosti og til kynningar á virkjunarmöguleikum. Þar má nefna nýja stóriðju og útflutning á orku. Einnig er greitt af þessum lið framlag ráðuneytisins til norrænu orkurannsóknaáætlunarinnar en yfirstandandi áætlun lýkur 1998. Þá er fyrirhugað að greiða af þessum lið kostnað vegna þátttöku Íslands í SAVE og ALTERER áætlunum Evrópusambandsins, en þar er um að ræða rannsóknir á sviði orkusparnaðar og endurnýjanlegra orkugjafa.

299 ***Iðja og iðnaður, framlög.*** Hér er um safnlið að ræða sem ætlað er að standa straum af kostnaði við ýmis verkefni á sviði iðnaðarmála. Liðurinn hækkar í 68 m.kr. eða um 5% frá fjárlögum 1995. Undir liðnum er eitt nýtt viðfangsefni, *1.45 Sjóður til eflingar atvinnulífi í Mývatnssveit*, og er það kostnaður sem varð til við setningu laga nr. 17/1995 um breytingu á lögum nr. 80/1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn. Lagabreytingin felst í því að stofnaður er sérstakur sjóður sem hefur það hlutverk að kosta undirbúning aðgerða til þess að efla atvinnulíf í þeim sveitarfélögum sem nú eiga verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi verksmiðjunnar. Meðal þess sem talið er ráðstöfunarfé sjóðsins er allt að 20% af tekjum ríkisins sem eiganda verksmiðjunnar samkvæmt heimildum í fjárlögum hverju sinni. Fjárveiting til viðfangsefnisins er reiknuð samkvæmt þessu og er áætluð 5,0 m.kr. Nokkrar breytingar á fjárveitingum til annarra viðfangsefna undir þessum fjárlagalið valda um 1,9 m.kr. lækkun.

Orkumál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 301 Orkustofnun; 302 Rafmagnseftirlit ríkisins; 371 Orkustofnun og 399 Ýmis orkumál.

Heildarframlag til málefnaflokksins er áætlað 855,2 m.kr. á móti 804,0 m.kr. í fjárlögum 1995. Hækkunin nemur 51,2 m.kr. eða rúmlega 6%.

301 ***Orkustofnun.*** Auk ráðgjafar og þjónustu við iðnaðarráðuneytið og aðra opinbera aðila eru meginverkefni Orkustofnunar á sviði rannsókna. Meðal helstu rannsóknaverkefna má nefna undirbúningsrannsóknir fyrir virkjun innlendra orkulinda, nýtingarrannsóknir orku, þróunarrannsóknir til að endurbæta rannsókna- og vinnsluaðferðir, svo og orkubúskaparrannsóknir. Hlutfall sértekna Orkustofnunar er rúmlega 40% af rekstrarkostnaði. Eins og vikið er að í athugasemdum við Iðntæknistofnun Íslands hefur verið skipuð nefnd sem ætlað er að kanna ýmsa þætti í starfsemi Orkustofnunar og Iðntæknistofnunar. Nefndinni er ætlað að endurskoða þann kafla orkulaga sem fjallar um Orkustofnun, gera tillögur um hvernig heppilegast sé að greina ráðgjafar- og stjórnsýsluþætti

í starfseminni frá rannsóknum á orkulindum og þjónusturannsóknum. Þá skal nefndin meta þörf á að ríkið sinni áfram þeim rannsóknum sem Orkustofnun og Iðntæknistofnun annast nú, svo og hvort heppilegt sé að sameina þau rannsóknarstörf. Nefndinni er ætlað að skila skýrslu til iðnaðarráðherra eigi síðar en í janúar á næsta ári.

399 Ýmis orkumál. Þessi fjárlagaliður hækkar um 49 m.kr. frá fjárlögum 1995 og verður 559 m.kr. Viðfangsefnið *1.15 Niðurgreiðsla á rafhitun* hækkar úr 397 m.kr. í fjárlögum 1995 í 447 m.kr. eða um 50 m.kr. samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

12 Viðskiptaráðuneyti

Útgjöld viðskiptaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	84,7	78,6	80,5	2	-5
Viðskiptamál	93,2	94,7	112,6	19	21
Samtals	**177,9**	**173,3**	**193,1**	**11**	**9**
Rekstrarkostnaður	158,7	153,5	163,0	6	3
Neyslu- og rekstrartilfærslur	10,1	11,1	26,1	135	158
Stofnkostnaður og viðhald	9,1	8,7	4,0	-54	-56
Samtals	**177,9**	**173,3**	**193,1**	**11**	**9**

Heildarútgjöld viðskiptaráðuneytisins verða 193 m.kr. sem er 20 m.kr. hækkun frá fjárlögum 1995 eða 11%. Mestu veldur um hækkunina nýtt viðfangsefni, *999-1.10 Fjárfestingarskrifstofa viðskiptaráðuneytisins*, og er kostnaður við hana áætlaður um 15 m.kr. og verður nánar vikið að því síðar. Aðrar hækkanir má rekja að mestu til kjarasamninga á þessu ári. Önnur breyting á málefnaflokkum ráðuneytisins er sú að Vátryggingaeftirlitið er flutt frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu til viðskiptaráðuneytisins, en sú breyting hefur ekki kostnaðarauka í för með sér þar sem sértekjur eftirlitsins standa undir kostnaði.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast: 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

190 Ýmis verkefni. Helstu viðfangsefni undir þessum lið eru *1.10 Neytendasamtökin, 1.20 Icepronefnd* og *1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál* en þar er að finna ýmsan kostnað eins og prófnefnd verðbréfamiðlara, samráðsnefnd um gjaldeyrismál og framlag til tækniaðstoðar European Bank for Reconstruction and Development (EBRD).

Viðskiptamál

Undir málefnaflokkinn heyra: 301 Löggildingarstofan; 401 Vátryggingaeftirlitið; 902 Samkeppnisstofnun; 903 Skráning hlutafélaga og 999 Ýmis viðskiptamál.

301 Löggildingarstofan. Í athugasemdum við frumvörp til fjárlaga fyrir árin 1994 og 1995 hefur verið vikið að þeim breytingum sem gerðar hafa verið og fyrirhugaðar eru á rekstri stofnunarinnar. Er þar einkum að nefna breytingar á grundvelli laga nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, en breytingarnar hafa tekið lengri tíma en í upphafi var ætlað. Til viðbótar er að nefna að á miðju ári 1995 fékk stofnunin nýtt verkefni, sem er eftirlit með vörum sem ekki falla undir sérlög annarra stofnana, og er þar m.a. um leikföng að ræða. Væntanlegt er frumvarp til laga um þetta efni.

401 Vátryggingaeftirlitið. Hér er um að ræða nýja stofnun undir viðskiptaráðuneytinu, arftaka Tryggingaeftirlitsins sem heyrði undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Samkvæmt lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, er hlutverk eftirlitsins víðtækara en var í eldri lögum og samstarf þess við erlendar eftirlitsstofnanir aukið. Þessi flutningur eykur þó ekki kostnað hjá viðskiptaráðuneytinu þar sem rekstrarkostnaður Vátryggingaeftirlitsins er borinn uppi af sérstöku gjaldi sem er lagt á þá sem starfsleyfi hafa til vátryggingastarfsemi hér á landi.

999 Ýmis viðskiptamál. Hér er um nýtt fjárlaganúmer að ræða og undir því er eitt viðfangsefni *1.10 Fjárfestingarskrifstofa viðskiptaráðuneytisins og Útflutningsráðs.* Iðnaðar- og viðskiptaráðherra og framkvæmdastjóri Útflutningsráðs undirrituðu 14. mars s.l. samning um stofnun skrifstofunnar. Henni er ætlað að greiða fyrir fjárfestingu erlendra aðila hér á landi og starfar sjálfstætt innan Útflutningsráðs sem veitir henni aðstöðu og þjónustu og annast fjárreiður og reikningshald. Útgjöld vegna almennrar starfsemi skrifstofunnar skiptast þannig að ríkissjóður greiðir kostnað vegna launa starfsmanna og útgjöld vegna fastrar grunnstarfsemi samkvæmt nánari ákvörðun í fjárlögum hvert ár. Útflutningsráð lætur í té aðstöðu fyrir starfsmenn og almenna þjónustu. Annar sértækur kostnaður skiptist í hlutföllum sem samið verður um milli þeirra sem verða aðilar að sérstökum átaksverkefnum. Gert er ráð fyrir að Iðnþróunarsjóður verði aðili að einstökum átaksverkefnum. Kostnaður ríkissjóðs á árinu 1996 er áætlaður 15 m.kr.

13 Hagstofa Íslands

Útgjöld Hagstofu Íslands eru áætluð sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Aðalskrifstofa	129,4	128,0	136,3	6	5
Þjóðskrá	26,4	20,6	22,6	10	-14
Samtals	**155,8**	**148,6**	**158,9**	**7**	**2**
Rekstrarkostnaður	138,8	136,3	146,6	8	6
Neyslu- og rekstrartilfærslur	3,8	3,8	3,8	0	0
Stofnkostnaður og viðhald	13,2	8,5	8,5	0	-36
Samtals	**155,8**	**148,6**	**158,9**	**7**	**2**

Útgjöld Hagstofu Íslands hækka um rúmlega 10 m.kr. eða 7% frá fjárlögum 1995. Hækkunin er nánast öll vegna launahækkana í kjölfar nýrrakjarasamningaa. Gert er ráð fyrir

sérstakri fjárveitingu að fjárhæð 4 m.kr. til að ljúka við neyslukönnun, en samkvæmt lögum nr. 12/1995, um vísitölu neysluverðs, skal Hagstofa Íslands láta kanna eigi sjaldnar en á fimm ára fresti hvort nauðsynlegt sé að endurnýja grunn vísitölunnar. Að öðru leyti er gert ráð fyrir óbreyttri starfsemi frá árinu 1995.

14 Umhverfisráðuneyti

Útgjöld umhverfisráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	146,0	161,5	158,1	-2	8
Umhverfisvernd	178,7	175,1	305,5	74	71
Skipulagsmál	77,9	106,7	112,4	5	44
Rannsóknir o.fl.	269,6	284,8	335,2	18	24
Samtals	**672,2**	**728,1**	**911,2**	**25**	**36**
Rekstrarkostnaður	553,1	603,9	671,3	11	21
Rekstrar- og neyslutilfærslur	78,8	71,0	86,2	21	9
Viðhald og stofnkostnaður	40,3	53,2	153,7	189	281
Samtals	**672,2**	**728,1**	**911,2**	**25**	**36**

Rekstrarkostnaður umhverfisráðuneytis er áætlaður 671 m.kr. á næsta ári en það er um 67 m.kr. hækkun frá árinu 1995. Hækkun launagjalda vegna kjarasamninga nemur um 45 m.kr. en nokkur ný verkefni á vegum ráðuneytisins og stofnana þess, sem nánar er vikið að hér á eftir, eru talin kosta um 22 m.kr. Þar má nefna flutning á mengunarvarnasviði Siglingamálastofnunar ríkisins til Hollustuverndar ríkisins, úrvinnslu korta hjá Landmælingum Íslands og aukin umsvif hjá Veðurstofu Íslands vegna snjóflóðarannsókna og snjóflóðaeftirlits. Samhliða þessari útgjaldahækkun hækka sértekjur um rúmlega 40 m.kr. eða um 15% milli ára. Þar vega þyngst sértekjur vegna seldra veiðikorta, sbr. lög nr. 64/1994. Áætlað er að ársverkum umhverfisráðuneytis fjölgi um rúm 6% frá fjárlögum 1995.

Rekstrartilfærslur eru áætlaðar 86 m.kr. og hækka um 15 m.kr. eða um 21%. Hækkun er að mestu vegna tekna af seldum veiðikortum en í lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, er kveðið á um að tekjur af seldum veiðikortum skuli nýttar til rannsókna og stýringar á stofnum villtra dýra og fugla. Tekjurnar eru færðar á fjárlagalið *Veiðistjóra* en á móti eru þar færðar rekstrartilfærslur sem renna til framangreindra rannsókna.

Fjárveiting til viðhalds og stofnkostnaðar hækkar um 100 m.kr. milli ára og verður 153,7 m.kr. Hækkun er fyrst og fremst vegna nýrra laga um styrki til fráveitna sveitarfélaga. Áætlað er að styrkirnir nemi um 100 m.kr. á næsta ári og er fjárveitingin færð á nýjan fjárlagalið *281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga* og tilheyrir hann málefnaflokknum *Umhverfisvernd*. Hér á eftir er fjallað um einstaka fjárlagaliði þar sem tilefni er til.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

101 Aðalskrifstofa. Rekstrarframlag verður 79,1 m.kr. og hækkar um 9,1 m.kr. Hækkun umfram kjarasamninga skýrist að mestu af nýjum lögum um stuðning ríkissjóðs við framkvæmdir sveitarfélaga í frárennslismálum. Gert er ráð fyrir að sett verði á fót nefnd er fjalli um umsóknir sveitarfélaga um styrkveitingar til framkvæmdanna og að starfsmaður í ráðuneytinu fari yfir umsóknir. Af þessum sökum hækkar framlag til aðalskrifstofu um 5 m.kr.

190 Ýmis verkefni. Til þessa fjárlagaliðar eru veittar 73 m.kr. samanborið við 85,3 m.kr. í gildandi fjárlögum. Fjárveitingin skiptist á viðfangsefni sem hér segir:

	Fjárlög 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting m.kr.
Uppgræðsla og gróðurvernd	1,0	-	-1,0
Stefnumörkun í umhverfismálum	1,0	3,5	2,5
Ýmis umhverfisverkefni	14,0	16,0	2,0
Átak í frárennslismálum	5,0	-	-5,0
Átak í sorphirðumálum	2,5	-	-2,5
Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	6,5	6,5	0,0
Rannsóknir á lifnaðarháttum æðarfugls	2,0	2,0	0,0
Umhverfisvöktun	20,0	28,0	8,0
Gróðurkortagerð	1,0	-	-1,0
Mengunarslys	0,5	0,5	0,0
Alþjóðastofnanir	8,5	9,0	0,5
Undirbúningur náttúrustofa	2,3	0,5	-1,8
Rannsóknastöð að Kvískerjum	0,5	-	-0,5
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	-	3,0	3,0
Verndun Breiðafjarðar	-	1,5	1,5
Þjóðgarður á Snæfellsnesi, undirbúningur	-	2,5	2,5
Ráðstefna um mengun í hafi frá landstöðvum	20,5	-	-20,5
Samtals	**85,3**	**73,0**	**-12,3**

Framlag lækkar um 30,5 m.kr. vegna viðfangsefna sem falla niður eða flytjast á aðra fjárlagaliði. Framlag til *átaks í frárennslismálum* fellur niður en framlag til þessara mála er nú fært á nýjan fjárlagalið. Úttekt á sorphirðumálum í öllum landshlutum er nú lokið og fellur því sérstök fjárveiting til *átaks í sorphirðumálum* niður. Fjárveiting til viðfangsefnanna *1.12 Uppgræðsla og gróðurvernd* og *1.37 Gróðurkortagerð* flyst til Náttúrufræðistofnunar í tengslum við vinnu að gróðurgreiningu sem nánar er gerð grein fyrir í umfjöllun um stofnunina. Þrjú ný viðfangsefni bætast við, samtals að fjárhæð 7 m.kr. Á 118. þingi var samþykkt þingsályktunartillaga um *Stofnun Vilhjálms Stefánssonar* og eru hér veittar 3 m.kr. til undirbúnings málinu. Samþykkt hafa verið ný lög um *vernd Breiðafjarðar*, nr. 54/1995, og því munu fylgja nokkur útgjöld í tengslum við rannsóknastöð sem fyrirhugað er að setja upp á svæðinu en einnig við störf Breiðafjarðarnefndar sem er ætlað að vera umhverfisráðherra til ráðgjafar um framkvæmd laganna. Í samræmi við samþykkt ríkisstjórnar er unnið að stofnun þjóðgarðs á utanverðu Snæfellsnesi og eru veittar 2,5 m.kr. til undirbúnings. Framlag til *stefnumörkunar í umhverfismálum* hækkar um 2,5 m.kr. en nýlokið er samantekt á skýrslu sem tekur á helstu áhersluatriðum varðandi framtíðarstefnumörkun í umhverfismálum. Á næsta ári verður unnið að frágangi framkvæmdaáætlunar í umhverfismálum. Þá er að nefna að viðfangsefnið *1.35 Umhverfisvöktun* hækkar um 8 m.kr. en áhersla verður lögð á að fá enn betur staðfest með mælingum stöðu umhverfismála hér á landi. Hér er um að ræða tímabundið átak sem

áætlað er að taki nokkur ár og er þáttur í stefnu ríkisstjórnarinnar að styrkja ímynd Íslands. Framlag til *undirbúnings náttúrustofa* lækkar þar sem fjárveiting flyst yfir á fjárlagalið *403 Náttúrustofur*. Aðrir liðir breytast óverulega.

Umhverfisvernd

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 201 Náttúruverndarráð; 202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn; 210 Veiðistjóri; 221 Hollustuvernd ríkisins og 281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga.

*201 **Náttúruverndarráð.*** Rekstrarframlag er áætlað 55,2 m.kr. og hækkar um 7,3 m.kr. Framlag til yfirstjórnar hækkar að raungildi um rúmar 3 m.kr. og er liður í að veita stofnuninni betri möguleika til að sinna skyldum sínum í náttúruverndar- og friðlýsingarmálum. Fjárveiting til viðhalds og tækjakaupa er óbreytt milli ára og nemur 10,5 m.kr.

*202 **Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn.*** Rekstrarfjárveiting hækkar um 3,1 m.kr. og er áætluð 5,1 m.kr. á næsta ári. Framlag til stofnunarinnar var lækkað á árinu 1995 en hér er gert ráð fyrir sambærilegu framlagi og árið 1994.

*210 **Veiðistjóri.*** Framlag er áætlað 39,1 m.kr. og lækkar um 0,5 m.kr. milli ára. Launagjöld hækka vegna kjarasamninga og önnur rekstrargjöld hækka vegna húsaleigu. Á árinu 1995 flutti stofnunin aðsetur sitt til Akureyrar og var þar tekið á leigu nýtt húsnæði. Loks hækkar framlag um 1 m.kr. vegna kennslu- og rannsóknaembættis við Háskóla Íslands sem kostað er af fjárlagalið embættis Veiðistjóra. Með þessu starfi er ætlað að styrkja rannsóknir og þekkingu á stofnstærð villtra spendýra. Staðan var stofnuð 1. júní 1995 og fjárveiting í gildandi fjárlögum miðast því við tæplega hálft ár. Alls hækka rekstrarútgjöld um tæpar 3 m.kr. og er embættinu ætlað að hagræða sem því nemur. Sértekjur hækka alls um 14,9 m.kr. sem skýrist af áætluðum tekjum af seldum veiðikortum samkvæmt nýlegum lögum þar um. Tekjum verður varið til rannsókna og stjórnunar á stofnum villtra dýra og fugla og til að standa undir kostnaði við útgáfu kortanna. Framlag úr ríkissjóði breytist því ekki með tilkomu tekna af veiðikortum. Umhverfisráðherra ákveður árlega, skv. lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, viðmiðunartaxta launa til skotmanna og aðrar greiðslur fyrir unna refi og minka. Ríkissjóður endurgreiðir síðan eftir viðmiðunartöxtum helming kostnaðar við veiðarnar. Kostnaður þessi hefur farið lækkandi, m.a. vegna breyttra áherslna og vegna lækkaðs hlutfalls ríkissjóðs en það hefur verið breytilegt undanfarin ár. Einnig geta sveitarfélög samkvæmt reglugerð nr. 437/1995, um refa- og minkaveiði, fengið undanþágu til grenjavinnslu og minkaveiða á ákveðnum svæðum. Kostnaður þessi er áætlaður 28 m.kr. á næsta ári og er hann færður sem tilfærslur á fjárlagalið Veiðistjóra.

*221 **Hollustuvernd ríkisins.*** Heildarframlag verður 106,1 m.kr. samanborið við 85,6 m.kr. á þessu ári. Rekstrarframlag hækkar um tæplega 15 m.kr. að raungildi frá fjárlögum ársins vegna flutnings mengunarvarnasviðs Siglingamálastofnunar ríkisins til Hollustuverndar. Flutningurinn hefur alls í för með sér um 17 m.kr. hækkun á útgjöldum Hollustuverndar en á móti er gert ráð fyrir að stofnunin hagræði í rekstri sínum sem

nemur um 2 m.kr. Verkefni stofnunarinnar hafa aukist á undanförnum árum, m.a. í tengslum við EES-samninginn vegna eftirlits með matvælum, eiturefnum svo og vegna mengunarvarna. Af þeim sökum hefur umhverfisráðherra skipað nefnd sem ætlað er að skoða rekstrargrundvöll Hollustuverndar, m.a. sértekjuöflun og þróun ríkisframlags til stofnunarinnar. Aðild að nefndinni eiga fjárlaganefnd Alþingis, umhverfisráðuneyti, fjármálaráðuneyti og Hollustuvernd ríkisins og er nefndinni ætlað að skila áliti fyrir afgreiðslu fjárlaga.

281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga. Þetta er nýr fjárlagaliður og eru veittar 100 m.kr. til þessa verkefnis í samræmi við lög nr. 53/1995, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum. Markmið laganna er að stuðla að framkvæmdum við fráveitur sveitarfélaga með styrkveitingum á næstu tíu árum. Talið er að kostnaður við að koma fráveitumálum í viðunandi horf á öllu landinu sé á bilinu 15-20 milljarðar króna. Samkvæmt lögunum getur fjárhagslegur stuðningur ríkisins vegna framkvæmda numið allt að 20% af staðfestum heildarraunkostnaði styrkhæfra framkvæmda næstliðins árs, þó að hámarki 200 m.kr. á ári. Í samræmi við framangreind lög hefur umhverfisráðherra skipað fráveitunefnd sem m.a. er ætlað að fjalla um styrkumsóknir og framkvæmda- og kostnaðaráætlanir sveitarfélaga. Nefndin hefur tekið til starfa og samkvæmt bráðabirgðamati hennar er talið að heildarfjárhæð styrkhæfra umsókna nemi um 100 m.kr. á árinu 1996.

Skipulagsmál

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 301 Skipulagsstjóri ríkisins og 310 Landmælingar Íslands.

301 Skipulagsstjóri ríkisins. Framlag er áætlað 36,5 m.kr. og er svo til óbreytt milli ára. Tilfærslur hækka um 4 m.kr. en þar er um að ræða endurgreiðslu innheimtra skipulagsgjalda til þeirra sveitarfélaga sem annast eigin skipulagsmál. Skerðing var á endurgreiðslum til þessara sveitarfélaga á árinu 1995 sem ekki er ráðgerð á árinu 1996. Vinna við gerð svæðisskipulags hefur farið vaxandi og hefur hún í auknum mæli færst til embættisins en var áður að hluta til greidd sem aðkeypt þjónusta. Við afgreiðslu fjárlaga 1995 voru sértekjur viðfangsefnisins *1.11 Mat á umhverfisáhrifum* fyrir mistök lækkaðar um 4 m.kr. í stað þess að hækka þær um 4 m.kr. Sértekjurnar voru því 8 m.kr. of lágar í fjárlögum þessa árs en þær eru nú hækkaðar um 7,4 m.kr. Að lokum hækkar framlag til *skipulags miðhálendis* um 1,2 m.kr. og verður 8,3 m.kr. þar sem verkefnið er viðameira en ætlað var í fyrstu.

310 Landmælingar Íslands. Heildarframlag til stofnunarinnar hækkar um tæpar 6 m.kr. og verður um 76 m.kr. Rekstrarfjárveiting hækkar um tæpar 9 m.kr., þar af um rúmlega 4 m.kr. til að ljúka grunnúrvinnslu svonefndra DMA-korta (Defense Mapping Agency). Fjárveiting til tækja- og búnaðarkaupa lækkar um 3 m.kr. og verður 10 m.kr.

Rannsóknir o.fl.

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 401 Náttúrufræðistofnun Íslands; 403 Náttúrustofur og 410 Veðurstofa Íslands.

*401 **Náttúrufræðistofnun Íslands.*** Heildarframlag til stofnunarinnar hækkar um 12,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum og verður um 75 m.kr. Rekstrarframlag er áætlað um 69 m.kr. og hækkar um tæpar 10 m.kr. Nýtt húsnæði Náttúrufræðistofnunar á Akureyri og aukið húsnæði í Reykjavík hefur í för með sér aukin rekstrargjöld að fjárhæð 2,5 m.kr. Vinnu við gróðurgreiningu var áður sinnt hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins en sú vinna hefur legið niðri um nokkurt skeið. Nú er gert ráð fyrir að þessu starfi verði sinnt hjá Náttúrufræðistofnun. Sértekjur og kostnaður viðfangsefnisins *1.02 Setur í Reykjavík* hækkar um 9 m.kr. til samræmis við raunverulegt umfang. Hækkun útgjalda færist fyrst og fremst sem launagjöld. Framlag til viðhalds fasteigna er 1,5 m.kr. og er það nýr liður í fjárlögum. Framlag til stofnkostnaðar er áætlað 4,5 m.kr. og hækkar um 1 m.kr. milli ára en við afgreiðslu fjárlaga 1995 á Alþingi voru veittar 2,5 m.kr. til að kosta hluta tölvu- og gagnakerfis og var fjárveitingin miðuð við þriggja ára verkefni. Nú er gert ráð fyrir að framkvæma þetta á tveimur árum.

*403 **Náttúrustofur.*** Samkvæmt lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, er umhverfisráðherra heimilt að leyfa starfrækslu einnar náttúrustofu með ríkisaðild í hverju kjördæmi og geta heimaaðilar átt og rekið náttúrustofu með stuðningi ríkisins. Framlag ríkissjóðs takmarkast við laun forstöðumanns í fullu starfi og stofnkostnað eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni, enda liggi fyrir trygging um jafnhátt framlag frá heimaaðilum. Fjárveiting að fjárhæð 3,9 m.kr. í fjárlögum þessa árs er einungis ætluð náttúrustofu á Neskaupstað en á næsta ári er áætluð fjárveiting til náttúrustofa 12,3 m.kr. sem skiptist jafnt á Neskaupstað, Vestmannaeyjar og Bolungarvík. Framlag til hverrar stofu miðast við rekstur á heilu ári. Á móti hækkun á þessum fjárlagalið lækkar framlag til undirbúnings náttúrustofum á fjárlagalið *190 Ýmis verkefni.*

*410 **Veðurstofa Íslands.*** Áætlað rekstrarframlag Veðurstofunnar verður 227,6 m.kr. á næsta ári samanborið við um 200 m.kr. á þessu ári. Útgjöld viðfangsefnisins *1.01 Almenn starfsemi* hækka um 31,1 m.kr. Fyrr á þessu ári ákvað ríkisstjórnin að auka rannsóknir og snjóflóðaeftirlit hjá Veðurstofunni og hækkar framlag af þeim sökum um 15 m.kr. Hækkun umfram þetta skýrist m.a. af hækkun launagjalda vegna kjarasamninga. Á móti hækkun rekstrargjalda hækka sértekjur milli ára um 3,4 m.kr. Þær eru áætlaðar 25,5 m.kr. á næsta ári og stafar hækkun fyrst og fremst af hækkun á útseldri vinnu. Rekstrargjöld og sértekjur vegna *veðurþjónustu fyrir millilandaflug* eru nær óbreyttar frá fjárlögum þessa árs. Samkvæmt samningi ríkisstjórnar Íslands við Alþjóðaflugmálastofnunina (ICAO) er gert ráð fyrir að ICAO greiði 95% af útgjöldum vegna þessarar þjónustu. Að lokum hækkar framlag til tækja- og búnaðarkaupa um 2 m.kr. en framlag til viðhalds fasteigna er óbreytt.

7 Athugasemdir um ríkisfyrirtæki og sjóði í B-hluta

Áætlanir í B-hluta frumvarpsins bera vott um þann efnahagslega stöðugleika sem ríkt hefur á undanförnum árum. Staða fyrirtækja og lánasjóða í B-hluta hefur styrkst á sama hátt og hjá einkafyrirtækjum. Áætlanagerð er nákvæmari og stjórnun markvissari. Eigi að síður þarf að endurmeta áætlanir nokkurra B-hluta aðila fyrir afgreiðslu fjárlaga þegar fyllri upplýsingar liggja fyrir.

Heildaryfirlit yfir gjöld, tekjur og fjármunahreyfingar fyrirtækja og sjóða í B-hluta er í töflu 11 í viðauka og yfirlit yfir framlög, fjárfestingu og lántökur í B-hluta er í töflu 12. Í töflunni hér að neðan er yfirlit yfir rekstrarumsvif og fjármunahreyfingar B-hlutans þar sem starfseminni hefur verið skipt niður á fjögur svið með sama hætti og í fyrri frumvörpum.

Í milljónum króna	Ríkis-fyrirtæki	Lána-stofnanir	Sjóðir	Aðrir	B-hluti frumvarp Samtals	B-hluti fjárlög 1995
Gjöld	34.083	8.808	6.243	1.782	50.916	46.476
Tekjur af vörusölu, þjónustu o.fl.	38.441	10.110	1.185	1.810	51.546	49.192
Framlag úr A-hluta ríkissjóðs	590	2.008	4.059	36	6.693	7.014
Mismunur	**4.948**	**3.310**	**-999**	**64**	**7.323**	**9.730**
Veitt lán	-	21.101	64	-	21.165	22.047
Fjárfesting	3.401	22	32	143	3.598	3.620
Afborganir lána	687	15.450	789	64	16.990	18.755
Arðgreiðslur í ríkissjóð	981	-	-	-	981	993
Önnur skil í ríkissjóð	3.235	-	-	-	3.235	7.725
Annað, sjóðsbreytingar o.fl.	808	1.249	200	22	2.279	1.417
Innheimtar afborganir	76	8.988	915	-	9.979	9.185
Afskriftir	2.574	4	102	65	2.745	2.621
Tekin lán	542	25.520	850	100	27.012	30.895
Ráðstöfun eigin fjár	4.947	3.310	-999	64	7.322	9.730
Annað	973	-	217	-	1.190	2.126

Áætlað er að í heild skili B-hluti 7,3 milljarða króna tekjuafgangi á árinu 1996 sem er 2,4 milljörðum króna minna en í ár. Mestu munar að tekjuafgangur *Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins* er talinn minnka um 4,6 milljarða króna í kjölfar breytinga á fyrirkomulagi áfengissölu og með tilkomu áfengisgjalds. Tekjur ríkisins af áfengissölu breytast ekki vegna þessa, heldur aðeins aðferðin við að innheimta þær. Á móti kemur að áætlað er að tekjuafgangur *Póst- og símamálastofnunar* aukist um 0,7 milljarða króna. Áætlað er að afkoma sjóða batni um 0,6 milljarð króna og vegur *Þróunarsjóður sjávarútvegsins* þar þyngst vegna minni úreldingarstyrkja. Einnig er gert ráð fyrir að afkoma lánastofnana batni um rúma 0,9 milljarða króna, einkum vegna aukinna fjármunatekna.

Framlög úr ríkissjóði til B-hluta eru áætluð 6,7 milljarðar króna og lækka um 321 m.kr., mest til lánastofnana. Þyngst vega framlög til *Atvinnuleysistryggingasjóðs* um 3,4 milljarðar króna og *Lánasjóðs íslenskra námsmanna* 1,4 milljarðar króna.



Í áætlunum ríkisfyrirtækja er eins og áður miðað við að þau fjármagni verðbætur á lífeyri starfsmanna sinna. Þau útgjöld eru áætluð um 133 m.kr. sem er hækkun um 23 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Hæstu gjöldin ber *Póst- og símamálastofnun* um 89 m.kr., *Ríkisútvarpið* 13 m.kr., *Áfengis- og tóbaksverslunin* um 12 m.kr., *Rafmagnsveitur ríkisins* um 10 m.kr., *Þjóðleikhúsið* um 6 m.kr., en önnur fyrirtæki bera minna.

Eins og undanfarin ár er í frumvarpinu gert ráð fyrir að ríkisfyrirtæki skili arði í ríkissjóð. Að þessu sinni er þremur fyrirtækjum ætlað að skila arði sem nemur 981 m.kr. Er það um 11 m.kr. lækkun frá gildandi fjárlögum. Eins og í fjárlögum yfirstandandi árs skilar *Póst- og símamálastofnun* stærstum hluta arðsins, eða 860 m.kr., og *Rafmagnsveitur ríkisins* 100 m.kr. Unnið er að endurskoðun reglna um arðskil ríkisfyrirtækja og verða þær lagðar fyrir Alþingi fyrir afgreiðslu fjárlaga. Önnur skil til ríkisins eru áætluð 3.235 m.kr. og lækka um 4.490 m.kr. Munar þar mestu um breytingar á skilum *Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins* vegna tilkomu áfengisgjalds en gert er ráð fyrir að hún skili 2.235 m.kr. *Fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli* er gert að skila 610 m.kr. og *Happdrætti Háskóla Íslands* 390 m.kr.

Fyrirhuguð fjárfesting verður um 3,6 milljarðar króna eins og í fjárlögum 1995. Mest munar um fjárfestingu *Póst- og símamálastofnunar* 2,2 milljarða króna, *Rafmagnsveitna ríkisins* 0,5 milljarða króna og *Ríkisútvarpsins* 0,4 milljarða króna.

Lántökur vegna B-hluta aðila eru áætlaðar um 27 milljarðar króna sem er samdráttur um 3,9 milljarða, m.a. vegna minni lántöku Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og Þróunarsjóðs sjávarútvegsins. Gert er ráð fyrir að útgáfa húsbréfa verði um 13,5 milljarðar króna og aukist um hálfan milljarð. Er það í samræmi við áætlaða aukningu fasteignaviðskipta vegna breytinga á lánaflokkum og hækkun á lánshlutfalli þeirra sem kaupa íbúð í fyrsta sinn. Þessu til viðbótar er áætlað að húsbyggingarsjóðirnir afli um 8 milljarða króna með sölu skuldabréfa á markaði. Þá mun ríkissjóður taka um 5,4 milljarða króna að láni vegna endurlána til B-hluta aðila. Sú lánafyrirgreiðsla skiptist þannig að 4.030 m.kr. eru fyrir *Lánasjóð íslenskra námsmanna*, 850 m.kr. fyrir *Þróunarsjóð sjávarútvegsins*, 340 m.kr. fyrir *Flugstöð Leifs Eiríkssonar* og 200 m.kr. fyrir *Ríkisútvarpið*.

Sem fyrr eru allar fjárhæðir í B-hluta frumvarpsins settar fram á áætluðu meðalverðlagi næsta árs. Hér á eftir er fjallað nánar um starfsemi og fjárreiður þeirra B-hluta aðila sem ástæða þykir til að gera sérstaklega grein fyrir.

22 Menntamálaráðuneyti

201 Happdrætti Háskóla Íslands. Áætlað er að tekjuafgangur happdrættisins aukist um 90 m.kr. eða um 30% frá fjárlögum 1995 og verði 390 m.kr. Skýringin er sú að gert er ráð fyrir að sala aukist enn frekar í skjávélahappdrættinu Gullnámunni. Á móti kemur að búist er við að sala minnki í eldri happdrættisformunum tveimur, flokkahappdrættinu og happaþrennunni. Áætlað er að velta happdrættisins aukist um rúmar 100 m.kr. án þess að rekstrarkostnaður aukist og njóti happdrættið þannig hagkvæmni af stærð sinni. Vaxtatekjur lækka frá fjárlögum en þær reyndust ofáætlaðar. Áætlað er að happdrættið greiði í ríkissjóð einkaleyfisgjald sem nemur 20% af rekstrarhagnaði ársins, eða 78 m.kr. Veitir ríkissjóður jafnhátt framlag til Bygginga- og tækjasjóðs. Það sem eftir stendur af tekjuafgangi, 312 m.kr., rennur til Háskóla Íslands og er varið til viðhalds og stofnkostnaðar Háskóla Íslands og stofnana sem tengjast honum.

202 Lyfjabúð Háskóla Íslands. Lyfjabúðin festi um mitt ár 1995 kaup á húseigninni Austurstræti 16 fyrir um 110 m.kr. Kaupin voru fjármögnuð með lánum viðskiptabanka og er nú unnið að lengingu lánanna. Ekki liggur fyrir hvaða áhrif kaupin munu hafa á fjárhag lyfjabúðarinnar og er í frumvarpinu gert ráð fyrir að tekjur af rekstri hennar og leigutekjur standi undir kostnaði við húsnæðið og vexti af lánum. Vegna kaupanna er fallið frá kröfu um að lyfjabúðin greiði arð í ríkissjóð á árinu 1996 en hann er í fjárlögum 1995 miðaður við 5% af eigin fé.

236 Vísindasjóður. Hlutverk Vísindasjóðs er að efla íslenskar vísindarannsóknir og í þeim tilgangi veitir sjóðurinn stofnunum, fyrirtækjum og einstaklingum styrki til skilgreindra verkefna. Tekjur Vísindasjóðs eru fjárveiting á fjárlögum hverju sinni, helmingur árlegra tekna arðsjóðs Seðlabanka Íslands, auk gjafa frá einstaklingum eða fyrirtækjum og önnur framlög. Fjárveiting ríkissjóðs er 15 m.kr. og lækkar um 10 m.kr. frá fjárlögum 1995. Framlag úr arðsjóði er áætlað óbreytt, 125 m.kr. og fjármunatekjur einnig, 3,5 m.kr. Áætlað er að sjóðurinn hafi um 143,5 m.kr. til ráðstöfunar í styrkveitingar á árinu 1996.

237 Tæknisjóður. Hlutverk Tæknisjóðs er að efla tækniþekkingu, rannsóknir og þróunarstarf og styrkir hann vísindastofnanir, fyrirtæki og einstaklinga í þessu skyni. Tekjur sjóðsins eru fjárveiting á fjárlögum ár hvert, tekjur af einkaleyfum eða endurgreiðslur til verkefna sem notið hafa stuðnings sjóðsins og leitt hafa til arðbærrar framleiðslu, gjafir frá einstaklingum eða fyrirtækjum og önnur framlög. Framlag úr ríkissjóði er 200 m.kr. sem er sama fjárhæð og á fjárlögum yfirstandandi árs.

238 Bygginga- og tækjasjóður. Hlutverk Bygginga- og tækjasjóðs er að veita styrki til kaupa á dýrum tækjum og búnaði, svo og til að byggja eða kaupa húsnæði til rannsóknar- og þróunarstarfs. Tekjur sjóðsins eru fjárveitingar á fjárlögum ár hvert, einkaleyfisgjald peningahappdrætta eða aðrar samsvarandi tekjur og önnur framlög. Tekjur sjóðsins eru áætlaðar 78 m.kr. á næsta ári, eða sem nemur einkaleyfisgjaldi af hagnaði Happdrættis Háskóla Íslands, og hækka þær um 18 m.kr. frá fjárlögum 1995.

239 ***Rannsóknarnámssjóður.*** Sjóðurinn veitir efnilegum stúdentum sem lokið hafa tilskyldu grunnnámi í háskóla styrki til meistara- eða doktorsnáms sem stundað er við Háskóla Íslands eða á ábyrgð hans í samvinnu við rannsóknastofnanir eða fyrirtæki. Strangar kröfur eru gerðar til verkefna, stúdenta og aðalleiðbeinenda um vísindalegt gildi, námsferil og hæfni. Tekjur sjóðsins eru framlag á fjárlögum ár hvert. Framlag er 20 m.kr. saman borið við 25. m.kr. á fjárlögum 1995.

679 ***Sameiginlegur kostnaður skólanna á Laugarvatni.*** Gerð samnings milli ríkisins og Héraðsnefndar Árnessýslu um skiptingu landareigna skólanna á Laugarvatni er á lokastigi. Gert er ráð fyrir að hlutverk sameignanna breytist, þannig að þær leggi aukna áherslu á umsjón og rekstur eigna ríkisins á staðnum ásamt því að annast tiltekna þætti í rekstri skólanna. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 50 m.kr. fjárveitingu til viðhalds skólahúsnæðis á Laugarvatni undir fjárlagalið *02-318 Framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður.*

872 ***Lánasjóður íslenskra námsmanna.*** Framlag úr ríkissjóði verður 1.400 m.kr. á næsta ári, samanborið við 1.480 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs. Framlagið miðast við 51% af áætluðum útlánum sjóðsins, 2.750 m.kr., og er það sama hlutfall og í fjárlögum líðandi árs. Endurskoðuð áætlun sjóðsins fyrir yfirstandandi ár bendir til þess að útlán verði um 60 m.kr. minni en gert er ráð fyrir í fjárlögum. Aðalskýring minni útlána er hagstæðari gengisþróun og minni lán til skólagjalda en gert var ráð fyrir. Framlag á árinu 1996 miðast við að enn dragi úr lánum til skólagjalda. Fjármagnskostnaður umfram fjármunatekjur er áætlaður 1.152 m.kr. eða 285 m.kr. hærri en í fjárlögum yfirstandandi árs, en í fjárlögum er lántökukostnaður vanáætlaður um 160 m.kr. Afborganir lána umfram innheimtar afborganir eru áætlaðar 1.425 m.kr. eða 15 m.kr. meiri en í fjárlögum. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun fyrir yfirstandandi ár er gert ráð fyrir að þessi munur verði töluvert minni vegna hagstæðrar gengisþróunar. Gert er ráð fyrir óbreyttum kostnaði við rekstur sjóðsins eða 103 m.kr. að meðtaldri fjárfestingu. Menntamálaráðherra hefur skipað nefnd til að endurskoða lög um lánasjóðinn. Áætlun sjóðsins fyrir árið 1996 verður endurskoðuð fyrir afgreiðslu frumvarpsins á Alþingi.

970 ***Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður.*** Samkvæmt útvarpslögum renna 10% af heildartekjum Ríkisútvarpsins í framkvæmdasjóð. Einnig skulu aðflutningsgjöld hljóðvarps- og sjónvarpstækja og hluta í þau renna óskipt í sjóðinn. Eftir gildistöku samningsins um Evrópskt efnahagssvæði miðast þessi gjöld eingöngu við tolla og vörugjöld. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að gjöldin renni óskipt í ríkissjóð. Tekjur framkvæmdasjóðs á árinu 1996 eru áætlaðar 221 m.kr. Af þeirri fjárhæð er gert ráð fyrir að sjóðurinn greiði um 14 m.kr. vegna kostnaðar við þann hluta útvarpshúss sem ekki er í notkun og 14 m.kr. í afborganir lána. Þá er gert ráð fyrir um 200 m.kr. lántöku vegna kaupa á langbylgjusendi og loftnetum til að nýta mastur Lóranstöðvarinnar á Gufuskálum til langbylgjusendinga. Ríkissjóður ábyrgist endurgreiðslu lánsins á næstu fimm árum. Framkvæmdafé sjóðsins verður samkvæmt þessu um 393 m.kr. árið 1996.

971 - 972 ***Ríkisútvarpið, hljóðvarp og sjónvarp.*** Samanlagðar tekjur hljóðvarps og sjónvarps eru áætlaðar 2.273 m.kr. samanborið við 2.246 í fjárlögum yfirstandandi árs. Gert er ráð fyrir að afnotagjald verði óbreytt, en það hækkaði síðast í febrúar 1993. Betri

nýting gjaldstofnsins og auknar auglýsingatekjur skýra áætlaða tekjuhækkun um 27 m.kr., enda gert ráð fyrir að auglýsingataxtar hækki. Eins og áður er miðað við að afnotagjald hjá um 8.300 lífeyrisþegum falli niður og að tekjutap stofnunarinnar verði um 170 m.kr. af þeim sökum. Áætlað er að fjármunatekjur að frádregnum fjármagnskostnaði verði um 35 m.kr. og lækki því um 8 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Er tekið mið af reikningstölum 1994 í þessu sambandi. Ekki er gert ráð fyrir framlagi úr Menningarsjóði útvarpsstöðva til dagskrárgerðar, en í fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir að framlagið verði um 20 m.kr. Miðað er við að laun og önnur rekstrargjöld verði um 2.016 m.kr. samanborið við 1.980 m.kr. í fjárlögum líðandi árs. Er þá gert ráð fyrir að launakostnaður aukist vegna kjarasamninga, en jafnframt að hluta kostnaðaraukans verði mætt með aðhalds- og hagræðingaraðgerðum. Gert er ráð fyrir afskriftum og fjárfestingu hjá framkvæmdasjóði.

Í eftirfarandi töflu eru áætlaðar tekjur og gjöld Ríkisútvarpsins í heild sinni, þ.e. framkvæmdasjóðs, hljóðvarps og sjónvarps.

	Fjárlög 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting m.kr.	Breyting %
Gjöld	**2.191**	**2.227**	**36**	**1,6**
Rekstrarkostnaður	1.993	2.031	38	1,9
Fjármagnskostnaður	35	36	1	2,9
Afskriftir	163	160	-3	-1,8
Tekjur	**2.246**	**2.273**	**27**	**1,2**
Seldar vörur og þjónusta	2.168	2.202	34	1,6
Fjármunatekjur	78	71	-7	-9,0
Mismunur	**55**	**46**	**-9**	**-16,4**
Fjármunahreyfingar út	**218**	**407**	**189**	**86,7**
Fjárfesting	182	393	211	115,9
Afborganir lána	36	14	-22	-61,1
Fjármunahreyfingar inn	**218**	**407**	**189**	**86,7**
Afskriftir	163	160	-3	-1,8
Tekin lán	-	200	200	-
Ráðstöfun eigin fjár	55	47	-8	-0,1

973 Þjóðleikhús. Framlag ríkissjóðs til starfsemi Þjóðleikhúss verður 308 m.kr. á næsta ári, samanborið við 296 m.kr. samkvæmt fjárlögum yfirstandandi árs. Framlagið jafngildir tæpum 70% af áætluðum heildargjöldum. Skýrist hækkun framlags einkum af áætluðum kostnaðarauka vegna kjarasamninga, en gert er ráð fyrir að stofnunin þurfi bæði að afla aukinna tekna og beita aðhaldi í rekstri til þess að kostnaður verði ekki meiri en tekjur.

974 Sinfóníuhljómsveit Íslands. Framlag ríkissjóðs til starfsemi hljómsveitarinnar verður 113 m.kr. samkvæmt frumvarpinu, samanborið við 108 m.kr. í fjárlögum líðandi árs, og nemur 56% af áætluðum útgjöldum umfram tekjur. Hluti af framlagi ríkissjóðs, 6,5 m.kr., er 10% af skemmtanaskatti sem rennur samkvæmt lögum um hljómsveitina til greiðslu kostnaðar við tónleikaferðir um landið. Samkvæmt lögum skal Ríkisútvarpið greiða 25% af útgjöldum hljómsveitarinnar umfram tekjur, Reykjavíkurborg 18% og Seltjarnarnesbær 1%. Hlutur Ríkisútvarpsins skal greiðast af tekjum Menningarsjóðs

útvarpsstöðva. Í reynd hefur sjóðurinn ekki greitt að fullu hlut sinn í rekstri hljómsveitarinnar og hefur ríkissjóður greitt það sem á hefur vantað. Í lok ársins 1994 var skuld sjóðsins um 52 m.kr. og skuld hljómsveitarinnar við ríkissjóð um 57 m.kr. Skuldir þessara aðila munu lækka um 30 m.kr. verði samþykkt að veita Menningarsjóði 30 m.kr. aukafjárveitingu á þessu ári. Rekstrarkostnaður hljómsveitarinnar er áætlaður um 228 m.kr. og hækkar um 12 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Hækkunin skýrist einkum af áætluðum kostnaðarauka vegna kjarasamninga, en gert er ráð fyrir hljómsveitin þurfi bæði að gæta mikils aðhalds í rekstri og að auka tekjur sínar svo útgjöld verði ekki hærri en tekjur. Samanburður á fjárlögum og rekstrarreikningi hljómsveitarinnar síðustu ár sýnir að rekstrarkostnaður hefur ætíð verið mun meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Endanlegt framlag ríkisins hefur af þeim sökum orðið 10-20%. Nauðsynlegt er að endurskoða umsvif hljómsveitarinnar og fjárhagsgrundvöll hennar þannig að kostnaður við starfsemina verði í samræmi við fjárveitingu í fjárlögum.

23 Utanríkisráðuneyti

101 Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli. Rekstrargjöld fyrirtækisins eru áætluð 1.644 m.kr. á árinu 1996 og rekstrartekjur 2.251 m.kr. Gert er ráð fyrir 5% söluaukningu frá áætlaðri sölu ársins 1995. Er það heldur minni aukning en í ár en á fyrstu átta mánuðum yfirstandandi árs jókst sala um 8% frá sama tíma árið 1994. Gert er ráð fyrir að skil fyrirtækisins í ríkissjóð nemi 610 m.kr. en þar af eru 140 m.kr. áfengisgjald sem lagt var á með reglugerðum nr. 477 og 480/1995 á grundvelli laga nr. 96/1995, um áfengisgjald.

111 Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli. Heildargjöld stofnunarinnar eru áætluð 255 m.kr. og hækka um 20 m.kr. frá fjárlögum 1995. Áfram er gert ráð fyrir að Flugmálastjórn greiði 10% af lendingargjöldum til reksturs *Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar*. Tekjur eru alls áætlaðar 256 m.kr. og þar af eru lendingargjöld áætluð 233 m.kr. sem er 2% aukning frá áætlun í fjárlögum 1995. Til fjárfestingar verður varið 20 m.kr. en gert er ráð fyrir að endurnýjun blindflugslendingartækja verði haldið áfram á þessu ári. Flugmálastjórn varð að greiða 43,6 m.kr. vegna dóms Hæstaréttar í máli flugumferðastjóra og myndaðist við það skuld við ríkissjóð sem endurgreidd verður á næstu fjórum árum, í fyrsta sinn með 11 m.kr. afborgun 1996. Fjárvöntun samkvæmt frumvarpinu er áætluð 26,8 m.kr. og verður unnið að því að leysa hana fyrir afgreiðslu fjárlaga.

Lendingar flugvéla á Keflavíkurflugvelli og fjöldi farþega sem fara um völlinn hafa verið sem hér segir á árunum 1985-1994:

	Fjöldi lendinga	Farþegar héðan	Farþegar hingað	Farþegar í millilendingu	Farþegar samtals
1985	4.045	182.393	183.469	201.374	567.236
1986	4.337	213.056	211.539	179.292	603.887
1987	5.342	263.441	258.857	226.476	748.774
1988	5.719	266.264	266.077	273.838	806.179
1989	5.909	262.651	259.507	178.629	700.787
1990	6.262	271.888	271.592	191.584	735.064
1991	6.441	278.380	278.755	183.766	740.901
1992	6.449	278.504	276.679	201.078	756.261
1993	6.354	284.443	284.018	192.883	761.344
1994	6.586	313.260	309.762	220.417	843.439

114 Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Rekstrargjöld Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar eru áætluð 572 m.kr. og hækka um 12% frá fjárlögum 1995. Hækkunin liggur að hluta í hækkuðum launum vegna kjarasamninga svo og því að snjómokstur og snjóbræðsla á hlaði flugstöðvarbyggingarinnar, 8 m.kr., reiknast nú til gjalda Flugstöðvarinnar. Þá hækka afskriftir um 20% í 131 m.kr. Einnig hækkar vaxtakostnaður um 9% í 252 m.kr. en heildarskuldir Flugstöðvarinnar nema nú rúmum 4,1 milljarði króna. Rekstrarhalli Flugstöðvarinnar er áætlaður 144 m.kr. að meðtöldum 130 m.kr. afskriftum og hækkar um rúmar 20 m.kr. frá áætlun fyrir þetta ár. Á næsta ári gjaldfalla lán í yenum, 14,5 m.kr. og lán í ECU, 292 m.kr. Tekið verður 340 m.kr. lán til að endar nái saman. Utanríkisráðherra hefur skipað starfshóp til að endurskoða fjárreiður Flugstöðvarinnar og er tillagna hans að vænta innan tíðar.

24 Landbúnaðarráðuneyti

841 Laxeldisstöðin í Kollafirði. Frá stofnun Laxeldisstöðvarinnar í Kollafirði árið 1961 hafa verið stundaðar tilraunir þar með hafbeit og laxeldi. Nú eru þar gerðar tilraunir á laxi og öðrum tegundum fyrir laxeldis- og hafbeitarstöðvar í landinu. Starf þetta er unnið í samvinnu við Stofnfisk hf. sem sér um framleiðslu kynbættra hrogna úr seiðum frá Kollafirði. Allt frá því að samvinna við Stofnfisk hf. hófst árið 1991 hefur um helmingur framlags ríkisins til Laxeldisstöðvarinnar í Kollafirði runnið til Stofnfisks hf. Í fjárlagafrumvarpi 1996 er framlagið til Stofnfisk hf. fært undir liðnum *04-841Fiskeldisrannsóknir* í A-hluta. Þessi breyting er talin eðlileg þar sem rekstur fyrirtækjanna er aðskilinn. Af þessu leiðir að framlag ríkisins til Laxeldisstöðvarinnar í Kollafirði verður 11,2 m.kr. á árinu 1996 í stað 22,4 m.kr. í fjárlögum 1995.

25 Sjávarútvegsráðuneyti

911 Þróunarsjóður sjávarútvegsins. Sjóðurinn hóf störf á miðju ári 1994. Hlutverk hans er að stuðla að aukinni arðsemi í sjávarútvegi. Það er gert með því að veita styrki til úreldingar fiskiskipa og uppkaupa á fiskvinnslustöðvum ásamt framleiðslutækjum til að draga úr afkastagetu í sjávarútvegi. Ennfremur veitir sjóðurinn lán og ábyrgðir til nýsköpunar í sjávarútvegi og til að greiða fyrir þátttöku sjávarútvegsfyrirtækja í verkefnum erlendis. Sjóðurinn yfirtók við stofnun eignir og skuldbindingar Hagræðingar-

sjóðs sjávarútvegsins, atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar vegna sjávarútvegsfyrirtækja og hlutafjárdeildar Byggðastofnunar, að frádregnum 950 m.kr. endurlánum ríkissjóðs til atvinnutryggingardeildar sem ríkissjóður tók að sér að greiða.

Mikil eftirspurn hefur verið eftir styrkjum til að úrelda fiskiskip. Um miðjan september á þessu ári hafði stjórn sjóðsins veitt loforð um 250 styrki að fjárhæð um 2,4 milljarðar króna. Á sama tíma höfðu útgerðir uppfyllt skilyrði til úreldingar 225 fiskiskipa og fengið greidda út styrki að fjárhæð 2.210 m.kr. Nemur samdráttur flotans um 6% af þessum sökum. Áætlað er að á árinu 1996 fari 200 m.kr. í úreldingarstyrki til fiskiskipa og 500 m.kr. til fiskvinnslustöðva og þróunarverkefna.

Tekjur sjóðsins samanstanda af sérstöku gjaldi er eigendur fiskiskipa og fasteigna sem notaðar eru til fiskvinnslu greiða. Er áætlað að það nemi um 165 m.kr. á árinu 1996. Frá og með 1. september 1996 kemur til innheimtu gjald til sjóðsins af úthlutuðu aflamarki. Gera má ráð fyrir að 150-160 m.kr. innheimtist á árinu 1996. Þá er gert ráð fyrir sölu eigna fyrir um 75 m.kr. Afborganir og vextir af lánum sem til greiðslu koma á árinu 1996 nema um 1.561 m.kr. en á móti koma vextir og afborganir af útlánum sjóðsins sem áætlaðar eru um 1.070 m.kr. Fjárþörf sjóðsins verður samkvæmt þessu um 850 m.kr. og verður henni mætt með nýjum lántökum.

26 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

701 ***Kristnisjóður.*** Meginhlutverk sjóðsins er stuðningur við þjóðkirkjuna til eflingar kristinni trú og siðgæði í landinu, svo sem með útgáfu á kristilegu fræðsluefni og hjálpargögnum fyrir safnaðarstarf. Enn fremur skal sjóðurinn styrkja félög og stofnanir sem vinna að mikilvægum verkefnum á vegum kirkjunnar. Aðaltekjustofn sjóðsins er framlag ríkissjóðs í samræmi við lög nr. 35/1970. Þar segir að til sjóðsins skuli veita framlag úr ríkissjóði sem svari til hámarkslauna presta í prestaköllum sem lögð voru niður með sömu lögum, auk fjárhæðar tilsvarandi launum presta í prestaköllum sem eru ósetin. Framlagið verður samkvæmt þessum ákvæðum 27,3 m.kr. á næsta ári og hækkar um 9 m.kr. milli ára. Þrátt fyrir hækkun framlags úr ríkissjóði dregur úr tilfærslum úr sjóðnum til útgáfustarfsemi og annarra þátta og skýrist það af kaupum Kirkjuhússins við Laugaveg í Reykjavík. Samkvæmt heimild í 6. gr. fjárlaga 1995 var heimilt að selja fasteignina Suðurgötu 22 og kaupa annað hentugra húsnæði fyrir Biskupsstofu. Vegna þessa eykst ýmis kostnaður svo sem viðhald, fjármagnskostnaður og afborganir lána, en nauðsynlegt reyndist að taka lán vegna mismunar á söluverði fasteignarinnar við Suðurgötu og kaupverðs fasteignarinnar á Laugaveginum.

732 ***Kirkjubyggingasjóður.*** Samkvæmt lögum nr. 21/1981 er hlutverk sjóðsins að veita þjóðkirkjusöfnuðum lán til kirkjubygginga og varanlegra endurbóta á eldri kirkjum. Framlag ríkissjóðs var ákveðið 0,6 m.kr. 1981 og á að hækka samkvæmt byggingarvísitölu í júlí ár hvert. Á verðlagi fjárlagafrumvarps yrði þessi fjárhæð nú 8,1 m.kr. Framlag úr ríkissjóði er hins vegar fellt niður með svokölluðu skerðingarákvæði í „bandormi" ríkisstjórnarinnar. Tekjur sjóðsins eru innheimtar afborganir og vextir af veittum lánum. Áætlað er að veitt lán úr sjóðnum verði 9,7 m.kr. á næsta ári.

733 ***Kirkjugarðasjóður.*** Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, og meginmarkmið hans er að jafna aðstöðu kirkjugarða og veita aðstoð þar sem tekjur kirkjugarða hrökkva ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum.

Sjóðurinn kostar einnig laun framkvæmdastjóra skipulagsnefndar kirkjugarða og annan starfskostnað, svo og kostnað við störf skipulagsnefndar kirkjugarða. Til sjóðsins renna 8% kirkjugarðsgjalda en þau eru ákveðin fjárhæð lögð á hvern einstakling 16 ára og eldri. Að auki fær sjóðurinn samkvæmt bráðabirgðaákvæði laganna hluta af innheimtu markaðsgjaldi samkvæmt lögum nr. 114/1990, um Útflutningsráð Íslands. Að frátöldum fjármunatekjum eru tekjur sjóðsins áætlaðar 30,1 m.kr. og lækka um rúmar 10 m.kr. milli ára. Lækkunin skýrist að mestu af innheimtu markaðsgjaldi en hlutfall það sem rennur til sjóðsins fer lækkandi og fellur niður á næsta ári. Að auki er áætluð innheimta í heild sinni lægri á næsta ári en í ár. Tilfærslur úr sjóðnum lækka um 4 m.kr. og eru áætlaðar 26 m.kr. og veitt lán verða 9,4 m.kr. á næsta ári samanborið við 6,5 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs. Gert er ráð fyrir fjárfestingu og sölu eigna en þar er um að ræða endurnýjun á bifreið sem starfsmaður sjóðsins hefur til umráða.

27 Félagsmálaráðuneyti

Húsnæðisstofnun ríkisins

Húsnæðisstofnun ríkisins mynda þrír sjóðir, þ.e. Byggingarsjóður ríkisins, Húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna. Rekstrarkostnaði stofnunarinnar er skipt samkvæmt sérstakri reglugerð. Launum og öðrum starfsmannakostnaði, húsnæðiskostnaði og afskriftum fastafjármuna er skipt á hvern sjóð eftir fjölda starfsmanna. Öðrum rekstrarkostnaði er skipt eftir heildareign hvers sjóðs í lok reikningsárs, að frádregnum lánveitingum milli þeirra. Áætlað er að samanlagður rekstrarkostnaður stofnunarinnar verði 385 m.kr. á árinu 1996 og breytist óverulega milli ára. Innkomnar þjónustutekjur stofnunarinnar eru áætlaðar 250 m.kr. á árinu 1996 samanborið við 283 m.kr. á árinu 1995. Tekjur innheimtast af útsendum greiðsluáskorunum, nauðungarbeiðnum, greiðsluseðlum, vanskilakostnaði, skiptigjaldi húsbréfa og þóknun. Einnig koma inn tekjur vegna útseldrar vinnu tæknideildar og útleigu á húsnæði.

*270 **Byggingarsjóður ríkisins, húsbréfadeild.*** Húsbréfadeild er hluti af Byggingarsjóði ríkisins en fjárhagur hennar er aðskilinn frá öðrum þáttum í starfsemi sjóðsins. Rekstrarkostnaður deildarinnar er áætlaður 152 m.kr. og hækkar um 2 m.kr. milli ára. Á móti koma 18 m.kr. tekjur, aðallega vegna greiðsluseðla og vanskila. Gert er ráð fyrir að gefin verði út húsbréf á næsta ári að andvirði 13,5 milljarða króna samanborið við 13 milljarða króna heimild í lánsfjárlögum 1995. Fyrirhugað er að fjölga lánaflokkum og lækka upphæð lágmarkslána til endurbóta á húsnæði. Lánshlutfall þeirra sem eru að kaupa fyrstu íbúð sína voru hækkuð á þessu ári úr 65% í 70% af matsverði. Þessar breytingar kunna að valda aukinni eftirspurn eftir húsbréfum og er því m.a. gert ráð fyrir 500 m.kr. aukinni húsbréfaútgáfu milli áranna 1995 og 1996.

Vaxtatekjur deildarinnar verða mun hærri en vaxtagjöld, eða sem nemur 3.451 m.kr., en greiddar afborganir verða á hinn bóginn verulega umfram innheimtar, eða sem nemur 2.930 m.kr. Skapar þetta ásamt öðrum þáttum sjóðsaukningu sem er áætluð 202 m.kr. á árinu 1996. Stafar þetta einkum af því að greiðslur af fasteignaveðbréfunum falla fyrr til en gjalddagar húsbréfa í sama flokki kveða á um.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Áætlun 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting frá áætlun %	Breyting frá reikn. %
Innstreymi	**21.074**	**18.127**	**19.888**	**10**	**-6**
Seld húsbréf	14.854	13.000	13.500	4	-9
Innheimtar afborganir	1.371	1.535	1.870	22	36
Innheimtir vextir	3.127	3.575	4.500	26	44
Bráðabirgða lán frá BR	150	-	-	.	.
Endurgr. bráðabirgða lán frá BR	1.542	-	-	.	.
Ýmsar tekjur	30	17	18	6	-40
Útstreymi	**21.074**	**18.127**	**19.888**	**10**	**-6**
Rekstrarkostnaður	168	150	152	1	-10
Keypt fasteignaveðbréf	15.033	13.131	13.640	4	-9
Greiddar afborganir	2.965	3.800	4.800	26	62
Greiddir vextir	508	760	1.049	38	106
Bráðabirgðalán frá BR v.kostn. hlutd.	125	-	-	-	-
Annað	89	83	45	-46	-49
Sjóðsaukning	2.186	203	202	-0	-91

*271 **Byggingarsjóður ríkisins.*** Með lögum nr. 47/1991 voru felldir niður helstu lánaflokkar hjá Byggingarsjóði ríkisins. Eftir standa þrír lánaflokkar; lán til byggingar heimila fyrir aldraða og dagvistarstofnana fyrir börn og aldraða, sérstök lán til einstaklinga með sérþarfir og lán eða styrkir til tækninýjunga og annarra umbóta í byggingariðnaði. Á næsta ári er gert ráð fyrir að útlán sjóðsins til þessara flokka verði um 250 m.kr. samanborið við 300 m.kr. á yfirstandandi ári. Áætlað er að lán til Byggingarsjóðs verkamanna vegna endursölu- og almennra kaupleiguíbúða nemi 450 m.kr. á árinu 1996 og er það aukning um 50 m.kr. frá yfirstandandi ári. Samtals verða lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins því 700 m.kr. á næsta ári.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Áætlun 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting frá áætlun %	Breyting frá reikn. %
Innstreymi	**9.616**	**8.531**	**8.075**	**-5**	**-16**
Innlend lántaka	4.084	2.861	2.330	-19	-43
Innheimtar afborganir	2.563	2.690	2.800	4	9
Innheimtir vextir	3.180	3.215	3.270	2	3
Endurgr. bráðabirgðalán frá BV	126	-	-	-	-
Endurgr. bráðabirgðalán frá húsbr. deild	125	150	-	-	-
Skyldusparnaður, nettó	-875	-650	-550	-15	-37
Ýmsar tekjur	213	216	225	4	6
Sjóðsminnkun	200	49	-	-	-
Útstreymi	**9.616**	**8.531**	**8.075**	**-5**	**-16**
Rekstrarkostnaður	101	121	120	-1	19
Veitt lán, skv. 11. gr.	40	300	250	-17	525
Lán til BV v.endursölu- og alm.kaupl.íb.	484	400	450	13	-7
Bráðabirgðalán til húsbréfadeildar	150	-	-	-	-
Endurgreitt bráðabirgðalán til húsbr.d.	1.542	-	-	-	-
Greiddar afborganir	3.131	4.175	3.995	-4	28
Greiddir vextir	3.930	3.335	3.050	-9	-22
Annað	238	200	210	5	-12

Í áætlun til fjárlaga fyrir 1996 er gengið út frá að útgreiðslu skyldusparnaðar sem nemur 550 m.kr. samanborið við 650 m.kr. í ár. Með lögum nr. 61/1993 var ákvæði um skyldu-

sparnað ungs fólks til íbúðabygginga fellt niður. Þannig námu inneignir skyldusparenda í árslok 1994 um 1,8 milljörðum króna og gert er ráð fyrir að hann verði rúmlega 600 m.kr. í árslok 1996. Lántökur Byggingarsjóðs ríkisins eru þannig áætlaðar 2.330 m.kr. vegna lánveitinga, vaxtamunar, neikvæðs skyldusparnaðar og rekstrarkostnaðar.

272 Byggingarsjóður verkamanna. Á árinu 1996 er gert ráð fyrir að útlán Byggingarsjóðs verkamanna til byggingar félagslegra íbúða nemi 3.747 m.kr. samanborið við 4.800 m.kr. í ár. Framlag til sjóðsins verður 400 m.kr. og lánsheimildir miðast við 230 nýjar íbúðir í stað 418 íbúða á þessu ári og 505 íbúða á árinu 1994. Lán til nýbygginga er áætlað um 5,6 m.kr. að meðaltali sem á að standa undir um 90% af kostnaðarverði hverrar íbúðar. Eftirspurn eftir lánum úr félagslega kerfinu hefur dregist saman á síðustu árum. Þannig er áætlað að umsóknir um lán verði tæplega 900 talsins á yfirstandandi ári samanborið við rúmlega 1.400 á árinu 1994. Í lok síðasta árs voru 115 félagslegar íbúðir óseldar í 25 sveitarfélögum, þar af voru 69 með leyfi til útleigu en 46 stóðu auðar. Af framangreindum ástæðum er miðað við fækkun á nýjum lánsheimildum á næsta ári.

Áætlað er að veita lán vegna 850 endursöluíbúða á árinu 1996, fyrir um 475 m.kr. Meðallán á endursöluíbúð er því um 560 þús. kr. eða tíundi hluti af láni til nýrrar íbúðar. Gert er ráð fyrir að viðbótarlán til eigenda félagslegra íbúða í fjölbýlishúsum vegna meiri háttar viðhalds utanhúss nemi 200 m.kr. Alls er áætlað að sjóðurinn veiti lán sem nemur 3.747 m.kr. sem er rúmum 1.000 m.kr. lægri fjárhæð en á árinu 1995.

Á árinu 1996 er gert ráð fyrir að vaxtagreiðslur sjóðsins nemi 2.245 m.kr. og greiddar afborganir 2.035 m.kr. Fjárþörf sjóðsins er því 5.060 m.kr.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Áætlun 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting frá áætlun %	Breyting frá reikn. %
Innstreymi	**7.846**	**9.122**	**8.140**	**-11**	**4**
Innlend lántaka	4.821	6.130	5.060	-17	5
Kaupendur eldri íbúða	49	57	50	-12	2
Lán frá BR v.endurs. og alm.kaupl.íb	484	400	450	13	-7
Lán frá sveitarfélögum	143	145	150	3	5
Innheimtar afborganir	426	600	760	27	78
Innheimtir vextir	638	780	880	13	38
Uppgjör framkvæmdalána	242	280	300	7	24
Framlag ríkissjóðs	918	608	400	-34	-56
Framlög sveitarfélaga	1	-	-	-	-
Tryggingarsjóður	53	50	50	-	-6
Ýmsar tekjur	13	12	7	-42	-46
Annað	4	25	33	32	725
Sjóðsminnkun	54	35	-	-100	-
Útstreymi	**7.846**	**9.122**	**8.140**	**-11**	**4**
Rekstrarkostnaður o.fl.	116	117	113	-3	-3
Veitt lán	4.055	4.800	3.747	-22	-8
Greiddar afborganir	1.394	1.970	2.035	3	46
Greiddir vextir	2.155	2.235	2.245	-	4
Byggingarsj. ríkisins, bráðabirgðalán	126	-	-	-	-

984 Atvinnuleysistryggingasjóður. Unnið er að endurskoðun á starfsemi Atvinnuleysistryggingasjóðs og vinnumiðlana. Meðal annars verði tryggt að fólki á atvinnuleysisskrá verði boðin störf og það falli af bótum ef störfin eru ekki þegin. Einnig er gert ráð fyrir

að skoða reglur um launabætur til fiskvinnslufólks. Endurskoðunin á að skila 300 m.kr. í lækkuðum útgjöldum sjóðsins. Þá er gert ráð fyrir að ákvæði í lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð sem fela í sér beina tengingu bótafjárhæðar við breytingu í launum verði afnumin. Í stað þess verði breytingar á bótafjárhæðum ákveðnar við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Áætlað er að útgjöld sjóðsins verði 3.760 m.kr. á árinu 1996 samanborið við 3.770 m.kr. í fjárlögum 1995. Gengið er þá út frá 4,8% atvinnuleysi í samræmi við þjóðhagsspá en í ár er talið að atvinnuleysi verði um 5%. Á þessum forsendum er reiknað með að 3.328 m.kr. fari til greiðslu atvinnuleysisbóta og til að hrinda í framkvæmt átaksverkefnum. Kostnaður við úthlutun bóta og þóknanir stéttarfélaga eru taldar munu nema 61 m.kr. og til eftirlaunasjóðs aldraðra er gert ráð fyrir að verja 250 m.kr.

Á árinu 1995 hefur úthlutunarnefndum atvinnuleysisbóta verið fækkað úr 140 í 35-40. Við það lækkuðu þóknunargreiðslur til nefnda þar sem fleiri nefndir fá nú greidda 3% þóknun í stað 4,5% áður. Á árinu 1996 er ráðgert að gera umsjónarkerfi bóta enn markvissara og einfaldara.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1994 m.kr.	Áætlun 1995 m.kr.	Frumvarp 1996 m.kr.	Breyting frá áætlun %	Breyting frá reikn. %
Útstreymi	**3.876**	**4.002**	**3.760**	**-6**	**-3**
Atvinnuleysisbætur og átaksverkefni	2.941	3.032	2.929	-3	0
At.b. til sjálf.starf. og utan.st.félaga	151	224	197	-12	30
At.b. opinberra starfsmanna	88	248	202	-19	130
Kostnaður við úthlutun, þóknanir	87	110	61	-45	-30
Styrkir, 40% af vaxtatekjum	86	80	62	-22	-28
Hlutdeild í rekstri Vinnumálaskrifstofu	32	38	39	3	22
Eftirlaunasjóður aldraðra	272	250	250	-	-8
Kjararannsóknarnefnd	20	20	20	-	-
Annað	199	-	-	-	-
Innstreymi	**3.876**	**4.002**	**3.760**	**-6**	**-3**
Lögbundnar tekjur	2.053	2.000	2.150	7	5
Aðrar tekjur	621	6	20	233	-97
Vaxtatekjur og innheimtar afborganir	250	225	170	-24	-32
Seld verðbréfaeign	250	200	130	-35	-48
Viðbótarframlag úr ríkissjóði	702	1.536	1.290	-	-
Annað	-	35	-	-	-

Lögboðin framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs er hálf prósenta af stofni tryggingagjalds, sem er framlag atvinnurekenda, gegn jafnháu framlagi úr ríkissjóði. Samtals eru þessi framlög áætluð 2.150 m.kr. á árinu 1996. Þá er áætlað að sjóðurinn innheimti 170 m.kr. í afborganir og vexti af verðbréfaeign og fái 20 m.kr. í aðrar tekjur. Loks er gert ráð fyrir að sjóðurinn gangi á eignir sínar með því að selja verðbréf að verðmæti 130 m.kr. Til að brúa bilið milli innstreymis og útstreymis leggur ríkissjóður sjóðnum að auki til 1.290 m.kr. Í ráði er að treysta fjármögnun Atvinnuleysistryggingasjóðs með því að breyta hluta tryggingagjaldsins í sérstakt atvinnuleysistryggingagjald sem renni til sjóðsins.

29 Fjármálaráðuneyti

101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Nauðsynlegt reyndist að gera nokkrar breytingar á tilhögun áfengisinnflutnings og heildsölu hérlendis í kjölfar samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Í því skyni voru sett þrenn lög á Alþingi: Breyting á lögum nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, breyting á lögum nr. 82/1969, áfengislögum, og lög nr. 94/1995, um gjald af áfengi. Þessari löggjöf er ekki ætlað að leiða til breytinga á tekjuöflun ríkissjóðs og þeirri áfengisstefnu sem stjórnvöld hafa fylgt hérlendis. Hins vegar hefur lagasetningin í för með sér að fjárhagsáætlun ÁTVR verður með nokkuð öðrum hætti en áður.

Tvær meginbreytingar verða á fyrirkomulagi áfengissölunnar. Í fyrsta lagi er einkaréttur ríkisins til innflutnings áfengis og til endursölu til vínveitingahúsa afnuminn. ÁTVR hefur eftir sem áður einkaleyfi til dreifingar á áfengi í smásölu. Þá deild fyrirtækisins skal þó aðgreina rekstrarlega og fjárhagslega frá þeirri deild sem annast innflutning og heildsölu. Í tekjuáætlun fyrirtækisins hefur þess vegna verið gert ráð fyrir að hluti heildsölu á áfengi til aðila með vínveitingaleyfi muni færast til einkaaðila. Í öðru lagi verður nú tekið upp áfengisgjald sem innheimt verður við tollafgreiðslu áfengis. Kemur það í stað vínandagjalds sem áður var hluti af álagningu ÁTVR. Áhrif á verðmyndun áfengis verða óveruleg þar sem gjaldið leggst eins og áður á hvern sentilítra af vínanda umfram 2,25 sentilítra í hverjum lítra áfengis, en hækkar lítillega eða úr 58,10 kr. í 58,70 kr. Við þessa breytingu hækkar kostnaður ÁTVR af vörukaupum sem nemur áfengisgjaldinu. Skil á gjaldinu til ríkissjóðs færast jafnframt frá fyrirtækinu til innheimtumanna ríkissjóðs. Eftir standa þá skil ÁTVR til ríkissjóðs á tóbaksskatti og hlutdeild í hagnaði af versluninni.

Að öðru leyti eru helstu forsendur fyrir áætlun ÁTVR þær að í vörukaupum og vörusölu er reiknað með 2% aukningu á veltu áfengis frá sölu síðustu tólf mánaða en um 2% samdrætti í tóbaki. Er þá tekið mið af sölunni fyrstu sex mánuði yfirstandandi árs og gildandi verðskrá. Með þessu móti verða heildartekjur fyrirtækisins 9,5 milljarðar króna eða tæplega hálfum milljarði króna lægri en á árinu 1994. Eftir sem áður eru tekjur ríkissjóðs af heildarsölu áfengis og tóbaks í landinu áætlaðar um 6,6 milljarðar króna eða álíka miklar og í endurskoðaðri áætlun fyrir yfirstandandi ár.

103 Ríkiskaup. Samkvæmt lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup, skulu Ríkiskaup annast innkaup á vörum og þjónustu fyrir ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki, kanna sameiginlegar þarfir fyrir vörur og þjónustu og beita sér fyrir samræmdum innkaupum á vörum til þarfa ríkisins. Þeirri meginreglu skal fylgt að bjóða út kaup á vörum og þjónustu. Í áætlun um rekstur stofnunarinnar á næsta ári er gert ráð fyrir að velta hennar dragist saman um 10% frá fjárlögum þessa árs. Skýrist það af svonefndum rammasamningum sem notaðir eru í auknum mæli í innkaupum ríkisstofnana. Rammasamningar eru gerðir að undangengnu útboði á Evrópska efnahagssvæðinu og eiga stofnanir þá bein viðskipti við seljendur án milligöngu Ríkiskaupa. Þessi breytta tilhögun einfaldar innkaup margra ríkisstofnana og leiðir til hagstæðari kjara. Þá er gert ráð fyrir að viðhaldsgjöld stofnunarinnar hækki um 3,7 m.kr. á næsta ári vegna áforma um endurnýjun innréttinga og húsgagna í húsnæði hennar að Borgartúni 7.

402 Fasteignamat ríkisins. Áætlun stofnunarinnar gerir ráð fyrir auknu starfsumfangi á næsta ári vegna nýrra verkefna. Þar vegur þyngst að á síðasta ári voru samþykktar á Alþingi breytingar á lögum um brunatryggingar sem kveða á um að Fasteignamati ríkisins er falið að annast mat og upplýsingagjöf um álagningarstofn skipulagsgjalda til innheimtumanna ríkissjóðs og úrskurða um kærur gjaldenda. Til að mæta kostnaði við þessi umsvif fær stofnunin hlutdeild í skipulagsgjaldinu, svonefnt umsýslugjald, og skýrir það hækkun tekna frá gildandi fjárlögum. Þá hækkar framlag ríkissjóðs til stofnunarinnar um 2 m.kr. vegna aukins launakostnaðar í kjölfar kjarasamninga sem gerðir hafa verið á árinu 1995.

971 Lánasýsla ríkisins. Stofnunin annast innlendar lántökur ríkissjóðs, útgáfu og sölu ríkisverðbréfa á innlendum markaði, sem *Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa* hefur með höndum, og ýmsa aðra skuldaumsýslu ríkissjóðs. Þá annast stofnunin endurlán lánsfjár og ríkisábyrgðir á vegum *Ríkisábyrgasjóðs*. Að auki hefur Lánasýsla ríkisins umsjón með *Framkvæmdasjóði Íslands*, en reikningum hans er haldið aðgreindum í framsetningu fjárlagafrumvarpsins.

Rekstrargjöld Lánasýslunnar eru áætluð nokkru lægri en í gildandi fjárlögum, eða um 80 m.kr. Skýrist það að mestu af lækkun fjármagnskostnaðar. Fjármunatekjur eru einnig áætlaðar nokkru lægri en í fjárlögum, eða um 30 m.kr. Tekjur af sölulaunum vegna frumsölu ríkisskuldabréfa, söluþóknun fyrir viðskipti á eftirmarkaði og umsýsluþóknun vegna útboða á ríkisskuldabréfum eru alls áætlaðar 46 m.kr. Rekstrartekjur eru þannig áætlaðar um 76 m.kr. Fyrirhugað var í byrjun þessa árs að taka upp breytt fyrirkomulag á söluþóknun ríkissjóðs til Lánasýslu ríkisins vegna frumsölu ríkisskuldabréfa. Af því hefur ekki orðið, en áætlun næsta árs miðast við að söluþóknun verði lækkuð verulega fyrir afgreiðslu fjárlaga 1996.

Þá er gert ráð fyrir að framlag úr A-hluta ríkissjóðs verði 180 m.kr. af tekjum áhættugjalds vegna ríkisábyrgða. Framlaginu er ætlað að mæta mismun á vanskilagreiðslum annarra, sem Ríkisábyrgðasjóður leysir til sín vegna upphaflegrar ríkisábyrgðar, og vanskilum fyrri ára sem talið er að innheimtist á næsta ári.

972 Lánasýsla ríkisins - Framkvæmdasjóður Íslands. Líkt og undanfarin ár miðast áætlun um sjóðinn við að engin ný lán verði veitt heldur beinist starfsemin að innheimtu eldri útlána og endurgreiðslu tekinna lána ásamt umsýslu með eignum sjóðsins. Rekstrarkostnaður er talinn verða svipaður og í gildandi fjárlögum, eða um 48 m.kr., en á móti koma um 25 m.kr. leigutekjur af eignum Framkvæmdasjóðs. Fjármagnsgjöld umfram fjármagnstekjur eru áætluð 27 m.kr. Er þá ekki reiknað með að fram komi gengismunur en tekið mið af því að hluti útlána er ótryggur. Innheimtar afborganir af veittum lánum eru taldar verða um 300 m.kr. hærri en greiddar afborganir af teknum lánum. Sá mismunur gengur að hluta til að mæta neikvæðum tekjujöfnuði en 252 m.kr. ganga til aukningar á handbæru fé. Mikil umskipti verða í greiðslustöðu sjóðsins frá forsendum fjárlaga 1995, enda hefur verið ráðist í endurfjármögnun á erlendum lánum hans til að tryggja greiðslustöðu sjóðsins fram til ársins 2000.

30 Samgönguráðuneyti

101 Póst- og símamálastofnun og 110 Söludeild Póst- og símamálastofnunar. Í fjárlögum fyrir árið 1995 var Söludeild Póst- og símamálastofnunar aðskilin frá annarri starfsemi fyrirtækisins og náði hún til sölu, uppsetningar og viðhalds notendabúnaðar. Í fjárlögum 1996 fjölgar þeim verkefnum sem Söludeildin sinnir. Þar má nefna verkefni við rekstur farsímakerfanna, bæði þess hliðræna og stafræna, rekstur gagnanets X25, gagnahólfa X400 sem snýr að skjalalausum viðskiptum, rekstur boðkerfa ásamt vinnu við uppsetningu og viðgerðir við notendabúnað. Samhliða þessu er kostnaður verkefna að fullu færður á rekstur deildarinnar. Allt þetta gerir það að verkum að samanburður á inn- og útstreymi hjá báðum deildum Póst- og símamálastofnunar milli áranna 1995 og 1996 er ekki marktækur.

Á næsta ári er velta Söludeildarinnar áætluð 1.905 m.kr. og hagnaður 225 m.kr. Velta Póst- og símamálastofnunar án Söludeildar er áætluð 10.285 m.kr. og hagnaður 1.581 m.kr. Tekjuáætlun miðast við óbreytta gjaldskrá fyrirtækisins á næsta ári. Gert er ráð fyrir að stofnunin greiði arð í ríkissjóð sem nemur 860 m.kr. og þar af greiði Söludeildin 50 m.kr. Einnig er gert ráð fyrir að stofnunin standi sjálf undir greiðslum vegna lífeyrisuppbóta starfsmanna eins og á undanförnum árum. Fjárfesting stofnunarinnar er áætluð 2.245 m.kr., þar af 405 m.kr. hjá söludeild, og er hún fjármögnuð að öllu leyti af fé úr rekstri. Fjárfestingin beinist einkum að áframhaldandi uppbyggingu stafræna símkerfisins og að GSM-farsímakerfinu.

330 Hafnabótarsjóður. Hlutverk Hafnabótasjóðs er að veita lán og styrki til hafnargerða og bæta tjón á hafnarmannvirkjum. Í samræmi við 11. gr. hafnalaga nr. 23/1994 skal sérstakt vörugjald sem greitt er fyrir afnot hafna renna til Hafnabótasjóðs. Á árinu 1996 er gert ráð fyrir að þetta gjald skili 139 m.kr. sem er um 5 m.kr. aukning frá yfirstandandi ári. Gert er ráð fyrir að framlag til Hafnabótasjóðs verði 45,6 m.kr. Mismunurinn, 93,4 m.kr., rennur til framkvæmda við hafnir, líkt og á árinu 1995.

471 Alþjóðaflugþjónustan. Ísland er aðili að samningi um þjónustu við alþjóðaflugumferð yfir Norður-Atlantshafið. Í samningnum felst að Alþjóðaflugmálastofnunin, ICAO, tekur að sér að greiða með yfirflugsgjöldum fyrir þá þjónustu sem veitt er á íslenska flugstjórnarsvæðinu af Flugmálastjórn, Póst- og símamálastofnun og Veðurstofu Íslands. Þessar endurgreiðslur eru áætlaðar 306,6 m.kr., samanborið við 338,8 m.kr á árinu 1995, og eru sýndar gjaldamegin sem önnur rekstrargjöld í reikningi Alþjóðaflugþjónustunnar og samsvarandi fjárhæð sýnd tekjumegin sem seld þjónusta. Fjárfesting Alþjóðaflugþjónustunnar er áætluð 100 m.kr. og verður aðallega í tækjabúnaði, í tengslum við fulla notkun á nýrri flugstjórnarmiðstöð á Reykjavíkurflugvelli. Fjárfestingin verður fjármögnuð með lántökum en hún síðan endurgreidd af tekjum frá ICAO af yfirflugsgjöldum.

31 Iðnaðarráðuneyti

*321 **Rafmagnsveitur ríkisins.*** Samkvæmt frumvarpinu er áformað að minnka almenna fjárfestingu fyrirtækisins miðað við fjárlög 1995 úr 540 m.kr. í 400 m.kr. sem aðallega verður varið til aðveitustöðva, stofnlína og innanbæjarkerfa. Sem fyrr verða framkvæmdir fjármagnaðar af fé úr rekstri. Heildargjöld fyrirtækisins eru talin verða rúmlega 4 milljarðar króna. Miðað er við gjaldskrá Landsvirkjunar og söluskilmála frá 1. janúar 1994. Áætlað er að heildartekjur verði 4 milljarðar króna en eru í fjárlögum 1995 áætlaðar tæpir 4 milljarðar króna. Seldar vörur og þjónusta miðast við gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins frá 1. janúar 1994. Arðgreiðsla í ríkissjóð verður 100 m.kr. eins og í fjárlögum 1995 og jafngildir það um 1% arðkröfu af eigin fé fyrirtækisins. Samkvæmt samkomulagi ríkissjóðs við Rafmagnsveitur ríkisins verður allri þeirri fjárhæð varið til framkvæmda við rafmagnsdreifikerfi í sveitum á árinu 1996. Áætlun um fjármagnsgjöld er miðuð við að tekið verði nýtt lán að fjárhæð 900 m.kr. Helmingur lánsins, 450 m.kr., er skuldbreyting á eldri lánum samkvæmt almennri heimild í lánsfjárlögum 1995 um að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör bjóðast. Hinn helmingur lánsins er ætlaður til að fjármagna kaup á veitum og greiðslu skammtímalána. Áformað er að afla heimildar í frumvarpi til lánsfjáraukalaga fyrir árið 1995 til lántökunnar.

8 Lánsfjármál

Í þessum kafla er fjallað um helstu þætti lánsfjármála hins opinbera, einkum ríkissjóðs. Fyrst verður fjallað um framboð og eftirspurn lánsfjár 1995 og 1996, þá stöðu fjármagnsmarkaðarins, því næst um lánsfjárþörf hins opinbera og loks um ráðstöfun á lántökum A-hluta ríkissjóðs.

8.1 Framboð og eftirspurn lánsfjár

Samkvæmt áætlun Seðlabanka Íslands hefur lánsfjáreftirspurn fyrri hluta þessa árs aukist um 1,5% eða 14 milljarða króna, samanborið við 18,4 milljarða króna eða 2,5% 1994. Þannig dregur áfram úr eftirspurn eftir lánsfé. Seðlabanki Íslands skiptir eftirspurn eftir lánsfé í fjóra flokka eftir því hver endanlegur notandi fjármagnsins er, þ.e. ríkið, sveitarfélög, fyrirtæki og heimili. Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig lánsfjáreftirspurnin hefur þróast hjá þessum aðilum á undanförnum árum:

	Staða í lok tímabils				Hreyfing, %	
Í milljörðum króna	1993	1994	Júní 1994	Júní 1995	jan.-jún. 1994	jan.-jún. 1995
Ríkið	123,0	133,5	129,7	141,9	5,4	6,3
Sveitarfélög	33,4	36,7	35,0	35,5	4,8	-3,3
Fyrirtæki	327,0	322,3	322,7	313,7	-1,3	-2,7
Heimili	263,8	291,7	278,2	305,1	5,5	4,6
Samtals	**747,2**	**784,2**	**765,6**	**796,2**	**2,5**	**1,5**

Samkvæmt yfirlitinu halda lántökur fyrirtækja áfram að dragast saman. Að undanförnu hefur rekstrarafkoma þeirra batnað sem hefur m.a. nýst þeim til að greiða niður erlendar skuldir. Lágt gengi á Bandaríkjadal hefur orðið til þess að fyrirtækin hafa einkum greitt niður lán í þeim gjaldmiðli. Hefur vöxtur í lántökum heimila dregist saman, en þær jukust um 4,6% á fyrri helmingi þessa árs samanborið við 5,5% á sama tíma í fyrra. Samdrátturinn er í lántöku til fasteignakaupa sem kemur m.a. fram í minni útgáfu húsbréfa. Þetta kann að vera vísbending um að eitthvað sé að draga úr lánsfjáreftirspurn heimila. Á hinn bóginn hafa neyslulán heimilanna aukist, en þess hefur orðið vart að framboð á lánsfé til þeirra er fjölbreyttara og boðið af fleirum en áður. Einkum virðast það þó vera sveitarfélög sem eru að minnka lántökur sínar en þær voru mjög miklar 1994.

	Staða í árslok			Hrein aukning á meðalverðlagi		
Í milljörðum króna	1994	1995	1996	1994	1995	1996
Peningalegur sparnaður	543,9	584,3	637,2	43,6	28,1	32,1
Frjáls	244,8	256,6	277,7	14,4	6,7	8,7
Kerfisbundinn	298,9	327,7	359,5	29,2	21,4	23,4
Peningalegur sparnaður, % af landsframleiðslu				10,1	6,2	6,7

Við afgreiðslu fjárlaga 1995 var talið að nýr peningalegur sparnaður yrði allt að 36 milljarðar króna á árinu. Frjáls sparnaður hefur hins vegar orðið minni en talið var, eða tæpir

7 milljarðar króna í stað 13 milljarða. Þessi samdráttur kemur fram í aukinni einkaneyslu umfram vöxt í þjóðartekjum á þessu ári. Jafnframt skýrir þetta að hluta til erfiðleika við sölu ríkisverðbréfa. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun Seðlabanka Íslands er talið að peningalegur sparnaður sé í samræmi við áætlun fjárlaga.

Áætlað er að heildarsparnaður verði um 32 milljarðar króna á árinu 1996 eða 6,7% af landsframleiðslu. Reiknað er með að kerfisbundinn sparnaður verði um 23,4 milljarðar króna og hinn frjálsi um 8,7 milljarðar króna. Á árinu 1996 er gert ráð fyrir að betra samræmi verði milli breytinga í einkaneyslu og þjóðartekjum og skýrir það aukningu í frjálsum sparnaði milli ára. Rétt er að leggja áherslu á að skekkjumörk við þessar áætlanir eru veruleg og því ber að skoða niðurstöðurnar með fyrirvara.

8.2. Staða fjármagnsmarkaðarins og horfur

Staða ríkissjóðs á markaðnum. Í byrjun þessa árs voru síðustu hömlur á flutningi fjárskuldbindinga milli Íslands og annarra landa felldar niður. Íslenski fjármagnsmarkaðurinn er því í óheftri samkeppni við erlenda markaði og þarf að semja sig að þeim breytingum sem í því felast. Hlutverk ríkissjóðs sem stærsta lántaka hér á landi er enn mikilvægara í ljósi þessa en ella væri. Með ákvörðun um lántökur innanlands eða erlendis getur ríkissjóður haft veruleg áhrif á þróun vaxta, hvort heldur er á löngum lánum eða stuttum, jafnframt því sem hann hefur áhrif á hvert aðrir lántakendur leita. Þannig hefur þróunin á lánamarkaði einkennst af sókn fyrirtækja og sveitarfélaga á innlenda verðbréfamarkaðinn en ríkissjóður vikið til hliðar til þess að verja markmið ríkisstjórnarinnar í vaxtamálum. Það sem af er árinu hefur ný lántaka ríkissjóðs í verðtryggðum spariskírteinum því verið óveruleg.

Útstreymi gjaldeyris vegna uppgreiðslu erlendra lána hefur veikt gjaldeyrisstöðu Seðlabankans. Erlendar lántökur ríkissjóðs hafa þó vegið það upp þannig að greiðslujöfnuður við útlönd er hagstæður það sem af er árinu. Jafnhliða hefur hægt á verðbréfakaupum innlendra aðila erlendis samanborið við síðasta ár.

Lausafjárstaða innlánsstofnana hefur styrkst eftir því sem liðið hefur á árið eftir erfiða stöðu á fyrstu mánuðum þess. Hjá innlánsstofnunum hefur einnig verið lögð mikil áhersla á verðbréfaútgáfu og þá aðallega útgáfu bankavíxla. Þetta hefur stuðlað að aukinni sölu ríkisvíxla, en hún gekk treglega á lokamánuðum síðastliðins árs og framan af þessu ári.

Horfur í ríkisfjármálum fyrir 1996 benda til að nettólántökur ríkissjóðs lækki frá yfirstandandi ári. Nú bendir allt til að nýjar lántökur ríkissjóðs og aðila sem njóta ríkisábyrgðar verði um 14 milljarðar króna í ár en samsvarandi fjárhæð fyrir 1996 verði 11,6 milljarðar króna. Minni lánsfjárþörf ætti að stuðla að lækkun vaxta ef ekki kemur til aukin eftirspurn eftir lánsfé frá öðrum aðilum, þ.e. sveitarfélögum, heimilum og atvinnufyrirtækjum.

Vextir ríkisverðbréfa. Vextir ríkisverðbréfa í frumsölu hafa lengst af verið mótandi um vaxtastigið. Á undanförnum misserum hafa vextir eftirmarkaðarins í auknum mæli orðið leiðandi í þessu efni. Í útboðum á verðtryggðum spariskírteinum ríkissjóðs til fimm og tíu ára sem haldin voru á tímabilinu frá september 1994 og fram til vors 1995 var það stefna stjórnvalda að vextir færu ekki umfram 5%. Í febrúar 1995 kom til innlausnar stór flokkur spariskírteina og var þá ákveðið að bjóða sérstakt vaxtaálag til þeirra sem skipta vildu út eldri spariskírteinum fyrir ný. Við þetta hækkaði ávöxtunarkrafa spariskírteina í 5,3%.

Ávöxtunarkrafan hefur smám saman farið hækkandi á Verðbréfaþingi Íslands. Má rekja það bæði til dræmrar eftirspurnar fjárfesta eftir lengri bréfum og þess að viðskiptavaki spariskírteina, Seðlabanki Íslands, hefur hækkað kaupkröfu sína og er hún nú 5,8 - 5,9%.

Þess má geta það sem af er árinu hefur bankinn keypt spariskírteini fyrir um tvo milljarða króna umfram sölu.

Á sama tíma og sala verðtryggðra spariskírteina dalaði glæddist sala verðbréfa með erlenda gengisviðmiðun, svokölluð ECU-tengd spariskírteini. Ávöxtun þessara bréfa tók mið af þeim vöxtum sem sambærilegar erlendar útgáfur bera. Upp á síðkastið hefur heldur dregið úr sölu þessara bréfa og er það skiljanlegt þar sem vextir á spariskírteinum með innlendri vaxtaviðmiðun hafa hækkað.

Vextir óverðtryggðra skammtímaverðbréfa ríkissjóðs fóru hækkandi framan af ári en hafa heldur sveigst niður á við að undanförnu. Vextir óverðtryggðra bréfa til þriggja ára hafa farið lækkandi frá því útboð þeirra hófst í maí. Þeir eru nú 9,5% en urðu hæstir 9,9%. Sala þessara bréfa hefur verið alljöfn frá því hún hófst. Nýlega voru óverðtryggð verðbréf til fimm ára fyrst boðin til kaups. Í fyrsta útboði þeirra var tekið tilboðum með ávöxtunarkröfunni 10,8%. Verður það að teljast vel viðunandi í ljósi þess að íslenskur fjármagnsmarkaður hefur ekki reynslu af óverðtryggðum fjárskuldbindingum til svo langs tíma. Ætla verður að þessir vextir geti lækkað þegar festa og tiltrú á efnahagsstöðugleika vex enn frekar. Hitt er jafnljóst að ríkisbréf og ríkisvíxlar sækja vaxtaviðmiðun einnig til útlanda.

Vextir ríkisvíxla, þriggja, sex og tólf mánaða voru í lok árs 1994 í stórum dráttum sambærilegir við það sem er erlendis. Vextir á þriggja mánaða víxlum eru nú 7,45% og hafa hækkað úr 6,27% þegar þeir voru lægstir í janúar. Þess ber hér að gæta, að þóknanir sem áður voru greiddar tilboðsgjöfum ríkisvíxlanna hafa verið felldar niður. Það samsvaraði 0,4% ársávöxtun sem kemur nú fram til lækkunar vöxtum.

Lausafjárstaða innlánsstofnana er nú mun betri en hún var fyrir ári síðan sem gefur tilefni til að ætla að sala ríkisvíxla geti gengið vel næstu mánuðina eins og verið hefur undanfarna tvo mánuði. Nettósala ríkisvíxla í janúar til september 1995 er um 5 milljarðar króna og lætur nærri að víxilskuldir ríkissjóðs séu nú eins og þær voru að hámarki eða um 19,6 milljarðar króna.

Framan af árinu seldu bankar mikið af bankavíxlum vegna lélegrar lausafjárstöðu þeirra. Nam salan um 23 milljörðum króna fyrstu sjö mánuði þessa árs miðað við 8 milljarða króna fyrir sama tímabil árið á undan. Þá hafa atvinnufyrirtæki og sveitarfélög einnig sótt í auknum mæli inn á skammtímamarkaðinn og aukið hlutdeild sína.

Ný markaðsverðbréf ríkissjóðs. Í tengslum við gerð kjarasamninga á almenna vinnumarkaðinum í vor gaf ríkisstjórnin fyrirheit um að Alþingi setti lög um breytingu á vaxtalögum þar sem vísitala neysluverðs kæmi í stað lánskjaravísitölu, en samningsaðilar töldu að hlutur launa í lánskjaravísitölu væri of hár. Jafnframt var lýst yfir að draga skyldi úr verðtryggingu og var hafin sala þriggja ára óverðtryggðra ríkisbréfa með útboði í maí á þessu ári, en sala sambærilegra tveggja ára bréfa hafði legið niðri frá haustinu 1994. Sala þriggja ára ríkisbréfa hefur verið allgóð og nemur alls að nafnverði 1,5 milljörðum króna fram til september. Til þess að efla markað fyrir óverðtryggð bréf er sem fyrr segir hafin sala á fimm ára óverðtryggðum ríkisbréfum og á sama tíma fellur niður sala fimm ára verðtryggðra spariskírteina. Brotið er blað í sölu ríkisverðbréfa þar sem nú eru í fyrsta sinn um langt skeið boðin til sölu svo löng óverðtryggð verðbréf. Þá er að nefna nýlega ákvörðun um að hefja sölu 20 ára verðtryggðra spariskírteina, en þau ættu sérstaklega að höfða til lífeyrissjóðanna. Áfram verður boðið upp á tíu ára spariskírteini þó svo samhliða standi til að bjóða til sölu ný tíu ára jafngreiðsluskírteini ríkissjóðs sem getur hentað þeim sem kjósa að hafa árlega tekjur af verðbréfaeign sinni.

Húsnæðiskerfið. Fjármögnun til að mæta fjárþörf Byggingarsjóðs ríkisins hefur farið fram fyrir milligöngu A-hluta ríkissjóðs það sem af er árinu. Nema lánveitingar þessar um 6,5 milljörðum króna fyrstu níu mánuði ársins, en gert er ráð fyrir að heildarfjármögnun verði um 8 milljarðar króna. Stefnt er að því að Húsnæðisstofnun hefji aftur bein viðskipti við fjárfesta áður en langt um líður, en stofnunin aflaði lánsfjár með sölu húsnæðisbréfa á árinu 1994 þar til ríkissjóður tók að sér fjármögnunina. Þá má nefna að útgáfa húsbréfa hefur verið ívið minni það sem af er árinu en áætlað var. Þetta kann þó að breytast síðari hluta árs þar sem félagsmálaráðherra hefur lagt fram tillögur um að lánstími húsbréfa verði lengdur í allt að 40 ár, en talsverð óvissa er um hvaða vaxtakröfu markaðurinn gerir til slíkra verðbréfa. Þegar allt kemur til alls er gengið út frá því að eftirspurn eftir húsbréfum verði eins og heimilt er samkvæmt lánsfjárlögum fyrir 1995, um 13 milljarðar króna.

8.3 Lánsfjárþörf ríkisins, ríkisfyrirtækja og sjóða

Að framan var fjallað um lánsfjáreftirspurn eftir endanlegum notendum fjármagnsins. Þannig voru t.d. húsnæðislán Húsnæðisstofnunar ríkisins hluti af lánsfjáreftirspurn heimila og fjárfestingarlán veitt af Iðnlánasjóði hluti af lántökum fyrirtækja. Hér er hins vegar gerð grein fyrir lánsfjárþörf, lántökum og afborgunum ríkisins, ríkisfyrirtækja og sjóða óháð því hver er endanlegur notandi fjármagnsins.

vikmörk geta valdið erfiðleikum við skilyrði frjálsra fjármagnshreyfinga milli landa. Stöðugt gengi hefur átt verulegan þátt í því að lækka verðbólgu og mynda traustan ramma fyrir atvinnustarfsemi í landinu. Engin ástæða er til að hverfa frá þeirri stefnu enda er afgangur á viðskiptum við útlönd auk þess sem raungengi og verðbólga eru í sögulegu lágmarki.

Nokkur vaxtahækkun átti sér stað fyrstu mánuði ársins, einkum á skammtímamarkaði. Á vormánuðum hækkuðu einnig vextir spariskírteina og verðtryggðra útlána innlánsstofnana. Ávöxtun húsbréfa stóð hins vegar í stað, en hún hafði hækkað síðari hluta ársins 1994. Um miðbik ársins tók svo að gæta lækkunar skammtímavaxta, einkum ríkisvíxla. Eftir þessar breytingar eru vextir enn mun lægri en þeir voru fram á haust 1993, er ríkisstjórn og Seðlabanki beittu sér fyrir sérstöku átaki til lækkunar. Áform ríkisstjórnarinnar um að eyða halla ríkissjóðs á tveimur árum stuðla að lækkun vaxta.

Stefnt er að því að draga úr notkun verðtryggingar skammtímafjárskuldbindinga. Eftir lagabreytingu í febrúar er vísitala neysluverðs, sem áður hét vísitala framfærslukostnaðar, notuð til útreiknings á verðtryggingu í stað lánskjaravísitölu áður. Í júní gaf Seðlabankinn út reglur um verðtryggingu sem miða að afnámi verðtryggingar á skemmri skuldbindingum í áföngum. Í lokaáfanga, frá byrjun árs 2000, verður aðeins heimilt að nota verðtryggingu á skuldabréfum með minnst 7 ára lánstíma. Þar með verður óheimilt að verðtryggja bankainnstæður. Nú er heimilt að verðtryggja innlán sé binditími þeirra minnst 12 mánuðir. Lágmarkslánstími verðtryggðra skuldabréfa er 2 ár en verður 3 ár frá næstu áramótum. Með því að skipuleggja áfangana framundan með hæfilegu millibili er þess gætt að ekki komi til mikillar röskunar á markaðnum heldur verði stigin ákveðin skref í þá átt að draga úr vísitölubindingu fjármagns og færa aðstæður hér á landi nær því sem þekkist í nálægum löndum. Ríkissjóður hefur þegar rutt brautina fyrir óverðtryggðar skuldbindingar með lengri lánstíma en verið hefur. Í maí hófst útgáfa 3ja ára óverðtryggðra ríkisbréfa og nú hafa 5 ára óverðtryggð bréf einnig verið gefin út.

Helstu markmið stefnunnar í ríkisfjármálum eins og hún birtist í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1996 endurspeglar þær áherslur sem fram koma í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Höfuðáhersla er lögð á að skapa skilyrði til varanlegs hagvaxtar og aukinnar atvinnu án þess að stofna í hættu stöðugleika í verðlagi og frekari lækkun erlendra skulda. Þessi stefnumörkun kallar á aðgerðir á mörgum sviðum. Einna mikilvægast er að draga úr halla ríkissjóðs með það að markmiði að fjárlög verði hallalaus árið 1997. Á sama hátt og hallarekstur á ríkissjóði getur verið réttlætanlegur á tímum samdráttar og vaxandi atvinnuleysis er mikilvægt að nýta það svigrúm sem aukinn kaupmáttur almennings og batnandi afkoma þjóðarbúsins skapar til þess að ná jafnvægi í ríkisfjármálum. Það er ekki ásættanlegt að halda áfram að safna skuldum þegar hagvöxtur glæðist á ný. Trúverðug og ábyrg ríkisfjármálastefna sem leiðir til jafnvægis í ríkisbúskapnum er forsenda fyrir því að vextir geti lækkað, fjárfesting í atvinnulífinu taki við sér, hagvöxtur komist á skrið og störfum fjölgi. Þetta er kjarninn í stefnumörkun fjárlagafrumvarpsins sem mun skila sér í bættum lífskjörum heimilanna í landinu.

Til að ná þessum markmiðum þarf að beita ítrasta aðhaldi í útgjöldum. Á næsta ári munu heildarútgjöld ríkissjóðs verða nokkurn veginn óbreytt að krónutölu frá yfirstandandi ári, en lækka nokkuð að raungildi. Hlutfall útgjalda af landsframleiðslu lækkar því umtalsvert og hefur ekki verið lægra síðan 1987. Á tekjuhlið er lögð áhersla á að sá tekjuauki sem verður á árinu í kjölfar aukins kaupmáttar launafólks gangi til að minnka hallarekstur ríkissjóðs. Þrátt fyrir auknar tekjur minnkar skattbyrðin þar sem hlutfall tekna af landsframleiðslu lækkar frá því í ár og hefur ekki verið lægra síðan 1987. Í tengslum við undirbúning fjárlagagerðar hefur verið unnið að ýmsum umbótum í skattamálum í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Í undirbúningi er heildarendurskoðun á tekjuskattskerfinu með það fyrir augum að draga úr jaðaráhrifum þess og verða fyrstu skrefin reyndar stigin þegar á næsta ári.

Fyrr á þessu ári kynnti fjármálaráðherra drög að áætlun í ríkisfjármálum til næstu fjögurra ára. Áætlunin var unnin í fjármálaráðuneytinu í samvinnu við Þjóðhagsstofnun og Seðlabanka. Í henni eru sýndar niðurstöður tveggja mismunandi dæma um hugsanlega þróun efnahagsmála fram til ársins 1999. Þar kemur fram að eina örugga leiðin til þess að örva hagvöxt og efla atvinnulífið felst í því að tryggja áframhaldandi stöðugleika í verðlagsmálum og lægri vexti. Forsenda fyrir því er að áfram verði dregið úr halla ríkissjóðs með ströngu aðhaldi að ríkisútgjöldum.

Með fjárlagafrumvarpinu er stigið mikilvægt skref í átt til jafnvægis í ríkisfjármálum. Þessu starfi þarf að halda áfram á næstu árum. Þegar hefur verið gripið til aðgerða á mörgum sviðum og undirbúningur frekari aðgerða hafinn. Hér má nefna lífeyrismál, aðgerðir til að treysta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs, endurskoðun starfsmannastefnu ríkisins og nýsköpun í ríkisrekstri. Öll þessi atriði lúta að því meginmarkmiði efnahagsstefnunnar að skapa skilyrði til varanlegs hagvaxtar og aukinnar atvinnu án þess að stofna í hættu stöðugleika í verðlagi og frekari lækkun erlendra skulda.

Atvinnumál

Efnahagslegur stöðugleiki, hagstætt raungengi, sambærilegir vextir og í helstu samkeppnislöndum og góð rekstrarskilyrði almennt er undirstaða öflugs atvinnulífs og forsenda þess að störfum fjölgi. Nýsköpun og sókn í vöruþróun og markaðssetningu þarfnast einnig slíkra skilyrða.

Á síðastliðnu vori mótaði ríkisstjórnin langtímastefnu um nýtingu þorskstofnsins á grundvelli undirbúningsvinnu Hafrannsóknastofnunar og Þjóðhagsstofnunar. Á hún að tryggja þjóðinni hámarksafrakstur af þorskstofninum á ókomnum árum. Þá benda niðurstöður úr leiðangri Hafrannsóknastofnunar nú í sumar til þess að klak þorsks á síðasta vori hafi heppnast þokkalega. Ekki er þó að búast við snöggum umskiptum varðandi leyfilegan þorskafla á komandi árum heldur hægt vaxandi aflaheimildum frá ári til árs. Þróunarsjóður sjávarútvegsins hefur á þessu og síðasta ári greitt úreldingarstyrki til útgerða fjölda fiskiskipa. Hefur úrelding skipa fyrir tilstuðlan sjóðsins leitt til að skipum sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni hefur fækkað um 228. Er minnkunin um 6% í rúmlestum talið. Sjóðurinn hefur því náð því meginmarkmiði sínu að færa afkastagetu fiskiskipaflotans nær afrakstursgetu Íslandsmiða. Fiskveiðistjórnun mun áfram að mestu byggð á aflahlutdeildarkerfi en gerð verður úttekt á mismunandi leiðum

við fiskveiðistjórnun og niðurstöðurnar nýttar við þróun fiskveiðistjórnunar. Áfram verður unnið við að bæta umgengni um auðlindir sjávar og sett löggjöf til að tryggja ábyrga umgengni um auðlindina.

Úthafsveiðar hafa skipt Íslendinga vaxandi máli síðustu misserin og hefur íslenskur sjávarútvegur að hluta getað bætt sér minnkandi þorskveiðiheimildir á heimamiðum með aukinni starfsemi á fjarlægum miðum, einkum á úthafinu. Úthafsveiðimálin eru öll í mjög örri þróun. Samkomulag náðist um texta samnings um veiðar á deilistofnum og miklum fartegundum á úthafsveiðiráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í ágústmánuði síðastliðnum og niðurstöðu er að vænta á næstunni úr vinnu Matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAO, að samkomulagi um ábyrgar fiskveiðar. Með þessum samningum er skapaður rammi utan um svæðisbundnar lausnir á deilum sem staðið hafa um úthafsveiðar víða um heim.

Í landbúnaðarmálum er nú unnið að því að endurskoða búvörusamninginn, sérstaklega með tilliti til þess mikla vanda sem sauðfjárbændur standa frammi fyrir. Meginmarkmiðin eru að tryggja hagkvæmari framleiðslu, vinnslu og sölu sauðfjárafurða, til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur. Nýr búvörusamningur er einn mikilvægasti þátturinn í því verkefni að greiða fyrir nauðsynlegri hagræðingu í landbúnaði til þess að bæta samkeppnisstöðu landbúnaðarins gagnvart erlendum afurðum og til að mæta kröfum neytenda um lægra vöruverð og fjölbreytt vöruúrval. Með lagasetningu í kjölfar GATT-samninga hefur verið eytt óvissu að því er varðar þau skilyrði sem landbúnaðinum verða búin í samkeppni við innflutning. Með þessu fær landbúnaðurinn svigrúm til að laga sig að breyttum aðstæðum og búa sig undir næstu áfanga á þeirri leið að draga úr hömlum í alþjóðaviðskiptum með landbúnaðarafurðir.

Aukin umsvif í þjóðarbúskapnum á síðasta ári og þessu ári má meðal annars rekja til framleiðsluaukningar í iðnaði, einkum útflutningsiðnaði, og aukningar í ferðaþjónustu. Þetta eru skýr dæmi um áhrif af stöðugleika og hagstæðu raungengi. Mikilvægt er að þessi sókn geti haldið áfram og að hún nái til fleiri atvinnugreina. Einungis á þann hátt er unnt að viðhalda öflugu og fjölbreyttu atvinnulífi. Hér skiptir máli að auka samkeppni á sem flestum sviðum en samkeppnin er undirstaða aukinnar framleiðni. Það er líka nauðsynlegt fyrir atvinnulífið að eiga aðgang að öflugum fjármálastofnunum auk þess sem erlend samkeppni á íslenskum fjármálamarkaði fer vaxandi. Þess vegna verður lögð áhersla á að breyta rekstrarformi ríkisviðskiptabanka og fjárfestingarlánasjóða. Það á einnig við um fyrirtæki og stofnanir í eigu ríkisins sem eru í samkeppni við einkaaðila. Unnið verður að sölu ríkisfyrirtækja í samræmi við ákvarðanir Alþingis.

Þótt störfum hafi fjölgað umtalsvert, hefur hagvöxturinn enn ekki náð að draga úr atvinnuleysi. Vandamál atvinnulausra krefjast því mun virkari aðgerða af hálfu ríkis og sveitarfélaga en hingað til hefur tíðkast. Nauðsynlegt er að vinnumiðlun verði efld þannig að unnt sé að sinna einstaklingum og veita þeim tilboð um atvinnu eða námskeið, sem efla færni á vinnumarkaði. Lög um vinnumiðlun verða endurskoðuð. Formlegar vinnumiðlanir og atvinnuleysisskráningarstaðir eru of margir en öflugar vinnumiðlanir of fáar. Þörf er á að auka almenna upplýsingaþjónustu og fræðslustarfsemi vinnumiðlana til að atvinnurekendur og atvinnuleitendur sjái sér hag í að nýta sér þessa þjónustu. Vaxandi langtímaatvinnuleysi eykur stöðugt á opinbera framfærslubyrði og því lengri tími sem líður áður en gripið er inn í, því erfiðara verður fyrir fólk að

komast aftur inn á vinnumarkaðinn. Heildarkostnaður samfélagsins í víðara samhengi breytist þó lítið við tilflutning milli framfærslukerfa. Aðalatriðið er að halda fólki vinnufæru með starfsþjálfun og starfsmenntun og finna eða skapa störf sem hæfa hverjum og einum. Þetta er hlutverk og um leið samstarfsverkefni vinnumiðlana, félagsmálastofnana og atvinnulífsins.

Atvinnuleysisbótakerfið verður endurskoðað og hefur nefnd þegar hafið störf. Þar er lögð áhersla á að skilgreina hver eigi að njóta atvinnuleysisbóta eða annarra bóta ríkis og sveitarfélaga. Atvinnulausir verða að fá aðstoð vinnumiðlunar við atvinnuleit. Nauðsynlegt er að atvinnurekendur notfæri sér þjónustu vinnumiðlunar við að ráða í laus störf. Ekki er talið rétt að gera að skyldu að öll laus störf fari í gegnum vinnumiðlun, en megináhersla lögð á samstarf við atvinnurekendur. Starfsmenntun verður efld en atvinnuleysi er mest meðal ófaglærðs fólks. Nauðsynlegt er að hlutverk starfsmenntaráðs og Atvinnuleysistryggingasjóðs varðandi námskeiðahald verði samræmt.

Endurskoðun á samskiptareglum sem gilt hafa á vinnumarkaði stendur yfir og hafa þær verið bornar saman við hliðstæðar reglur í helstu samkeppnis- og viðskiptalöndum Íslendinga. Markmiðið er að íslenskt atvinnulíf búi við sams konar reglur og atvinnurekstur í þessum löndum að teknu tilliti til íslenskra séraðstæðna. Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins verður efld þannig að hún geti fylgst með breytingum í atvinnugreinum og hvaða áhrif þær hafa á vinnumarkaðinn í heild. Reynsla annarra þjóða sýnir að erfitt getur reynst að draga úr atvinnuleysi, ef það hefur náð að festa rætur, jafnvel þótt hagvöxtur sé talsverður. Þetta á einkum við um atvinnuleysi ungs fólks og þá sem hafa verið atvinnulausir um langt skeið. Þau félagslegu vandamál sem fylgja atvinnuleysi koma einkum fram hjá þessum hópum. Því þarf að leggja megináherslu á að skapa þessum hópum möguleika til þátttöku á vinnumarkaði. Það verður einungis gert með því að saman fari viðunandi hagvöxtur til lengri tíma og öflugar aðgerðir sem beinast sérstaklega að þeim sem eru atvinnulausir.

III. ÁSTAND OG HORFUR

Efnahagsþróun á þessu ári hefur mótast af auknum umsvifum í þjóðarbúskapnum. Áætlað er að þjóðarútgjöld í heild verði 3,9% meiri en í fyrra. Hér valda einkum aukin útgjöld til einkaneyslu og fjárfestingar. Þessi aukning hefur drifið hagvöxtinn og er reiknað með að hann verði 3,2% á árinu. Til samanburðar var hagvöxturinn í fyrra 2,8%. Afgangurinn á viðskiptajöfnuði er talinn minnka úr 8,8 milljörðum króna 1994 í 4,7 milljarða á þessu ári. Þótt störfum hafi fjölgað umtalsvert á árinu er gert ráð fyrir að atvinnuleysi verði ívið meira en í fyrra, eða um 5% af mannafla borið saman við 4,8. Þetta skýrist einkum af auknu vinnuframboði.

Flest bendir til að það hægi á hagvexti á næsta ári. Ástæðan fyrir því er skerðing aflaheimilda og aukið aðhald að þjóðarútgjöldum til að koma í veg fyrir að halli myndist á viðskiptajöfnuði. Reiknað er með að landsframleiðslan aukist um 2% og þjóðarútgjöld um 2,8%. Samkvæmt þessu verður viðskiptajöfnuðurinn ekki jafn hagstæður og í fyrra, afgangurinn fer úr 4,7 milljörðum króna í 3,4 milljarða. Búist er við að verðbólga verði áfram lítil, eða um 2,5%, og talið er að atvinnuleysi verði ívið minna en á þessu ári. Hér hefur ekki verið tekið tillit til hugsanlegrar stækkunar álversins. Ef af henni verður breytast þessar áætlanir verulega, meðal annars er talið að hún auki landsframleiðsluna á næsta ári um 0,6-0,7%. Eftir árið 1996 er gert ráð fyrir að hagvöxtur aukist á ný og verði að jafnaði um 2½% á ári til aldamóta á þeim forsendum sem hér er reiknað með.

Alþjóðaefnahagsmál

Nokkuð virðist hafa dregið úr hagvexti í iðnríkjunum að undanförnu. Merki um þetta má víða sjá, en þau eru þó skýrust í Japan. Þar hefur hagvöxtur nær stöðvast. Í flestum öðrum iðnríkjum hafa hagvaxtarspár verið endurskoðaðar til lækkunar um nokkra tíunduhluta úr prósenti, mest í Bandaríkjunum, Kanada, Bretlandi og Ástralíu, þar sem uppsveiflan var kraftmest í fyrra, en minna í Þýskalandi, Frakklandi og ýmsum öðrum Evrópulöndum. Að öllu samanlögðu spáir Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn því að hagvöxturinn í iðnríkjum verði 2,5% á þessu ári borið saman við 3,1% í fyrra. Jafnframt er talið að hagvöxturinn verði ívið minni á næsta ári, eða 2,4%.

Þótt hagvaxtarhorfurnar í iðnríkjunum séu þannig ekkert sérlega líflegar gegnir öðru máli þegar litið er til annarra ríkja. Í þróunarríkjunum, einkum í Asíu, hefur verið meiri gangur í efnahagsstarfseminni en búist var við. Þetta á einnig við um Austur-Evrópu og fyrrum Sovétríkin. Örari vöxtur í þessum löndum gerir meira en vega upp hægari hagvöxt í iðnríkjunum. Þannig er nú spáð að heimsframleiðslan aukist um 3,8% á þessu ári og 4,1% á því næsta. Til samanburðar jókst hún um 3,6% í fyrra og 2,5% í hittiðfyrra.

Samhliða viðunandi hagvexti hefur verðbólgu verið haldið í skefjum. Hún hefur að jafnaði verið á bilinu 2-3% í iðnríkjunum og þarf að fara aftur til sjöunda áratugarins til að finna sambærilegar tölur. Spáð er að verðbólgan verði áfram á svipuðu róli og hún hefur verið. Um margt eru því efnahagshorfurnar í heiminum fremur uppörvandi um þessar mundir.

Ástand og horfur í efnahagsmálum í heiminum [1)]

	1993	1994	Spá 1995	Spá 1996
Hagvöxtur	2,5	3,6	3,8	4,1
Iðnríki	1,1	3,1	2,5	2,4
Bandaríkin	3,1	4,1	2,9	2,0
Evrópusambandið	-0,6	2,8	2,9	2,8
Japan	-0,2	0,5	0,5	2,2
Þróunarríki	6,1	6,2	6,1	6,2
Austur-Evrópa og fyrrum Sovétríkin	-9,1	-9,5	-2,1	3,4
Alþjóðaviðskipti	3,9	8,7	8,0	6,6
Hráolíuverð	-10,7	-6,5	1,1	-6,1
Verðbólga				
Iðnríki	3,0	2,4	2,6	2,5
Vextir, LIBOR [2)]				
Bandaríkjadollarar	3,4	5,1	6,2	6,2
Japönsk jen	3,0	2,4	1,4	1,4
Þýsk mörk	6,9	5,3	4,6	5,2

1) Hlutfallslegar breytingar frá fyrra ári nema annað sé tekið fram.
2) Millibankavextir í London á innlánum til sex mánaða.

Heimild: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn.

Þrátt fyrir viðunandi hagvöxt og verðlagsþróun er víða við erfið verkefni að fást á sviði efnahagsmála. Í iðnríkjum er langvarandi atvinnuleysi og halli á búskap hins opinbera helstu vandamálin og í þróunarríkjunum, Austur-Evrópu og fyrrum Sovétríkjum er sérstaklega mikilvægt að efla markaðsbúskap frekar. Jafnframt gerir samruni fjármagnsmarkaða kröfu um skilvirkari og vandaðri hagstjórn til að koma í veg fyrir skaðlegt umrót á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum.

Undanfarin misseri hafa töluverðar sviptingar átt sér stað í fjármálum og gengismálum. Á fyrri hluta árs féll gengi Bandaríkjadollars og gengi jensins hækkaði gríðarlega. Þessar gengishreyfingar höfðu afdrifaríkar afleiðingar fyrir japanskt efnahagslíf og samhliða þeim varð mikið rót á fjárstreymi milli landa. Áhrifin hafa þó mildast að undanförnu samhliða því að gengisbreytingarnar hafa að hluta gengið til baka. Í lok árs 1994 lentu Mexíkanar í hremmingum á þessu sviði sem höfðu víðtæk

áhrif á fjármagnsmörkuðum. Þá hafa nokkur lönd verið í sjálfheldu hárra vaxta og vandræða í gengismálum vegna erfiðleika í ríkisfjármálum, ekki síst Svíþjóð og Ítalía.

Þessar sviptingar eiga sér ýmsar skýringar. Þyngst vegur þó líklega að samruni fjármagnsmarkaða í heiminum hefur valdið því að fjármagnsstraumar eru næmari fyrir hvers konar vandamálum sem menn telja sig merkja í efnahagsþróun og hagstjórn. Þetta má einfaldlega orða svo að nútíma fjármagnsmarkaðir kalli á betri hagstjórn en umhverfi fortíðar gerði með hindrunum sínum. Þeim ríkjum sem ekki ná góðum tökum á efnahagsmálum sínum er umsvifalaust refsað með háum vöxtum og þrýstingi á gengi.

Að öllu samanlögðu eru horfur í alþjóðaefnahagsmálum nokkuð góðar þrátt fyrir umrót í alþjóðafjármálum. Spár um hagvöxt í iðnríkjunum hafa að vísu verið endurskoðaðar til lækkunar en á móti vegur að víða annars staðar er bjartara yfir en áður var gert ráð fyrir. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn reiknar því í aðalatriðum með sama hagvexti í heiminum á þessu ári og því næsta og hann gerði í fyrri spám. En óneitanlega eru nú meiri blikur á lofti en áður enda hafa peningayfirvöld í mörgum löndum beitt sér fyrir lækkun skammtímavaxta að undanförnu til þess að koma í veg fyrir að um of hægi á efnahagsstarfseminni.

Afli og útflutningur

Þjóðhagsstofnun reiknar með að heildarafli landsmanna verði um 1.714 þúsund tonn á árinu 1995 og er það aukning úr 1.552 þúsund tonnum frá árinu 1994. Stór hluti þessarar aukningar eru veiðar á um 170 þúsund tonnum úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Áætlað er að loðnuaflinn verði um 820 þúsund tonn sem er lítið eitt meira en í fyrra. Þá er gert ráð fyrir að um 30 þúsund tonn af þorski og um 2.500 tonn af rækju veiðist utan Íslandsmiða. Á föstu verði er gert ráð fyrir að aflinn aukist um ½%. Áætlað er að þorskafli dragist saman um 9,3% og afli af öðrum botnfiski minnki um 6,7%, þar af minnkar afli af úthafskarfa úr 47 þúsund tonnum árið 1994 í um 25 þúsund tonn árið 1995. Gert er ráð fyrir að aukning verði í öðrum afla um 19,7% á föstu verðlagi. Reiknað er með að innlend fiskvinnsla muni kaupa svipað magn af þorski og rækju af erlendum fiskiskipum og í fyrra.

Fyrstu 7 mánuði ársins hefur útflutningsframleiðsla á landfrystum botnfiski minnkað um 9,6% miðað við sama tíma í fyrra, útflutningsframleiðsla á sjófrystum botnfiski hefur minnkað um 2,7% og á fiskimjöli um 2%. Útflutningsframleiðsla saltfiskverkunar hefur aftur á móti aukist um 3,9% og á afurðum herslu um 29%. Samanlagt hefur útflutningsframleiðslan dregist saman um tæplega 5% fyrstu 7 mánuði ársins. Verkfall sjómanna í maí á stóran þátt í þessum samdrætti. Hér er gert ráð fyrir að samdrátturinn vinnist upp á síðari hluta ársins og útflutningsframleiðslan á árinu öllu verði sú sama og í fyrra.

Helsta vandamál íslensks sjávarútvegs um þessar mundir er slæm staða þorskstofnsins hér við land. Á mynd hér fyrir neðan sést hvernig veiðistofn þorsks (hægri ás, slitrótt lína) hefur minnkað úr rúmlega milljón tonnum á árunum 1986-1989 í tæplega 600 þúsund tonn árið 1995. Aflinn hefur á sama tíma minnkað úr tæpum 400 þúsund tonnum árið 1987 í 165 þúsund tonn árið 1995 (vinstri ás, heil lína). Þessi óhagstæða

þróun þorskstofnsins hefur leitt til þess að aflaheimildir hafa verið skertar verulega í því skyni að skapa forsendur fyrir eflingu stofnsins á ný.



Sjávarútvegsráðuneytið hefur úthlutað heimildum fyrir nýhafið fiskveiðiár að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar. Í þorskígildum talið úthlutar sjávarútvegsráðuneytið nú um 3% minni heimildum en það gerði fyrir síðasta fiskveiðiár. Í áætlunum sínum gerir Þjóðhagsstofnun ráð fyrir að afli kvótabundinna tegunda á Íslandsmiðum verði í samræmi við ákvarðanir sjávarútvegsráðuneytisins að teknu tilliti til ónýttra aflaheimilda sem flytjast á milli ára. Varðandi tegundir sem ekki eru háðar kvóta er byggt á reynslu undanfarinna ára að höfðu samráði við sérfræðinga Hafrannsóknastofnunar.

Þegar bornar eru saman breytingar á veiðiheimildum og breytingar á afla er rétt að hafa í huga að algengt er að afli einstakra fisktegunda sé ekki nákvæmlega sá sami og veiðiheimildir segja til um. Þannig náðist til dæmis ekki að veiða allan ýsu- og ufsakvótann á nýliðnu fiskveiðiári. Þær veiðiheimildir sem ekki nýtast flytjast síðan yfir á næsta fiskveiðiár. Einnig er munur á fiskveiðiárinu og almanaksári. Þetta eru helstu ástæður þess að Þjóðhagsstofnun gerir í áætlunum sínum ráð fyrir að afli kvótabundinna tegunda aukist um 1% milli áranna 1995 og 1996 þrátt fyrir samdrátt í úthlutun veiðiheimilda.

Gert er ráð fyrir að þorskafli af Íslandsmiðum verði 165 þúsund tonn sem er óbreytt frá síðasta fiskveiðiári. Ekki er reiknað með að þorskafli Íslendinga af öðrum miðum breytist frá þessu ári og verður því þorskafli óbreyttur fiskveiðiárið 1995-1996. Reiknað er með að annar botnfiskafli aukist um 1,9%. Munar þar mest um að reiknað er með að 40 þúsund tonn veiðist af úthafskarfa. Þá er gert ráð fyrir að annar afli aukist um 2,3%. Gert er ráð fyrir að loðnuaflinn verði 14,5% meiri á árinu 1996 en 1995 eða um 936 þúsund tonn. Samkvæmt þessum forsendum verður heildaraflinn 1996 1½% meiri en

1995, reiknað á föstu verði. Að öllu samanlögðu reiknar Þjóðhagsstofnun með að útflutningsframleiðsla sjávarafurða aukist um 1% milli áranna 1995 og 1996.

Afli og aflaverðmæti 1995-1996

	Afli þús. tonn		Breyting aflaverðmætis á föstu verði
	1995	1996	1995-96,%
Þorskur	195	195	0
Annar botnfiskur	305	319	1,9
Síld	132	125	-3,9
Íslandssíld	172	160	-7
Loðna	818	936	14,5
Humar	1	2	65
Rækja	75	75	0
Hörpudiskur	10	9	-6
Annað	6	6	0
Botnfiskur	500	514	1,0
Annað	1.214	1.313	2,3
Samtals	1.714	1.827	1,5

Framleiðsla á áli eykst lítillega á líðandi ári samkvæmt fyrirliggjandi áætlunum eða úr rúmlega 99 þúsund tonnum í fyrra í tæp 100 þúsund tonn. Vegna hagstæðrar verðþróunar á áli hefur verðmæti álútflutnings hins vegar aukist mikið og stefnir það í um 12 milljarða króna á þessu ári borið saman við 10,8 milljarða króna í fyrra. Gert er ráð fyrir 1,5% framleiðsluaukningu á næsta ári og miðað við markaðshorfur má reikna með að útflutningstekjur verði tæpir 13 milljarðar króna. Nú er svo komið að framleiðslugeta verksmiðjunnar er því sem næst full nýtt og ekki að vænta aukinnar framleiðslu á næstu árum nema verksmiðjan verði stækkuð.

Kísiljárnframleiðslan hefur vaxið á síðustu árum samfara batnandi skilyrðum á heimsmarkaði og í ár stefnir í að verksmiðjan framleiði tæp 70 þúsund tonn. Flest bendir til að framleiðsla verði svipuð á næsta ári. Reikna má með að verðmæti útflutts kísiljárns nemi um 3 milljörðum króna á þessu ári og því næsta.

Útflutningur annar en sjávarafurðir, ál og kísiljárn hefur tekið mikinn kipp síðastliðin tvö ár eftir samdráttarskeið sem hófst í kringum 1990. Hér er um að ræða framleiðslu af ýmsum toga sem ýmist byggir á gömlum merg eða nýjar greinar sem skotið hafa upp kollinum. Fyrstu sjö mánuði ársins nam þessi útflutningur 5,8 milljörðum króna samanborið við 4,6 milljarða á síðasta ári og 3,8 milljarða króna árið þar áður. Mest hefur aukningin verið í útflutningi lyfja, veiðarfæra, rafeindavoga og ýmiss búnaðar til fiskveiða og fiskvinnslu. Áætlanir fyrir þetta ár gera ráð fyrir að útflutningur þessara afurða aukist að magni um tæplega 10% og skili trúlega 13 milljörðum króna í þjóðarbúið. Miðað er við að magnið aukist um 4% á árinu 1996 og útflutningstekjurnar verði rúmlega 14 milljarðar króna.

Útflutningsframleiðslan í heild er talin aukast um 1,2% á þessu ári, en eftir að áætlaðar tekjur af útflutningi skipa og flugvéla hafa verið teknar með í reikninginn eru

horfur á að vöruútflutningurinn aukist alls um 1,4% á þessu ári. Útlit er fyrir að útflutningsframleiðslan aukist um 1,3% á föstu verði á næsta ári en að vöruútflutningurinn í heild verði 1,1% minni eftir að tillit hefur verið tekið til áætlaðs útflutnings skipa og flugvéla og breytinga á útflutningsvörubirgðum.



Tekjur af útfluttri þjónustu án vaxta- og launatekna nema árlega tæpum 30% af heildargjaldeyristekjum þjóðarinnar. Mikilvægustu liðirnir eru tekjur af erlendum ferðamönnum, tekjur vegna flutninga og tekjur af varnarliðinu. Í ár má áætla að þessar tekjur muni nema samtals rúmum 48 milljörðum króna sem er 8,4% raunaukning frá því í fyrra. Tekjur af erlendum ferðamönnum eru áætlaðar um 20 milljarðar króna. Þetta er 16% aukning frá 1994 og gert er ráð fyrir að rúmlega 190 þúsund erlendir ferðamenn komi til landsins, samanborið við 179 þúsund í fyrra. Spáð er að framhald verði á þessari hagstæðu þróun þjónustutekna á næsta ári og er það byggt á að þær hagstærðir sem mestu máli skipta fyrir þjónustuviðskiptin, það er að segja raungengi krónunnar og hagvöxtur í viðskiptalöndunum, verði áfram örvandi fyrir þessar greinar. Spáin gerir ráð fyrir að þjónustutekjurnar verði 5,4% meiri að raungildi á árinu 1996 en 1995.

Samtals fela þessar forsendur í sér að útflutningur vöru og þjónustu aukist um 3,2% á þessu ári og 0,7% á því næsta.

Viðskiptakjör

Þótt verðþróun á ýmsum útflutningsafurðum hafi verið hagstæð á þessu ári vega þar á móti óhagstæðar breytingar á innbyrðis gengi erlendra gjaldmiðla og háir vextir, einkum framan af þessu ári. Fyrir bragðið er útlit fyrir nokkra rýrnun viðskiptakjara milli áranna 1994 og 1995. Spáð er hins vegar að viðskiptakjörin verði ívið betri á næsta ári en þessu.

Það sem af er þessu ári hefur verðlag á útfluttum sjávarafurðum hækkað töluvert í erlendri mynt. Fyrstu sjö mánuði ársins var verð sjávarafurða 7,4% hærra mælt í SDR

en á sama tíma í fyrra. Miðað við horfur það sem eftir er ársins stefnir í að verðið hækki um 5% milli ára. Þessi verðhækkun brýtur blað í verðþróun sjávarafurða þar sem sjávarútvegurinn hefur mátt búa við lækkandi heimsmarkaðsverð frá árinu 1991. Á næsta ári er búist við að verð sjávarafurða haldi fyllilega í við almennar verðhækkanir í viðskiptalöndunum.

Verð á áli á heimsmarkaði er nú hærra en um langt skeið. Í ársbyrjun 1994 tók álverðið að hækka eftir að hafa verið í lægð um nokkurra ára skeið. Fyrstu sjö mánuði ársins var verð á skyndimarkaði í London (LME) að meðaltali 1.860 dollarar fyrir tonnið, en var á sama tíma í fyrra 1.320 dollarar. Áætlanir fyrir þetta ár byggja á því að meðalverð áls á árinu verði um 1.900 dollarar og það hækki í um 2.000 dollara á árinu 1996. Verð á kísiljárni hefur verið tiltölulega stöðugt undanfarið, en það hefur haldist í um 3.800 til 4.000 norskum krónum tonnið. Reiknað er með verð á kísiljárni hækki á seinni hluta ársins og haldist stöðugt á næsta ári.



Innfluttar vörur hafa hækkað misjafnlega mikið í íslenskum krónum. Erfitt er að greina þessar hækkanir nákvæmlega þar sem um fjölbreytileg viðskipti frá mörgum löndum er að ræða og innbyrðis gengi erlendra gjaldmiðla hefur sveiflast mikið á árinu. Áhrif gengisbreytinga á viðskiptakjör má sjá af mismun á breytingum útflutnings- og innflutningsveginnar viðskiptavogar. Það sem af er árinu hafa þessi áhrif verið neikvæð þar sem gengi krónunnar samkvæmt útflutningsvog hefur hækkað umfram innflutningsvog sem nemur 1%. Þetta skýrist að mestum hluta af lækkun Bandaríkjadollars og sterlingspunds gagnvart öðrum myntum, en þessar tvær myntir vega hlutfallslega þyngra í útflutningi en í innflutningi. Miðað við vægi út- og innflutnings má ætla að þetta skerði þjóðartekjur um sem svarar 0,3% af landsframleiðslu haldist staðan óbreytt út árið. Undanfarið hefur Bandaríkjadollar þó verið að styrkjast á ný og því hugsanlegt að þessi óhagstæðu viðskiptakjaraáhrif gangi að hluta til baka.

Verðlag almenns innflutnings án stóriðju og olíu er um 5% hærra á fyrstu sjö mánuðum ársins en á sama tímabili í fyrra. Því virðist sem útflutningsverðlag í viðskiptalöndunum hafi hækkað töluvert meira en samsvarar almennum verðbreytingum í þessum löndum. Til samanburðar má geta þess að á síðasta ári var þróun innflutningsverðlags óvenju hagstæð og lækkaði verðvísitala almenns vöruinnflutnings um ½% í erlendri mynt miðað við breytingar á gengi krónunnar samkvæmt innflutningsvog. Erlendar spár um verðþróun í utanríkisviðskiptum gefa tilefni til að vænta megi um 1½% verðhækkunum í erlendri mynt á milli áranna 1994 og 1995, en tölur fyrir fyrri helming ársins benda til þess að hækkunin verði nokkru meiri. Miðað er við að verð á innflutningsvörum verði að meðaltali 3% hærra á árinu 1996 en á þessu ári.



Verð á olíu á heimsmarkaði hefur hækkað frá meðaltali síðasta árs. Þessi hækkun kom að mestu fram á seinni hluta ársins 1994 og á fyrri helmingi þessa árs. Síðustu mánuðina hefur olíuverð aftur á móti farið lækkandi. Miðað við að olíuverð haldist því sem næst óbreytt það sem eftir er ársins má reikna með að meðalverð ársins verði um 10% hærra í dollurum en í fyrra. Á móti þessari hækkun vegur að dollarinn fór lækkandi framan af ári og hækkunin mæld í íslenskum krónum hefur því orðið minni en ella. Alþjóðaefnahagsstofnanir gera ráð fyrir að olíuverð lækki nokkuð á milli áranna 1995 og 1996.

Í heild fela þessar forsendur um verðþróun í utanríkisviðskiptum í sér að viðskiptakjör í vöruviðskiptum verði nánast óbreytt á þessu ári, en að þau batni lítilsháttarmilli áranna 1995 og 1996. Áhrif vaxta á viðskiptakjörin eru hins vegar talin verða neikvæð á þessu ári þar sem miðað er við að vextir af erlendum skuldum hækki um eitt prósentustig. Hins vegar er reiknað með að vextir verði að meðaltali nokkru lægri á árinu 1996 en á þessu ári.

Á þessum forsendum rýrna viðskiptakjörin á þessu ári um sem samsvarar 1,5% af þjóðarframleiðslu, en á því næsta batna þau um 0,1% á sama mælikvarða.

Hagur atvinnuveganna

Þjóðhagsstofnun hefur nú unnið úr ársreikningum 973 fyrirtækja úr flestum atvinnugreinum fyrir árið 1994. Úrvinnslan nær þó hvorki til landbúnaðar né orkufyrirtækja. Á árinu 1993 nam velta þessara fyrirtækja rúmlega þriðjungi heildarveltunnar. Velta þeirra jókst um 5,6% milli áranna 1993 og 1994 sem er 4% meira en almennar verðlagsbreytingar.

Niðurstöður eru dregnar saman í töflu hér á eftir og til samanburðar eru birtar niðurstöður sömu fyrirtækja fyrir árið 1993. Rétt er að leggja á það áherslu að hér er lýst afkomu þessara 973 fyrirtækja en ekki atvinnulífsins í heild. Helstu niðurstöður eru þær að bókfærður hagnaður af reglulegri starfsemi sem hlutfall af tekjum hefur hækkað verulega eða úr 0,8% árið 1993 í 4% árið 1994 eða um 3,2 prósentustig. Hér er átt við hagnað fyrir greiðslu tekju- og eignarskatta og ekki er tekið tillit til óreglulegra gjalda og tekna.

Hreinn hagnaður af reglulegri starfsemi sem % af tekjum

	1992	1993
Samtals 973 fyrirtæki	0,8	4,0
Án banka og sparisjóða	0,8	3,8

Eigið fé sem % af heildareignum

	1992	1993
Samtals 973 fyrirtæki	17,7	19,7
Án banka og sparisjóða	28,8	31,6

Afkoman batnaði mest hjá fyrirtækjum í sjávarútvegi og samgöngum og bönkum og sparisjóðum. Í sjávarútvegi batnaði afkoman um 6,8 prósentustig sem hlutfall af tekjum og fór úr -4,3% í 2,5%. Batann má rekja til lækkunar á fjármagnskostnaði, en á árinu 1993 mældist fjármagnskostnaður hár hjá fyrirtækjum sem skulduðu mikið í erlendri mynt vegna gengisfellingarinnar í júní 1993. Bætta afkomu samgöngufyrirtækja má rekja til lækkunar á almennum rekstrarkostnaði en þar batnaði afkoman um 5,7 prósentustig og fór úr -1,8% sem hlutfall af tekjum í 3,9%. Hagur banka og sparisjóða vænkaðist einnig umtalsvert en hagnaður þeirra óx um 5,3 prósentustig og fór úr 0,8% sem hlutfall af tekjum í 6,1%. Breytinguna má rekja til lækkunar á framlagi í afskriftareikning útlána. Eigið fé banka og sparisjóða er til muna lægra sem hlutfall af heildareignum en fyrirtækja almennt og sé þessum fjármálastofnunum sleppt fæst að eiginfjárhlutfall fyrirtækja var 28,8% af heildareignum í árslok 1993 en var komið í 31,6% í árslok 1994.

Samkvæmt þeim reikningum sem borist hafa Verðbréfaþingi Íslands fyrir fyrri hluta þessa árs er afkoma þingskráðra fyrirtækja svipuð og á sama tíma í fyrra. Hjá 12 fyrirtækjum með samtals um 45 milljarða króna ársveltu hefur hreinn hagnaður fyrir fjármagnskostnað sem hlutfall af tekjum farið úr 7,2% í 6,5% eða lækkað um 0,7

prósentustig. Hreinn hagnaður af reglulegri starfsemi fór úr 5,1% í 5,3% eða hækkað um 0,2 prósentustig.

Laun og hagnaður

Hér að framan hefur hag atvinnurekstrarins verið lýst eins og ráða má í hann út frá bókhaldsuppgjöri fyrirtækjanna. Önnur hlið er einnig á þessu máli. Hún er sú að líta á þau verðmæti sem myndast í þjóðarbúskapnum eins og þau eru skráð í þjóðhagsreikningum og -spám og er þá öll atvinnustarfsemi meðtalin, bæði starfsemi fyrirtækja og hins opinbera. Unnt er að líta þannig á að lagt sé saman framleiðsluverðmæti alls atvinnurekstrar í landinu en síðan dregin frá sú vara og þjónusta sem hver atvinnugrein eða fyrirtæki kaupir frá öðrum fyrirtækjum. Eftir standa þá þau verðmæti sem vinnuaflið og fjármagnið bera úr býtum eða svonefndar vergar þáttatekjur.

Á tuttugu ára tímabili, 1973 til 1992, hefur þessi skipting verið með þeim hætti að í hlut vinnuaflsins hafa komið að meðaltali 64½% þáttatekna en hlutur fjármagnsins eða hagnaðarhlutfallið hefur verið 35½%. Lægst varð hagnaðarhlutfallið á árunum 1987 og 1988 er það var 31-32%. Í fyrra er talið að hlutfallið hafi komist í rösk 38%. Áætlanir benda til þess að í ár verði hlutfallið nokkru lægra eða um 36½% og samkvæmt forsendum þjóðhagsáætlunar fyrir árið 1996 er þess að vænta að hlutfallið verði áþekkt á næsta ári. Á meðfylgjandi mynd er þetta hlutfall sýnt fyrir undanfarna áratugi og sambærilegar tölur fyrir OECD.



Eins og áður segir er hagnaðarhlutfallinu ætlað að gefa vísbendingar um skiptingu þess virðisauka sem myndast í þjóðarbúskapnum milli launa og fjármagns. Þetta hagnaðarhlutfall er þó nokkuð annað en sá hagnaður sem fram kemur í bókhaldi fyrirtækja. Ástæðan er sú að hér er um að ræða hagnað áður en gjaldfærðar eru afskriftir, laun eigenda í einstaklingsfyrirtækjum og raunvextir. Mestu munar hér um raunvextina vegna þess hve mjög þeir sveiflast frá ári til árs en þeir voru jafnvel

neikvæðir framan af því tímabili sem hér er miðað við. Til þess að fá nokkurn samanburð við hagnað fyrirtækjanna hefur Þjóðhagsstofnun leitast við að áætla hvern þessara þriggja frádráttarliða. Áætlunin nær til að heita má alls atvinnurekstrar annars en hins opinbera og peningastofnana.

Niðurstöður þessara aðferða sýna mun betri afkomu á árinu 1994 en 1993 og er nú talið að hreinn hagnaður atvinnurekstrarins fyrir tekju- og eignarskatta hafi numið um 3½% af tekjum á árinu 1994. Þetta er mun betri afkoma en verið hefur um langt árabil eins og raunar má að nokkru ráða af hagnaðarhlutfallinu á myndinni. Til samanburðar við fyrri ár má geta þess að hagnaðurinn var áætlaður um 1% árið 1993.

Afar lauslegar áætlanir um hag atvinnurekstrarins í heild á árinu 1995 sýna litlu lakari afkomu því nú er gert ráð fyrir að hreinn hagnaður verði um 3% af tekjum í ár. Á árinu 1996 er reiknað með nokkru betri afkomu atvinnurekstrarins en í ár og er þá byggt á forsendum þjóðhagsáætlunar.

Í þeim afkomuáætlunum sem hér hafa verið raktar hafa afskriftir verið gjaldfærðar með hefðbundnum hætti. Þessar afskriftir nema nú 37-38 milljörðum króna og er þeim ætlað að mæta sliti og úreldingu fjármuna í rekstri. Á móti afskriftum kemur fjármunamyndunin en undanfarin ár hefur fjármunamyndun verið talsvert minni en afskriftir. Einkum á þetta við um árin 1993 og 1994 en þá var fjármunamyndunin um 7 milljörðum króna minni en afskriftir. Í ár er áætlað að þessi munur verði kominn niður í 3 milljarða króna. Þegar á heildina er litið ætti þessi munur að gefa til kynna að greiðsluafkoma fyrirtækjanna sé talsvert betri en hreinn hagnaður gefur til kynna.

Hagnaður atvinnurekstrarins hefur hér verið metinn sem hlutfall af tekjum. Einnig kemur til álita að líta á arðsemi eigin fjár. Á þann mælikvarða litið má ætla að í ár og í fyrra hafi arðsemi eigin fjár verið 7-8% fyrir greiðslu tekju- og eignarskatta. Sambærileg arðsemi á árinu 1993 var tæp 3% og rösklega 1% á árinu 1992.

Afkoma sjávarútvegs

Afkoma sjávarútvegs hefur verið viðunandi undanfarin ár. Hagnaður greinarinnar nam 2% af tekjum í hittiðfyrra, 3% í fyrra og það stefnir í bærilega afkomu á þessu ári. Hér er miðað við árgreiðsluaðferð Þjóðhagsstofnunar og 6% vexti.

Afkoma í einstökum greinum var mjög mismunandi á árinu 1994 eins og sýnt er í töflu sem fylgir hér með. Eftirtektarvert er að frystitogarar sem reknir hafa verið með miklum hagnaði undanfarin ár voru reknir með aðeins 2% hagnaði á árinu 1994. Ástæðan fyrir lakari afkomu frystitogara en áður eru annars vegar að verg hlutdeild hefur lækkað þar sem rekstrarkostnaður virðist hafa aukist, hugsanlega vegna aukinna veiða á fjarlægum miðum, og hins vegar að fjármagnskostnaðar greinarinnar jókst gífurlega á árinu 1994 sem stafar af því að nokkur dýr frystiskip bættust í flota landsmanna.

Afkoma rækjuvinnslu hefur verið mjög góð að undanförnu enda verðlag á erlendum mörkuðum hátt, afli mikill og gæftir góðar. Afkoma loðnuveiða og mjöl- og lýsisvinnslu er einnig talin góð.

Talið er að botnfiskveiðar og -vinnsla sé rekin með 3% tapi miðað við rekstrarskilyrði í ágúst síðastliðnum. Mjög góð afkoma rækjuvinnslu og -veiða og loðnuvinnslu og -veiða skýra góða afkomu sjávarútvegs um þessar mundir. Á næsta ári er gert ráð

fyrir að aflinn aukist um 1%, verðlag á sjávarafurðum verði svipað að raungildi og nú og kostnaðarhækkanir innanlands verði hóflegar. Miðað við þessar forsendur ætti afkoma sjávarútvegsins á árinu 1996 að verða áfram viðunandi.

Hreinn hagnaður í hlufalli af tekjum

	1994	Rekstrarskilyrði í ágúst 1995
Sjávarútvegur í heild[1)2)]	3	2
Veiðar og vinnsla botnfisks[2)]	1	-3
Veiðar	-1	-1
Bátar	-2	-½
Togarar	-2½	-2
Frystiskip	2	1
Botnfiskvinnsla	3	-4
Frysting	4½	-5½
Söltun	0	-1½
Veiðar og vinnsla rækju[2)]	13	19
Loðnuveiðar og -bræðsla[2)]	8	11

1) Hér eru taldar með botnfiskveiðar og -vinnsla, rækjuveiðar og -vinnsla og loðnuveiðar og bræðsla. Þessar greinar ná til tæplega 90% af allri sjávarafurðaframleiðslu.
2) Miðað er við tekjur greinanna alls að frádregnum milliviðskiptum með hráefni.

Hefðbundnar bókhaldsaðferðir sýna mjög áþekka mynd og árgreiðsluaðferð Þjóðhagsstofnunar. Í frétt frá Þjóðhagsstofnun nr. 4/1995 er skýrt frá afkomu 90 fyrirtækja í sjávarútvegi þar sem notaðar eru hefðbundnar uppgjörsaðferðir. Þar kemur fram að 2,5% hagnaður hafi verið á reglulegri starfsemi þessara fyrirtækja á árinu 1994. Í þessum hlutföllum er miðað við tekjur af sölu afurða að viðbættum tekjum af milliviðskiptum með hráefni. Á árinu 1994 gefa hefðbundnar bókhaldsaðferðir því nær sömu niðurstöðu og fást með árgreiðslureglunni. Líklegt er að svo verði einnig á þessu ári og því næsta enda raungengi stöðugt.

Tekjur, verðlag og kaupmáttur

Kjarasamningar langflestra launþegasambanda liggja nú fyrir. Þessir kjarasamningar mynda ramma um launa- og verðlagsþróun til ársloka 1996. Í kjarasamningum landssambanda innan ASÍ við vinnuveitendur eru forsendur tvennar. Annars vegar er yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um skatta, verðlag og fleira frá 20. febrúar 1995 sem út var gefin í tengslum við samningana. Hins vegar eru samningarnir byggðir á að verðlagsþróun á samningstímanum í heild verði áþekk því sem gerist í helstu samkeppnislöndum. Samkvæmt samningunum er hvorum aðila heimilt að segja samningum lausum frá og með 31. desember 1995. Þjóðhagsáætlun fyrir 1996 er byggð á því að ekki komi til uppsagna kjarasamninganna.

Með kjarasamningum landssambanda innan ASÍ við vinnuveitendur í febrúarlok var grunnur að samningslotu ársins lagður. Þessi samningslota hefur verið minna miðstýrð en oft áður. Það er nokkuð í hátt við fyrri reynslu þegar sóttur hefur verið kaupmáttarauki. En svo virðist sem kjarasamningar hafi fremur verið miðstýrðir, það er á hendi

ASÍ, þegar að hefur kreppt og kaupmáttur varinn. Skemmst er frá því að segja að þeir kjarasamningar sem í kjölfar hafa fylgt hafa verið með ýmsu móti, margir með svipuðu sniði en aðrir hafa falið í sér mun meiri launahækkun. Athugun á helstu kjarasamningum leiðir í ljós um 8,5% meðalhækkun launa til loka samningstímans, 5% á þessu ári og 3,5% á því næsta. Ekki er hægt að útiloka að launaskrið, það er launahækkanir umfram kjarasamninga, fari af stað. Annars vegar hefur sú leið sem valin var í mörgum samningum þá hættu í för með sér, en hins vegar hefur framleiðni vinnuafls aukist sem kann að gefa tilefni til einstaklingsbundinna launaauka.



Verðhækkanir á þessu ári hafa verið ívið minni en við var búist er kjarasamningarnir voru gerðir. Þetta á sér ýmsar skýringar. Þyngst vegur að gengi krónunnar hefur hækkað um 0,7% frá janúar til ágúst miðað við innflutningsvog. Þetta kemur fram í því að innfluttar vörur í vísitölu neysluverðs hækka aðeins um 0,5% samanborið við 4,2% hækkun innlendrar vöru á fyrstu 9 mánuðum ársins. Aukin samkeppni virðist einnig hafa haldið aftur af verðhækkunum og fyrirtækin hafa því ekki velt launahækkunum yfir í verðlagið í þeim mæli sem reiknað var með. Loks má benda á að staða fyrirtækja er nú betri en um langt skeið. Að loknum kjarasamningum var þannig gert ráð fyrir að verðbólgan yrði allt að 2,5% á þessi ári. Nú er hins vegar útlit fyrir 1,7% hækkun vísitölu neysluverðs milli ára en spáin felur í sér nær 2% hækkun frá upphafi til loka árs. Því er spáð að vísitala byggingarkostnaðar hækki um 3,2% milli ára, en meiri hækkun hennar en neysluverðs má rekja til launahækkana því byggingarvísitalan er næmari fyrir launabreytingum.

Horfur eru á meiri verðhækkunum á næsta ári sem meðal annars má rekja til launabreytinga og meiri verðbólgu erlendis. Þannig er spáð um 2½% hækkun milli ára. Þessi spá byggir á forsendu um fast gengi krónunnar, óbreytta heildarskatta og að opinberar gjaldskrár hækki ekki að marki umfram almennar verðbreytingar. Ástæða er

hins vegar að hafa fyrirvara á þessari spá ekki síst í ljósi verðhækkana að undanförnu. Horfur er á að byggingarvísitalan hækki heldur meira en neysluverð eða um 2,7%.

Samkvæmt OECD er gert ráð fyrir að verðbólga verði 2,4% að meðaltali í aðildarlöndunum árin 1995 og 1996, en 2,9% í aðildarríkjum ESB. Þannig eru verðlagshorfur fremur hagstæðar hér á landi. Verðlagspár benda til að verðlagsþróun hér á landi verði áþekk og í helstu samkeppnislöndunum á samningstímanum í heild eins og kveðið er á um í kjarasamningum.

Ráðstöfunartekjur heimilanna 1993-1996
Breyting frá frá fyrra ári, %

	Hlutfall af heildartekjum 1992, %	1993	1994	Spá 1995	Spá 1996
Heildarlaunatekjur	82,7	1,7	2,6	6,5	5,2
Rekstrarafgangur	15,8	-2,0	3,1	2,2	1,7
Eignatekjur,nettó	-2,6	-66,9	0,9	10,3	-5,5
Eignatekjur	1,5	-25,7	1,6	14,2	3,0
Eignaútgjöld	4,0	12,7	1,2	11,8	4,5
Tilfærslutekjur,nettó	4,1	23,0	6,6	10,9	10,4
Tilfærslutekjur	15,6	9,1	4,9	7,8	6,5
Tilfærsluútgjöld	11,5	3,4	4,0	6,2	4,5
Heildartekjur	100,0	0,8	3,0	6,0	5,0
Beinir skattar	16,4	10,7	6,4	3,9	4,0
Ráðstöfunartekjur í heild	83,6	-1,1	2,2	6,3	5,2
Fólksfjölgun		1,0	0,9	1,0	1,0
Neysluverðlag		4,1	1,5	1,7	2,4
Kaupmáttur á mann		-6,0	-0,2	3,5	1,8

Ráðstöfunartekjur heimilanna taka mjög mið af atvinnutekjunum en launatekjur vega um 80-85% af heildartekjum heimilanna. Launatekjur í fyrra eru taldar hafa numið um 214 milljörðum króna. Áætlun Þjóðhagsstofnunar bendir til að ársverkum fjölgi um 1,2% milli 1994 og 1995 og um 1% á næsta ári. Þá er gert ráð fyrir að vinnutíminn standi í stað þessi ár og samkvæmt því gætu launatekjur hækkað um 6½% á þessu ári og um 5% á því næsta. Tilfærslutekjur, svo sem lífeyrir, bætur almannatrygginga, barnabætur og vaxtabætur verða sífellt fyrirferðarmeiri í heimilisbókhaldi þjóðarinnar og er gert ráð fyrir um 8% hækkun þeirra í ár og 6½% á því næsta. Tilfærsluútgjöld fela meðal annars í sér iðgjöld til lífeyrissjóða og til almannatrygginga. Kaupmáttarauki leiðir að óbreyttu til þyngri skattbyrði í því skattkerfi sem hér er í gildi. Á móti því vegur skattalækkun vegna heimildar til frádráttar iðgjalds til lífeyrissjóðs og lækkunar hátekjuskatts. Þegar upp er staðið er þannig gert ráð fyrir að skattbyrðin standi í stað eða lækki heldur í ár og á næsta ári.

Peningaleg staða heimilanna hefur versnað á undanförnum árum og skuldir vaxið hröðum skrefum. Vaxtagjöld umfram tekjur hafa af þessum sökum aukist hratt. Áætlanir benda til að raunvaxtagjöld heimilanna í fyrra hafi numið 13½-14 milljörðum króna, en raunvaxtatekjur 4-4½ milljarði. Hér er sleppt ávöxtun lífeyrissjóðanna sem

auðvitað kemur sjóðsfélögunum til góða. Þegar upp er staðið er útlit fyrir að ráðstöfunartekjur á mann aukist um 3½% á þessu ári en um 1,8% á því næsta.

Vinnumarkaður

Fjölgun starfa hefur ekki verið eins mikil í aðildarríkjum OECD undanfarið eins og í uppsveiflum fyrri ára. Störfum fjölgar um 1,3% á ári að meðaltali í OECD ríkjunum, heldur meira en vinnuframboðið. Atvinnuleysi fer því hægt minnkandi eftir að hafa náð hámarki á árinu 1994 þegar 34,3 milljónir manna voru án vinnu að meðaltali eða sem svarar 8,1% af mannaflanum. Áætlað er að atvinnuleysi verði 7,8% að meðaltali í OECD ríkjunum á árinu 1995 og 7,6% á árinu 1996.

Á vegum OECD hafa verið gerðar umfangsmiklar athuganir á atvinnuleysi og hvernig megi vinna bug á því til langframa. Kjarninn í ráðgjöf OECD er að auka sveigjanleika á vinnumarkaði og á það við um launamyndun, vinnutíma og ráðningarkjör. Stjórnvöld eru hvött til að hlúa að einkaframtakinu með því að skapa frumkvöðlum betri skilyrði til að stofna og reka eigin fyrirtæki. Lögð er áhersla á tækniþróun og nýtingu tækninnar til að skapa betur launuð störf. Loks er lögð áhersla á að gera vinnumarkaðsaðgerðir skilvirkari.

Vinnumarkaðsaðgerðir hafa ekki skilað þeim árangri gegn atvinnuleysinu sem vænst var í OECD ríkjunum, og síst í Evrópu. Virkari vinnumiðlun er eitt þeirra atriða sem OECD hefur bent á í ráðgjöf sinni. Þar er helst þörf á að efla ráðgjafaþjónustu við fólk í atvinnuleit og virkari vinnumiðlun. Lögð er áhersla á að samræma starfsemi vinnumiðlana og framkvæmd vinnumarkaðsaðgerða. Þróa þarf námskeiðhald og innihald starfsþjálfunar fyrir atvinnulaust fólk með þarfir vinnumarkaðarins í huga. Beina þarf sérstökum aðgerðum til að koma þeim út í atvinnulífið sem atvinnuleysið hefur bitnað harðast á og verið lengst atvinnulausir.

Hérlendis er sveigjanleiki á vinnumarkaði meiri en víða annars staðar í OECD, bæði hvað varðar launamyndun og ýmsar reglur á vinnumarkaði, svo sem um vinnutíma og ráðningarform. Nefna má til dæmis að víða erlendis njóta þeir sem eru í hlutastörfum lakari félagslegra réttinda en þeir sem eru í fullu starfi. Undanfarið hefur fjölgun starfa á vinnumarkaði verið nokkuð meiri í hlutastörfum en í fullum störfum, bæði meðal karla og kvenna, og er það í takt við þróunina í öðrum ríkjum OECD. Þrátt fyrir það hefur vöxtur vinnuafls undanfarin tvö ár verið hægari en búast mætti við frá uppsveiflum fyrri ára. Þetta gæti skýrst af því að atvinnuleysi sé í ríkari mæli tengt skipulagsatriðum á vinnumarkaði og efnahagslífi en áður og því óháðara bata í þjóðarbúskapnum. Slíkt atvinnuleysi bitnar jafnan harðast á ungu og ófaglærðu fólki.

Þótt atvinnuleysi hér á landi sé mikið meðal ungs fólks, á aldrinum 16 til 24 ára, hefur hlutfall þeirra af heildaratvinnuleysi heldur lækkað undanfarin ár. Á þessu ári eru horfur á því að þetta hlutfall verði tæpur fjórðungur af heildarfjölda á atvinnuleysisskrá borið saman við 29% árið 1992. Á sama tíma fjölgar atvinnulausum á aldrinum 25 til 60 ára hlutfallslega. Á árinu 1995 er áætlað að um 13% atvinnulausra hafi verið án vinnu í eitt ár eða meira og hefur þessi hópur stækkað nokkuð undanfarin fjögur ár. Gera má ráð fyrir að þessar tölur væru enn hærri ef átaksverkefna nyti ekki við þar sem þau beinast einkum að þeim sem hafa verið lengst á atvinnuleysisskrá og rjúfa þar með

atvinnuleysisferil þeirra. Til samanburðar var langtímaatvinnuleysi tæpur fjórðungur af heildaratvinnuleysi í OECD ríkjunum árið 1994.



Atvinnuleysi er enn heldur meira meðal kvenna en karla sem hlutfall af mannafla. Nokkuð meira hefur dregið úr atvinnuleysi meðal karla en kvenna yfir sumarmánuðina þrjú síðustu ár. Það skýrist að hluta til af því að karlar taka meiri þátt í átaksverkefnum en konur. Atvinnuleysi er enn svipað á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni eins og verið hefur undanfarin 2 ár.

Atvinnuleysi hefur ekki minnkað það sem af er árinu eins og fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir, þrátt fyrir aukin hagvöxt bæði í ár og í fyrra. Atvinnuleysi sem hlutfall af mannafla var að meðaltali 0,2% meira fyrstu átta mánuði ársins en það var á sama tímabili í fyrra. Vinnudeilur og óvissa vegna lausra kjarasamninga á fyrri hluta ársins gætu skýrt þessa þróun að einhverju leyti. Atvinnuleysi jókst í kjölfar verkfalls kennara og sjómanna. Að auki er ekki ólíklegt að vinnuveitendur hafi haldið að sér höndum við mannaráðningar þar til niðurstöður kjarasamninga lágu fyrir. Loks ber að nefna að vinna við átaksverkefni var helmingi minni á fyrri hluta ársins en á sama tímabili í fyrra.

Áætlað er að vinnumarkaðsaðgerðir ríkisins verði svipaðar að umfangi á þessu ári og í fyrra og til þeirra varið um 2 milljörðum króna. Meira fjármagni verður varið til vegaframkvæmda í ár en í fyrra og að auki verður nokkru fé varið til atvinnuuppbyggingar á Vestfjörðum. Minna fjármagni verður hins vegar veitt til bygginga- og viðhaldsverkefna og átaksverkefna en í fyrra. Umfang átaksverkefna á vegum sveitarfélaganna minnkar einnig umtalsvert á árinu 1995. Í fyrra nam vinna við átaksverkefni um 1.000 ársverkum en gert er ráð fyrir að þau verði um 600 í ár.

Að öllu samanlögðu er gert er ráð fyrir að atvinnuleysi aukist á árinu 1995 frá fyrra ári og verði um 5% af áætluðum mannafla. Sem hlutfall af mannafla er það 0,2% meira en árið 1994 og samsvarar því að um 6.600 manns verði án vinnu að meðaltali á árinu.

Gert er ráð fyrir að vinnuaflseftirspurn aukist um 1,4% á árinu 1995. Það jafngildir því að störfum fjölgi um 1.700 á árinu. Áætlað er að vinnuframboðið aukist heldur meira eða um 1,6% og að atvinnuþátttaka aukist lítillega.

Á árinu 1996 er gert ráð fyrir að vinnuaflseftirspurn aukist um 1,4%, sem jafngildir um 1.700 nýjum störfum. Gert er ráð fyrir að vinnuframboð aukist um 1,1%. Samkvæmt því minnkar atvinnuleysi milli áranna 1995 og 1996 og verður 4,8% af áætluðum mannafla en atvinnuþátttaka verður óbreytt.

Í lauslegri spá til aldamóta er gert ráð fyrir að vinnuaflseftirspurn aukist um 1.500 til 2.000 störf á ári, sem er heldur meira en vinnuframboðið. Atvinnuleysi minnkar því hægum skrefum eftir 1996.

Fjármál hins opinbera

Áætlanir benda til þess að tekjuhalli hins opinbera á árinu 1995 verði 15,1 milljarður króna á reikningsgrunni eða sem svarar til 3,3% af landsframleiðslu. Til samanburðar var tekjuhallinn í fyrra 20,2 milljarðar króna eða 4,7% af landsframleiðslu. Hér stefnir því í 5 milljarða króna betri afkomu sem skýrist annars vegar af 3% raunaukningu tekna og hins vegar af lítilsháttar raunlækkun útgjalda. Áætlað er að heildarútgjöld hins opinbera verði um 177 milljarðar króna og hækki um tæpa 3 milljarða króna milli ára og verði 38,8% af landsframleiðslu. Til samanburðar voru útgjöldin rúmlega 40% af landsframleiðslu á síðasta ári. Þá er talið að tekjur hins opinbera verði 161,5 milljarður króna til samanburðar við um 153,5 milljarða króna árið á undan. Miðað við landsframleiðslu hækka tekjurnar lítillega og verða 35,5% af landsframleiðslu. Skatttekjur hins opinbera eru taldar aukast um 7 milljarða króna milli ára eða um 3% að raungildi.

Yfirlit um fjármál hins opinbera 1994-1995

	Í milljörðum króna			
	Brb.	Áætlun	Hlutfall af VLF	
	1994	1995	1994	1995
Heildartekjur	153,5	161,5	35,4	35,5
1. Skatttekjur	141,9	149,0	32,8	32,8
2. Aðrar tekjur	11,6	12,5	2,7	2,7
Heildarútgjöld	173,7	176,6	40,1	38,8
1. Samneysla	89,0	94,3	20,5	20,7
- þar af afskriftir	-2,7	-2,8	-0,6	-0,6
2. Önnur útgjöld	87,4	84,8	20,2	18,6
Tekjuafgangur	-20,2	-15,1	-4,7	-3,3

Í fjárlögum A-hluta ríkissjóðs fyrir árið 1995, sem eru á greiðslugrunni, var gert ráð fyrir 7½ milljarðs króna tekjuhalla, eða svipuðum tekjuhalla og árið 1994. Gert var ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs yrðu um 112 milljarðar króna og heildarútgjöldin 119,5 milljarðar króna. Þá var gert ráð fyrir að kröfu- og hlutafjáreign ríkissjóðs ykist um 2 milljarða króna, þannig að hrein lánsfjárþörf yrði um 9½ milljarður króna. En forsendur þessara áforma hafa breyst allnokkuð, bæði á tekju- og gjaldahlið fjárlaga. Á tekjuhlið

er nú gert ráð fyrir rúmlega 2 milljarða króna meiri tekjum en í fjárlögum ársins, sem skýrist að mestu af hagstæðari efnahagsþróun en reiknað hafði verið með. Á gjaldahlið er reiknað með ríflega 3 milljarða króna útgjaldaauka meðal annars vegna aukinna launaútgjalda og viðbótarútgjalda til almannatrygginga. Tekjuhalli ríkissjóðs gæti því orðið 1½ milljarði króna meiri en fjárlög kveða á um.

Áætlað er að heildarskuldir hins opinbera, það er ríkissjóðs og sveitarfélaga, verði um það bil 253 milljarðar króna á árinu 1995 sem samsvarar um 56% af landsframleiðslu og er um 3 prósentustigum hærra hlutfall af landsframleiðslu en á síðasta ári. Þá er reiknað með að hreinar skuldir þess verði um 159 milljarðar króna eða um 35% af landsframleiðslu. Erlend lán eru ríflega helmingur heildarskulda hins opinbera.

Fjárhagur sveitarfélaganna hefur verið erfiður á síðustu árum. Bráðabirgðatölur fyrir árið 1994 benda til þess að tekjuhallinn hafi verið 6,8 milljarðar króna eða sem svarar til um 21% af tekjum sveitarfélaganna. Hér er um umtalsvert lakari afkomu að ræða en árið þar á undan, er tekjuhallinn mældist ríflega 4,7 milljarðar króna eða 15% af tekjum. Meginskýringu þessa mikla tekjuhalla er að finna hjá fáum og stórum sveitarfélögum á suðvestur horni landsins. Þar skýra mikil framlög til atvinnumála og mikil fjárfesting stærsta hluta hallans. Sé hins vegar horft til líðandi árs kemur í ljós að sveitarfélögin hafa tekið sig verulega á, skorið niður framkvæmdir, bæði bygginga- og gatnaframkvæmdir, og framlög til atvinnumála. Þá hafa sum þeirra hækkað útsvarsprósentuna og tekið upp ný gjöld. Á heildina litið er nú talið að tekjuhalli sveitarfélaganna verði ríflega 3 milljarðar króna á árinu 1995 eða 9% af tekjum þeirra. Gert er ráð fyrir að heildartekjur þeirra hækki um 7% frá árinu á undan en að útgjöldin lækki hins vegar um 4% milli ára.

Hrein lánsfjárþörf opinberra aðila 1994-1995

	Útkoma 1994	Horfur 1995	Breyting frá fyrra ári, %	Áætlun 1996
Í milljörðum króna:				
Hrein lánsfjárþörf, alls	15,0	15,0	0,0	12,3
- Ríkissjóður A-hluti	14,7	11,5	-3,2	4,3
- Húsnæðiskerfið	8,4	9,4	1,0	10,4
- Aðrir opinberir aðilar	-8,1	-6,0	-2,1	-2,3
Hrein lánsfjárþörf % af VLF	3,5	3,3	0,0	2,6
Aukning peningalegs sparnaðar	43,7	28,1	-35,7	32,1

Í lánsfjárlögum ársins er áætluð hrein lánsfjárþörf opinberra aðila 15 milljarðar króna eða 3,3% af landsframleiðslu. Áfram eru það A-hluti ríkissjóðs og hið opinbera húsnæðislánakerfi sem draga til sín mest lánsfé. Ríkisfyrirtæki og opinberir fjárfestingarlánasjóðir eru hins vegar með umtalsverðar afborganir umfram lántökur. Ríkissjóður hefur að mestu leyti fullnægt lánsfjárþörf sinni með erlendum lántökum. Eftirspurnaráhrif ríkissjóðs, sem eru skilgreind sem hreinar erlendar lántökur ásamt lánsfé úr Seðlabanka að frádregnum vaxtagreiðslum til útlanda og Seðlabanka, eru því veruleg

eins og sjá má á meðfylgjandi mynd, en miklar erlendar lántökur auka að öðru jöfnu peningamagnið í hagkerfinu, auka eftirspurnina og ýta undir hærra verðlag.

Með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1996 er stefnt að því að tekjuhalli ríkissjóðs verði 4 milljarðar króna eða sem svarar til 0,8% af landsframleiðslu. Þetta er um það bil helmingi minni halli en horfur eru á að verði á þessu ári. Jafnframt er stefnt að því að opinber lánsfjárþörf verði 12,3 milljarðar króna sem er 2,7 milljarða króna lægri fjárhæð en á þessu ári.



Peningamál

Tölur um útlánaflokkun lánakerfisins það sem af er þessu ári sýna að enn bæta heimilin við skuldum samfara því að fyrirtækin grynnka á skuldum. Fyrirtækin hafa kosið að verja hagnaði undanfarinna ára til þess að greiða niður skuldir og þannig hefur eiginfjárstaða þeirra batnað umtalsvert. Þessa þróun má sjá í útlánaflokkun lánakerfisins. Árið 1990 námu útlán til fyrirtækja rúmum 50% af heildarútlánum lánastofnana en í árslok 1994 var þetta hlutfall rétt um 10 prósentustigum lægra. Á fyrri helmingi þessa árs hafa skuldir fyrirtækja við lánakerfið lækkað um rúma 6,5 milljarða króna. Samhliða þessu hefur orðið breyting á lánsfjáröflun fyrirtækja, sem í auknum mæli afla lánsfjár með skuldabréfaútboðum og með erlendum lántökum án milligöngu innlendra lánastofnana. Enn má nefna að hlutabréfaútboð verða æ algengari.

Heimilin bættu enn við skuldir sínar í fyrra og námu áætlaðar skuldir þeirra við lánakerfið um 293 milljörðum króna og er aukningin í fyrra um 29 milljarðar króna, eða um 10% reiknað á föstu verðlagi. Vísbendingar um þróun skulda heimilanna á fyrri hluta þessa árs sýna að heldur hefur dregið úr skuldaaukningunni. Þetta á fyrst og fremst við um íbúðalánasjóðina. En á fyrstu sex mánuðum þessa árs er vöxtur skulda einstaklinga við íbúðalánasjóði aðeins um sex tíundi hluti af aukningunni á sama tíma í fyrra reiknað á föstu verðlagi.

Í byrjun þessa árs var hömlum á viðskiptum með skammtímabréf aflétt. Fyrstu sex mánuði ársins batnaði hrein erlend staða Seðlabankans um 6,4 milljarða króna, en þar vegur þyngst að innkomin erlend lán umfram afborganir námu rúmum 5 milljörðum. Erlend verðbréf nettó voru keypt fyrir 1,6 milljarða króna, en á sama tíma í fyrra námu kaupin 4,5 milljörðum króna. Gjaldeyrisútstreymi er minna á fyrri helmingi í ár en í fyrra, eða 3,9 milljarðar króna samanborið við um 12 milljarða króna 1994.



Markmið peningastefnunnar í fyrra var tvíþætt. Annars vegar að halda gengi krónunnar stöðugu og hins vegar að verja eftir föngum þá vaxtalækkun á langtímamarkaði sem varð í lok árs 1993. Þessi stefna átti mjög undir högg að sækja er líða tók á árið í fyrra, en því olli ekki hvað síst vaxtahækkun erlendis og aukin sókn ýmissa aðila á innlendan lánamarkað. Boðum með ávöxtunarkröfu yfir 5% var ekki tekið í uppboðum á sparisskírteinum og fór svo að 10 ára spariskírteini seldust ekki á uppboðum frá því í júlí og 5 ára skírteini frá því í september í fyrra. Undir árslok dró Seðlabankinn sig einnig að mestu í hlé á verðbréfamarkaði sem leiddi til þess að eftirmarkaður fyrir verðbréf til lengri tíma varð að mestu óvirkur. Að baki þessu lá sú skoðun að markaðsaðgerðir Seðlabankans ættu fremur að beinast að skammtímamarkaði sem er mun næmari fyrir peningamálastefnu en langtímamarkaðurinn.

Með yfirlýsingu sinni þann 21. apríl síðastliðinn söðlaði Seðlabankinn um og bauð hærri ávöxtun í tilboðum á eftirmarkaði. Minni þátttaka Seðlabankans hafði ekki leitt til aukinnar þátttöku annarra aðila á langtímamarkaði eins og vænst hafði verið. Þörf ríkissjóðs fyrir innlenda langtímafjármögnun var þannig meginástæða fyrir þessari stefnubreytingu. Svo sem vænta mátti glæddust viðskipti mjög í kjölfar þessarar yfirlýsingar og ávöxtun hækkaði í uppboðum og mjög lifnaði yfir eftirmarkaði. Ávöxtun í útboðum og á Verðbréfaþingi Íslands hefur verið 5,75-5,8% á undanförnum mánuðum samanborið við 5% í september í fyrra.

Markmið peningastefnunnar í ár hefur þannig öðru fremur verið að halda gengi krónunnar stöðugu og hefur Seðlabankinn miðað vaxtastefnu sína við það markmið. Ákvörðun vaxta í viðskiptum Seðlabankans við innlánsstofnanir verður æ mikilvægara tæki bankans við stjórn peningamála. Þetta er viðlíka og gerist víða erlendis. Fyrirgreiðsla Seðlabankans við innlánsstofnanir fer nú einkum fram í formi svonefndra endurhverfra verðbréfaviðskipta, fyrst og fremst ríkisvíxla og ríkisbréfa til mjög skamms tíma. Ávöxtun ríkisvíxla í endurhverfum verðbréfakaupum nam að meðaltali 5,3% í fyrra, en hækkaði á fyrstu mánuðum þessa árs í 7,3% og lækkuðu á ný í 7% í júlí. Markmið vaxtahækkanann í ársbyrjun var að draga úr gjaldeyrisútstreymi, því innlánsstofnanir hafa aflað fjár til að stunda viðskipti með gjaldeyri með lánum frá Seðlabanka.

Þróun vaxta á erlendum lánamörkuðum hefur æ meira að segja um þróunina hérlendis. Það sem af er árinu hafa skammtímavextir víða erlendis farið lækkandi, til dæmis lækkuðu vextir 3ja mánaða ríkisvíxla í Bandaríkjunum um 0,3% á fyrstu 8 mánuðum ársins og í Þýskalandi um 0,6%. Þessarar þróunar verður einkum vart í vor og sumar. Þetta er rakið til þess að úr væntingum um aukna verðbólgu hefur dregið í kjölfar heldur lakara útlits með hagvöxt.

Erfitt er að spá fyrir um þróun vaxta hér á landi. Ef að líkum lætur mun hún öðru fremur ráðast af tveimur þáttum. Hin alþjóðlega þróun setur án efa tóninn og fremur er þar að vænta lækkunar en hækkunar auk þess sem innlendir vextir hafa vart fylgt erlendum til lækkunar á undanförnum vikum. Hinn þátturinn er svo lánsfjárþörf opinberra aðila. Mat á þessum þáttum á forsendum Þjóðhagsáætlunar leiðir fremur til þess að vænta megi lækkunar en hækkunar vaxta.

Neysla

Einkaneysla. Áhrifa aukins kaupmáttar á þessu ári og því síðasta gætir ekki hvað síst í aukinni einkaneyslu. Tölur um heildarveltu samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum fyrir fyrri hluta ársins gefa ótvírætt til kynna aukna eftirspurn eftir neysluvörum. Sömu sögu er að segja um þróun innflutnings, en fyrstu sjö mánuði ársins jókst innflutningur á neysluvörum um 6,2% miðað við sama tímabil í fyrra. Áberandi aukning hefur orðið í innflutningi á bílum, sérstaklega fólksbílum. Fjöldi nýskráðra bifreiða fyrstu átta mánuði ársins var 5.400 samanborðið við 4.400 í fyrra. Fyrir árið í heild gerir spáin ráð fyrir því að einkaneyslan í heild aukist um 4,5% að magni til. Miðað við spá um 3,5% aukningu kaupmáttar ráðstöfunartekna á mann felur einkaneysluspáin í sér að sparnaður heimilanna standi að mestu í stað.

Samkvæmt Seðlabanka Íslands námu skuldir heimilanna við lánakerfið 292,5 milljörðum króna í lok árs 1994 og hafi þær vaxið um 28,3 milljarða króna á verðlagi hvors árs frá sama tíma árið á undan. Vöxturinn einn og sér nemur um 11% af ráðstöfunartekjum. Það má einnig setja skuldaaukninguna í samhengi við vöxt einkaneyslu sem var um 8,5 milljarðar króna milli áranna 1993 og 1994. Skuldaaukningin verður ekki rakin til fjárfestingar í íbúðarhúsnæði því úr henni hefur dregið á undanförnum árum. Peningalegar eignir heimilanna jukust aðeins um 3 milljarða króna. Heimilin hafa aukið neyslu sína með miklum lántökum um alllangt skeið. Augljóst er

að þessu eru takmörk sett og fyrr en síðar muni heimilin þurfa að draga úr neyslu og byrja að endurgreiða neyslulán.



Áætlanir um efnahag heimilanna benda til að eigið fé þeirra án eigna í lífeyrissjóðum, hafi rýrnað um sem svarar til 3 prósentustiga af eignum. Samkvæmt bráðabirgðatölum námu skuldir heimilanna á miðju þessu ári ríflega 306 milljörðum króna og er vöxturinn um 4½%. Þessar tölur benda eindregið til þess að heimilin muni áfram vera með neikvæðan fjársparnað og neyslan þannig að nokkru byggð á skuldasöfnun. Á næsta ári eru horfur á að kaupmáttur ráðstöfunartekna aukist um 1,8% og að hagvöxtur verði 2%. Einkaneysluspáin fyrir næsta ár hljóðar upp á 3% magnaukningu sem felur í sér óbreytta þróun á skuldahlutfalli heimilanna.



Samneysla. Stórlega hefur dregið úr vexti samneysluútgjalda á síðustu árum. Þannig stefnir í um 2% aukningu samneyslunnar á þessu ári borið saman við 3,3% í fyrra og að jafnaði 4-6% árlega aukningu á síðari hluta níunda áratugarins. Í fyrra stóð ríkissjóður að mestu fyrir aðhaldi í samneysluútgjöldum en útgjöld sveitarfélaganna jukust stórlega. Í ár hefur þetta snúist við þar sem horfur eru á því sem næst óbreyttum samneysluútgjöldum sveitarfélaga að raungildi en um 2% aukningu hjá ríkinu. Fyrir næsta ár er stuðst við fjárlög og áform sveitarfélaga um opinber útgjöld. Samkvæmt því má búast við að samneysluútgjöldin á árinu 1996 verði um 1,5% meiri en á þessu ári.

Fjármunamyndun

Fyrirtækin hafa á undanförnum árum haldið að sér höndum með fjárfestingar sem leitt hefur til ört lækkandi fjárfestingarhlutfalls og er nú svo komið að hlutfall fjárfestingar af landsframleiðslu hér á landi er með því lægsta sem þekkist innan OECD. Í þessu sambandi er þó varasamt að leggja of mikla áherslu á sögulegan samanburð. Aðstæður í hagkerfinu nú eru töluvert ólíkar því sem var þegar fjárfesting var í hámarki. Aukinn efnahagslegur stöðugleiki, hærri fjármagnskostnaður og frelsi í fjármagnsviðskiptum gera það að verkum að ákvarðanir um fjárfestingar í fyrirtækjunum byggja á töluvert öðrum forsendum en áður. Arðsemissjónarmið og langtímahorfur vega þyngra en áður og því eðlilegt að aukinnar varkárni gæti varðandi ákvarðanir á borð við fjárfestingar.



Með batnandi efnahagshorfum og betri afkomu í atvinnulífinu eru horfur á að fjárfesting aukist verulega á þessu ári. Þessa aukningu má nánast alfarið rekja til atvinnuvegafjárfestingar sem talin er aukast um 13%. Svo virðist sem aukin fjárfesting felist að töluverðu leyti í auknum innflutningi véla og tækja, en slíkur innflutningur jókst um 15% fyrstu sjö mánuði ársins. Langmest er aukning í samgöngum en þar er gert ráð fyrir nær 70% aukningu og vegur þar þyngst innflutningur á margvíslegum farartækjum til atvinnurekstrar. Raunar má rekja meira en helming aukningar í

fjárfestingu atvinnuveganna til samgangna. Þá er gert ráð fyrir umtalsverðri aukningu í fjárfestingu í ýmsum iðnaði. Loks má nefna mikla aukningu í kaupum á tölvu- og skrifstofubúnaði. Á næsta ári er reiknað með áframhaldandi krafti í fjárfestingu atvinnuveganna sem eykst um tæp 10% samkvæmt spánni.

Eftir mikinn samdrátt í fjármunamyndun í íbúðarhúsnæði árin 1990-1993, alls tæplega 14%, sýna bráðbirgðatölur nokkra aukningu í fyrra eða 2%. Þær vísbendingar sem tiltækar eru um íbúðaframkvæmdir á þessu ári benda til samdráttar eða stöðnunar á þessu ári. Sementssala fyrstu 7 mánuði þessa árs er 9,5% minni en á sama tíma í fyrra. Nýbyggingum samþykktum af byggingafulltrúa í Reykjavík hefur fækkað um fjórðung á fyrstu 8 mánuðum ársins. Fyrstu sjö mánuði ársins var fjöldi samþykktra skuldabréfaskipta vegna nýbygginga hjá Verðbréfadeild húsnæðisstofnunar 960 samanborðið við 1040 á sama tíma í fyrra. Mikið hefur verið byggt af íbúðum í félagslega íbúðakerfinu á undanförnum árum. Árin 1990 til 1994 voru þannig 35% íbúða, sem byggðar voru, í félagslega kerfinu. Í fyrra voru byggðar 505 félagslegar byggingar en einsýnt er að þeim mun mjög fækka á þessu ári. Minna fjármagni hefur verið varið til þessa málaflokks, eins og stefnt var að er húsaleigubætur voru lögleiddar. Þessu til viðbótar hefur gengið fremur illa að selja félagslegar íbúðir. Það eru því horfur á nokkrum samdrætti í framkvæmdum við íbúðarhúsnæði á þessu ári, hér er gert ráð fyrir að hann muni nema 5%. Á næsta ári er spáð 3% aukningu í byggingu íbúðarhúsnæðis.

Sá liður fjármunamyndunarinnar sem dregst hvað mest saman eru opinberar framkvæmdir. Á yfirstandandi ári gera áætlanir opinberra aðila ráð fyrir 4,6% samdrætti fjárfestingar. Mestur er samdrátturinn í byggingum hins opinbera þar sem minnkunin verður 7,3%. Framkvæmdir við vegi og brýr eru taldar dragast saman um 2,1%, en framkvæmdir sveitarfélaganna við götur og holræsi eru óbreyttar að heita má. Spáin 1996 byggir á forsendum fjárlaga og þekktum áformum sveitarfélaga, en í heild má gera ráð fyrir um 5,9% samdrætti í opinberum framkvæmdum.

Samtals felur þetta í sér að fjármunamyndun verði 70 milljarðar króna á þessu ári sem samsvarar 15,5% af landsframleiðslu. Þetta er 3,2% aukning frá því í fyrra. Gert er ráð fyrir að fjármunamyndunin aukist um 3,5% á næsta ári og að fjárfestingarhlutfallið hækki í 15,7%.

Þjóðarútgjöld í heild

Á þeim forsendum um þróun neyslu og fjárfestingar sem lýst er hér á undan aukast þjóðarútgjöldin um 3,9% milli áranna 1994 og 1995. Þetta er mesta aukning þjóðarútgjalda síðan 1991. Þar sem þjóðarútgjöldin aukast umfram vöxt landsframleiðslu og þjóðartekna verður viðskiptajöfnuður við útlönd nokkru óhagstæðari en hann var í fyrra.

Þótt neysluútgjöld aukist verulega á þessu ári og því næsta verður þjóðhagslegur sparnaður nokkurn veginn jafn mikill og á árinu 1994. Áætlað er að hreinn sparnaður muni samsvara 3,9% af landsframleiðslu á næsta ári og vergur sparnaður 16,3% en 1994 jafngilti hann 3,8% og 16,9%. Á árunum 1992-1994 jókst sparnaðurinn verulega, hreinn sparnaður fór úr 1,3% af landsframleiðslu í 3,8%. Þessi þróun lagði grunninn að því að halli á viðskiptajöfnuði snerist í afgang. Mikilvægt er að efla sparnaðinn enn

frekar á næstu árum og öruggasta leiðin til þess að ná því markmiði er að bæta afkomu hins opinbera.

Viðskiptajöfnuður

Jöfnuður á viðskiptum við útlönd var hagstæður um 2,5 milljarða króna fyrstu sex mánuði ársins, samanborið við 4,5 milljarða króna afgang í fyrra. Vöruskiptajöfnuður var hagstæður um 9,9 milljarða króna en á sama tíma í fyrra var vöruskiptajöfnuðurinn jákvæður um 12,8 milljarða. Þjónustujöfnuður var neikvæður um 7,4 milljarða samanborðið við 7,9 milljarða króna halla í fyrra.



Spáin fyrir árið í heild miðast við að vöruviðskipti við útlönd skili afgangi upp á tæpa 17 milljarða króna sem þýðir að gert er ráð fyrir heldur óhagstæðari þróun á seinni helmingi ársins en á þeim fyrri. Þetta er í takt við það sem gerðist á síðasta ári þegar vöruskiptajöfnuðurinn var hagstæður um tæpa 13 milljarða á fyrri helmingi ársins en skilaði tæplega 8 milljarða króna afgangi á seinni hluta ársins.

Áætlað er að þjónustujöfnuður án þáttatekna, það er að segja vaxta- og launagreiðslur til og frá útlöndum, verði jákvæður um 1,5 milljarð króna, en jöfnuður þáttatekna verður aftur á móti neikvæður um 13,7 milljarða vegna vaxtagreiðslna af erlendum skuldum þjóðarbúsins. Í heild verður viðskiptajöfnuðurinn samkvæmt þessu jákvæður um 4,7 milljarða króna sem samsvarar 1% af landsframleiðslu.

Á næsta ári eru horfur á að viðskiptajöfnuðurinn verði ívið óhagstæðari en á þessu ári. Útflutningur vöru og þjónustu eykst einungis um 0,7% en samtímis gerir spáin ráð fyrir að innflutningur vöru og þjónustu aukist um 2,8%. Vöruskiptajöfnuðurinn verður því ekki eins hagstæður og á þessu ári, fer úr tæpum 17 milljarða króna afgangi í 14,7 milljarða afgang. Þjónustujöfnuður án vaxta batnar lítillega sem og jöfnuður þáttatekna. Í heild er því spáð að viðskiptajöfnuðurinn verði jákvæður um 3,4 milljarða króna sem samsvarar 0,7% af landsframleiðslu.

Erlendar skuldir

Hallinn á viðskiptum við útlönd á undanförnum áratugum hefur skilið eftir sig miklar erlendar skuldir. Á síðasta ári námu löng erlend lán 59,6% af landsframleiðslu og nam greiðslubyrði þessara skulda alls 34,6% af útflutningstekjum, þar af 24,6% vegna afborgana og 10% vegna vaxta. Á móti þessum skuldum standa töluverðar eignir erlendis sem farið hafa vaxandi á allra síðustu árum vegna hagstæðrar þróunar í utanríkisviðskiptum í kjölfar betra jafnvægis í þjóðarbúskapnum. Í fyrra var hrein erlend skuldastaða þjóðarbúsins neikvæð um 53,1% af landsframleiðslu og í ár má gera ráð fyrir að hreinar erlendar skuldir lækki í 49,2% af landsframleiðslu. Sé litið á raungildi erlendra skulda hafa skuldir lækkað síðastliðin tvö ár og á þessu ári er gert ráð fyrir að erlendar skuldir lækki að raungildi um 3,7%.



Gangi spáin um jöfnuð í viðskiptum við útlönd eftir mun raungildi erlendra skulda einnig lækka á næsta ári um 3,7% og hlutfall hreinna erlendra skulda lækka í 46% af landsframleiðslu.

Yfirlit þjóðhagsspár 1996

Þær áætlanir sem hér hafa verið settar fram fela í sér að hagvöxtur á mælikvarða landsframleiðslu verði 2% á næsta ári borið saman við 3,2% á þessu ári og 2,8% í fyrra. Að baki hægari hagvexti á næsta ári liggja fyrst og fremst tvær ástæður. Annars vegar hafa aflaheimildir verið skertar og hins vegar er gert ráð fyrir auknu aðhaldi að þjóðarútgjöldum til þess að koma í veg fyrir að halli myndist á viðskiptajöfnuði. Þessar áætlanir kunna hins vegar að breytast töluvert, eins og bent hefur verið á hér á undan, ef áformum um aukna álframleiðslu verður hrint í framkvæmd.

Mikil aukning útflutnings knúði hagvöxtinn í fyrra. Á þessu ári hefur hins vegar aukin innlend eftirspurn, einkum aukin einkaneysla og fjárfesting, tekið við hlutverki

útflutnings og borið uppi hagvöxtinn. Innlend eftirspurn verður einnig meginhvati vaxtar á næsta ári, því reiknað er með að útflutningur aukist aðeins um 0,7% en innflutningur aukist um 2,8%. Af þessum sökum hefur gengið jafnt og þétt á afganginn á viðskiptajöfnuði sem myndaðist á árinu 1994. Ekki er þó talið að halli verði á árinu 1996. Mikilvægt er að viðskiptajöfnuðurinn verði áfram hagstæður, að minnsta kosti þar til fjárfesting hefur tekið meira við sér en hún hefur gert.



Efnahagshorfur á næstu árum

Hér á eftir verður lýst efnahagshorfum fram til aldamóta, það er að segja fyrir árin 1997-2000, eins og þær blasa við. Til grundvallar liggja ákveðnar forsendur um þróun ytri skilyrða, hagstjórn og nýtingu auðlinda og eru þær helstu eftirfarandi:

Hið opinbera. Gert er ráð fyrir að fylgt verði þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið í langtímaáætlun í ríkisfjármálum og halla á ríkissjóði snúið í afgang á árabilinu 1996-1999. Þetta þýðir að samneysla í heild eykst um 1% á ári að jafnaði árin 1997-2000, en opinberar fjárfestingar aukast um 1% á ári, eftir tæplega 4% samdrátt 1996. Skatthlutföll verða óbreytt frá 1996. Í samræmi við þetta er reiknað með lækkun raunvaxta á verðbréfum ríkissjóðs, alls um 1 prósentustig á tímabilinu.

Að óbreyttum halla ríkissjóðs hefði samneysla aukist um 2½% á ári og opinberar fjárfestingar um ½%. Enginn samdráttur hefði orðið á fjárfestingum hins opinbera 1996.

Efnahagshorfur á alþjóðavettvangi. Að mati OECD verður hagvöxtur í iðnríkjunum árin 1997-2000 að jafnaði um 3% á ári. Gert er ráð fyrir að verðbólga verði 2½-3% á ári á sama tímabili. Gengið er út frá nokkurri lækkun raunvaxta á erlendum skuldum þjóðarbúsins, eða alls um 0,3 prósentustigum á tímabilinu.

Útflutningur. Miðað er við að unnt verði að auka þorskveiðar lítið eitt frá því sem nú er á árunum 1998-2000. Reiknað er með að sókn í aðra stofna verði óbreytt, en að framlag sjávarafurðaframleiðslunnar til landsframleiðslu aukist nokkuð, meðal annars vegna meiri afla á sóknareiningu sökum stærri þorskstofns og hagkvæmari ráðstöfun aflans. Í heild er gert ráð fyrir 2½% árlegri aukningu útflutnings sjávarafurða á árunum 1997-2000.

Vonir standa til að samningar takist um stækkun álversins á næstunni, en ekki er gert ráð fyrir því í þessum reikningum og einungis miðað við lítillega aukningu álframleiðslunnar 1997. Reiknað er með óbreyttri kísiljárnsframleiðslu.

Miðað er við að vöxtur útflutnings á öðrum vörum en sjávarafurðum, áli og kísiljárni verði um 7½% árlega á tímabilinu.

Gert er ráð fyrir að verð á nær öllum vöruflokkum inn- og útflutnings fylgi erlendu verðlagi. Ein undantekning er á, því gengið er út frá að kísiljárn hækki um 4% umfram erlendar verðbreytingar árið 1997 og 1½% árið 1998. Að öllu samanlögðu er reiknað með að viðskiptakjör í heild batni um 0,1% að jafnaði á hverju ári 1997-2000.

Að þessum forsendum gefnum verður hagvöxtur á árunum 1997-2000 rúmlega 2½% á ári að jafnaði. Árleg fjölgun starfa á sama tímabili verður um 1½%, eða um 2000 störf á ári. Gengið er út frá að árleg fjölgun fólks á vinnualdri, það er í aldurshópnum 15-64 ára, verði um 1%. Sé reiknað með að óbreytt hlutfall þessa hóps verði á vinnumarkaði, eða um 76%, má gera ráð fyrir nokkurri lækkun atvinnuleysis á tímabilinu, eða alls um 1 prósentustig. Hlutfall þátttöku þessa hóps á vinnumarkaði hefur hæst orðið 83% árið 1987, en árin 1986 og 1988, sem eru eðlilegri viðmiðunarár, var það rúm 80%.

Af þeim þáttum eftirspurnar sem knýja þennan hagvöxt ber helst að nefna fjárfestingu, útflutning og einkaneyslu. Gert er ráð fyrir að heildarfjárfesting vaxi um 7% árlega að jafnaði á tímabilinu, þar af vex atvinnuvegafjárfesting hraðast, eða um 11% á ári. Útflutningur vex um 3½% á ári að jafnaði, en einkaneysla um 2½% á ári. Þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur vaxa lítið eitt hraðar en landsframleiðslan og munar þar 0,1-0,2% á ári.

Búist er við að vöru- og þjónustujöfnuður verði að jafnaði jákvæður um 2% af landsframleiðslu árin 1997-2000, en hreinar þáttatekjur til útlanda (aðallega vaxtagreiðslur af erlendum lánum) vega þennan afgang nokkurn veginn upp svo viðskiptajöfnuður stendur í járnum á tímabilinu. Reiknað er með að erlendar skuldir í hlutfalli af landsframleiðslu lækki um 10 prósentustig og verði rúmlega 35% af landsframleiðslu í lok ársins 2000 gangi þetta eftir.

Til að hagvöxtur eflist til frambúðar þurfa framleiðsluþættirnir, vinnuafl og fjármagn, að haldast í hendur við vöxt eftirspurnar. Á síðustu áratugum hefur hlutfall fjármuna og framleiðslu sveiflast verulega og fer það nú lækkandi (sjá mynd). Að teknu tilliti til afskrifta, sem eru metnar um 4% af fyrningarstofni á ári, þarf því fjárfesting að vera 19-20% af landsframleiðslu til að viðhalda eðlilegu hlutfalli fjármuna og framleiðslu við 2½% hagvöxt. Nú er þetta hlutfall 15-16%, en verður rúmlega 18% í lok aldarinnar gangi þessir reikningar eftir. Eins og áður sagði verður viðskiptajöfnuður nokkurn veginn í jafnvægi árin 1997-2000 og hreinn þjóðhagslegur sparnaður eykst úr

um 3½% af landsframleiðslu nú í rúmlega 6% árið 2000 (sjá mynd) og er þá farinn að nálgast eðlilegt stig, það er að segja 7-8%.





Verði af stækkun álversins breytast ofangreindar horfur nokkuð. Fjárfestingar aukast þá töluvert umfram það sem ella hefði orðið árin 1996-1997, en dragast saman aftur 1998. Útflutningur eykst 1997 og 1998, því álframleiðslan eykst um 30.000 tonn hvort ár. Alls þýðir þetta að útflutningur eykst að jafnaði um 4½% að jafnaði árin 1997-2000 og hagvöxtur verður um ¼% meiri að jafnaði á tímabilinu 1996-2000 en ella. Á móti auknum útflutningstekjum kemur aukinn innflutningur á rekstrarvörum til álframleiðslu og vaxta- og arðgreiðslur vegna lána og eiginfjárframlaga. Að öllu samanlögðu er gert

ráð fyrir að viðskiptajöfnuður verði í jafnvægi í lok tímabilsins og að erlend lán verði þá rúmlega 35% af landsframleiðslu.

Tafla 1. Þjóðhagsyfirlit 1993-1996

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári % [1]			
			Áætlun	Spá			Áætlun	Spá
	1993	1994	1995	1996	1993	1994	1995	1996
1. Einkaneysla	248.952	257.461	273.545	288.726	-4,5	1,7	4,5	3,0
2. Samneysla	84.818	89.066	94.311	99.023	2,3	3,3	2,0	1,5
3. Fjármunamyndun	64.176	65.840	70.420	75.170	-11,5	-1,1	3,2	3,5
4. Neysla og fjárfesting alls	397.946	412.367	438.276	462.918	-4,4	1,6	3,7	2,8
5. Birgðabreytingar [2]	435	-1.001	-1.844	0	0,2	-0,4	0,2	0,0
6. Þjóðarútgjöld, alls	398.381	411.366	436.432	462.918	-4,1	1,1	3,9	2,8
7. Útflutningur vöru og þjónustu	134.972	156.511	168.375	175.002	6,4	9,5	3,2	0,7
8. Innflutningur vöru og þjónustu	122.493	134.635	149.964	158.565	-9,6	5,2	5,5	2,8
9. Verg landsframleiðsla	**410.860**	**433.242**	**454.843**	**479.354**	**1,1**	**2,8**	**3,2**	**2,0**
10. Jöfnuður þáttatekna	-12.142	-13.077	-13.676	-13.041	-	-	-	-
11. Viðskiptajöfnuður (7.-8.+10.)	337	8.799	4.734	3.395	-	-	-	-
12. Verg þjóðarframleiðsla (9.+10.)	**398.718**	**420.165**	**441.167**	**466.313**	**1,1**	**3,1**	**3,8**	**2,2**
13. Viðskiptakjaraáhrif [3]	-	-	-	-	-2,1	0,5	-1,5	0,1
14. Vergar þjóðartekjur	-	-	-	-	-0,9	3,6	2,3	2,4
15. Viðskiptajöfnuður sem % af VLF	-	-	-	-	0,1	2,0	1,0	0,7

Skýringar:

1) Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1990.

2) Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutföll af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.

3) Hlutfall af þjóðarframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.

Tafla 2. Utanríkisviðskipti 1993-1996

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári % [1]			
			Áætlun	Spá			Áætlun	Spá
	1993	1994	1995	1996	1993	1994	1995	1996
Útflutningsframleiðsla								
Sjávarafurðir	76.752	85.002	88.360	91.921	6,0	6,6	0,0	1,0
Ál	8.374	10.329	11.759	12.531	1,5	7,4	0,0	1,5
Kísiljárn	2.370	2.432	2.913	3.102	27,5	2,3	10,0	0,0
Annað	8.028	11.736	13.369	14.324	-1,4	23,7	9,5	4,0
Samtals	95.524	109.499	116.401	121.878	5,3	8,0	1,2	1,3
Útflutt skip og flugvélar	1.308	3.370	3.550	700	-	-	-	-
Breyting útflutningsvörubirgða	2.174	215	0	0	-	-	-	-
Vöruútflutningur alls	**94.658**	**112.654**	**119.951**	**122.578**	**5,1**	**12,2**	**1,4**	**-1,1**
Vöruinnflutningur alls	**82.390**	**92.993**	**103.035**	**107.898**	**-14,1**	**7,6**	**5,6**	**2,0**
Almennur vöruinnflutningur	75.304	83.552	91.734	96.994	-7,0	5,3	5,3	3,2
þ.a. olía	7.357	7.237	8.323	8.368	-3,5	1,9	5,6	3,1
þ.a. annað	67.947	76.315	83.411	88.626	-10,2	5,7	5,2	3,2
Sérstakur vöruinnflutningur	7.086	9.441	11.301	10.904	-37,7	12,0	8,2	-6,3
Vöruskiptajöfnuður	**12.268**	**19.661**	**16.916**	**14.680**	-	-	-	-
Þjónustutekjur [2]	40.314	43.857	48.424	52.424	9,9	2,5	8,4	5,4
Þjónustugjöld [2]	40.103	41.642	46.929	50.667	2,3	-0,2	5,0	4,9
Þjónustujöfnuður [2]	**211**	**2.215**	**1.495**	**1.757**	-	-	-	-
Jöfnuður þáttatekna	**-12.142**	**-13.077**	**-13.676**	**-13.041**	-	-	-	-
Viðskiptajöfnuður	**337**	**8.799**	**4.734**	**3.395**	-	-	-	-

Skýringar:

1) Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1990.

2) Án vaxta o.fl.

Tafla 3. Fjármunamyndun 1993-1996

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári % [1]			
			Áætlun	Spá			Áætlun	Spá
	1993	1994	1995	1996	1993	1994	1995	1996
Fjármunamyndun alls	**64.176**	**65.840**	**70.420**	**75.170**	**-11,5**	**-1,1**	**3,2**	**3,5**
I Atvinnuvegirnir	**28.932**	**30.500**	**35.710**	**40.429**	**-24,8**	**0,2**	**13,0**	**9,7**
1. Landbúnaður	1.883	1.800	1.950	1.900	7,3	-8,1	4,1	-5,0
2. Fiskveiðar[2]	2.146	3.400	2.600	3.000	-67,1	47,8	-25,4	12,0
3. Vinnsla sjávarafurða	1.679	2.400	2.700	2.700	12,2	33,9	7,5	-3,0
4. Álverksmiðja	579	300	350	500	58,5	-50,7	13,2	39,0
5. Járnblendiverksmiðja	44	110	70	150	325,0	139,6	-38,3	108,0
6. Annar iðnaður	4.797	5.100	6.000	6.500	-12,3	0,0	13,4	5,0
7. Rafvirkjanir og rafveitur	2.052	1.600	1.800	1.850	-15,5	-23,9	8,9	0,0
8. Hitaveitur	897	950	1.200	1.240	-8,2	3,4	22,4	0,0
9. Vatnsveitur	564	650	650	600	0,7	12,4	-3,1	-10,0
10. Byggingarstarfsemi o.fl. (Vinnuvélar)	1.527	1.300	1.700	1.950	-12,1	-20,9	27,0	11,0
11. Verslunarhúsnæði, skrifstofur o.fl.	3.884	3.660	3.950	4.200	-13,6	-8,0	4,6	3,3
12. Samgöngur	3.952	2.830	5.200	7.160	-49,4	-29,3	69,5	34,0
13. Póstur og sími, útvarp og sjónvarp	2.036	2.500	2.500	2.700	3,7	16,8	-3,0	5,0
14. Tölvu- og skrifstofu-búnaður	2.892	3.900	5.040	5.979	-1,8	25,3	26,2	15,0
II Íbúðarhús	**18.212**	**19.040**	**18.670**	**19.210**	**-5,8**	**2,0**	**-5,0**	**0,0**
III Starfsemi hins opinbera	**17.032**	**16.300**	**16.040**	**15.531**	**14,4**	**-6,6**	**-4,6**	**-5,9**
1. Vegir og brýr	4.442	3.800	3.840	3.331	64,3	-16,5	-2,1	-16,0
2. Götur og holræsi	3.290	3.300	3.400	3.700	1,8	-2,2	-0,2	6,0
3. Byggingar hins opinbera	9.300	9.200	8.800	8.500	3,8	-3,5	-7,3	-6,0

Skýringar:

1) Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1990.

2) Fiskeldisstöðvar meðtaldar en þar er þó um óverulegar fjárhæðir að ræða á þessum árum.

Tafla 4. Landsframleiðsla 1985-1994

Milljónir króna, á verðlagi hvers árs ásamt magn- og verðvísitölum, 1990=100

	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993 Bráðab.	1994
1. Einkaneysla	77.240	99.196	133.557	161.068	190.254	223.729	248.999	249.044	248.952	257.461
2. Samneysla	21.130	28.776	38.981	50.537	60.341	69.989	78.157	80.375	84.818	89.066
3. Fjármunamyndun	25.528	30.778	42.593	50.503	58.730	70.007	76.060	69.599	64.176	65.840
4. Birgðabreytingar	-3.111	-3.748	-3.783	-3.085	-8.143	-4.556	-1.226	-446	435	-1.001
5. Þjóðarútgjöld alls	120.788	155.003	211.347	259.023	301.182	359.169	401.990	398.572	398.381	411.366
6. Útflutningur alls	48.774	61.961	71.681	81.721	106.282	124.246	124.943	121.248	134.972	156.511
6.1. Vörur, fob	33.750	44.968	53.053	61.667	80.072	92.452	91.560	87.833	94.658	112.654
6.2. Þjónusta	15.024	16.993	18.628	20.054	26.210	31.794	33.383	33.415	40.314	43.857
7. Frádr.: Innflutningur alls	48.663	55.880	73.965	84.100	99.240	119.595	130.305	121.943	122.493	134.635
7.1. Vörur, fob	33.760	40.988	55.020	61.996	72.603	87.652	94.639	87.909	82.390	92.993
7.2. Þjónusta	14.903	14.892	18.945	22.104	26.637	31.943	35.666	34.034	40.103	41.642
8. Verg landsframleiðsla	120.899	161.085	209.063	256.644	308.224	363.820	396.628	397.877	410.860	433.242
9. Launa- og eignatekjur frá útl., nettó	-4.824	-5.302	-4.799	-6.506	-11.164	-12.401	-12.686	-11.305	-12.142	-13.077
10. Verg þjóðarframleiðsla	116.075	155.782	204.264	250.138	297.060	351.419	383.942	386.572	398.718	420.165
11. Viðskiptajöfnuður	-4.713	779	-7.083	-8.885	-4.122	-7.750	-18.048	-12.000	337	8.799
11.1 Vöruskiptajöfn. fob/fob	-10	3.980	-1.967	-329	7.469	4.800	-3.079	-76	12.268	19.661
11.2 Þjónustujöfnuður	121	2.101	-317	-2.050	-427	-149	-2.283	-619	211	2.215
11.3 Þáttatekjur frá útlöndum, nettó	-4.824	-5.302	-4.799	-6.506	-11.164	-12.401	-12.686	-11.305	-12.142	-13.077
12. Óbeinir skattar	27.638	35.823	48.320	61.324	72.152	79.167	83.965	83.763	77.156	79.198
13. Framleiðslustyrkir	4.107	5.273	5.988	9.107	12.835	12.953	12.319	13.225	10.504	9.576
14. Afskriftir af fjármunaeign	15.483	19.696	23.473	29.001	37.267	43.814	48.346	51.425	54.582	56.649
15. Hreinar þjóðartekjur, tekjuv. (15.=10.-12.+13.-14.)	77.061	105.536	138.459	168.919	200.476	241.391	263.950	264.609	277.485	293.893
Hlutfallsleg skipting										
1. Einkaneysla	63,9%	61,6%	63,9%	62,8%	61,7%	61,5%	62,8%	62,6%	60,6%	59,4%
2. Samneysla	17,5%	17,9%	18,6%	19,7%	19,6%	19,2%	19,7%	20,2%	20,6%	20,6%
3. Fjármunamyndun	21,1%	19,1%	20,4%	19,7%	19,1%	19,2%	19,2%	17,5%	15,6%	15,2%
4. Birgðabreytingar	-2,6%	-2,3%	-1,8%	-1,2%	-2,6%	-1,3%	-0,3%	-0,1%	0,1%	-0,2%
5. Þjóðarútgjöld alls	99,9%	96,2%	101,1%	100,9%	97,7%	98,7%	101,4%	100,2%	97,0%	95,0%
6. Útflutningur alls	40,3%	38,5%	34,3%	31,8%	34,5%	34,2%	31,5%	30,5%	32,9%	36,1%
6.1. Vörur, fob	27,9%	27,9%	25,4%	24,0%	26,0%	25,4%	23,1%	22,1%	23,0%	26,0%
6.2. Þjónusta	12,4%	10,5%	8,9%	7,8%	8,5%	8,7%	8,4%	8,4%	9,8%	10,1%
7. Frádr.: Innflutningur alls	40,3%	34,7%	35,4%	32,8%	32,2%	32,9%	32,9%	30,6%	29,8%	31,1%
7.1. Vörur, fob	27,9%	25,4%	26,3%	24,2%	23,6%	24,1%	23,9%	22,1%	20,1%	21,5%
7.2. Þjónusta	12,3%	9,2%	9,1%	8,6%	8,6%	8,8%	9,0%	8,6%	9,8%	9,6%
8. Verg landsframleiðsla	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
9. Launa- og eignatekjur frá útl., nettó	-4,0%	-3,3%	-2,3%	-2,5%	-3,6%	-3,4%	-3,2%	-2,8%	-3,0%	-3,0%
10. Verg þjóðarframleiðsla	96,0%	96,7%	97,7%	97,5%	96,4%	96,6%	96,8%	97,2%	97,0%	97,0%
11. Viðskiptajöfnuður	-3,9%	0,5%	-3,4%	-3,5%	-1,3%	-2,1%	-4,6%	-3,0%	0,1%	2,0%
12. Óbeinir skattar	22,9%	22,2%	23,1%	23,9%	23,4%	21,8%	21,2%	21,1%	18,8%	18,3%
13. Framleiðslustyrkir	3,4%	3,3%	2,9%	3,5%	4,2%	3,6%	3,1%	3,3%	2,6%	2,2%
14. Afskriftir af fjármunaeign	12,8%	12,2%	11,2%	11,3%	12,1%	12,0%	12,2%	12,9%	13,3%	13,1%
15. Hreinar þjóðartekjur, tekjuv.	63,7%	65,5%	66,2%	65,8%	65,0%	66,3%	66,5%	66,5%	67,5%	67,8%
Magnvísitölur 1990=100										
1. Einkaneysla	86,9	92,9	107,9	103,8	99,5	100,0	104,1	99,5	95,1	96,7
2. Samneysla	77,8	83,4	88,9	93,0	95,8	100,0	103,2	102,3	104,6	108,1
3. Fjármunamyndun	90,6	88,8	105,8	105,7	97,5	100,0	102,0	90,7	80,3	79,4
4. Þjóðarútgjöld alls	85,8	89,5	103,6	103,1	98,6	100,0	105,2	99,6	95,5	96,6
5. Útflutningur alls	92,1	97,6	100,8	97,2	100,0	100,0	94,2	92,6	98,5	107,9
5.1. Vörur	86,3	95,0	99,2	98,0	101,4	100,0	92,1	91,2	95,9	107,5
5.2. Þjónusta	110,4	105,7	105,9	94,7	95,7	100,0	100,4	96,7	106,2	108,9
6. Frádr.: Innflutningur alls	92,9	93,8	115,6	110,3	99,0	100,0	105,5	97,3	87,9	92,5
6.1. Vörur	87,9	94,7	118,3	111,9	99,7	100,0	104,9	96,9	83,2	89,6
6.2. Þjónusta	107,7	91,4	107,8	105,8	97,0	100,0	107,4	98,6	100,9	100,7
7. Verg landsframleiðsla	85,6	90,9	98,7	98,7	98,9	100,0	101,3	98,0	99,0	101,8
8. Launa- og eignatekjur frá útl., nettó	77,5	78,3	81,0	93,0	100,5	100,0	104,8	104,9	106,2	100,7
9. Verg þjóðarframleiðsla	86,0	91,5	99,5	98,9	98,9	100,0	101,2	97,7	98,8	101,8
10. Vergar þjóðartekjur	84,7	92,2	102,0	101,1	99,5	100,0	103,2	98,8	97,9	101,4

Verðvísitala 1990=100	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	Bráðab. 1994
1. Einkaneysla	39,7	47,7	55,3	69,3	85,5	100,0	106,9	111,9	117,0	119,0
2. Samneysla	38,8	49,3	62,7	77,6	90,0	100,0	108,3	112,3	115,8	117,7
3. Fjármunamyndun	40,3	49,5	57,5	68,2	86,1	100,0	106,5	109,6	114,1	118,5
4. Birgðabreytingar	39,2	48,2	56,8	70,0	85,1	100,0	106,4	111,4	116,1	118,6
5. Þjóðarútgjöld alls	42,6	51,1	57,2	67,7	85,5	100,0	106,7	105,4	110,3	116,8
6. Útflutningur alls	42,3	51,2	57,9	68,1	85,4	100,0	107,5	104,1	106,8	113,3
6.1. Vörur	42,8	50,6	55,3	66,6	86,2	100,0	104,6	108,7	119,3	126,7
6.2. Þjónusta	43,8	49,8	53,5	63,7	83,8	100,0	103,2	104,8	116,5	121,7
7. Frádr.: Innflutningur alls	43,8	49,4	53,0	63,2	83,1	100,0	103,0	103,5	112,9	118,4
7.1. Vörur	43,3	51,0	55,0	65,4	85,9	100,0	104,0	108,1	124,5	129,5
7.2. Þjónusta	38,8	48,7	58,2	71,5	85,6	100,0	107,6	111,6	114,0	117,0
8. Verg landsframleiðsla	38,4	48,5	58,4	72,0	85,5	100,0	108,0	112,6	114,9	117,4
%-br. frá fyrra ári, magn										
1. Einkaneysla	4,2%	6,9%	16,2%	-3,8%	-4,2%	0,5%	4,1%	-4,4%	-4,5%	1,7%
2. Samneysla	6,5%	7,3%	6,5%	4,7%	3,0%	4,4%	3,2%	-0,8%	2,3%	3,3%
3. Fjármunamyndun	1,0%	-1,9%	19,1%	-0,1%	-7,8%	2,6%	2,0%	-11,1%	-11,5%	-1,1%
4. Þjóðarútgjöld alls	2,7%	4,4%	15,8%	-0,5%	-4,4%	1,4%	5,2%	-5,3%	-4,1%	1,1%
5. Útflutningur alls	11,1%	5,9%	3,3%	-3,6%	2,9%	0,0%	-5,8%	-1,7%	6,4%	9,5%
5.1. Vörur	11,3%	10,1%	4,4%	-1,2%	3,5%	-1,4%	-7,9%	-1,0%	5,1%	12,1%
5.2. Þjónusta	10,5%	-4,3%	0,2%	-10,6%	1,1%	4,5%	0,4%	-3,7%	9,9%	2,5%
6. Frádr.: Innflutningur alls	9,4%	0,9%	23,3%	-4,6%	-10,3%	1,0%	5,5%	-7,8%	-9,7%	5,2%
6.1. Vörur	8,4%	7,7%	25,0%	-5,5%	-10,9%	0,3%	4,9%	-7,6%	-14,1%	7,6%
6.2. Þjónusta	11,9%	-15,1%	18,0%	-1,8%	-8,3%	3,0%	7,4%	-8,2%	2,3%	-0,2%
7. Verg landsframleiðsla	3,3%	6,2%	8,6%	-0,1%	0,3%	1,1%	1,3%	-3,3%	1,1%	2,7%
8. Launa- og eignatekjur frá útl., nettó	3,7%	1,0%	3,5%	14,8%	8,0%	-0,5%	4,8%	0,1%	1,3%	-5,2%
9. Verg þjóðarframleiðsla	3,3%	6,4%	8,8%	-0,6%	-0,1%	1,2%	1,2%	-3,4%	1,1%	3,1%
10. Vergar þjóðartekjur	2,9%	8,9%	10,7%	-0,9%	-1,6%	0,5%	3,2%	-4,3%	-1,0%	3,6%
%-br. frá fyrra ári, verð										
1. Einkaneysla	32,6%	20,1%	15,9%	25,4%	23,3%	17,0%	6,9%	4,7%	4,6%	1,7%
2. Samneysla	35,0%	27,0%	27,1%	23,9%	15,9%	11,2%	8,3%	3,7%	3,2%	1,7%
3. Fjármunamyndun	30,7%	22,9%	16,2%	18,7%	26,1%	16,2%	6,5%	2,9%	4,2%	3,8%
4. Þjóðarútgjöld alls	31,8%	22,9%	17,8%	23,2%	21,6%	17,6%	6,4%	4,7%	4,2%	2,1%
5. Útflutningur alls	30,1%	19,9%	12,0%	18,3%	26,3%	16,9%	6,7%	-1,3%	4,7%	5,9%
5.1. Vörur	28,8%	21,0%	13,1%	17,7%	25,4%	17,1%	7,5%	-3,1%	2,6%	6,1%
5.2. Þjónusta	33,2%	18,1%	9,4%	20,4%	29,3%	16,1%	4,6%	3,9%	9,8%	6,1%
6. Frádr.: Innflutningur alls	31,3%	13,8%	7,4%	19,2%	31,5%	19,3%	3,2%	1,5%	11,2%	4,4%
6.1. Vörur	30,4%	12,7%	7,4%	19,2%	31,4%	20,4%	3,0%	0,6%	9,1%	4,9%
6.2. Þjónusta	33,4%	17,7%	7,8%	18,8%	31,4%	16,4%	4,0%	3,9%	15,2%	4,0%
7. Verg landsframleiðsla	31,3%	25,5%	19,5%	22,8%	19,8%	16,8%	7,6%	3,7%	2,2%	2,6%
Meðalmannfjöldi ársins, þús.	241,403	243,209	245,962	249,885	252,746	254,788	257,965	261,103	263,783	266,006
Magnvísitala, 1990=100	94,7	95,5	96,5	98,1	99,2	100,0	101,2	102,5	103,5	104,4
Magnvísitölur á mann										
1. Einkaneysla	91,7	97,3	111,8	105,9	100,3	100,0	102,9	97,1	91,8	92,6
2. Samneysla	82,1	87,4	92,1	94,9	96,6	100,0	101,9	99,8	101,1	103,5
3. Fjármunamyndun	95,6	93,1	109,6	107,8	98,3	100,0	100,8	88,5	77,6	76,1
4. Þjóðarútgjöld alls	90,5	93,8	107,4	105,1	99,4	100,0	103,9	97,2	92,3	92,5
5. Útflutningur alls	97,2	102,3	104,4	99,1	100,8	100,0	93,1	90,4	95,2	103,3
6. Frádr.: Innflutningur alls	98,1	98,3	119,8	112,5	99,8	100,0	104,2	95,0	84,9	88,6
7. Verg landsframleiðsla	90,3	95,2	102,3	100,6	99,7	100,0	100,1	95,6	95,7	97,5
8. Launa- og eignatekjur frá útl., nettó	81,8	82,0	83,9	94,8	101,3	100,0	103,5	102,3	102,6	96,4
9. Verg þjóðarframleiðsla	90,7	95,8	103,1	100,9	99,7	100,0	99,9	95,4	95,4	97,5
10. Vergar þjóðartekjur	89,4	96,5	105,7	103,1	100,3	100,0	102,0	96,4	94,5	97,1

Tafla 5. Tekjur verðlag, kaupmáttur og gengi 1984-1996

	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	Áætlun 1995	Spá 1996
I Vísitölur 1980=100													
Tekjur													
Ráðstöfunartekjur á mann	505	743	977	1.424	1.737	1.937	2.130	2.332	2.362	2.311	2.386	2.533	2.237
Verðlag													
Neysluverðsvísitala	542	718	871	1.034	1.297	1.571	1.804	1.926	1.995	2.077	2.108	2.144	2.198
Byggingarvísitala	505	668	832	979	1.153	1.420	1.673	1.800	1.843	1.884	1.933	1.995	2.049
Lánskjaravísitala	546	713	888	1.043	1.287	1.524	1.760	1.894	1.964	2.013	2.049	2.084	2.136
Kaupmáttur [1]													
Ráðstöfunartekjur á mann	93	104	112	138	134	123	118	121	118	111	111	115	117
Gengi													
Meðalverð erl. gjaldmiðla [2]	386	448	573	684	781	982	1.104	1.103	1.109	1.201	1.263	1.250	1.250
Raungengi miðað við verð	90	95	93	104	109	101	97	100	100	94	88	88	88
Raungengi miðað við laun	84	83	85	109	113	98	87	90	91	83	76	76	76
II Breytingar frá fyrra ári, %													
Tekjur													
Ráðstöfunartekjur á mann	27,8	47,1	31,5	45,8	22,0	11,5	10,0	9,5	1,3	-2,1	1,3	5,5	4,3
Verðlag													
Neysluverðsvísitala	29,2	32,4	21,3	18,8	25,5	21,1	14,8	6,8	3,7	4,1	1,5	1,7	2,5
Byggingarvísitala	25,3	32,2	24,6	17,7	17,8	23,1	17,8	7,6	2,4	2,2	2,6	3,2	2,7
Lánskjaravísitala	33,8	30,6	24,6	17,4	23,4	18,4	15,4	7,6	3,7	2,5	1,8	1,7	2,5
Kaupmáttur [1]													
Ráðstöfunartekjur á mann	-0,9	11,1	8,5	22,6	-2,8	-7,8	-4,6	2,5	-2,3	-6,0	-0,2	3,5	1,8
Gengi													
Meðalverð erl. gjaldmiðla [2]	16,3	27,8	15,0	3,7	14,2	25,8	12,4	-0,1	0,5	8,3	5,2	-1,0	0,0
Raungengi miðað við verð	4,9	-1,6	2,0	9,5	5,2	-8,1	-3,1	2,6	0,0	-5,4	-6,4	3,2	-0,4
Raungengi miðað við laun	-1,0	1,3	2,2	26,2	4,0	-13,5	-10,9	2,5	1,7	-8,6	-8,5	-0,3	0,0

Skýringar:

1) Miðað við neysluverðsvísitölu.

2) Miðað við landavog.

Tafla 6. Afli og aflaverðmæti 1987-1996

	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	Áætlun 1995	Spá 1996
Þúsund tonn										
Þorskur	390	376	354	334	307	267	262	215	195	195
Annar botnfiskur	294	322	338	339	348	318	325	343	305	319
Ýsa	39	53	62	66	54	46	47	58	62	65
Ufsi	78	74	80	95	99	78	70	63	50	65
Karfi	88	94	92	91	97	94	97	95	87	70
Úthafskarfi	-	-	1	4	8	14	20	47	25	40
Steinbítur	13	15	14	14	18	16	13	13	13	13
Grálúða	45	49	58	37	35	32	34	28	28	25
Skarkoli	11	14	11	11	11	11	13	12	12	13
Annað	20	23	20	21	27	28	32	27	28	28
Síld	75	93	97	90	79	123	117	130	132	125
Íslandssíld	-	-	-	-	-	-	-	21	172	160
Loðna	810	911	653	694	260	798	940	754	818	936
Humar	3	2	2	2	2	2	2	2	1	2
Rækja	39	30	27	30	38	47	56	75	75	75
Hörpudiskur	13	10	11	12	10	12	11	8	10	9
Annað	11	13	13	4	5	9	5	3	5	5
Heildarafli	1.635	1.757	1.495	1.505	1.049	1.576	1.719	1.552	1.714	1.827
Breytingar heildaraflaverðmætis frá fyrra ári á föstu verði[1], %:										
Samtals	7,5	-0,9	-4,3	-3,9	-5,2	-0,9	2,3	-2,4	0,5	1,5
Samtals án loðnu	8,3	-0,9	-2,5	-4,3	-1,9	-5,7	1,3	-1,8	-0,1	0,4

Skýringar:

1) Magvísitölur eru fengnar með því að verðleggja aflmagnið á föstu verði. Aflamagn árin 1986-1989 er á verðlagi ársins 1987. Aflamagn árin 1989-1996 er á verðlagi ársins 1990. Allur afli, heima og erlendis er verðlagður á meðalverði útfluttra sjávarafurða. Meðalverðið er fundið með því að deila afla upp úr sjó upp í verðmæti útflutnings eftir fisktegundum.

Tafla 7. Landsframleiðsla og þjóðartekjur 1947-1996 [1]

	Verg landsframleiðsla		Vergar þjóðartekjur	
	Magn-vísitala 1990=100	Magn-breyting frá fyrra ári	Magn-vísitala 1990=100	Magn-breyting frá fyrra ári
1947	17,3	11,1%	17,7	8,2%
1948	17,6	2,0%	17,8	0,1%
1949	17,3	-2,0%	17,0	-4,5%
1950	16,9	-2,2%	16,0	-5,5%
1951	16,5	-2,1%	15,3	-4,3%
1952	16,4	-1,0%	15,2	-0,8%
1953	18,9	15,4%	18,0	18,1%
1954	20,6	9,4%	19,9	10,6%
1955	22,7	9,7%	21,9	10,2%
1956	23,2	2,4%	22,2	1,2%
1957	23,2	-0,1%	21,9	-1,2%
1958	25,0	7,9%	24,2	10,4%
1959	25,5	2,0%	24,8	2,3%
1960	26,3	3,2%	25,1	1,3%
1961	26,3	-0,1%	25,9	3,3%
1962	28,5	8,3%	28,3	9,1%
1963	31,4	10,3%	31,2	10,4%
1964	34,5	9,9%	35,1	12,4%
1965	37,0	7,3%	38,8	10,6%
1966	40,3	8,7%	42,2	8,7%
1967	39,8	-1,3%	40,3	-4,5%
1968	37,6	-5,5%	37,8	-6,2%
1969	38,5	2,4%	38,8	2,7%
1970	41,3	7,5%	43,5	12,2%
1971	46,7	13,1%	50,3	15,5%
1972	49,6	6,2%	53,3	6,0%
1973	53,0	6,8%	59,5	11,6%
1974	56,0	5,7%	60,4	1,5%
1975	56,4	0,6%	57,3	-5,1%
1976	59,7	6,0%	62,5	9,0%
1977	65,0	8,8%	70,1	12,1%
1978	68,9	5,9%	74,3	6,1%
1979	72,3	4,9%	75,5	1,5%
1980	76,4	5,7%	78,7	4,4%
1981	79,6	4,3%	81,5	3,5%
1982	81,3	2,2%	82,6	1,3%
1983	79,6	-2,2%	79,5	-3,7%
1984	82,9	4,1%	82,3	3,4%
1985	85,6	3,3%	84,7	2,9%
1986	90,9	6,2%	92,2	8,9%
1987	98,7	8,6%	102,0	10,7%
1988	98,7	-0,1%	101,1	-0,9%
1989	98,9	0,3%	99,5	-1,6%
1990	100,0	1,1%	100,0	0,5%
1991	101,3	1,3%	103,1	3,1%
1992	98,0	-3,3%	98,7	-4,2%
1993	99,0	1,1%	97,8	-0,9%
1994	101,8	2,8%	101,3	3,6%
1995	105,0	3,2%	103,6	2,3%
1996	107,1	2,0%	106,1	2,4%

Skýringar:

1) Bráðabirgðatölur fyrir 1994, áætlun fyrir 1995 og spá fyrir 1996.


Verg landsframleiðsla 1945-1996
Vísitala 1990=100
120
100
80
60
40
20
0
1945
1950
1955
1960
1965
1970
1975
1980
1985
1990
1995


Verg landsframleiðsla 1945-1996
Hlutfallsleg breyting frá fyrra ári
%
20
15
10
5
0
-5
-10
1945
1950
1955
1960
1965
1970
1975
1980
1985
1990
1995

Tafla 8. Atvinnuleysi eftir landshlutum og kyni árin 1983-1995

	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	Áætlun 1995
Fjöldi alls													
Höfðuborgarsvæði	464	519	311	253	114	177	859	913	696	1933	3173	3584	3900
Landsbyggð	723	961	794	570	470	643	1267	1343	1205	1935	2428	2624	2700
Vesturland	84	112	100	63	66	102	192	186	137	216	272	344	300
Vestfirðir	15	23	20	8	27	16	40	22	18	43	115	123	100
Norðurland vestra	127	110	81	75	58	101	179	155	151	196	227	263	270
Norðurland eystra	220	326	247	169	119	166	312	403	351	487	690	800	670
Austurland	75	119	90	59	58	74	160	198	169	219	282	280	300
Suðurland	106	143	104	107	98	134	231	236	202	339	424	451	530
Suðurnes	96	129	151	89	45	50	153	142	177	436	417	364	530
Samtals	**1187**	**1481**	**1105**	**823**	**584**	**820**	**2125**	**2255**	**1901**	**3868**	**5601**	**6209**	**6600**
Fjöldi karla													
Höfðuborgarsvæði	265	264	148	158	52	93	450	479	394	1017	1535	1649	1820
Landsbyggð	335	389	306	246	185	232	488	584	564	917	1178	1208	1280
Vesturland	34	37	31	26	21	22	46	46	51	95	127	159	140
Vestfirðir	9	11	11	7	15	7	18	11	10	22	54	57	50
Norðurland vestra	62	50	37	36	28	42	71	74	82	112	119	121	110
Norðurland eystra	129	155	113	85	49	67	141	216	184	257	342	394	340
Austurland	42	56	40	32	31	32	68	81	82	116	164	140	160
Suðurland	37	43	32	37	30	45	94	107	93	164	201	199	220
Suðurnes	23	37	41	24	11	17	50	51	62	151	173	137	260
Samtals	**600**	**653**	**455**	**404**	**237**	**325**	**938**	**1063**	**959**	**1934**	**2713**	**2857**	**3100**
Fjöldi kvenna													
Höfðuborgarsvæði	199	255	163	95	62	84	408	434	301	915	1639	1935	2080
Landsbyggð	388	573	488	324	285	411	779	758	641	1018	1250	1417	1420
Vesturland	50	74	69	38	45	80	147	140	86	121	146	184	160
Vestfirðir	6	12	9	2	12	9	23	11	9	21	62	66	50
Norðurland vestra	65	60	44	39	31	58	108	81	69	84	109	142	160
Norðurland eystra	91	171	134	84	70	99	171	187	166	230	348	406	330
Austurland	34	63	50	27	27	42	92	118	87	104	119	139	140
Suðurland	69	100	72	70	68	89	136	129	109	174	223	253	310
Suðurnes	73	92	110	65	33	33	103	91	115	284	244	227	270
Samtals	**587**	**828**	**650**	**419**	**347**	**495**	**1187**	**1192**	**942**	**1934**	**2889**	**3352**	**3500**
Alls, %													
Höfðuborgarsvæði	0,7	0,8	0,4	0,4	0,1	0,2	1,1	1,2	0,9	2,6	4,3	4,8	5,2
Landsbyggð	1,4	1,8	1,5	1,1	0,8	1,2	2,4	2,5	2,3	3,6	4,5	4,8	4,9
Vesturland	1,2	1,6	1,4	0,9	0,9	1,4	2,6	2,6	1,9	3,0	3,8	4,7	4,1
Vestfirðir	0,3	0,4	0,4	0,1	0,5	0,3	0,8	0,4	0,3	0,9	2,4	2,5	2,0
Norðurland vestra	2,6	2,1	1,6	1,5	1,1	2,0	3,4	3,0	2,9	4,1	4,7	5,4	5,4
Norðurland eystra	1,9	2,8	2,1	1,4	1,0	1,4	2,6	3,3	2,9	3,7	5,2	6,0	5,0
Austurland	1,2	1,9	1,4	0,9	0,9	1,2	2,6	3,3	2,9	3,5	4,5	4,4	4,6
Suðurland	1,1	1,5	1,2	1,1	1,0	1,5	2,4	2,4	2,1	3,3	4,1	4,3	5,0
Suðurnes	1,3	1,7	1,9	1,1	0,5	0,7	2,0	1,9	2,3	6,0	5,8	5,0	7,1
Samtals	**1,0**	**1,3**	**0,9**	**0,7**	**0,4**	**0,6**	**1,7**	**1,8**	**1,5**	**3,0**	**4,4**	**4,8**	**5,0**
Karlar, %													
Höfðuborgarsvæði	0,7	0,7	0,4	0,4	0,1	0,2	1,1	1,1	0,9	2,5	3,7	3,9	4,3
Landsbyggð	1,1	1,2	1,0	0,7	0,5	0,7	1,5	1,8	1,8	2,8	3,6	3,6	3,8
Vesturland	0,8	0,9	0,7	0,6	0,5	0,5	1,0	1,1	1,2	2,2	2,9	3,6	3,1
Vestfirðir	0,3	0,3	0,3	0,2	0,5	0,2	0,6	0,3	0,3	0,8	1,8	1,9	1,6
Norðurland vestra	2,1	1,6	1,2	1,2	0,9	1,4	2,3	2,4	2,6	3,8	4,0	4,0	3,6
Norðurland eystra	1,8	2,2	1,6	1,2	0,7	0,9	2,0	3,0	2,5	3,3	4,4	5,0	4,2
Austurland	1,1	1,4	1,0	0,8	0,8	0,9	1,8	2,2	2,3	3,0	4,2	3,6	4,0
Suðurland	0,6	0,8	0,6	0,7	0,5	0,8	1,6	1,8	1,6	2,6	3,2	3,1	3,4
Suðurnes	0,5	0,8	0,9	0,5	0,2	0,4	1,1	1,1	1,3	3,4	3,8	3,0	5,6
Samtals	**0,9**	**0,9**	**0,6**	**0,5**	**0,3**	**0,4**	**1,2**	**1,4**	**1,3**	**2,6**	**3,6**	**3,8**	**4,1**
Konur, %													
Höfðuborgarsvæði	0,7	0,9	0,6	0,3	0,2	0,3	1,3	1,4	1,0	2,9	5,1	6,0	6,3
Landsbyggð	1,9	2,8	2,4	1,5	1,3	2,0	3,7	3,6	3,1	4,8	5,9	6,6	6,5
Vesturland	1,9	2,8	2,5	1,3	1,5	2,9	5,2	5,0	3,1	4,3	5,2	6,5	5,5
Vestfirðir	0,3	0,6	0,4	0,1	0,5	0,4	1,1	0,5	0,4	1,1	3,3	3,4	2,6
Norðurland vestra	3,3	2,9	2,2	1,9	1,5	3,0	5,2	4,0	3,4	4,5	5,8	7,5	8,3
Norðurland eystra	2,0	3,7	2,9	1,7	1,4	2,0	3,5	3,8	3,4	4,3	6,5	7,5	6,0
Austurland	1,4	2,6	2,1	1,1	1,1	1,8	3,9	5,1	3,8	4,3	4,9	5,6	5,6
Suðurland	1,9	2,8	2,0	1,9	1,9	2,6	3,8	3,4	2,8	4,4	5,6	6,3	7,6
Suðurnes	2,6	3,1	3,7	2,1	1,0	1,1	3,4	3,2	4,0	10,5	8,9	8,2	9,6
Samtals	**1,2**	**1,7**	**1,3**	**0,8**	**0,6**	**0,9**	**2,2**	**2,3**	**1,8**	**3,7**	**5,4**	**6,2**	**6,4**

3. Frumvarp til laga [3. mál]

um breytingu á útvarpslögum, nr. 68/1985, með síðari breytingum.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Svanfríður Jónasdóttir.

1. gr.

II. kafli útvarpslaga, **Menningarsjóður útvarpsstöðva**, 9.–13. gr., fellur brott og breytist kafla- og greinatala í samræmi við það.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Eignir Menningarsjóðs útvarpsstöðva skulu við gildistöku laga þessara renna til Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samhljóða frumvarpi er lagt var fram á 115. löggjafarþingi.

Við setningu útvarpslaga árið 1985 kom skýrt fram í umræðum á Alþingi að tilgangurinn með Menningarsjóði útvarpsstöðva væri tvíþættur: Í fyrsta lagi að létta af Ríkisútvarpinu kostnaði sem það hafði af rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, þ.e. 25% af rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar umfram tekjur, sbr. 11. gr. laga 36/1982, en þessi kostnaður gerði samkeppnisstöðu þess erfiðari gagnvart einkareknum stöðvum sem ekki báru slíkar skyldur, og í öðru lagi að efla innlenda dagskrárgerð sem verða mætti til menningarauka og fræðslu.

Tekjur Menningarsjóðs útvarpsstöðva eru sérstakt gjald, menningarsjóðsgjald, sem er 10% og er lagt á allar auglýsingar í útvarpi, bæði hljóðvarpi og sjónvarpi. Af þessu gjaldi greiðist hlutur Ríkisútvarps af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitarinnar áður en styrkjum er úthlutað til útvarpsstöðvanna. Vegna þessarar tíundar standa ljósvakamiðlar höllum fæti í samkeppni við aðra fjölmiðla á auglýsingamarkaðnum, en eins og kunnugt er hafa auglýsingatekjur mikla þýðingu í rekstri þessara fjölmiðla.

Í útvarpslögum og reglugerð nr. 69/1986 um Menningarsjóð útvarpsstöðva er kveðið á um að framlög úr sjóðnum skuli aðeins veitt útvarpsstöðvum, bæði til dagskrárgerðar viðkomandi útvarpsstöðvar sjálfrar og til kaupa útvarpsstöðvar á efni til flutnings frá öðrum innlendum aðilum sem annast dagskrárgerð. Árið 1991 voru gerðar breytingar á eldri reglugerð um sjóðinn. Þar var hlutverk sjóðsins skilgreint að nýju þannig að íslenskir framleiðendur dagskrárefnis öðluðust einnig rétt til framlaga vegna innlendrar dagskrárgerðar er verða mætti til menningarauka og fræðslu. Af þessum sökum tvígreiða útvarpsstöðvarnar í sumum tilvikum fyrir efnið, fyrst með framlögum til framleiðenda sem deilt er út í formi styrkja og aftur er þeir kaupa efnið af framleiðandanum.

Lýsandi dæmi um þetta er myndaflokkurinn „Þjóð í hlekkjum hugarfarsins“ þar sem framleiðandi hlaut 9 millj. kr. styrk úr Menningarsjóði útvarpsstöðva og Ríkisútvarpið sjónvarp greiddi síðan 3 millj. kr. fyrir sýningarréttinn. Það þýðir að alls voru greiddar 12 millj. kr. fyrir þættina. Meðalverð fyrir aðkeyptar fræðslumyndir hjá Sjónvarpinu er 20 þús. kr. á mínútuna. Miðað við það hefði eðlilegt verð fyrir myndaflokkinn verið 4,9 millj. kr. (245 mín. x 20 þús. kr.)

Markmið þau, sem ná átti með Menningarsjóði útvarpsstöðva, hafa ekki náðst. Þar til um mitt ár 1994 voru engar formlegar úthlutunarreglur til fyrir sjóðinn og ekkert eftirlit var haft með því að úthlutað fé væri nýtt með tilætluðum hætti. Um áramótin 1994 voru skuldir sjóðsins við ríkissjóð u.þ.b. 175 millj. kr. Má rekja þessar miklu skuldir til þess að allt frá stofnun sjóðsins hefur verið tilhneiging til að greiða styrki án þess að framlag sjóðsins til Sinfóníuhljómsveitar Íslands sé fulluppgert og í þrjú ár, árin 1986, 1989 og 1992, rann ekkert af tekjum sjóðsins til hljómsveitarinnar. Hafa þessar skuldir nú verið gerðar upp og Sinfóníuhljómsveitin hefur fengið sinn hluta úr sjóðnum sl. tvö ár. Á þeim tíma hefur ekki verið úthlutað úr sjóðnum til dagskrárgerðar.

Megintekjur sjóðsins hafa komið frá Ríkisútvarpinu og þar með hefur Ríkisútvarpið lagt til stærstan hluta af greiðslum sjóðsins til Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Á þeim níu árum, er liðin eru frá stofnun sjóðsins, hefur Ríkisútvarpið hljóðvarp greitt í sjóðinn 202.417 þús. kr. af auglýsingatekjum sínum og Ríkisútvarpið sjónvarp 193.239 þús. kr., alls tæplega 400 millj. kr. Á sama tíma hefur útvarpið fengið til dagskrárgerðar 34,5 millj. kr. en sjónvarpið 92,8 millj. kr. Samtals hefur Ríkisútvarpið fengið til baka 32,17% af greiðslum í sjóðinn.

Árið 1988 taldi Ríkisendurskoðun að réttast væri að leggja sjóðinn niður þar sem markmiðin með stofnun hans hefðu ekki náðst. Hafi það verið rétt þá á slíkt ekki síður við nú.

Engin rök eru fyrir því að halda áfram að færa fé frá Ríkisútvarpinu til Sinfóníuhljómsveitar Íslands í gegn um Menningarsjóð útvarpsstöðva. Ekki er eðlilegt að ljósvakamiðlarnir standi að rekstri Sinfóníuhljómsveitar og nauðsynlegt er að finna hljómsveitinni annan tekjustofn.

Menningarsjóður útvarpsstöðva átti e.t.v. rétt á sér er hann var stofnaður. Aðstæður hafa breyst og það hefur sýnt sig að markmið með sjóðnum hafa ekki náðst. Því er ekki ástæða til að hann starfi áfram.

4. Fyrirspurn [4. mál]

til heilbrigðisráðherra um Fæðingarheimili Reykjavíkur og þjónustu við sængurkonur.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvenær er áætlað að rekstur Fæðingarheimilis Reykjavíkur hefjist að nýju eftir lokun og hvaða áform eru um rekstur heimilisins í framtíðinni?
2. Telur ráðherra eðlilegt að allar konur á höfuðborgarsvæðinu fæði börn sín á hátæknisjúkrahúsi eins og verið hefur undanfarna mánuði?
3. Hvað getur fæðingardeild Landspítalans sinnt mörgum fæðingum á ári?
4. Hver hefur þróunin verið hvað varðar fjölda fæðinga á fæðingardeild Landspítalans undanfarin ár?
5. Hversu margar sængurkonur hafa þurft að liggja á göngum fæðingardeildar Landspítalans frá því að Fæðingarheimilinu var lokað?

6. Hversu margar konur hafa nýtt sér hina nýju MFS-þjónustu fæðingardeildar Landspítalans og telur ráðherra að slík þjónusta eigi heima á hátæknisjúkrahúsi?

5. Fyrirspurn [5. mál]

til samgönguráðherra um málefni ferðaþjónustu.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Er þess að vænta að mótuð verði stefna í málefnum ferðaþjónustunnar á þessu kjörtímabili? Ef svo er, hvernig hyggst ríkisstjórnin þá standa að slíkri vinnu?
2. Er fyrirhuguð heildarendurskoðun lagaákvæða sem snerta ferðaþjónustuna á þessu kjörtímabili?

6. Fyrirspurn [6. mál]

til samgönguráðherra um græn símanúmer.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um græn símanúmer hjá ráðuneytum og stofnunum ríkisins?

7. Fyrirspurn [7. mál]

til menntamálaráðherra um samræmd próf.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hverjar eru ástæður þess að vorið 1995 tóku einungis 95,5% nemenda á landinu öllu samræmt próf í stærðfræði, 95,6% í íslensku, 94,6% í dönsku og 95,4% í ensku?
2. Hvernig skiptust þeir nemendur, sem ekki tóku samræmt próf, á milli fræðsluumdæma vorið 1993, 1994 og 1995 samkvæmt lögheimilum viðkomandi?

Skriflegt svar óskast.

8. Fyrirspurn [8. mál]

til dómsmálaráðherra um endurskoðun á verksviði sýslumannsembætta.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hver var niðurstaða nefndar er ráðherra skipaði til þess að endurskoða verksvið sýslumannsembætta í landinu?
2. Má vænta endurskoðunar á starfssviði og hlutverki sýslumannsembættanna í kjölfar þess nefndarálits?

9. Fyrirspurn [9. mál]

til menntamálaráðherra um einsetna skóla.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hvaða grunnskólar í landinu eru nú einsetnir?
2. Hefur einsetnum grunnskólum fjölgað frá síðasta skólaári?

Skriflegt svar óskast.

10. Frumvarp til laga [10. mál]

um rétt til launa í veikindaforföllum.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Bryndís Hlöðversdóttir.

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Til forfalla frá vinnu vegna sjúkdóma eða slysa samkvæmt lögum þessum teljast hvers kyns aðgerðir sem taldar eru nauðsynlegar af læknisfræðilegum ástæðum, rannsóknir og önnur meðferð að læknisráði enda þótt launþegi hafi ekki verið óvinnufær við upphaf læknismeðferðar.

Heilbrigðir líffæragjafar njóta réttar til launa í forföllum frá vinnu vegna líffæragjafar í samræmi við ákvæði laga þessara.

2. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Nú vill launþegi neyta réttar síns skv. 4.–6. gr. og skal hann þá, ef atvinnurekandi óskar þess, afhenda vottorð læknis er sýni að forföll hafi verið óhjákvæmileg, sbr. og ákvæði 5. mgr. 5. gr.

II. KAFLI
Breyting á sjómannalögum, nr. 35/1985.

3. gr.

36. gr. laganna orðast svo:

Ef skipverji forfallast vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann verður fyrir meðan á ráðningartíma stendur skal hann eigi missa neins af launum sínum í hverju sem þau eru greidd svo lengi sem hann er forfallaður af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en tvo mánuði. Sé skipverji í launalausu fríi er hann veikist eða slasast tekur hann laun frá þeim tíma er hann skyldi hefja störf að nýju. Skipverji, sem forfallast vegna veikinda, á þó ekki rétt til launa í fleiri daga en hann hefur verið í þjónustu útgerðarmanns.

Hafi skipverji verið ráðinn á sama skip hjá sama útgerðarmanni í tvö ár samfellt skal hann, auk þess sem í 1. mgr. segir, halda föstu kaupi, kauptryggingu eða sérlega umsömdu veikindakaupi í allt að einn mánuð en í allt að tvo mánuði eftir fjögurra ára samfellda ráðningu hjá sama útgerðarmanni.

Skipverji, sem forfallast frá vinnu vegna slysa við vinnu, á leið til eða frá vinnu eða vegna atvinnusjúkdóma sem stafa af vinnunni, skal fá greitt fast kaup, kauptryggingu eða sérlega umsamið veikindakaup í allt að þrjá mánuði til viðbótar greiðslum skv. 1. og 2. mgr.

Skipverji á ekki rétt á kaupi þann tíma sem hann hliðrar sér ólöglega hjá að inna störf sín af hendi né fyrir þann tíma sem hann er óstarfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann hefur leynt vísvitandi við ráðningu sína. Sama gildir ef skipverji er ekki starfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann hefur sjálfur bakað sér af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Nú vill skipverji neyta réttar síns skv. 1., 2. og 3. mgr. og skal hann þá, ef atvinnurekandi óskar þess, afhenda honum vottorð læknis er sýni að hann hafi verið forfallaður.

Til forfalla frá vinnu vegna sjúkdóms eða slysa samkvæmt lögum þessum teljast hvers kyns aðgerðir sem taldar eru nauðsynlegar af læknisfræðilegum ástæðum, rannsóknir og önnur meðferð að læknisráði enda þótt skipverji hafi ekki verið óvinnufær við upphaf læknismeðferðar. Heilbrigðir líffæragjafar njóta réttar til launa í forföllum vegna líffæragjafar í samræmi við ákvæði laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta, sem var áður flutt á 118. löggjafarþingi, er nú lagt fram aftur með smávægilegum breytingum á greinargerð, sem gerðar voru í ljósi ábendinga sem fram komu í umsögnum við frumvarpið. Markmið með frumvarpi þessu er tvíþætt. Annars vegar er lögð til lagabreyting sem stuðlar að því að jafna rétt launþega hér á landi til launa í veikindaforföllum. Hins vegar er lagt til að kveðið verði sérstaklega á um rétt tiltekins hóps manna, heilbrigðra líffæragjafa, og þeim veittur lagalegur réttur til launa sem um veikinda-

forföll væri að ræða. Þessar breytingar eru lagðar til í ljósi þróunar hér á landi undanfarinn áratug.

Um rétt launþega til launa í veikindaforföllum gilda lög nr. 19/1979, sem ná til landverkafólks, lög nr. 35/1985, sem gilda um sjómenn, og lög nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. reglugerð um veikindaforföll starfsmanna ríkisins, nr. 411/1989. Auk þess eru í flestum kjarasamningum ákvæði um rétt til launa í veikindaforföllum.

Í stuttu máli má segja að þróun undanfarinna ára hafi aukið misrétti milli einstakra hópa launþega hvað varðar rétt til launa í veikindaforföllum. Það byggist annars vegar á því að lögbundinn réttur verkafólks og sjómanna á þessu sviði hefur verið túlkaður mjög þröngt og hins vegar á því að þessum hópum hefur ekki verið tryggður réttur í samræmi við þróun á sviði nútímalækninga. Þannig má sem dæmi nefna að starfsmenn ríkis og bæja fá greidd laun í fimmtán daga vegna fjarveru af völdum tæknifrjóvgunar og á hver starfsmaður rétt á slíkum greiðslum einu sinni. Sé litið til þessarar þróunar er langt frá því að verkafólk og sjómenn njóti slíks réttar og í raun hefur þróunin í heild leitt til þess að verkafólk og sjómenn hafa í dag lakari rétt en almennt gerist og lakari rétt en ráða má af lagafyrirmælum. Þannig hafa hugtökin „sjúkdómur“ og „óvinnufærni“ í lögum nr. 19/1979 og lögum nr. 35/1985 verið túlkuð afar þröngt af dómstólum. Dómstólar hafa komist að þeirri niðurstöðu að lögin tryggi þeim ekki rétt sem að læknisráði gangast t.d. undir hjartaþræðingu eða rannsókn vegna magasárs. Fjarvistir vegna munnskurðaðgerðar, kjálkaaðgerðar eða ísetningar nýs gerviauga hafa ekki verið taldar veita rétt til launa í veikindaforföllum. Þá hefur tæknifrjóvgun ekki talist til greiðsluskyldra forfalla enda þótt ófrjósemi kunni að stafa af sjúkdómi, en eins og að framan er getið fá opinberir starfsmenn greidd laun í forföllum vegna tæknifrjóvgunar.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem tryggja eiga rétt launþega til greiðslu launa í forföllum að læknisráði án þess að gert sé að ófrávíkjanlegu skilyrði að viðkomandi sé óvinnufær. Þá er einnig lagt til í frumvarpinu að réttur heilbrigðra líffæragjafa verði tryggður sérstaklega. Enn hefur ekki reynt á rétt þessa hóps fyrir dómstólum en þegar hafa komið upp dæmi um að atvinnurekendur neiti að greiða heilbrigðum líffæragjöfum laun vegna fjarvista þeirra við líffæragjöf, enda þótt margir vinnuveitendur muni væntanlega kjósa að greiða starfsfólki sínu laun í slíkum tilvikum. Þess má geta að árið 1993 voru skráð fjögur tilvik líffæragjafa hjá Íslendingum.

Eins og að framan greinir hafa opinberir starfsmenn fengið viðurkenndan rétt til greiðslu launa vegna forfalla vegna tæknifrjóvgunar sem eru að vissu leyti einnig aðgerðir sem einstaklingar velja sjálfir hvort þeir gangast undir. Heilbrigðir líffæragjafar hafa þó algera sérstöðu þar sem þeir gangast heilbrigðir undir aðgerð til hjálpar þriðja manni, ef til vill ekki beinlínis að ráði læknis, þó að um geti verið að ræða að verið sé að bjarga lífi annarrar manneskju. Sú breyting, sem hér er lögð til, á því fyrst og fremst rætur að rekja til mannúðarsjónarmiða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er lagt til að réttur launþega til launa í veikindaforföllum verði rýmkaður þannig að til sjúkdóma teljist hvers kyns aðgerðir, rannsóknir og önnur meðferð að læknisráði, enda þótt launþegi hafi ekki verið óvinnufær við upphaf læknismeðferðar. Eins og fram kemur í greinargerð er þessari breytingu ætlað að tryggja þeim sem gangast m.a. undir

hjartaþræðingu rétt til launa í forföllum af þeim sökum, jafnvel þótt þeir hafi ekki verið óvinnufærir við upphaf læknismeðferðar. Ákvæðum frumvarpsins er hins vegar ekki ætlað að lögskylda atvinnurekendur til geiðslu launa vegna áfengismeðferðar. Þá er lögð til sú grundvallarbreyting að heilbrigðum líffæragjöfum sé tryggður réttur til launa á meðan þeir eru fjarri vinnu af þeim sökum á sama hátt og um sjúkling væri að ræða.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að fellt verði brott skilyrði um að menn séu óvinnufærir, sbr. það sem segir í greinargerð. Í stað þess er lagt til að kveðið verði á um að forföll hafi verið óhjákvæmileg vegna veikindanna eða slyssins, en með því er tryggt að forföll viðkomandi séu í raun að læknisráði án þess að gert sé að skilyrði að viðkomandi teljist óvinnufær, sbr. þó undantekningu í 5. mgr. 5. gr. Þá er lagt til að ekki verði tiltekið í ákvæðinu að læknisvottorð varði „veikindi og slys“ og er sú breyting í samræmi við þá meginbreytingu sem felst í frumvarpinu.

Um 3. gr.

Hér er lögð til sú grundvallarbreyting á rétti sjómanna til launa í veikindaforföllum að ekki verði lengur gert að skilyrði að viðkomandi sé óvinnufær, enda hefur það skilyrði þrengt verulega rétt sjómanna þar sem þeir geta eðli málsins samkvæmt ekki leitað sér lækninga fyrr en að lokinni veiðiferð. Þannig hefur ósérhlífni sjómanna, sem reyna að vinna störf sín til loka veiðiferðar, þrátt fyrir óumdeilanleg veikindi, leitt til brottfalls réttar til veikindalauna. Þá er lagt til að ekki verði tiltekið í 5. mgr. að vottorð læknis varði „veikindi“ eða „slys“ og er sú breyting í samræmi við þá breytingu sem lögð er til á 36. gr. Bent skal á ákvæði 3. mgr. 8. gr. laganna sem veitir útgerðarmanni rétt til að kanna hvort sá sem vill ráða sig á skip sé haldinn sjúkdómi eða meiðslum sem geri hann ófæran til að gegna skipsstörfum og á 33. gr. laganna um skyldu skipverja til að gangast undir læknisrannsókn að kröfu skipstjóra.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

11. Frumvarp til laga [11. mál]

um orku fallvatna og nýtingu hennar og um breytingu á vatnalögum, nr. 15/1923.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Ragnar Arnalds, Kristinn H. Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir, Ólafur Ragnar Grímsson, Ögmundur Jónasson, Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson.

1. gr.

Orka fallvatna landsins er eign íslenska ríkisins sem eitt hefur heimild til nýtingar hennar, sbr. þó 2. gr.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skulu óskertar heimildir þeirra sem þegar hafa virkjað fallvötn til orkuframleiðslu samkvæmt gildandi lögum. Þá haldast heimildir rétthafa til virkjunar fallvatna sem hér segir:

a. til raforkuframleiðslu allt að 200 kw.,
b. þeirra aðila sem þegar hafa hafið virkjunarframkvæmdir,
c. þeirra aðila sem virkjað hafa fallvötn til orkuframleiðslu innan 10 ára frá gildistöku laga þessara; tefjist framkvæmdir við slíka virkjun af óviðráðanlegum ástæðum lengist frestur þessi sem þeirri töf nemur.

3. gr.

Til þess að reisa og reka vatnsaflsvirkjun, sem er stærri en 200 kw., þarf leyfi ráðherra.

Nú veitir ráðherra leyfi skv. 1. mgr. þessarar greinar og skal þá líta svo á að það nái einnig til vatnsmiðlana sem nauðsynlegar eru vegna virkjunar.

4. gr.

Gera skal skipulagsáætlun sem lýsi fyrirhuguðum framkvæmdum. Áður en veitt er leyfi skv. 3. gr. skal skipulagsáætlunin hafa hlotið samþykki sveitarstjórnar þar sem það á við, svo og skipulagsstjórnar ríkisins, sbr. 4. gr. laga nr. 19/1964, að fenginni umsögn Náttúruverndarráðs, sbr. lög nr. 47/1971. Ef um er að ræða vatnsaflsvirkjun með uppsett afl meira en 10 megavött eða vatnsmiðlun þar sem meira en 5 ferkílómetrar fara undir vatn getur skipulagsstjórn krafist þess að fram fari umhverfismat á kostnað framkvæmdaraðila áður en skipulagsáætlun er samþykkt.

5. gr.

Leyfi skv. 3. gr. má binda þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru til þess að tryggja almannahagsmuni, m.a. um uppgræðslu lands í stað gróðurlendis sem fer undir uppistöðulón eða vegna gróðurspjalla sem leiðir af virkjunarframkvæmdum.

6. gr.

Nú er veitt leyfi til að reisa og reka vatnsaflsvirkjun og getur ráðherra þá heimilað leyfishafa að taka eignarnámi nauðsynleg landsvæði undir virkjunarmannvirki, þar með talið land undir vatnsmiðlanir, spennistöðvar og orkutaugar, enn fremur mannvirki er standa kunna í vegi fyrir virkjunarframkvæmdum, rétt til orkuframleiðslu allt að 200 kw., sbr. a-lið 2. gr., og annað sem nauðsynlegt er til framkvæmdar virkjunar og starfrækslu hennar.

Um eignarnámið skal fara eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.

7. gr.

Á eftir orðunum „til að vinna úr því orku“ í 1. mgr. 49. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, kemur: allt að 200 kw.

8. gr.

Um nýtingu orku og vatns fallvatna skulu að öðru leyti gilda ákvæði vatnalaga, nr. 15/1923, eftir því sem við á.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema hærri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp um sama efni var flutt á 107., 108., 116. 117. og 118. löggjafarþingi, en varð þá ekki útrætt.

Flutningsmenn tillögunnar telja að vel komi til álita að breyta viðmiðunum varðandi stærð þeirra virkjana sem heimildir þarf fyrir, sbr. 2. og 3. gr., en í frumvarpinu er miðað við gildandi ákvæði orkulaga. Mætti athuga þetta sérstaklega við endurskoðun þeirra laga.

Að mati flutningsmanna er brýnt að lögfesta ákvæði frumvarpsins út frá almennum sjónarmiðum, en einnig vegna breyttrar réttarstöðu erlendra ríkisborgara hér á landi að gerðum samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Frumvarpið var upphaflega afrakstur af starfi nefndar sem skipuð var af iðnaðarráðuneytinu í apríl 1979 til að semja „tillögu að frumvarpi til laga um að virkjunarréttur fallvatna verði þjóðareign". Stefnumörkun um þetta efni var tekin inn í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar 1. september 1978 sem studd var af Alþýðubandalagi, Alþýðuflokki og Framsóknarflokki. Áttu fulltrúar frá þessum flokkum sæti í nefndinni ásamt sérfræðingum. Nefndin skilaði áliti með bréfi dagsettu 22. september 1981 og fylgir það hér á eftir sem sérstakt fylgiskjal.

Um framhald greinargerðar og athugasemdir við einstakar greinar vísast til þskj. 179 (157. mál), bls. 1736–1742 í A-deild Alþt. 1992–93 (116. löggjafarþing). Þar sem þar er vísað í 67. gr. stjórnarskrárinnar á nú við um 72. gr., sbr. lög nr. 97/1995.

Með frumvarpinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Nefndarálit um virkjunarrétt fallvatna.

II. Álit minni hluta virkjunarréttindanefndar fallvatna.

Um samhljóða fylgiskjöl vísast til þskj. 61 (59. mál) á bls. 600–603 í A-deild Alþt. 1985–86 (108. löggjafarþing).

Um frumvarpið í heild vísast og til þingskjalsins (lausaskjalsins).

12. Frumvarp til laga [12. mál]

um jarðhitaréttindi.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Ragnar Arnalds, Kristinn H. Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir, Ögmundur Jónasson, Ólafur Ragnar Grímsson, Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson.

I. KAFLI

1. gr.

Landareign hverri, sem háð er einkaeignarrétti, fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita á og undir yfirborði hennar í allt að 100 metra dýpi.

Landeiganda er rétt að bora eftir og hagnýta sér jarðhita með þeim takmörkunum sem lög þessi tilgreina.

2. gr.

Með rétti til umráða og hagnýtingar jarðhita samkvæmt lögum þessum fylgir réttur til uppleystra efna og gastegunda sem heitu vatni og gufu fylgja.

3. gr.

Nú eiga fleiri en einn rétthafi heimild til að hagnýta jarðhita úr sama jarðhitasvæði, þannig að ekki verði aðskilið þegar hagnýtt er, og skal þá skera úr því með mati dómkvaddra matsmanna á hvern hátt hagkvæmast er að hagnýta jarðhitann og hver sé hlutfallslegur réttur hvers þeirra til hans.

Ef rétthafar verða ekki ásáttir að öðru leyti um rétt til hagnýtingar jarðhita skal á sama hátt úr því skorið með mati.

4. gr.

Nú vill jarðeigandi ekki leggja í neinn kostnað til hagnýtingar jarðhita á jörðinni og er þá ábúanda heimilt að hagnýta hann á sinn kostnað, þó þannig að hann spilli ekki jörð að neinu leyti. Ekki má byrja á verkinu fyrr en það hefur verið skoðað af matsmönnum samkvæmt ábúðarlögum og þeir talið það réttmætt. Ekki er jarðeigandi skyldur til, þegar svo stendur á sem í grein þessari segir, við brottför ábúanda að innleysa þau mannvirki er ábúandi hefur gert til hagnýtingar jarðhita, önnur en þau sem gerð hafa verið til heimilis- og búsþarfa.

5. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja landareign sinni jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra, sbr. þó 3. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65/1976. Um sölu jarða, er jarðhitaréttindi fylgja, fer eftir ákvæðum jarðalaga, þó þannig að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt að þeim aðilum frágengnum sem hann er veittur með þeim lögum. Nú hefur sveitar- eða bæjarfélag notað forkaupsrétt sinn til slíkra jarðeigna, en selur aftur, og skal þá ríkissjóður eiga forkaupsrétt er svo stendur á.

II. KAFLI

6. gr.

Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur dýpra en 100 metra undir yfirborði landareigna skv. 1. mgr. 1. gr.

Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur utan landareigna skv. 1. mgr. 1. gr.

7. gr.

Óheimilt er að bora eftir eða hagnýta jarðhita skv. 6. gr., nema með leyfi ráðherra skv. 9. eða 10. gr.

8. gr.

Sá sem borað hefur eftir jarðhita og byrjað hagnýtingu hans með réttri heimild fyrir 1. janúar 1996 hefur rétt til notkunar þess jarðhita áfram án sérstaks leyfis og án greiðslu leyfisgjalds skv. 12. gr. Hann skal og hafa forgangsrétt til frekari borana og hagnýtingar jarðhitans á því jarðhitasvæði til sama fyrirtækis.

9. gr.

Ráðherra getur veitt íslenskum aðilum leyfi til rannsókna, þar með taldar boranir á afmörkuðum jarðhitasvæðum hvar sem er á landi hér. Slík leyfi nefnast jarðhitarannsóknaleyfi og skulu vera til fyrir fram ákveðins tíma.

10. gr.

Ráðherra getur veitt íslenskum aðilum leyfi til nýtingar jarðhita á afmörkuðu jarðhitasvæði hvar sem er á landi hér. Slík leyfi kallast jarðhitaleyfi.

Rétt er ráðherra að krefjast þess að umsóknum um leyfi skv. 9. og 10. gr. fylgi ítarlegar upplýsingar um umsækjandann, fyrirhugaðar rannsóknir hans og jarðhitanýtingu.

11. gr.

Sveitarfélag, sem á land á jarðhitasvæði við gildistöku laga þessara, skal hafa forgangsrétt til jarðhitarannsóknaleyfis og jarðhitaleyfis skv. 9. og 10. gr. á landi sínu og vera undanþegið leyfisgjaldi skv. 12. gr.

12. gr.

Í leyfi skv. 9. og 10. gr. skulu greind þau skilyrði sem leyfishafa eru sett, þar á meðal um gildistíma leyfis, skýrslugjöf leyfishafa, skyldu hans til að hlíta eftirliti og greiða kostnað af því, um öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir og greiðslu leyfisgjalds.

Við ákvörðun leyfisgjalds skal m.a. taka tillit til verðmætis orkunnar fyrir leyfishafa eða notanda, kostnaðar við orkuöflun með öðrum hætti, svo og kostnaðar við öflun og afhendingu orkunnar til notanda.

Áður en leyfi skv. 9. og 10. gr. er veitt skal leita umsagnar Orkustofnunar. Jafnframt skal leita umsagnar Náttúruverndarráðs skv. 29. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd.

13. gr.

Ráðherra getur heimilað þeim sem fengið hefur leyfi skv. 9. eða 10. gr. að taka eignarnámi lönd, mannvirki, rétt til jarðhita skv. 1. mgr. 1. gr. og önnur verðmæti og réttindi sem nauðsynleg eru til rannsókna og nýtingar jarðhitans, þar með talin dreifing jarðvarmans.

Ráðherra getur enn fremur heimilað að jarðhiti sé tekinn eignarnámi í vinnsluskyni eða til að afstýra því að borun á jarðhitasvæði spilli verðmæti hagnýtingar sem hafin er á jarðhita í námunda við svæðið.

Um eignarnám samkvæmt þessari grein skal fara að lögum um framkvæmd eignarnáms og 140. gr. vatnalaga, nr. 15/1923.

14. gr.

Til rannsókna, hagnýtingar eða hvers konar ráðstöfunar á jarðhita á jörðum í opinberri eigu og öðru ríkiseignalandi þarf leyfi ráðherra skv. 9. eða 10. gr., sbr. þó 2. mgr. 4. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, og 3. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65/1976.

III. KAFLI

15. gr.

Óheimilt er að spilla jarðhitasvæðum hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti, svo og að breyta farvegi þess vatns er frá jarðhitasvæði rennur, nema talið sé nauðsynlegt að mati dómkvaddra matsmanna til varnar landi eða landsnytjum eða til þeirrar hagnýtingar jarðhita sem heimil er að lögum.

16. gr.

Mannvirki öll til hagnýtingar jarðhita skulu þannig úr garði gerð að af þeim stafi hvorki hætta né veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns nema skylt sé að hlíta samkvæmt sérstakri heimild.

17. gr.

Skylt er umráðamanni að girða jarðhitasvæði sem hætta stafar af. Þó skal nægilegt að merkja slík svæði sem eru fjarri byggð með aðvörunarmerkjum.

18. gr.

Við allar jarðboranir dýpri en 10 metra skal halda dagbók er gefi upplýsingar um jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa kemur í holuna, hitastig og hvað annað sem reglugerð ákveður eða Orkustofnun mælir fyrir um að færa skuli í dagbók.

Skylt er að láta Orkustofnun í té afrit af dagbók þegar hún óskar þess. Hún getur einnig krafist þess að boranir og berg- og jarðvegssýnishorn séu varðveitt.

Ef Orkustofnun mælir svo fyrir er þeim sem lætur bora skylt að tilkynna henni þegar í stað er heitt vatn eða gufa kemur eða vex í borholu.

19. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

20. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi III. og VII. kafli orkulaga, nr. 58/1967.

Greinargerð.

Hliðstætt frumvarp hefur oft áður verið flutt af þingmönnum Alþýðubandalagsins en ekki verið útrætt. Það var fyrst lagt fram á 105. löggjafarþingi 1983 og þá sem stjórnarfrumvarp.

Á 113. löggjafarþingi fjallaði iðnaðarnefnd neðri deildar allítarlega um frumvarpið, en ekki vannst tími til að afgreiða það frá nefndinni. Iðnaðarnefnd barst m.a. erindi frá iðnaðarráðuneytinu 26. nóvember 1990 með tillögum um breytingar á frumvarpinu ásamt athugasemdum og er það birt sem fylgiskjal.

Frumvarp samhljóða þessu frumvarpi var lagt fram á ný snemma á 117. löggjafarþingi. Iðnaðarnefnd, sem fékk málið til umfjöllunar, taldi rétt að hinkra við með efnislega umfjöllun þar eð fram kom hjá fulltrúa iðnaðarráðuneytis að í ráðuneytinu væri verið að ljúka vinnu við stjórnarfrumvarp um sama efni og væri stefnt að því að leggja það fyrir þingið. Það frumvarp kom hins vegar ekki fram þrátt fyrir ákvæði í málefnasamningi stjórnarflokkanna. Þá var frumvarpið lagt fram á 118. löggjafarþingi.

Lögfesting fyrirliggjandi frumvarps eða annarra hliðstæðra ákvæða er brýnni nú en nokkru sinni fyrr vegna samningsins um Evrópskt efnahagssvæði sem meiri hluti á Alþingi samþykkti í ársbyrjun 1993.

Hvati að undirbúningi þessa frumvarps fyrir meira en áratug var m.a. ákvæði í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar frá 1. september 1978 þess efnis að djúphiti í jörðu skuli vera þjóðareign.

Eins og fram kemur síðar í greinargerðinni hafa ýmsar tilraunir verið gerðar til að setja heildarlög um jarðhita allt frá árinu 1937 að telja. Í tíð ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar 1971–1974 beitti Magnús Kjartansson, þáverandi iðnaðarráðherra, sér fyrir flutningi frumvarps til laga um breytingu á orkulögum, nr. 58/1967, varðandi rétt ríkisins til umráða og hagnýtingar jarðhita á háhitasvæðum. Var frumvarp um þetta efni flutt sem stjórnarfrumvarp á þingunum 1972 og 1973 og á sumarþinginu 1974 og síðan af Magnúsi Kjartanssyni o.fl. sem þingmannafrumvarp þrívegis 1974–76, en hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu.

Frumvarp það, sem hér er flutt, er víðtækara þar eð það tekur til alls jarðhita hvort sem um er að ræða svonefnd lághita- eða háhitasvæði.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfestar verði reglur um umráðarétt og hagnýtingarrétt jarðhita. Lagt er til að landeigendur hafi umráð jarðhita á yfirborði landsins og undir því í 100 metra dýpi, en umráð alls annars jarðhita, hvort sem er á landsvæðum sem ekki eru háð einkaeignarrétti eða undir yfirborði einkaeignarlanda í meira en 100 metra dýpi, skulu vera í höndum ríkisins, þ.e. almannaeign.

Þá er lagt til að ráðherra veiti leyfi til rannsókna, borana og hagnýtingar jarðhita sem er almannaeign samkvæmt lögunum og sett verði reglugerð með nánari fyrirmælum um framkvæmd laganna, þar á meðal um umsóknir um jarðhitaleyfi og jarðhitarannsóknaleyfi svo og leyfin sjálf, en í þeim er eðlilegt að ákveða leyfisgjöld sem leyfishafi greiðir þegar við á.

Enn fremur er lagt til að þeir sem þegar hafa borað eftir jarðhita dýpra en 100 metra í einkaeignarlandi skuli halda rétti sínum til nýtingar jarðhitans án sérstaks leyfis og án greiðslu leyfisgjalds. Slíkir aðilar skulu og hafa forgangsrétt til frekari nýtingar á jarðhitasvæðinu, þó ekki til nýrra fyrirtækja.

Lagt er til að sveitarfélög, sem land eiga á jarðhitasvæði við gildistöku laganna, skuli hafa forgang að nýtingu jarðhitans á landi sínu og vera undanþegin leyfisgjaldi.

Þá er með frumvarpinu lagt til að veitt verði heimild til eignarnáms vegna rannsókna,

borunar og vinnslu jarðhita. Loks eru tekin upp í frumvarp þetta núverandi ákvæði orkulaga, nr. 58/1967, um vinnslu jarðhita og verndun jarðhitasvæða, ásamt smávægilegum breytingum.

Um framhald greinargerðar, athugasemdir við einstakar greinar og fylgiskjal vísast til þskj. 71 (69. mál), bls. 929–943 í A-deild Alþt. 1992–93 (116. löggjafarþing). Þar sem þar er vísað í 67. gr. stjórnarskrárinnar á nú við um 72. gr., sbr. lög nr. 97/1995, og ártal breytist á einum stað í textanum í athugasemdum við 8. gr. þar sem 1996 kemur í stað 1988.

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Erindi frá iðnaðarráðuneytinu til iðnaðarnefnda Alþingis 26. nóvember 1990 um frumvarp til laga um jarðhitaréttindi.

Um frumvarpið í heild vísast og til þingskjalsins (lausaskjalsins).

13. Frumvarp til laga [13. mál]

um réttarstöðu kjörbarna og foreldra þeirra.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Sigríður A. Þórðardóttir.

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 57/1987, um fæðingarorlof.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist: eða ættleiðingar.

2. gr.

Við 3. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Ef barn, sem ættleiða á, er sótt til útlanda er ættleiðandi móður heimilt að hefja töku fæðingarorlofs við upphaf ferðar, enda hafi viðkomandi yfirvöld eða stofnun staðfest að hún fái barn til ættleiðingar.

3. gr.

Orðin „Ættleiðandi foreldrar“ og orðin „eða leyfi til ættleiðingar eftir því sem við á“ í 5. gr. laganna falla brott.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar.

4. gr.

2. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Sömu réttarstöðu hafa stjúpbörn og kjörbörn þegar eins stendur á. Þó skal ekki greiddur barnalífeyrir vegna fráfalls eða örorku stjúpforeldris ef barnið á framfærsluskylt foreldri á lífi.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Fæðingarstyrkur skal vera 25.090 kr. á mánuði í sex mánuði og greiðast móður við hverja fæðingu barns, eða frumættleiðingu, enda eigi hún lögheimili hér á landi og hafi átt síðustu 12 mánuðina á undan, sbr. þó 2. mgr. Hefja má greiðslu fæðingarstyrks allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag sem staðfestur skal með læknisvottorði. Sé barn sótt til útlanda til ættleiðingar er verðandi móður heimilt að hefja töku fæðingarstyrks við upphaf ferðar, enda hafi viðkomandi yfirvöld eða stofnun staðfest að hún fái barn til ættleiðingar.

b. Á eftir orðunum „ef fleiri fæðast“ í 1. málsl. 5. mgr. kemur: eða eru ættleidd.

c. Orðin „ættleiðandi foreldri“ og orðin „eða leyfi til ættleiðingar eftir því sem við á“ í 6. mgr. falla brott.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „fyrir fæðinguna“ í 1. málsl. a-liðar kemur: eða frumættleiðinguna.

b. Á eftir orðunum „eftir fæðingu“ í 1. málsl. f-liðar kemur: eða ættleiðingu.

c. Orðin „Ættleiðandi foreldrar“ í m-lið falla brott.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

7. gr.

2. málsl. 2. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Kjörbarn þeirra skapar sama rétt.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 50/1984, um lífeyrissjóð bænda.

8. gr.

3. málsl. 1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Kjörbarn þeirra skapar sama rétt.

V. KAFLI

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrir tilstilli Íslenskrar ættleiðingar og dómsmálaráðuneytisins, auk einstaklinga, hafa á undanförnum tveimur áratugum opnast leiðir til að ættleiða börn frá útlöndum. Ættleiðingum hefur því fjölgað talsvert og hafa þær fært fjölda manna ómælda hamingju. Andi gildandi laga er ótvírætt í þá veru að réttarstaða kjörbarna og kjörforeldra sé hin sama og kynforeldra og barna þeirra. Nægir að vísa um það til 15. gr. ættleiðingarlaganna, nr. 15 frá 8. maí 1978. Öll siðferðileg rök mæla einnig gegn því að löggjafinn mismuni börnum og foreldrum þeirra eftir því hvort um kjörbarn er að ræða eða ekki.

Í lögum um fæðingarorlof og lögum um almannatryggingar er þó að finna ákvæði sem takmarka rétt kjörforeldra miðað við kynforeldra og í lögum um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda og Lífeyrissjóð bænda njóta kjörbörn ekki að öllu leyti sömu réttarstöðu og börn kynforeldra. Sum þessara ákvæða eru að mati flutningsmanna röng frá siðferðilegum sjónarhóli

og önnur úrelt í ljósi þróunar ættleiðinga á síðustu áratugum. Með þessu frumvarpi er lagt til að staða kjörbarna og kjörforeldra verði að öllu leyti hin sama í lögum og staða annarra barna og foreldra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Fæðingarorlof er skilgreint í 1. gr. laga nr. 57 frá 31. mars 1987 sem leyfi frá launuðum störfum vegna meðgöngu eða fæðingar. Tilgangur frumvarpsins er að ættleiðing skapi sama rétt og fæðing gagnvart hinu opinbera. Í þeim anda er lagt til að skilgreiningu greinarinnar á fæðingarorlofi verði breytt þannig að hún nái einnig yfir ættleiðingu barns. Af breytingunni leiðir að ákvæði 2. gr. laganna mun einnig gilda um foreldra sem ættleiða barn og við það verður fæðingarorlof þeirra jafnlangt orlofi kynforeldra og lengist úr fimm mánuðum í sex mánuði.

Reglur um fæðingarorlof voru upphaflega lögfestar til að gera móðurinni kleift að ná sér eftir fæðingu en jafnframt til að veita uppalendum tóm til að skapa traust tengsl milli sín og barnsins í frumbernskunni. Æ fleiri rannsóknir hafa leitt í ljós að þessi tengsl eru hin mikilvægustu sem einstaklingurinn myndar á lífsleiðinni. Sú staðreynd liggur ekki síst til grundvallar hugmyndum um lengingu fæðingarorlofs sem njóta vaxandi fylgis hér og erlendis. Ekki þarf að rökstyðja að ættleitt barn þarfnast þessara nánu tengsla a.m.k. í jafnríkum mæli og barn sem er alið upp af kynmóður sinni.

Um 2. gr.

Samkvæmt 3. gr. laganna um fæðingarorlof er verðandi móður heimilt að hefja töku fæðingarorlofs allt að mánuði fyrir fæðingu. Ættleiðingar Íslendinga hafa þróast með þeim hætti að yfirgnæfandi meiri hluti kjörbarna kemur frá útlöndum, langoftast úr öðrum heimsálfum. Móðir, sem ættleiðir barn, á þó ekki kost á að hefja orlofið fyrr en barnið er komið til landsins. Eigi að síður þurfa verðandi foreldrar í langflestum tilvikum að dveljast talsverðan tíma í viðkomandi landi uns ættleiðingu fyrir þarlendum dómstólum er lokið. Fjögurra vikna dvöl er til dæmis lágmark í Kólumbíu, en sex til átta vikna dvöl er algeng. Í löndum á borð við Brasilíu getur hún orðið allt að þremur mánuðum. Kostnaðurinn við ættleiðingar er því mikill vegna ferðalaga og vinnutaps. Það er því sanngirnismál og í jafnréttisanda frumvarpsins að lagt er til að þær mæður, sem ættleiða barn, eigi kost á því að hefja töku fæðingarorlofs mánuði áður en ættleiðingarferillinn getur hafist hér á landi. Með því öðlast þær sama rétt og kynmæður.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Í 14. gr. laga um almannatryggingar er réttur til barnalífeyris vegna kjörbarns skertur miðað við börn kynforeldra. Gerð er krafa um að barnið hafi verið á framfæri kjörforeldris í a.m.k. tvö ár fyrir fráfall þess eða örorku til að réttur skapist. Engin slík krafa er gerð varðandi börn kynforeldra. Frumvarpsgreinin gerir ráð fyrir að þessi mismunun verði numin brott úr lögum.

Um 5. gr.

Sömu rök eiga við um a-lið og koma fram í skýringum við 2. gr. frumvarpsins.

Í 15. gr. laganna um almannatryggingar er mælt fyrir um að greiðsla fæðingarstyrks framlengist um einn mánuð við hvert barn sem fæðist umfram eitt. Með b-lið er lagt til að sami réttur skapist þegar fleiri en eitt barn eru ættleidd í einu.

Um 6. gr.

Í 16. gr. laga um almannatryggingar er heimilað að faðir geti einnig notið fæðingardagpeninga að vissum skilyrðum uppfylltum. Í b-lið er lagt til að ættleiðandi faðir njóti sama réttar.

Um 7. og 8. gr.

Samkvæmt 12. gr. laga um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda og 11. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda skapar kjörbarn ekki sama rétt og barn kynforeldra til makalífeyris við fráfall sjóðfélaga, nema ættleiðing hafi átt sér stað:

a. áður en sjóðfélagi náði 60 ára aldri;
b. áður en hann missti starfsorkuna;
c. að minnsta kosti einu ári áður en hann lést.

Engin rök eru fyrir þessari misjöfnu stöðu. Með frumvarpsgreinunum er lagt til að kjörbarn skapi foreldrum sínum nákvæmlega sama rétt og börn kynforeldra.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

14. Frumvarp til laga [14. mál]

um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36 5. maí 1986, með síðari breytingum.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Össur Skarphéðinsson,
Guðmundur Árni Stefánsson.

1. gr.

1. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:

Seðlabankinn hefur eftirlit með því að lánastofnanir og aðrar fjármálastofnanir hagi starfsemi sinni í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir eða það sem telja má eðlilega viðskiptahætti, nema eftirlitið sé falið öðrum með lögum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „innlánsstofnana“ í 1. málsl. kemur: og annarra fjármálastofnana.
b. Á eftir orðinu „Innlánsstofnunum“ í 2. málsl. kemur: og öðrum fjármálastofnunum.

3. gr.

Á eftir orðunum „innlánsstofnun“ og „innlánsstofnunar“ í 1. og 2. málsl. 15. gr. laganna kemur: og aðrar fjármálastofnanir, og: og annarra fjármálastofnana.

4. gr.

Á eftir orðinu „innlánsstofnanir“ í 1. málsl. 16. gr. laganna kemur: eða aðrar fjármálastofnanir.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „innlánsstofnun“ í 1. mgr. kemur: og aðrar fjármálastofnanir.
b. Á eftir orðinu „innlánsstofnunar“ í 2. og 3. mgr. kemur: eða annarrar fjármálastofnunar.
c. Á eftir orðinu „innlánsstofnun“ í 1. og 5. málsl. 4. mgr. kemur: eða annarri fjármálastofnun.
d. Á eftir orðinu „innlánsstofnun“ í 1. málsl 5. mgr. kemur: eða fjármálastofnun.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1996.

Greinargerð.

Lengi hefur staðið til að framkvæma heildarendurskoðun á lögum um Seðlabanka Íslands. Álitaefni við slíka heildarendurskoðun eru mörg og því hefur dregist úr hömlu að endurskoðuð lög um starfsemi og hlutverk Seðlabanka Íslands hafi verið lögð fyrir Alþingi. Án efa mun það taka talsverðan tíma til viðbótar að ná sáttum um tillögugerð um slíka heildarendurskoðun.

Sum atriði í þeirri endurskoðun á starfi og hlutverki Seðlabanka Íslands, sem nauðsynlegt er að fari fram, eru þó þess eðlis að um þau ætti ekki að þurfa að vera ágreiningur. Þar má m.a. nefna þörfina sem er á því að efla starfsemi þeirrar deildar bankans sem nú fer með eftirlit gagnvart innlánsstofnunum og að hluta til gagnvart öðrum fjármálastofnunum og er þar átt við bankaeftirlit Seðlabanka Íslands. Þær breytingar, sem þarf að gera á starfsemi og hlutverki bankaeftirlitsins, eru tvíþættar. Annars vegar þarf að endurskoða skipulagsmál bankaeftirlitsins, hugsanlega með því að sameina það Vátryggingaeftirlitinu, sem hefur hliðstæðum verkefnum að sinna, og gera að sjálfstæðri stofnun eða auka sjálfstæði bankaeftirlitsins innan Seðlabanka Íslands. Hins vegar þarf að auka eftirlitshlutverk bankaeftirlitsins með öðrum fjármálastofnunum en innlásstofnunum, svo sem lífeyrissjóðunum sem nú eru orðnir stærstu fjármálastofnanir landsins með rúmlega 40 milljarða kr. ráðstöfunarfé á ári. Sjóðir þessir sækja í síauknum mæli á innlendan og erlendan fjárfestingarmarkað og nýleg dæmi um fjármálaráðstafanir einstakra lífeyrisstjóða sýna berlega nauðsyn þess að eftirlit með fjárfestingarstarfsemi þeirra verði aukið og eflt því ómetanlegir hagsmunir sjóðfélaga eru í húfi. Ástæðulaust er að rifja upp dæmi um mistök í fjárfestingum lífeyrissjóða og ráðstafanir á fjármunum án tilskilinna heimilda en flutningsmönnum er kunnugt um fleiri dæmi slíks en komið hafa fram í opinberri umræðu og jafnframt um viðvaranir bankaeftirlitsins og ábendingar til forráðamanna lífeyrissjóða sem bankaeftirlitið hefur ekki getað fylgt eftir á sama hátt og gagnvart öðrum stofnunum, oft vegna óljósra laga- og reglugerðarákvæða sem um starfsemina gilda en ekki síður vegna takmarkaðs gildissviðs laga um lífeyrissjóði.

Í frumvarpi þessu eru ekki gerðar tillögur um endurskoðun á stöðu eða skipulagi bankaeftirlitsins, og bíður það síns tíma, heldur snúa tillögur í frumvarpinu eingöngu að því að bankaeftirlitið fái lagastoð til þess að sinna eftirlitshlutverki með öðrum fjármálastofnunum en innlánsstofnunum með sama hætti og bankaeftirlitið fylgist nú með starfsemi innlánsstofnana. Með „öðrum fjármálastofnunum“ er hér fyrst og fremst átt við lífeyrissjóðina og hlutabréfasjóði en þar fer bankaeftirlitið nú með mjög takmarkað eftirlitshlutverk. Með lögum um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða, nr. 27/1991, er bankaeftirlitinu þannig aðeins falið að yfirfara ársreikninga og endurskoðunarskýrslur lífeyrissjóða nánast í þeim tilgangi einum að stuðla að samræmingu slíkra upplýsinga. Í krafti þeirra laga getur bankaeftirlitið komið athugasemdum og ábendingum á framfæri við stjórnendur lífeyrissjóða og hefur gert það en auk þess hafa fjármálaráðherra og viðskiptaráðherra verið sendar slíkar umsagnir. Bankaeftirlitið getur hins vegar ekki að óbreyttum lögum fylgt athugasemdum sínum eftir og tæplega gert vettvangsathuganir hjá lífeyrissjóðum og alls ekki hjá hlutabréfasjóðum með sama hætti og gagnvart innlánsstofnunum. Með hliðsjón af hversu umfangsmikil fjárfestingarstarfsemi þessara fjármálastofnana annarra en innlánsstofnana er orðin, að hún fer stöðugt vaxandi, að starfsemi þessara aðila getur skipt sköpum fyrir þýðingarmikil kjaraleg atriði fjölda fólks eins og lífeyrisréttindi þess eru og að ítrekuð mistök og vafasamar ráðstafanir hafa komið í ljós ber brýna nauðsyn til þess að mati flutningsmanna að nú þegar verði bankaeftirlitinu falið með lögum að annast eftirlit með starfsemi þessara stofnana á sama hátt og á sér stað gagnvart innlánsstofnunum. Flutningsmenn telja að það atriði eigi ekki að bíða heildarendurskoðunar á lögum um Seðlabanka Íslands eða á lífeyriskerfinu á Íslandi sem getur tekið mörg ár eins og reynslan sýnir.

15. Tillaga til þingsályktunar [15. mál]

um fullgildingu á alþjóðasamþykkt nr. 156, um starfsfólk með fjölskylduábyrgð.

Flm.: Rannveig Guðmundsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni fyrir Íslands hönd að fullgilda samþykkt nr. 156, um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, sem gerð var á 67. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) í Genf 23. júní 1981.

Greinargerð.

Á liðnum árum hefur af og til komið upp umræða um gildi þess að Ísland fullgildi samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156. Ályktað hefur verið um málið, fyrirspurn komið fram á Alþingi og samstarfsnefnd félagsmálaráðuneytisins um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hefur tekið spurninguna til efnislegrar umfjöllunar.

Alþjóðasamþykkt nr. 156 ber yfirskriftina Samþykkt um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu: Starfsfólk með fjölskylduábyrgð. Samþykktin var afgreidd af 67. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 1981. Jafnframt var tillaga með nánari útfærslu á efni samþykktarinnar samþykkt. Í samþykktinni felast skuldbindingar og má þar m.a. nefna að stjórnvöld skulu setja sér þau markmið

— að auðvelda fólki með fjölskylduábyrgð sem er í vinnu eða hyggur á að gegna launuðu starfi að ná fram þeim rétti sínum,
— að auðvelda starfsmönnum sem bera ábyrgð á fjölskyldu að hagnýta rétt sinn til að velja starf við hæfi,
— að taka tillit til þarfa þeirra að því er varðar kjör, vinnuskilyrði og félagslegt öryggi,
— að við skipulagningu á þjónustu sveitarfélaga skuli tekið tillit til þarfa starfsfólks með fjölskylduábyrgð, t.d. hvað varðar barnagæslu og fjölskylduaðstoð,
— að glæða skilning á meginreglunni um sömu möguleika og jafnrétti til handa vinnandi konum og körlum, m.a. með kynningarstarfi,
— að gera ráðstafanir á sviði starfsmenntunar til að gera starfsmönnum með fjölskylduábyrgð kleift að hefja og halda áfram þátttöku í atvinnulífinu, svo og að eiga afturkvæmt á vinnumarkað eftir fjarveru vegna þessarar ábyrgðar,
— að tryggja að fjölskylduábyrgð sem slík skuli ekki vera gild ástæða uppsagnar úr starfi.

Einnig er fjallað um með hvaða hætti aðildarríkin geti hrundið samþykktinni í framkvæmd, með lögum, reglugerðum, kjarasamningum, starfsreglum, gerðardómum, dómsúrskurðum eða á annan hátt sem venjur og hefðir í landinu gera mögulegt.

Kaflinn hefur að geyma áherslu á mikilvægi fjölskyldunnar sem grunneiningar samfélagsins. Vakin er athygli á því að þess vegna verðskuldar hún að stjórnvöld hlúi að henni með skipulögðum hætti með því að setja fram stefnu í málefnum hennar.

Lögð er áhersla á að gerð fjölskyldna er ólík og að stjórnvöld geri ekki upp á milli fjölskyldugerða og að þær njóti jafnræðis. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á skilgreiningu landsnefndar um Ár fjölskyldunnar á fjölskyldunni en hún er svohljóðandi: „Fjölskyldan er hópur einstaklinga sem á sameiginlegt heimili þar sem þeir deila tómstundum, hvíld, tilfinningum, efnahag, ábyrgð og verkefnum. Meðlimir eru oftast fullorðnar manneskjur af báðum kynjum, eða einstaklingur, ásamt barni eða börnum (þeirra). Þeir eru skuldbundnir hver öðrum í siðferðilegri gagnkvæmri hollustu.“

Í annarri málsgrein er fjallað um markmið fjölskyldustefnu sem er að styðja og styrkja fjölskylduna í verkefnum sínum. Sérstaða fjölskyldunnar sem félagslegar einingar er fólgin í því að hver einasti einstaklingur hefur frá fæðingu lifað og hrærst í fjölskylduumhverfi. Einstakir fjölskyldumeðlimir og fjölskyldan sem eining eiga samskipti við samfélagið og einstakar stofnanir þess. Þessi margþættu og órjúfanlegu tengsl fjölskyldu og samfélags valda því að það eru nánast engin takmörk sett fyrir umfangi þeirra viðfangsefna sem fjölskyldustefna tekur til. Þess vegna hlýtur það að vera breytilegt frá einum tíma til annars hvaða viðfangsefni og áherslur í fjölskyldumálum eiga við. Ræðst það m.a. af almennum sjónarmiðum, hugmyndum um forgangsröðun verkefna og breytilegum aðstæðum fjölskyldunnar.

Þótt áherslur í fjölskyldustefnu hljóti að vera breytilegar frá einum tíma til annars eru vissar meginforsendur sem eðlilegt er að gengið sé út frá. Lúta þær ekki síst að þeim siðferðilega mælikvarða sem fjölskyldunni tengist og ætla verður að almennt sé sátt um. Í þriðju málsgrein eru fjögur atriði tilgreind og varða tvö þau fyrri grundvallarhlutverk fjölskyldunnar: fjölskylduna sem tilfinningalegt athvarf einstaklinga annars vegar og umönnunar- og uppeldishlutverk fjölskyldunnar hins vegar. Tvö síðari undirstöðuatriðin varða virðingu fyrir sjálfstæðum réttindum hvers einstaklings innan fjölskyldunnar og jafnrétti kvenna og karla.

Um II. kafla.

Kaflinn hefur að geyma skrá yfir þau viðfangsefni sem að mati landsnefndar um Ár fjölskyldunnar eru einkar mikilvæg við mótun fjölskyldustefnu líðandi stundar. Þannig eru þau hugsuð sem leiðsögn en ber ekki að líta á þau sem tæmandi úttekt. Jafnframt er ástæða til að leggja áherslu á að enda þótt um sé að ræða viðfangsefni sem hafa tiltekin markmið verður nánari útfærsla þeirra og framkvæmd háð stjórnmálalegum ákvörðunum.

Þau viðfangsefni, sem fjallað er um í þessum kafla, eru fæst ný og hafa flest verið til umræðu oft áður. Hins vegar hefur sjaldan verið gerð tilraun til að fjalla um þau út frá heildarsýn. Viðfangsefnin skýra sig að mestu sjálf. Viðfangsefni 2.1–2.3 eru almenns eðlis og lúta einkum að því að styrkja fjölskylduna til að sinna verkefnum sínum, ekki síst hvað varðar börn. Viðfangsefni 2.4–2.7 fjalla um atriði sem beinast að því að treysta farsæld fjölskyldunnar, einkum öryggi og afkomu. Viðfangsefni 2.8–2.11 víkja að stuðningi við fjölskyldur sem verðskulda að þeim sé gefinn gaumur vegna þarfa fyrir sérstakan stuðning (fatlaðir, aldraðir) eða vegna þess að staða þeirra er veik og hana þarf að styrkja (nýbúar, samkynhneigðir). Viðfangsefni 2.12–2.14 taka til þeirra þátta sem einkum ógna velferð fjölskyldunnar eða einstakra fjölskyldumeðlima, svo sem samskiptaerfiðleika, ofbeldis eða fíkniefnaneyslu. Loks miða viðfangsefni 2.15–2.16 að því að efla skilning á mikilvægi fjölskyldunnar, virðingu fyrir ólíkum fjölskyldugerðum og þörf fyrir rannsóknir í fjölskyldumálum.

Um III. kafla.

Í þessum kafla eru lagðar fram tvær tillögur um aðgerðir af hálfu stjórnvalda: undirbúin sé lagasetning um stofnun fjölskylduráðs annars vegar og sjóðs um fjölskylduvernd hins vegar.

Hugsunin, sem liggur að baki fjölskylduráði ríkisins, er að stjórnvöld á hverjum tíma hafi aðgang að ráðgjafarnefnd sem sé þeim til ráðuneytis í málefnum fjölskyldunnar. Jafnframt er fjölskylduráðinu ætlað að hafa frumkvæði að því að vekja athygli á æskilegum úrbótum er varða fjölskylduna og viðhalda umræðu um stöðu hennar í samfélaginu. Þetta skal m.a. gera með því að hvetja einkaaðila og félagasamtök til að láta málefni fjölskyldunnar til sín taka og jafnframt að stuðla að rannsóknum á högum og aðstæðum íslenskra fjölskyldna.

Rétt er að leggja sérstaka áherslu á að fjölskylduráðinu er ætlað að gera tillögur að framkvæmdaáætlun í fjölskyldumálum í samráði við einstök ráðuneyti, sambærilega við þá sem gerð hefur verið í jafnréttismálum. Þannig er ráðinu ætlað að hafa heildarsýn yfir málefni fjölskyldunnar og er hér um mjög mikilvægt atriði að ræða því eins og fyrr er getið um deilast verkefnin ýmist á ólík fagráðuneyti eða á milli ríkis og sveitarfélaga.

Gert er ráð fyrir að fjölskylduráðið skipi allt að fimm menn sem kosnir séu hlutfallskosningu af Alþingi, a.m.k. að hluta. Til greina kemur t.d. að Háskóli Íslands tilnefni mann í ráðið í því skyni að treysta fræðilegan grunn ráðsins, svo og að auðvelda því að sinna rannsóknarhlutverki sínu. Þá er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra skipi formann og að fjölskylduráðið starfi á vegum félagsmálaráðuneytis. Slík ráðstöfun felur í sér að félagsmálaráðherra og félagsmálaráðuneytið beri meiri ábyrgð en aðrir handhafar framkvæmdarvaldsins á málefnum fjölskyldunnar.

Stofnun sjóðs, sem hafi það hlutverk að stuðla að og styrkja þróunarverkefni og rannsóknir á sviði fjölskyldumála, er mjög tímabær. Afar fáar rannsóknir hafa verið gerðar á högum íslenskra fjölskyldna. Sameinuðu þjóðirnar hafa lagt mikla áherslu á þetta atriði í tilmælum sínum til aðildarríkjanna á Ári fjölskyldunnar. Af þessu tilefni ákvað landsnefndin að verja stærstum hluta þess fjármagns sem nefndin hafði til ráðstöfunar til viðamikillar rannsóknar á aðstæðum íslenskra barnafjölskyldna. Niðurstöður hennar munu birtar fljótlega.

Mikið skortir á að fjölskyldur eigi aðgang að nauðsynlegri þjónustu, einkum á sviði fjölskylduráðgjafar. Fjölskylduráðgjöf miðar að því að styðja fjölskylduna á álagstímum og tekur hún m.a. til ráðgjafar í uppeldismálum, samskiptaerfiðleikum og skilnaðarmálum. Á fjárlögum ársins 1994 var af tilefni Árs fjölskyldunnar veitt fé til fjölskylduþjónustu. Að tilmælum landsnefndarinnar var stærstum hluta þess fjármagns veitt til tilraunaverkefna í fjölskylduráðgjöf á vegum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og í Eyjafirði. Mjög æskilegt er að framhald verði á þessum stuðningi og að hann taki til samvinnuverkefna fleiri sveitarfélaga.

Með þingsályktunartillögunni var fylgiskjal: Lokaskýrsla landsnefndar um ár fjölskyldunnar 1994 (félagsmálaráðuneytið, janúar 1995).

Um fylgiskjalið vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

17. Fyrirspurn [17. mál]

til heilbrigðisráðherra um glasafrjóvgun.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hver er meðalaldur foreldra sem eignast fyrsta barn sitt fyrir tilstilli glasafrjóvgunar hér á landi?
2. Hver er meðalaldur annarra foreldra við fæðingu fyrsta barns?

Skriflegt svar óskast.

18. Fyrirspurn [18. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um aðstoð við ættleiðingar.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

Hvaða fjárhagsaðstoð veitir almannatryggingakerfið foreldrum í tengslum við ættleiðingar:

a. á Íslandi,
b. annars staðar á Norðurlöndum?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Í lögum nr. 46 6. maí 1993, um heimild til að fullgilda Norðurlandasamning um almannatryggingar, er umræddur samningur birtur sem fylgiskjal. Í 2. gr. I. hluta samningsins er tekið fram að við samþykkt samningsins skuli sérhvert samningslandanna leggja fram skrá yfir gildandi löggjöf um þær greinar félagslegs öryggis sem samningurinn tekur til. Síðan skuli löndin árlega taka saman yfirlit yfir breytingar á viðkomandi lögum og senda danska utanríkisráðuneytinu. Í 2. gr. eru bætur vegna ættleiðinga sérstaklega nefndar.

Þær upplýsingar sem beðið er um í fyrirspurninni eru því þegar til reiðu á einum stað.

Í d-lið 1. gr. I. hluta Norðurlandasamningsins segir að á Íslandi fari heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra með mál sem heyra undir samninginn. Fyrirspurninni er beint til heilbrigðisráðherra þar sem almannatryggingar heyra þar undir.

19. Fyrirspurn [19. mál]

til sjávarútvegsráðherra um færslur aflaheimilda.

Frá Guðjóni Guðmundssyni.

1. Hve mikið var flutt af aflaheimildum milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1994 til 31. ágúst 1995?
2. Hvaða skip áttu hlut að máli og hve mikið magn af hverri tegund var flutt til og frá hverju skipi?
3. Hvert var heildarmagn hverrar fisktegundar?

Skriflegt svar óskast.

20. Tillaga til þingsályktunar [20. mál]

um bætta skattheimtu og tengsl eignamyndunar við tekjuskatt og útsvar.

Flm.: Hjálmar Árnason, Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðjón Guðmundsson, Guðni Ágústsson, Guðný Guðbjörnsdóttir, Hjálmar Jónsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Lúðvík Bergvinsson, Magnús Stefánsson, Stefán Guðmundsson, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að skipa þegar í stað nefnd er hafi það verkefni að koma með tillögur um leiðir til að bæta skattaskil til ríkis og sveitarfélaga. Þá verði nefndinni falið að kanna hvort grípa þurfi til einhverra aðgerða þannig að skattstofn einstaklinga verði tengdari tekju- og eignamyndun þeirra en nú er.

Nefndin verði skipuð einum fulltrúa frá hverjum eftirtalinna aðila: fjármálaráðuneyti, viðskiptaráðuneyti, ASÍ, BSRB, VSÍ, Neytendasamtökunum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum iðnaðarins og Félagi löggiltra endurskoðenda. Ráðherra geri Alþingi grein fyrir tillögum nefndarinnar eigi síðar en 1. febrúar 1996.

Greinargerð.

Vaxandi óánægju gætir í þjóðfélaginu með skattamál. Æ oftar heyrast fréttir af undandrætti virðisaukaskatts, svartri atvinnustarfsemi þar sem skattskyld viðskipti eru ekki gefin upp til skatts, stofnun nýrra fyrirtækja í stað annarra sem sömu aðilar hafa gert gjaldþrota og þannig má áfram telja. Á síðustu fimm árum hafa verið birtar tvær opinberar skýrslur um vangreidd gjöld til hins opinbera. Niðurstöður þeirra eru keimlíkar, þ.e. að ríkissjóður tapi 8–11 milljörðum króna árlega af framangreindum ástæðum. Þá eru ótaldar þær tekjur sem sveitarfélög verða af vegna ýmiss konar undanskota. Á tímum niðurskurðar í ríkisbúskapnum gætu þessar óinnheimtu tekjur létt mjög rekstur velferðarkerfis okkar.

Í opinberum umræðum hefur lengi verið rætt um hversu lítið samræmi virðist vera milli eignamyndunar og lífsmunsturs margra einstaklinga annars vegar og skattskyldra tekna þeirra hins vegar. Margt bendir til að þarna sé pottur brotinn, jafnt í skatteftirliti sem skattalögum. Þá er ljóst að óbreytt ástand leiðir til skertrar samkeppnishæfni þeirra sem haga rekstri sínum í samræmi við lög og reglur.

Nefndinni er ætlað að taka þessa þætti til skoðunar með það að markmiði að kynna fyrir Alþingi leiðir til úrbóta þannig að Alþingi geti brugðist við með viðeigandi aðgerðum og stuðlað þannig að auknu réttlæti og vörnum fyrir velferðarkerfi okkar. Gert er ráð fyrir að nefndin ráði til sín starfsmann og kalli til sín fulltrúa ýmissa hópa þjóðfélagsins.

21. Frumvarp til laga [21. mál]

um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Umsögn til ráðherra um umsóknir um markaðsleyfi“ í 2. tölul. 3. mgr. kemur: Útgáfu markaðsleyfa.
b. Í stað orðanna „Umsögn til ráðherra um umsóknir“ í 3. tölul. 3. mgr. kemur: Afgreiðslu umsókna.
c. Í stað orðanna „Umsögn til ráðherra um leyfi“ í 4. tölul. 3. mgr. kemur: Útgáfu leyfa.
d. Við bætist ný málsgrein, er verður 4. mgr., svohljóðandi:
   Ákvarðanir lyfjanefndar ríkisins má kæra til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

2. gr.

Í stað orðanna „gefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið út“ í fyrri málslið 10. gr. laganna kemur: annast heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið útgáfu á.

3. gr.

Í stað orðanna „1. nóvember 1995“ í 4. málsl. 2. mgr. 45. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 112/1994, sbr. 1. gr. laga nr. 122/1994, kemur: 1. júlí 1996.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða í lögunum:

a. Í stað orðanna „1. júní 1995“ í 2. og 3. málsl. 2. tölul. kemur: 1. júlí 1996.
b. Í stað orðanna „1. nóvember 1995“ í 3. tölul. kemur: 1. júlí 1996.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Breytingar, sem í frumvarpi þessu eru lagðar til á lyfjalögum, nr. 93/1994, eru af tvennum toga. Annars vegar er í 1. og 2. gr. kveðið á um breytingar til hagræðis við vinnslu mála og til samræmis við núverandi framkvæmd en jafnframt er með beinum lagafyrirmælum tryggt að mál hljóti stjórnsýslulega umfjöllun. Hins vegar er í 3. og 4. gr. frumvarpsins kveðið á um frestun á gildistöku VII. kafla lyfjalaga, um stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfi, og XIV. kafla laganna, um lyfjaverð, en frumvarp þess efnis var lagt fram á 119. löggjafarþingi án þess að hljóta afgreiðslu. Við setningu lyfjalaganna var ákveðið að fresta gildistöku framangreindra kafla til 1. nóvember 1995. Lyfjalög, nr. 93/1994, eru í grundvallaratriðum byggð á þeim skuldbindingum sem Íslendingar hafa undirgengist með aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Markmið með frestun gildistöku framangreindra kafla lyfjalaga var að skapa svigrúm til þess að meta hvaða áhrif gildistaka annarra kafla laganna hefði, þannig að gera mætti breytingar á reglum VII. og XIV. kafla ef ástæða þætti til í ljósi reynslunnar. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipaði 29. júlí 1994 nefnd

fulltrúa allra þingflokka og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og var nefndinni m.a. ætlað að fylgjast með áhrifum nýrra lyfjalaga. Nefndinni var ætlað að skila skýrslu til ráðherra fyrir 1. september 1995. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra óskaði 26. apríl 1995 eftir því að nefndin hraðaði störfum og skilaði skýrslu um stöðu mála fyrir 1. júlí 1995. Meiri hluti nefndarinnar taldi ekki unnt að verða við því þar sem áhrifa lyfjalaganna væri ekki enn farið að gæta, m.a. þar sem ekki hefði gefist tóm til að setja ýmsar reglugerðir á þessu sviði. Það var mat meiri hluta nefndarinnar að áhrifa nýrra lyfjalaga og EES-samningsins á lyfjanotkun og lyfjakostnað almennings og hins opinbera hér á landi færi fyrst að gæta að einhverju marki á næsta ári.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið gerir ráð fyrir að verkefni varðandi útgáfu markaðsleyfa, afgreiðsluumsókna um innflutning og sölu óskráðra lyfja og útgáfu leyfa vegna tilrauna með lyf verði innt af hendi hjá lyfjanefnd ríkisins en ekki í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti eins og nú er gert ráð fyrir í lyfjalögum. Með breytingunni er komið í veg fyrir tvíverknað þar sem framkvæmd er nú með þeim hætti að ráðuneytið felur lyfjanefnd ríkisins að inna af hendi þá faglegu vinnu sem síðan er lögð til grundvallar viðkomandi leyfisveitingu. Jafnframt tryggir breytingin að umsækjendur um leyfi geta kært niðurstöðu lyfjanefndar ríkisins til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis í samræmi við VII. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Um 2. gr.

Hér er lögð til breyting á 10. gr. laganna sem fjallar um útgáfu sérlyfjaskrár. Kveðið er á um að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti geti falið aðilum utan ráðuneytisins að annast alfarið útgáfu á slíkri skrá, en slíkt fyrirkomulag tíðkast m.a. á öðrum Norðurlöndum. Eðlilegt þykir að ráðuneytið getið boðið slíkt verk út og með því leitast við að draga úr kostnaði við slíka útgáfu.

Um 3. og 4. gr.

Þar sem fyrir liggur að enn hafa ekki komið fram að fullu áhrif gildistöku nýrra lyfjalaga, sem talið var að lægju fyrir 1. nóvember 1995, er talið nauðsynlegt að fresta enn gildistöku VII. og XIV. kafla lyfjalaga. Því er lagt til að VII. og XIV. kaflar laganna öðlist ekki gildi fyrr en 1. júlí 1996. Frestunin miðast við að áhrif framkvæmdar á grundvelli annarra kafla lyfjalaga nái að fullu að koma fram þannig að fyrir liggi reynsla sem byggja megi á við mat á áhrifum lyfjalaga, nr. 93/1994.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

Með 1. og 2. gr. frumvarpsins er tryggt að umsækjendur um innflutning og sölu óskráðra lyfja geti kært niðurstöðu lyfjanefndar ríkisins til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga. Breytingin kemur að auki í veg fyrir tvíverknað. Einnig er gerð sú breyting til hagræðis að ráðuneytið getur falið aðilum utan ráðuneytisins útgáfu sérlyfjaskrár og boðið verkið út. Frumvarpið á því að hafa einhvern sparnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

Með 3. og 4. gr. frumvarpsins er frestun á gildistöku ákvæða um lyfjaverð og um stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfi framlengd til 1. júlí 1996. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1995 var gert ráð fyrir að ná 100 m.kr. sparnaði í lyfjaútgjöldum sem var háð því að framangreind ákvæði lyfjalaga tækju gildi í ársbyrjun 1995, en fallið var frá því við afgreiðslu fjárlaga.

Það er mat fjármálaráðuneytisins að aukin samkeppni í smásölu lyfja muni að öllum líkindum lækka álagningu og bæta þjónustu við notendur, að því gefnu að notandi greiði ákveðið hlutfall lyfjaverðs og beri sjálfur umframkostnað af sambærilegum dýrari lyfjapakkningum. Í niðurlagi umsagnar fjármálaráðuneytisins haustið 1993 um frumvarp til nýrra lyfjalaga sagði:

„Að öllu samanlögðu mun frumvarpið líklega lækka lyfjakostnað ríkisins og neytenda. Helst er að vænta árangurs í innflutningsverði og í innkaupum heilbrigðisstofnana auk þess sem möguleg samkeppni í smásölu mun lækka álagningu. Ekki er gerlegt að meta með neinni vissu hve mikið útgjöld ríksins og stofnana þess lækka verði frumvarpið samþykkt, en til lengri tíma litið gæti verið um verulega fjármuni að ræða ef vel tekst til. Mikilvægar forsendur þess að árangur náist eru að lyfjaverð hafi áhrif á val notenda og hlutfallsgreiðslur neytenda í lyfjaverði."

Ljóst er að ýmis ákvæði gildandi lyfjalaga munu að öllum líkindum lækka lyfjakostnað, svo sem samhliða innflutningur, en nokkur töf hefur orðið á að hann kæmist til framkvæmda. Ef frumvarpið verður að lögum er líklegt að ekki náist fram frekari lækkun á álagningu lyfja í smásölu, nema stjórnvöld beiti til þess öðrum aðgerðum.

22. Fyrirspurn [22. mál]

til sjávarútvegsráðherra um hvalveiðar.

Frá Guðjóni Guðmundssyni.

1. Hver er stefna ríkisstjórnarinnar í hvalamálum?
2. Hyggst ríkisstjórnin beita sér fyrir því að hvalveiðar verði hafnar að nýju eftir 10 ára hlé og þá með hvaða hætti?

23. Fyrirspurn [23. mál]

til menntamálaráðherra um málefni Menntaskólans í Reykjavík.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hvernig hyggjast stjórnvöld minnast þess að á næsta ári verða liðin 150 ár frá því að latínuskólinn (MR) var fluttur frá Bessastöðum til Reykjavíkur?
2. Hvaða áform eru uppi varðandi varðveislu og endurbætur á gömlu skólahúsunum?
3. Hvernig er áformað að draga úr álagi á gömlu húsin og leysa húsnæðisvanda Menntaskólans í Reykjavík til frambúðar?

24. Fyrirspurn [24. mál]

til heilbrigðisráðherra um hækkun tryggingabóta.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Á hvaða forsendum byggðist 4,8% hækkun tryggingabóta í mars sl. sem sögð var til samræmis við hækkanir á almennum vinnumarkaði?
2. Hvernig skilaði hækkunin sér í krónutölu á mánuði til tryggingaþega
   a. sem höfðu fullan örorkulífeyri,
   b. sem nutu til viðbótar heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar?

25. Tillaga til þingsályktunar [25. mál]

um umboðsmenn sjúklinga.

Flm.: Ásta B. Þorsteinsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Sighvatur Björgvinsson, Guðmundur Árni Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa ráðningu umboðsmanna sjúklinga að öllum stærri sjúkrahúsum og í hverju heilsugæsluumdæmi sem gæti hagsmuna og réttinda sjúklinga.

Greinargerð.

Hugmyndin um sérstakan talsmann sjúklinga var til umræðu á sjöunda áratugnum og var henni haldið á lofti af mannréttinda- og neytendasamtökum. Á þeim tíma var það trú manna að þeir sem minna mega sín þyrftu sérstaka aðstoð í samskiptum sínum við heilbrigðisstofnanir. Nú er almennt viðurkennt að flókið heilbrigðiskerfi getur reynst hverjum sem er erfitt og margir sjúklingar og aðstandendur þeirra þurfa slíka aðstoð, óháð þjóðfélagsstöðu.

Á undanförnum áratugum hafa sjúkrastofnanir erlendis í vaxandi mæli skipað sérstaka talsmenn eða umboðsmenn til stuðnings sjúklingum sem telja sig hafa fengið ófullnægjandi þjónustu eða orðið fyrir vanrækslu starfsfólks sjúkrahúsa. Umboðsmenn sjúklinga starfa nú í yfir helmingi allra heilbrigðisstofnana í Bandaríkjunum og á Norðurlöndum er verið að gera tilraunir með svipað fyrirkomulag.

Á tímum hagræðingar og niðurskurðar í heilbrigðisþjónustu er enn mikilvægara en áður að hagsmuna sjúklinga sé gætt í hvívetna. Nauðsynlegt er að tryggja sjúklingum upplýsingar um réttindi sín og auðvelda þeim að leita réttar síns eða koma kvörtunum á framfæri, telji þeir á sér brotið. Kvartanir vegna þjónustu sjúkrahúsa má oft rekja til lélegra boðskipta og skorts á upplýsingum. Þar er þeim sem minna mega sín, svo sem börnum, öldruðum og fötluðum, sérstök hætta búin. Úr slíkum vanda gætu umboðsmenn sjúklinga m.a. leyst. Tölur landlæknisembættisins sýna að vandinn er sannarlega fyrir hendi. Embættinu bárust 252 kvartanir vegna samskipta við sjúkrastofnanir á árinu 1993, 275 árið 1994 og 15. september 1995 voru þær orðnar 196. Tilefni kvartananna var m.a. meint röng meðferð, ófullnægjandi meðferð og eftirlit, samskiptaörðugleikar, ófullnægjandi upplýsingar og trúnaðarbrot.

Í ljósi þessa getur hlutverk umboðsmanna sjúklinga m.a. orðið að gæta þess að fullt tillit sé tekið til réttinda, hagsmuna og þarfa sjúklinga, að fylgjast með því að sjúklingum sé ekki mismunað og jafnræðis sé gætt, að taka við kvörtunum, meta þær og aðstoða sjúklinga við að koma þeim á framfæri, að stuðla að því að umhverfi á sjúkrastofnunum sé vinsamlegt og betri þjónustu þeirra og að leysa samskiptavanda og deilumál. Umboðsmenn sjúklinga gætu haft afskipti af eða milligöngu um mál er varða samskipti sjúklinga við alla starfshópa sjúkrastofnana. Þeir gætu einnig, að höfðu samráði við sjúkling eða forráðamann sjúklings, ef um barn er að ræða, vísað málum til annarra aðila, svo sem siðanefnda sjúkrahúsa, læknaráða, yfirmanna lækninga- og hjúkrunarsviða eða annarra sem hafa með málefni sjúklinga að gera. Umboðsmenn gætu verið tengiliðir milli sjúklings og fjölskyldu hans og starfsfólks og stjórnenda sjúkrastofnana hvað varðar kvartanir um þjónustu og hugsanlega lögsókn.

Eðlilegt væri að umboðsmenn sjúklinga störfuðu við öll stærri sjúkrahús og í hverju heilsugæsluumdæmi. Flutningsmenn telja þó að í upphafi sé rétt, þar sem um nýbreytni í þjónustu við sjúklinga á Íslandi yrði að ræða, að slíku starfi verði komið á fót við Ríkisspítalana til reynslu.

26. Fyrirspurn [26. mál]

til fjármálaráðherra um samningsstjórnun.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hver er tilgangurinn með samningum um samningsstjórnun?
2. Hversu margir samningar hafa verið gerðir um samningsstjórnun og við hvaða stofnanir?
3. Hvaða reynsla hefur þegar fengist af samningsstjórnun, jákvæð og neikvæð?
4. Hverju hefur samningsstjórnun skilað fjárhagslega?
5. Hvaða áform eru uppi um frekari samninga um samningsstjórnun?

27. Fyrirspurn [27. mál]

til fjármálaráðherra um jafnréttisáform.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

Hvernig hyggst ráðherra taka jafnrétti karla og kvenna til sérstakrar skoðunar? Hvert verður markmið þeirrar skoðunar?

28. Fyrirspurn [28. mál]

til menntamálaráðherra um geymslu forngripa á byggðasöfnum.

Frá Arnbjörgu Sveinsdóttur.

1. Hvaða reglur gilda um það hvenær heimilt er að geyma forngripi í hlutaðeigandi byggða- eða minjasafni skv. 26. gr. þjóðminjalaga?
2. Telur ráðherra eðlilegt að styrkja starfsemi byggðasafna með því að heimila þeim geymslu á forngripum sem finnast í nágrenni þeirra?

29. Fyrirspurn [29. mál]

til dómsmálaráðherra um endurskoðun ættleiðingarlaga.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hvenær var sifjalaganefnd falin endurskoðun ættleiðingarlaga?
2. Hve marga fundi, og hvenær, hefur nefndin haldið um málið:
   a. sérstaklega,
   b. ásamt öðrum málum?

Skriflegt svar óskast.

30. Tillaga til þingsályktunar [30. mál]

um veiðileyfagjald.

Flm.: Ágúst Einarsson, Svanfríður Jónasdóttir,
Ásta R. Jóhannesdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að taka beri upp veiðileyfagjald í sjávarútvegi. Sjávarútvegsráðherra skipi nefnd til að undirbúa löggjöf um þetta efni. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar frá öllum þingflokkum og helstu samtökum útgerða, sjómanna og fiskvinnslu. Nefndin kanni hvaða form veiðileyfagjalds er heppilegast með tilliti til áhrifa m.a. á eftirtalin atriði: fjárhagslega

stöðu sjávarútvegs, fiskveiðistjórnun, viðskipti með veiðileyfi, hagstjórn hérlendis, byggðaþróun, samkeppnisstöðu atvinnuvega og ríkisfjármál. Nefndin leiti ráðgjafar hjá sérfræðingum á sviði fiskihagfræði og kynna sér fyrirkomulag í öðrum löndum.

Nefndin skili áliti fyrir marslok 1996 og verði frumvarp um veiðileyfagjald lagt fyrir Alþingi á vorþingi 1996.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á 119. löggjafarþingi og er hún nú flutt að nýju, óbreytt.

Um greinargerð tillögunnar vísast til samhljóða greinargerðar í þskj. 85 (44. mál), bls. 641–643 í A-deild Alþt. 1995 (119. löggjafarþing).

31. Tillaga til þingsályktunar [31. mál]

um mótmæli við kjarnorkutilraunum Frakka og Kínverja.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Ásta R. Jóhannesdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Siv Friðleifsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að mótmæla harðlega tilraunum Frakka og Kínverja með kjarnavopn að undanförnu. Sérstaklega mótmælir Alþingi endurteknum tilraunasprengingum Frakka í Kyrrahafi. Alþingi hvetur franska þjóðþingið og frönsku ríkisstjórnina til að hætta við frekari kjarnorkutilraunir í óþökk svo til allrar heimsbyggðarinnar og sérstakri óþökk þjóða við Kyrrahaf.

Jafnframt felur Alþingi ríkisstjórninni að beita sér á alþjóðavettvangi fyrir aðgerðum sem þrýsti á frönsk og kínversk stjórnvöld að breyta um stefnu og hætta við frekari kjarnorkutilraunir.

Greinargerð.

Óþarfi er að rökstyðja tillögu þessa með mörgum orðum. Kjarnorkutilraunir Kínverja og Frakka hafa vakið öldu mótmæla og reiði um allan heim. Tilraunirnar nú eru enn fráleitari en ella í ljósi væntanlegrar gildistöku samkomulags um bann við frekari tilraunum með kjarnavopn í kjölfar Genfarviðræðnanna.

Framkoma Frakka er sérstaklega ósvífin í ljósi þess að þeir framkvæma tilraunirnar í Kyrrahafi, fjarri Frakklandi, í mikilli óþökk eyþjóðanna á þeim slóðum, í blóra við Rarotonga-samkomulagið um kjarnorkufriðlýsingu Suður-Kyrrahafsins og yfirlýsta stefnu margra Kyrrahafsþjóða eins og Nýsjálendinga um kjarnorkuvopnaleysi.

Flutningsmönnum þykir rétt að Alþingi mótmæli tilraununum sérstaklega í eigin nafni, en feli jafnframt ríkisstjórninni að vinna áfram að málinu á alþjóðavettvangi með stuðningi af sérstakri samþykkt Alþingis og í þeim anda sem meðfylgjandi fréttatilkynningar frá utanríkisráðuneytinu bera vott um.

Fylgiskjal.

Fréttatilkynningar frá utanríkisráðuneytinu.

Fréttatilkynning nr. 78,
2. október 1995:

Íslensk stjórnvöld harma mjög að Frakkar hafi sprengt að nýju kjarnasprengju í tilraunaskyni þrátt fyrir öflug mótmæli um heim allan og vísa til fyrri orðsendinga sinna vegna tilraunasprenginga Kínverja og Frakka.

Þessi afstaða íslenskra stjórnvalda hefur enn á ný verið áréttuð við sendiherra Frakka á Íslandi.

Fréttatilkynning nr. 69,
6. september 1995:

Norðurlöndin eru afar mótfallin tilraunum Frakka með kjarnavopn í frönsku Pólýnesíu.

Okkur þykir mjög miður að Frakkar skuli hafa hunsað öflug mótmæli um heim allan gegn þeirri ákvörðun þeirra að hefja tilraunasprengingar á ný.

Við lýsum yfir vonbrigðum okkar með tilraunasprengingar Frakka, sem og tilraunasprengingar Kínverja, í ljósi þess að á ráðstefnu fyrr á þessu ári um bannsamninginn gegn dreifingu kjarnavopna gengust kjarnavopnaveldin undir þá skuldbindingu að forðast tilraunir með kjarnavopn.

Tilraunasprengingarnar eru skref afturábak í viðleitni þjóða heims til að dreifa ekki kjarnavopnum og gæti torveldað viðræðurnar sem nú standa yfir í Genf um samning um algjört bann við kjarnasprengingum í tilraunaskyni. Auk þess geta tilraunir sem þessar stofnað heilsu manna og umhverfi í hættu á viðkomandi svæði.

Enn á ný hvetja Norðurlöndin því frönsku stjórnina til að falla frá núverandi áætlun um tilraunir með kjarnavopn og hætta við allar frekari tilraunasprengingar.

Fréttatilkynning nr. 62,
17. ágúst 1995:

Norðurlöndin harma mjög að snemma í morgun sprengdu Kínverjar í annað sinn á þessu ári kjarnasprengju neðanjarðar.

Forsætisráðherrar Norðurlandanna hafa nýverið, síðast á fundi sínum í Ilulissat/Jakobshöfn hinn 15. þ.m., hvatt kínversku ríkisstjórnina til að hætta við frekari tilraunasprengingar.

Norðurlöndin minna á að Kína var í hópi þeirra 178 ríkja sem beindu þeim tilmælum til kjarnavopnaveldanna, á ráðstefnunni í New York sl. vor um bannsamninginn við dreifingu kjarnavopna, að forðast frekari tilraunasprengingar.

Kjarnavopnaveldunum ber að koma til móts við öflugan stuðning þjóða heims við bannsamninginn um dreifingu kjarnavopna með samsvarandi skuldbindingum í samningaviðræðum um afvopnun, einkum og sér í lagi í viðræðunum í Genf um samning um algjört bann við kjarnorkusprengingum í tilraunaskyni.

Norðurlöndin hvetja Kína og önnur kjarnavopnaveldi til að gera sitt ýtrasta svo að unnt verði að ljúka viðræðunum um samning um algjört bann við kjarnorkusprengingum í tilraunaskyni sem fyrst og eigi síðar en á árinu 1996. Kjarnorkusprengingar eru enn háskalegar heilsu mannkynsins og umhverfinu.

Sendiráð Norðurlandanna í Peking munu tilkynna kínversku ríkisstjórninni við fyrsta tækifæri að Norðurlöndin harmi mjög þessa síðustu tilraunasprengingu Kínverja og jafnframt hvetja þá eindregið til að falla frá frekari kjarnasprengingum.

32. Tillaga til þingsályktunar [32. mál]

um endurskoðun viðskiptabanns á Írak.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Ásta R. Jóhannesdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér á alþjóðavettvangi fyrir því að viðskiptabannið á Írak verði tafarlaust tekið til endurskoðunar. Einnig verði mótuð sú stefna að viðskiptahindrunum verði aldrei beitt við þær aðstæður að almenningur, ekki síst börn, líði beinan skort af þeim sökum.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á síðasta þingi en varð þá eigi útrædd. Henni fylgdi eftirfarandi greinargerð sem er í fullu gildi, því miður, og ef eitthvað er hefur ástand mála enn versnað í Írak:

Um framhald greinargerðar vísast til þskj. 19 (19. mál) á bls. 93–94 í A-deild Alþt. 1995 (119. löggjafarþing). Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl og vísast um þau til þingskjalsins (lausaskjalsins):

I. Auglýsing nr. 160 1992, um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 661 (1990) vegna innrásar Íraka í Kúvæt. (Lögbirtingablaðið 29. júní 1994.)

II. Grein eftir Jóhönnu Kristjónsdóttur: Fyrri hluti: „Heil kynslóð íraskra barna að þurrkast út og þið virðist kæra ykkur kollótt.“ (Morgunblaðið 14. maí 1995.)
Seinni hluti: „Við erum að rotna sem manneskjur.“ (Morgunblaðið 21. maí 1995.)

33. Fyrirspurn [33. mál]

til fjármálaráðherra um stimpilgjöld.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hversu miklar eru tekjur ríkissjóðs af stimpilgjöldum það sem af er árinu 1995?
2. Hversu mikið hefur fjármálaráðuneytið fellt niður af stimpilgjöldum það sem af er árinu?
3. Eru uppi áform í ráðuneytinu um að fella niður stimpilgjöld?

34. Fyrirspurn [34. mál]

til fjármálaráðherra um sölu ríkiseigna.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hversu margar eignir ríkisins voru seldar á árinu 1994 og það sem af er árinu 1995:
   a. húseignir,
   b. jarðir og lóðir,
   c. fyrirtæki eða hlutir í fyrirtækjum, og hvaða fyrirtæki áttu í hlut,
   d. aðrar eignir?
2. Hversu miklu fé skilaði sala ríkiseigna árið 1994 og það sem af er árinu 1995?

35. Fyrirspurn [35. mál]

til fjármálaráðherra um kaup á eignum.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hversu mörgum eignum festi ríkið kaup á árið 1994 og það sem af er árinu 1995:
   a. húseignum,
   b. jörðum,
   c. fyrirtækjum eða hlutum úr fyrirtækjum,
   d. öðrum eignum?
2. Hversu miklu fé var varið til eignakaupa á árinu 1994 og það sem af er árinu 1995?

36. Fyrirspurn [36. mál]

til iðnaðarráðherra um Sogsvirkjanir.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hve stóran hluta árs hefur Steingrímsstöð verið í notkun:
   a. að hluta,
   b. að öllu leyti,
   síðustu fimm ár?
2. Eru áætlaðar meiri háttar viðgerðir eða endurbætur á virkjunum í Soginu? Ef svo er, hverjar eru þær í stórum dráttum og hver er áætlaður framkvæmdatími þeirra?
3. Hver er áætlaður kostnaður framkvæmdanna við hverja virkjun fyrir sig?

Skriflegt svar óskast.

37. Fyrirspurn [37. mál]

til iðnaðarráðherra um skaðabætur til bænda við Þingvallavatn.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Með hvaða hætti var bændum, sem land eiga að Þingvallavatni, bætt skert veiði í kjölfar virkjunar Efra-Sogs árið 1959?
2. Komu sérstakar bætur fyrir slysið 17. júní 1959 þegar bráðabirgðastífla fyrir mynni Efra-Sogs brast?

38. Fyrirspurn [38. mál]

til heilbrigðisráðherra um réttarstöðu barna með langvinna sjúkdóma.

Frá Ástu B. Þorsteinsdóttur.

Hver eru áform ráðherra um úrbætur á réttarstöðu barna með langvinna sjúkdóma?

39. Fyrirspurn [39. mál]

til félagsmálaráðherra um tilraunasveitarfélög.

Frá Ástu B. Þorsteinsdóttur.

Hvað líður samningum við þau fjögur sveitarfélög sem hafa óskað eftir því að verða tilraunasveitarfélög og yfirtaka þjónustu við fatlaða?

40. Fyrirspurn [40. mál]

til félagsmálaráðherra um lög um málefni fatlaðra.

Frá Ástu B. Þorsteinsdóttur.

Hvað líður vinnu við endurskoðun laga um málefni fatlaðra sem á að endurskoða fyrir árið 1996 samhliða endurskoðun laga um félagsþjónustu sveitarfélaga?

41. Fyrirspurn [41. mál]

til menntamálaráðherra um grunn- og framhaldsskóla.

Frá Ástu B. Þorsteinsdóttur.

1. Hversu margir nemendur útskrifast úr almennum grunnskólum landsins? Hversu margir þeirra hafa náð tilskilinni lágmarkseinkunn á grunnskólaprófi? Hversu margir hafa fengið sérkennslu eða sérstakan stuðning í grunnskóla?
2. Hversu margir nemendur innritast í framhaldsskóla? Hversu margir nemendur fá sérstakan stuðning eða sérkennslu í framhaldsskólum? Hversu margir nemendur útskrifast úr framhaldsskóla með fullgilt prófskírteini?
3. Hversu margir nemendur útskrifast úr sérskólum eða sérdeildum fyrir fatlaða á grunnskólastigi? Hversu margir þessara nemenda innritast í framhaldsskóla? Hversu langt er framhaldsskólanám þeirra að meðaltali? Hversu margir þeirra ljúka framhaldsskólanámi með fullgilt prófskírteini?

Óskað er eftir því að upplýsingarnar nái til áranna 1993 til og með 1995 og verði sundurliðaðar fyrir hvert skólaár.

Skriflegt svar óskast.

42. Fyrirspurn [42. mál]

til fjármálaráðherra um innheimtu á opinberum gjöldum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve mikið hefur verið afskrifað af opinberum gjöldum hjá annars vegar einstaklingum og hins vegar lögaðilum árlega sl. fimm ár og hve mikill hefur kostnaður ríkissjóðs verið vegna þessa?
2. Hversu oft hefur lögaðili, sem ekki hefur verið mögulegt að innheima opinber gjöld af, orðið gjaldþrota og hafið að nýju sama eða svipaðan atvinnurekstur undir öðru heiti?

3. Hyggst ráðherra grípa til sérstakra aðgerða til að sporna við afskriftum opinberra gjalda?

Skriflegt svar óskast.

43. Frumvarp til lánsfjárlaga [43. mál]

fyrir árið 1996.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

I. KAFLI
Lántökur ríkissjóðs.
1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka að láni allt að 25.850 m.kr. á árinu 1996.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1996 og þessara laga.

3. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að endurlána allt að 5.970 m.kr. af fjárhæð skv. 1. gr. til eftirtalinna aðila:

1. Lánasjóðs íslenskra námsmanna, allt að 4.030 m.kr.
2. Þróunarsjóðs sjávarútvegs, allt að 850 m.kr.
3. Rafmagnsveitna ríkisins, allt að 450 m.kr.
4. Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, allt að 340 m.kr.
5. Alþjóðaflugþjónustunnar, allt að 100 m.kr.
6. Ríkisútvarpsins, allt að 200 m.kr.

II. KAFLI
Ríkisábyrgðir.
4. gr.

Eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, er heimilt að nýta þær á árinu 1996 með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í 1.–9. tölul. þessarar greinar, sbr. 13. gr. laga nr. 84/1985, um breytingu á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga:

1. Landsvirkjun, allt að 3.540 m.kr., sbr. 14. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með áorðnum breytingum.
2. Byggingarsjóður ríkisins, allt að 2.330 m.kr, sbr. 9. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
3. Byggingarsjóður verkamanna, allt að 5.660 m.kr., sbr. 48. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.

4. Húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins, allt að 13.500 m.kr., sbr. 19. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
5. Stofnlánadeild landbúnaðarins, allt að 1.000 m.kr., sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, með áorðnum breytingum.
6. Byggðastofnun, allt að 1.000 m.kr., sbr. 18. gr. laga nr. 64/1985, um Byggðastofnun, með áorðnum breytingum.
7. Iðnlánasjóður, allt að 3.200 m.kr., sbr. 6., 10. og 17. gr. laga nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, með áorðnum breytingum.
8. Ferðamálasjóður, allt að 150 m.kr., sbr. 27. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, með áorðnum breytingum.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði um lánsfjármál.

5. gr.

Lántökur samkvæmt lögum þessum skulu fara fram innan lands eða utan.

6. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:

a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör bjóðast;
b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxtabreytingum;
c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin eru á grundvelli heimilda í II. kafla, að hluta eða öllu leyti, án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

7. gr.

Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta heimildir skv. II. kafla eða 6. gr. skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

8. gr.

Yfirtekin lán og ábyrgðir veittar á lántökum þriðja aðila, eða milliganga um töku lána þeirra, skulu rúmast innan þeirra heimilda sem tilgreindar eru í II. kafla.

9. gr.

Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi lánsfjárlaga.

IV. KAFLI
Gildistökuákvæði.

10. gr.

Lántökuheimildir og heimildir til ríkisábyrgða, sem tilgreindar eru í I.–III. kafla laga þessara, gilda á árinu 1996. Heimildir verða þó nýttar til 1. apríl 1997 standi sérstaklega á og samþykki fjármálaráðherra kemur til.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til lánsfjárlaga fyrir árið 1996 nær til allra lána sem ríkissjóður hyggst taka eða ábyrgjast á því ári. Þannig næst heildarsýn yfir lánsfjármál ríkissjóðs á einum vettvangi. Framsetning frumvarpsins er hliðstæð því sem kemur fram í núgildandi lánsfjárlögum.

Hér á eftir verður fjallað um helstu þætti lánsfjármála hins opinbera, einkum ríkissjóðs. Fyrst verður fjallað um framboð og eftirspurn lánsfjár 1995 og 1996, þá stöðu fjármagnsmarkaðarins, því næst um lánsfjárþörf hins opinbera og því næst fjallað um ráðstöfun á lántökum A-hluta ríkissjóðs. Loks er fjallað um efni sérhverrar greinar frumvarpsins.

I. Framboð og eftirspurn lánsfjár.

Samkvæmt áætlun Seðlabanka Íslands hefur lánsfjáreftirspurn fyrri hluta þessa árs aukist um 1,5% eða 14 milljarða króna, samanborið við 18,4 milljarða króna eða 2,5% 1994. Þannig dregur áfram úr eftirspurn eftir lánsfé. Seðlabanki Íslands skiptir eftirspurn eftir lánsfé í fjóra flokka eftir því hver endanlegur notandi fjármagnsins er, þ.e. ríkið, sveitarfélög, fyrirtæki og heimili. Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig lánsfjáreftirspurnin hefur þróast hjá þessum aðilum á undanförnum árum:

	Staða í lok tímabils				Hreyfing, %	
Í milljörðum króna	1993	1994	Júní 1994	Júní 1995	jan.–jún. 1994	jan.–jún. 1995
Ríkið	123,0	133,5	129,7	141,9	5,4	6,3
Sveitarfélög	33,4	36,7	35,0	35,5	4,8	-3,3
Fyrirtæki	327,0	322,3	322,7	313,7	-1,3	-2,7
Heimili	263,8	291,7	278,2	305,1	5,5	4,6
Samtals	**747,2**	**784,2**	**765,6**	**796,2**	**2,5**	**1,5**

Samkvæmt yfirlitinu halda lántökur fyrirtækja áfram að dragast saman. Að undanförnu hefur rekstrarafkoma þeirra batnað sem hefur m.a. nýst þeim til að greiða niður erlendar skuldir. Lágt gengi á Bandaríkjadal hefur orðið til þess að fyrirtækin hafa einkum greitt niður lán í þeim gjaldmiðli. Hefur vöxtur í lántökum heimila dregist saman, en þær jukust um 4,6% á fyrri helmingi þessa árs samanborið við 5,5% á sama tíma í fyrra. Samdrátturinn er í lántöku til fasteignakaupa sem kemur m.a. fram í minni útgáfu húsbréfa. Þetta kann að vera vísbending um að eitthvað sé að draga úr lánsfjáreftirspurn heimila. Á hinn bóginn hafa neyslulán heimilanna aukist, en þess hefur orðið vart að framboð á lánsfé til þeirra er fjölbreyttara og boðið af fleirum en áður. Einkum virðast það þó vera sveitarfélög sem eru að minnka lántökur sínar en þær voru mjög miklar 1994.

Í milljörðum króna	Staða í árslok 1994	1995	1996	Hrein aukning á meðalverðlagi 1994	1995	1996
Peningalegur sparnaður	543,9	584,3	637,2	43,6	28,1	32,1
Frjáls	244,8	256,6	277,7	14,4	6,7	8,7
Kerfisbundinn	298,9	327,7	359,5	29,2	21,4	23,4
Peningalegur sparnaður, % af landsframleiðslu				10,1	6,2	6,7

Við afgreiðslu fjárlaga 1995 var talið að nýr peningalegur sparnaður yrði allt að 36 milljarðar króna á árinu. Frjáls sparnaður hefur hins vegar orðið minni en talið var, eða tæpir 7 milljarðar króna í stað 13 milljarða. Þessi samdráttur kemur fram í aukinni einkaneyslu umfram vöxt í þjóðartekjum á þessu ári. Jafnframt skýrir þetta að hluta til erfiðleika við sölu ríkisverðbréfa. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun Seðlabanka Íslands er talið að peningalegur sparnaður sé í samræmi við áætlun fjárlaga.

Áætlað er að heildarsparnaður verði um 32 milljarðar króna á árinu 1996 eða 6,7% af landsframleiðslu. Reiknað er með að kerfisbundinn sparnaður verði um 23,4 milljarðar króna og hinn frjálsi um 8,7 milljarðar króna. Á árinu 1996 er gert ráð fyrir að betra samræmi verði milli breytinga í einkaneyslu og þjóðartekjum og skýrir það aukningu í frjálsum sparnaði milli ára. Rétt er að leggja áherslu á að skekkjumörk við þessar áætlanir eru veruleg og því ber að skoða niðurstöðurnar með fyrirvara.

II. Staða fjármagnsmarkaðarins og horfur.

Staða ríkissjóðs á markaðnum. Í byrjun þessa árs voru síðustu hömlur á flutningi fjárskuldbindinga milli Íslands og annarra landa felldar niður. Íslenski fjármagnsmarkaðurinn er því í óheftri samkeppni við erlenda markaði og þarf að semja sig að þeim breytingum sem í því felast. Hlutverk ríkissjóðs sem stærsta lántaka hér á landi er enn mikilvægara í ljósi þessa en ella væri. Með ákvörðun um lántökur innan lands eða erlendis getur ríkissjóður haft veruleg áhrif á þróun vaxta, hvort heldur er á löngum lánum eða stuttum, jafnframt því sem hann hefur áhrif á hvert aðrir lántakendur leita. Þannig hefur þróunin á lánamarkaði einkennst af sókn fyrirtækja og sveitarfélaga á innlenda verðbréfamarkaðinn en ríkissjóður vikið til hliðar til þess að verja markmið ríkisstjórnarinnar í vaxtamálum. Það sem af er árinu hefur ný lántaka ríkissjóðs í verðtryggðum spariskírteinum því verið óveruleg.

Útstreymi gjaldeyris vegna uppgreiðslu erlendra lána hefur veikt gjaldeyrisstöðu Seðlabankans. Erlendar lántökur ríkissjóðs hafa þó vegið það upp þannig að greiðslujöfnuður við útlönd er hagstæður það sem af er árinu. Jafnhliða hefur hægt á verðbréfakaupum innlendra aðila erlendis samanborið við síðasta ár.

Lausafjárstaða innlánsstofnana hefur styrkst eftir því sem liðið hefur á árið eftir erfiða stöðu á fyrstu mánuðum þess. Hjá innlánsstofnunum hefur einnig verið lögð mikil áhersla á verðbréfaútgáfu og þá aðallega útgáfu bankavíxla. Þetta hefur stuðlað að aukinni sölu ríkisvíxla, en hún gekk treglega á lokamánuðum síðastliðins árs og framan af þessu ári.

Horfur í ríkisfjármálum fyrir 1996 benda til að nettólántökur ríkissjóðs lækki frá yfirstandandi ári. Nú bendir allt til að nýjar lántökur ríkissjóðs og aðila sem njóta ríkisábyrgðar verði um 14 milljarðar króna í ár en samsvarandi fjárhæð fyrir 1996 verði 11,6 milljarðar króna. Minni lánsfjárþörf ætti að stuðla að lækkun vaxta ef ekki kemur til aukin eftirspurn eftir lánsfé frá öðrum aðilum, þ.e. sveitarfélögum, heimilum og atvinnufyrirtækjum.

Vextir ríkisverðbréfa. Vextir ríkisverðbréfa í frumsölu hafa lengst af verið mótandi um vaxtastigið. Á undanförnum missirum hafa vextir eftirmarkaðarins í auknum mæli orðið leiðandi í þessu efni. Í útboðum á verðtryggðum spariskírteinum ríkissjóðs til fimm og tíu ára sem haldin voru á tímabilinu frá september 1994 og fram til vors 1995 var það stefna stjórnvalda að vextir færu ekki umfram 5%. Í febrúar 1995 kom til innlausnar stór flokkur spariskírteina og var þá ákveðið að bjóða sérstakt vaxtaálag þeim sem skipta vildu út eldri spariskírteinum fyrir ný. Við þetta hækkaði ávöxtunarkrafa spariskírteina í 5,3%.

Ávöxtunarkrafan hefur smám saman farið hækkandi á Verðbréfaþingi Íslands. Má rekja það bæði til dræmrar eftirspurnar fjárfesta eftir lengri bréfum og þess að viðskiptavaki spariskírteina, Seðlabanki Íslands, hefur hækkað kaupkröfu sína og er hún nú 5,8–5,9%. Þess má geta það sem af er árinu hefur bankinn keypt spariskírteini fyrir um tvo milljarða króna umfram sölu.

Á sama tíma og sala verðtryggðra spariskírteina dalaði glæddist sala verðbréfa með erlenda gengisviðmiðun, svokallaðra ECU-tengdra spariskírteina. Ávöxtun þessara bréfa tók mið af þeim vöxtum sem sambærilegar erlendar útgáfur bera. Upp á síðkastið hefur heldur dregið úr sölu þessara bréfa og er það skiljanlegt þar sem vextir á spariskírteinum með innlendri vaxtaviðmiðun hafa hækkað.

Vextir óverðtryggðra skammtímaverðbréfa ríkissjóðs fóru hækkandi framan af ári en hafa heldur sveigst niður á við að undanförnu. Vextir óverðtryggðra bréfa til þriggja ára hafa farið lækkandi frá því útboð þeirra hófst í maí. Þeir eru nú 9,5% en urðu hæstir 9,9%. Sala þessara bréfa hefur verið alljöfn frá því hún hófst. Nýlega voru óverðtryggð verðbréf til fimm ára fyrst boðin til kaups. Í fyrsta útboði þeirra var tekið tilboðum með ávöxtunarkröfunni 10,8%. Verður það að teljast vel viðunandi í ljósi þess að íslenskur fjármagnsmarkaður hefur ekki reynslu af óverðtryggðum fjárskuldbindingum til svo langs tíma. Ætla verður að þessir vextir geti lækkað þegar festa og tiltrú á efnahagsstöðugleika vex enn frekar. Hitt er jafnljóst að ríkisbréf og ríkisvíxlar sækja vaxtaviðmiðun einnig til útlanda.

Vextir ríkisvíxla, þriggja, sex og tólf mánaða, voru í lok árs 1994 í stórum dráttum sambærilegir við það sem er erlendis. Vextir á þriggja mánaða víxlum eru nú 7,45% og hafa hækkað úr 6,27% þegar þeir voru lægstir í janúar. Þess ber hér að gæta að þóknanir, sem áður voru greiddar tilboðsgjöfum ríkisvíxlanna, hafa verið felldar niður. Það samsvaraði 0,4% ársávöxtun sem kemur nú fram til lækkunar vöxtum.

Lausafjárstaða innlánsstofnana er nú mun betri en hún var fyrir ári síðan sem gefur tilefni til að ætla að sala ríkisvíxla geti gengið vel næstu mánuðina eins og undanfarna tvo mánuði. Nettósala ríkisvíxla í janúar til september 1995 er um 5 milljarðar króna og lætur nærri að víxilskuldir ríkissjóðs séu nú eins og þær voru að hámarki eða um 19,6 milljarðar króna.

Framan af árinu seldu bankar mikið af bankavíxlum vegna lélegrar lausafjárstöðu þeirra. Nam salan um 23 milljörðum króna fyrstu sjö mánuði þessa árs miðað við 8 milljarða króna fyrir sama tímabil árið á undan. Þá hafa atvinnufyrirtæki og sveitarfélög einnig sótt í auknum mæli inn á skammtímamarkaðinn og aukið hlutdeild sína.

Ný markaðsverðbréf ríkissjóðs. Í tengslum við gerð kjarasamninga á almenna vinnumarkaðinum í vor gaf ríkisstjórnin fyrirheit um að Alþingi setti lög um breytingu á vaxtalögum þar sem vísitala neysluverðs kæmi í stað lánskjaravísitölu, en samningsaðilar töldu að hlutur launa í lánskjaravísitölu væri of hár. Jafnframt var lýst yfir að draga skyldi úr verðtryggingu og var hafin sala þriggja ára óverðtryggðra ríkisbréfa með útboði í maí á þessu ári, en sala sambærilegra tveggja ára bréfa hafði legið niðri frá haustinu 1994. Sala þriggja ára ríkisbréfa hefur verið allgóð og nemur alls að nafnverði 1,5 milljörðum króna fram til september. Til þess að efla markað fyrir óverðtryggð bréf er sem fyrr segir hafin sala á fimm ára óverðtryggðum ríkisbréfum og á sama tíma fellur niður sala fimm ára verðtryggðra spariskírteina. Brotið er blað í sölu ríkisverðbréfa þar sem nú eru í fyrsta sinn um langt skeið boðin til sölu svo löng óverðtryggð verðbréf. Þá er að nefna nýlega ákvörðun um að hefja sölu 20 ára verðtryggðra spariskírteina, en þau ættu sérstaklega að höfða til lífeyrissjóðanna. Áfram verður boðið upp á tíu ára spariskírteini þó svo samhliða standi til að bjóða til sölu ný tíu ára jafngreiðsluskírteini ríkissjóðs sem getur hentað þeim sem kjósa að hafa árlega tekjur af verðbréfaeign sinni.

Húsnæðiskerfið. Fjármögnun til að mæta fjárþörf Byggingarsjóðs ríkisins hefur farið fram fyrir milligöngu A-hluta ríkissjóðs það sem af er árinu. Nema lánveitingar þessar um 6,5 milljörðum króna fyrstu níu mánuði ársins, en gert er ráð fyrir að heildarfjármögnun verði um 8 milljarðar króna. Stefnt er að því að Húsnæðisstofnun hefji aftur bein viðskipti við fjárfesta áður en langt um líður, en stofnunin aflaði lánsfjár með sölu húsnæðisbréfa á árinu 1994 þar til ríkissjóður tók að sér fjármögnunina. Þá má nefna að útgáfa húsbréfa hefur verið ívið minni það sem af er árinu en áætlað var. Þetta kann þó að breytast síðari hluta árs þar sem félagsmálaráðherra hefur lagt fram tillögur um að lánstími húsbréfa verði lengdur í allt að 40 ár, en talsverð óvissa er um hvaða vaxtakröfu markaðurinn gerir til slíkra verðbréfa. Þegar allt kemur til alls er gengið út frá því að eftirspurn eftir húsbréfum verði eins og heimilt er samkvæmt lánsfjárlögum fyrir 1995, um 13 milljarðar króna.

III. Lánsfjárþörf ríkisins, ríkisfyrirtækja og sjóða.

Að framan var fjallað um lánsfjáreftirspurn eftir endanlegum notendum fjármagnsins. Þannig voru t.d. húsnæðislán Húsnæðisstofnunar ríkisins hluti af lánsfjáreftirspurn heimila og fjárfestingarlán veitt af Iðnlánasjóður hluti af lántökum fyrirtækja. Hér er hins vegar gerð grein fyrir lánsfjárþörf, lántökum og afborgunum ríkisins, ríkisfyrirtækja og sjóða óháð því hver er endanlegur notandi fjármagnsins.

Skilgreining á lánsfjárþörf ríkisins er ekki einhlít. Sú skilgreining sem hér er notuð er allvíðtæk miðað við skilgreiningar í alþjóðlegum samanburði. Ýmis fyrirtæki og sjóðir, sem hér flokkast sem ríkisaðilar, vegna ríkisábyrgðar á lánum þeirra, teljast til einkaaðila annars staðar. Jafnvíðtæk skilgreining og hér er notuð getur gefið villandi mynd af umsvifum ríkisins, ríkisfyrirtækja og sjóða á fjármagnsmarkaði og efnahagsáhrifum þeirra, sérstaklega í samanburði við önnur lönd. Til að auðvelda yfirsýn og samanburð við önnur lönd hefur lánsfjárþörfinni verið skipt milli ríkisins annars vegar og ríkisfyrirtækja og sjóða hins vegar. Til ríkisins teljast þá A-hluti ríkissjóðs og félagslegir lánasjóðir á borð við Byggingarsjóð verkamanna og Byggingarsjóð ríkisins, að húsbréfadeild frátalinni. Undir ríkisfyrirtæki og sjóði fellur sú starfsemi sem víða er í einkaeign í aðildarríkjum OECD. Hér má nefna Landsvirkjun, húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins og fjárfestingarlánasjóði atvinnuveganna. Það skal tekið fram að sveitarfélög eru hér undanskilin og gefur það sem hér fer á eftir ekki tæmandi mynd af umsvifum hins opinbera á fjármagnsmarkaði.

Heildaryfirlit. Heildarlántökur ríkisins, ríkisfyrirtækja og sjóða eru áætlaðar 59,3 milljarðar króna á árinu 1996. Afborganir eldri lána eru áætlaðar 47,7 milljarðar króna. Hrein lánsfjáröflun, þ.e. ný lán að frádregnum afborgunum eldri lána, er áætluð 11,6 milljarðar króna og er það 2,5 milljörðum króna lægri fjárhæð en á þessu ári. Heildarlántökum er ekki skipt milli innlendra og erlendra lána frekar en undanfarin ár. Má rekja það til aukins frelsis í fjármagnsflutningum milli landa þar sem vaxta- og gengisþróun ræður miklu um hvernig leitað er á fjármagnsmarkaði. Nú geta erlendir aðilar t.d. keypt ríkisverðbréf útgefin hér á landi og innlendir aðilar erlend ríkisverðbréf hömlulaust. Lánsfjárþörf ríkisins, ríkisfyrirtækja og sjóða á árinu 1995 og 1996 er sundurgreind í eftirfarandi töflu:



Í milljörðum króna	Áætlun 1995 Innlent	Erlent	Samtals	Áætlun 1996 Innlent	Erlent	Samtals
Lántökur	-	-	**55,3**	-	-	**59,3**
Ríki	-	-	31,9	-	-	33,8
Ríkissjóður A-hluti	-	-	31,9	-	-	25,8
Byggingarsjóðir	-	-	-	-	-	8,0
Ríkisfyrirtæki og sjóðir	-	-	23,3	-	-	25,5
Ríkisfyrirtæki	-	-	2,1	-	-	3,1
Húsbréf	-	-	13,0	-	-	13,5
Fjárfestingarlánasjóðir	-	-	8,2	-	-	8,9
Afborganir	**29,6**	**11,7**	**41,2**	**29,6**	**18,1**	**47,7**
Ríki	18,0	2,1	20,1	17,9	9,1	27,0
Ríkissjóður A-hluti	10,9	2,1	13,0	12,0	9,1	21,2
Byggingarsjóðir	7,1	-	7,1	5,8	-	5,8
Ríkisfyrirtæki og sjóðir	11,6	9,6	21,2	11,7	9,0	20,7
Ríkisfyrirtæki	0,7	3,7	4,3	0,3	3,1	3,4
Húsbréf	3,8	-	3,8	4,8	-	4,8
Fjárfestingarlánasjóðir	7,1	6,0	13,1	6,6	5,9	12,5
Hrein lánsfjárþörf	-	-	**14,0**	-	-	**11,6**
Hlutfall af landsframleiðslu	-	-	**3,1%**	-	-	**2,4%**

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Heildarlántökur A-hluta ríkissjóðs eru áætlaðar 25,8 milljarðar króna á árinu 1996 samanborið við 31,9 milljarða króna á árinu 1995. Greiddar afborganir af teknum lánum eru taldar munu nema 21,2 milljörðum króna. Þannig mun hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs nema á næsta ári 4,7 milljörðum króna samanborið við 19 milljarða í ár. Helsta skýring á minni hreinni lánsfjárþörf ríkissjóðs á næsta ári er að halli ríkissjóðs er talinn verða töluvert minni en í ár og lánveitingar til Húsnæðisstofnunar ríkisins falla niður. Eftirfarandi yfirlit sýnir lánsfjárþörf ríkissjóðs 1995 og 1996 og skiptingu hennar:

Í milljónum króna	Áætlun 1995	Frumvarp 1996
Rekstrarhalli ríkissjóðs	8.897	3.880
Veitt lán, nettó	9.430	-200
Eignfærð framlög	150	500
Viðskiptareikningar	500	500
Hrein lánsfjárþörf	**18.977**	**4.680**
Afborganir af teknum lánum	12.950	21.160
Heildarlánsfjárþörf	**31.927**	**25.840**

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir hvernig lánsfjárþörf ríkissjóðs skiptist.

Veitt lán, nettó. Þessi liður sýnir hreyfingar á veittum lánum ríkissjóðs til lengri tíma en eins árs, þ.e. veitt ný lán að frádregnum innheimtum afborgunum af eldri lánum. Á árinu 1996 er ráðgert að veita ný lán að fjárhæð 5.9700 m.kr. til fyrirtækja og sjóða í B-hluta ríkissjóðs. Á móti koma innheimtar afborganir af eldri lánum sem eru áætlaðar samtals 6.170 m.kr. Lán sem ríkissjóður endurlánaði til flugstöðvar Leifs Eiríkssonar að fjárhæð 1.980 m.kr. veldur hækkun bæði veittra lána og innheimtra afborgana á árinu 1995. Að frádregnum þessum lánahreyfingum hækka innheimtar afborganir um 500 m.kr. milli ára. Veitt lán A-hluta ríkissjóðs, nettó, eru því neikvæð um 200 m.kr. á árinu 1996. Eftirfarandi yfirlit sýnir nánari sundurliðun á hreyfingu veittra lána:

Í milljónum króna	Áætlun 1995	Frumvarp 1996
Veitt ný lán	17.080	5.970
Lánasjóður íslenskra námsmanna	3.800	4.030
Húsnæðisstofnun ríkisins	7.810	-
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	2.860	850
Rafmagnsveitur ríkisins	-	450
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	1.980	340
Ríkisútvarpið	-	200
Alþjóðaflugþjónustan	150	100
Aðrir	480	-
Innheimtar afborganir af eldri lánum	**7.650**	**6.170**
Bundnar innlendu verðlagi	4.270	3.070
Bundnar erlendum gjaldmiðlum	3.380	3.100
Veitt lán, nettó	**9.430**	**-200**

Athygli er vakin á að ríkissjóður hefur fjármagnað Húsnæðisstofnun ríkisins að öllu leyti það sem af er árinu 1995 þar sem engin húsnæðisbréf á vegum stofnunarinnar hafa verið seld. Er þetta gert samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

Eignfærð framlög. Hér er átt við stofnframlög ríkisins til alþjóðafjármálastofnana og til kaupa á hlutabréfum í innlendum fyrirtækjum, en báðir þessir liðir eru færðir í efnahagsreikning ríkissjóðs. Hæsta framlagið er áætlað til Alþjóðaframfarastofnunarinnar, IDA, 86,4 m.kr. Framlag til ráðgjafarsjóðs Íslands hjá Alþjóðabankanum er 3,4 m.kr. Framlag til þriggja stofnana fellur niður á árinu 1996. Eignfærð framlög eru áætluð samtals 500 m.kr. á árinu 1996 samanborið við 150 m.kr. á árinu 1995.

Í milljónum króna	Áætlun 1995	Frumvarp 1996
Hlutafjárframlög	**-150**	**-**
Lyfjaverslun Íslands hf., seld hlutabréf	-150	-

Alþjóðafjármálastofnanir	**300**	**500**
Alþjóðabankinn, IBRD og IDA, Washington DC	90	90
Evrópubankinn, EBRD, London	50	17
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, IMF, Washington DC	50	-
Norræni þróunarsjóðurinn, NDF, Kaupmannahöfn	42	43
Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið, NEFCO, Helsinki	6	7
Lánasjóður Vestur-Norðurlanda, Reykjavík	5	-
Norræni fjárfestingarbankinn, NIB, Helsinki	9	-
Annað	48	343
Samtals	**150**	**500**

Hinn 3. apríl síðastliðinn gerðu ríkissjóður og eignaraðilar Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar með sér samkomulag um aðgerðir í málefnum veitunnar og breytt skipulag orkumála í Borgarfjarðarhéraði. Nú er unnið að útfærslu þeirra aðgerða. Einn liður í þeim er að ríkissjóður eða fyrirtæki hans leggi fram 180 m.kr. stofnfé í fyrirtæki sem stofnað verði um aðveituhluta hitaveitunnar. Gert er ráð fyrir að hið nýja fyrirkomulag taki gildi um næstu áramót og skýrir það hluta af því sem nefnt er Annað í töflunni hér að ofan.

Greiddar afborganir af teknum lánum. Greiddar afborganir af teknum lánum ríkissjóðs eru áætlaðar 21.160 m.kr. árinu 1996 samanborið við 12.950 m.kr. á þessu ári. Greiddar afborganir af erlendum lánum aukast verulega milli ára eða um 7.080 m.kr. en á árinu 1995 var óvenju lítið um afborganir af erlendum lánum. Afborganir af innlendum ríkisbréfum eru áætlaðar 3.450 m.kr. og aukast einnig milli ára. Innlausn spariskírteina er áætluð um 7.300 m.kr. sem er svipuð fjárhæð og í ár. Eftirfarandi yfirlit sýnir áætlun um greiddar afborganir ríkissjóðs á árunum 1995 og 1996:

Í milljónum króna	Áætlun 1995	Frumvarp 1996
Innlausn spariskírteina	7.340	7.300
Innlausn ríkisbréfa	2.100	3.450
Önnur innlend lán	1.460	1.280
Erlend lán	2.050	9.130
Samtals	**12.950**	**21.160**

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 3. gr.

Þessi grein heimilar fjármálaráðherra að endurlána til fimm aðila í B-hluta fjárlaga allt að 5.970 m.kr. af þeirri fjárhæð er kemur fram í 1. gr. frumvarpsins. Þeir eru:

1. **Lánasjóður íslenskra námsmanna.** Gert er ráð fyrir að endurlána Lánasjóði íslenskra námsmanna allt að 4.030 m.kr. á árinu 1996 og er það um 230 m.kr. hærri upphæð en í fjárlögum yfirstandandi árs. Ástæða hækkunarinnar felst í því að fjármagnskostnaður umfram fjármunatekjur er áætlaður 1.152 m.kr. eða 285 m.kr. hærri en í fjárlögum yfirstandandi árs, en í fjárlögum er lántökukostnaður vanáætlaður um 160 m.kr.
2. **Þróunarsjóður sjávarútvegs.** Gert er ráð fyrir að endurlána Þróunarsjóði sjávarútvegs allt að 850 m.kr. á árinu 1996. Sjóðurinn hóf störf á miðju ári 1994. Hlutverk hans er að stuðla að aukinni arðsemi í sjávarútvegi. Það er gert með því að veita styrki til úreldingar fiskiskipa og uppkaupa á fiskvinnslustöðvum ásamt framleiðslutækjum til að draga úr afkastagetu í sjávarútvegi. Áætlað er að á árinu 1996 fari 200 m.kr. í úreldingarstyrki til fiskiskipa og 500 m.kr. til fiskvinnslustöðva og þróunarverkefna. Sértekjur

sjóðsins eru áætlaðar 325 m.kr. á árinu 1996 og seldar verða eignir fyrir 75 m.kr. Áætlað er að greiða í afborganir og vexti 1.561 m.kr. en á móti koma vextir og afborganir af útlánum sjóðsins sem nema 1.070 m.kr. Fjárþörf sjóðsins verður samkvæmt þessu 850 m.kr.

3. **Rafmagnsveitur ríkisins.** Ráðgert er að endurlána Rafmagnsveitum ríkisins allt að 450 m.kr. vegna kaupa á veitum og til að greiða niður óhagstæð skammtímalán.
4. **Flugstöð Leifs Eiríkssonar.** Gert er ráð fyrir að endurlána Flugstöð Leifs Eiríkssonar allt að 340 m.kr. á árinu 1996 til að fjármagna rekstrarhalla og afborganir eldri lána. Rekstrarhalli stöðvarinnar er áætlaður 144 m.kr. að meðtöldum 130 m.kr. afskriftum og hækkar um rúmar 20 m.kr. frá áætlun fyrir þetta ár. Á næsta ári gjaldfalla lán í yenum, 14,5 m.kr., og lán í ECU, 292 m.kr.
5. **Alþjóðaflugþjónustan.** Áætlað er að endurlána Alþjóðaflugþjónustunni allt að 100 m.kr. á árinu 1996 samanborið við 150 m.kr. í ár. Hér er um að ræða fé til kaupa á tækjum og búnaði fyrir nýja flugstjórnarmiðstöð á Reykjavíkurflugvelli. Gert er ráð fyrir að Alþjóðaflugmálastofnunin, ICAO, endurgreiði stærstan hluta kostnaðarins á næstu 20 árum.
6. **Ríkisútvarpið.** Fyrirhugað er að endurlána framkvæmdasjóði Ríkisútvarpsins allt að 200 m.kr. vegna kaupa á langbylgjusendi og loftnetum til að nýta mastur Lóranstöðvarinnar á Gufuskálum til langbylgjusendinga.

Að öðru leyti er vísað til greinargerðar um viðkomandi stofnanir í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1996.

Um 4. gr.

Í þessari grein er sett hámark á nýtingu þeirra lántökuheimilda sem kveðið er á um í sérlögum viðkomandi aðila. Er þetta í samræmi við ákvæði 13. gr. laga nr. 84/1985, um breytingu á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, sem hljóðar svo: „Sé í öðrum lögum en fjárlögum og lánsfjárlögum kveðið á um lántöku og ábyrgðarheimildir skal nýting þeirra ætíð vera innan þeirra marka sem sett eru í fjárlögum og lánsfjárlögum ár hvert.“ Um er að ræða eftirtalda aðila:

1. **Landsvirkjun.** Áætlað er að Landsvirkjun taki lán að fjárhæð allt að 3.140 m.kr. á árinu 1996. Afborganir Landsvirkjunar á næsta ári eru áætlaðar samtals 3.364 m.kr. og vaxtagreiðslur 3.194 m.kr.
2. **Húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins.** Gert er ráð fyrir að heimila afgreiðslu húsbréfa fyrir allt að 13.500 m.kr. á árinu 1996. Á yfirstandandi ári er útlit fyrir að afgreiðsla húsbréfa nemi allt að 13.000 m.kr. sem er sama fjárhæð og áætluð var í lánsfjárlögum 1995.

3. **Byggingarsjóður ríkisins.** Miðað er við að Byggingarsjóði ríkisins verði heimilt að taka að láni allt að 2.330 m.kr. á árinu 1996 en lántökur sjóðsins eru áætlaðar samtals 2.690 m.kr. á yfirstandandi ári. Áformað er að sjóðurinn veiti á árinu 1996 alls 250 m.kr. í lán til byggingar heimila fyrir aldraða og dagvistarstofnana fyrir börn og aldraða, sérstök lán til einstaklinga með sérþarfir og lán eða styrki til tækninýjunga og annarra umbóta í byggingariðnaði. Einnig veitir sjóðurinn 450 m.kr. lán til Byggingarsjóðs verkamanna vegna endursölu- og almennra kaupleiguíbúða. Alls er því ráðgert að sjóðurinn veiti 700 m.kr. í lán á næsta ári.
4. **Byggingarsjóður verkamanna.** Lagt er til að Byggingarsjóði verkamanna verði heimiluð lántaka að fjárhæð allt að 5.660 m.kr. á árinu 1996 en lántökur sjóðsins eru áætlaðar samtals 6.675 m.kr. á árinu 1995. Ráðgert er að veita lán til 230 og 850 endursöluíbúða. Er þetta líkt fjölgun endursöluíbúða á milli ára en fækkun nýrra íbúða en meðallán til endursöluíbúðar er um tíundi hluti af láni til nýrrar íbúðar. Alls er áætlað að sjóðurinn veiti lán sem nemur 3.747 m.kr. á árinu 1996 sem er rúmum milljarði króna lægri fjárhæð en á yfirstandandi ári.
5. **Stofnlánadeild landbúnaðarins.** Miðað er við að Stofnlánadeild landbúnaðarins verði heimiluð lántaka að fjárhæð allt að 1.000 m.kr. á árinu 1996 og er það 600 m.kr. lægri fjárhæð en á þessu ári. Innheimtar afborganir og vextir deildarinnar eru áætlaðar 1.200 m.kr. Greiddar afborganir og vextir eru hins vegar áætlaðar 1.705 m.kr á árinu 1996 og veitt lán og styrkir 730 m.kr.
6. **Byggðastofnun.** Lagt er til að Byggðastofnun verði heimiluð lántaka að fjárhæð allt að 1.000 m.kr. á árinu 1996 sem er sama fjárhæð og í ár. Innheimtar afborganir og vextir stofnunarinnar eru áætlaðar 1.400 m.kr. á næsta ári. Greiddar afborganir og vextir eru hins vegar ráðgerðar 1.550 m.kr. Á árinu 1996 er talið að stofnunin komi til með að veita 900 m.kr í lán og styrki.
7. **Iðnlánasjóður.** Lagt er til að Iðnlánasjóður verði heimiluð lántaka að fjárhæð allt að 3.200 m.kr. á árinu 1996 og er það 600 m.kr. hærri fjárhæð en á yfirstandandi ári. Umsvif sjóðsins hafa aukist verulega á undanförnum árum. Til að mynda námu lántökur sjóðsins samtals um 1.700 m.kr. á árinu 1992.
8. **Ferðamálasjóður.** Ferðamálasjóður er heimiluð lántaka að fjárhæð allt að 150 m.kr. á árinu 1996 og er það sama fjárhæð og sjóðnum er heimilað að taka að láni á yfirstandandi ári.

Engin takmörk eru sett á ábyrgð ríkissjóðs á lántökum Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, sbr. 2. gr. laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka, með áorðnum breytingum, önnur en þau sem þar koma fram.

Iðnþróunarsjóður mun ekki taka lán á næsta ári. Útlán sjóðsins verða hins vegar áþekk milli ára 230–250 m.kr. og innheimtar afborganir lækka um 100 m.kr. á milli ára. Þess skal getið að Iðnþróunarsjóður varð alfarið í eigu íslenska ríkisins í byrjun árs 1995 eftir að endurgreiðslu stofnfjárframlaga til hinna Norðurlandanna var lokið.

Í lánsfjárlögum fyrir árið 1992 var ríkisábyrgð afnumin af öllum skuldbindingum sem Fiskveiðasjóður stofnaði til eftir 1. mars 1992. Þannig er ekki sett þak á lántökur Fiskveiðasjóðs í 4. gr. frumvarpsins. Til upplýsinga eru lántökur Fiskveiðasjóðs áætlaðar 3.500 m.kr. á næsta ári og afborganir eldri lána 4.150 m.kr.

Um 5. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að lántökur samkvæmt lögum þessum skuli fara fram innan lands eða utan.

Um 6. gr.

Í þessari grein er fjármálaráðherra heimilað að samþykkja að þeir aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, geti ýmist endurfjármagnað lánin þegar hagstæðari kjör bjóðast, stofnað til vaxta- eða skuldaskipta eða nýtt skammtímalánsform þegar það á við til þess að komast hjá áhrifum af vaxtasveiflum. Í síðastnefnda liðnum felst m.a. heimild til þess að semja um hámark eða lágmark á breytilegum vöxtum.

Um 7. gr.

Hér er áréttað ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins, þar sem fram kemur að bera þurfi undir hana lánskjör á nýjum erlendum lánum, sbr. II. kafla þessa frumvarps, svo og lánabreytingar, sbr. 6. gr. frumvarpsins. Með greininni er ætlað að tryggja að kjör á erlendum lánum þessara aðila séu ávallt í samræmi við það að þau beri ríkisábyrgð.

Um 8. gr.

Í þessari grein segir að til lántöku viðkomandi aðila teljist yfirtekin lán og ábyrgðir veittar á lántökum þriðja aðila, eða milliganga um töku lána þeirra. Þessar lántökur skulu rúmast innan heimildar sem tilgreind er í II. kafla frumvarpsins.

Um 9. gr.

Hér er kveðið á um að erlendar fjárhæðir miðist við kaupgengi gjaldmiðla samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi lánsfjárlaga.

Um 10. og 11. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringar.

Tafla 1 **Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða**

Hreyfingar í milljónum króna	1992	1993	Bráðab. 1994	Áætlun [1] 1995	Spá 1996
Uppruni fjármagns:					
1 Eigið framlag	**24 040**	**30 068**	**35 605**	**36 890**	**38 100**
Innborgaðar afborganir og vextir	24 605	30 227	35 397	36 860	38 070
Annað innstreymi	136	550	906	700	700
Rekstrarkostnaður	- 701	- 709	- 698	- 670	- 670
2 Framlög, nettó	**9 433**	**9 388**	**8 061**	**7 765**	**7 400**
Iðgjöld	16 637	17 219	16 701	17 174	17 650
Lífeyrisgreiðslur	-7 194	-7 813	-8 640	-9 409	-10 250
Annað, nettó	- 10	- 18	...	...	...
3 Uppruni (1+2)=Ráðstöfun (4+5+6)	**33 473**	**39 456**	**43 666**	**44 655**	**45 500**
Ráðstöfun fjármagns:					
4 Útlán og skuldabréfakaup	**33 010**	**38 587**	**42 868**	**44 155**	**45 000**
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	2 442	3 631	5 330	...	...
Bæjar- og sveitarfélög	1 394	2 751	5 500	...	...
Fjárfestingarlánasjóðir	18 154	20 225	15 333	...	...
þ.a. húsbréf	9 125	10 922	10 852	...	...
þ.a. húsnæðisbréf	1 200	4 712	2 280	...	...
þ.a. skuldabréf Húsnæðisstofnunar	6 012	2 395	-	...	...
Aðrar fjármálastofnanir	3 501	4 200	5 367	...	...
Fyrirtæki	1 845	2 236	4 548	...	...
Hlutabréf	998	794	1 019	...	...
Einstaklingar (sjóðsfélagar)	4 676	4 600	4 450	...	...
Erlend skuldabréf	-	150	1 321	...	...
5 Aðrar greiðslur, nettó	**526**	**206**	**22**	**...**	**...**
6 Innstæðu- og sjóðsbreyting	**- 63**	**663**	**776**	**500**	**500**

[1] Áætlun, byggð á úrtaki ársfjórðungsgagna.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 2 **Greiðsluáætlun fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna 1996**

Milljónir króna	Framkvæmda-sjóður	Byggða-stofnun	Fiskveiða-sjóður	Iðnþróunar-sjóður	Iðnlána-sjóður	Stofnlánad. landbúnaðar	Innbyrðis færsla	Samtals
Innstreymi	**2 838**	**2 660**	**8 245**	**1 167**	**5 555**	**2 528**	**-1 728**	**21 265**
Sjóðslækkun	-	10	-	82	-	-	-	**92**
Innheimtar afborganir	2 219	900	3 000	750	1 425	745	-1 370	**7 669**
Fjárfestingarlánasjóðir	1 370	-	-	-	-	-	-1 370	**-**
Aðrir	849	900	3 000	750	1 425	745	-	**7 669**
Innheimtir vextir	572	500	1 685	320	750	455	- 358	**3 924**
Fjárfestingarlánasjóðir	358	-	-	-	-	-	- 358	**-**
Aðrir	214	500	1 685	320	750	455	-	**3 924**
Tekin lán	-	1 000	3 500	-	3 200	1 000	-	**8 700**
Framlög og skatttekjur	-	250	-	-	160	320	-	**730**
Ríkissjóður	-	210	-	-	-	-	-	**210**
Sveitarfélög	-	-	-	-	-	-	-	**-**
Aðrir	-	40	-	-	160	320	-	**520**
Aðrar tekjur	47	-	60	15	20	8	-	**150**
Útstreymi	**2 898**	**2 660**	**8 245**	**1 167**	**5 555**	**2 528**	**-1 728**	**21 325**
Sjóðsaukning	272	-	723	-	94	3	-	**1 092**
Rekstrarkostnaður	48	170	150	67	120	90	-	**645**
Fjárfesting	-	-	-	-	5	-	-	**5**
Greiddar afborganir	1 952	1 200	4 152	500	2 730	1 180	-1 370	**10 344**
Framkvæmdasjóður	-	120	600	-	283	367	-1 370	**-**
Aðrir innlendir aðilar	511	230	770	310	947	813	-	**3 581**
Erlendir aðilar	1 441	850	2 782	190	1 500	-	-	**6 763**
Greiddir vextir	626	350	1 050	350	806	525	- 358	**3 349**
Framkvæmdasjóður	-	60	100	-	25	173	- 358	**-**
Aðrir innlendir aðilar	136	60	150	180	322	352	-	**1 200**
Erlendir aðilar	490	230	800	170	459	-	-	**2 149**
Hlutafjárkaup	-	-	-	-	-	-	-	**-**
Endurgreidd stofnframlög	-	-	-	-	-	-	-	**-**
Veitt lán og styrkir	-	900	2 000	250	1 800	730	-	**5 680**
Annað	-	40	170	-	-	-	-	**210**

Tafla 3 Erlend skuldastaða þjóðarbúsins og greiðslubyrði

Milljónir króna	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	Áætlun 1995	Spá 1996
Erlend skuldastaða, meðalgengi hvers árs										
Langtímalán	83 806	105 470	151 065	179 712	196 214	209 030	250 265	258 180	-	-
Skammtímastaða, nettó	-10 768	-11 981	-9 638	-5 846	-8 663	-9 609	660	13 508	-	-
Gjaldeyrisstaða	10 420	11 102	18 350	23 873	24 844	29 019	27 354	14 739	-	-
Hrein skuldastaða við útlönd	**84 154**	**106 349**	**142 353**	**161 685**	**180 033**	**189 620**	**222 251**	**229 933**	**223 900**	**220 500**
Raunvirði erlendra skulda, verðlag 1995 [1]										
Langtímalán	220 963	236 325	254 875	267 602	277 434	288 090	287 390	273 423	-	-
Hrein skuldastaða	221 881	238 295	240 177	240 758	254 556	261 339	255 221	243 509	230 516	220 500
Hlutfall af VLF, %										
Langtímalán	40,1	41,1	49,0	49,4	49,5	52,5	60,9	59,6	-	-
Hrein skuldastaða	40,3	41,4	46,2	44,4	45,4	47,7	54,1	53,1	49,2	46,0
Greiðslubyrði erlendra lána										
Afborganir af langtímalánum	5 777	6 599	9 104	11 360	14 880	19 125	23 769	39 818	26 000	26 000
Vaxtagreiðslur af langtímalánum	6 158	7 594	12 295	14 345	14 846	14 028	15 562	16 258	16 000	15 000
Samtals	11 935	14 193	21 399	25 705	29 726	33 153	39 331	56 076	42 000	41 000
Nettóvaxtagreiðslur	6 213	8 173	12 951	14 377	14 797	13 619	14 615	15 167	16 000	15 400
Hlutfall af útflutningstekjum, %										
Afborganir af erlendum langtímalánum	7,8	7,8	8,3	8,8	11,5	15,1	16,9	24,6	14,9	14,4
Vaxtagreiðslur af langtímalánum	8,3	9,0	11,2	11,1	11,4	11,1	11,1	10,0	9,2	8,3
Samtals	16,1	16,8	19,4	20,0	22,9	26,2	27,9	34,6	24,1	22,7
Nettóvaxtagreiðslur	8,4	9,7	11,8	11,2	11,4	10,8	10,4	9,4	9,2	8,5
Afborganir og nettó vaxtagreiðslur alls	16,2	17,4	20,0	20,0	22,9	25,9	27,3	34,0	24,1	22,9

[1] Miðað við erlent verðlag og meðalgengi.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 4 Flokkun erlendra langtímalána

Milljónir króna á meðalgengi hvers árs	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994
Lántökur	**9 932**	**12 042**	**12 819**	**16 632**	**26 070**	**28 037**	**30 022**	**32 403**	**30 464**	**33 730**
Opinberir aðilar	5 561	5 704	2 989	4 745	9 522	8 762	17 300	19 836	14 649	24 961
Lánastofnanir	3 485	4 311	7 620	10 055	12 798	9 095	7 639	9 803	14 615	6 529
Einkaaðilar	886	2 027	2 210	1 832	3 750	10 180	5 083	2 764	1 200	2 241
Afborganir	**4 456**	**5 937**	**5 777**	**6 599**	**9 104**	**11 360**	**14 880**	**19 125**	**23 769**	**39 818**
Opinberir aðilar	1 632	2 481	2 314	1 768	2 731	2 947	3 927	9 187	8 104	15 271
Lánastofnanir	1 794	2 387	2 169	2 856	4 471	6 154	7 019	7 467	12 391	18 449
Einkaaðilar	1 030	1 069	1 294	1 975	1 902	2 259	3 934	2 471	3 274	6 098
Nettó hreyfing	**5 476**	**6 105**	**7 042**	**10 033**	**16 966**	**16 677**	**15 142**	**13 278**	**6 695**	**-6 088**
Opinberir aðilar	3 929	3 223	675	2 977	6 791	5 815	13 373	10 649	6 545	9 690
Lánastofnanir	1 691	1 924	5 451	7 199	8 327	2 941	620	2 336	2 224	-11 920
Einkaaðilar	- 144	958	916	- 143	1 848	7 921	1 149	293	-2 074	-3 857
Vaxtagreiðslur	**5 259**	**6 152**	**6 158**	**7 594**	**12 295**	**14 345**	**14 846**	**14 028**	**15 562**	**16 258**
Opinberir aðilar	3 573	4 321	4 199	4 856	7 130	7 551	8 010	7 859	9 483	10 794
Lánastofnanir	1 210	1 313	1 438	2 074	4 100	5 231	4 964	4 381	4 222	4 046
Einkaaðilar	476	518	521	664	1 065	1 563	1 872	1 788	1 857	1 418
Staða í árslok	**60 857**	**75 083**	**83 806**	**105 471**	**151 065**	**179 712**	**196 214**	**209 030**	**250 265**	**258 180**
Opinberir aðilar	41 602	50 050	51 547	61 994	85 308	98 093	112 091	122 467	149 563	168 459
Lánastofnanir	14 179	18 493	24 646	35 155	53 229	60 396	61 673	64 076	76 852	68 932
Einkaaðilar	5 076	6 540	7 613	8 322	12 528	21 223	22 450	22 487	23 850	20 789
Gengisforsendur; krónur/SDR	42,2	48,2	49,9	57,8	73,1	79,0	80,7	81,0	94,6	100,0
Meðalvextir	**9,3**	**8,7**	**7,8**	**7,8**	**8,9**	**8,6**	**8,0**	**7,0**	**6,4**	**6,2**
Opinberir aðilar	9,2	9,1	8,2	8,1	8,9	8,1	7,8	6,9	6,6	6,7
Lánastofnanir	9,4	7,7	7,0	7,0	8,7	9,0	8,1	7,0	5,6	5,2
Einkaaðilar	9,2	8,9	7,5	7,9	9,6	10,2	8,7	8,1	7,3	6,0

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 5 Veitt og tekin lán ríkissjóðs [1]

Stöðutölur í milljónum króna á verðlagi í lok hvers árs	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	Áætlun 1995	Frumvarp 1996
Tekin lán	**52 026**	**68 273**	**97 182**	**112 785**	**127 656**	**153 412**	**181 030**	**197 106**	**217 113**	**222 715**
Seðlabanki Íslands	3 059	3 448	3 221	1 810	757	13	6	6	-	-
Spariskírteini	11 775	16 659	21 717	31 043	36 301	39 089	46 257	52 184	-	-
Ríkisbréf	-	-	-	76	1 257	2 487	6 012	5 563	-	-
Ríkisvíxlar	931	725	5 892	8 066	8 244	12 545	13 742	14 630	-	-
Aðrir innlendir aðilar	6 306	7 236	7 840	12 011	13 144	12 005	12 709	11 090	-	-
Erlend lán	29 955	40 205	58 512	59 779	67 953	87 273	102 304	113 633	-	-
Lánveitingar	**35 632**	**47 569**	**49 222**	**52 806**	**63 091**	**67 700**	**64 968**	**69 066**	**80 104**	**81 494**
Veitt lán	24 182	29 967	34 433	34 022	37 902	41 654	46 875	55 469	-	-
Lán tengd innlendu verðlagi	13 476	15 795	16 331	18 306	22 071	22 644	26 405	36 965	-	-
Gengisbundin lán	10 706	14 172	18 102	15 716	15 831	19 010	20 470	18 504	-	-
Viðskiptareikningar, nettó	11 450	17 602	14 789	18 784	25 189	26 046	18 093	13 597	-	-
Nettó lántökur ríkissjóðs	**16 394**	**20 704**	**47 960**	**59 979**	**64 565**	**85 712**	**116 062**	**128 040**	**137 009**	**141 221**
Lánveitingar sem % af teknum lánum	68,5	69,7	50,6	46,8	49,4	44,1	35,9	35,0	36,9	36,6
Hlutfall af VLF, % [2]										
Tekin lán	**24,1**	**25,0**	**30,0**	**30,7**	**31,7**	**38,4**	**43,8**	**45,4**	**47,6**	**46,4**
Þar af erlend lán	14,5	14,7	17,9	16,4	17,1	21,9	24,9	26,2	0,0	-
Veitt lán	**11,0**	**11,0**	**10,4**	**9,2**	**9,4**	**10,4**	**11,3**	**12,7**	**14,4**	**13,9**
Þar af gengisbundin lán	5,2	5,2	5,5	4,3	4,0	4,8	5,0	4,3	-	-
Viðskiptareikningar, nettó	5,0	6,4	4,6	5,0	6,2	6,5	4,3	3,1	-	-
Nettó lántökur ríkissjóðs	**8,0**	**7,6**	**15,0**	**16,4**	**16,2**	**21,5**	**28,1**	**29,4**	**29,9**	**29,4**

[1] Langtímaskuldbindingar ríkissjóðs ekki meðtaldar.

[2] Reiknað til meðalverðlags hvers árs með neysluverðsvísitölu og meðalgengi.

Tafla 6 Skuldir og kröfur opinberra aðila [1]

Stöðutölur í milljónum króna	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	Áætlun 1995	Spá 1996
Verðlag og gengi hvers árs										
Heildarskuldir hins opinbera	**58 775**	**77 345**	**110 254**	**127 983**	**144 309**	**172 934**	**205 266**	**227 831**	**251 572**	**260 838**
Innlendar skuldir	28 767	37 068	51 505	68 003	75 738	82 761	99 560	109 714	-	-
Erlendar skuldir	30 008	40 277	58 749	59 980	68 571	90 173	105 706	118 117	-	-
Kröfur hins opinbera	**41 727**	**55 474**	**59 647**	**64 028**	**74 931**	**79 127**	**77 256**	**81 876**	**93 216**	**94 771**
Veitt lán	27 518	34 862	40 466	40 870	44 546	48 346	53 808	62 879	73 467	75 771
Skatta- og viðskiptakröfur	14 209	20 612	19 181	23 158	30 385	30 781	23 448	18 997	19 749	19 000
Hreinar skuldir hins opinbera	**17 048**	**21 871**	**50 607**	**63 956**	**69 378**	**93 808**	**128 010**	**145 955**	**158 356**	**166 067**
Ríkissjóður	16 394	20 704	47 960	59 979	64 565	85 713	116 062	128 040	137 009	141 221
Bæjar- og sveitarfélög	1 845	2 518	4 816	6 347	7 288	10 194	13 922	19 915	23 347	26 846
Almannatryggingar	-1 191	-1 351	-2 169	-2 370	-2 475	-2 099	-1 974	-2 000	-2 000	-2 000
Raunvirði opinberra skulda, verðlag 1996 [2]										
Heildarskuldir hins opinbera	137 864	151 593	171 103	171 609	182 127	214 031	226 729	239 124	258 182	260 838
Hreinar skuldir hins opinbera	39 881	42 601	78 055	86 316	88 058	115 510	141 222	153 137	162 517	166 067
Hlutfall af VLF, %										
Skuldir hins opinbera	**28,1**	**30,1**	**35,8**	**35,2**	**36,4**	**43,5**	**50,0**	**52,6**	**55,3**	**54,4**
Innlendar skuldir	13,8	14,4	16,7	18,7	19,1	20,8	24,2	-	-	-
Erlendar skuldir	14,4	15,7	19,1	16,5	17,3	22,7	25,7	-	-	-
Kröfur hins opinbera	**20,0**	**21,6**	**19,4**	**17,6**	**18,9**	**19,9**	**18,8**	**18,9**	**20,5**	**19,8**
Hreinar skuldir hins opinbera	**8,2**	**8,5**	**16,4**	**17,6**	**17,5**	**23,6**	**31,2**	**33,7**	**34,8**	**34,6**

[1] Skilgreining á opinberum aðilum tekur mið af alþjóðlegum stöðlum (SNA) og miðast við A-hluta ríkissjóðs, sveitarfélög og almannatryggingar. Tekið hefur verið tillit til innbyrðis lánveitinga opinberra aðila.

[2] Innlendar skuldir eru færðar til fasts verðlags miðað við neysluverðsvísitölu en erlendar skuldir miðað við erlent verðlag og meðalgengi.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

44. Frumvarp til fjáraukalaga [44. mál]

fyrir árið 1995.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1995 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1995:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		**2 328 000**
Tekjuskattar	1 030 000	
Tryggingagjöld, launaskattar	-20 000	
Eignarskattar	75 000	
Skattar á vörur og þjónustu	749 000	
Vaxtatekjur	300 000	
Aðrar tekjur	194 000	
Gjöld		**4 961 600**
Samneysla	1 131 500	
Rekstrargjöld	912 500	
Viðhald	219 000	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	2 099 200	
Vaxtagjöld	330 000	
Fjárfesting	1 400 900	
Gjöld umfram tekjur		**2 633 600**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		8 120 000
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**10 753 600**
Afborganir af teknum lánum		450 000
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**11 203 600**
Lántökur		11 200 000
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**-3 600**

2. gr.

Útgjöld ríkissjóðs breytast frá ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1995 sem hér segir, sbr. sundurliðun í 3. gr.:

	Þús.kr.	Þús.kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	58 000	
01 Forsætisráðuneyti	19 000	
02 Menntamálaráðuneyti	103 300	
03 Utanríkisráðuneyti	114 400	
04 Landbúnaðarráðuneyti	21 000	
05 Sjávarútvegsráðuneyti	14 700	
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	35 000	
07 Félagsmálaráðuneyti	223 800	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	2 334 600	
09 Fjármálaráðuneyti	1 750 900	
10 Samgönguráðuneyti	230 000	
11 Iðnaðarráðuneyti	40 300	
12 Viðskiptaráðuneyti	14 100	
14 Umhverfisráðuneyti	2 500	
Samtals		4 961 600

3. gr.

Sundurliðun gjalda skv. 2. gr. á stofnanir og viðfangsefni er þessi:

00 Æðsta stjórn ríkisins

		Þús. kr.	Þús. kr.
00–201 Alþingi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 000
1 01	Alþingiskostnaður	13 000	
	Gjöld samtals		13 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	13 000	
5	Gjöld samtals		**13 000**
00–510 Bessastaðir			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			45 000
6 01	Mannvirkjagerð	45 000	
	Gjöld samtals		45 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	45 000	
5	Gjöld samtals		**45 000**
	Samtals		58 000

01 Forsætisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
01–190	**Ýmis verkefni**		
	Viðfangsefni:		
	Viðhaldsverkefni:		19 000
5 21	Ráðherrabústaður Tjarnargötu	19 000	
	Gjöld samtals		19 000
	Tegundasundurliðun:		
52–58	Önnur gjöld	19 000	
5	Gjöld samtals		**19 000**
	Samtals		19 000

02 Menntamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–319 Framhaldsskólar, almennt			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 300
1 25	Nám flugvirkja í Svíþjóð	6 300	
	Gjöld samtals		6 300
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	6 300	
5	Gjöld samtals		**6 300**
02–872 Lánasjóður íslenskra námsmanna			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			−30 000
1 01	Lánasjóður íslenskra námsmanna	−30 000	
	Gjöld samtals		−30 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	−30 000	
5	Gjöld samtals		**−30 000**
02–905 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			35 000
1 01	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	35 000	
	Gjöld samtals		35 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	35 000	
5	Gjöld samtals		**35 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–975 Menningarsjóður útvarpsstöðva			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 000
1 10	Menningarsjóður útvarpsstöðva	30 000	
	Gjöld samtals		30 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	30 000	
5	Gjöld samtals		**30 000**
02–983 Ýmis fræðistörf			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 000
1 90	Ýmis fræðistörf	12 000	
	Gjöld samtals		12 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	12 000	
5	Gjöld samtals		**12 000**
02–985 Alþjóðleg samskipti			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			50 000
1 90	Alþjóðleg samskipti	50 000	
	Gjöld samtals		50 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5918 Til erlendra aðila	50 000	
5	Gjöld samtals		**50 000**
	Samtals		103 300

03 Utanríkisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 000
1 01	Yfirstjórn	13 700	
1 02	Varnarmálaskrifstofa	2 300	
	Gjöld samtals		16 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	16 000	
5	Gjöld samtals		**16 000**
03–201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 000
1 01	Yfirstjórn	11 000	
	Gjöld samtals		11 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 000	
5	Gjöld samtals		**11 000**
03–320 Sendiráð, almennt			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			69 300
1 90	Sendiráð, almennt	69 300	
	Gjöld samtals		69 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 000	
52–58	Önnur gjöld	49 300	
5	Gjöld samtals		**69 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–401 Alþjóðastofnanir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 100
1 70	Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	18 100	
	Gjöld samtals		18 100
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5918 Til erlendra aðila	18 100	
5	Gjöld samtals		**18 100**
	Samtals		114 400

04 Landbúnaðarráðuneyti

	Þús. kr.	Þús. kr.
04–101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		2 000
1 01 Yfirstjórn	2 000	
Gjöld samtals		2 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	2 000	
5 Gjöld samtals		**2 000**
04–261 Bændaskólinn á Hvanneyri		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		5 000
1 01 Bændaskólinn á Hvanneyri	5 000	
Gjöld samtals		5 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	5 000	
5 Gjöld samtals		**5 000**
04–805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		14 000
1 02 Lífeyrissjóður bænda	14 000	
Gjöld samtals		14 000
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	14 000	
5 Gjöld samtals		**14 000**
Samtals		21 000

05 Sjávarútvegsráðuneyti

	Þús. kr.	Þús. kr.
05–101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		4 700
1 01 Yfirstjórn	4 700	
Gjöld samtals		4 700
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	4 700	
5 Gjöld samtals		**4 700**
05–202 Hafrannsóknastofnun		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		10 000
1 30 Rannsóknaskip	10 000	
Gjöld samtals		10 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	10 000	
5 Gjöld samtals		**10 000**
Samtals		14 700

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

	Þús. kr.	Þús. kr.
06–395 Landhelgisgæsla Íslands		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		20 000
1 90 Landhelgisgæsla Íslands	20 000	
Gjöld samtals		20 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	20 000	
5 Gjöld samtals		**20 000**
06–491 Húsnæði og búnaður sýslumanna		
Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		15 000
6 60 Upplýsingakerfi sýslumanna	15 000	
Gjöld samtals		15 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	15 000	
5 Gjöld samtals		**15 000**
Samtals		35 000

07 Félagsmálaráðuneyti

	Þús. kr.	Þús. kr.
07–275 Húsaleigubætur		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		−180 000
1 10 Húsaleigubætur	−180 000	
Gjöld samtals		−180 000
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	−180 000	
5 Gjöld samtals		**−180 000**
07–331 Vinnueftirlit ríkisins		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		18 000
1 01 Vinnueftirlit ríkisins	18 000	
Gjöld samtals		18 000
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	18 000	
5 Gjöld samtals		**18 000**
07–795 Framkvæmdasjóður fatlaðra		
Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		108 800
6 01 Framkvæmdasjóður fatlaðra	108 800	
Gjöld samtals		108 800
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	108 800	
5 Gjöld samtals		**108 800**

	Þús. kr.	Þús. kr.
07–801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		39 000
1 10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	39 000	
Gjöld samtals		39 000
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5912 Til sveitarfélaga	39 000	
5 Gjöld samtals		**39 000**
07–981 Vinnumál		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		15 000
1 30 Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit	15 000	
Gjöld samtals		15 000
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	15 000	
5 Gjöld samtals		**15 000**
07–982 Ábyrgðasjóður launa		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		−60 000
1 01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota	−60 000	
Gjöld samtals		−60 000
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	−60 000	
5 Gjöld samtals		**−60 000**
07–984 Atvinnuleysistryggingasjóður		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		280 000
1 10 Atvinnuleysistryggingasjóður	280 000	
Gjöld samtals		280 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	280 000	
5	Gjöld samtals		**280 000**

07–999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 000
1 45	Undirbúningur aðgerða til að draga úr launamun karla og kvenna	3 000	
	Gjöld samtals		3 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	3 000	
5	Gjöld samtals		**3 000**
	Samtals		223 800

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–204 Lífeyristryggingar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 330 000
1 10	Lífeyristryggingar	1 330 000	
	Gjöld samtals		1 330 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 330 000	
5	Gjöld samtals		**1 330 000**
08–206 Sjúkratryggingar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			550 000
1 10	Sjúkratryggingar	550 000	
	Gjöld samtals		550 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	550 000	
5	Gjöld samtals		**550 000**
08–311 Héraðslæknir í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 700
1 01	Héraðslæknir í Reykjavík	7 700	
	Gjöld samtals		7 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 700	
5	Gjöld samtals		**7 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–315 Héraðslæknir á Norðurlandi eystra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 300
1 01	Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	4 300	
	Gjöld samtals		4 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 300	
5	Gjöld samtals		**4 300**
08–365 Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 000
1 01	Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi	27 000	
	Gjöld samtals		27 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 000	
5	Gjöld samtals		**27 000**
08–366 Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			39 500
1 01	Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	39 500	
	Gjöld samtals		39 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 500	
52–58	Önnur gjöld	25 000	
5	Gjöld samtals		**39 500**
08–371 Ríkisspítalar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			92 000
1 01	Ríkisspítalar	92 000	
	Gjöld samtals		92 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	85 000	
52–58	Önnur gjöld	7 000	
5	Gjöld samtals		**92 000**

08–375 Sjúkrahús Reykjavíkur

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			50 000
1 11	Borgarspítalinn	50 000	
	Gjöld samtals		50 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	50 000	
5	Gjöld samtals		**50 000**

08–385 Framkvæmdasjóður aldraðra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			209 000
1 01	Kostnaður skv. 3.- 5. tölul. 12. gr. laga um málefni aldraðra	209 000	
	Gjöld samtals		209 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	209 000	
5	Gjöld samtals		**209 000**

08–399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 100
1 90	Ýmis framlög	4 100	
	Gjöld samtals		4 100
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	4 100	
5	Gjöld samtals		**4 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–500 Heilsugæslustöðvar, almennt			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 000
1 10	Heilsugæslustöðvar, almennt	10 000	
	Gjöld samtals		10 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	10 000	
5	Gjöld samtals		**10 000**
08–950 Rekstrarhagræðing			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 000
1 90	Rekstrarhagræðing	11 000	
	Gjöld samtals		11 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 000	
5	Gjöld samtals		**11 000**
	Samtals		2 334 600

09 Fjármálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–212 Skattamál, ýmis útgjöld			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 300
1 02	Verðjöfnunargjöld, vörugjöld og útflutningsskýrslur	3 100	
1 20	Olíugjald	6 200	
	Gjöld samtals		9 300
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	9 300	
5	Gjöld samtals		**9 300**
09–381 Uppbætur á lífeyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			−100 000
1 01	Uppbætur á lífeyri	−100 000	
	Gjöld samtals		−100 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	−100 000	
5	Gjöld samtals		**−100 000**
09–801 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			330 000
1 10	Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	330 000	
	Gjöld samtals		330 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	330 000	
5	Gjöld samtals		**330 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–989 Launa- og verðlagsmál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			237 100
1 01	Rekstur	363 100	
1 90	Launa- og verðlagsmál	−126 000	
Stofnkostnaður:			1 193 100
6 01	Stofnkostnaður	1 193 100	
	Gjöld samtals		1 430 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	304 100	
52–58	Önnur gjöld	1 017 200	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	108 900	
5	Gjöld samtals	1 430 200	
4	Sértekjur	−6 400	
	Mismunur		**1 436 600**
09–999 Ýmislegt			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			75 000
1 60	Dómkröfur	15 000	
1 70	Aðstoð vegna snjóflóðs í Súðavík	60 000	
	Gjöld samtals		75 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	45 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	30 000	
5	Gjöld samtals		**75 000**
	Samtals		1 750 900

10 Samgönguráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
10–211 Vegagerðin			
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			200 000
5 05	Þjónustuviðhald	200 000	
	Gjöld samtals		200 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	200 000	
5	Gjöld samtals		**200 000**
10–472 Flugvellir			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			30 000
6 80	Flugvellir, framkvæmdir	30 000	
	Gjöld samtals		30 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	30 000	
5	Gjöld samtals		**30 000**
		Samtals	230 000

11 Iðnaðarráðuneyti

	Þús. kr.	Þús. kr.
11–240 Iðnaðarrannsóknir		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		5 300
1 01 Iðnaðarrannsóknir	5 300	
Gjöld samtals		5 300
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	5 300	
5 Gjöld samtals		**5 300**
11–299 Iðja og iðnaður, framlög		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		25 000
1 42 Jöfnunaraðstoð við skipasmíðaiðnað	25 000	
Gjöld samtals		25 000
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	25 000	
5 Gjöld samtals		**25 000**
11–399 Ýmis orkumál		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		10 000
1 17 Markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar	10 000	
Gjöld samtals		10 000
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	10 000	
5 Gjöld samtals		**10 000**
Samtals		40 300

12 Viðskiptaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
12–999	**Ýmis viðskiptamál**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 100
1 10	Fjárfestingarskrifstofa viðskiptaráðuneytis og Útflutningsráðs	14 100	
	Gjöld samtals		14 100
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	14 100	
5	Gjöld samtals		**14 100**
	Samtals		14 100

14 Umhverfisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
14–301 Skipulagsstjóri ríkisins			
Tegundasundurliðun:			
4	Sértekjur	8 000	
	Mismunur		**–8 000**
14–410 Veðurstofa Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 500
1 01	Almenn starfsemi	1 500	
Stofnkostnaður:			9 000
6 01	Tæki og búnaður	9 000	
	Gjöld samtals		10 500
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	10 500	
5	Gjöld samtals		**10 500**
	Samtals		2 500

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Í þjóðhagsáætlun sem lögð var til grundvallar fjárlögum ársins 1995 var gert ráð fyrir að talsverður bati yrði á flestum sviðum efnahagslífsins eftir langvinna efnahagslægð. Í samræmi við þær spár var gert ráð fyrir auknum kaupmátti ráðstöfunartekna heimilanna og heldur minna atvinnuleysi en á árinu 1994. Talið var að efnahagsbatinn mundi styrkja tekjuhlið ríkissjóðs talsvert auk þess að vega upp áhrif ýmissa skattalækkana. Í fjárlögunum var stefnt að því að nýta tekjuaukann að hluta til þess að draga úr halla á ríkissjóði og að hluta til aðgerða í atvinnumálum með sérstöku framkvæmdaátaki í vegagerð. Við setningu fjárlaga ríkti hins vegar nokkur óvissa um áhrif kjarasamninga, þar sem flestir kjarasamningar voru lausir í byrjun ársins 1995. Í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir að niðurstaða samninganna yrði í takt við áætlaðan hagvöxt og samrýmdist þannig áframhaldandi stöðugleika í efnahagsmálum og stefnumiðum um minni halla á ríkissjóði. Að teknu tilliti til þessara horfa voru fjárlög ársins 1995 afgreidd með 7,4 milljarða króna halla.

Afkoma ríkissjóðs á árinu 1995 hefur nú verið endurmetin miðað við útkomu fyrstu átta mánaða ársins og áætlun um framvindu ríkisfjármála til ársloka. Er nú talið að greiðsluhalli ríkissjóðs verði um 8,9 milljarðar króna á árinu. Frávikið frá fjárlögum verður samkvæmt þessu um 1,5 milljarðar króna, eða sem svarar til um 1,4% af tekjuáætlun fjárlaga. Breytingar gjalda og tekna eru nokkru meiri en ganga til beggja átta. Í greinargerðinni hér á eftir eru rakin helstu atriði í áætlun um tekju- og gjaldahlið ríkissjóðs á árinu 1995 með samanburði við forsendur fjárlaga.

Afkoma ríkissjóðs

Greiðslugrunnur	Greiðslur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Áætlun 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.
Tekjur	109.602	112.092	114.420	2.328
Gjöld	116.986	119.528	123.317	3.789
Rekstrarafkoma	**-7.384**	**-7.436**	**-8.897**	**-1.461**
Veitt lán, nettó	-9.477	-960	-9.430	-8.470
Hluta- og stofnfjárframlög	-158	-500	-150	350
Viðskiptareikningar	2.248	-500	-500	-
Hrein lánsfjárþörf	**-14.771**	**-9.396**	**-18.977**	**-9.581**
Lántökur, nettó	**14.729**	**9.400**	**18.850**	**9.450**
Innlend lántaka – afborganir	3.568	-	4.400	-
Erlend lántaka – afborganir	11.161	-	14.450	-
Greiðsluafkoma	**-42**	**4**	**-127**	**-131**

Framvinda efnahagsmála hefur verið hagstæð það sem af er árinu og bendir flest til að efnahagsbatinn verði meiri en miðað var við í forsendum fjárlaga. Þannig var í fjárlögum reiknað með að einkaneysla gæti aukist um 2,5% frá árinu 1994 og að

hagvöxtur á mælikvarða vergrar landsframleiðslu yrði um 2,1%. Nú er hins vegar talið að aukning einkaneyslu verði um 4,5% og að hagvöxturinn verði 3,2%. Einnig eru horfur á að ráðstöfunartekjur á mann vaxi um 5,5% í stað 2,8% í áætlun fjárlaga. Þessi auknu umsvif í efnahagsstarfseminni hafa skilað ríkissjóði viðbótartekjum af virðisaukaskatti og öðrum veltutengdum sköttum, en einnig af tekjusköttum vegna betri afkomu fyrirtækja og heimila. Jafnframt er útlit fyrir að vaxtatekjur og arðgreiðslur verði talsvert hærri en reiknað var með í fjárlögum. Á hinn bóginn verður ríkissjóður af talsverðum tekjum vegna niðurfellingar á tekjuskatti af lífeyrisgreiðslum, sem ákveðin var í tengslum við gerð kjarasamninga snemma á árinu. Að samanlögðu er áætlað að tekjur ársins 1995 verði 114,4 milljarðar króna, eða um 2,3 milljörðum króna hærri en í fjárlögum.

Helstu frávik tekna og gjalda frá fjárlögum 1995, m.kr.

	Tekjuhlið:	
1.	**Veltuáhrif vegna betra efnahagsástands**	**2.300**
2.	**Aðgerðir vegna kjarasamninga**	**-600**
3.	**Önnur atriði**	**600**
	Heildarfrávik tekna frá fjárlögum	**2.300**
	Gjaldahlið:	
1.	**Kjarasamningar**	**1.960**
	– Eingreiðslur lífeyris- og atvinnuleysistrygginga	760
	– Hækkun bóta lífeyris- og atvinnuleysistrygginga	340
	– Launahækkanir ríkisstarfsmanna	860
2.	**Ákvarðanir ríkisstjórnar og Alþingis**	**450**
	– Rekstrarhalli sjúkrahúsa	140
	– Aðstoð vegna snjóflóðsins í Súðavík	60
	– Ýmsar sérstakar ákvarðanir	250
3.	**Sjúkratryggingar**	**550**
4.	**Uppgjör á mörkuðum tekjum Framkvæmdasjóða aldraðra og fatlaðra**	**320**
5.	**Vaxtagjöld ríkissjóðs**	**330**
6.	**Ýmis vanáætluð útgjöld og annað**	**490**
7.	**Lækkun útgjalda**	**-800**
8.	**Lækkun óhafinna fjárveitinga milli ára**	**500**
	Heildarfrávik gjalda frá fjárlögum	**3.800**

Á gjaldahlið er gert ráð fyrir heldur meiri breytingum. Í fjárlögum voru útgjöldin ákveðin 119,5 milljarðar króna en nú stefnir í að þau verði um 123,3 milljarðar króna, eða um 3,8 milljörðum króna hærri.

Stærsti hluti útgjaldaaukans, eða nærri 2 milljarða króna, skýrist af áhrifum kjarasamninga sem gerðir hafa verið á árinu. Eru þá talin með útgjöld vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um að svonefndar eingreiðslur almannatrygginga skyldu greiddar í samræmi við ákvæði kjarasamninga ASÍ og VSÍ sl. vor. Í annan stað má rekja tæplega hálfan milljarð af viðbótarútgjöldunum til nýrra ákvarðanna

ríkisstjórnarinnar og Alþingis eftir afgreiðslu fjárlaga, s.s. varðandi rekstrarvanda sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu, aðstoð við íbúa Súðavíkur í kjölfar snjóflóða o.fl. Í þriðja lagi hafa útgjöldin aukist um 550 m.kr. vegna sparnaðaráforma í sjúkratryggingum sem ekki hafa gengið eftir. Loks nema önnur ný útgjaldatilefni af ýmsum toga alls um 1.100 m.kr., en þar má t.d. nefna 330 m.kr. aukningu vaxtagjalda og svipaða hækkun vegna uppgjörs á mörkuðum tekjum Framkvæmdasjóða aldraðra og fatlaðra. Á móti koma nokkur tilefni til lækkunar, alls um 800 m.kr. Þar af eru 425 m.kr. launagreiðslur sem féllu niður vegna verkfalls kennara fyrr á árinu.

Nýjar fjárheimildir sem leitað er eftir með frumvarpinu vegna framangreindra útgjaldatilefna nema þannig alls um 3,3 milljörðum króna. Að auki er lagt til að fjárveitingar gildandi fjárlaga verði hækkaðar sem nemur óhöfnum heimildum í árslok 1994 og lækkaðar sem nemur umframgjöldum á árinu 1994. Nettóhækkun framlaga í frumvarpinu sem svarar til slíkra eldri heimilda nemur 1,5 milljörðum króna. Að samanlögðu nema yfirfærðar heimildir frá árinu 1994 og nýjar heimildir ársins 1995 því um 4,9 milljörðum króna í frumvarpi til fjáraukalaga 1995.

Á sama hátt er gert ráð fyrir að í lok ársins 1995 hafi myndast afgangsheimildir og umframgjöld, sem leitað verði staðfestingar á með frumvarpi til fjáraukalaga ársins 1996. Hins vegar er talið að í ár verði gengið á slíkar óhafnar heimildir ráðuneyta sem nemi um hálfum milljarði króna, einkum vegna meiri nýtingar á fjárveitingum til viðhalds og stofnkostnaðar. Í greiðsluáætlun ársins 1995 er því reiknað með að greidd heildargjöld í árslok aukist um 3,8 milljarða króna frá fjárlögum og verði alls 123,3 milljarðar króna.

Lakari rekstrarafkoma en gert var ráð fyrir í fjárlögum hefur í för með sér samsvarandi aukningu í lánsfjárþörf ríkissjóðs, eða sem nemur um 1,5 milljörðum króna. Þá er útlit fyrir að endurlán til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins verði 500 m.kr. meiri en ætlað var þar sem heimildir sjóðsins fluttust milli ára. Önnur aukning hreinnar lánsfjárþarfar, um 7,5 milljarðar króna, stafar nær öll af því að ríkissjóður hefur líkt og í fyrra þurft að hafa milligöngu um lántökur fyrir Húsnæðisstofnun ríkisins vegna þess að ekki hefur tekist að selja skuldabréf stofnunarinnar á markaði. Þessi endurlán hafa hins vegar engin áhrif á heildarlántökur opinberra aðila.

Tekjur

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1995 var áætlað að heildartekjur ríkissjóðs yrðu 112,1 milljarður króna. Meginforsendur þeirrar spár voru bjartari horfur í þjóðarbúskapnum en um langt skeið sem skilaði auknum tekjum í ríkissjóð. Þessi spá hefur í flestu gengið eftir og raunar gott betur. Það leiðir til þess að tekjur ríkissjóðs verða væntanlega 2,3 milljörðum króna hærri 1995 en í tekjuáætlun fjárlaga, eða 114,4 milljarðar króna, þrátt fyrir tekjutap vegna aðgerða í skattamálum í tengslum við gerð kjarasamninga fyrr á árinu. Skýringa er fyrst og fremst að leita í vaxandi umsvifum í þjóðarbúskapnum samhliða tæplega 4% kaupmáttaraukningu heimila í kjölfar nýrra kjarasamninga eins og sjá má í töflunni hér á eftir.

Breyttar þjóðhagsforsendur árið 1995

Magnbreytingar	Fjárlög %	Endursk. áætlun %	Frávik %
Einkaneysla	2,5	4,5	2,0
Þjóðarútgjöld án birgðabreytinga	2,9	3,7	0,8
Landsframleiðsla	2,1	3,2	1,1
Ráðstöfunartekjur á mann	2,8	5,5	2,7
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	1,0	3,7	2,7

Tekjuskattar. Samkvæmt nýrri þjóðhagsspá hækka atvinnutekjur á mann um 5% á þessu ári, en í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir 2,5% hækkun. Staðgreiðsla tekjuskatts hefur því aukist, en á móti vegur ákvörðun stjórnvalda í tengslum við gerð kjarasamninga fyrr á þessu ári um skattfrelsi lífeyrisiðgjalda. Hún er talin skerða tekjur ríkisins um 600 m.kr. í ár, en samtals 1.600 m.kr. þegar áhrifin verða að fullu komin fram. Þá verða greiðslur vaxtabóta nokkru meiri en reiknað var með. Að öllu samanlögðu má ætla að tekjur af þessum skattstofni verði um það bil hálfum milljarði króna meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Jafnframt skilar batnandi afkoma fyrirtækja á síðasta ári sér í hærri tekjuskatti í ár og betri innheimtu almennt. Þar munar um hálfum milljarði króna. Þegar á heildina er litið er búist við að innheimta tekjuskatta verði rúmlega 1 milljarði króna umfram forsendur fjárlaga.

Áætlaðar tekjur ríkissjóðs

Greiðslugrunnur	Greiðslur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Áætlun 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Tekju- og eignarskattar	**19.163**	**18.900**	**19.930**	**1.030**	**5,4**
Einstaklingar	15.872	15.200	15.750	550	3,6
Fyrirtæki	3.291	3.700	4.180	480	13,0
Tryggingagjöld, launaskattar	**10.945**	**11.380**	**11.360**	**-20**	**-0,2**
Eignarskattar	**3.561**	**3.370**	**3.445**	**75**	**2,2**
Skattar á vörur og þjónustu	**68.000**	**70.822**	**71.571**	**749**	**1,1**
Virðisaukaskattur	40.899	42.200	43.150	950	2,3
Innflutnings- og vörugjöld	7.994	8.719	8.964	245	2,8
Tekjur af sölu áfengis og tóbaks	6.600	6.865	6.735	-130	-1,9
Bifreiðagjöld	8.231	8.725	8.685	-40	-0,5
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	4.276	4.313	4.037	-276	-6,4
Aðrar tekjur	**7.933**	**7.620**	**8.114**	**494**	**6,5**
Vaxtatekjur	4.720	4.600	4.900	300	6,5
Arðgreiðslur o.fl.	3.213	3.020	3.214	194	6,4
Heildartekjur ríkissjóðs	**109.602**	**112.092**	**114.420**	**2.328**	**2,1**

Tryggingagjöld. Þrátt fyrir að tekjubreytingar hafi orðið talsvert meiri en miðað var við í forsendum fjárlaga sjást þess ekki merki í innheimtu tryggingagjalds á yfirstandandi ári. Þetta skýrist fyrst og fremst af því að í byrjun árs var tekin sú

ákvörðun að samræma skil ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja á þessu gjaldi því sem gildir á almennum markaði. Þetta hefur óhjákvæmilega áhrif á greiðslustöðuna í ár, sem verður 200 m.kr. lægri en ella hefði orðið. Auk þess lækkaði gjald markað Ábyrgðarsjóði launa um fimmtung, eða 100 m.kr., eftir að fjárlög voru samþykkt.

Eignarskattar. Allt bendir til þess að tekjur af þessum skattstofni verði svipaðar í ár og reiknað var með í forsendum fjárlaga. Þar skiptir hins vegar í tvö horn. Þannig verða eignarskattar einstaklinga heldur minni en talið var vegna áframhaldandi skuldasöfnunar á sama tíma og lítil hreyfing er á fasteignaverði. Tekjur af eignarsköttum fyrirtækja verða aftur á móti nokkru meiri en reiknað var með vegna batnandi afkomu og betri skila.

Skattar á vörur og þjónustu. Breyttar þjóðhagsforsendur endurspeglast einkum í viðbótartekjum af virðisaukaskatti og öðrum veltutengdum sköttum, svo sem innflutnings- og vörugjöldum. Á móti kemur að sala á áfengi og tóbaki hefur verið talsvert minni en miðað var við í forsendum fjárlaga. Þá eru tekjur af stimpilgjöldum og ríkisábyrgðargjaldi undir áætlun, en það skýrir þann mun sem fram kemur á liðnum aðrir skattar. Að öllu samanlögðu er talið að skattar á vörur og þjónustu verði um 750 m.kr. meiri en búist var við.

Aðrar tekjur. Þessi tekjuliður nær til þeirra tekna ríkissjóðs sem ekki teljast skatttekjur. Samkvæmt fjárlögum yfirstandandi árs átti hann að skila 7,6 milljörðum króna. Það sem af er ári hafa vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs hins vegar verið mun meiri en spáð var og skýrir það að stærstum hluta hækkun þeirra frá forsendum fjárlaga. Þá varð afkoma Seðlabanka Íslands talsvert betri á síðasta ári en búist hafði verið við, sem birtist sem auknar arðgreiðslur hjá ríkissjóði. Allt útlit er því fyrir að þessi tekjuliður verði hálfum milljarði umfram forsendur fjárlaga.

Útgjöld

Við undirbúning fjárlagafrumvarps fyrir árið 1996 var áætlun um útgjöld ríkissjóðs endurmetin. Einnig hafa fulltrúar fjármálaráðuneytis og annarra ráðuneyta farið yfir fjárhagsstöðu einstakra verkefna og beiðnir um auknar fjárveitingar í fjáraukalögum. Niðurstaða þessa endurmats er að útgjöld ríkissjóðs stefni í að verða um 3,8 milljörðum króna hærri en í fjárlögum, eða 123,3 milljarðar króna í stað 119,5 milljarða króna. Um hálfur milljarður króna af aukningunni stafar af því að gengið verður á óhafnar heimildir frá síðasta ári. Í frumvarpinu er hins vegar einungis sótt um þann hluta aukningarinnar sem svarar til nýrra heimilda, eða sem nemur 3,3 milljörðum króna.

Áætluð útgjöld ríkissjóðs

Greiðslugrunnur	Greiðslur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Áætlun 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Rekstrarkostnaður	**45.375**	**45.794**	**47.050**	**1.256**	**2,7**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	**45.120**	**46.427**	**48.000**	**1.573**	**3,4**
Lífeyristryggingar	16.356	16.200	17.160	960	5,9
Sjúkratryggingar	10.114	10.080	10.600	520	5,2
Slysatryggingar	534	540	540	-	-
Atvinnuleysistryggingasjóður	2.821	3.334	3.530	196	5,9
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	5.285	5.319	5.154	-165	-3,1
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.497	1.480	1.450	-30	-2,0
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	1.992	2.018	2.057	39	1,9
Uppbætur á lífeyri	792	870	770	-100	-11,5
Annað	5.729	6.586	6.739	153	2,3
Vaxtagjöld	**10.705**	**12.300**	**12.630**	**330**	**2,7**
Viðhald	**3.412**	**3.406**	**3.706**	**300**	**8,8**
Stofnkostnaður	**12.404**	**11.601**	**11.931**	**330**	**2,8**
Vegamál	4.522	4.573	4.573	-	-
Hafnamál	942	747	747	-	-
Byggingarsjóðir	918	608	608	-	-
Heilbrigðisstofnanir	566	721	721	-	-
Þjóðarbókhlaða	577	240	300	60	25,0
Framhaldsskólar	510	565	450	-115	-20,4
Annað	4.369	4.147	4.532	385	9,3
Samtals	**117.016**	**119.528**	**123.317**	**3.789**	**3,2**

Rekstrarkostnaður er nú áætlaður um 1,3 milljörðum króna hærri en í fjárlögum. Stærstur hluti viðbótarútgjaldanna stafar af auknum launagjöldum ríkissjóðs í kjölfar nýrra kjarasamninga. Í fjárlögum voru færðar um 800 m.kr. á launa- og verðlagslið fjármálaráðuneytis, eða sem samsvaraði 2,3% hækkun launa, til að mæta áhrifum kjarasamninga á launakostnað ríkisstofnana. Launahækkanirnar hafa hins vegar orðið talsvert meiri á árinu og eru taldar leiða til um 850 m.kr. útgjalda umfram forsendur fjárlaga. Þar munar mest um kjarasamninga kennara, en kostnaður af þeim er metinn á 545 m.kr. Á móti vegur að launagreiðslur að fjárhæð 425 m.kr. féllu niður á meðan verkfall kennara stóð yfir. Nettóhækkun launa er því áætluð um 430 m.kr. Af öðrum málum munar mest um 240 m.kr. rekstrarhalla hjá stofnunum heilbrigðisráðuneytisins og um 100 m.kr. hjá stofnunum utanríkisráðuneytisins. Nánar er greint frá nýjum útgjaldatilefnum í athugasemdum við einstaka liði frumvarpsins.

Neyslu- og rekstrartilfærslur eru taldar verða 48 milljarðar króna í ár, eða alls um 1,6 milljörðum króna hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Hefur þá verið tekið tillit til 370 m.kr. lækkunar sem skiptist á nokkra tilfærsluliði. Af einstökum tilefnum til hækkunar vegur þyngst um 1.300 m.kr. aukning bótagreiðslna í lífeyristryggingum og 280 m.kr. í atvinnuleysistryggingum í kjölfar nýrra kjarasamninga á vinnumarkaði. Á launa- og verðlagsmálalið fjárlaga var gert ráð fyrir 560 m.kr. til að mæta þessum hækkunum og nema viðbótarútgjöldin því yfir 1 milljarði króna. Í

annan stað eru horfur á að umframútgjöld sjúkratrygginga verði um 550 m.kr. vegna ýmissa sparnaðar- og aðhaldsaðgerða sem áformaðar voru í fjárlögum en hafa ekki gengið eftir. Þá má nefna að 210 m.kr. eru vegna uppgjörs á mörkuðum tekjum Framkvæmdasjóðs aldraðra, sem gert er ráð fyrir að renni til að leysa úr fjárhagsvanda ýmissa sjúkrastofnana.

Vextir eru áætlaðir um 12,6 milljarðar króna. Er það rúmlega 300 m.kr. hærri fjárhæð en reiknað var með við setningu fjárlaga. Skýrist það einkum af aukinni skammtímalántöku erlendis.

Viðhald og stofnkostnaður verða um 600 m.kr. umfram forsendur fjárlaga eins og nú horfir. Um helmingur viðbótarútgjöldanna er vegna kostnaðar við snjómokstur Vegagerðarinnar. Afgangurinn skýrist að mestu af því að aðstoð við fyrirtæki á Vestfjörðum var heimiluð í lok síðasta árs en kemur ekki til greiðslu hjá Byggðastofnun fyrr en í ár.

Óhafnar fjárveitingar og umframgjöld frá árinu 1994. Líkt og undanfarin ár er gert ráð fyrir að með frumvarpinu verði gerðar breytingar á fjárveitingum í fjárlögum þessa árs með tilliti til greiðslustöðu fjárlagaliða í lok síðasta árs. Þessar ráðstafanir hafa ýmist verið nefndar yfirfærsla eða flutningur heimildar milli ára og kann það orðalag að hafa leitt til nokkurs misskilnings um tilhögun þeirra. Því verða hér áréttuð meginatriðin í fyrirkomulagi þessara ráðstafana Alþingis.

Í frumvarpi til síðari fjáraukalaga ársins 1994, eftir að endanlegt greiðsluuppgjör hafði farið fram, var leitað eftir heimildum vegna allra umframgreiðslna ráðuneyta á því ári. Í fylgiskjali með frumvarpinu voru jafnframt kynntar tillögur um hækkanir og lækkanir á fjárveitingum yfirstandandi árs með tilliti til óhafinna fjárveitinga og umframgjalda liða í lok liðins árs. Á því stigi voru tillögurnar einungis til kynningar og voru ekki hluti af heimildarákvæðum frumvarpsins. Þar sem fjárveitingar fjárlaga ársins 1994 gilda aðeins fyrir það ár verður hins vegar að afla nýrra heimilda fyrir breytingum á fjárveitingum ársins 1995 vegna greiðslustöðu liða í lok síðasta árs. Í 2. gr. frumvarpsins sem hér liggur fyrir, frumvarpi til fyrri fjáraukalaga ársins 1995, eru þær tillögur fluttar í einu lagi undir launa- og verðlagsmálalið fjármálaráðuneytisins og koma þannig til ákvörðunar á Alþingi á sama hátt og aðrar heimildir frumvarpsins. Í reynd eru fjárheimildir því ekki yfirfærðar eða fluttar milli ára af hálfu framkvæmdavaldsins, heldur ákvarðar Alþingi breytingar á gildandi fjárlögum með hliðsjón af greiðslustöðu liða í lok liðins árs og að fengnum tillögum fjármálaráðherra. Hefur þetta fyrirkomulag, líkt og í mörgum öðrum löndum, aukið ráðdeild í ríkisrekstrinum og stuðlað að agaðri fjármálastjórn ráðuneyta og stofnana.

Eins og áður getur voru í frumvarpi til síðari fjáraukalaga ársins 1994 kynntar tillögur um breytingar á fjárveitingum ársins 1995 miðað við greiðslustöðu liða í árslok 1994. Þær tillögur eru nú fluttar óbreyttar í þessu frumvarpi, nema að tekið hefur verið tillit til tilfærslna á fjárlagaliðum innan og milli ráðuneyta í fjárlögum 1995, sem í nokkrum tilvikum leiðir til breytinga á fjárhæðum ráðuneyta. Auk þess eru umframgjöld hjá Lögreglustjóranum í Reykjavík og sýslumanni í Kópavogi lækkuð samtals um 14 m.kr. frá því sem áður hefur verið kynnt. Skýrist það af breyttum uppgjörsreglum hjá ríkisbókhaldi vegna ársins 1994. Skipting tillagnanna eftir ráðuneytum og hagrænni flokkun kemur fram í yfirlitinu hér að aftan.

Breytingar framlaga 1995 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda 1994

Greiðslugrunnur	Rekstur óhafið þús. kr.	Rekstur umframgj. þús. kr.	Tilfærslur þús. kr.	Stofnkost. og viðhald þús. kr.
00 Æðsta stjórn	9.000	2.809	-	8.451
01 Forsætisráðuneyti	5.590	14.799	4.818	304.189
02 Menntamálaráðuneyti	143.886	235.950	60.022	195.901
03 Utanríkisráðuneyti	3.625	52.527	116.782	2.130
04 Landbúnaðarráðuneyti	6.253	15.121	13.994	2.000
05 Sjávarútvegsráðuneyti	16.180	10.926	13.500	23.457
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	102.008	85.970	4.000	290.124
07 Félagsmálaráðuneyti	89.563	18.491	46.467	78.131
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	43.740	75.973	27.145	90.504
09 Fjármálaráðuneyti	125.721	45.789	30.881	188.605
10 Samgönguráðuneyti	13.069	6.595	16.830	6.300
11 Iðnaðarráðuneyti	8.546	7.590	23.503	-48
12 Viðskiptaráðuneyti	3.575	2.789	4.678	-
13 Hagstofa Íslands	6.846	6.004	-	-
14 Umhverfisráðuneyti	25.800	15.218	-	3.363
Samtals	**603.402**	**596.551**	**362.620**	**1.193.107**

Í frumvarpinu er lagt til að framlög til rekstrar samkvæmt fjárlögum ársins 1995 verði aukin um 603 m.kr. vegna afgangsheimilda liðins árs, en að rekstrarfjárveitingar skerðist á móti um 597 m.kr. vegna umframgjalda liðins árs. Afgangur á tilfærsluframlögum síðasta árs sem gert er ráð fyrir að komi með sama hætti til viðbótar við gildandi fjárlög nemur 363 m.kr. Þá nema óhafnar fjárveitingar ársins 1994 til viðhalds og stofnkostnaðar 1.193 m.kr. Sótt er um þessar breytingar á fjárveitingum í einu lagi undir liðnum *09-989 Launa- og verðlagsmál* í frumvarpinu, en í fylgiskjali 1 er sýnd sundurliðun eftir málefnaflokkum og einstökum fjárlagaliðum. Nánari umfjöllun um yfirfærslu heimilda milli áranna 1994 og 1995 er að finna í frumvarpi til síðari fjáraukalaga ársins 1994.

Lánahreyfingar

Í fjárlögum 1995 var hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs áætluð 9,4 milljarðar króna. Að viðbættum afborgunum eldri lána var heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs talin verða 21,9 milljarðar króna. Hrein lánsfjárþörf er nú áætluð 19 milljarðar króna eða um 9,6 milljörðum króna hærri en í fjárlögum. Sú aukning skýrist annars vegar af auknum halla ríkissjóðs ssem nemur 1,5 milljarði króna eins og komið hefur fram. Hins vegar hefur ríkissjóður líkt og í fyrra tekið lán og endurlánað Húsnæðisstofnun ríkisins til þess að mæta fjárþörf stofnunarinnar. Þessi lánafyrirgreiðsla gæti farið hátt í 8 milljarða króna. Þessi endurlán hafa hins vegar engin áhrif á heildarlántökur opinberra aðila.

Þróunin á lánamarkaði hefur einkennst af sókn fyrirtækja og sveitarfélaga á innlenda verðbréfamarkaðinn. Til þess að verja markmið ríkisstjórnarinnar í vaxtamálum hefur ríkissjóður vikið til hliðar á þeim markaði en þess í stað leitað í ríkari mæli eftir erlendri lántöku en áformað var í upphafi ársins. Að undanförnu hefur þó sala ríkisverðbréfa glæðst samtímis því sem aukin áhersla hefur verið lögð á fjölbreyttara framboð, eins og óverðtryggð bréf til þriggja og fimm ára.

Lánahreyfingar og lánsfjárþörf ríkissjóðs

Greiðslugrunnur	Greiðslur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Áætlun 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Rekstrarafkoma	**-7.384**	**-7.436**	**-8.897**	**-1.461**	**19,6**
Lánveitingar, nettó	**-9.477**	**-960**	**-9.430**	**-8.470**	-
Lánveitingar	-16.109	-8.310	-17.080	-8.770	105,5
Innheimtar afborganir	6.632	7.350	7.650	300	4,1
Hluta- og stofnfjárframlög	**-158**	**-500**	**-150**	**350**	**-70,0**
Viðskiptareikningar	**2.248**	**-500**	**-500**	-	-
Hrein lánsfjárþörf	**-14.771**	**-9.396**	**-18.977**	**-9.581**	**102,0**
Afborganir	**-15.590**	**-12.500**	**-12.950**	**-450**	**3,6**
Spariskírteini	-4.400	-7.500	-7.340	160	-2,1
Önnur innlend lán	-1.877	-3.400	-3.560	-160	4,7
Erlend lán	-9.313	-1.600	-2.050	-450	28,1
Heildarlánsfjárþörf	**-30.361**	**-21.896**	**-31.927**	**-10.031**	**45,8**
Lántökur	**30.319**	**21.900**	**31.900**	**10.000**	**45,7**

Athugasemdir við einstaka fjárlagalið, sbr. 3. gr.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Lagt er til að fjárheimild æðstu stjórnar ríkisins verði aukin um 58 m.kr.

201 Alþingi. Farið er fram á 13 m.kr. aukafjárveitingu. Á vorþingi voru sett lög nr. 88/1995, um þingfararkaup og þingfararkostnað. Í lögunum er ákvæði um að greitt verði 15% álag á laun varaforseta, nefndarformanna og formanna þingflokka. Talið er að launakostnaður þingsins aukist um 4 m.kr. vegna þessa á haustþinginu. Í kjölfar laganna setti forsætisnefnd jafnframt nýjar reglur um endurgreiddan starfskostnað þingmanna sem tóku gildi 1. september í ár. Áætlað er að þær reglur leiði til 9 m.kr. kostnaðarauka á árinu.

510 Bessastaðir. Sótt er um 45 m.kr. viðbótarframlag. Framkvæmdum við mannvirkjagerð á Bessastöðum hefur miðað betur en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Á árinu hefur verið lokið að fullu við þjónustuhús og Norðurhús, en meginverkefnið hefur verið bygging íbúðarhúss fyrir forsetann, sem fyrirhugað er að verði fullgert að utan í árslok. Þetta mun lækka fjárþörf á næsta ári um sömu fjárhæð miðað við það sem áður var ætlað.

01 Forsætisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis verði aukin um 19 m.kr.

190 Ýmis verkefni. Lokið verður að fullu við endurbætur á ráðherrabústaðnum í Tjarnargötu á yfirstandandi ári. Farið er fram á 19 m.kr. viðbótarframlag til að mæta útgjöldum umfram kostnaðaráætlun verksins.

02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 103,3 m.kr.

319 Framhaldsskólar, almennt. Samkvæmt samkomulagi um norrænt menntunarsamfélag á framhaldsskólastigi frá 1993 skuldbundu Norðurlöndin sig til að veita námsmönnum, sem hafa fasta búsetu í öðru Norðurlandaríki, aðgang að lögbundinni almennri menntun og starfsmenntun á framhaldsskólastigi með sömu skilmálum og borgurum í eigin landi. Undanfarin ár hafa íslenskir flugvirkjanemar stundað nám í Vesterås í Svíþjóð á grundvelli þessa samnings og sérsamnings íslenska ríkisins við fræðsluyfirvöld þar. Í sérsamningnum við fræðsluyfirvöld í Vesterås er ákvæði um að íslenska ríkið ábyrgist greiðslu kostnaðar við menntun íslensku nemandanna að því marki sem sænska ríkið gerir það ekki

samkvæmt samkomulaginu milli Norðurlandana. Vegna deilna milli fræðsluyfirvalda í Vestarås og sænska ríkisins um fjármögnun námskostnaðarins hefur skólinn í Vesterås krafið íslenska ríkið um þann hluta sem ekki hefur fengist endurgreiddur í Svíþjóð. Greiðsluskyldu íslenska ríkisins vegna þessa náms hefur verið hafnað af hálfu menntamálaráðuneytisins. Sérstakri nefnd lögfræðinga frá báðum aðilum hefur verið falið að kanna málið frekar. Þar sem skólinn í Vesterås féllst ekki á að innrita nemendurna frá Íslandi þótti hins vegar nauðsynlegt að íslenska ríkið ábyrgðist greiðslurnar með fyrirvara um endurkröfurétt á sænska ríkið. Sótt er um 6,3 m.kr. aukaframlag vegna þessa máls.

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna. Lagt er til að framlag úr A-hluta ríkissjóðs lækki um 30 m.kr. Endurskoðuð áætlun um lánveitingar sjóðsins í ár bendir til þess að þær verði nokkru minni en talið var við samþykkt fjárlaga vegna lækkunar á gengi dollars og minni útlána til skólagjalda.

905 Landsbókasafn – Háskólabókasafn. Í fjárlögum í ár eru veittar 191 m.kr. til safnsins en sú rekstraráætlun sem safnið starfar eftir miðast við mun meira umfang, eða um 225 m.kr. Mismunurinn skýrist af því að manna hefur þurft um 20 fleiri störf við safnið en gert hafði verið ráð fyrir, enda er opnunartími safnsins lengri en miðað var við í forsendum fjárlaga. Farið er fram á að rekstrarframlag til safnsins verði aukið um 35 m.kr. af þeirri ástæðu.

975 Menningarsjóður útvarpstöðva. Sjóðnum hefur verið ætlað að greiða hlut Ríkisútvarpsins í útgjöldum Sinfóníuhljómsveitarinnar umfram tekjur. Í reynd hefur það ekki gengið eftir að fullu og hefur ríkissjóður þurft að greiða það sem á hefur vantað. Skuld sjóðsins nam 52 m.kr. í lok síðasta árs. Leitað er eftir 30 m.kr. viðbótarheimild til að sjóðurinn geti greitt Sinfóníuhljómsveitinni sömu fjárhæð og verði þannig betur í stakk búinn til að koma fjármálum sínum á réttan kjöl. Tillagan miðast við að sjóðurinn hagi úthlutunum sínum í ár á þann veg að hann verði skuldlaus við hljómsveitina í árslok.

983 Ýmis fræðistörf. Leitað er eftir 12 m.kr. aukafjárveitingu á þessum lið af tveimur tilefnum. Samningur sem menntamálaráðuneytið gerði um verklok við smíði Fransk-Íslenskrar orðabókar gekk ekki eftir vegna gjaldþrots útgáfunnar. Ganga þurfti til samninga við nýjan útgefanda um verkið og hlaust af því talsverður viðbótarkostnaður. Í annan stað er stefnt að því að grynnka á halla sem myndast hefur á útgáfu Iðnsögu Íslands undanfarin ár til þess að gera menntaráðuneytinu betur kleift að stýra útgjöldunum eftirleiðis í samræmi við heimildir fjárlaga, enda hafa orðið ritstjórnarskipti í verkinu.

985 Alþjóðleg samskipti. Óskað er eftir auknu framlagi að fjárhæð 50 m.kr. Í fjárlagagerð menntamálaráðuneytisins fyrir árið 1995 var stuðst við tölur frá Evrópusambandinu um aðildargjöld vegna rannsóknaáætlana. Eftir afgreiðslu fjárlaga ESB kom hins vegar í ljós veruleg hækkun á kostnaði Íslands vegna reikniskekkju í talnaefni stofnana bandalagsins.

03 Utanríkisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis verði aukin um 114,4 m.kr.

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa. Sótt er um 16 m.kr. aukafjárveitingu af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi verður ferða- og fundakostnaður aðalskrifstofunnar 7,5 m.kr. meiri en reiknað var með við setningu fjárlaga. Skýrist það annars vegar af aukinni þátttöku í ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um úthafsveiðar og hins vegar af undirbúningi og ferð utanríkisráðherra ásamt fylgdarliði með forseta Íslands í opinberri heimsókn til Kína. Í öðru lagi nemur kostnaður ráðuneytisins vegna heræfingarinnar Norður-Víkingur sem fór fram fyrr á árinu 2,3 m.kr., en ekki var gert ráð fyrir þeim útgjöldum í fjárlögum. Loks hafði ráðuneytið heldur ekki gert ráð fyrir kröfu um 6,2 m.kr. endurgreiðslu frá Stjórnartíðindum Alþingis vegna kostnaðar við prentun á EES-samningnum í C-deild árin 1992 og 1993.

201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli. Starfsumfang og fjármögnun stofnunarinnar hafa verið til athugunar að undanförnu og er samkomulag milli utanríkisráðuneytis og fjármálaráðuneytis um að fjárþörf starfseminnar hafi verið of lágt metin í fjárlögum. Af þeirri ástæðu er lagt til að fjárveiting yfirstandandi árs verði aukin um 11 m.kr. til að gera upp rekstrarhalla þessa árs og fyrri ára. Á sama hátt er gert ráð fyrir að framlag til stofnunarinnar hækki um 10 m.kr. að raungildi í frumvarpi til fjárlaga ársins 1996.

320 Sendiráð, almennt. Farið er fram á aukna fjárheimild að fjárhæð 69,3 m.kr. Í fyrsta lagi er áætlað að uppsöfnuð umframgjöld fastanefnda og sendiráða nemi nú um 50 m.kr., en þau skýrast að mestu af því að sparnaðaráform í fjárlögum undanfarinna ára hafa ekki gengið eftir. Þar af eru 43 m.kr. vegna greiðslustöðu síðasta árs, 14,1 m.kr. bætast við í ár vegna breyttra aðstæðna hjá fastanefnd í Genf og búferlaflutningum hjá sendiráðum í Washington og London, en á móti vegur 7,8 m.kr. lækkun vegna hagstæðrar gengisþróunar á árinu. Í annan stað hefur Ríkisskattstjóri úrskurðað að greiða beri tryggingargjald af staðaruppbótum starfsmanna sendiráða erlendis, en þær nema um 10 m.kr. á ári, eða samtals 20 m.kr. fyrir árin 1994 og 1995. Með viðbótarframlaginu yrði allur halli þessara stofnana jafnaður og þar með gert ráð fyrir að starfsumfang þeirra á komandi árum haldist í hendur við þær fjárveitingar sem markaðar verða í fjárlögum.

401 Alþjóðastofnanir. Ríkisstjórnin samþykkti fyrr á árinu að leita eftir viðbótarframlagi til að ganga frá fullnaðaruppgjöri við eftirlaunasjóð EFTA í kjölfar uppsagna og breytinga á starfsliði stofnunarinnar. Óskað er eftir 18,1 m.kr. vegna málsins.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild landbúnaðarráðuneytis verði aukin um 21 m.kr.

101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa. Farið er fram á 2 m.kr. hækkun fjárheimildar þar sem kostnaður við nefnd sem skipuð var á vegum ráðuneytisins til að fjalla um ákvæði GATT-samningsins reyndist vera mun hærri en áætlað var fyrir við setningu fjárlaga.

261 Bændaskólinn á Hvanneyri. Óskað er eftir 5 m.kr. aukafjárveitingu. Undanfarin ár hefur myndast halli á rekstri skólans sem var orðinn 7,3 m.kr. í lok síðasta árs. Landbúnaðarráðuneytið hefur gert samning við skólastjóra skólans til að leysa úr rekstrarvandanum. Í samningnum er kveðið á um skólinn lækki rekstrarkostnað sinn varanlega um 5 m.kr. miðað við árið 1994 og geri upp skuld við Endurlán ríkissjóðs vegna undirbúningsfélags hitaveitu í Borgarfirði. Á hinn bóginn muni ráðuneytið leita heimilda til að mæta hluta af rekstrarhallanum. Hafi samningurinn ekki borið fullnægjandi árangur í byrjun næsta árs áskilur landbúnaðarráðuneytið sér rétt til að setja skólanum tilsjónarmann til þess að koma fjármálum skólans í viðunandi horf.

805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu. Farið er fram á að fjárveiting verði aukin um 14 m.kr. Í fjárlögum ársins 1993 var viðmiðun mótframlags ríkisins í Lífeyrissjóð bænda breytt þannig að einungis var tekið mið af framleiðsluverðmæti búgreina sem falla undir búvörusamninginn í stað þess að miða við allar búgreinar. Bændasamtökin mótmæltu þessari tilhögun og studdust m.a. við álitsgerð Lagastofnunar Háskóla Íslands. Skipuð var nefnd snemma á þessu ári til að fjalla um greiðslur mótframlagsins og hefur hún lagt til að lífeyrissjóðnum verði bætt það sem á vantar til að mótframlagið samsvari innborguðum iðgjöldum, eða alls 38 m.kr., sem skiptast þannig milli ára: 14 m.kr. árið 1995, 14 m.kr. árið 1996 og 10 m.kr. árið 1997. Tekið hefur verið mið af þessari niðurstöðu í frumvarpi til fjárlaga ársins 1996.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegsráðuneytisins verði aukin um 14,7 m.kr.

101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa. Sótt er um 4,7 m.kr. viðbótarframlag. Samningaviðræður um fiskveiðar við önnur ríki urðu mun umfangsmeiri á árinu en fyrirséð var við setningu fjárlaga, einkum vegna Barentshafsdeilunnar, norsk-íslenska síldarstofnsins, karfaveiða á Reykjaneshrygg og úthafsveiðiráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Í fjárlögum var ekki heldur gert ráð fyrir útgjöldum hjá ráðuneytinu vegna opinberrar heimsóknar sjávarútvegsráðherra Kanada til Íslands.

202 Hafrannsóknastofnun. Ríkisstjórnin samþykkti fyrr á árinu að leita eftir heimild fyrir 10 m.kr. aukaframlagi til loðnumælinga Hafrannsóknastofnunar þar sem tveir fyrri mælingaleiðangrar sl. vetur höfðu ekki borið árangur vegna óveðurs.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði aukin um 35 m.kr.

395 Landhelgisgæsla Íslands. Ríkisstjórnin hefur samþykkt að leita eftir 20 m.kr. aukaframlagi til að gera Landhelgisgæslunni kleift að aðstoða og vernda íslensk skip að veiðum í Barentshafi.

491 Húsnæði og búnaður sýslumanna. Farið er fram á 15 m.kr. viðbótarfjárheimild vegna gagnalínuleigu sýslumanna. Við lok fjárlagagerðar fyrir árið 1995 varð að samkomulagi milli fjármálaráðuneytis og dóms- og kirkjumálaráðuneytis að færa línuleiguna á þennan lið, en hún tilheyrði áður liðnum *995 Skýrsluvélakostnaður* hjá fjármálaráðuneyti. Tekið hefur verið tillit til þessarar breyttu tilhögunar í fjárlagarömmum ráðuneytanna í frumvarpi til fjárlaga ársins 1996.

07 Félagsmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis verði aukin um 223,8 m.kr.

275 Húsaleigubætur. Gerð er tillaga um 180 m.kr. lækkun fjárheimildar á þessum lið. Horfur eru á að fjárþörf húsaleigubótakerfsins verði mun minni en áður var ætlað vegna minni þátttöku sveitarfélaga og leigjenda en miðað var við í fjárlögum.

331 Vinnueftirlit ríkisins. Sótt er um hækkun framlags að fjárhæð 19 m.kr. Rekstur stofnunarinnar hefur verið miðaður við innheimtu markaðra tekna en þær hafa verið umfram fjárveitingar í fjárlögum síðustu ára. Félagsmálaráðuneytið hefur endurmetið starfsumfangið og gerir ráð fyrir sambærilegri hækkun rekstrarfjárveitingar í frumvarpi til fjárlaga ársins 1996.

795 Framkvæmdasjóður fatlaðra. Leitað er eftir 108,8 m.kr. hækkun fjárheimildar, eða sem nemur mismun á framlagi og mörkuðum tekjur sjóðsins af erfðafjárskatti á árinu 1994. Stjórn sjóðsins hefur gert samþykkt umhvernig þessu fé verði varið á einstök viðhalds- og stofnkostnaðarverkefni.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Endurskoðuð áætlun um tekjur ríkissjóðs bendir til að markaðar tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði um 39 m.kr. hærri en áætlað var í forsendum fjárlaga. Lagt er til að framlag sjóðsins verði leiðrétt sem því nemur líkt og gert var í fjáraukalögum liðins árs.

981 Vinnumál. Farið er fram á 15 m.kr. viðbótarframlag. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga ASÍ og VSÍ fyrr á árinu var kveðið á um að veitt yrði sérstakt viðbótarframlag á þessu ári til aðgerða á sviði verkmenntunar og starfsþjálfunar fyrir fólk í atvinnuleit. Gert er ráð fyrir sambærilegu framlagi í fjárlagafrumvarpi ársins 1996.

982 Ábyrgðarsjóður launa. Gerð er tillaga um lækkun fjárheimildar sem nemi 60 m.kr. á þessum lið. Ábyrgðargjald sem rennur í sjóðinn var lækkað úr 0,2% í 0,16% af gjaldstofni tryggingagjalds í fjárlögum yfirstandandi árs. Í framlagi til B-hluta á gjaldahlið A-hluta ríkissjóðs láðist að taka tillit til þeirrar lækkunar.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem gefin var í tengslum við kjarasamninga ASÍ og VSÍ var tiltekið að eingreiðslur atvinnuleysistrygginga yrðu greiddar í samræmi við ákvæði samninga á almennum vinnumarkaði. Talið er að það leiði til aukinna útgjalda hjá sjóðnum sem nemi 105 m.kr. Einnig var ákveðið að gera nauðsynlegar lagabreytingar til að unnt verði að fastráða fiskvinnslufólk og leiðir það til 26 m.kr. hækkunar. Þá er áætlað að útgjöld sjóðsins aukist um 200 m.kr. vegna hækkunar atvinnuleysisbóta í 50 þús. kr. á mánuði í kjölfar kjarasamninganna. Nefndakostnaður er talinn verða um 60 m.kr. hærri en í forsendum fjárlaga þar sem áformaður sparnaður gengur ekki að fullu eftir á þessu ári. Einnig er áætlað að úthlutun námskeiðsstyrkja verði 18 m.kr. umfram áætlun fjárlaga. Á móti vegur að útgjöld vegna átaksverkefna eru nú talin lækka um 143 m.kr. og jafnframt að eftirlaun eru áætluð 30 m.kr. lægri en í fjárlögum. Alls er því áætlað að útgjöld aukist um 236 m.kr. Á tekjuhlið sjóðsins er gert ráð fyrir að innheimtar afborganir, vextir og verðbætur af verðbréfum í eigu sjóðsins dragist saman um 80 m.kr. frá fjárlögum, en að 35 m.kr. eftirstöðvar sveitarfélaga frá síðasta ári og 4 m.kr. endurgreiðsla frá Ábyrgðarsjóði launa vegi það upp að hluta. Að samanlögðu eykst fjárþörf Atvinnuleysistryggingasjóðs þannig um 280 m.kr. og er farið fram á að framlag hans hækki sem því nemur.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Leitað er eftir 3 m.kr. viðbótarframlagi. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem gefin var í tengslum við kjarasamninga ASÍ og VSÍ fyrr á þessu ári var kveðið á um að veitt yrði sérstakt framlag vegna aðgerða til að draga úr launamun milli karla og kvenna.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 2.334,6 m.kr.

204 Lífeyristryggingar. Farið er fram á að fjárveiting liðarins verði hækkuð um 1.330 m.kr. Í fyrsta lagi verður um 630 m.kr. kostnaðarauki í eingreiðslum lífeyrisþega vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um að þær skyldu greiddar í samræmi við ákvæði kjarasamninga. Í annan stað hækka bæturnar samkvæmt gildandi lögum miðað við almennar launabreytingar á vinnumarkaði. Þessi áhrif kjarasaminganna eru talin auka útgjöld lífeyristrygginga um 700 m.kr. til viðbótar.

206 Sjúkratryggingar. Farið er fram á að framlag verði aukið um 550 m.kr. Fjárvöntunin skýrist að mestu af því að áformaður sparnaður í sjúkratryggingum samkvæmt fjárlögum hefur ekki gengið eftir á árinu. Þannig verður ekki af 100 m.kr. sparnaði í sérfræðilækningum þar sem upptöku tilvísanakerfis var frestað. Þá mun ekki nást fram 100 m.kr. lækkun lyfjakostnaðar vegna frestunar á gildistöku nokkurra ákvæða nýrra lyfjalaga. Þessu til viðbótar er nú útlit fyrir að lyfjaútgjöldin aukist um 120 m.kr. Undirbúningur að útboðum á rannsóknum hefur reynst tímafrekari en búist var við og er talið að af þeim sökum takist ekki að lækka rannsóknakostnað um 70 m.kr. eins og að var stefnt. Þá næst ekki heldur fram að fullu 50 m.kr. sparnaður í sjúkraþjálfun sem gert var ráð fyrir í fjárlögum og tengdist samningum við sjúkraþjálfara um greiðslur til þeirra. Loks nema ýmis vanáætluð útgjöld um 110 m.kr., einkum vegna hjálpartækja og sjúkrakostnaðar erlendis.

311 Héraðslæknir í Reykjavík. Í fjárlögum ársins 1995 var stefnt að því að ná fram sparnaði með því að leggja niður embætti héraðslækna og færa verkefni þeirra til heilsugæslustöðva og Landlæknis. Eftir afgreiðslu fjárlaganna fengu þær lagabreytingar sem gera þurfti í þessu skyni hins vegar ekki samþykki á Alþingi. Er því óskað eftir að fjárlagaliðurinn verði stofnaður að nýju með 7,7 m.kr. fjárveitingu.

315 Héraðslæknir á Norðurlandi eystra. Í fjárlögum ársins 1995 var stefnt að því að ná fram sparnaði með því að leggja niður embætti héraðslækna og færa verkefni þeirra til heilsugæslustöðva og Landlæknis. Eftir afgreiðslu fjárlaganna fengu þær lagabreytingar sem gera þurfti í þessu skyni hins vegar ekki samþykki á Alþingi. Er því óskað eftir að fjárlagaliðurinn verði stofnaður að nýju með 4,3 m.kr. fjárveitingu.

365 Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi. Óskað er eftir aukafjárveitingu að fjárhæð 27 m.kr. Verulega aukning hefur orðið í starfsumfangi sjúkrahússins síðustu tvö árin sem hins vegar hefur ekki verið fylgt eftir í forsendum fjárveitinga í fjárlögum. Til marks um það má nefna að á milli áranna 1993 og 1994 fjölgaði

fæðingum um 43%, skurðaðgerðum um 37% og innlögnum um 33% á meðan framlög héldust nær óbreytt. Ráðuneytið fyrirhugar að gera samning við stjórn sjúkrahússins um aðgerðir til að tryggja viðunandi jafnvægi í fjármálum sjúkrahússins eftir að leyst hefur verið úr eldri rekstrarvanda.

366 ***Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum.*** Farið er fram á 39,5 m.kr. hækkun fjárheimildar vegna dóms Hæstaréttar í nóvember árið 1990 um bakvaktagreiðslur til starfsmanna sjúkrahússins. Áður var veitt 20 m.kr. heimild í fjáraukalögum ársins 1994 vegna sama máls en í ár fer fram fullnaðaruppgjör við alla starfsmenn sem dómsúrskurðurinn varðar. Gerður er fyrirvari af hálfu ríkissjóðs um endurkröfurétt á sveitarfélagið sem stóð að rekstrinum á þeim tíma sem dómurinn tekur til.

371 ***Ríkisspítalar.*** Lagt er til að fjárheimild verði aukin um alls 92 m.kr. af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi gerði heilbrigðisráðherra sérstakt samkomulag við stjórnarnefnd spítalanna í mars sl. um að leitað yrði eftir 50 m.kr. viðbótarframlagi til þess að draga úr lokunum deilda umfram það sem þegar hafði verið ákveðið í samþykkt stjórnarinnar um sparnað á árinu 1995. Í öðru lagi hefur ríkisstjórnin samþykkt að leita eftir heimild að fjárhæð 35 m.kr. til að unnt verði að fjölga hjartaaðgerðum og stytta biðtíma viðkomandi sjúklinga. Áætlað er að með þessu móti geti fjöldi hjartaaðgerða orðið á bilinu 280-290 á árinu og að sjúklingar á aðgerðabiðlista verði ekki fleiri en 35 hverju sinni. Loks ákvað ríkisstjórnin fyrr á árinu að leita eftir heimild fyrir 7 m.kr. aukaframlagi til að koma á fót miðstöð fyrir áfallahjálp hjá Ríkisspítölum, sem annist skipulagningu og fræðslu fyrir starfsfólk heilbrigðisstofnana.

375 ***Sjúkrahús Reykjavíkur.*** Óskað er eftir aukafjárveitingu að fjárhæð 50 m.kr. Heilbrigðisráðherra gerði sérstakt samkomulag við sjúkrahúsið í mars sl. þar sem í ljósi erfiðrar fjárhagsstöðu sjúkrahússins var fallið að hluta frá áformuðum rekstrarsparnaði í kjölfar sameiningar Borgarspítala og Landakotsspítala. Eftir stendur að sjúkrahúsinu er ætlað að draga úr útgjöldum sínum sem nemur 130 m.kr. í ár. Heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra gerðu samning við Reykjavíkurborg haustið 1994 um lausn á fjárhagsvanda Borgarspítala. Í þeim samningi var m.a. vilyrði fyrir því að leitað yrði eftir 83 m.kr. viðbótarframlagi á árinu 1995 til Sjúkrahúss Reykjavíkur að því gefnu að niðurstaða náist milli aðila um hvernig fara skuli með lífeyrisskuldbindingar Borgarspítala. Þessi mál eru enn til athugunar og kann því að reynast nauðsynlegt að afla heimildarinnar fyrir afgreiðslu frumvarpsins.

385 ***Framkvæmdasjóður aldraðra.*** Lagt er til að framlag á þessum lið hækki um 209 m.kr. Markaðar tekjur sjóðsins af iðgjöldum hafa verið vanáætlaðar í fjárlögum nokkur undanfarin ár og hefur þannig myndast mismunur sem tillagan gerir ráð fyrir að verði jafnaður. Fyrirhugað er að ráðstafa fjárheimildinni til að leysa úr nokkrum málum sem að öðrum kosti þyrfti að afla nýrra heimilda fyrir. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að 100 m.kr. renni til að mæta hækkun á daggjöld-

um umfram forsendur fjárlaga. Í öðru lagi er miðað við að 30 m.kr. færist til Ríkisspítala vegna samkomulags heilbrigðisráðherra við stjórnarnefnd spítalanna fyrr á árinu um að leita leiða til þess að ekki þyrfti að koma til lokunar öldrunardeildar í kjölfar samþykktar stjórnarinnar um sparnað á árinu 1995. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að um 25 m.kr. verði varið til að bæta nokkrum daggjaldastofnunum að ekki var tekið nægilegt tillit til umönnunarþyngdar í forsendum fjárveitinga á síðasta ári. Loks er fyrirhugað að afgangurinn verði nýttur til að leysa úr rekstrarvanda þeirra sjúkrahúsa sem ekki verður aflað aukinna heimilda í frumvarpinu að öðru leyti.

09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði aukin um 1.750,9 m.kr.

212 Skattamál, ýmis útgjöld. Sótt er um 9,3 m.kr. undir þessum lið vegna aukinna verkefna í kjölfar nýrra laga sem Alþingi hefur samþykkt á árinu. Annars vegar eru 3,1 m.kr. vegna laga um innheimtu áfengisgjalds við tollafgreiðslu og ýmissa breytinga á lögum í tengslum við aðild Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO). Hins vegar eru 6,2 m.kr. til undirbúnings að innheimtu- og endurgreiðslukerfi vegna nýrra laga um olíugjald, sem taka gildi um næstu áramót og koma í stað laga um tekjuöflun til vegagerðar með þungaskatti. Í báðum tilvikum þarf að smíða tölvukerfi, þjálfa starfsfólk og efna til kynninga.

381 Uppbætur á lífeyri. Gerð er tillaga um 100 m.kr. lækkun fjárheimildar. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er útlit fyrir að útstreymi af þessum lið verði nokkru minna en miðað var við í forsendum fjárlaga. Skýrist það að stærstum hluta af því að vaxta- og verðbótatekjur sjóðsins af skuldabréfaeign verða hærri en reiknað var með.

801 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir. Farið er fram á að fjárheimild verði aukin um 330 m.kr. Miðað við útkomu fyrstu átta mánaða ársins og horfur til ársloka er gert ráð fyrir að vaxtagjöld verði alls 12.660 m.kr. á árinu í stað 12.300 m.kr. samkvæmt fjárlögum. Talið er að vaxtagreiðslur vegna innlausnar spariskírteina verði um 200 m.kr. lægri en búist var við en á móti vegur að vaxtagjöld af erlendum lánum hækka um rúmlega 500 m.kr. vegna aukinnar skammtímafjáröflunar og hækkandi vaxtastigs á erlendum mörkuðum.

989 Launa- og verðlagsmál. Leitað er eftir 434 m.kr. viðbótarheimild til að mæta auknum launakostnaði stofnana í kjölfar kjarasamninga sem gerðir hafa verið á árinu. Í fjárlögum var gert ráð fyrir 810 m.kr. til að mæta hækkun launa á árinu 1995 en tillagan tekur til útgjalda umfram það. Af einstökum stéttarfélögum vega þyngst samningar kennara frá mars sl., en áætlað er að kostnaðarauki vegna þeirra nemi 163 m.kr. í framhaldsskólum í ár og 382 m.kr. í grunnskólum. Á móti kemur lækkun útgjalda um 100 m.kr. hjá framhaldsskólum og

325 m.kr. hjá grunnskólum þar sem launagreiðslur féllu niður á meðan verkfall kennara stóð yfir. Talið er að áhrif kjarasamninga annarra stéttarfélaga leiði til viðbótarkostnaðar hjá stofnunum sem nemi 1.125 m.kr. Þar af eru 855 m.kr. vegna hækkana sem þegar hafa tekið gildi og 200 m.kr. vegna hækkana sem verða í haust og vegna félaga sem ennþá er ósamið við. Þá eru um 70 m.kr. vegna samninga sjúkraliða og náttúrufræðinga frá árinu 1994 sem komu til greiðslu í upphafi þessa árs. Í launabótum vegna lækna hefur verið tekið tillit til þess að akstursgreiðslur falla niður og verða hluti af launum þeirra. Þá er jafnframt gert ráð fyrir að 70 m.kr. sértekjur sem færðar voru á þennan lið í fjárlögum verði fluttar yfir á ýmsar stofnanir til mótvægis við launahækkanir.

Í annan stað er gerð tillaga um lækkun tilfærsluheimildar að fjárhæð 560 m.kr. Sú heimild var færð á þennan lið í fjárlögum til að mæta áhrifum kjarasamninga á tilfærsluframlög, einkum lífeyris- og atvinnuleysisbætur. Til hagræðis er gert ráð fyrir að heimildin verði felld niður í einu lagi á þessum lið í stað þess að hún komi til frádráttar heimildum frumvarpsins á ýmsum öðrum liðum.

Loks er á þessum lið sótt um heimild í einu lagi til breytinga á fjárveitingum fjárlaga yfirstandandi árs með tilliti til greiðslustöðu fjárlagaliða í lok síðasta árs, þ.e. miðað við óhafnar fjárveitingar og umframgjöld ársins 1994. Þær tillögur voru kynntar og skýrðar nánar í greinargerð með frumvarpi til síðari fjáraukalaga ársins 1994 eftir að endanlegt greiðsluuppgjör liðins árs hafði farið fram. Samtals nema þær heimildir 1.563 m.kr. Þar af eru 7 m.kr. til hækkunar á rekstrarframlögum stofnana, 363 m.kr. tilfærsluheimildir og 1.193 m.kr. heimildir til viðhalds og stofnkostnaðar. Sundurliðun tillagna um óhafnar fjárveitingar og umframgjöld ráðuneyta og stofnana kemur fram í fylgiskjali 1.

999 Ýmislegt. Farið er fram á 60 m.kr. viðbótarframlag. Í kjölfar snjóflóðanna í Súðavík ákvað ríkisstjórnin að skipa nefnd ráðuneytisstjóra til að leita leiða til að aðstoða íbúana og bæta tjón þeirra. Af þeim ráðstöfunum sem gripið hefur verið til og greiddar eru af þessum lið vega þyngst um 20 m.kr. vegna flutninga og uppsetninga á bráðabirgðahúsum fyrir íbúana og 10 m.kr. vegna endurgreiðslu á tjóni sem varð á búnaði björgunarsveita. Ríkissjóður hefur einnig lánað Súðavíkurhreppi 42 m.kr. til gatnagerðar og endurgreiðist lánið með innheimtu gatnagerðargjalda.

10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði aukin um 230 m.kr.

211 Vegagerðin. Óskað er eftir 200 m.kr. aukaframlagi þar sem kostnaður stofnunarinnar af snjómokstri varð verulega umfram áætlun vegna mikilla snjóþyngsla sl. vetur.

472 Flugvellir. Farið er fram á 30 m.kr. hækkun fjárheimildar. Í fjárlögum var gert ráð fyrir að 70 m.kr. af mörkuðum tekjum flugmálaáætlunar yrði ráðstafað til reksturs flugvalla í stað framkvæmda. Eftir afgreiðslu fjárlaga var lögð fram tillaga um samsvarandi breytingu á lögum um flugmálaáætlun í frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir árið 1995. Í meðförum þingsins var tillögunni hins vegar breytt þannig að fjárhæðin lækkaði í 40 m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 40,3 m.kr.

240 Iðnaðarrannsóknir. Óskað er eftir 5,3 m.kr. aukafjárveitingu til að mæta kostnaði við samninga um stækkun álversins í Straumsvík, sem ekki var gert ráð fyrir við setningu fjárlaga.

299 Iðja og iðnaður, framlög. Farið er fram á 25 m.kr. hækkun fjárveitingar á þessum lið vegna samþykktar ríkisstjórnarinnar fyrr á árinu um að leita eftir heimild fyrir framlagi til stuðnings við stærri endurbóta- og viðhaldsverkefni í skipasmíðaiðnaði. Sambærileg jöfnunaraðstoð að fjárhæð 70 m.kr. var veitt með fjáraukalögum ársins 1994.

399 Ýmis orkumál. Gerð er tillaga um 10 m.kr. viðbótarheimild. Tekið hefur verið upp samstarf við þýskt fyrirtæki um frumathuganir varðandi byggingu álvers með svonefndri CA 180 kA VAW tækni. Þá hefur bandarískt fyrirtæki keypt álver af slíkri gerð og hefur til athugunar að finna því stað, en Ísland er eitt af þremur löndum sem helst koma til greina. Í tengslum við þessar athuganir þarf að fara fram frummat á umhverfisáhrifum og undirbúningur að umsóknum um starfsleyfi. Landsvirkjun mun leggja fram jafn hátt mótframlag til verkefnisins.

12 Viðskiptaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild viðskiptaráðuneytis verði aukin um 14,1 m.kr.

999 Ýmis viðskiptamál. Farið er fram á 14,1 m.kr. fjárveitingu. Ríkisstjórnin samþykkti fyrr á þessu ári stofnun Fjárfestingarskrifstofu viðskiptaráðuneytis og Útflutningsráðs. Skrifstofunni er ætlað að standa fyrir átaki til kynningar á fjárfestingarmöguleikum hér á landi fyrir erlendum aðilum og laða þannig að erlent fjármagn. Ríkisstjórnin ákvað að leita eftir heimild fyrir sérstöku framlagi í ár til að hefja markaðsátakið sem samsvari hlutdeild Íslands í arðgreiðslu Norræna fjárfestingarbankans. Gert er ráð fyrir að útgjöldum skrifstofunnar verði framvegis skipt þannig að Útflutningsráð lætur í té aðstöðu en ríkisjóður greiðir kostnað vegna starfsmanna og grunnstarfsemi.

14 Umhverfisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfisráðuneytis verði aukin um 2,5 m.kr.

301 Skipulagsstjóri ríkisins. Lagt er til að sértekjur hækki um 8 m.kr. Þau mistök urðu við frágang fjárlaga að sértekjur á viðfangsefninu *1.11 Mat á umhverfisáhrifum* voru lækkaðar um 4 m.kr. en þær áttu í raun að hækka um 4 m.kr.

410 Veðurstofa Íslands. Óskað er eftir að fjárheimild hækki alls um 10,5 m.kr. af tveimur tilefnum. Í fyrsta lagi ákvað ríkisstjórnin sl. vor að leita eftir 9 m.kr. aukaframlagi til þess að efla starfsemi Veðurstofunnar á sviði snjóflóðavarna, einkum vegna kaupa á tækjabúnaði. Þá hefur ríkisstjórnin einnig samþykkt að leita eftir 1,5 m.kr. fjárheimild til þess að gera stofnuninni betur kleift að veita íslenskum skipum að veiðum í Barentshafi sem öruggasta spáþjónustu.

Fylgiskjal 1

Breytingar framlaga 1995 vegna óhafinna heimilda og umframgjalda 1994

Þúsundir króna		Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Tilfærslur	Stofnkost. og viðhald	Samtals
00	**Æðsta stjórn ríkisins**	**9.000**	**2.809**	**-**	**8.451**	**14.642**
	Embætti forseta Islands	-	*2.499*	-	-	*-2.499*
101	Embætti forseta Islands	-	2.499	-	-	-2.499
	Alþingi og stofnanir þess	*9.000*	-	-	*8.451*	*17.451*
201	Alþingi	-	-	-	8.451	8.451
620	Ríkisendurskoðun	9.000	-	-	-	9.000
	Annað	-	*310*	-	-	*-310*
520	Opinberar heimsóknir	-	310	-	-	-310
01	**Forsætisráðuneyti**	**5.590**	**14.799**	**4.818**	**304.189**	**299.798**
	Ráðuneyti	*5.590*	-	*4.120*	*1.189*	*10.899*
101	Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	5.590	-	-	-	5.590
190	Ymis verkefni	-	-	-	1.189	1.189
199	Ráðstöfunarfé	-	-	4.120	-	4.120
	Annað	-	*14.799*	*698*	*303.000*	*288.899*
221	Byggðastofnun	-	-	-	303.000	303.000
231	Norræna ráðherranefndin	-	-	698	-	698
901	Húsameistari ríkisins	-	14.799	-	-	-14.799
02	**Menntamálaráðuneyti**	**143.886**	**235.950**	**60.022**	**195.901**	**163.859**
	Ráðuneyti	*11.915*	-	*1.745*	-	*13.660*
101	Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	11.915	-	-	-	11.915
199	Ráðstöfunarfé	-	-	1.745	-	1.745
	Háskólar og rannsóknir	*11.370*	*47.763*	*5.418*	*32.906*	*1.931*
201	Háskóli Islands	-	1.944	-	-	-1.944
202	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	193	-	-	33.209	33.402
203	Raunvísindastofnun Háskólans	-	4.043	-	-	-4.043
204	Stofnun Sigurðar Nordals	-	48	-	-	-48
205	Stofnun Arna Magnússonar á Islandi	-	3.646	-	-	-3.646
206	Orðabók Háskólans	-	2.587	-	-	-2.587
209	Verkfræðistofnun Háskóla Islands	-	24.840	-	-	-24.840
210	Háskólinn á Akureyri	-	3.770	-	-	-3.770
211	Tækniskóli Islands	9.976	-	-	1.584	11.560
221	Kennaraháskóli Islands	876	-	-	5.877	6.753
223	Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	-	1.936	-	-6.178	-8.114
231	Rannsóknarráð Islands	325	4.949	-	-	-4.624
237	Tæknisjóður	-	-	-	-86	-86
299	Háskóla- og rannsóknastarfsemi	-	-	5.418	-1.500	3.918
	Framhaldsskólar og héraðsskólar	*106.594*	*61.129*	*12.927*	*70.827*	*129.219*
301	Menntaskólinn í Reykjavík	9.061	-	-	-	9.061
303	Menntaskólinn á Laugarvatni	-	1.852	-	-	-1.852
304	Menntaskólinn við Hamrahlíð	-	11.932	-	-	-11.932
307	Menntaskólinn á Egilsstöðum	1.883	-	-	-	1.883
309	Kvennaskólinn í Reykjavík	-	894	-	-	-894
318	Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaðu	7.237	-	-	86.700	93.937
319	Framhaldsskólar, almennt	50.116	14.655	6.300	-	41.761
350	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	-	2.377	-	-	-2.377
351	Fjölbrautaskólinn Ármúla	3.228	-	-	-	3.228
352	Flensborgarskóli, fjölbraut	-	1.076	-	-3.600	-4.676
353	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	5.746	-	-	-	5.746
354	Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi	-	2.583	-	-	-2.583
355	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	3.399	-	-	-	3.399
357	Fjölbrautaskóli Suðurlands	1.534	-	-	-	1.534
358	Verkmenntaskóli Austurlands	3.420	-	-	-	3.420
359	Verkmenntaskólinn á Akureyri	-	4.901	-	-	-4.901
360	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	-	1.539	-	-	-1.539
440	Fullorðinsfræðsla	-	-	6.627	-	6.627
441	Fullorðinsfræðsla fatlaðra	2.940	-	-	-	2.940

Hrafnakotsmýrarhólmamýrarhólmamýrarhólmamýrarhólmamýrarhólmamýrarhólmamýrarhólmamýrarhólmamýrarhólmamýrarhólmamýrarhólmamýrarhólmamýrarhólmamýrarhólmamýrarhólmavegur
Hrafnakotsmýrarhólmam

57. Fyrirspurn [57. mál]

til fjármálaráðherra um kjarasamninga á vegum ríkis og ríkisstofnana eftir 21. febrúar sl.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

1. Við hvaða stéttarfélög eða starfshópa hafa verið gerðir kjara- eða ráðningarsamningar á vegum ríkisins og stofnana þess eftir 21. febrúar sl.?
2. Hvaða hækkanir hafa orðið á grunnkaupi við þá samningsgerð?
3. Hefur verið samið um hækkun á greiðslum, svo sem fyrir fasta yfirvinnu, gæslu- eða bakvaktir, álagsgreiðslur eða aðrar slíkar greiðslur í þeim samningum, og ef svo er, hvaða áhrif hefur það haft til hækkunar á launakostnaði vegna þeirra sem þess njóta?
4. Hefur verið samið um launaflokkatilfærslur, uppfærslu starfsheita, ný starfsheiti eða aðrar sambærilegar kjaralegar ráðstafanir og hvaða árhif hefur það þá haft á launakostnað vegna þeirra sem þess njóta?

Skriflegt svar óskast.

58. Frumvarp til laga [58. mál]

um breytingu á lögum nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, með síðari breytingum.

Flm.: Tómas Ingi Olrich.

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Markmið laga þessara er að koma í veg fyrir umhverfisspjöll. Í þeim tilgangi skal tryggt að fram fari mat á umhverfisáhrifum áður en tekin er ákvörðun um framkvæmdir sem kunna vegna staðsetningar, starfsemi sem þeim fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverða röskun og spjöll á umhverfi, náttúruauðlindum eða samfélagi. Það er enn fremur markmið laga þessara að tryggja að slíkt mat verði fastur liður í gerð skipulagsáætlana.

2. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi gilda um allar framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverða röskun og spjöll á umhverfi, náttúruauðlindum eða samfélagi.

3. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Umhverfisráðherra er heimilt, að fengnu áliti skipulagsstjóra, að ákveða að tiltekin framkvæmd eða framkvæmdir, sem kunna að hafa í för með sér umtalsverða röskun og spjöll á umhverfi, náttúruauðlindum eða samfélagi en ekki er getið í 5. gr., verði háðar mati samkvæmt lögum þessum.

Áður en ákvörðun skv. 1. mgr. er tekin skal ráðherra leita umsagnar framkvæmdaraðila, leyfisveitanda og hlutaðeigandi sveitarstjórna.

Ákvörðun ráðherra skal fylgja rökstuðningur þar sem fram koma forsendur þess að þörf sé á mati á umhverfisáhrifum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Markmið laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, er að koma í veg fyrir spjöll á náttúrunni sem oft eru afleiðing framkvæmda. Í markmiðsgrein laganna kemur þetta ekki skýrt fram. Vikið var að þessu grundvallaratriði í athugasemdum með frumvarpi til laga um umhverfismat. Mat á umhverfisáhrifum er ekki markmið laganna í sjálfu sér, heldur er matið það verkfæri sem löggjafinn hefur fengið framkvæmdarvaldinu til að koma í veg fyrir umhverfisspjöll.

Tilgangur laganna er ekki að koma í veg fyrir breytingar. Þannig er það ekki í samræmi við tilgang laga um mat á umhverfisáhrifum að fella undir þau ýmsar framkvæmdir sem miða að því að endurheimta landgæði, efla gróðurlendi og hefta jarðvegseyðingu. Í sérstökum lögum er fjallað um hlutverk Landgræðslu ríkisins (lög nr. 17/1965) og Skógræktar ríkisins (lög nr. 3/1955) en þessum stofnunum er beinlínis ætlað það hlutverk að verja og efla gróðurlendi. Hefur löggjafinn ætlað þessum stofnunum það jákvæða þjóðþrifaverk að hafa forustu um endurheimt landgæða og eflingu þeirra.

Grundvallarmunur er á því að meta spjöll sem verða í náttúrunni við virkjanaframkvæmdir, vegagerð eða við uppsetningu förgunarstöðva fyrir eitraðan úrgang annars vegar og hins vegar að leggja mat á breytingar sem verða á landi við uppgræðslu. Með ræktun örfoka lands og friðun er verið að koma af stað gróðurframvindu sem með skynsamlegri landnýtingu leiðir til eðlilegs ástands gróðurs miðað við aðstæður hverju sinni. Þær aðgerðir eiga því ekkert sameiginlegt með því sem lögum um mat á umhverfisáhrifum er fyrst og fremst ætlað að fjalla um, þ.e. röskun og spjöll á umhverfi af völdum framkvæmda.

Í 5. gr. laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, eru tilgreindar þær framkvæmdir sem ætíð skulu háðar mati á umhverfisáhrifum. Þegar frumvarp til laga um umhverfismat var til umfjöllunar í umhverfisnefnd Alþingis bárust ábendingar frá nokkrum aðilum um að eðlilegt væri að framkvæmdir við framræslu votlendis, landgræðslu og skógrækt yrðu felldar undir 5. gr. laganna og þannig ætíð háðar mati á umhverfisáhrifum. Umhverfisnefnd Alþingis féllst ekki á þetta sjónarmið. Í nefndaráliti kom fram að nefndin væri sammála um að nauðsynlegt væri að skipulega væri unnið að verkefnum á þessu sviði með tilliti til fjölþættra landnota og umhverfisverndar. Þannig gæti verið ástæða til að fram færi mat á umhverfisáhrifum eða hliðstæður undirbúningur áður en ráðist yrði í meiri háttar verkefni af þessum toga, enda er heimild til þess í 6. gr. laganna. Það er álit flutningsmanns frumvarps þessa að ekki sé rétt að beita heimildarákvæðinu nema líklegt sé að framkvæmdir valdi umhverfisspjöllum og er það í samræmi við markmið laganna.

Við framkvæmd laga um umhverfismat hefur komið í ljós að framkvæmdarvaldið hefur talið ástæðu til þess að beita heimildarákvæði laganna vegna landgræðsluverkefna. Hefur því til stuðnings verið vitnað sérstaklega í nefndarálit umhverfisnefndar, en litið hefur verið fram hjá þeirri staðreynd að nefndin hafnaði því að fella skógrækt og landgræðslu undir framkvæmdir sem eru háðar mati á umhverfisáhrifum. Verður að gera ráð fyrir að þessi

beiting heimildarákvæðisins hafi fordæmisgildi um framkvæmd laganna. Flutningsmaður telur því nauðsynlegt að taka af tvímæli að því er varðar markmið laganna og þrengja heimildarákvæði 6. gr. Gengur flutningsmaður út frá því að með þessari breytingu verði landgræðsla og skógrækt ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Áætlanagerð á vegum Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins hefur tekið miklum framförum á síðustu árum. Gera verður ráð fyrir að í áætlanagerð framangreindra stofnana felist það mat að þau verkefni, sem ráðist er í hverju sinni, séu nauðsynleg framfaramál og jákvæðir áfangar á sviði umhverfismála.

Þá felur frumvarp þetta í sér nákvæmari markmiðslýsingu en nú er í 1. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Eru með því tekin af öll tvímæli um að lögunum sé ætlað að tryggja að með mati á umhverfisáhrifum sé komið í veg fyrir umhverfisspjöll. Til samræmis eru gerðar breytingar á 4. og 6. gr. laganna þannig að í stað þess að miðað sé við *umtalsverð áhrif* á umhverfi er lagt til að miðað verði við *umtalsverða röskun og spjöll.*

Enn fremur eru gerðar breytingar á 1., 4. og 6. gr. laganna í þá veru að kveðið er á um að meta skuli hugsanlegan skaða á umhverfi, náttúruauðlindum *eða* samfélagi, þ.e. að það nægi að framkvæmdir hafi neikvæð áhrif á einhvern einn þessara þátta en ekki á alla þrjá þættina eins og orðalag gildandi laga gefur tilefni til að ályktа.

Loks er lagt til að bætt verði við 6. gr. laganna nýrri málsgrein þar sem kveðið er á um að ráðherra skuli rökstyðja ákvörðun sína um að framkvæmdir skuli háðar mati á umhverfisáhrifum þannig að forsendur fyrir því að þörf sé talin á matinu komi skýrt fram. Talin er full þörf á að kveða sérstaklega á um þetta atriði þar sem um verulega íþyngjandi ákvarðanir er að ræða, en ákvæði 21. og 22. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, um rökstuðning eru hér til fyllingar eftir því sem við getur átt.

Mál þetta var lagt fram á 118. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu í nefnd. Er það nú endurflutt óbreytt.

59. Frumvarp til laga [59. mál]

um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Flm.: Tómas Ingi Olrich, Sturla Böðvarsson.

1. gr.

Við B-lið 30. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: Kostnað við endurbætur og viðhald á eigin húsnæði, enda nemi þessi kostnaður að lágmarki 100.000 kr., og skal endurgreiðslan vera 10% af þeim kostnaði sem ráðist hefur verið í.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á Íslandi eru nú tæplega 63 milljónir m^3 af íbúðar- og atvinnuhúsnæði að núvirði um 1.200 milljarðar kr. en til viðbótar eru um 13 milljónir m^3 í ýmiss konar útihúsum. Þjóðarauður okkar er að mestu bundinn í þessum eignum.

Meðalaldur þessa húsnæðis er um 25 ár og það því að mestu byggt á eftirstríðsárunum. Á síðasta áratug hefur viðhaldsþörf fasteigna landsmanna farið hraðvaxandi og ekki er óvarlegt að gera ráð fyrir holskeflu á næstu árum þar sem aðeins litlum hluta húsnæðisins hefur enn sem komið er verið haldið við sem skyldi, bæði hjá einkaaðilum og opinberum aðilum. Veldur þar nokkru oftrú á steinsteypu sem ekki hefur reynst það viðhaldsfría efni sem almennt var talið, a.m.k. eins og hún hefur verið notuð í húsbyggingar.

Annars staðar á Norðurlöndum er almennt miðað við að árlegur viðhaldskostnaður sé um 1–5% af nýbyggingarkostnaði en fari hækkandi með aldri húsnæðisins. Lægri mörkin eru fyrir íbúðarhúsnæði í einkaeign en hærri mörkin fyrir sumar opinberar byggingar. Þessi hlutföll miða við reglubundið viðhald. Þar sem það hefur almennt verið vanrækt hér á landi og aldur húsnæðis er lágur kemur gífurlegur uppsafnaður vandi til með að mæta húseigendum á næstu árum. Sé viðhald vanrækt eykst skemmd sem fall af tíma þannig að á endanum verður þörf á mun víðtækari viðgerðum en var í upphafi. Óverulegar rannsóknir hafa verið gerðar á viðhaldskostnaði húsa hér á landi en flest bendir til að hann sé sambærilegur því sem að framan greinir. Reynsla Reykjavíkurborgar af viðhaldskostnaði húsnæðis í eigu borgarinnar styður það mat. Húsnæði hér á landi er almennt vandað en jafnframt undir miklu og erfiðu veðurfarslegu álagi.

Í könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, sem gerð var árið 1992, um viðhorf húseigenda til viðhalds fasteigna kemur fram að 77% húseigenda segjast sjálfir meta viðhaldsþörf húseigna sinna og 53% segjast annast viðhald sjálfir. Um 52% húseigenda telja viðhaldsþörf húsa vera innan við 50 þús. kr. á ári. 24% telja hana vera á bilinu 50–150 þús. kr. á ári og 6% telja hana meiri. Þessar tölur benda til að a.m.k. helmingur húseigenda vanmeti viðhaldsþörf fasteigna sinna.

Ef áætlaður viðhaldskostnaður er um 2% af stofnverði að jafnaði ætti árlegur kostnaður af viðhaldi húsnæðis landsmanna að vera a.m.k. 24 milljarðar kr. Hlutfall vinnuliðar er áætlað um 75% í viðgerðum og ætti vinnuliður að nema um 18 milljörðum kr. árlega. Viðhaldsmarkaðurinn er áætlaður um 5–7 milljarðar kr.

Ef gert er við húseign fyrir um 1 millj. kr. fyrir utan virðisaukaskatt nemur vinnuliður um 750 þús. kr. með launakostnaði. Launakostnaður er um 300 þús. kr. af þeirri upphæð og hlutur ríkisins af þeim lið um 16% í formi tryggingagjalds sem er tæplega 50 þús. kr. Ætla má að tekjur ríkissjóðs af vinnulið séu í heild um 160 þús. kr. miðað við að brúttótekjuskattur launþega sé ríflega 35%, að viðbættum 50 þús. kr., eða samtals um 210 þús. kr. Tekjur ríkissjóðs af efnislið verksins eru þá ótaldar. Tekjurnar eru því lauslega áætlaðar a.m.k. um 250 þús. kr. af 1 millj. kr. viðgerðarverkefni, eða um 25%. Miðað við 10% skattendurgreiðslu af heildarverkupphæð, eða um 100 þús. kr., yrðu nettótekjur ríkissjóðs um 150 þús. kr.

Samkvæmt skýrslu fjármálaráðuneytisins um umfang skattsvika frá september 1993 kemur fram að áætluð nótulaus viðskipti séu langmest í byggingariðnaði. Heildarumfang skattsvika er áætlað um 6% af vergri þjóðarframleiðslu eða sem nemur 6,5 milljörðum kr. Hlutfall af nótulausum viðskiptum byggingariðnaðarins er reiknað sem 16% af rekstrartekjum. Um 21% aðila í byggingariðnaði sögðust taka á móti óframtöldum tekjum og um 16% einstaklinga sögðust hafa greitt fyrir slík viðskipti. Hins vegar sögðust 71% aðspurðra mundu þiggja skattlausar tekjur ef þeim stæðu þær til boða. Ætla má að megnið af þessum nótulausu viðskiptum byggingariðnaðarins eigi sér uppruna á viðhaldssviði greinarinnar hjá einstaklingum og húsfélögum en síður hjá fyrirtækjum og stofnunum og vegna nýframkvæmda. Ætla má að þetta hlutfall sé því töluvert hærra í viðhaldsverkefnum.

Mikilvægt er að grípa til aðgerða sem hvetja húseigendur til að eiga aðeins lögleg viðskipti. Með skattendurgreiðslu má ná þessu markmiði.

Ávinningur slíkrar endurgreiðslu er ekki síst fólginn í eftirfarandi:

— Endurgreiðslurnar hvetja til að viðhaldsverkefnum verði skilað með fullgildum reikningum.
— Tekjur ríkissjóðs aukast vegna minni svartar vinnu.
— Endurgreiðslurnar hvetja húseigendur til að auka viðhald húsnæðis og er þannig atvinnuskapandi aðgerð sem þýðir minni greiðslur í atvinnuleysisbætur.
— Þjóðarauður landsmanna, sem bundinn er í fasteignum, verður betur varðveittur.

Í viðhorfskönnun Félagsvísindastofnunar kemur fram að iðnaðarmenn eru helst fengnir í stærri utanhússviðgerðir, svo sem steypuviðgerðir og viðgerðir á gluggum og þaki. Viðhaldsverk taka eðlilega að öllu jöfnu mun styttri tíma og eru minni umfangs en nýframkvæmdir. Við meiri háttar viðgerðir er þeim jafnframt dreift á nokkur ár til að jafna greiðslubyrði eigendanna. Ætla má af könnuninni að stór hluti viðhaldsverka sé af stærðargráðunni 150–250 þús. kr. hvað varðar árleg fjárútlát einstakra húseigenda. Þetta bendir til að stærðargráða viðhaldsverkefna á vegum einstaklinga sé innan þeirra marka að fátt hvetji til að gefa þau upp til skatts. Ætla má að töluverður hluti þeirra sé unninn nótulaust og hafi það aukist í atvinnuleysinu á undanförnum árum. Töluverð ásókn er í vinnu við viðgerðir á hverju vori af verktökum með litla sem enga þekkingu á viðgerðum og eru verktakafyrirtæki jafnvel gerð upp í lok árs eftir að hafa að mestu unnið nótulaust og því enga ábyrgð tekið á verkum. Ætla má að eftir töluverðu sé að slægjast fyrir skattyfirvöld með því að hvetja húseigendur til að skipta aðeins við viðurkennda verktaka og krefjast fullgilds reiknings fyrir viðhald eigna sinna.

Mál þetta var lagt fram á 117. og 118. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu í nefnd. Er málið nú endurflutt óbreytt.

60. Tillaga til þingsályktunar [60. mál]

um aðgerðir til stuðnings íbúum Austur-Tímor.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á utanríkisráðherra að beita sér á alþjóðavettvangi til stuðnings íbúum Austur-Tímor í því skyni að binda enda á harðstjórn og mannréttindabrot sem þeir hafa mátt sæta um árabil af hálfu Indónesíustjórnar.

Greinargerð.

Eyjan Tímor er ein af fjölmörgum eyjum Austur-Indía. Á 16. öld skiptu Hollendingar og Portúgalir eyjunni á milli sín sem leiddi til þess að íbúar portúgalska hlutans hneigðust til kaþólskrar trúar meðan Islam varð alls ráðandi í hollensku Indíum. Árið 1974 féll einræðisstjórnin í Portúgal og í kjölfar þess fékk fjöldi nýlendna Portúgala sjálfstæði. Árið 1975 var unnið að sjálfstæði Austur-Tímor, en áður en málið var til lykta leitt tók völdin ein af skæruliðahreyfingum landsins, Fretelin, sem um nokkurt skeið hafði barist gegn nýlenduveldi Portúgala. Fretelin lýsti yfir sjálfstæði landsins og Portúgalir hörfuðu með lið sitt og embættismenn. Aðeins nokkrum dögum eftir sjálfstæðisyfirlýsinguna réðist her

Indónesíu inn í austurhlutann og hertók hann. Frá þeim tíma hafa Indónesar drottnað með harðri hendi yfir Austur-Tímor og í engu sinnt ítrekuðum ályktunum Sameinuðu þjóðanna um sjálfsákvörðunarrétt íbúanna á Austur-Tímor.

Tímor er austarlega í eyjaklasanum næst Ástralíu. Í „sundinu" milli Tímor og Ástralíu eru olíulindir og er þar komin meginástæðan fyrir því hvers vegna Indónesar ágirntust Austur-Tímor.

Í Indónesíu ræður ríkjum stjórn Suharto hershöfðingja. Þrátt fyrir fjölflokkakerfi ræður flokkur forsetans lögum og lofum og verður að telja Indónesíu til verstu einræðisríkja í heimi. Samkvæmt skýrslum Amnesty International er fólk tekið af lífi án dóms og laga, pyndingar á föngum eru daglegt brauð og mörg dæmi þess að fangar hafi látið lífið vegna pyndinga, m.a. unglingar. Stjórnarandstæðingar eru hundeltir hvort sem þeir leyfa sér að gagnrýna mannréttindabrot eða teljast til hópa bókstafstrúarmanna. Menn eru m.a. dæmdir í fangelsi fyrir svokallaða niðurrifsstarfsemi, svo og móðganir við stjórn landsins og ríkjandi trúarbrögð.

Á Austur-Tímor hefur þó keyrt um þverbak því þar hefur fólk miskunnarlaust verið murkað niður. Árið 1991 réðst herinn á líkfylgd þar sem hundruð manna fylgdu fórnarlambi herstjórnarinnar til grafar. Talið er að hátt á annað hundrað manns hafi verið drepnir í það sinn. Ríkisstjórn Indónesíu neitaði því lengi vel að þessi atburður hefði átt sér stað en vitnin voru mörg, m.a. útlendingar. Hermenn Indónesíuhers stunda þá iðju að ráðast inn í þorp til að drepa alla karlmenn en skilja konur og börn eftir þótt einnig séu þekkt dæmi um fjöldamorð á börnum. Talið er að á þeim rúmu 19 árum, sem liðin eru frá innrásinni, hafi um 200 þúsund manns verið drepnir á Austur-Tímor. Þjóðin telur nú um 700 þúsund manns en ætti með réttu að vera um ein milljón. Erlendum sendinefndum hefur verið neitað um að rannsaka ástandið, m.a. fulltrúum Sameinuðu þjóðanna. Á undanförnum árum hafa þingmenn frá ýmsum löndum reynt að fá leyfi til að heimsækja Austur-Tímor með misjöfnum árangri. Sænskir þingmenn fengu að heimsækja landið 1993 og hafa flutningsmenn þessarar tillögu undir höndum skýrslu Hans Göran Franck um heimsóknina.

Mörg ríki heims telja sig eiga mikilla hagsmuna að gæta í Indónesíu. Þar eru miklar erlendar fjárfestingar og mikil viðskipti við þessa auðugu hráefna- og iðnaðarþjóð. M.a. gerðust þeir atburðir í Jakarta haustið 1993 að fjórir Tímorbúar flúðu inn á lóðir finnsku og sænsku sendiráðanna þar í borg til þess að biðjast hælis. Eftir mikið japl, jaml og fuður var þeim neitað um landvist og þeir sendir í gin lögreglunnar, líklega vegna þess að stjórnvöld í Svíþjóð og Finnlandi vildu ekki styggja Indónesíustjórn. Það tókst að vekja athygli fjölmiðla á máli fjórmenninganna og þar með að bjarga lífi þeirra.

Daginn sem innrásin var gerð árið 1975 var nýskipaður utanríkisráðherra Fretelinstjórnarinnar, Jose Ramos Horta, á leið til Portúgal til að semja þar um skuldaskil hinna fyrrverandi nýlenduherra. Horta er eini ráðherra hinnar fyrrverandi ríkisstjórnar sem nú er á lífi. Hann hefur stöðu sendiherra hjá Sameinuðu þjóðunum og hefur um árabil talað máli þjóðar sinnar án þess að það hafi borið verulegan árangur. Jose Ramos Horta tók við mannréttindaverðlaunum Rafto-stofnunarinnar í Bergen fyrir hönd íbúa Austur-Tímor haustið 1994, en sú stofnun vakti m.a. fyrst athygli á baráttu Aung San Suu Kyi í Burma, en hún fékk síðar friðarverðlaun Nóbels. Þess ber að geta að landflótta Tímorbúar hafa átt skjól í Portúgal en stjórnvöldum þar rennur blóðið til skyldunnar og þar í landi starfa öflugir hópar til stuðnings Tímorbúum. Þá hefur eitt og annað verið að gerast sem vekur vonir um að heimurinn muni ekki mikið lengur horfa aðgerðalaus á framferði Indónesíustjórnar. Margt bendir til að nokkur þáttaskil hafi orðið í baráttu íbúanna á Austur-Tímor.

Foringi andspyrnuhreyfingarinnar, Xanana Gusmao, var handtekinn 1992 og dæmdur í ævilangt fangelsi eftir sýndarréttarhöld þar sem hann fékk ekki einu sinni að verja sig. Mál hans hefur vakið mikla athygli og hefur bæði Rauði krossinn og Amnesty International fylgst með líðan hans og þeirri meðferð sem hann sætir. Á hinu pólitíska sviði ber til tíðinda að Al Gore, varaforseti Bandaríkjanna, hefur sýnt örlögum íbúa Austur-Tímor áhuga og hefur hann beitt sér fyrir aðgerðum Bandaríkjastjórnar gegn stjórn Indónesíu. Hernaðarráðgjafar hafa verið kallaðir heim og á Bandaríkjaþingi er rætt um vopnasölubann á Indónesíu. Víða um heim hefur hópum, sem styðja íbúa Austur-Tímor, vaxið fiskur um hrygg og er í röðum þeirra að finna heimsþekkt fólk sem vill beita sér í þágu virðingar fyrir mannréttindum og sjálfsákvörðunarrétti þjóða. Í september sl. tók Gro Harlem Brundtland málið upp við Indónesíustjórn er hún heimsótti Indónesíu í kjölfar kvennaráðstefnunnar í Kína.

Það er alkunna að mannréttindi eru fótum troðin í flestum ríkjum heims. Þau brot eru þó mismunandi alvarleg. Víða geisa styrjaldir, ýmist innan ríkja eða ríkja í millum. Þegar horft er á ástand heimsmála kann að virðast einkennilegt að taka upp mál smáþjóðar lengst austur í Asíu á Alþingi Íslendinga. Þar er þess að gæta að það sem gerist á einum stað hefur áhrif á öðrum. Flóttamannastraumur, sem stafar af harðstjórn og einræði einhvers staðar á jarðarkringlunni, segir víða til sín. Það kann einnig að reynast heiminum hættulegt til lengri tíma litið að láta einræðis- og harðstjórnir óáreittar hvar sem þær er að finna. Við Íslendingar erum meðal örfárra þjóða sem með nokkrum rétti getum látið rödd okkar hljóma í þágu mannréttinda á alþjóðavettvangi. Það eigum við að gera hvar sem er og hvenær sem tækifæri gefast til þess. Með þessari tillögu er þess farið á leit við utanríkisráðherra að hann beiti sér á alþjóðavettvangi í þágu íbúa Austur-Tímor ef það mætti verða til þess að vekja athygli heimsins á örlögum þessarar litlu þjóðar sem nú býr við kúgun herstjórnar og má nánast daglega horfa upp á ofbeldi, fangelsanir og morð á saklausu fólki.

61. Tillaga til þingsályktunar [61. mál]

um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna.

Flm.: Bryndís Hlöðversdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Siv Friðleifsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á stofn nefnd um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna. Nefndin vinni í samráði við Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands að því að efla íþróttir stúlkna og kvenna og leitist við að koma í veg fyrir eða minnka hið mikla brotthvarf stúlkna úr íþróttum. Þá skoði nefndin sérstaklega umfjöllun fjölmiðla um íþróttir stúlkna og kvenna, hvaða fjármagn sé veitt til stúlkna- og kvennaíþrótta, skiptingu kynjanna í forustu íþróttahreyfingarinnar og aðra þá þætti sem geta haft áhrif á stöðu stúlkna- og kvennaíþrótta. Meðal annars verði litið til þess sem gert hefur verið erlendis í átt til umbóta í þessum efnum.

Greinargerð.

Á 115. löggjafarþingi Íslendinga var lögð fram tillaga til þingsályktunar um eflingu íþróttaiðkunar kvenna og var hún samþykkt af þinginu 18. maí 1992. Flutningsmenn voru allar konur sem þá sátu á þingi. Samkvæmt ályktun þessari skyldi ríkisstjórnin beita sér fyr-

ir því að átak yrði gert til að efla íþróttaiðkun kvenna, áhersla skyldi lögð á mikilvægi íþrótta í líkamlegu og félagslegu uppeldi og sem fyrirbyggjandi aðgerða til að bæta heilsu og vinnuþrek. Fjárframlög ríkisins til íþrótta skyldu veitt með það að markmiði að gera íþróttaiðkun kvenna og karla jafnhátt undir höfði.

Á 116. þingi lagði Kristín Einarsdóttir fram fyrirspurn til menntamálaráðherra um það til hvaða ráðstafana ríkisstjórnin hefði gripið í framhaldi af ályktun Alþingis frá 18. maí 1992 og í svari menntamálaráðherra þá kom fram að heldur lítið hafði verið gert á vettvangi ráðuneytisins til að framfylgja ályktuninni. Vitnaði ráðherra sérstaklega í væntanlegar niðurstöður rannsóknar á vegum Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála þar sem könnuð var þátttaka ungmenna í íþróttum og samspil íþróttaiðkunar og annarra þátta í lífi ungmennanna og batt vonir við að rannsóknin mundi varpa ljósi á viðhorf, þátttöku og áhuga pilta og stúlkna í íþróttum og að nýta mætti niðurstöðurnar til eflingar íþróttaiðkun kvenna.

Niðurstöður umræddrar könnunar ásamt öðrum könnunum sem gerðar hafa verið í tengslum við íþróttaiðkun stúlkna og kvenna benda til þess að átak þurfi að gera til eflingar stúlkna- og kvennaíþróttum. Má þar nefna könnun um brottfall stúlkna úr íþróttum sem gerð var af Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála í samvinnu við og að frumkvæði þróunarhóps umbótanefndar ÍSÍ um kvennaíþróttir á árinu 1994 og skoðanakönnun um kvennaíþróttir sem umbótanefnd ÍSÍ gerði í samvinnu við ÍM Gallup, en niðurstöður þeirrar könnunar voru birtar nú fyrir skömmu. Í síðarnefndu könnuninni kom fram að það er almennt viðhorf að kvennaíþróttir fái of litla umfjöllun í fjölmiðlum sem samrýmist ekki því mati sem fjölmiðlar hafa lagt á áhuga áhorfenda á kvennaíþróttum og kemur fram í ofuráherslu á karlagreinar í allri umfjöllun.

Í öðrum löndum hefur náðst að efla stöðu stúlkna- og kvennaíþrótta með samstilltu átaki stjórnvalda, íþróttahreyfingar og kvennahreyfingar, og má þar nefna Noreg sem gott dæmi. Brottfall stúlkna úr íþróttum hefur verið áhyggjuefni víða um heim, enda efast enginn um mikilvægi íþróttaiðkunar fyrir fólk, ekki síst er mikilvægi íþrótta viðurkennt sem liður í uppeldi ungmenna og sem vörn gegn vímuefnanotkun. Stjórnvöld þurfa því í samráði við íþrótta- og ungmennahreyfinguna í landinu og þau samtök sem berjast fyrir bættri stöðu kvenna í samfélaginu að móta stefnu í þessu vandasama máli eins og lagt er til í þingsályktunartillögu þessari. Reynslan sýnir okkur að öðruvísi næst ekki árangur.

Fylgiskjal I.

Umbótanefnd ÍSÍ um kvennaíþróttir
í samvinnu við ÍM Gallup:

Útdráttur úr skoðanakönnun um kvennaíþróttir.

A. Helstu niðurstöður

Rúmlega 18% þeirra sem tóku afstöðu í könnuninni telja að konur geti ekki stundað allar þær íþróttagreinar sem karlar stunda. Hærra hlutfall kvenna en karla telur að konur geti ekki stundað allar íþróttir sem karlar stunda.

Rúmlega 71% telur að kvennaíþróttir fái of litla umfjöllun í fjölmiðlum. Þar af telja fleiri konur en karlar að kvennaíþróttir fái of litla umfjöllun.

Það eru 88% þeirra sem tóku afstöðu sem telja að veita ætti jafnmiklu fé í kvenna- og karlaíþróttir. Af þeim 12% sem eftir eru töldu mun fleiri (9,4%) að meira fé ætti að veita í karlaíþróttir en kvennaíþróttir (2,5%).

Yfirgnæfandi meirihluti fólks, eða 92,2%, telur að Kvennahlaup ÍSÍ eigi rétt á sér.

Rúmlega 59% fólks telja að velja eigi íþróttamann ársins eins og gert er í dag, eða bæði kynin í einni kosningu, en tæplega 41% telur að velja eigi sérstaklega íþróttakonu og íþróttakarl ársins í sitthvoru lagi.

Þá telja tæplega 89% að það eigi að kenna piltum og stúlkum sömu íþróttir í skóla.

Næstum því tveir af hverjum þremur telja að íþróttir hafa góð áhrif á útlit kvenna, en aðeins 4% að þær hafa slæm áhrif á útlit þeirra. Um 30% telja að áhrifin séu góð í sumum greinum en slæm í öðrum (29%) eða að áhrifin séu engin (1,2%).

Rúmlega 38% svarenda telja að það íþróttafélag sem það þekkir best vinni að jafnrétti karla og kvenna í íþróttum, en rúmlega 22% telja það ekki vinna að jafnrétti. Rúmlega 39% segjast ekki þekkja nógu vel til í íþróttafélaginu.

Tæplega 35% horfa oft á keppnisíþróttir karla í sjónvarpi, en tæplega 22% horfa oft á keppnisíþróttir kvenna í sjónvarpi. Tæplega 15% fara oft á kappleiki karla, en tæplega 5% fara oft á kappleiki kvenna. Rúmlega 34% lesa oft um íþróttir karla í dagblöðum, en 25% lesa oft um íþróttir kvenna í dagblöðum.

Gerð var svonefnd aðhvarfsgreining til þess að finna það sem hefur mest áhrif á að fólk fylgist með íþróttum. Það sem hefur mest áhrif á að fólk fylgist með íþróttum kvenna er að það stundi sjálft íþróttir, þ.e. þeir sem stunda íþróttir fylgjast fremur með íþróttum kvenna en þeir sem stunda ekki íþróttir. Þá fylgjast þeir sem eru með aðgang að læstri dagskrá Stöðvar 2 fremur með íþróttum kvenna en þeir sem hafa ekki þann aðgang. Þetta tvennt var það eina sem hafði marktæk áhrif á það að fylgjast með íþróttum kvenna, þegar allir þættir eru teknir saman í einni greiningu.

Mun fleiri þættir hafa áhrif á að fólk fylgist með íþróttum karla en kvenna. Íþróttaástundun og aðgangur að dagskrá Stöðvar 2 hefur áhrif á það að fylgjast með íþróttum karla eins og kvenna og á sama hátt. Það sem hefur auk þess áhrif er kyn (karlar fylgjast fremur með en konur), aldur (það að fylgjast með fer minnkandi með aldri) og tekjur (það að fylgjast með eykst með hækkandi tekjum).

Þá kom í ljós að þeir sem fylgjast með íþróttum kvenna (sjónvarp, kappleikir og blöð) eru að mestu leyti þeir sömu og þeir sem fylgjast með íþróttum karla. Að sama skapi má segja að þeir sem horfa á íþróttir í sjónvarpi, fara fremur á leiki en aðrir og lesa fremur um íþróttir í blöðum en aðrir. Þetta gildir jafnt um íþróttir kvenna og karla.

Ríflega þriðjungur aðspurðra segist ekki stunda íþróttir, og helstu ástæður sem eru gefnar eru tímaleysi (38,4%) og leti (19,2%). Tæplega 13% vita ekki af hverju og 11% þeirra sem ekki stunda íþróttir segjast ekki geta það.

Þeir tæplega tveir af hverjum þremur sem stunda íþróttir, stunda helst göngu (20% allra), sund (17% allra) og næstum 10% allra stunda skokk/hlaup og sama hlutfall knattspyrnu.

Langalgengast er að fólk nefni hollustu (46,2% þeirra sem iðka) sem ástæðu íþróttaiðkunar eða ánægju (35,5% þeirra sem iðka).

B. Framkvæmdalýsing

Rannsóknin var gerð um mánaðamótin júní-júlí 1995 af ÍM Gallup. Hringt var í 1200 manna tilviljunarúrtak úr þjóðskrá á aldrinum 15-75 ára og það spurt í síma. Nettósvörun var 70,1%. Hámarksvikmörk eru um +/- 4%.

Fylgiskjal II.

Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála
og þróunarhópur umbótanefndar ÍSÍ
um kvennaíþróttir:

Brottfall stúlkna úr íþróttum.
(Úr niðurstöðum rannsóknar í 8. bekk grunnskóla.)



Íþróttaástundun utan skyldutíma í skóla; skipt eftir kynjum



62. Tillaga til þingsályktunar [62. mál]

um hert viðurlög við ólöglegum innflutningi á fíkniefnum.

Flm.: Arnþrúður Karlsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Siv Friðleifsdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Ólafur Örn Haraldsson, Stefán Guðmundsson, Magnús Stefánsson, Guðni Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir hertum viðurlögum við ólöglegum innflutningi á fíkniefnum til landsins. Meðal annars verði kannað hvort tilefni sé til að þyngja ákvæði 173. gr. a almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um hámarksrefsingu við broti, úr 10 árum í 16 ár. Jafnframt verði leitað annarra úrræða til þess að stemma stigu við innflutningi á fíkniefnum, svo sem að brotamenn verði undir eftirliti þar til dómur gengur í máli þeirra.

Greinargerð.

Vegna stöðugt aukinnar útbreiðslu og neyslu fíkniefna í landinu er nauðsynlegt að yfirvöld endurskoði þau viðurlög sem í gildi eru. Í nágrannalöndum, t.d. í Noregi, er refsing 21 árs fangelsi fyrir innflutning á fíkniefnum. Er því eðlilegt að hér á landi verði refsingin þyngd til samræmis við það sem gerist í grannríkjunum svo að varnaðaráhrifin verði þau sömu hér og annars staðar.

Einnig er mikilvægt að löggjafinn gefi dómstólum meira svigrúm með því að rýmka refsiramma 173. gr. a almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, úr 10 ára hámarksrefsingu í 16 ár eða jafnvel ævilangt fangelsi. Í því felst sú leiðbeiningarregla að mun harðar verði tekið á þeirri refsiverðu háttsemi sem innflutningur á fíkniefnum er. Þá er og mikilvægt að yfirvöld kanni allar þær leiðir sem færar eru til þess að umræddir brotamenn séu undir eftirliti þar til dómur gengur í máli þeirra. Þannig væri unnt að koma í veg fyrir að þeir færu af landi brott fyrir dómsuppkvaðningu og kæmust með því hjá refsingu.

63. Fyrirspurn [63. mál]

til iðnaðarráðherra um olíuleit við Ísland.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Eru eða hafa á undanförnum árum verið stundaðar einhverjar rannsóknir á því hvort olía eða jarðgas finnst á landgrunni Íslands?
2. Hefur ríkisstjórnin mótað einhverja stefnu varðandi leit að slíkum auðlindum á íslensku landgrunni?

Skriflegt svar óskast.

64. Fyrirspurn [64. mál]

til félagsmálaráðherra um aðgerðir til að draga úr launamun karla og kvenna.

Frá Kristínu Halldórsdóttur.

Hvernig var varið þeim 3 millj. kr. sem veittar voru í tengslum við kjarasamninga ASÍ og VSÍ fyrr á þessu ári vegna aðgerða til að draga úr launamun milli karla og kvenna?

65. Beiðni um skýrslu [65. mál]

frá forsætisráðherra um útbreiðslu fíkniefna og þróun ofbeldis.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Ástu R. Jóhannesdóttur, Rannveigu Guðmundsdóttur, Kristínu Ástgeirsdóttur, Svanfríði Jónasdóttur, Guðnýju Guðbjörnsdóttur, Gísla S. Einarssyni, Lilju Á. Guðmundsdóttur, Guðmundi Árna Stefánssyni og Kristínu Halldórsdóttur.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að forsætisráðherra flytji Alþingi skýrslu um stöðu og útbreiðslu ofbeldis og fíkniefna í þjóðfélaginu. Jafnframt er þess óskað að Alþingi verði gerð grein fyrir því hvort ríkisstjórnin hyggist grípa til sérstakra aðgerða til að sporna við ofbeldi og fyrirbyggja dreifingu, innflutning og neyslu fíkniefna.

Í skýrslunni verði leitast við að svara eftirtöldum spurningum:

Um fíkniefnamál:

1. Hvernig hefur þróun fíkniefnaneyslu verið hér á landi sl. fimm ár og hvernig má ætla að hún dreifist eftir aldurshópum, kyni og tegundum fíkniefna?
2. Hvert má ætla að umfang neyslunnar sé:
   a. árin 1990–1995 samanborið við árin 1985–1990,
   b. miðað við önnur Norðurlönd?
3. Hversu mikið má áætla að flutt hafi verið inn af ólöglegum fíkniefnum sl. 10 ár, hvert er verðmæti þeirra og hve mikið hefur verið gert upptækt á því tímabili?
   Sundurliðun óskast eftir árum og tegund fíkniefna.
4. Hve mikill hefur upptækur hagnaður af sölu ávana- og fíkniefna verið árin 1990–1995 samanborið við árin 1985–1990? Að hve miklu leyti hefur honum verið ráðstafað til forvarna í fíkniefnamálum?
5. Er hægt að áætla hver margir hafi beðið varanlegt heilsutjón af ávana- og fíkniefnaneyslu sl. 10 ár?
6. Hvaða breytingar hafa orðið á fjölda innlagna á meðferðarstofnanir vegna ávana- og fíkniefnaneyslu árin 1990–1995 samanborið við árin 1985–1990, skipt eftir aldri og kyni?
7. Hversu mörg dauðsföll og afbrot má rekja til fíkniefnaneyslu árlega sl. 10 ár?

8. Hvað má áætla að fíkniefnaneysla kosti í beinum fjármunum:
   a. ríki og sveitarfélög,
   b. einstakling sem neytir slíkra efna daglega?
9. Hversu oft hefur verið gripið til þess ráðs að nota tálbeitur við rannsókn fíkniefnamála og telja sérfræðingar það vera álitlegan kost til að upplýsa fíkniefnamál?
10. Hvernig er háttað sérþjálfun starfsfólks á sviði fíkniefnamála og má ætla að toll- og löggæsla hafi á að skipa fullkomnum tækjabúnaði til að takast á við fíkniefnavandann? Hversu margir starfa að fíkniefnamálum og hver er áætluð mannaflaþörf í þeim málaflokki á næstu árum?
11. Hversu margir dómar hafa fallið vegna fíkniefnabrota síðustu fimm ár? Hversu margir dómar hafa kveðið á um fangelsisvist á sama tíma? Hversu margir dómar hafa kveðið á um önnur úrræði og þá hver? Hversu margir sektardómar hafa verið felldir og hversu hátt hlutfall sekta hefur innheimst?
12. Hvaða rannsóknir hafa verið gerðar á tengslum fíkniefnabrota og annarra afbrota?
13. Eru fíkniefnaneytendur líklegri en aðrir til að fremja afbrot? Ef svo er, hvaða afbrot helst?
14. Hvaða reynsla hefur orðið af lögleiðingu fíkniefna, t.d. í Hollandi, með tilliti til afbrotamálefna?
15. Hvert er talið aðgengi unglinga á aldrinum 14 til 20 ára að fíkniefnum? Hvaða úrræðum er helst að beita til að fyrirbyggja aðgengi að þeim?
16. Er til þess vitað eða ástæða til að ætla að vændi sé stundað á Íslandi? Hefur verið kannað eða er ástæða til að ætla að fíkniefnaneytendur fjármagni neyslu sína með vændi?
17. Hvað má áætla um umfang slíks? Er það bundið við einstaklinga eða er um skipulagða starfsemi að ræða?
18. Hefur krakk-kókaín verið gert upptækt hér á landi? Er talin ástæða til að óttast að það nái útbreiðslu hér? Til hvaða úrræða hefur verið gripið til að sporna við því að síkt efni nái útbreiðslu?
19. Hversu útbreidd má ætla að neysla alsælu sé hér á landi? Hversu oft og í hve miklu magni hefur efnið verið gert upptækt hér á landi?
20. Hefur verið gripið til aðgerða til að uppfræða þá hópa sem helst neyta þess og helstu áhættuhópa um afleiðingar neyslunnar?
21. Hvernig er fræðslu um fíkniefnamál og afleiðingar fíkniefnaneyslu háttað í:
   a. grunnskólum,
   b. framhaldsskólum,
   c. félagsmiðstöðvum ungs fólks?
22. Hefur verið miðlað markvissri fræðslu til foreldra um fíkniefnamál? Ef svo er, hvernig og í hve miklum mæli?
23. Hafa verið gerðar athuganir á áhrifum fíkniefnaneyslu á fjölskyldur fíkniefnaneytenda? Ef svo er, hverjar voru niðurstöður og hvernig á að bregðast við þeim?
24. Til hvaða aðgerða hyggst ríkisstjórnin grípa til að fyrirbyggja dreifingu, innflutning og neyslu fíkniefna?
25. Eru áform uppi um að fela einu ráðuneyti ábyrgð þessa málaflokks eða styrkja toll- og löggæslu í þessu skyni?

Um afbrot almennt:

1. Eru afbrot hlutfallslega tíðari í þéttbýli en dreifbýli? Hvaða rannsóknir liggja fyrir um þau mál?
2. Hver er framtíðarsýn og stefnumótun ríkisstjórnarinnar varðandi:
   a. afbrotamál,
   b. löggæslumál,
   c. forvarnir (langtíma- og skammtímaforvarnir)?
3. Hafa breytingar verið gerðar á löggæsluformi samhliða breytingum í þjóðfélaginu? Ef svo er, hverjar og hjá hvaða lögregluliðum?
4. Hvaða úrræðum hefur verið beitt gagnvart ungum afbrotamönnum, hverjir hafa yfirstjórn slíkra úrræða og hvaða árangri hafa þau úrræði skilað?
5. Hvaða rannsóknir hafa verið gerðar á þessum úrræðum?
6. Hefur verið gerð rannsókn á því hvort aukið atvinnuleysi hér á landi undanfarin ár hafi tengst auknum fjölda afbrota? Ef svo er, hvaða afbrotum helst? Hvaða rannsóknir hafa verið gerðar á þessum málum?
7. Hvernig er staðið að rannsóknum á ofbeldisverkum?
8. Hver er tíðni ofbeldisverka hér á landi og samanburður við önnur lönd?
9. Hversu margir þeirra sem sitja af sér refsidóma brjóta af sér á nýjan leik?
10. Hversu háu hlutfalli refsifanga á undanförnum árum hefur verið gert að sitja af sér ítrekaða refsingu?
11. Hver er meðalaldur refsifanga og meðallengd refsidóma fyrir helstu ofbeldisbrot?
12. Hefur verið gerður samanburður á afbrotamálefnum hérlendis og erlendis?
13. Er sú þróun sem orðið hefur hérlendis undanfarin ár á einhvern hátt sambærileg þróuninni erlendis?
14. Hvaða rannsóknir eru fyrirliggjandi um þessi mál hér á landi?
15. Hafa verið gerðar kannanir á viðhorfum almennra borgara til afbrota og lögreglumála?
16. Hafi slíkar rannsóknir verið gerðar, hverjar urðu niðurstöðurnar?
17. Hvernig er háttað vinnu í forvarnarmálum og þeim úrræðum sem fyrir hendi eru í afbrotamálum?
18. Hvar fer heildarstjórnun slíkra úrræða fram og eru þau samhæfð í öllum byggðarlögum?
19. Hver er kyn- og aldursdreifing þolenda og gerenda ofbeldisbrota, þar með talin kynferðisbrot?
20. Hvernig hefur ofbeldi breyst á undanförnum árum með tilliti til alvarleika og þess hvar því er beitt?
21. Hvaða aðferðum er algengast að beitt sé við ofbeldisverk og hverjar eru helstu orsakir ofbeldis?
22. Hvernig hefur þróunin orðið á sl. 10 árum á fjölda kynferðisbrota og aldur gerenda og þolenda?
23. Hve margir dómar hafa fallið vegna kynferðisbrota sl. 10 ár? Hversu margir dómar hafa kveðið á um fangavist? Hversu margir dómar hafa kveðið á um önnur úrræði og þá hver? Hversu margir sektardómar hafa verið felldir og hversu hátt hlutfall sekta hefur innheimst?
24. Hvernig er búið að þolendum kynferðisbrota og er áformað að herða refsingu fyrir kynferðisbrot?

25. Hvaða breytingar urðu með nýjum skaðabótalögum í sambandi við rétt fórnarlamba ofbeldis til skaðabóta? Hefur hann rýrnað?
26. Hvaða breytingar hafa orðið á áverkum af völdum ofbeldis sem meðhöndlaðir hafa verið á sjúkrahúsum síðustu 20 ár, sundurliðaðar eftir árum, varðandi eftirfarandi:
    a. heildarfjölda mála,
    b. fjölda innlagna,
    c. alvarleika miðað við læknisfræðilegu staðlana AIS og ISS; óskað er tölulegra upplýsinga ásamt helstu útskýringum á læknisfræðilegu mati,
    d. kyn- og aldursskiptingu ofbeldisþola?

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á Alþingi fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

Greinargerð.

Markmiðið með beiðni þessari um skýrslu frá forsætisráðherra um útbreiðslu ofbeldis og fíkniefna í þjóðfélaginu er að Alþingi fái ítarlega greinargerð sem gefi þingheimi heilsteypta yfirsýn yfir þennan málaflokk og innsýn í þau vandamál sem honum fylgja. Slíkar upplýsingar mundu gefa Alþingi möguleika á að meta hvort þau úrræði, sem beitt hefur verið hér á landi til að sporna við fjölgun afbrota, hafi skilað tilsettum árangri og til hvaða annarra úrræða væri hægt að grípa. Umfang og áhrif afbrota hefur breyst mjög mikið samhliða þjóðfélagsbreytingum. Umfjöllun fjölmiðla um afbrot og tengda málaflokka hefur aukist verulega að undanförnu og er nær daglega fjallað um einhver afbrotatengd málefni. Umræðan hér á landi hefur þó eingöngu verið bundin við þau afbrot sem tilkynnt hafa verið til lögreglu en hlutfall þeirra í heildarbrotum er óljós. Það er ljóst að nauðsynlegt er að safna sem ítarlegustum upplýsingum um afbrotamálefni til að hægt sé að taka ákvarðanir um aðgerðir. Vegna fámennis hér á landi eru möguleikar til að sporna við frekari fjölgun afbrota meiri en hjá fjölmennari þjóðum. Ef vitað er um fjölda og virkni afbrotamanna er hægt að skipuleggja störf þeirra sem með einum eða öðrum hætti koma að afbrotamálum með skilvirkari og kostnaðarminni hætti.

Margar rannsóknir hafa verið gerðar á þróun afbrota erlendis og er þar að finna upplýsingar sem gætu nýst hér á landi. Hefur komið fram í viðtölum við þá sem helst vinna að þessum málum hérlendis að staða þessa málaflokks sé á margar hátt hliðstæð því sem var fyrir um fimm árum annars staðar á Norðurlöndum og fyrir 10 árum í Bandaríkjunum. Þróunin hefur verið misalvarleg, en sem dæmi má nefna að samhliða aukinni dreifingu á krakk-kókaíni fjölgaði morðum mjög í Bandaríkjunum og var hægt að tengja það neyslu þess efnis.

Í ljósi þessara upplýsinga og þeirrar þróunar sem síðan hefur orðið í fyrrnefndum löndum telja skýrslubeiðendur mjög brýnt að gera ítarlega úttekt á þessum málum hérlendis. Þar sem ofbeldis- og fíkniefnamál falla með einum eða öðrum hætti undir mörg ráðuneyti er beiðni þessari um skýrslu beint til forsætisráðherra.

66. Tillaga til þingsályktunar [66. mál]

um stefnumótun í ferðamálum með áherslu á „græna ferðamennsku“.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Kristín Halldórsdóttir,
Steingrímur J. Sigfússon, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd til að fella áherslu á „græna ferðamennsku“ inn í stefnumótun í ferðamálum hér á landi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 119. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Er það nú flutt að nýju lítillega breytt.

Móttaka ferðamanna er mjög vaxandi atvinnuvegur og þjónustugrein hér á landi. Erlendum ferðamönnum, sem koma hingað til lands, hefur fjölgað um meira en 100% á 10 árum. Stjórnvöld binda miklar vonir við greinina, en til þess að þær vonir rætist verður að huga að því hvert skuli stefna í ferðaþjónustunni, hvernig við viljum byggja upp móttöku ferðamanna og um leið standa vörð um náttúruperlur okkar.

Áherslur í ferðaþjónustunni eru síbreytilegar og því er mikilvægt að fylgst sé með straumum og stefnum í þeirri atvinnugrein sem öðrum. Nefna má í því sambandi tegund eða stefnu í ferðamálum sem kölluð hefur verið „græn ferðamennska“ sem er vistvæn eða sjálfbær ferðamennska. Í henni er lögð áhersla á vistvænt umhverfi, að staðir haldi sínu upprunalega útliti og að heimamenn séu hafðir með í ráðum þegar ferðaþjónustan er skipulögð. Einnig er mikilvægt að hafa í huga hvaða áhrif ferðaþjónustan hefur á umhverfi, menningu og efnahag viðkomandi lands. Síðan verður að kynna ferðaþjónustuna sem rekin er á vistvænan hátt sérstaklega sem slíka.

Það hefur einnig verið mikilvægur þáttur í vistvænni ferðaþjónustu að fá ferðamenn til að nota innlendar framleiðsluvörur, enda vilja ferðamenn sem aðhyllast þessa tegund ferðamennsku gjarnan reyna þær. Þeir leggja einnig mikið upp úr að nota almenningssamgöngur og varast að misbjóða landinu með ágangi.

Ísland hefur meiri möguleika en flest önnur lönd til að laða að sér útlendinga sem aðhyllast þessa tegund ferðamennsku, en talið er að þeir séu tugir milljóna og þeim fari mjög fjölgandi. Ýmsir markaðsmenn telja að í „grænni ferðamennsku“ sé fólginn einn mesti vaxtarbroddurinn sem Íslendingar eiga í atvinnumálum um þessar mundir.

Reynsla þjóða sem hafa verið leiðandi í ferðaþjónustu er að vanda verður til hennar. Þjóðir, sem hafa byggt stóran hluta þjóðarframleiðslu sinnar á ferðamennsku án þess að marka ákveðna stefnu í ferðaþjónustu, eiga nú við ýmsan alvarlegan vanda að etja, svo sem umhverfisspjöll, mengun og félagsleg og menningarleg vandamál.

Markvissa stefnumótun vantar í íslenska ferðaþjónustu og rannsóknir í greininni eru í lágmarki. Ef við ætlum að byggja ferðaþjónustuna upp til að hún megi verða sem blómlegust um alla framtíð er nauðsynlegt að huga að heildarstefnumótun hennar. Ella gætum við lent í sömu sporum og þær ferðamannaþjóðir sem hafa vanrækt stefnumörkun og búa nú við það ástand að búið er að kippa undirstöðunum undan ferðaþjónustu þeirra. Við verðum að vera viðbúin að bregðast við neikvæðum fylgifiskum ferðamennskunnar, svo sem náttúruspjöllum ýmiss konar, átroðningi og ómarkvissum aðgerðum og framkvæmdum. Mikilvægt er að leggja áherslu á gæði þjónustunnar og velta fyrir sér hvort fara beri leið gjaldtöku í ferðaþjónustu.

Brýnt er að hugað verði að þessum málum; löggjöf okkar um ferðamál er orðin tveggja áratuga gömul og þarfnast heildarendurskoðunar. Lög og reglur um ferðaþjónustu verða að vera í takt við þá tíma sem við lifum á svo að hún fái að vaxa og dafna til hagsbóta fyrir alla. Við verðum að skipuleggja ferðaþjónustuna betur, setja okkur vel skilgreind markmið til næstu 10 eða 20 ára, ákveða hversu marga ferðamenn við viljum fá hingað og hve mikið þeir kunna að skilja eftir í landinu og hvaða áhrif þeir hafa á atvinnulífið og landið sjálft.

Tillögunni fylgdu eftirfarandi fylgiskjöl og vísast um þau til þskj. 39 á bls. 517–523 í A-deild Alþt. 1995 (119. löggjafarþing) og til þingskjalsins (lausaskjalsins):

I. Úr samantekt um græna ferðamennsku (apríl 1995).
II. „Þjóðin málar myndina.“ Hugleiðing á námsstefnunni Framtíðarsýn íslenskrar ferðaþjónustu — græn ferðamennska (Gunnar Steinn Pálsson, 19. maí 1995).
III. Framtíðarsýn WTO (hins alþjóðlega ferðamálaráðs) fyrir árið 2000.

67. Fyrirspurn [67. mál]

til iðnaðarráðherra um stuðning Landsvirkjunar við fiskirækt.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hvaða framkvæmdir hefur Landsvirkjun ráðist í, eða stutt fjárhagslega, til að efla fiskigengd á vatnasvæðum sem tengjast virkjunum á hennar vegum annars staðar en í Soginu?
2. Hvað kostuðu þær á verðlagi ársins 1994?

Skriflegt svar óskast.

68. Frumvarp til laga [68. mál]

um breytingu á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Sólveig Pétursdóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Pétur H. Blöndal, Ólafur Örn Haraldsson, Arnþrúður Karlsdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Einar Oddur Kristjánsson, Gunnlaugur M. Sigmundsson, Tómas Ingi Olrich, Valgerður Sverrisdóttir, Egill Jónsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Jón Kristjánsson, Árni Johnsen, Ísólfur Gylfi Pálmason.

1. gr.

1. mgr. 79. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaráðherra er heimilt að reka eða leyfa rekstur verslana með tollfrjálsar vörur, þar

á meðal áfengi og tóbak, í flugstöðvum á Reykjavíkurflugvelli, Keflavíkurflugvelli, Akureyrarflugvelli, Sauðárkróksflugvelli og Egilsstaðaflugvelli í tengslum við farþegaflutning milli landa. Heimild þessi gildir einnig um sams konar rekstur í Reykjavíkurhöfn, Ísafjarðarhöfn, Akureyrarhöfn, Seyðisfjarðarhöfn og Vestmannaeyjahöfn. Birgðir slíkra verslana má geyma í tollfrjálsum birgðageymslum sem eingöngu eru ætlaðar til þeirra nota.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 1. mgr. 79. gr. tollalaga er að finna heimild til þess að reka eða leyfa rekstur verslana með tollfrjálsar vörur í stærstu flugstöðvum landsins. Brýnt er vegna mikillar fjölgunar erlendra ferða-, fiski- og farmanna sem hafa viðkomu með skipum í ýmsum höfnum hér á landi að víkka út heimildina svo að hún nái einnig til helstu hafna landsins.

Á síðasta sumri fjölgaði mjög mikið þeim skemmtiferðaskipum sem komu til ýmissa hafna landsins, alls 115 skemmtiferðaskip, en auk þess kom Norræna 14 sinnum til Seyðisfjarðar. Til marks um þá fjölgun skemmtiferðaskipa sem til landsins koma má geta þess að árið 1992 komu 23 skip til Reykjavíkur með um 11.000 farþega og 5.000 manns í áhöfnum. Í sumar komu til Reykjavíkur 51 skip með 21.348 farþega og 10.000 manns í áhöfnum. Árið 1994 komu 23 skemmtiferðaskip til Akureyrar með um 11.000 farþega og 5.900 manns í áhöfnum. Í sumar komu til Akureyrar 38 skip með um 18.000 farþega og 10.000 manns í áhöfnum. Sem fyrr segir kom Norræna 14 sinnum til Seyðisfjarðar og með því skipi 6.438 farþegar auk þess sem þrjú önnur skemmtiferðaskip höfðu þar viðkomu. Til Vestmannaeyja komu 17 skemmtiferðaskip og sex til Ísafjarðar. Auk þess höfðu nokkur skip viðkomu í Stykkishólmi, Grundarfirði og Húsavík. Þótt ekki liggi fyrir upplýsingar um fjölda skemmtiferðaskipa sem koma til Íslands sumarið 1996 er búist við að þeim muni enn fjölga. Flest þessara skipa hafa skamma viðdvöl í höfn og því er nauðsynlegt að bæði farþegar og áhafnir þeirra hafi möguleika á að versla í tollfrjálsri verslun sem býður upp á fjölbreytt vöruúrval og er í tengslum við hafnarbakka. Enn fremur hefur aukist gífurlega sá fjöldi erlendra fiskiskipa sem leita til hafnar vegna ýmiss konar þjónustu. Það er enginn vafi á að áhafnir þeirra munu nýta sér þann möguleika sem tollfrjáls verslun býður upp á. Þannig munu slíkar tollfrjálsar verslanir auka tekjumöguleika þjóðarinnar og skapa ný atvinnutækifæri þar sem selja mætti, jafnframt erlendum varningi, hvers konar íslenskar vörur sem þá yrðu undanþegnar virðisaukaskatti. Tollfrjálsar verslanir eru víða erlendis í tengslum við hafnir og er varningur, sem keyptur er þar, ekki borinn um borð af kaupanda heldur sér viðkomandi verslun um að flytja varninginn um borð í skipið. Sá háttur mundi einnig verða hafður á hérlendis og rekstrarleyfishafi gerður ábyrgur fyrir því að rétt sé að málum staðið í hvívetna.

Af því sem að framan greinir má ljóst vera að hér gæti verið um að ræða áfanga á leið til markaðssetningar íslenskrar framleiðslu.

69. Fyrirspurn [69. mál]

til menntamálaráðherra um styrkveitingar úr Menningarsjóði útvarpsstöðva.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hverjir hafa fengið styrkveitingar að upphæð yfir 1 millj. kr. úr Menningarsjóði útvarpsstöðva frá upphafi, til hvaða verkefna, hversu háar upphæðir voru veittar til hvers verkefnis og hver þessara verkefna hafa verið flutt sem dagskrárefni í hljóðvarpi og sjónvarpi?

Skriflegt svar óskast.

70. Fyrirspurn [70. mál]

til fjármálaráðherra um tekjur ríkissjóðs af skráningu flugvéla og kaupskipa á Íslandi.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hverjar voru tekjur ríkissjóðs vegna stimpilgjalda af afsölum og veðböndum við nýskráningu eða sölu þeirra farþegaflugvéla sem Flugleiðir og Atlanta hafa skráð hér á landi frá ársbyrjun 1994 til þessa dags, sundurgreindar á vélar?
2. Hverjar voru tekjur ríkissjóðs vegna stimpilgjalda af afsölum og veðböndum við nýskráningu kaupskipanna ms. Brúarfoss, ms. Laxfoss og ms. Helgafells?
3. Hve mörg kaupskip skipafélaganna eru skráð hérlendis og hve mörg erlendis?
4. Hvaða ástæðu telur ráðherra vera fyrir því að svo fá kaupskip í eigu Íslendinga eru skráð hér á landi sem raun ber vitni?

Skriflegt svar óskast.

71. Tillaga til þingsályktunar [71. mál]

um skipun nefndar um menningar- og tómstundastarf fatlaðra.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að skipa fimm manna nefnd til að kanna á hvern hátt fatlaðir geti notið sumarleyfa, tómstunda, lista og menningarlífs á sama hátt og aðrir í þjóðfélaginu og gera tillögur um úrbætur. Nefndina skipi fulltrúi ráðuneytis, einn frá Samtökum sveitarfélaga, einn frá svæðisskrifstofum um málefni fatlaðra, einn frá Öryrkjabandalaginu og einn frá Þroskahjálp.

Greinargerð.

Margt hefur áunnist í málefnum fatlaðra á liðnum árum. Komin er æskileg sátt um meginatriði í búsetumálum fatlaðra og aðbúnað á heimilum þeirra. Ýmislegt fleira mætti upp telja sem áunnist hefur þótt vissulega sé vandi allt of margra enn óleystur.

Margt af því sem eðlilegt er talið og eftirsóknarvert hjá þorra þjóðarinnar hefur ekki komist til framkvæmda hjá fötluðum og reyndar varla orðið tilefni umræðu þegar þeirra málefni ber á góma. Má þar til dæmis nefna alla þá uppbyggingu er orðið hefur á síðustu árum á sviði lista og menningar og fjölbreytt tækifæri til tómstunda og skemmtanalífs. Fyrir þessari uppbyggingu hefur ríkið staðið, í mörgum tilvikum í samstarfi við sveitarfélögin, eða um hefur verið að ræða stuðning ríkis með framlögum til reksturs og/eða framkvæmda. Með stuðningi sínum hafa ríki og sveitarfélög viðurkennt það sem samfélagslegt verkefni að auðvelda þjóðinni aðgang að hvers konar menningar- og listastarfsemi, svo og tómstundaiðkun. Þá hefur rekstur og uppbygging listaskóla verið styrkt af ríki árum saman.

Margir fatlaðir búa yfir lista- og sköpunargáfu á ýmsum sviðum sem hægt er að virkja, þeim og öðrum til þroska og gleði. Þær almennu menntunarleiðir, sem bjóðast á þessu sviði, henta mörgum fötluðum ekki án sérstakrar aðstoðar. Mikilvægt er að gefa þessu hæfileikafólki sömu möguleika á að virkja og þroska hæfileika sína og aðrir njóta.

Á árinu 1994 fóru 144.442 Íslendingar utan og greiddu í fargjöld um 4 milljarða kr. og eyddu í ferða- og dvalarkostnað erlendis um 17,5 milljörðum kr. eða samtals í ferðakostnað um 21,5 milljörðum íslenskra kr. Fjöldi ferðamanna sýnir að hin margvíslegu ferðatilboð sem bjóðast gera stórum hluta þjóðarinnar kleift að ferðast og kynnast öðrum löndum og þjóðum. Þessi tilboð standa fötluðum einnig til boða, en þeir sem vegna fötlunar geta ekki ferðast einir verða að kaupa sér aðstoð sem þýðir að þeir verða að greiða allt að tvöfaldan kostnað vegna ferða og uppihalds fylgdarmanns sé ekki um að ræða ferðir sem sérstaklega eru skipulagðar fyrir fatlaða.

Annað dæmi skal nefnt sem lýtur að sumarleyfum eða orlofsdvöl. Fjölmörg launþegafélög og samtök launþega eiga nú hundruð sumarbústaða, orlofsheimili og orlofsíbúðir til afnota fyrir félagsmenn sína. Þorri fatlaðra hefur engan rétt til þessara bústaða vegna þess að þeir eru ekki meðlimir í launþegafélögum. Þótt þeim bjóðist af og til bústaðir til afnota fyrir velvilja eigenda sitja þeir ekki við sama borð og aðrir. Kostnaður við aðstoð og fylgd er fjárhag þeirra ofviða þótt þeir gætu staðið undir eigin ferða- og uppihaldskostnaði. Þá er full ástæða til að geta þess að það heyrir til algjörra undantekninga ef hús og umhverfi er hannað með tilliti til fatlaðra.

Mörg önnur atriði mætti upp telja, en það verður ekki gert hér. Á þetta er bent þar sem hvergi er gert ráð fyrir aðstoð eða fjármagni til að standa undir þeim kostnaði sem hér um ræðir og fötluðum, sem gert er að lifa á tryggingabótum, er fjárhagslega ofviða.

Ástæða er til að hefja umræðu um lífsgæði fatlaðra utan grundvallarþarfa og fá tillögur til úrbóta.

Fylgiskjal.

Þjóðhagsstofnun:

Tafla 1.

Kostnaður Íslendinga af ferðalögum til útlanda 1984 og 1994.
(Fjárhæðir í millj. kr. á verðlagi hvors árs.)

Útgjöld í millj. kr.	1984	1994
Flugferðir milli landa[1]	839	4.078
Frádráttur vegna viðskiptaferða	238	1.135
Flugfar greitt af einstaklingum	601	2.943
Ferða- og dvalarkostnaður Íslendinga erlendis[2]	2.690	17.514
Ferðakostnaður alls	3.291	20.457
Einkaneysla	55.872	258.164
Ferðakostnaður % af neyslu	5,9	7,9
Íslenskir ferðamenn til útlanda[3]	89.788	144.442
Ferðakostnaður á mann í kr.	36.657	141.629

Tafla 2.

Útgjöld Íslendinga í ferðalög erlendis 1984 og 1994.
(Fjárhæðir í millj. kr. á verðlagi 1994.)

Útgjöld í millj. kr.	1984	1994
Flugferðir milli landa[1]	3.630	4.078
Frádráttur vegna viðskiptaferða	1.025	1.135
Flugfar greitt af einstaklingum	2.605	2.943
Ferða- og dvalarkostnaður Íslendinga erlendis[2]	11.634	17.514
Ferðakostnaður alls	14.240	20.457
Einkaneysla	233.383	258.164
Ferðakostnaður % af neyslu	6,1	7,9
Íslenskir ferðamenn til útlanda[3]	89.788	144.442
Ferðakostnaður á mann í kr.	158.593	141.629

Athugasemdir:
1) Tölur þessar ná til fargjalda Íslendinga í áætlunarflugi milli landa og leiguflugi.
2) Tölurnar eru sá hluti dvalarkostnaðar sem greiddur er í erlendum gjaldeyri, t.d. fyrir hóteldvöl. Hér vantar inn í álagningu ferðaskrifstofa ef ferð er keypt á þeirra vegum.
3) Íslendingar í viðskiptaferðum meðtaldir.

72. Tillaga til þingsályktunar [72. mál]

um mótun opinberrar stefnu í fjölmiðlun.

Flm.: Lilja Á. Guðmundsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd til að gera tillögu um mótun opinberrar stefnu í fjölmiðlun. Markmið þeirrar stefnu verði þríþætt:

a. að standa vörð um tjáningarfrelsi sem hornstein lýðræðis,
b. að tryggja almenningi aðgang að alhliða, málefnalegum og faglegum upplýsingum,
c. að efla íslenska tungu og menningu.

Tillaga um mótun opinberrar stefnu í fjölmiðlun verði lögð fyrir Alþingi eigi síðar en haustið 1996.

Greinargerð.

Tjáningarfrelsi og réttur almennings til að hafa aðgang að alhliða, málefnalegum og faglegum upplýsingum er einn þeirra þátta sem lýðræðisþjóðfélag byggist á. Í slíku þjóðfélagi gegna fjölmiðlar lykilhlutverki. Það er því ekki að ófyrirsynju að talað hefur verið um áhrif og völd fjölmiðla sem „fjórða valdið“ auk hinnar formlegu þrískiptingar valds sem við þekkjum í hinum vestræna heimi.

Í lýðræðisþjóðfélagi gegna fjölmiðlar tvíþættu hlutverki. Þeir fræða þjóðfélagsþegnana og veita þeim innsýn í opinber mál, málefni samfélagsins, umheimsins og einstaklinga eftir því sem við á. Þannig geta þegnarnir staðið vörð um lýðréttindi sín. Auk þess veita fjölmiðlar ríkisvaldinu aðhald með því að fylgjast með starfi þess á gagnrýninn hátt og koma í veg fyrir að það misbeiti valdi sínu.

Undanfarin ár eða áratug hafa átt sér stað ótrúlegar breytingar á sviði fjölmiðlunar og upplýsingatækni. Hin landamæralausa upplýsingatækni hefur þegar haft djúptæk áhrif á þjóðfélagið og sífellt fleiri hafa aðgang að alþjóðlegu fjölmiðlaefni. Í æ ríkara mæli er litið á upplýsingar sem vöru. Hins vegar er það hið félagslega, pólitíska og fjárhagslega vald sem sker úr um það hvernig upplýsingatæknin er virkjuð og hvers konar upplýsingum komið er á framfæri. Að þessu leyti boðar upplýsingatæknin ekkert nýtt þó að hún hafi áhrif á samfélagið í heild og einstaklinga þess.

Tækniþátturinn vegur þyngst þegar þróun fjölmiðlunar er athuguð. Það eru einkum efnahagslegir og pólitískir hagsmunir tengdir framleiðslu og viðskiptum á sviði fjarskipta-, útvarps- og tölvutækni sem knýja þessa öru tækniþróun áfram. Þessi nýja tækni hefur opnað áður óþekktar þróunarleiðir og hefur átt stóran þátt í því sem við getum kallað alþjóðahyggju.

Eftir að einkaréttur Ríkisútvarpsins til útvarpsrekstrar var afnuminn hefur einkareknum útvarpsstöðvum fjölgað hér á landi. Svipuð þróun hefur orðið annars staðar á Norðurlöndum. Útvarpsstöðvar reknar af auglýsingafé hafa fest sig í sessi. Af þessum sökum hefur fjölmiðlamarkaðurinn breyst. Hagnaðarsjónarmið og auglýsingamennska hafa orðið meira áberandi. Fjölmiðlun hefur fengið á sig alþjóðlegan blæ og knúið fram sífellt meiri alþjóðahyggju.

Þættir á ensku eru áberandi á sjónvarpsskjáum flestra þjóða í nær öllum heimshornum, og í kvikmyndahúsum er bandarískur kvikmyndaiðnaður næstum því allsráðandi. Lönd þriðja heimsins hafa gagnrýnt þessa þróun vegna þess að fjölmiðlaefni er framleitt út frá sjónarmiði og gildismati Vesturlanda. Þegar fámenn þjóð eins og Íslendingar flytur inn

enskar og bandarískar sjónvarps- og kvikmyndir er ekki einungis verið að flytja inn afþreyingu heldur einnig gildismat, fyrirmyndir, tísku og lífsstíl.

Þessi þróun hefur haft djúpstæð áhrif á íslenskt þjóðlíf. Sjóndeildarhringur okkar hefur víkkað, við höfum kynnst menningu annarra þjóða og gildismati. Einangrun okkar hefur verið rofin. Jafnframt hefur íslensk menning fengið samkeppni. Dægurlög og dægurmál hafa fengið æ meira rúm á öldum ljósvakans. Fjölgun útvarpsstöðva hefur ekki haft í för með sér fjölbreyttara efni því að nýju útvarpsstöðvarnar bjóða nær eingöngu upp á einhæft afþreyingarefni. Hið sama gildir um Stöð 2. Þar er engilsaxnesk framleiðsla mest áberandi. Stöð 3 virðist ætla að fylgja svipaðri dagskrárstefnu. Sjónvarpsstöð, sem dreifir svipuðu efni og myndbandaleiga, gefur mest í aðra hönd. Þetta einhæfa dagskrárframboð hefur mótað viðhorf okkar Íslendinga til sjónvarpsefnis. Við erum best læs á myndefni af engilsaxneskum toga.

Tækniframfarirnar á sviði útvarps og sjónvarps, sem hafa verið mjög örar, hafa haft í för með sér aukna samkeppni á þessu sviði. Gæði hafa aukist, útsendingarkostnaður hefur lækkað og gervihnattasendingum hefur fjölgað. Með tilkomu FM-senda hefur orðið einfaldara að útvarpa. Víða erlendis hefur þessi aukna samkeppni á fjölmiðlamarkaði orsakað frekari sérhæfingu. Oft eru sérstakar rásir fyrir fréttir, tónlist, íþróttir, barnaefni, menningu o.fl. Þessi sérhæfing endurspeglast einnig í útgáfu blaða og tímarita.

Ljóst er að dýrara er að reka útvarpsstöðvar í almannaþágu sem bjóða upp á fjölþætt og margbreytilegt efni en að reka sérhæfðar útvarpsstöðvar. Frjáls samkeppni milli fjölmiðla er forsenda tjáningarfrelsis. Hins vegar er hætt við að samkeppni um hlustendur og áhorfendur til að ná hylli auglýsenda leiði til þess að dagskrár stöðvanna verði fábreyttari og einnig sérhæfðari, sífellt fámennari hluti þjóðarinnar muni fylgjast með sama miðlinum eða þættinum, þekkingarsamnefnari þjóðarinnar muni minnka og hagsmunir einstaklinganna verða sundurleitari. Afleiðing þessarar þróunar virðist vera sú að þekking okkar verður sérhæfð og oft sundurlaus. Heildarsýnin verður æ óljósari.

Verði hagnaðarsjónarmiðið allsráðandi í rekstri fjölmiðla hér á landi er ekki ólíklegt að fræðsluhlutverki þeirra verði ýtt til hliðar. Þar með er grundvöllur lýðræðisins í hættu. Eitt af markmiðum fjölmiðlastefnu hlýtur að vera að tryggja almenningi aðgang að vönduðu efni, m.a. með reglum um auglýsingar og að ekki skuli blanda saman auglýsingum og öðrum efnisþáttum.

Við Íslendingar höfum haft ríkisútvarp sem býður upp á dagskrá í anda útvarps í almannaþágu. Fyrirmyndin er fengin frá BBC og kallast þar „Public Service Radio“. Hugtakið felur einkum þrennt í sér. Útvarpið þarf að ná til allra íbúa landsins. Það á að tryggja almenna þjóðfélagsumræðu í landinu með því að útvarpa opinberri umræðu sem er lykilatriði í lýðræðislegu þjóðfélagi. Í þriðja lagi á útvarpið að þjóna almenningi með því að bjóða upp á margs konar þætti óháð því hve margir vilja hlusta eða horfa á þá. Með öðrum orðum á útvarp í almannaþágu ekki að bjóða upp á efni sem eingöngu miðast við vinsældir.

Sjónarmið almenningsfræðslu hafa löngum einkennt efni Ríkisútvarpsins ásamt þeirri meginskyldu þess að miðla menningarefni og taka þátt í samfélagsumræðunni. Sú þróun, sem orðið hefur á íslenskum fjölmiðlamarkaði, hlýtur að vekja okkur Íslendinga til umhugsunar um það hvers konar fjölmiðlun sé æskileg. Þetta er verkefni sem kemur öllum við, enda er fjölmiðill inni í stofu hjá flestum. Undirstaða íslenskrar menningar er sameiginleg reynsla okkar og þekking, og fjölmiðlar gegna mikilvægu sameiningarhlutverki í okkar fámenna þjóðfélagi. Einkennist framsetning þeirra af framandi gildum og hefðum mun íslensk þjóðmenning standa höllum fæti.

Því er oft haldið fram að vald fjölmiðla hafi aukist í þjóðfélaginu, ekki síst vegna þess að þeir eru mikilvægasti gluggi samfélagsins, bæði okkar eigin samfélags og annarra fjarlægari. Víst er að notendum fjölmiðla og tölvtækni fjölgar stöðugt, hvort heldur er til afþreyingar, fræðslu eða tjáskipta. Fjölmiðlaþróunin býður upp á gífurlega möguleika, en hún á sér einnig neikvæðar hliðar. Virk fjölmiðlastefna getur því skipt sköpum ef við viljum hafa áhrif á þróunina á fjölmiðlamarkaðnum.

Eignasamruni og samþætting fjölmiðlafyrirtækja og stýring fjölmiðla í hvaða formi sem er getur haft hættuleg áhrif á tjáningarfrelsi og upplýsingaflæði í samfélaginu. Því hlýtur að vera verkefni hins opinbera að tryggja að fjölmiðlar bjóði upp á fjölbreytt efni. Huga þarf að eignarhaldi fjölmiðlafyrirtækja og koma í veg fyrir að einn eða fáir sterkir aðilar nái slíkum yfirburðum á markaðnum að tjáningarfrelsi og upplýsingaflæði sé ógnað. Jafnframt ber að rannsaka fjárhagslega tengingu fjölmiðlafyrirtækja við önnur fyrirtæki sem augljóslega gæti haft áhrif á tjáningarfrelsið.

Öruggasta leiðin til að tryggja fjölbreytt framboð efnis til dreifingar er rekstur öflugra og sterkra innlendra fjölmiðla til mótvægis við alþjóðlegan fjölmiðlaiðnað. Kröftugir fjölmiðlar geta einbeitt sér að sjálfstæðri miðlun frétta og menningar.

Opinber stefna í fjölmiðlun ætti að ná yfir bæði prent- og ljósvakamiðla. Af því sem að framan greinir er ljóst að mikilvægt er að stjórnvöld móti stefnu í þessum málaflokki og í því augnamiði er þessi tillaga lögð fram.

Flutningsmenn tillögunnar telja mikilvægt að nefndin kynni sér alla þætti er snerta fjölmiðlun á Íslandi og hafi eftirfarandi atriði til hliðsjónar við mótun opinberrar stefnu:

d. Gerð verði grein fyrir tækniþróun í greininni og aukinni tilhneigingu til markaðshyggju og alþjóðahyggju í framleiðslu fjölmiðlaefnis: Er ef til vill þörf á að stofna embætti sem fylgist með þessari þróun og skilgreinir sambönd og samhengi?
e. Skýrt verði hlutverk og starfsemi fjölmiðla: Hvernig er fjölmiðlanotkun hér á landi? Hvert er pólitískt hlutverk fjölmiðla? Hver er hlutur fjölmiðla í efnahagslífi þjóðarinnar?
f. Könnuð verði rekstrarskilyrði fjölmiðla hér á landi: Hvernig skiptast auglýsingatekjur milli fjölmiðla? Er sjónvarp helsti auglýsingamiðillinn? Hvernig er unnt að tryggja fjárhagsgrundvöll Ríkisútvarpsins?
g. Reglur um eignarhald fjölmiðla verði skoðaðar: Í mörgum löndum hafa verið settar reglur sem takmarka eignaraðild að fjölmiðlafyrirtækjum. Hvernig eru íslensk lög og reglur? Er tilhneiging til samruna fjölmiðlafyrirtækja hér á landi sem gæti haft áhrif á tjáningarfrelsið?
h. Hugað verði að gildandi reglum um auglýsingar í íslenskum ljósvakamiðlum: Eru reglurnar virtar og hafa þær gefið góða raun?
i. Í flestum Evrópulöndum starfa fjölmiðlar eftir ákveðnum siðareglum. Hér taka fjölmiðlar mið af siðareglum blaðamanna. Frá 1969 hefur í Svíþjóð starfað sérstakur réttargæslumaður (pressombud) gagnvart fjölmiðlum. Kannað verði hvernig ástandið er í þessum efnum hér á landi.
j. Skoðuð verði lög og reglur um ljósvakamiðlana og lög um Ríkisútvarpið.
k. Reglur um Menningarsjóð útvarpsstöðva verði endurskoðaðar og fundin leið til að tryggja rekstrargrundvöll Sinfóníuhljómsveitar Íslands.
l. Stuðningur ríkisins við útgáfu fjölmiðlaefnis verði endurskoðaður: Hvernig getur stuðningur ríkisins helst orðið til þess að stuðla að fjölbreyttri framleiðslu íslensks fjölmiðlaefnis?

m. Áhrif fjölmiðla á börn og unglinga verði könnuð: Taka gildandi reglur um auglýsingar nægjanlegt tillit til barna og unglinga? Hvernig er óbeinum auglýsingum háttað þegar börn og unglingar eru annars vegar? Hver er niðurstaða rannsókna á áhrifum obeldis í fjölmiðlum á börn og unglinga? Eru gildandi reglur um aldurstakmarkanir og aðgang að fjölmiðlaefni virtar? Þarf að huga betur að rétti barna og unglinga þegar fjölmiðlar eru annars vegar?
n. Kannað verði hvort efla má ljósvakamiðlun í þágu almennings: Hvernig verður það best gert? Á að skylda einkarekna ljósvakamiðla sem ná til landsins alls til að starfa í almannaþágu? Hvernig verður rekstur Ríkisútvarpsins best tryggður og efldur? Hvaða skyldur hafa einkareknir fjölmiðlar?

73. Frumvarp til laga [73. mál]

um mannanöfn.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

I. KAFLI

Fullt nafn og nafngjöf.

1. gr.

Fullt nafn manns er eiginnafn hans eða eiginnöfn, millinafn, ef því er að skipta, og kenninafn.

Eiginnöfn og millinafn mega aldrei vera fleiri en þrjú samtals.

2. gr.

Skylt er að gefa barni nafn innan sex mánaða frá fæðingu þess.

Barn öðlast nafn við skírn í þjóðkirkjunni eða skráðu trúfélagi eða með tilkynningu um nafngjöf til Hagstofu Íslands, Þjóðskrár, prests eða forstöðumanns skráðs trúfélags.

3. gr.

Eigi að gefa barni nafn við skírn sem prestur þjóðkirkjunnar, forstöðumaður eða prestur skráðs trúfélags á að annast skal forsjármaður þess, um leið og skírnar er óskað, skýra honum frá því nafni eða nöfnum sem barnið á að hljóta. Sé eiginnafn eða millinafn sem barn á að hljóta ekki á mannanafnaskrá, sbr. 22. gr., skal prestur eða forstöðumaður trúfélags hvorki samþykkja það að svo stöddu né gefa það við skírn heldur skal málið borið undir mannanafnanefnd, sbr. þó 3. mgr. 6. gr. og 7. og 10. gr.

Berist Þjóðskrá tilkynning um eiginnafn eða millinafn sem ekki er á mannanafnaskrá skal það ekki skráð að svo stöddu heldur skal málinu vísað til mannanafnanefndar.

II. KAFLI

Eiginnöfn.

4. gr.

Hverju barni skal gefa eiginnafn, þó ekki fleiri en þrjú.

Þeir sem fara með forsjá barns hafa bæði rétt og skyldu til að gefa því eiginnafn eftir því sem greinir í lögum þessum.

5. gr.

Eiginnafn skal geta tekið íslenska eignarfallsendingu eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli. Nafnið má ekki brjóta í bág við íslenskt málkerfi. Það skal ritað í samræmi við almennar ritreglur íslensks máls nema hefð sé fyrir öðrum rithætti þess.

Stúlku skal gefa kvenmannsnafn og dreng skal gefa karlmannsnafn.

Eiginnafn má ekki vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama.

III. KAFLI
Millinöfn.

6. gr.

Heimilt er að gefa barni eitt millinafn auk eiginnafns þess eða eiginnafna. Millinafn má hvort heldur er gefa stúlku eða dreng.

Millinafn skal dregið af íslenskum orðstofnum eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli en má þó ekki hafa nefnifallsendingu. Nöfn, sem aðeins hafa unnið sér hefð sem annaðhvort eiginnöfn karla eða eiginnöfn kvenna, eru ekki heimil sem millinöfn. Eignarfallsmyndir eiginnafna eru ekki heldur heimilar sem millinöfn. Millinöfn sem eru mynduð með sama hætti og föður- og móðurnöfn, sbr. 3. mgr. 8. gr., eru einnig óheimil.

Millinafn sem víkur frá ákvæðum 2. mgr. er heimilt þegar svo stendur á að eitthvert alsystkini þess sem á að bera nafnið, foreldri, afi eða amma ber eða hefur borið nafnið sem eiginnafn eða millinafn.

Millinafn skal ritað í samræmi við almennar ritreglur íslensks máls nema hefð sé fyrir öðrum rithætti þess.

Millinafn má ekki vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama.

7. gr.

Ættarnafn er einungis heimilt sem millinafn í þeim tilvikum sem um getur í þessari grein.

Hver maður sem ber ættarnafn í þjóðskrá má breyta því í millinafn, sbr. 15. gr.

Hver maður sem ekki ber ættarnafn en á rétt til þess má bera það sem millinafn.

Maður má bera ættarnafn sem millinafn hafi eitthvert alsystkini hans, foreldri, afi eða amma borið það sem eiginnafn, millinafn eða ættarnafn.

Maður á og rétt á að taka sér ættarnafn maka síns sem millinafn. Honum er einnig heimilt að taka sér nafnið sem millinafn beri maki hans það sem millinafn skv. 2. eða 3. mgr.

Þeir sem fá eða taka sér millinafn skulu kenna sig til föður eða móður.

IV. KAFLI
Kenninöfn.

8. gr.

Kenninöfn eru tvenns konar, föður- eða móðurnöfn og ættarnöfn.

Hver maður skal kenna sig til föður eða móður nema hann eigi rétt á að bera ættarnafn og kjósi að gera svo, sbr. 5. mgr. Heimilt er þó að ófeðrað barn sé kennt til afa síns.

Föður- og móðurnöfn eru mynduð þannig að á eftir eiginnafni eða eiginnöfnum og millinafni, ef því er að skipta, kemur nafn föður eða móður í eignarfalli, að viðbættu son ef karlmaður er en dóttir ef kvenmaður er.

Nú óskar maður þess að hann eða barn hans beri kenninafn sem dregið er af erlendu eiginnafni foreldris og má þá með úrskurði mannanafnanefndar laga kenninafnið að íslensku máli.

Maður, sem samkvæmt þjóðskrá ber ættarnafn við gildistöku þessara laga, má bera það áfram. Sama gildir um niðja hans hvort heldur er í karllegg eða kvenlegg.

Maður, sem samkvæmt þjóðskrá er kenndur til föður eða móður maka síns við gildistöku þessara laga, má kenna sig svo áfram.

Ekki er manni heimilt að bera fleiri en eitt kenninafn.

Óheimilt er að taka upp nýtt ættarnafn hér á landi.

9. gr.

Íslenskur ríkisborgari má ekki taka sér ættarnafn maka síns.

Maður, sem við gildistöku þessara laga ber ættarnafn maka síns, má bera það áfram. Eftir að hjúskap lýkur er honum og heimilt að bera ættarnafn fyrrverandi maka síns. Þó getur maður krafist þess að dómsmálaráðherra úrskurði að fyrri maka sé óheimilt að bera ættarnafn hans eftir að hinn fyrri maki gengur í hjúskap að nýju. Sé viðkomandi maður látinn hefur eftirlifandi maki hans sama rétt til að gera þess háttar kröfu. Krafa skal gerð innan sex mánaða frá því að hlutaðeigandi gekk í hjúskap. Dómsmálaráðherra reisir úrskurð sinn á því hvort þyngri séu á metum hagsmunir fyrri maka af því að halda nafni eða þau rök sem fram eru borin fyrir því að hann hætti að bera fyrra nafn.

Hafi annað íslenskra hjóna tekið upp föður- eða móðurnafn hins við búsetu erlendis er því skylt að leggja það niður við flutning til landsins. Sama gildir um niðja þeirra.

V. KAFLI
Nafnréttur manna af erlendum uppruna.

10. gr.

Ákvæði 2. og 5. gr. taka ekki til barns hér á landi ef báðir foreldrar þess eru erlendir ríkisborgarar. Sama gildir um ófeðrað barn erlendrar móður.

Sé annað foreldri barns erlendur ríkisborgari eða hafi verið það er heimilt að barninu sé gefið eitt eiginnafn og/eða millinafn sem víkur frá ákvæðum 5.–7. gr. ef unnt er að sýna fram á að hið erlenda nafn sé gjaldgengt í heimalandi hins erlenda foreldris. Barnið skal þó ávallt bera eitt eiginnafn sem samrýmist 5. gr.

11. gr.

Nú fær maður sem heitir erlendu nafni íslenskt ríkisfang með lögum og má hann þá halda fullu nafni sínu óbreyttu. Honum er þó heimilt að taka upp eiginnafn, millinafn og/eða kenninafn í samræmi við ákvæði laga þessara.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um börn manns sem fær íslenskt ríkisfang með lögum og öðlast íslenskt ríkisfang með honum, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 100/1952.

Ákvæði 1. mgr. taka enn fremur til manna sem fá íslenskt ríkisfang skv. 2.–4. gr. laga nr. 100/1952.

Þeim sem fyrir gildistöku laga þessara hafa fengið íslenskt ríkisfang með því skilyrði að þeir breyttu nöfnum sínum skal með leyfi dómsmálaráðherra heimilt að taka aftur upp þau nöfn sem þeir báru fyrir og/eða fella niður þau nöfn sem þeim var gert að taka sér, þó þannig að eiginnöfn þeirra og millinöfn verði ekki fleiri en þrjú samtals, sbr. 2. mgr. 1. gr. Sama gildir um niðja þeirra.

12. gr.

Erlendur ríkisborgari sem stofnar til hjúskapar við Íslending má taka upp ættarnafn maka síns ef til er eða kenna sig til föður hans eða móður og skal kenninafn hans þá dregið af sama eiginnafni og kenninafn maka hans.

VI. KAFLI
Nafnbreytingar.

A. Eiginnöfn og millinöfn.

13. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að leyfa manni breytingu á eiginnafni og/eða millinafni skv. 2. mgr. 6. gr., þar með talið að taka nafn eða nöfn til viðbótar því eða þeim sem hann ber eða fella niður nafn eða nöfn sem hann ber ef telja verður að ástæður mæli með því.

Nafnbreyting barns undir 16 ára aldri er háð því skilyrði að séu forsjármenn þess tveir standi þeir báðir að beiðni um nafnbreytinguna. Beri forsjármaður barns fram ósk um breytingu á nafni þess og hafi orðið breyting á forsjánni frá því barninu var gefið nafn skal, ef unnt er, leita samþykkis þess foreldris sem með forsjána fór við fyrri nafngjöf. Þótt samþykki þess foreldris liggi ekki fyrir getur dómsmálaráðherra engu að síður heimilað nafnbreytingu ef ótvíræðir hagsmunir barns mæla með því.

Sé barn undir 16 ára aldri ættleitt eftir að því var gefið nafn má gefa því nafn eða nöfn í ættleiðingarbréfi í stað hinna fyrri eða til viðbótar nafni eða nöfnum sem það hefur áður hlotið.

Breyting á eiginnafni eða millinafni barns undir 16 ára aldri skal háð samþykki þess hafi það náð 12 ára aldri.

Það er skilyrði nafnbreytingar að hin nýju nöfn séu á mannanafnaskrá eða samþykkt af mannanafnanefnd, sbr. þó 3. mgr. 6. gr. og 7. og 10. gr.

B. Kenninöfn.

14. gr.

Breytingar á kenninöfnum samkvæmt þessari grein gilda um börn yngri en 16 ára.

Nú gengur móðir ófeðraðs barns í hjónaband og má þá kenna barnið til stjúpföður þess.

Heimilt er með leyfi dómsmálaráðherra að feðrað barn sé kennt til stjúpforeldris. Leita skal samþykkis þess kynforeldris sem ekki fer með forsjá barnsins, ef unnt er, áður en ákvörðun er tekin um slíkt leyfi. Nú er kynforeldri ekki samþykkt breytingu á kenninafni og getur dómsmálaráðherra þá engu að síður leyft breytinguna ef sérstaklega stendur á og telja verður að breytingin verði barninu til verulegs hagræðis.

Ákvörðun skv. 2. og 3. mgr. skal háð samþykki stjúpforeldris.

Þegar barn er ættleitt skal það kennt til kjörforeldris nema kjörforeldri óski eftir að barnið haldi fyrra kenninafni sínu.

Breyting á kenninafni barns undir 16 ára aldri skal háð samþykki þess hafi það náð 12 ára aldri.

15. gr.

Maður getur fellt niður ættarnafn sem hann hefur borið eða tekið það upp sem millinafn, sbr. 2. mgr. 7. gr., og kennt sig svo sem segir í 3. mgr. 8. gr.

16. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að leyfa manni eldri en 16 ára að taka upp nýtt kenninafn ef telja verður að gildar ástæður mæli með því.

17. gr.

Nafnbreytingar samkvæmt lögum þessum, hvort sem um er að ræða breytingar tilkynntar Þjóðskrá eða samkvæmt leyfi dómsmálaráðherra, skulu einungis heimilaðar einu sinni nema sérstaklega standi á.

VII. KAFLI
Skráning og notkun nafns.

18. gr.

Við skráningu kenninafns barns í þjóðskrá skal fara eftir ákvæðum 3. mgr. 8. gr. nema fram sé tekið í tilkynningu til Þjóðskrár að barnið skuli bera ættarnafn, sbr. 5. mgr. 8. gr.

Allar nafnbreytingar samkvæmt lögum þessum, sem ekki eru bundnar leyfi dómsmálaráðherra, skulu tilkynntar Þjóðskrá.

Breyting á eiginnafni, millinafni eða kenninafni samkvæmt lögum þessum tekur ekki gildi fyrr en hún hefur verið færð í þjóðskrá.

19. gr.

Á öllum opinberum skrám og öðrum opinberum gögnum skulu nöfn manna rituð eins og þau eru skráð í þjóðskrá á hverjum tíma.

Í skiptum við opinbera aðila, við samningsgerð, skriflega og munnlega, svo og í öllum lögskiptum skulu menn tjá nafn sitt eins og það er ritað í þjóðskrá á hverjum tíma.

20. gr.

Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, getur heimilað að ritun nafns í þjóðskrá sé breytt án þess að um sé að ræða eiginlega nafnbreytingu. Slík breyting á nafnritun skal fara eftir reglum sem Hagstofan setur að höfðu samráði við mannanafnanefnd. Hver maður getur aðeins fengið slíka breytingu gerða einu sinni nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

VIII. KAFLI
Mannanafnanefnd.

21. gr.

Dómsmálaráðherra skipar mannanafnanefnd til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Skulu tveir nefndarmenn skipaðir að fengnum tillögum heimspekideildar Háskóla Íslands en einn að fenginni tillögu lagadeildar Háskóla Íslands. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum. Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

22. gr.

Mannanafnanefnd hefur eftirtalin verkefni samkvæmt lögum þessum:

1. Að semja skrá um eiginnöfn og millinöfn sem heimil teljast skv. 5. og 6. gr. og er hún nefnd mannanafnaskrá í lögum þessum. Hagstofa Íslands gefur skrána út, kynnir hana og gerir aðgengilega almenningi og sendir hana öllum sóknarprestum og forstöðumönnum skráðra trúfélaga. Skrána skal endurskoða eftir því sem þörf er á en hún skal

gefin út í heild eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

2. Að vera prestum, forstöðumönnum skráðra trúfélaga, Hagstofunni, dómsmálaráðherra og forsjármönnum barna til ráðuneytis um nafngjafir og skera úr álita- og ágreiningsefnum um nöfn samkvæmt lögum þessum.
3. Að skera úr öðrum álita- eða ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um nafngjafir, nafnritun og fleira þess háttar.

Úrskurðum mannanafnanefndar er ekki unnt að skjóta til æðra stjórnvalds. Nefndin skal birta niðurstöður úrskurða sinna árlega.

23. gr.

Mannanafnanefnd kveður upp úrskurði í þeim málum sem til hennar er vísað skv. 3. gr. og 4. mgr. 8. gr. Úrskurðir skulu kveðnir upp svo fljótt sem við verður komið og ekki síðar en innan fjögurra vikna frá því mál berast nefndinni.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

24. gr.

Geti maður fært sönnur að því að annar maður noti nafn hans eða nafn sem líkist því svo mjög að villu geti valdið getur hann krafist þess í dómsmáli að hinn sé skyldaður til að láta af notkun nafnsins.

25. gr.

Sé barni ekki gefið nafn innan þess tíma sem um getur í 1. mgr. 2. gr. skal Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, vekja athygli forsjármanna barnsins á þessu ákvæði laganna og skora á þá að gefa barninu nafn án tafar. Sinni forsjármenn ekki þessari áskorun innan eins mánaðar og tilgreini ekki gildar ástæður fyrir drætti á nafngjöf er Hagstofu Íslands heimilt, að undangenginni ítrekaðri skriflegri áskorun, að leggja dagsektir allt að 1.000 kr. á forsjármenn barns og falla þær á þar til barni er gefið nafn. Hámarksfjárhæð dagsekta miðast við lánskjaravísitölu í janúar 1995 og breytist í samræmi við breytingar hennar. Dagsektir renna í ríkissjóð og má gera aðför til fullnustu þeirra.

Að öðru leyti varða brot gegn lögum þessum sektum nema þyngri viðurlög liggi við eftir öðrum lögum.

26. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við önnur ríki um mörkin milli íslenskrar og erlendrar mannanafnalöggjafar.

Dómsmálaráðherra er enn fremur heimilt að kveða á með reglugerð um mörkin milli íslenskrar löggjafar um mannanöfn og löggjafar annarra þjóða á því sviði.

27. gr.

Dómsmálaráðherra fer með mál er varða mannanöfn og er honum heimilt með reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd þessara laga.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997.

Jafnframt falla þá úr gildi lög um mannanöfn, nr. 37 27. mars 1991.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, skal setja skýrar reglur um skráningu nafna í þeim tilvikum þegar ekki er unnt að skrá nafn manns að fullu í þjóðskrá.

II.

Dómsmálaráðherra skal þegar eftir birtingu laga þessara gera ráðstafanir til að kynna almenningi efni þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á 118. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Það er nú endurflutt efnislega óbreytt.

Frumvarpið var samið af nefnd sem dómsmálaráðherra skipaði 5. ágúst 1993. Í nefndinni áttu sæti Drífa Pálsdóttir, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu, formaður, dr. Halldór Ármann Sigurðsson prófessor og sr. Hjálmar Jónsson prófastur. Með nefndinni hefur starfað Áslaug Þórarinsdóttir, deildarstjóri í dómsmálaráðuneytinu. Á fund nefndarinnar komu Markús Sigurbjörnsson, þáverandi lagaprófessor, Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri og Skúli Guðmundsson, skrifstofustjóri Þjóðskrár.

Í skipunarbréfum nefndarmanna var þeim falið að „endurskoða lög um mannanöfn, nr. 37/1991, og semja frumvarp til breytinga á lögunum". Að höfðu samráði við dómsmálaráðherra töldu nefndarmenn þó rétt að semja frumvarp til nýrra mannanafnalaga.

Við starf sitt hafa nefndarmenn tekið mið af lögum nr. 37/1991 en jafnframt litið til eldri laga um mannanöfn á Íslandi (nr. 31/1913 og 54/1925) og frumvarpa til laga um mannanöfn sem lögð voru fyrir 75. löggjafarþing 1955 og 92. löggjafarþing 1971. Enn fremur hafa nefndarmenn kynnt sér sögu íslenskrar nafnalöggjafar að öðru leyti og athugað nafnalöggjöf annars staðar á Norðurlöndum eftir því sem ástæða reyndist til. Einkum hefur nefndin þó stuðst við þá reynslu sem fengist hefur af framkvæmd laga nr. 37/1991 og litið til þeirrar gagnrýni á lögin sem fram hefur komið.

Lög nr. 37/1991, um mannanöfn.

Lög nr. 37/1991 leystu af hólmi lög nr. 54/1925, um mannanöfn, og voru ekki sett að ástæðulausu. Lögin frá 1925 voru ágripskennd og ófullkomin og framkvæmd þeirra um margt í ólestri. Lögð voru fram frumvörp til endurskoðunar þeirra ásamt rækilegum greinargerðum árin 1955 og 1971 en hvorugt náði fram að ganga. Skriður komst enn á málið með ályktun kirkjuþings árið 1986 en í greinargerð með henni segir m.a.: „Mannanöfn hafa breyst mikið, eldri nöfn jafnvel horfið og ný komið í staðinn. Sum hinna nýju nafna orka mjög tvímælis, eru jafnvel afkáraleg og geta orðið þeim sem þau bera til ama. Nafnið er hluti af persónu hvers einstaklings. Persónu- og tilfinningatengsl hvers manns við nafn sitt eru náin og sterk. Því ber að vanda mjög til nafngjafa. Ljóst er að á því er nokkur misbrestur. Aðhald er lítið í þessum efnum og samræmdar reglur nánast engar."

Þremur árum síðar, með bréfi þáverandi menntamálaráðherra, Svavars Gestssonar, dagsettu 2. október 1989, var enn skipuð nefnd til að endurskoða mannanafnalögin frá 1925 og leiddi sú nefndarskipun til þess að loks tókst að setja ný lög í þeirra stað.

Ýmislegt í lögum nr. 37/1991 var mjög til bóta. Þar voru t.d. settar skýrar reglur um eftirfarandi atriði:

1. Hvernig að nafngjöf skal standa og hver frestur til þess er.
2. Þau skilyrði sem eiginnöfn og kenninöfn skulu fullnægja.
3. Skráningu og notkun nafna.
4. Nafnbreytingar.
5. Nafnrétt erlendra manna sem gerast íslenskir ríkisborgarar, svo og þeirra sem hafa erlent ríkisfang en eru búsettir hér á landi.

Á meðal mikilvægra nýmæla í lögunum voru þessi:

1. Þar er kveðið á um skipun mannanafnanefndar sem m.a. hefur það hlutverk að semja mannanafnaskrá og skera úr ágreiningi um mannanöfn.
2. Yfirstjórn mannanafnamála er færð frá menntamálaráðherra til dómsmálaráðherra.
3. Erlendir menn, sem gerast íslenskir ríkisborgarar, eru ekki lengur skyldaðir til að kasta nafni sínu heldur nægir að þeir taki sér eitt íslenskt nafn til viðbótar eiginnafni sínu.
4. Kynjamisrétti eldri mannanafnalaga er að mestu útrýmt, m.a. með ákvæði sem heimilar að ættarnöfn gangi í kvenlegg.

Margt af þessu var auðsæilega mjög til bóta og í samræmi við nýjan tíðaranda. Lögin horfðu auk þess til meiri festu um mannanöfn en verið hafði og var ekki vanþörf á því.

Gagnrýni á lög nr. 37/1991.

Þótt framför væri að mannanafnalögunum frá 1991 sættu þau brátt nokkurri gagnrýni almennings. Beindist gagnrýnin einkum að 2. gr. laganna og framkvæmd hennar, en greinin hljóðar svo:

„Eiginnafn skal vera íslenskt eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli. Það má ekki brjóta í bág við íslenskt málkerfi. Eiginnafn má ekki heldur vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama.

Hvorki má gefa stúlku karlmannsnafn né dreng kvenmannsnafn.

Óheimilt er að gefa barni ættarnafn sem eiginnafn nema hefð sé fyrir því nafni."

Ákvæði 1. málsl. 1. gr. felur það í sér að öll eiginnöfn af erlendum uppruna eru óheimil nema því aðeins að þau hafi unnið sér hefð í íslensku máli, hvort sem þau eru löguð að almennum reglum íslensks máls og hérlendum ritvenjum eða ekki.

Af þeirri grunnreglu 2. gr. að eiginnöfn séu annaðhvort karlmanns- eða kvenmannsnöfn leiðir einnig að ekki má gefa „kynlaus" millinöfn eins og nöfn sem enda á *-fjörð, -nes, -dal* og *-feld*. Sama máli gegnir um eignarfallsmyndir eins og *Eggerts* og *Guðrúnar*. Þegar Alþingi fjallaði um frumvarp til laga nr. 37/1991 kom reyndar fram tillaga um að millinöfn yrðu leyfð en hún náði ekki fram að ganga.

Í samræmi við ákvæði 2. gr. og grunnreglu hennar hefur mannanafnanefnd hafnað öllum tökunöfnum sem ekki hafa unnið sér hefð í íslensku máli og öllum „kynlausum" millinöfnum og hefur það sætt gagnrýni.

Þessi gagnrýni er að hluta sprottin af því að með lögum nr. 37/1991 var komið á aðhaldi sem ekki var til staðar áður. Flest ákvæði laga nr. 54/1925 höfðu verið þverbrotin um langa hríð og það látið átölulaust en lögum nr. 37/1991 hefur hins vegar verið framfylgt og þau eru auk þess skýrari en lögin frá 1925. Því er stundum haldið fram að það sé þjóðareinkenni Íslendinga að vilja gjarnan setja öðrum reglur en síður fara eftir þeim sjálfir. Ef rétt er þarf það ekki að vekja furðu þótt sumir landsmenn hafi ekki tekið því vel að þurfa nú að fara að settum reglum um mannanöfn.

Meginástæða gagnrýninnar er þó sú að ákvæði 2. gr. laga nr. 37/1991 um eiginnöfn eru of ströng. Með greininni er í fyrsta sinn í sögunni tekið alveg fyrir að ný tökunöfn skjóti rótum hér á landi og þar skortir einnig heimild fyrir millinöfnum, jafnvel þótt sá siður að gefa slík nöfn hefði, þegar lögin voru sett, náð nokkurri útbreiðslu og fengið að þróast að mestu afskiptalaust um alllangt skeið.

Lög nr. 37/1991 byggðust í veigamiklum atriðum á frumvarpinu frá 1971 og það byggðist aftur að verulegu leyti á frumvarpinu frá 1955. Þau sjónarmið um eiginnöfn, sem fram koma í lögunum, eiga því að nokkru rætur í öðrum tíðaranda en þeim sem nú er ríkjandi. Fjarað hefur undan þessum sjónarmiðum, m.a. vegna stóraukinna samskipta Íslendinga við erlenda menn. Þetta kemur glöggt fram í skoðanakönnun sem Gallup á Íslandi gerði seinni hluta árs 1994. Spurt var: „Til eru lög um mannanöfn á Íslandi. Finnst þér að það eigi að vera takmörkun á hvaða nöfn má gefa eins og er í lögunum eða á þetta að vera alveg frjálst?“

Niðurstöðurnar voru þessar:

1. Meiri takmarkanir en nú vildu innan við 1%.
2. Ánægðir með núgildandi lög voru um 21%.
3. Aukið frjálsræði en þó einhverjar takmarkanir vildu um 45%.
4. Algert frjálsræði vildu um 34%.

Reyndar skiptir verulegu máli hvernig orðalag er í könnunum af þessu tagi og því verður að túlka þessar niðurstöður varlega. Þannig sýnist afar ósennilegt að 34% þjóðarinnar mundu svara játandi ef spurt væri: „Finnst þér að foreldrar eigi að fá að gefa börnum sínum nöfnin *Skessa, Hel, Þrjótur* og *Satanus* ef þeim sýnist svo?“ Það verður með öðrum orðum að draga þá niðurstöðu mjög í efa að rúmlega þriðjungur þjóðarinnar vilji algert frelsi í nafngiftum þegar alls er gætt. Einsýnt er þó að túlka má niðurstöður Gallups á þann veg að mikill meiri hluti fólks vilji aukið frjálsræði í nafngiftum.

Eiginnafnaákvæði 2. gr. laga nr. 37/1991 eru auðsæilega gölluð og að því leyti óraunsæ að þau fara í bág við almannavilja. Engu að síður er athyglisvert að gagnrýni á lög nr. 37/1991 skuli nær eingöngu hafa beinst að þessari grein. Starf nefndarinnar hefur leitt í ljós að ýmsar aðrar greinar laganna þarfnast einnig endurskoðunar, ekki síst greinar sem lúta að jafnræði borgaranna og nafnrétti manna af erlendum uppruna.

Meginhugmyndir og markmið nefndarinnar.

Nefndarmenn telja brýnt að unnið sé að varðveislu íslenska mannanafnaforðans og íslenskra nafnasiða en álíta hins vegar að yfirleitt sé farsælla að vinna að því markmiði með fræðslu og áróðri en með lögboði. Nafn manns er einn mikilvægasti þáttur sjálfsímyndar hans og varðar fyrst og fremst einkahagi hans en síður almannahag. Réttur foreldra til að ráða nafni barns síns hlýtur og að vera ríkur en réttur löggjafans til afskipta af nafngjöfum að sama skapi takmarkaður. Sumir nafnsiðir eru þó þess eðlis að þeir snerta ekki síður veigamikla hagsmuni samfélagsins en einkahagi manna og er réttur löggjafans til afskipta af þeim þá meiri en ella. Eins og hér kemur fram síðar lítur nefndin svo á að þetta eigi einkum við um íslenska kenninafnasiðinn.

Markmið nefndarinnar hafa einkum verið þessi:

1. Að auka frelsi í nafngiftum frá því sem nú er, einkum með því að heimila aðlöguð erlend nöfn, jafnvel þótt þau styðjist ekki við hefð í íslensku máli, og með því að heimila millinöfn, sjá síðar í þessum athugasemdum.

2. Að jafna nafnrétt manna eftir því sem kostur er, m.a. með því að auka rétt erlendra manna sem gerast íslenskir ríkisborgarar.
3. Að stuðla að því að ættarnöfn verði fremur notuð sem millinöfn en sem kenninöfn.

Enn fremur hefur nefndin lagt áherslu á að gera uppbyggingu frumvarpsins sem rökréttasta og gæta samræmis en á það skortir nokkuð í lögum nr. 37/1991.

Athugasemdir við einstakar greinar og kafla frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í þessum kafla eru dregin saman ýmis ákvæði um fullt nafn og nafngjöf. Sáralitlar breytingar eru gerðar frá samsvarandi ákvæðum í gildandi mannanafnalögum og því verður hér aðeins fjallað mjög stuttlega um greinar kaflans.

Um 1. gr.

Hér svarar 1. mgr. til 1. málsl. 20. gr. laga nr. 37/1991 að því breyttu að nú er gert ráð fyrir þremur flokkum nafna, þ.e. millinöfnum auk eiginnafna og kenninafna. Eðlilegt þykir að skilgreining á hugtakinu „fullt nafn“ sé fremst í lögunum.

Í 2. mgr. er kveðið á um að eiginnöfn og millinöfn megi aldrei vera fleiri en þrjú samtals og er það því óbreytt frá lögum nr. 37/1991 að ekki er heimilt að gefa fleiri en þrjú nöfn.

Um 2. gr.

Þessi grein er óbreytt 4. gr. laga nr. 37/1991 að öðru leyti en því að röð málsgreina hefur verið snúið við.

Um 3. gr.

Þessi grein svarar til 5. gr. gildandi mannanafnalaga og er óbreytt efnislega að öðru leyti en því að felld hefur verið niður 2. mgr. 5. gr. sem hljóðar svo:

„Hafi barn verið skírt skemmri skírn má, þegar skírn er lýst eða hún tilkynnt skv. 1. mgr. 4. gr., gefa barni nýtt nafn í stað þess sem því var áður gefið eða annað nafn til viðbótar áður gefnu nafni.“

Á þetta ákvæði hefur aldrei reynt og sýnist það því óþarft. Vilji forráðamenn breyta nafni barns síns við þær aðstæður sem um getur í málsgreininni er þeim í lófa lagið að gera það með leyfi dómsmálaráðherra skv. 1. mgr. 13. gr., enda hefur þeirri málsgrein nú verið breytt á þann veg að ekki er lengur áskilið að ástæður nafnbreytingar þurfi að vera gildar.

Um II. kafla.

Í þessum kafla eru tvær greinar um eiginnöfn. Hin fyrri er óbreytt 1. gr. laga nr. 37/1991 en hin síðari kemur í stað 2. gr. þeirra laga og felur í sér umtalsverða rýmkun á henni.

Um 4. gr.

Þessi grein samsvarar 1. gr. laga nr. 37/1991 og er alveg óbreytt. Tekið er fram að hverju barni skuli gefa eiginnafn og að forsjármenn barns hafi bæði rétt og skyldu til þess. Af sjálfu leiðir því að notkun a.m.k. eins eiginnafns er skylda og að menn geta ekki notað millinafn sem sitt eina eða fyrsta nafn.

Um 5. gr.

Þessi grein svarar til 2. gr. í gildandi lögum um mannanöfn, nr. 37/1991. Mikilvægar breytingar hafa verið gerðar á greininni, enda hefur hún verið umdeildasta grein mannanafnalaganna frá 1991.

Í 1. mgr. segir að eiginnafn skuli geta tekið íslenska eignarfallsendingu eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli og þar er einnig kveðið á um að nafnið skuli ekki brjóta í bág við íslenskt málkerfi og skuli ritað í samræmi við almennar ritreglur íslensks máls nema hefð sé fyrir öðrum rithætti þess.

Í 1. málsl. er kveðið á um að eiginnafn skuli geta tekið íslenska eignarfallsendingu en skuli að öðrum kosti hafa unnið sér hefð í íslensku máli. Þarna er því sú breyting að ekki er lengur tilskilið að eiginnafn skuli að jafnaði vera íslenskt. Þessi breyting felur í sér mikla rýmkun því að fjöldi tökunafna, sem ekki hafa unnið sér hefð í íslensku máli, getur tekið íslenska eignarfallsendingu.

Með íslenskri eignarfallsendingu er átt við eignarfallsendingu sem á sér hliðstæðu í íslensku máli, annaðhvort í mannanöfnum eða hinum almenna orðaforða málsins. Á meðal nafna sem taka íslenska eignarfallsendingu eru t.d. flest nöfn sem eru endingarlaus í nefnifalli, öll karlmannsnöfn sem enda á *-i* í nefnifalli og öll kvenmannsnöfn sem hafa nefnifallsendinguna *-a*.

Þessu ákvæði um eignarfallsendingu er ætlað að tryggja að ný tökunöfn lagist að reglum íslensks máls að nokkru marki að minnsta kosti og stefni íslenska beygingakerfinu ekki í voða. Þegar þannig stendur á að endingarleysi í eignarfalli á sér kerfisbundnar samsvaranir í íslensku máli verður þó að fallast á það í tökunöfnum. Dæmi um slíkt er t.d. karlmannsnafnið *Ross*, sbr. íslenska nafnorðið *foss*.

Á tímabilinu frá 1. nóvember 1991 til 1. september 1994 hafnaði mannanafnanefnd samtals 237 beiðnum um eiginnöfn og nafnritanir. Þessar hafnanir má flokka á eftirfarandi hátt:

	Stúlknanöfn	**Drengjanöfn**	**Samtals**
Millinöfn	42	48	90
Ritmyndir	9	4	13
Önnur nöfn	87	47	134
Samtals	**138**	**99**	**237**

Sú breyting, sem hér er lögð til að nægjanlegt sé að nafn geti tekið íslenska eignarfallsendingu (eða hafi unnið sér hefð), varðar ekki millinöfn og ritmyndir sem síðar verður vikið að. Á hinn bóginn hefur þessi breyting mikil áhrif á meðferð beiðna um nöfn í þriðja flokknum, „önnur nöfn".

Einungis 9 af 87 stúlknanöfnum í flokknun „önnur nöfn" geta ekki tekið íslenska eignarfallsendingu svo að sæmilega fari, þ.e.: Apríl, Dawn, Hildegard, Lillian, Maí, Maj, May, Miriam, Nathalie. Á meðal hinna 78 stúlknanafnanna í þessum flokki eru t.d. þessi, sem nú verða öll heimil: Adama, Amel, Anetta, Annabella, Aretta, Aþanasía, Aþena, Belinda, Bella, Benney, Bergetta, Bergitta, Bína, Blín, Bogga, Dýrley, Dön, Edna, Emelíta, Gauja, Georgía, Giddý, Hallý, Hanný.

Af 47 drengjanöfnum í flokknum „önnur nöfn" geta aðeins eftirfarandi fimm nöfn ekki tekið íslenska eignarfallsendingu með góðu móti (en reyndar hefur nánari athugun leitt í ljós að *Nikolai* hefur unnið sér hefð í íslensku máli og er því heimilt þrátt fyrir að eignarfallsmynd þess sé á reiki): Casey, Eddý, Jean, Mooney, Nikolai. Á meðal hinna 42 drengja-

nafnanna í þessum flokki eru t.d. þessi: Alf, Bert, Davor, Elentínus, Elinór, Evan, Garibaldi, Gerald, Húgó, Maggi, Manfreð, Manúel, Marselíus, Mekkínó, Októ, Orvar, Preben.

Að sjálfsögðu er oft matsatriði hvort nafn getur tekið íslenska eignarfallsendingu eða ekki og verður að eftirláta mannanafnanefnd að meta það hverju sinni.

Þetta ákvæði hefur jafnframt í för með sér að heimil verða blendingsnöfn, sett saman af íslenskum nafnstofni eða íslenskri nafnrót, erlendu viðskeyti og íslenskri nefnifallsendingu, t.d. *Sigmundsína* og *Sigurðína*.

Ákvæði 2. gr. gildandi mannanafnalaga þess efnis að eiginnafn skuli vera íslenskt eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli gefur vísbendingu um hvað skuli teljast „nafn". Þannig er t.d. unnt að halda því fram að gælunöfn eins og *Frissi, Bíbí* og *Gudda* séu ekki „íslensk nöfn" í skilningi laga nr. 37/1991 og þar eð þau hafa ekki heldur unnið sér hefð í íslensku máli eru þau óheimil. Það orðalag 5. gr., sem nú er lagt til, felur hins vegar ekki í sér neina slíka vísbendingu um hvað skuli teljast „nafn" og þar eru því engin þrengjandi ákvæði um nafnstofna. Þetta hefur í för með sér að ýmsar merkingarlausar stafarunur verða heimilir nafnstofnar (svo fremi þær brjóti ekki gegn öðrum ákvæðum laganna). „Nöfn" eins og *Skjarpur* og *Skunnar* verða því heimil, rétt eins og *Garpur* og *Gunnar*. Sömuleiðis verða framannefnd gælunöfn heimil. Þetta er óhjákvæmileg afleiðing þeirrar ákvörðunar að heimila óhefðuð erlend nöfn eins og *Vilma*. Nafnstofninn *Vilm-* er merkingarlaus stafaruna í íslensku máli og engin leið er að skilgreina hugtakið „nafnstofn" þannig að *Vilm-* teljist tækur nafnstofn en *Skunn-, Friss-* og *Gudd-* ekki. Það er t.d. alveg ófær leið að setja það sem skilyrði að nafnstofninn verði að koma fyrir í raunverulegu nafni í einhverjum tilteknum tungumálum, t.d. germönskum málum. Engin tök sýnast á að gera mun á þeim málum og öðrum með frambærilegum rökum og ekki eru heldur tiltækar hér á landi neinar tæmandi upplýsingar um raunveruleg nöfn í þeim.

Nokkrar almennar takmarkanir eiga þó við um nafnstofna. Einstakir bókstafir teljast t.d. ekki tækir nafnstofnar. Nafnstofnar mega heldur ekki vera til ama, sbr. 3. mgr., og þeir mega ekki brjóta í bág við íslenskt málkerfi, sbr. 2. málsl. 1. mgr. Dæmi um hið síðastnefnda eru stofnar sem brjóta gegn hljóðskipunarlögum íslenskrar tungu, þ.e. þeim reglum sem gilda um það hvernig hljóð raðast saman í íslensku. Þannig eru *tsj, dsj* og *djí* ótæk hljóðasambönd í íslensku og nöfnin *Tsjækovski* og *Jean* („dsjín" eða „djín" í framburði) því óheimil. Að sjálfsögðu þarf einnig að vera unnt að kveða að öllum nöfnum og nafnstofnum.

Hið aukna frjálsræði, sem ákvæði 1. málsl. um íslenska eignarfallsendingu hefur í för með sér, heimilar auðsæilega mörg nöfn sem ýmsir telja óæskileg. Eins og áður segir er þetta óhjákvæmileg afleiðing þess að heimila aðlöguð tökunöfn sem ekki hafa unnið sér hefð í íslensku máli. Það sýnist og vafasamt að stjórnvöld setji strangar reglur í þessum efnum. Ríkjandi smekkur veldur því að litlar sem engar líkur eru á að stafarunur eins og *Skunnar* verði teknar upp sem eiginnöfn, jafnvel þótt þær séu ekki bannaðar með lögum.

Í 1. málsl. er kveðið á um að þau nöfn sem ekki geta tekið íslenska eignarfallsendingu skuli hafa unnið sér hefð í íslensku máli. Þessi hluti málsliðarins er samhljóða hefðarákvæði í 1. málsl. 2. gr. gildandi laga en hefur allt annað gildissvið. Ákvæðið heimilar tökunöfn sem hafa unnið sér hefð jafnvel þótt vafi kunni að leika á um það hvort þau taka íslenska eignarfallsendingu. Nauðsynlegt er að um þetta efni séu settar sem skýrastar reglur svo að unnt sé að gæta jafnræðis borgaranna gagnvart lögunum við framkvæmd þeirra. Mannanafnanefnd hefur sett ákveðnar reglur um hvaða skilyrðum tökunöfn þurfi að fullnægja til þess að teljast hafa unnið sér hefð samkvæmt gildandi lögum. Þessar reglur hafa gefist vel og sýnist því fara best á að hafa þær sem næst óbreyttar, ekki síst þegar haft er í huga að

þær fá nú miklu þrengra gildissvið en áður og eru nú fyrst og fremst til rýmkunar á því ákvæði að eiginnöfn skuli geta tekið eignarfallsendingu, sbr. framannefnt dæmi um *Nikolai*. Þau ákvæði reglnanna, sem eðlilegt er að áfram verði stuðst við, eru þessi:

1. Ung tökunöfn eru þau tökunöfn sem hafa komið inn í íslenskt mál eftir 1703. Ungt tökunafn telst hafa unnið sér hefð ef það fullnægir einhverju einu af eftirfarandi skilyrðum:
   a. Það er nú borið af a.m.k. 20 Íslendingum.
   b. Það er nú borið af 15–19 Íslendingum og sá elsti þeirra hefur náð a.m.k. 30 ára aldri.
   c. Það er nú borið af 10–14 Íslendingum og sá elsti þeirra hefur náð a.m.k. 60 ára aldri.
   d. Það er nú borið af 5–9 Íslendingum og kemur þegar fyrir í manntalinu 1910 (eða fyrr).
   e. Það er nú borið af 1–4 Íslendingum og kemur þegar fyrir í manntalinu 1845 (eða fyrr).
   f. Það er nú ekki borið af neinum Íslendingi en kemur þegar fyrir í manntalinu 1845 (eða fyrr) og hefð þess hefur ekki rofnað.
2. Hefð ungs tökunafns telst rofin ef það kemur hvorki fyrir í manntalinu 1910 né síðar.
3. Gömul tökunöfn eru þau tökunöfn sem hafa komið inn í íslenskt mál 1703 eða fyrr. Hefð gamals tökunafns telst rofin ef það kemur hvorki fyrir í manntölunum 1845 og 1910 né síðar. Hefð tökunafna sem hafa unnið sér menningarhelgi rofnar þó ekki. Nafn telst hafa unnið sér menningarhelgi komi það fyrir í alkunnum íslenskum fornritum í nafnmynd sem ekki brýtur í bág við íslenskt málkerfi.

Þótt nauðsynlegt sé að áfram verði stuðst við skýrar reglur í þessu efni er ljóst að það mun nú heyra til undantekninga að á þær reyni. Reglurnar þarf auðsæilega að endurskoða á svo sem áratugar fresti.

Ákvæði 2. málsl. um að eiginnafn megi ekki brjóta í bág við íslenskt málkerfi svarar til 2. málsl. 2. gr. gildandi laga og er efnislega óbreytt. Íslenskt málkerfi er samsafn þeirra reglna sem unnið hafa sér hefð í íslensku máli. Þessu ákvæði er því einkum ætlað að koma í veg fyrir að rótgrónum nöfnum sé breytt til horfs sem stríðir gegn hefð þeirra. Afbakanir eins og *Guðmund* og *Þorstein* (í nefnifalli) eru því óheimilar. Enn fremur kemur ákvæðið í veg fyrir nýmyndanir sem brjóta í bág við íslenskar orðmyndunarreglur, t.d. þríliðuð nöfn eins og *Guðmundrún, Guðmundpáll* og *Ragnhildmundur*. Ákvæðið hindrar einnig að teknir séu inn í íslenskt mál nafnstofnar af erlendum uppruna sem eru ósamrýmanlegir íslenskum hljóðskipunarreglum, sbr. fyrrnefnd dæmi um *Tsjækovski* og *Jean*. Hins vegar hindrar ákvæðið ekki notkun neinna nafna eða nafnmynda sem þegar hafa unnið sér hefð í íslensku, t.d. endingarlausra nafna eins og *Erling* og *Svanberg*.

Í 3. málsl. 1. mgr. er tekið fram að eiginnöfn skuli rituð í samræmi við almennar ritreglur íslensks máls nema hefð sé fyrir öðrum rithætti þeirra. Með almennum ritreglum íslensks máls er vísað til auglýsingar menntamálaráðherra um íslenska stafsetningu nr. 132/1974 í Stjórnartíðindum B, ásamt auglýsingu um breytingu á þeirri auglýsingu, nr. 261/1977 í Stjórnartíðundum B. Ekkert samsvarandi ákvæði er í gildandi lögum. Nauðsynlegt er að kveða sérstaklega á um rithátt nafna því að ekki er unnt að líta svo á að ritvenjur falli undir ákvæði 2. málsl. um íslenskt málkerfi. Með ákvæðinu er komið í veg fyrir að hróflað sé við rithætti rótgróinna nafna en jafnframt veitt heimild fyrir ritmyndum sem hafa unnið sér hefð, t.d. *Zóphonías, Walter* og *Esther*. Enn fremur hefur þetta ákvæði þau áhrif að töku-

nöfn, sem ekki hafa unnið sér hefð í íslensku máli, eru óheimil nema ritháttur þeirra sé í samræmi við íslenskar ritvenjur. Ritmyndin *Vilma* er því heimil en *Wilma* ekki.

Í 2. mgr. segir að stúlku skuli gefið kvenmannsnafn en dreng karlmannsnafn. Þetta ákvæði kemur í stað 2. mgr. 2. gr. gildandi laga, en þar segir að hvorki megi gefa stúlku karlmannsnafn né dreng kvenmannsnafn. Ákvæðið hefur í för með sér að ekkert eiginnafn getur talist vera bæði karlmanns- og kvenmannsnafn nema hefð sé fyrir því að gefa það báðum kynjum. Þannig er t.d. óheimilt að gefa drengjum nafnið *Ilmur* og stúlkum nöfnin *Sturla* og *Blær*. Á sama hátt er óheimilt að gefa stúlkum nafnið *Sigurður* þótt hægt væri að beygja það eins og kvenmannsnafn (þ.e. eins og *Sigríður*). Þetta ákvæði hefur enn fremur í för með sér að mannanafnanefnd verður að skera úr um það hverju sinni hvort tökunafn, sem ekki hefur unnið sér hefð í íslensku máli, t.d. *Robin*, skuli heimilt sem karlmannsnafn eða sem kvenmannsnafn.

Í 3. mgr. er kveðið á um að eiginnafn megi ekki vera nafnbera til ama. Ákvæðið er efnislega samhljóða 3. málsl. 1 mgr. 2. gr. gildandi laga. Ekki þykir annað fært en hafa þetta ákvæði áfram í lögum. Það eru auðsæilega mikilvægir hagsmunir barna að þeim séu ekki gefin nöfn sem telja verður ósiðleg, niðrandi eða meiðandi, eins og t.d. *Skessa, Þrjótur* eða *Hel*. Ákvæðið er þó vandmeðfarið því að erfitt er að leggja hlutlægt mat á ama. Besta tryggingin fyrir því að gætt sé jafnræðis borgaranna við framkvæmd ákvæðisins er að því sé beitt mjög varlega. Þannig sýnast ekki rök til að beita ákvæðinu sérstaklega gegn gælunöfnum eða yfirhöfuð á grundvelli nafnformsins eins. Eðlilegt er því að ákvæðinu sé því aðeins beitt að telja megi merkingu nafns neikvæða eða óvirðulega. Samsvarandi ákvæði í gildandi lögum hefur einungis verið beitt tvívegis, til synjunar kvenmannsnöfnunum *Villimey* og *Rist*.

Tillögur nefndarmanna um eiginnöfn miða að því að auka frjálsræði í nafngiftum umtalsvert frá því sem nú er án þess þó gefa þær með öllu frjálsar. Nefndarmenn telja þó einnig koma til greina að ganga enn lengra í frjálsræðisátt með því að fella 1. mgr. 5. gr. alveg niður. Greinin hljóðaði þá svo:

Stúlku skal gefa kvenmannsnafn og dreng skal gefa karlmannsnafn.

Eiginnafn má ekki vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama.

Með þessu móti mundi greinin aðeins vernda brýnustu hagsmuni barna en ekki fela í sér nein þrengjandi ákvæði um form nafna.

Þótt nefndarmenn hafi rætt þennan kost og telji hann koma til álita mæla þeir ekki með honum. Hann hefði m.a. í för með sér að hvers kyns afbakanir á rótgrónum nöfnum yrðu heimilar, t.d. *Zigurd* og *Gúdmúnd* í stað *Sigurður* og *Guðmundur*. Enn fremur leiddi þessi kostur til þess að margliðuð nöfn eins og *Ragnhildmundur* og stafarunur sem brjóta gegn hljóðskipunarlögum íslenskrar tungu yrðu heimilar. Þótt þessi leið væri farin yrði ekki komist hjá því að gefa út mannanafnaskrá þar sem skorið væri úr um hvaða nöfn væru karlmannsnöfn og hver kvenmannsnöfn og opinber mannanafnaskrá með hvers kyns afbökunum er til tjóns eins.

Um III. kafla.

Með þessum kafla er heimilaður nýr flokkur nafna, svokölluð millinöfn. Um er að ræða nöfn eins og *Önfjörð, Vatnsnes, Sædal, Mosfells* og *Bláfeld*.

Nöfn þessi eru að því leyti eins og ættarnöfn að þau eru borin af báðum kynjum en frábrugðin þeim að því leyti að þau eru ekki kenninöfn. Í faglegri umræðu um mannanöfn hafa nöfn af þessu tagi stundum verið nefnd viðurnöfn en það þótti nefndarmönnum ekki heppilegt heiti og ákváðu því að nota það heiti sem almenningi er tamast, millinöfn, enda var það

heiti einnig notað í 3. mgr. 1. gr. frumvarps þess um mannanöfn sem lagt var fyrir 92. löggjafarþing 1971. Eins og síðar verður vikið að svipar tillögum nefndarinnar um millinöfn til ákvæða dönsku mannanafnalaganna, nr. 193/1981, um nöfn sem á dönsku eru nefnd *mellemnavn*.

Ástæður þess að nefndin leggur þetta nýmæli til eru einkum þessar:

1. Allmikil ásókn er í að fá að gefa millinöfn. Um það bil 38% af þeim nöfnum sem mannanafnanefnd hafnaði frá 1. nóvember 1991 til 1. september 1994 voru millinöfn (90 af 237). Með því að heimila þau er frjálsræði um nafngiftir því aukið verulega og telur nefndin það eftirsóknarvert markmið.
2. Lítt var amast við millinöfnum allt til þess að lög nr. 37/1991, um mannanöfn, tóku gildi. Fjöldi manna ber því nöfn af þessu tagi.
3. Algengt er að margir í sömu fjölskyldu beri sama millinafn og því tengist notkun þeirra mjög vitund fólks um uppruna sinn og tilfinningum þess í garð náinna ættingja. Reynslan sýnir að synjun slíkra nafna veldur þeim sem í hlut eiga oft miklu angri og vekur hörð viðbrögð þeirra. Stjórnvaldsaðgerð sem veldur borgurunum hugarangri getur að sjálfsögðu verið réttlætanleg þegar mikilvægir hagsmunir samfélagsins eru í húfi. Ekki verður séð að hagsmunir samfélagsins af því að banna millinöfn séu nægjanlega ríkir til þess að réttlæta slíkt bann.
4. Menningarlegir hagsmunir samfélagsins af því að varðveita íslenska kenninafnasiðinn (föður- og móðurnafnakerfið) eru ótvíræðir, eins og vikið verður að síðar í þessari greinargerð. Ættarnöfn hafa þann höfuðókost að þau stefna þessum sið í voða. Auk þess leiðir ættarnafnakerfið oftast til þess að kenninöfn kvenna víkja fyrir kenninöfnum karla. Millinöfnin hafa hvorugan af þessum ókostum en geta hins vegar haft þann sama kost og ættarnöfnin að auka samkennd fjölskyldna og vitund fólks um uppruna sinn, þ.e. þegar margir í sömu fjölskyldu eða ætt bera sama millinafn. Þeirri mótbáru er reyndar stundum hreyft gegn millinöfnum að þau séu eða geti verið „dulbúin ættarnöfn“, menn taki oft að nota millinafn sem ættarnafn og leggi af föður- eða móðurnafn sitt. Eftir að Hagstofa Íslands tók að fylgja reglum um skráningu nafna jafnfast eftir og nú er raunin virðist þessi ótti þó vera ástæðulaus.
5. Með millinafnakerfinu er þeim sem nú bera ættarnafn gert kleift að kenna sig til föður eða móður að íslenskum sið án þess að þurfa jafnframt að kasta ættarnafninu. Upptaka millinafna á því að geta orðið íslenska kenninafnasiðnum til eflingar.
6. Eins og vikið verður að síðar felst verulegt misrétti í ákvæðum gildandi mannanafnalaga um ættarnöfn. Nokkur hópur manna hefur val sem þorri fólks hefur ekki. Millinafnakerfið dregur úr þessari mismunun. Viss tegund af nöfnum verður nú öllum heimil, reyndar ekki sem kenninöfn en sem millinöfn.

Við þetta er því að bæta að upphafleg hugmynd nefndarinnar var sú að öll ættarnöfn breyttust smám saman í millinöfn, eins og vikið verður að síðar.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. er veitt almenn heimild fyrir millinöfnum, tekið fram að eiginnöfn ásamt millinafni megi aldrei vera fleiri en þrjú samtals og kveðið á um að millinöfn séu ekki kynbundin, þ.e. að dreng og stúlku megi gefa sama millinafn.

Í 2. mgr. eru almennar reglur um myndun og form millinafna. Í 1. málsl. er tekið fram að millinöfn skuli annaðhvort dregin af íslenskum orðstofnum eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli og að þau skuli ekki hafa nefnifallsendingu. Nefndarmenn ræddu það sjónarmið

að þetta kynnu að vera of strangar takmarkanir en eftir nokkrar umræður varð samkomulag um núverandi orðalag málsgreinarinnar. Millinöfn eru nýmæli og því sýnist réttlætanlegt að setja þeim nokkrar skorður. Dæmi um millinöfn sem eru dregin af íslenskum orðstofnum eru öll eftirtalin nöfn: *Önfjörð, Vatnsnes, Sædal, Mosfells* og *Bláfeld*. Samkvæmt orðalagi málsgreinarinnar eru millinöfn eins og *Marcher* og *Öder* hins vegar óheimil (nema í sérstökum tilvikum eins og síðar víkur að) þar sem þau eru ekki dregin af íslenskum orðstofnum og hafa ekki heldur unnið sér hefð í íslensku máli. Loks eru millinöfn eins og *Vídalín* heimil á grundvelli hefðar þótt þau séu ekki dregin beint af íslenskum orðstofnum (heldur af útlenskuðum formum íslenskra orðstofna). Nöfn eins og *Sædalur* og *Ön(undar)fjörður* þykja ótæk millinöfn, einkum á stúlkum, og því er hér sett það ákvæði að millinöfn skuli ekki hafa nefnifallsendingu. Ákvæðið hefur í för með sér að t.d. *Gígja* og *Gauti* eru (almennt) óheimil sem millinöfn (en að sjálfsögðu heimil sem eiginnöfn, *Gígja* sem kvenmannsnafn og *Gauti* sem karlmannsnafn, og þess utan hafa allir þeir sem bera *Gígja* sem ættarnafn rétt til þess að taka það upp sem millinafn, sbr. hér síðar).

Rétt er að taka fram að hugtakið „hefð" hefur hér sömu merkingu og í 5. gr. Mat á hefð millinafna byggist því á sömu reglum og mat á hefð eiginnafna, sbr. athugasemdir við 5. gr. Þó er sá munur á að þegar hefð eiginnafns er metin er aðeins litið til hefðar þess sem annaðhvort karlmannsnafns eða kvenmannsnafns (þ.e. takmörkuð notkun nafns sem karlmannsnafns getur ekki styrkt hefð þess sem kvenmannsnafns eða öfugt þegar um eiginnöfn er að ræða). Enn fremur skal tekið fram að með hugtakinu „íslenskur orðstofn" er átt við orðstofna sem fest hafa rætur í íslensku máli hvort sem þeir eru upphaflegir í málinu eða ekki. *Áldal* væri því heimilt millinafn engu síður en *Sædal*.

Í 2. málsl. 2. mgr. er kveðið á um að jafnvel þótt nöfn séu endingarlaus í nefnifalli séu þau óheimil sem millinöfn hafi þau aðeins unnið sér hefð sem annaðhvort eiginnöfn karla eða eiginnöfn kvenna. Með ákvæðinu er komið í veg fyrir að endingarlaus eiginnöfn eins og *Þórdís, Agnes, Hermann, Jón* og *Erling* séu gefin sem millinöfn.

Í 3. málsl. 2. mgr. er tekið fram að eignarfallsmyndir eiginnafna séu óheimilar sem millinöfn. Um er að ræða nafnmyndir eins og *Egils* og *Guðrúnar*. Ákvæðið kemur því í veg fyrir „dulbúin" tvöföld kenninöfn eins og í *Jón Guðrúnar Egilsson* og *María Egils Guðrúnardóttir*. Aðrar eignarfallsmyndir eru hins vegar heimilar sem millinöfn, t.d. *Mosfells* og *Sædals*. Sumum kann raunar að þykja óþarft að reisa skorður við tvöföldum kenninöfnum en það varð engu að síður niðurstaða nefndarinnar, enda eiga tvöföld kenninöfn sér enga almenna hefð í íslensku máli.

Í 4. málsl. 2. mgr. er loks tekið fram að millinöfn, sem eru mynduð eins og föður- eða móðurnöfn, séu óheimil. Er þetta í samræmi við íslenska hefð og þá stefnu nefndarinnar að tvöföld kenninöfn skuli ekki leyfð.

Í 3. mgr. er veitt heimild fyrir millinöfnum jafnvel þótt þau fullnægi ekki skilyrðum 2. mgr. standi svo á að þau hafi tíðkast í fjölskyldu þess sem nafnið á að bera. Nokkuð algengt er að nöfn af þessu tagi, svo sem eignarfallsmyndir eiginnafna, hafi tíðkast í ákveðnum fjölskyldum. Þykir ótækt annað en að heimila þessum tilteknu fjölskyldum áframhaldandi notkun þessara nafna, úr því að millinöfn eru á annað borð leyfð. Millinöfn, sem gefin eru skv. 3. mgr., eru ekki öllum heimil og skulu því ekki færð á mannanafnaskrá.

Í 4. mgr. er kveðið á um að millinöfn skuli rituð í samræmi við almennar ritvenjur íslensks máls nema hefð sé fyrir öðrum rithætti þess og í 5. mgr. er tekið fram að millinafn megi ekki vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama. Sams konar ákvæði eru í 5. gr. um eiginnöfn og þarfnast þau því ekki sérstakra skýringa hér.

Um 7. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að ættarnöfn séu aðeins heimil sem millinöfn í ákveðnum undantekningartilvikum sem gerð er grein fyrir í 2.–5. mgr.

Sú meginregla að ættarnöfn skuli ekki almennt heimil sem millinöfn styðst við þá ríkjandi skoðun í persónurétti, bæði íslenskum og erlendum, að ættarnöfn njóti mun ríkari nafnverndar en eiginnöfn.

Það kann reyndar að vera umdeilanlegt hvaða ættarnöfn skuli njóta þeirrar nafnverndar sem um ræðir. Ættarnöfn hafa komist á hér á landi með mjög mismunandi hætti. Um ýmis þeirra gildir að menn hafa keypt einkarétt til þeirra og er þar annars vegar um að ræða ættarnöfn sem tilkynnt voru til Stjórnarráðsins fyrir 1. janúar 1915 og hins vegar ættarnöfn sem menn tóku sér á árunum 1915–25 á grundvelli laga um mannanöfn, nr. 41/1913. Síðarnefndu nöfnin skyldu ekki ganga til annarra niðja en barna, sbr. 3. gr. laga nr. 54/1925, en gerðu það þó átölulaust allt tímbilið 1925–91. Fjölmörg ættarnöfn hafa borist hingað til lands með erlendum mönnum og enn önnur hafa menn fæddir hérlendis af íslensku foreldri tekið sér án þess að sú aðgerð þeirra ætti sér nokkra lagastoð. Þótt ættarnöfn séu til komin með svo ólíkum hætti sem raun ber vitni ber að líta til þess að lög nr. 37/1991 lögleiddu öll ættarnöfn sem voru í þjóðskrá 1. nóvember 1991. Verður því að telja að öll ættarnöfn í þjóðskrá njóti nafnverndar. Nafnverndin nær reyndar einnig til ættarnafns sem ekki er lengur í þjóðskrá svo lengi sem einhver hefur rétt til að bera það sem ættarnafn en eftir að sá réttur fellur niður fellur nafnverndin einnig niður og verður nafnið þá almennt heimilt sem millinafn. Þegar svona stendur á verður einhver þeirra sem réttinn eiga að reka hans, ella er nafnið öðrum heimilt sem millinafn ef það fullnægir skilyrðum 2. mgr. 6. gr. Erfitt er að setja tímamörk um það hvenær réttarins skal rekið en eðlilegt virðist þó að líta svo á að hann falli niður að ákveðnum tíma liðnum, t.d. ef maðurinn sjálfur, alsystkini hans og forfeður hafa ekki notað nafnið í hálfa öld.

Um rétt til ættarnafns gildir sú almenna regla sem gert er ráð fyrir í 4. mgr. 7. gr. frumvarpsins að hann hafa þeir og aðeins þeir sem bera nafnið í þjóðskrá við gildistöku laganna og niðjar þeirra. Álitamál um nafnvernd ættarnafna sem falla út af þjóðskrá munu því ekki rísa fyrr en að alllöngum tíma liðnum eftir gildistöku laganna.

Í 11. gr. dönsku mannanafnalaganna, nr. 193/1981, er kveðið á um að hverjum manni sé heimilt að bera millinafn sem fullnægir einu af þremur skilyrðum:

1. Nafnið er borið sem millinafn af föður eða móður mannsins.
2. Nafnið er manninum heimilt sem ættarnafn.
3. Nafnið tengist manninum sérstaklega.

Heimildirnar í 2. og 3. tölul. eru allvíðtækar og fela m.a. í sér að menn geta fengið ættarnafn eða millinafn hálfsystkinis eða stjúpforeldris sem millinafn, enn fremur geta menn fengið sem millinafn sérhvert það ættarnafn sem hefur verið borið af einhverjum forföður í 1., 2. eða 3. lið, barni umsækjandans, fósturforeldri hans, eða systkini foreldris hans (að tilskildu samþykki barns, fósturforeldris eða systkinis foreldris) og þar að auki sérhvert það ættarnafn sem umsækjandinn getur sýnt fram á að hann (eða barn hans sé um nafngjöf að ræða) tengist með einhverjum þeim hætti öðrum sem telja verður sérstakan fyrir hann (eða barn hans), t.d. þannig að hefð sé fyrir notkun nafnsins í ætt hans jafnvel þótt ættin hafi ekki átt upphaflegan rétt til nafnsins.

Nefndin hefur tekið nokkurt mið af þeim hugmyndum sem fram koma í ákvæðum dönsku mannanafnalaganna um millinöfn en telur jafnframt að dönsku reglurnar geti ekki átt við nema að litlu leyti hér á landi og séu allt of flóknar í framkvæmd. Nefndin leggur því til að einungis verði gerðar fáar og einfaldar undantekningar frá þeirri meginreglu að ættarnöfn séu óheimil sem millinöfn. Þessar undantekningar eru raktar í 2.–5. mgr. 7. gr. Í 2. mgr. er þeim sem bera ættarnafn heimilað að breyta því í millinafn og vísað til 15. gr. um nánari ákvæði um slíka nafnbreytingu. Ákvæðið brýtur að sjálfsögðu engan rétt á þeim sem bera ættarnöfn en gerir þeim kleift að kenna sig til föður eða móður að íslenskum sið án þess að þurfa jafnframt að kasta ættarnafni sínu. Þennan millinafnsrétt er ekki unnt að takmarka við þá sem bera ættarnafnið heldur verður hann að ná til allra sem eiga rétt til ættarnafnsins og er sérstaklega kveðið á um það í 3. mgr., að öðrum kosti yrðu þeir sem í hlut eiga fyrst að taka nafnið upp sem ættarnafn og breyta því síðan í millinafn og eru það að sjálfsögðu alveg óþarfir vafningar. Í 4. mgr. er mönnum heimilað að bera ættarnafn sem millinafn hafi alsystkini þeirra, foreldri, afi eða amma borið nafnið sem eiginnafn, millinafn eða ættarnafn. Rétt þykir að fjalla sérstaklega um þetta ákvæði og verður það gert hér á eftir. Í 5. mgr. er mönnum loks leyft að taka sér ættarnafn maka síns sem millinafn, hvort sem makinn sjálfur breytir því í millinafn eða ekki. Í 1. mgr. 8. gr. er lagt bann við því að íslenskir ríkisborgarar taki sér ættarnöfn maka sinna eftirleiðis (sem kenninöfn) og verða ástæður þess raktar síðar. Rétt þykir hins vegar að koma nokkuð til móts við þá sem í hlut eiga með því að heimila þeim ættarnöfnin sem millinöfn.

Í öllum þessum tilvikum gildir ávallt einu hvort nafnið fullnægir skilyrðum 2. mgr. 6. gr. eða ekki (og verða því erlend ættarnöfn heimil sem millinöfn í fjölskyldum sem eiga ættir að rekja til útlanda, t.d. *Marcher* og *Öder*).

Eins og fyrr segir þykir rétt að fjalla sérstaklega um 4. mgr., en þar segir að menn megi bera ættarnafn sem millinafn hafi alsystkini þeirra, foreldri, afi eða amma borið nafnið sem eiginnafn, millinafn eða ættarnafn. Með þessu ákvæði er m.a. gætt réttar þeirra sem eru af erlendu bergi brotnir því að það veldur því að nánustu afkomendur þeirra sem borið hafa erlend ættarnöfn en lagt þau af (t.d. Öder) geta tekið þau upp sem millinöfn. Nánustu niðjar innfæddra Íslendinga sem leggja ættarnafn sitt af eða breyta því í millinafn hafa einnig rétt til að bera það sem millinafn og er sá réttur tryggður með orðalagi 4. mgr. Auk þess hafa fjarlægari niðjar sama rétt ef nánustu ættingjar þeirra nýta sér hann (en að öðrum kosti fellur hann niður). Í 4. mgr. er einnig kveðið á um að menn eigi rétt til að bera ættarnafn sem millinafn ef náið skyldmenni hefur borið nafnið sem eiginnafn, þ.e. fyrir gildistöku laganna (og þar af leiðandi á tíma þegar hugtakið „millinafn“ hafði enga stöðu í íslenskri nafnalöggjöf og viðkomandi nöfn urðu því að teljast vera eiginnöfn). Rökin fyrir þessu eru einkum þessi:

1. Mjög margar af þeim umsóknum um millinöfn, sem mannanafnanefnd berast, eru einmitt um nöfn sem eru ættarnöfn en hafa jafnframt tíðkast sem eiginnöfn í fjölskyldu umsækjandans. Ef mönnum er meinað að bera eða gefa nafnið þegar svona stendur á nær sú breyting að heimila millinöfn ekki tilgangi sínum nema að takmörkuðu leyti og horfir ekki til þess aukna frjálsræðis í nafngiftum sem að er stefnt.
2. Notkun þeirra nafna sem um ræðir sem eiginnafna/millinafna hefur verið látin átölulaus og hefur því unnið sér nokkurn hefðarrétt.
3. Um mörg ættarnöfn í þjóðskrá gildir að þau eru miklu algengari sem eiginnöfn/millinöfn en sem ættarnöfn. Ef þeim fjölskyldum, sem hafa notað þessi nöfn sem eiginnöfn/millinöfn, væri meinað að gera það eftirleiðis væri um að ræða oftúlkun á nafn-

vernd ættarnafna. Það sýnast með öðrum orðum ekki rök til þess að láta nafnrétt þeirra sem bera viðkomandi nöfn sem eiginnöfn/millinöfn víkja með öllu fyrir nafnrétti þeirra sem bera þau sem ættarnöfn. Óbreytt er að einungis hinir síðarnefndu hafa rétt til nafnsins sem ættarnafns.

Ekki er vitað til þess að mál hafi verið höfðað fyrir íslenskum dómstóli vegna notkunar ættarnafns sem eiginnafns/millinafns og sannar sagan því að þeir sem bera ættarnöfn hér á landi amast ekki við slíkri notkun þeirra. Jafnframt sýnir reynslan af störfum mannanafnanefndar að synjun um nöfn sem eru ættarnöfn en hafa tíðkast sem eiginnöfn/millinöfn í tilteknum fjölskyldum veldur oft miklu angri þeirra sem í hlut eiga. Tillaga nefndarinnar er því hvort tveggja í senn sanngjörn málamiðlun og það fyrirkomulag sem ætla má að mestur friður verði um.

Í 6. mgr. 7. gr. er loks tekið fram að þeir sem fá eða taka sér millinafn skuli kenna sig til föður eða móður. Ákvæðið kemur í veg fyrir notkun tvöfaldra ættarnafna og er í samræmi við þá stefnu sem kemur fram annars staðar í frumvarpinu að tvöföld kenninöfn skuli ekki heimil.

Réttur til millinafna skv. 7. gr. og 3. mgr. 6. gr. er ekki almennur heldur ættbundinn. Þau nöfn sem um er að ræða færast því ekki á mannanafnaskrá.

Við nafngjöf og nafntilkynningu fer eins um millinöfn og eiginnöfn að öðru leyti en því að taka verður skýrt fram í skírnarskýrslu eða nafntilkynningu hvort nafn sé eiginnafn eða millinafn, enda hafa þessir flokkar nafna ólíka stöðu að ýmsu leyti. Aðeins má gefa eitt millinafn, engin skylda er að gefa slíkt nafn og það getur aldrei verið stofn í föður- eða móðurnafni.

Í 1. mgr. 13. gr. kveður á um að dómsmálaráðherra sé heimilt að leyfa breytingu á eiginnafni og/eða millinafni, þar með talda upptöku viðbótarnafns ef ástæður mæla með því. Þetta ákvæði nær þó ekki til upptöku millinafns skv. 7. gr. eða 3. mgr. 6. gr. Þeir sem í hlut eiga hafa ættbundinn rétt til þessara nafna og eiga því auðsæilega ekki að þurfa að tíunda ástæður sínar í sérstakri umsókn til ráðherra. Nægilegt er að þeir tilkynni vilja sinn til Þjóðskrár og að hún gangi síðan úr skugga um hvort þær ástæður, sem taldar eru í 3. mgr. 6. gr. og 7. gr., eigi við. Hér skiptir þó máli hvort millinafnið er hrein viðbót eða kemur í stað einhvers eiginnafns eða millinafns, beri menn tvö eða þrjú nöfn. Eigi millinafn að að koma í stað annars nafns verður að sækja um niðurfellingu hins síðarnefnda til dómsmálaráðherra skv. 1. mgr. 13. gr.

Um IV. kafla.

Íslendingar eru eina þjóðin á Norðurlöndum og þótt miklu víðar væri leitað sem tekist hefur að varðveita þann ævaforna sið að menn séu kenndir til föður eða móður. Þessi forni kenninafnasiður markar Íslendingum mikla sérstöðu og er nátengdur tilfinningu þeirra fyrir sögu þeirra, menningu og sjálfstæði. Nöfn nútímafólks eru flest með sama sniði og nöfn áa þess um aldir. *Vigdís Finnbogadóttir, Ásgeir Ásgeirsson, Guðrún Ósvífursdóttir* og *Snorri Sturluson*, allt eru þetta nöfn sem vitna um órofa samhengi íslenskrar menningar og tungu, samhengi sem á sér naumast sinn líka annars staðar í heiminum. Auk þess að vera forn, sérstakur og þjóðlegur hefur íslenski kenninafnasiðurinn þann mikla kost að kenninöfn kvenna víkja ekki fyrir kenninöfnum karla. Nöfn eru mjög mikilvægur þáttur sjálfshugmyndar fólks og má því hiklaust telja að þetta einkenni íslenska kenninafnakerfisins stuðli að sterkari sjálfsímynd kvenna og þar með betri stöðu þeirra í samfélaginu en ella væri. Allar rannsóknir á ævi og kjörum kvenna og að sjálfsögðu einnig á ætterni þeirra eru og auðveldari

en ella fyrir þá sök að þær halda nafni sínu óbreyttu frá vöggu til grafar, koma fram í öllum skrám og skjölum sem fullveðja og sjálfstæðir einstaklingar.

Það væri óbætanlegur skaði ef Íslendingar glötuðu þeim merkilega arfi sem kenninafnasiður þeirra er. Þeir hafa þá skyldu við sjálfa sig, afkomendur sína og umheiminn að reyna eftir fremsta megni að varðveita þennan arf.

Sáralitlar rannsóknir hafa verið gerðar á sögu ættarnafna á Íslandi og verður því fátt um hana fullyrt. Engu að síður er unnt að staðhæfa að notkun ættarnafna hefur færst mjög í aukana á undanförnum áratugum. Í manntalinu 1855 voru ættarnöfn borin af einstaklingum fæddum hér á landi 108 talsins en í manntali 1910 er sambærileg tala 297. Samkvæmt athugun sem nefndin hefur unnið upp úr gögnum frá Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, voru ættarnöfn íslenskra ríkisborgara hér á landi 2.227 talsins 21. október 1994. Þessar tölur um fjölda ættarnafna eru hér dregnar saman í töflu:

Ár	**Ættarnöfn**
1855	108
1910	297
1994	2.227

Aðeins eru talin með nöfn íslenskra ríkisborgara sem voru búsettir hér á landi 21. október 1994 en hvorki þeirra fjölmörgu Íslendinga í þjóðskrá sem búa í öðrum löndum og bera erlent ættarnafn né þeirra erlendu ríkisborgara sem búa hér á landi. Ættarnöfn sem enda á -son valda því að ekki er unnt að fá alveg nákvæma tölu um fjölda ættarnafna nema með mikilli fyrirhöfn og kostnaði. Auk þess eru tölurnar í töflunni ekki alveg sambærilegar því að tölurnar fyrir 1855 og 1910 miðast aðeins við fólk fætt hér á landi en í gögnum Hagstofu Íslands um fjölda ættarnafna 1994 er ekki greint á milli íslenskra ríkisborgara eftir fæðingarstað heldur aðeins eftir búsetu. Þar á móti vegur að ýmsir af þeim Íslendingum sem nú búa erlendis eiga eftir að flytja erlend ættarnöfn með sér hingað til lands og enn fremur að ættarnöfn margra erlendra ríkisborgara hér á landi munu skjóta hér rótum. Hvernig sem þetta er metið er auðsætt að ættarnöfnum hefur fjölgað stórkostlega hér á landi á þessari öld. Þessi fjölgun er athyglisverð í ljósi þess að upptaka nýrra ættarnafna hefur verið ólögleg allar götur frá 1925.

Flest ættarnöfn eru aðeins borin af örfáum mönnum en fjöldi íslenskra ríkisborgara sem báru ættarnöfn í þjóðskrá 21. október 1994 og voru þá búsettir hér á landi reyndist þó vera um 13.000 eða um 5% íbúa landsins. Tölur frá fyrri tíð um fjölda þeirra sem hafa borið ættarnöfn eru ekki tiltækar en naumast þarf að fara í grafgötur um að ekki aðeins fjöldi heldur einnig tíðni ættarnafna hefur aukist mjög á undanförnum áratugum og heldur enn áfram að aukast hröðum skrefum.

Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, hefur tekið saman tölur um fjölda nafnbreytinga á tímabilinu frá 1. nóvember 1991 til 30. júní 1994. Þessi samantekt leiðir m.a. eftirfarandi í ljós:

	Konur	Karlar	Samtals
Ættarnafn tekið upp í karllegg	164	172	336
Ættarnafn tekið upp í kvenlegg	119	106	225
Ættarnafn maka tekið upp	70	4	74
Samtals	**323**	**282**	**635**
Ættarnafn fellt niður	33	25	58
Ættarnafn maka fellt niður	13	–	13
Samtals	**46**	**25**	**71**

Upptaka ættarnafns samkvæmt heimildarákvæðum gildandi mannanafnalaga þar um er því um níu sinnum algengari en niðurfelling ættarnafns.

Í 4. mgr. 9. gr. gildandi laga um mannanöfn er lagt bann við upptöku nýrra ættarnafna á Íslandi. Þrátt fyrir þetta bann koma lögin hvorki í veg fyrir fjölgun ættarnafna né aukna tíðni þeirra í kenninafnaflóru Íslendinga og veldur því einkum tvennt:

1. Ættarnöfn ganga nú bæði í karl- og kvenlegg og það stuðlar að aukinni tíðni þeirra ættarnafna sem þegar hafa fest rætur á Íslandi.
2. Ný ættarnöfn berast stöðugt inn í málið. Þessi nöfn berast með margvíslegum hætti en þó einna helst með börnum erlendra karla og íslenskra kvenna. Þessi börn bera oft eða oftast hið erlenda ættarnafn föður síns og heimilt er að nafnið gangi áfram til niðja þeirra í fyllingu tímans, sbr. 1. málsl. 11. gr. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 37/1991.

Flest algengustu ættarnöfnin eru kunnugleg, svo sem *Thorarensen, Blöndal, Hansen, Thoroddsen* og *Bergmann*. Sé hins vegar litið til fátíðari ættarnafna, þ.e. þeirra ættarnafna sem nú eru að hasla sér völl hér á landi, kemur í ljós að þau eru með allt öðru yfirbragði. Svo að dæmi sé tekið er hvert eftirfarandi 108 ættarnafna nú borið af þremur íslenskum körlum búsettum hér á landi: Adessa, Andreasen, Antoniussen, Banine, Bauer, Becker, Bek, Berry, Bjarkan, Blanco, Brekkan, Brown, Bruun, Busk, Cabrera, Carlsen, Cassata, Chelbat, Cilia, Datye, Danielsen, Davidsen, Edelstein, Eldon, Elmers, Eyvinds, Falkner, Fernandez, Foss, Franklín, Garðars, Glad, Guðmann, Haarde, Haelser, Haralz, Haugen, Heide, Hersir, Hinz, Hopkins, Hounslow, Hólmjárn, Huntingdon-Williams, Huybens, Hvanndal, Ívars, Jabali, Jespersen, Jessen, Jimma, Kaldalóns, Kale, Kaspersen, Kazmi, Kinstry, Kuran, Lee, Lefever, Lemarquis, Lyngmó, Martinez, McKee, Melax, Melstað, Melsteð, Meyer, Miller, Mortensen, Naabye, Nardeau, Nilsen, Ormslev, Pajdak, Passaro, Pollock, Radmanesh, Randrup, Reed, Reykjalín, Reyndal, Reynis, Rist, Rosdahl, Rossen, Rósinkranz, Said, Sanchez, Sen, Shahin, Solheim, Spencer, Stanojev, Strand, Torp, Turner, Tönsberg, Urbancic, Weihe, Weisshappel, Wessman, Wheat, White, Wolfram, Woll, Wöhler, Överby og Özcan.

Af þessum 108 nöfnum eru einungis 19 sem geta talist íslensk og er þó öllu til tjaldað, svo sem *Franklín, Eldon* og *Haralz*.

Einhver af þessum nöfnum eru vísast borin af fólki sem á eftir að hverfa af landi brott en þó er ástæða til að ætla að flest þeirra muni breiðast út hér á landi. Ýmis af algengustu ættarnöfnum hér á landi bárust hingað til lands með erlendum mönnum sem tóku sér bólfestu hér og er engin ástæða til að ætla að þetta verði með öðrum hætti eftirleiðis en hingað til. Hér má t.d. telja nöfnin *Hansen*, nú borið af 234 íslenskum ríkisborgurum hér á landi, *Möller* (160), *Olsen* (155), *Nielsen* (129), *Richter* (76) og *Hall* (74). Nokkru fátíðari nöfn

í þessum flokki eru t.d. *Schram* (58), *Mogensen* (43), *Diego* (30), *Kröyer* (30) og *Cortes* (21). Innan fárra áratuga kann því að fara svo að tugir eða hundruð manna beri ýmis af þeim ættarnöfnum sem nú eru einungis borin af örfáum einstaklingum, t.d. *Brown, Bruun, Busk, Cabrera, Carlsen, Cassata, Chelbat, Cilia* og *Datye* eða *Turner, Tönsberg, Urbancic, Weihe, Weisshappel, Wessman, Wheat, White, Wolfram, Woll, Wöhler, Överby* og *Özcan*.

Einsýnt er að ættarnöfn eru í hraðari sókn hér á landi en menn gera sér almennt grein fyrir, svo hraðri að íslenska kenninafnasiðnum stendur af henni veruleg ógn. Verði ekkert að gert kann svo að fara að ekki líði margir áratugir þar til kenninafnaflóra Íslendinga einkennist af ættarnöfnum sem þar á ofan verða flest útlend og með æðiframandlegum blæ. Reyndar er nú þegar svo komið að ættarnöfn karla eru nú nokkru fleiri en föðurnöfn þeirra en ættarnöfn kvenna allmiklu fleiri en föðurnöfn þeirra.

Hér er raunar um fleira að tefla en örlög íslenska kenninafnasiðarins. Ákvæði gildandi mannanafnalaga um kenninöfn mismuna þegnum landsins eftir ætt, uppruna og jafnvel kynferði. Helstu dæmin um mismunun eru þessi:

1. Flestir innfæddir Íslendingar eiga ekki val um neitt annað en föður- eða móðurnafn en aðrir geta valið á milli slíks nafns og ættarnafns, jafnvel þótt ættarnafnið eigi í sumum tilvikum rætur að rekja til sjálftöku sem ekki átti sér neina lagastoð.
2. Ættarnöfn þeirra sem eru Íslendingar að fæðingu ganga til niðja þeirra en ekki ættarnöfn þeirra sem fengið hafa íslenskan ríkisborgararétt með lögum (nema til þeirra barna þeirra sem eru 16 ára og eldri þegar þeir fá ríkisborgararéttinn, sbr. 4. lið hér á eftir).
3. Útlendir karlar hafa í raun lakari nafnrétt en útlendar konur, þótt þeir eigi þess kost að taka sér kenninafn íslensks maka síns (t.d. Jónsdóttir) getur það ekki talist raunverulegt „val".
4. Þess eru jafnvel dæmi að alsystkini hafi ólíkan nafnrétt. Börn þeirra sem fá íslenskan ríkisborgararétt með lögum og hafa náð 16 ára aldri mega halda ættarnafni sínu en yngri alsystkini þeirra ekki.

Auðsætt er að við svo búið má ekki standa.

Unnt er að útrýma þessari mismunun með því að lögleiða almennt ættarnafnakerfi hér á landi og leyfa upptöku nýrra íslenskra ættarnafna. Með því móti ynnist einnig það að komið væri í veg fyrir þau hraklegu örlög að kenninöfn Íslendinga verði fyrst og fremst útlend ættarnöfn. Reynsla annarra þjóða bendir til þess að þar sem ættarnöfn fá að þrífast óáreitt við hlið föðurnafna fari ættarnöfnin ávallt með sigur af hólmi og því má búast við að íslensk ættarnöfn hömluðu betur gegn útbreiðslu erlendra ættarnafna en föður- og móðurnöfnin íslensku gera. Þessi aðgerð mundi hins vegar leiða til þess að íslenski kenninafnasiðurinn liði brátt undir lok og er því alls ófýsilegur kostur.

Önnur leið út úr þessum ógöngum væri að banna ættarnöfn með öllu hér á landi en þótt ýmsum kunni að þykja sú leið æskileg verður að telja hana ófæra. Það er auðsætt brot á mannréttindum að taka af mönnum þau nöfn sem þeir bera. Eins og minnst var á í athugasemdum við III. kafla hugðist nefndin því leggja til að farinn yrði sá meðalvegur í þessu efni að öll ættarnöfn breyttust smám saman í millinöfn, með því móti að ófæddir niðjar þeirra sem nú bera ættarnöfn mættu bera þau sem millinöfn ásamt föður- eða móðurnafni en ekki sem ættarnöfn (þó með þeirri undantekningu að barn mætti fá ættarnafn ef það ætti alsystkini sem þegar bæri nafnið). Það orðalag, sem nefndin hafði í huga, var nokkurn veginn eftirfarandi: „Hver maður skal kenna sig til föður eða móður þannig að ... Maður sem ber ættarnafn má þó bera það áfram en það gengur ekki til niðja hans. Þó er ávallt heimilt

að barn fái sama kenninafn og alsystkini þess."

Í upphaflegum hugmyndum nefndarinnar var, eins og nú, enn fremur gert ráð fyrir að niðjar þeirra sem nú bera ættarnöfn mættu bera þau sem millinöfn.

Áður er minnst á nafnvernd ættarnafna. Nefndin dregur ekki í efa að ættarnöfn njóti ríkrar verndar fyrir hvers konar misnotkun, þar á meðal gegn því að maður taki upp ættarnafn annars manns í heimildarleysi. Á hinn bóginn telur nefndin ekki sýnt að réttur þeirra sem bera ættarnöfn sé svo ríkur að almannavaldinu sé um aldur og ævi ókleift að breyta stöðu ættarnafna í nafnakerfi þjóðarinnar, enda feli breytingin ekki í sér skerðingu á sjálfum einkaréttinum til nafnsins (sem millinafns) og sé gerð með þeim hætti að allir sem þegar bera ættarnöfn fái að bera þau áfram óáreittir. Í þessu sambandi má og minna á að lög nr. 54/1925 skertu rétt margra sem báru ættarnöfn mun freklegar en hér er til umræðu. Þótt sú skerðing næði ekki fram að ganga vegna aðgerðaleysis ríkisvaldsins breytir það því ekki að löggjafinn taldi hana framkvæmanlega.

Í starfi sínu varð nefndin þess hins vegar áskynja að víða væri hörð andstaða gegn því að nokkuð yrði hróflað við ættarnöfnum. Hefur nefndin því ekki talið raunhæft að halda þessari tillögu til streitu. Nefndin telur þó enn að þessi millinafnaleið sé besta leiðin út úr þeim ógöngum sem kenninafnakerfi Íslendinga hefur ratað í.

Þar eð nefndin telur sér ekki fært að leggja þennan kost til gerir hún það að tillögu sinni að ákvæði gildandi mannanafnalaga um kenninöfn haldist að mestu óbreytt, þó þannig að dregið verði úr mismunun og sú skorða reist við útbreiðslu ættarnafna að íslenskir ríkisborgarar fái ekki að taka upp ættarnafn maka síns eftirleiðis. Jafnframt hlýtur nefndin þó að ítreka að þessi niðurstaða kann að leiða til þess að Íslendingar muni innan fárra áratuga fyrst og fremst bera kenninöfn sem eru útlend ættarnöfn.

Um 8. gr.

Þessi grein kemur einkum í stað 9. gr. laga nr. 37/1991. Í 4. mgr. er þó ákvæði sem kemur í stað 2. málsl. 11. gr. laga nr. 37/1991, í 2. málsl. 2. mgr. er ákvæði sem svarar til heimildar í 1. málsl. 1. mgr. 12. gr. laganna og í 6. mgr. er ákvæði 3. mgr. 10. gr. þeirra tekið upp óbreytt.

Í 1. mgr. er hugtakið „kenninafn" skilgreint og þarfnast sú skilgreining ekki nánari skýringar.

Í 1. málsl. 2. mgr. er sett fram sú meginregla að hver maður skuli kenna sig til föður eða móður nema hann eigi rétt til að bera ættarnafn og kjósi það. Þetta ákvæði kemur í stað upphafs 1. mgr. 9. gr. laga nr. 37/1991 og er efnislega óbreytt. Í 2. málsl. er heimilað það frávik að ófeðrað barn sé kennt til afa síns og svarar þetta ákvæði til heimildar 1. málsl. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 37/1991.

Það kann að þykja óeðlilegt að kenna börn til afa síns þegar svona stendur á og ræddi nefndin það sjónarmið en komst að þeirri niðurstöðu að óhjákvæmilegt væri að hafa þessa heimild áfram í lögum. Þótt kenna megi ófeðrað barn til móður þess ber reynsla Þjóðskrár og mannanafnanefndar órækt vitni um að mæður telja það í flestum tilvikum alveg ófullnægjandi lausn, einkum þegar um drengi er að ræða. Óttast þær einkum að slík kenning valdi barninu áreitni og óþægindum í skóla en reyndar einnig síðar í lífinu. Að sjálfsögðu ætti svo ekki að vera en hér sem oftar sannast að hugsjón um jafnstöðu kynjanna og nafna þeirra er eitt og veruleikinn annað. Þar að auki má benda á að það stuðlar ekki að jafnstöðu kynjanna að skerða þann rétt sem ófeðruð börn og mæður þeirra hafa nú.

Í 3. mgr. er tekið fram að föður- og móðurnöfn séu dregin af eignarfalli nafns föður eða móður með því að bæta við það *son* ef karlmaður er en *dóttir* ef kvenmaður er. Auk kenninafna sem mynduð eru með þessum hætti er nokkuð um kenninöfn sem eru dregin af afbrigðilegu eignarfalli, t.d. *Sigurðsson, Magnússon* og *Jónasdóttir* (í stað *Sigurðarson, Magnúsarson* og *Jónasardóttir*, sbr. hins vegar *Sigurðardóttir)*. Þótt það sé ekki sérstaklega tekið fram er að sjálfsögðu gert ráð fyrir að þessi kenninöfn verði áfram heimil, enda hafa þau unnið sér hefð í málinu og eru mynduð í samræmi við rótgrónar orðmyndunarreglur íslenskra kenninafna. Þegar ekki er um slíka hefð að ræða eru samsetningar af þessu tagi hins vegar óheimilar, t.d. *Jóndóttir* eða *Guðmundson*, enda brjóta þær í bág við íslenskt málkerfi. Á hinn bóginn verður að líta svo á að rétt mynduð kenninöfn, svo sem *Magnúsarson*, séu ávallt heimil jafnvel þótt þau kunni að eiga sér litla eða enga hefð.

Í 4. mgr. er kveðið á um að heimilt sé með úrskurði mannanafnanefndar að laga kenninöfn sem dregin eru af erlendum nöfnum foreldra að íslensku máli. Standi t.d. þannig á að faðir heiti Sven getur mannanafnanefnd úrskurðað að börn hans megi vera *Sveinssynir* og *Sveinsdætur*. Ákvæðið kemur í stað heimildar í 2. málsl. 11. gr. laga nr. 37/1991 en verður nú almennt heimildarákvæði en ekki bundið við börn erlendra karla og íslenskra kvenna.

Hér er rétt að vekja athygli á að gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að menn af erlendum uppruna hafi sama kenninafnsrétt og aðrir (með þeirri einu undantekningu sem gerð er í 1. mgr. 9. gr. að íslenskir ríkisborgarar mega ekki taka upp ættarnafn maka eftirleiðis). Þannig geta menn nú kennt sig eða börn sín til eiginnafns óháð því hvort nafnið er íslenskt eða fullnægir skilyrðum 5. gr. (en eiginnöfnin sjálf verða hins vegar ekki heimil nema þau samræmist 5. gr.). Á hliðstæðan hátt er réttur manna til að sækja um aðlögun kenninafns nú óháður uppruna þeirra.

Í 5. mgr. segir að menn, sem bera ættarnöfn við gildistöku laganna, megi bera þau áfram, svo og niðjar þeirra í karllegg og kvenlegg. Ákvæðið svarar til 2. mgr. 9. gr. laga nr. 37/1991 en er nú breytt að því leyti að það er ekki bundið við þá eina sem eru íslenskir ríkisborgarar við gildistöku laganna. Búast má við því að þessi breyting stuðli að enn frekari útbreiðslu ættarnafna hér á landi. Nefndarmönnum er því óljúft að leggja hana til en sjá ekki að unnt sé að komast hjá henni. Það er óhæfa að réttur þeirra sem eru af erlendum uppruna sé gerður minni en annarra með lagasetningu og verður réttur þeirra til ættarnafna því ekki skertur svo að vel fari nema slík aðgerð sé almenn, skerði rétt allra jafnt.

Í 6. mgr. er tekið fram að þeir sem samkvæmt þjóðskrá eru kenndir til föður eða móður maka síns við gildistöku laganna megi vera það áfram. Ákvæðið er efnislega óbreytt frá 3. mgr. 10. gr. laga nr. 37/1991 og í samræmi við þá stefnu að lögin skuli aldrei vera afturvirk.

7. og 8. mgr. svara til 3. og 4. mgr. 9. gr. laga nr. 37/1991 og eru efnislega óbreyttar frá þeim. Í 7. mgr. er tekið fram að menn megi ekki bera fleiri en eitt kenninafn. Þótt það sé ekki sérstaklega tekið fram er engu að síður gert ráð fyrir að þeir sem bera tvö kenninöfn við gildistöku laganna megi bera þau áfram, enda eiga lögin ekki að vera afturvirk. Í 8. mgr. er kveðið á um að óheimilt sé að taka upp nýtt ættarnafn hér á landi.

Um 9. gr.

Þessi grein kemur að mestu í stað 13. og 14. gr. gildandi mannanafnalaga en 3. mgr. svarar þó til 2. mgr. 10. gr. þeirra. Veigamesta breytingin, sem hér er lögð til, er í 1. mgr. þar sem kveðið er á um að íslenskum ríkisborgara sé eftirleiðis óheimilt að taka upp ættarnafn maka síns. Rökin fyrir þessari breytingu eru margvísleg:

1. Ákvæði gildandi laga um ættarnöfn valda því að ættarnöfn geta borist til manna sem alls ekki eru af viðkomandi ætt. Þetta gerist með eftirfarandi hætti. Maður tekur upp ættarnafn maka síns og heldur því eftir skilnað eða andlát makans. Maðurinn giftist öðru sinni og börn hans með nýja makanum hafa þá rétt til ættarnafnsins. Nýi makinn á reyndar einnig rétt til þess þótt hann hafi aldrei tengst ættinni og því getur ættarnafnið jafnvel borist til barna hans með enn öðrum karli eða konu sem ekki hefur heldur tengst ættinni með nokkru móti. Með þeirri breytingu sem lögð er til í 1. mgr. er komið í veg fyrir að nokkuð af þessu geti gerst.
2. Sá siður að menn taki kenninafn maka síns er útlendur að uppruna. Það er á hinn bóginn höfuðeinkenni íslenska kenninafnakerfisins að hver maður heldur kenninafni sínu óbreyttu frá vöggu til grafar og engin ástæða er til að maður víki frá þessari reglu þótt hann giftist manni sem ber ættarnafn. Með öðrum orðum: Þegar svona stendur á er um tvennt að ræða, að fara að útlendri fyrirmynd eða fylgja íslenskri reglu og ekki eru nein haldbær rök sjáanleg fyrir því að menn taki hina útlendu fyrirmynd fram yfir íslensku regluna.
3. Þessi útlendi siður veldur því yfirleitt að kenninöfn kvenna víkja fyrir kenninöfnum karla. Breytingin kemur í veg fyrir það.
4. Breytingin hamlar gegn útbreiðslu ættarnafna og á því er ekki vanþörf eins og áður er rakið.

Eins og áður er minnst á í athugasemdum við 7. gr. er komið nokkuð til móts við þá sem hér eiga í hlut með því að heimila þeim að taka sér ættarnafn maka síns sem millinafn.

Í 2. mgr. er kveðið á um að maður, sem við gildistöku laganna ber ættarnafn maka síns, megi bera það áfram og þar er einnig ákvæði um að hann megi bera ættarnafnið áfram eftir að hjúskap lýkur, svo fremi sem dómsmálaráðherra úrskurði ekki að honum sé það óheimilt að framkominni kröfu þar um. Ákvæðið er að mestu óbreytt frá 13. gr. gildandi mannanafnalaga, enda þykir ekki vert að skerða rétt þeirra sem þegar bera ættarnöfn.

Í 3. mgr. er kveðið á um að maður, sem hefur tekið upp föður- eða móðurnafn maka síns við búsetu erlendis, skuli leggja það niður við flutning til landsins og að það skuli niðjar þeirra sömuleiðis gera. Ákvæðið er efnislega óbreytt frá 2. mgr. 10. gr. laga nr. 37/1991 að öðru leyti en því að nú ber öllum niðjum hjónanna en ekki aðeins börnum þeirra að leggja kenninafnið niður við flutning til landsins.

Um V. kafla.

Í þessum kafla eru reglur um nafnrétt manna af erlendum uppruna, bæði þeirra sem fá eða hafa fengið íslenskan ríkisborgararétt og þeirra erlendu ríkisborgara sem eru búsettir hér á landi. Lagt er til að nafnréttur hinna fyrrnefndu og niðja þeirra verði rýmkaður verulega. Með þessari veigamiklu breytingu er stefnt að því að draga úr þeirri mismunun sem gerð var að umtalsefni í athugasemdum við IV. kafla, eftir því sem kostur er.

Um 10. gr.

Hér segir í 1. mgr. að ákvæði 2. gr. um nafngjöf og 5. gr. um eiginnöfn taki ekki til barns ef báðir foreldrar þess eru erlendir ríkisborgarar eða þegar svo stendur á að barnið er ófeðrað og móðir þess erlend. Málsgreinin svarar til 1. mgr. 8. gr. gildandi laga.

Í 2. mgr. er kveðið á um að barn sé að nokkru undanþegið ákvæðum 5., 6. og 7. gr. um eiginnöfn og millinöfn ef annað foreldri þess er erlendur ríkisborgari eða hefur verið það. Ákvæðið samsvarar 2. mgr. 8. gr. gildandi laga.

Nöfn, sem gefin eru skv. 1. málsl. 2. mgr., skulu að sjálfsögðu ekki færð á mannanafnaskrá.

Um 11. gr.

Þessi grein kemur að mestu í stað 15. gr. gildandi laga og bætir nafnrétt þeirra sem fá eða hafa fengið íslenskan ríkisborgararétt með lögum.

Í 1. mgr. er lagt til að maður, sem fær íslenskan ríkisborgararétt með lögum, megi halda fullu nafni sínu óbreyttu. Honum er þó heimilt að taka upp eiginnafn, millinafn og/eða kenninafn í samræmi við ákvæði laganna, þ.e. ákvæði 5. gr. um eiginnöfn, 6. og 7. gr. um millinöfn og 2.–4. mgr. 8. gr. um kenninöfn.

Í 2. mgr. er tekið fram að ákvæði 1. mgr. eigi við um börn manns sem fær íslenskt ríkisfang með lögum og öðlast íslenskt ríkisfang með honum og í 3. mgr. segir að ákvæði 1. mgr. eigi einnig við um þá sem fá íslenskt ríkisfang skv. 2.–4. gr. laga nr. 100/1952.

Barn, sem fæðist eftir að foreldri þess hefur fengið íslenskan ríkisborgararétt með lögum, hefur að flestu leyti sama nafnrétt og önnur íslensk börn, t.d. rétt til ættarnafns í samræmi við ákvæði 5. mgr. 8. gr. Að sjálfsögðu tekur undanþágan í 2. mgr. 10. gr. þó til þeirra barna sem hér eiga í hlut og þau eiga einnig rétt á aðlögun kenninafns í samræmi við 4. mgr. 8. gr.

Í 4. mgr. er lagt til að þeim sem áður hafa fengið íslenskt ríkisfang með því skilyrði að þeir breyttu nöfnum sínum skuli heimilt með leyfi dómsmálaráðherra að taka aftur upp þau nöfn sem þeir báru fyrir og/eða fella niður þau nöfn sem þeim var gert að taka sér, þó þannig að eiginnöfn þeirra og millinöfn verði ekki fleiri en þrjú samtals. Einnig er lagt til að niðjar þessara manna hafi sama rétt. Um nafnbreytingar samkvæmt þessari málsgrein gilda hinar almennu reglur VI. kafla um nafnbreytingar.

Um 12. gr.

Í þessari grein segir að erlendur ríkisborgari, sem stofnar til hjúskapar við Íslending, megi taka upp ættarnafn maka síns ef til er eða kenna sig til föður hans eða móður og skuli kenninafn hans þá dregið af sama eiginnafni og kenninafn maka hans.

Ákvæðið um ættarnöfn veitir þeim sem í hlut eiga sama rétt og 1. málsl. 13. gr. gildandi laga. Heimild hins erlenda ríkisborgara til að kenna sig til föður eða móður maka síns kemur hins vegar í stað 1. málsl. 10. gr. gildandi laga og felur í sér nokkra breytingu. Í gildandi ákvæði er tekið svo til orða að maðurinn megi kenna sig til föður eða móður maka síns „á sama hátt og hann“. Erlend eiginkona karls sem er Jónsson má því nefna sig „Jónsson“ og erlendur eiginmaður konu sem er Jónsdóttir má á sama hátt nefna sig „Jónsdóttir“. Eins og getið var um í athugasemdum við IV. kafla er nafnréttur karla hér því í rauninni fyrir borð borinn og telur nefndin nauðsynlegt að bæta úr því. Með því orðalagi sem lagt er til fær eiginmaður konu sem er Jónsdóttir rétt til að nefna sig „Jónsson“ (en ekki „Jónsdóttir“) og eiginkona karls sem er Jónsson fær á sama hátt rétt til að nefna sig „Jónsdóttir“ (en ekki „Jónsson“). Hinum erlenda maka er að sjálfsögðu einnig heimilt að halda kenninafni sínu óbreyttu.

Um VI. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um nafnbreytingar, annars vegar breytingar á eiginnöfnum og millinöfnum í þætti A og hins vegar breytingar á kenninöfnum í þætti B.

Um 13. gr.

Í 1. mgr. segir að dómsmálaráðherra sé heimilt að leyfa manni breytingu á eiginnafni og/eða millinafni, þar með talið að taka sér viðbótarnafn eða -nöfn og/eða fella niður nafn eða nöfn ef telja verður að ástæður mæli með því.

Málsgreinin svarar til 1. málsl. 3. mgr. 7. gr. gildandi laga og felur í sér þrjár breytingar. Hin fyrsta er að málsgreinin tekur nú til millinafna eins og eiginnafna og þarfnast sú breyting ekki skýringa. Önnur breytingin er aðeins orðalagsbreyting á þá leið að niðurfelling nafna falli undir nafnbreytingu. Ekki er sérstaklega kveðið á um þetta í 1. málsl. 3. mgr. 7. gr. gildandi laga, en hann hefur þó verið túlkaður þannig að hann taki til niðurfellingar nafns svo að hér er ekki um efnisbreytingu að ræða. Þriðja breytingin er sú að nú er nægjanlegt að ástæður mæli með nafnbreytingu í stað gildra ástæðna áður. Í greinargerð með 7. gr. gildandi laga kemur fram að tilgangur orðalagsins „gildar ástæður" var að veita þrönga heimild til breytinga á eiginnöfnum. Við framkvæmd laganna hefur hins vegar komið í ljós rík þörf fyrir rýmri heimild til breytinga á eiginnöfnum og leggur nefndin því til þá rýmkun sem að framan greinir. Þessi breyting á þó ekki að leiða til tíðari nafnbreytinga en áður því að í 17. gr. frumvarpsins er kveðið á um að nafnbreytingar skuli einungis heimilaðar einu sinni nema sérstaklega standi á. Á það við um breytingar á eiginnöfnum, millinöfnum og kenninöfnum.

Þótt heimilt sé að fella nafn niður skal maður að sjálfsögðu ávallt bera að minnsta kosti eitt eiginnafn. Einnig er rétt að benda á að niðurfelling nafns skv. 1. mgr. 13. gr. er annað en breyting á skráningu nafns skv. 20. gr. frumvarpsins, en slík breyting á skráningu getur m.a. falist í því að nafn, sem maður ber í rauninni áfram, er fellt niður í þjóðskrá.

Barn manns sem hefur breytt eiginnafni sínu má halda kenninafni sínu óbreyttu eða taka upp kenninafn í samræmi við breytt eiginnafn foreldrisins.

Í 2. mgr. 13. gr. er kveðið á um nafnbreytingar barna undir 16 ára aldri. Málsgreinin svarar til 2. og 3. málsl. 3. mgr. og 2. málsl. 5. mgr. 7. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Í 3. mgr. er sérstök heimild til nafnbreytingar barns við ættleiðingu. Málsgreinin svarar til 4. mgr. 7. gr. gildandi laga og er óbreytt að öðru leyti en því að lagt er til að 2. málsl. þeirrar greinar falli niður, en í honum segir að nafnbreyting barns við ættleiðingu skuli háð samþykki þess sjálfs sé þess kostur. Í staðinn er nú lagt til að um samþykki barnsins fari eftir hinu almenna ákvæði 4. mgr. 13. gr. sem nú skal vikið að.

Í 4. mgr. segir að breyting á eiginnafni eða millinafni barns undir 16 ára aldri skuli háð samþykki þess hafi það náð 12 ára aldri. Málsgreinin felur í sér þá mikilvægu breytingu að eftirleiðis þarf ávallt að leita eftir samþykki barns, 12 ára eða eldra, við nafnbreytingu þess, en ekki aðeins þegar nafnbreytingin á sér stað við ættleiðingu, eins og er í gildandi lögum. Ákvæðið er reist á virðingu fyrir vilja barnsins og í samræmi við mannréttindasáttmála sem Ísland er aðili að, m.a. sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Ástæður þess að lagt er til að miða skuli við 12 ára aldur eru að nauðsynlegt þykir að hafa hér skýr aldursmörk og að 12 ára mörkin eru í samræmi við þau aldursmörk sem almennt er miðað við í norrænum rétti. Enn fremur eru þau í samræmi við ákvæði barnalaga, nr. 20/1992, og ættleiðingarlaga, nr. 15/1978. Ekkert mælir þó gegn því að leitað sé eftir samþykki yngra barns ef ástæða þykir til og má ætla að svo verði gert.

Í 5. mgr. er tekið fram að það sé skilyrði nafnbreytingar að hin nýju nöfn séu á mannanafnaskrá eða samþykkt af mannanafnanefnd, sbr. þó 3. mgr. 6. gr. og 7. og 10. gr. Ákvæðið svarar til 1. málsl. 5. mgr. 7. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Hér er kveðið á um breytingar á kenninöfnum barna undir 16 ára aldri eins og tekið er fram í 1. mgr.

Í 2. mgr. segir að kenna megi ófeðrað barn til stjúpföður þess. Ákvæðið er að efni til óbreyttur 2. málsl. 1. mgr. 12. gr. gildandi laga.

Í 3. mgr. er kveðið á um að með leyfi dómsmálaráðherra megi kenna feðrað barn til stjúpforeldris. Málsgreinin samsvarar 2. mgr. 12. gr. gildandi laga. 2. málsl. 2. mgr. þeirrar greinar er þó felldur niður, enda gefur auga leið að beiðni um breytingu á kenninafni barns skal undirrituð af forsjármönnum þess.

Í 4. mgr. segir að ákvörðun skv. 2. og 3. mgr. skuli háð samþykki stjúpforeldris.

Ákvæði 5. mgr. er óbreytt 3. mgr. 12. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Í 6. mgr. segir að breyting á kenninafni barns undir 16 ára aldri skuli háð samþykki þess hafi það náð 12 ára aldri. Ákvæðið svarar til hluta af 4. mgr. 12. gr. gildandi laga. Hliðstætt ákvæði er í 4. mgr. 13. gr. frumvarpsins og þarfnast þetta ákvæði því ekki sérstakra skýringa hér.

Um 15. gr.

Þessi grein kemur að hluta í stað 1. mgr. 14. gr. gildandi laga. Í greininni er mælt fyrir um að maður geti fellt niður ættarnafn sitt eða tekið það upp sem millinafn og skal hann þá kenna sig til móður eða föður skv. 3. mgr. 8. gr. Fjallað hefur verið um þessi atriði í athugasemdum við 7. og 8. gr. og er hér vísað til þeirra. Heimild til breytinga samkvæmt þessari grein er ekki bundin við ákveðinn aldur.

Um 16. gr.

Þessi grein svarar til 16. gr. gildandi laga og er í rauninni efnislega óbreytt. Til að taka af tvímæli er hér þó tekið sérstaklega fram að greinin eigi aðeins við um þá sem hafa náð 16 ára aldri. Heimildir til breytinga á kenninöfnum barna undir 16 ára aldri geta því einungis átt sér stoð í 14. og 15. gr.

Rétt þykir að ákvæði þessarar greinar verði túlkað þröngt. Ýmsar gildar ástæður geta þó legið til þess að heimila manni kenninafnsbreytingu. Sé kenninafn mjög fátítt kann að standa svo á að það sé sérstaklega tengt þekktum afbrotamanni í hugum almennings og er þá auðsæilega gild ástæða til að heimila þeim sem það ber kenninafnsbreytingu. Einnig geta fátíð kenninöfn verið svo klaufaleg eða jafnvel niðrandi að menn líði beinlínis fyrir að bera þau, en í slíkum tilvikum virðist þó eðlilegt að leitað sé umsagnar mannanafnanefndar áður en breytingin er heimiluð, sbr. ákvæði 3. mgr. 5. gr. um ama sem mannanafnanefnd úrskurðar um. Það kann og að vera sanngjarnt og réttmætt að leyfa manni að kenna sig til stjúp- eða fósturforeldris þegar þannig stendur á að hann hefur lítil sem engin samskipti haft við kynforeldri sitt. Slíkt leyfi yrði að sjálfsögðu háð samþykki stjúp- eða fósturforeldris ef unnt væri að afla þess. Ekki eru sjáanleg rök fyrir því að heimila t.d. 15 ára barni að kenna sig til stjúpforeldris skv. 3. mgr. 14. gr. en ekki 17 ára ungmenni á grundvelli 16. gr.

Í 1. mgr. 13. gr. er einungis áskilið að ástæður mæli með breytingu á eiginnafni og/eða millinafni en í þessari grein er tekið fram að ástæður fyrir kenninafnsbreytingu þurfi að vera gildar. Það er því ljóst að verulega ríkari ástæður þurfa til að koma til að manni verði heimiluð kenninafnsbreyting en eiginnafns- eða millinafnsbreyting.

Um 17. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um að nafnbreytingar skuli einungis heimilaðar einu sinni nema sérstaklega standi á. Ákvæðið tekur til eiginnafnsbreytinga, millinafnsbreytinga og kenninafnsbreytinga og á jafnt við um breytingar sem aðeins eru tilkynntar Þjóðskrá og breytingar sem dómsmálaráðherra heimilar. Hliðstæð ákvæði eru í lokamálslið 3. mgr. 7. gr. gildandi laga og í lokamálslið 21. gr., hið fyrra um breytingar á eiginnöfnum og hið síðara um breytingar á ritun nafns í þjóðskrá.

Um VII. kafla.

Í þessum kafla eru tekin saman ákvæði um skráningu nafns í þjóðskrá og notkun nafns í opinberum gögnum og lögskiptum. Hér er fátt um nýjungar en þó þykir rétt að skýra hverja grein kaflans sérstaklega.

Um 18. gr.

Í 1. mgr. er tekið fram að við skráningu á kenninafni barns skuli það kennt til föður eða móður skv. 3. mgr. 8. gr. nema tekið sé fram í tilkynningu til Þjóðskrár að barnið skuli bera ættarnafn sem það hefur rétt til. Málsgreinin er efnislega samhljóða 2. mgr. 19. gr. laga nr. 37/1991.

Í 2. mgr. er nýtt ákvæði þess efnis að allar nafnbreytingar sem ekki eru bundnar leyfi dómsmálaráðherra skuli tilkynntar Þjóðskrá. Þær breytingar, sem um er að ræða, eru eftirfarandi:

1. Maður tekur sér millinafn skv. 3. mgr. 6. gr. eða skv. 7. gr., sbr. þó 1. mgr. 13. gr. (þar sem kveðið er á um að einungis ráðherra geti heimilað niðurfellingu nafns sem kann að vera nauðsynleg samhliða upptöku millinafns).
2. Aðlögun kenninafns skv. 4. mgr. 8. gr.
3. Maður leggur niður föður- eða móðurnafn maka síns við flutning til landsins skv. 3. mgr. 9. gr.
4. Erlendur ríkisborgari breytir kenninafni sínu skv. 12. gr.
5. Ófeðrað barn er kennt til stjúpföður skv. 2. mgr. 14. gr.
6. Maður fellir niður ættarnafn eða breytir því í millinafn skv. 15. gr.
7. Breyting á skráningu nafns (eiginnafns, millinafns eða kenninafns) skv. 20. gr., sbr. athugasemdir við þá grein.

Í 3. mgr. er tekið fram að breyting á nafni taki ekki gildi fyrr en hún hefur verið færð í þjóðskrá. Málsgreinin er samhljóða 1. mgr. 19. gr. laga nr. 37/1991 að öðru leyti en því að hún tekur nú til millinafna auk eiginnafna og kenninafna.

Um 19. gr.

Í 1. mgr. er tekið fram að nöfn manna skuli rituð eins og þau eru skráð í þjóðskrá í öllum opinberum skrám og gögnum. Í 2. mgr. er kveðið á um að menn skuli tjá nafn sitt eins og það er ritað í þjóðskrá í skiptum við opinbera aðila, við samningsgerð og í öllum lögskiptum.

Greinin er samhljóða 20. gr. laga nr. 37/1991 að öðru leyti en því að skilgreiningin á hugtakinu „fullt nafn“, sem er í 1. mgr. 20. gr. laga nr. 37/1991, hefur verið gerð að 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins (og tekið tillit til millinafna í skilgreiningunni).

Um 20. gr.

Í þessari grein er tekið fram að Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, geti heimilað að ritun nafns í þjóðskrá sé breytt án þess að um sé að ræða eiginlega nafnbreytingu og kveðið nánar á um skilyrði fyrir slíkri riháttarbreytingu. Greinin er samhljóða 21. gr. laga nr. 37/1991.

Þær breytingar sem falla undir þessa grein eru eftirfarandi:

1. Breyting á rithætti eiginnafns eða millinafns í samræmi við úrskurði mannanafnanefndar um heimila rithætti nafna (t.d. Esther í stað Ester eða öfugt).
2. Breyting á nafnritun sem felur það í sér að eiginnafn eða millinafn er fellt úr þjóðskrá eða skammstafað.
3. Breyting á kenninafni þannig að menn taki upp ættarnafn sem þeir eiga rétt á eða kenni sig til móður í stað föður eða öfugt. Enn fremur breyting á kenninafni sem felur það í sér að maður kennir sig til annars eiginnafns foreldris en hann hefur áður gert.
4. Aðlögun kenninafns skv. 4. mgr. 8. gr. að því tilskildu að mannanafnanefnd hafi þegar fjallað um málið eða alveg hliðstætt mál.

Óski forsjármenn barns eftir einhverri af framangreindum breytingum á nafnritun þess skulu þeir beina umsókn þar að lútandi til Þjóðskrár.

Um VIII. kafla.

Í þessum kafla eru dregin saman ákvæði um skipan mannanafnanefndar, verksvið hennar og störf. Ákvæði kaflans svara til ákvæða sem voru í 3., 6., 17. og 18. gr. laga nr. 37/1991 og eru að mestu óbreytt.

Um 21. gr.

Hér er kveðið á um að dómsmálaráðherra skipi þrjá aðalmenn og jafnmarga varamenn í mannanafnanefnd til fjögurra ára í senn. Einnig er tekið fram að tveir aðalmenn skuli skipaðir að fengnum tillögum heimspekideildar Háskóla Íslands en einn að fenginni tillögu lagadeildar skólans og að varamenn skuli skipaðir með sama hætti. Loks er tekið fram að nefndin skipti sjálf með sér verkum og að kostnaður af störfum hennar greiðist úr ríkissjóði.

Þessi grein svarar til 17. gr. laga nr. 37/1991 og er óbreytt að öðru leyti en því að lagt er til að dómsmálaráðherra skipi í mannanafnanefnd að fengnum tillögum heimspekideildar og lagadeildar en ekki eftir tilnefningum þeirra. Þó að lagt sé til að ráðherra sé ekki bundinn af tillögum deildanna má ætla að hann skipi í mannanafnanefnd í samræmi við þær tillögur í langflestum tilvikum. Breytingin er í samræmi við ríkjandi stefnu í lagasetningu.

Um 22. gr.

Þessi grein sameinar 3. og 18. gr. laga nr. 37/1991 en er að mestu óbreytt efnislega.

Í 1. mgr. eru verkefni mannanafnanefndar talin upp í 1.–3. tölul.

Í 1. tölul. er nefndinni falið að semja skrá um heimil eiginnöfn og millinöfn skv. 5. og 6. gr., svokallaða mannanafnaskrá. Inn í töluliðinn hafa verið felld ákvæði 3. gr. laga nr. 37/1991 um það hvernig mannanafnaskráin skal gefin út og kynnt en að öðru leyti svarar liðurinn til 1. tölul. 1. mgr. 18. gr. laga nr. 37/1991, þó þannig að hann tekur nú til millinafna auk eiginnafna.

Í 2. tölul. er tekið fram að mannanafnanefnd skuli vera prestum, forstöðumönnum skráðra trúfélaga, Hagstofunni, dómsmálaráðherra og forsjármönnum barna til ráðuneytis um nafngjafir og skera úr álita- og ágreiningsefnum um nöfn, sbr. 3., 5., 6., 8., 13. og 23. gr. Töluliðurinn er efnislega samhljóða 2. tölul. 1. mgr. 18. gr. laga nr. 37/1991.

Í 3. tölul. er mannanafnanefnd loks falið að skera úr öðrum álita- eða ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um nafngjafir, nafnritun og fleira þess háttar. Töluliðurinn er samhljóða 3. tölul. 1. mgr. 18. gr. laga nr. 37/1991.

Í 2. mgr. segir að úrskurðum mannanafnanefndar sé ekki unnt að skjóta til æðra stjórnvalds og að nefndin skuli birta niðurstöður úrskurða sinna árlega. Þessi ákvæði eru efnislega óbreytt frá ákvæðum 2. mgr. 18. gr. laga nr. 37/1991 og orðalagi aðeins hnikað á þann veg að nú segir að úrskurðum mannanafnanefndar sé ekki unnt að skjóta til æðra stjórnvalds en í lögunum segir að þeir séu fullnaðarúrskurðir.

Það sjónarmið kom fram á fundum nefndarinnar að óeðlilegt væri að Hagstofa Íslands gæfi mannanafnaskrána út. Eftir nokkrar umræður komst nefndin þó að þeirri niðurstöðu að heppilegast væri að hafa sama hátt á um útgáfu skrárinnar og hingað til. Gerð mannanafnaskrár byggist einkum á ýmsum upplýsingum sem mannanafnanefnd verður að sækja til Hagstofu Íslands, Þjóðskrár, m.a. upplýsingum um nöfn í þjóðskrá og tíðni þeirra. Þegar alls er gætt virðist því einfaldast að Hagstofa Íslands standi eftir sem áður að útgáfu skrárinnar.

Um 23. gr.

Hér segir að mannanafnanefnd skuli kveða upp úrskurði í þeim málum sem til hennar er vísað svo fljótt sem við verður komið og ekki síðar en innan fjögurra vikna frá því mál berast nefndinni.

Þessi grein kemur í stað 6. gr. laga nr. 37/1991. Tvær breytingar hafa verið gerðar á greininni. Sú fyrri er að mannanafnanefnd hefur nú fjögurra vikna frest til að kveða upp úrskurði sína í stað tveggja vikna áður. Þykir ekki fært að gera þá kröfu til nefndarmanna að þeir séu tiltækir á tveggja vikna fresti allan ársins hring, jafnt um hátíðir og á sumarleyfistíma sem ella.

Síðari breytingin er sú að eftirfarandi ákvæði hefur verið fellt niður: „Ef felldur er synjunarúrskurður skal forsjármaður barns velja því annað eiginnafn. Skal nafn þá ekki fært í þjóðskrá fyrr en barninu hefur verið gefið eiginnafn sem er á mannanafnaskrá eða mannanafnanefnd samþykkir, sbr. enn fremur ákvæði til bráðabirgða II.“ Óþarfi þykir að taka þetta fram í lagatextanum. Það liggur í hlutarins eðli og leiðir af ákvæðum 3. gr. og 1. mgr. 22. gr. að nafn sem er synjað af mannanafnanefnd færist ekki í mannanafnaskrá og er þar af leiðandi óheimilt. Við þessar aðstæður leiðir því af sjálfu sér að forsjármaður barns verður að velja því annað nafn (sé um einnefni að ræða) og að önnur nöfn en þau sem mannanafnanefnd samþykkir færast ekki í þjóðskrá, sbr. þó 3. mgr. 6. gr. og 7. og 10. gr.

Um IX. kafla.

Þessi kafli er nánast óbreyttur V. kafli laga nr. 37/1991 og þykir því óþarft að fjalla sérstaklega um hverja grein hans.

Í 25. gr., sem svarar til 23. gr. laga nr. 37/1991, er sú smávægilega breyting gerð að hámarksfjárhæð dagsekta er miðuð við vísitölu í janúar 1995 í stað janúar 1991. Auk þess hefur ákvæði 3. mgr. 26. gr. gildandi mannanafnalaga verið fært til og gert að ákvæði til bráðabirgða II.

Sú hugmynd kom fram í nefndinni að fella niður dagsektarákvæði 25. gr. en eftir viðræður við starfsmenn Þjóðskrár var horfið frá henni. Þótt dagsektarákvæðinu hafi aldrei verið beitt telja starfsmenn Þjóðskrár að það hafi svo mikil varnaðaráhrif að óhjákvæmilegt sé að hafa það áfram í lögum. Jafnframt kom fram í máli þeirra að nafngjafir dragast nú síð-

ur á langinn en fyrir gildistöku laga nr. 37/1991 og að mikil umskipti til hins betra hafa orðið að þessu leyti.

Í 1. mgr. 28. gr. er tekið fram að lögin öðlist gildi 1. janúar 1997. Hin nýja heimild fyrir millinöfnum veldur því að gefa verður út nýja mannanafnaskrá áður en lögin taka gildi og reynslan sýnir að vinna við gerð mannanafnaskrár er mjög tímafrek. Að þessu athuguðu þótti rétt að miða gildistöku við 1. janúar 1997.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Umboðsmaður Alþingis hefur í áliti sínu í tilefni af skráningu Þjóðskrár á mannanöfnum frá 20. september 1994 komist að þeirri niðurstöðu að nokkur aðstöðumunur sé við framkvæmd löggjafar um mannanöfn, þar sem *full nöfn* þeirra einstaklinga, sem heita mjög löngum nöfnum eða mörgum eiginnöfnum, verða ekki skráð í þjóðskrá. Hann telur nauðsyn bera til að tekið verði til athugunar hvort fært sé að breyta þessu. Verði slíkum breytingum ekki komið við telur hann nauðsynlegt að settar verði skýrar reglur um með hvaða hætti skuli brugðist við þegar fullt nafn verður ekki skráð í þjóðskrá.

Af tilefni framangreinds álits umboðsmanns Alþingis bar varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins, Hjálmar Jónsson, fram fyrirspurn á Alþingi til forsætisráðherra 7. nóvember 1994, m.a. um það hvort ráðherra hyggist beita sér fyrir breytingu á tölvukerfi Hagstofunnar í þá veru að landsmönnum verði ekki mismunað með þessum hætti. Í svari forsætisráðherra kemur fram að hann muni beita sér fyrir því að þjóðskrá og öðrum opinberum skrám verði breytt. Þetta verk sé hins vegar mjög umfangsmikið og óvisst hvenær því lýkur. Endurnýjun þessi eigi að ná til alls tölvukerfis Þjóðskrár, þar með talið til rýmis fyrir nöfn.

Þar sem ekki er ljóst hvenær þeirri breytingu verður komið á sem felst í svari forsætisráðherra telur nefndin nauðsynlegt, á grundvelli álits umboðsmanns Alþingis, að lögfesta ákvæði um að Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, skuli setja skýrar reglur um skráningu nafna í þeim tilvikum þegar ekki er unnt að skrá nafn manns að fullu í þjóðskrá. Reglur þessar skulu gilda þar til nauðsynlegum breytingum á skráningu þjóðskrár á mannanöfnum verður komið á.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa, en það er óbreytt 3. mgr. 26. gr. laga nr. 37/1991.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um mannanöfn.

Með frumvarpi þessu er verið að endurskoða lög um mannanöfn, nr. 37/1991, og gera á þeim nokkrar breytingar. Gert er ráð fyrir að mannanafnanefnd skv. 21.–22. gr. frumvarpsins muni starfa áfram á sama hátt og hún hefur gert og almenn umsjá dómsmálaráðuneytisins með þessum málaflokki mun verða óbreytt.

Ekki verður séð að frumvarp þetta hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð verði það að lögum.

74. Frumvarp til laga [74. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist nýr töluliður, 9. tölul., svohljóðandi:

9. Fyrir háttsemi, sem greinir í samningi gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu frá 10. desember 1984. Mál samkvæmt þessum tölulið skal þó aðeins höfða eftir fyrirskipun dómsmálaráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almennar athugasemdir.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan dómsmálaráðherra og fjallar um breytingar á 6. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Eru þessar breytingar taldar nauðsynlegar svo að unnt sé að fullgilda af Íslands hálfu samning á vegum Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu frá 10. desember 1984. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Jafnframt því sem þetta frumvarp er flutt, verður borin fram af utanríkisráðherra tillaga til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda framangreindan samning.

1. Alþjóðasamningar þar sem bann er lagt við pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu og um varnir gegn pyndingum.

Samningurinn gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, sem var samþykktur af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 10. desember 1984, er meðal mikilvægustu grundvallarsamninga um mannréttindi sem hafa verið gerðir á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Þar skipar hann bekk með alþjóðasamningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, báðum frá 1966, alþjóðasamningi um afnám alls kynþáttamisréttis frá 1965, samningi um afnám allrar mismununar gagnvart konum frá 1979 og samningnum um réttindi barnsins frá 1989 en fyrrgreindir alþjóðasamningar hafa allir verið fullgiltir af Íslands hálfu.

Ísland er aðili að ýmsum alþjóðasamningum um mannréttindi sem fela í sér skuldbindingu um að tryggja að enginn maður innan lögsögu ríkisins þurfi að sæta pyndingum eða annarri ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Elstur slíkra samninga er Genfarsamningur frá árinu 1949 um verndun almennra borgara á stríðstímum. Mikilvægustu ákvæði um efnið í nýrri samningum eru 7. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi frá 16. desember 1966, 37. gr. samningsins um réttindi barnsins frá 20. nóvember 1989 og 3. gr. Evrópusamnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis (mannréttindasáttmála Evrópu) frá 4. nóvember 1950, en mannréttindasáttmálinn var lögfestur hér á landi með lögum nr. 62/1984. Loks hefur Ísland gerst aðili að

Evrópusamningi um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu frá 26. nóvember 1987. Hann nýtur sérstöðu að því leyti að í honum eru ekki bein efnisákvæði um bann við pyndingum heldur hefur hann það markmið helst að bæta eftirlitskerfi innan aðildarríkja að samningnum og að auka vernd réttinda samkvæmt áðurnefndri 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Samkvæmt Evrópusamningnum um varnir gegn pyndingum starfar sérstök nefnd sem getur heimsótt þá staði í aðildarríkjunum þar sem frjálsræðissviptir menn eru vistaðir. Nefndin gerir skýrslu um heimsóknina og þær athuganir sem hún hefur gert og er skýrslan send viðkomandi ríki. Ef aðildarríkið fer ekki að tillögum nefndarinnar um úrbætur eða neitar samvinnu getur nefndin gefið út opinbera yfirlýsingu um málið. Vegna aðildar Íslands að Evrópusamningnum um varnir gegn pyndingum voru sett sérstök lög, nr. 15/1990, þar sem settar eru reglur varðandi heimsóknir og störf áðurgreindrar nefndar hér á landi. Sumarið 1993 heimsótti nefndin Ísland og í kjölfar heimsóknarinnar gerði hún ítarlega skýrslu þar sem fram kom álit hennar á aðbúnaði manna sem dvelja í fangelsum, á lögreglustöðvum eftir handtöku og meðferðarstofnun fyrir ósakhæfa afbrotamenn og um önnur atriði. Í athugasemdum nefndarinnar var tekið fram að hún hefði engar ásakanir heyrt um pyndingar eða illa líkamlega meðferð frjálsræðissviptra manna á áðurgreindum stofnunum hér á landi eða orðið annars áskynja sem benti til þess að pyndingar hefðu átt sér stað.

Þess má geta að aldrei hefur reynt á kæru gegn íslenska ríkinu vegna brota á alþjóðlegum mannréttindaákvæðum um pyndingar fyrir alþjóðlegum stofnunum þar sem kæruleiðir eru veittar vegna brota aðildarríkja á ákvæðum alþjóðasamningsins um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og mannréttindasáttmála Evrópu.

2. Íslensk löggjöf.

Ákvæði í alþjóðasamningum sem lýst hefur verið að framan þar sem lagðar eru þær skyldur á aðildarríki að leggja bann við pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu hafa ekki orðið tilefni sérstakrar lagasetningar eða lagabreytinga hér á landi. Hefur verið litið svo á að ákvæði almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, hafi veitt borgurunum nægilega refsivernd í þessu tilliti þótt þar sé ekki að finna sérstakt refsiákvæði sem beinist gagngert að banni gegn pyndingum. Sem mikilvægustu ákvæði almennu hegningarlaganna sem koma þess í stað má nefna ýmis ákvæði XXIII. kafla laganna um manndráp og líkamsmeiðingar, einkum 211. gr. um manndráp, 217. og 218. gr. um líkamsárásir, svo og bann við ólögmætri nauðung í 225. gr. laganna, og loks ákvæði XIV. kafla laganna um brot í opinberu starfi, einkum 131., 132. og 134. gr. Í síðastnefndum ákvæðum er meðal annars skýrlega gerð refsiverð háttsemi dómara eða annars opinbers starfsmanns sem á að halda uppi refsivaldi ríkisins og beitir ólöglegri aðferð til þess að koma manni til játningar eða sagna og framkvæmir ólöglegra handtöku, fangelsun eða rannsókn. Eins er lögð refsing við því ef slíkur opinber starfsmaður gætir ekki réttra aðferða við meðferð máls eða úrlausn, handtöku, leit, fangelsun eða framkvæmd refsingar. Loks er sérstakt refsiákvæði um aðstöðu þar sem opinber starfsmaður misnotar stöðu sína til að neyða mann til að gera eitthvað, þola eitthvað eða láta eitthvað ógert.

Með breytingum, sem gerðar voru á mannréttindaákvæðum íslensku stjórnarskrárinnar með lögum nr. 97/1995, var í fyrsta skipti bundið í stjórnarskrána fortakslaust bann við pyndingum en 1. mgr. 68. gr. hennar er nú svohljóðandi:

„Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.“

Er þetta ákvæði mjög sambærilegt við orðalag ákvæða í alþjóðlegum samningum um bann við pyndingum enda var eitt markmið stjórnarskrárbreytinganna einmitt að endurskoða mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar með tilliti til þeirra alþjóðlegu skuldbindinga sem Ísland hefur gengist undir á vettvangi mannréttinda. Er vafalaust að túlkun, sem hefur mótast í framkvæmd alþjóðlegra mannréttindastofnana á sambærilegum ákvæðum, verður mikilvæg við skýringu á því hvert verður inntak þessa stjórnarskrárákvæðis.

3. Markmið samningsins.

Þessi samningur nýtur að ýmsu leyti sambærilegrar sérstöðu og þeirrar sem áður var lýst varðandi Evrópusamning um varnir gegn pyndingum. Þannig eru ekki í honum bein efnisákvæði um bann gegn pyndingum heldur er í formála hans vísað til 5. gr. mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna og 7. gr. samningsins um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Markmið samningsins er fyrst og fremst að setja reglur um hvernig ríki skuli framfylgja banni við pyndingum og uppræta þær og um ráðstafanir sem þeim er skylt að grípa til og fela í sér varnir gegn pyndingum.

Þótt í samningnum sé látið nægja að vísa til annarra alþjóðasamninga með efnisákvæðum um bann við pyndingum felst ótvírætt mikilvægt efnislegt framlag í 1. gr. hans. Þetta ákvæði er í raun kjarni samningsins þar sem sett er fram ítarleg skilgreining á hugtakinu „pyndingar“ á meðan ákvæði annarra alþjóðasamninga sem fela í sér bann við pyndingum skortir slíka skilgreiningu. Þrátt fyrir að þessi skilgreining hugtaksins geti aldrei orðið afdráttarlaus og bjóði upp á ýmsar leiðir til túlkunar hefur hún almennt verið höfð að leiðarljósi við túlkun ákvæða í öðrum alþjóðlegum samningum þar sem bann er lagt við pyndingum, bæði á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og hjá stofnunum sem starfa samkvæmt mannréttindasáttmála Evrópu. Þó er óhætt að fullyrða að örðugt er að afmarka inntak hugtaksins pyndingar svo einhlítt sé og er það í reynd enn í mótun í framkvæmd alþjóðastofnana sem taka við kærum um brot á mannréttindasamningum.

Ekki er reynt að skilgreina hugtökin „önnur grimmileg, ómannleg eða vanvirðandi meðferð“ með sambærilegum hætti og hugtakið pyndingar í upphafsákvæði samningsins. Í 16. gr. samningsins er tekið fram að aðildarríki skuldbindi sig til að hindra að framin verði önnur verk er teljast til grimmilegrar, ómannlegrar eða vanvirðandi meðferðar eða refsingar en skilgreining hugtaksins pyndingar í 1. gr. nær þó ekki til og er síðan sérstaklega vísað til skuldbindinga samkvæmt 10.–13. gr. samningsins.

4. Skyldur ríkja samkvæmt samningnum til að framfylgja banni gegn pyndingum.

Ákvæði um skyldur aðildarríkja samkvæmt samningnum, sem skipta máli við mat á því hvort breyta þurfi íslenskri löggjöf, koma fram í I. hluta samningsins, eða í 2.–15. gr. Verður þeim nú lýst í stuttu máli:

Í 2. gr. er fjallað um virkar ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnsýslu eða réttarvörslu og aðgerðir til að koma í veg fyrir pyndingar og að bann við pyndingum sé fortakslaust.

Í 3. gr. er fjallað um bann við framsali á manni til annars ríkis ef hætta er á að hann sæti þar pyndingum.

Í 4. gr. er sú skylda lögð á aðildarríki að gera pyndingar refsiverð brot.

Í 5. gr. er skylda lögð á aðildarríki að gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að fella brot skv. 4. gr. undir refsilögsögu sína.

Í 6. gr. er fjallað um gæslu manns sem sakaður er um brot skv. 4. gr.

Í 7. gr. er fjallað um meðferð refsimáls vegna pyndinga.

Í 8. gr. er sú skylda lögð á aðildarríki að fella brot skv. 4. gr. undir afbrot sem geta varðað framsali milli ríkja.

Í 9. gr. er fjallað um gagnkvæma aðstoð á milli aðildarríkja í tengslum við refsimál vegna brota skv. 4. gr.

Í 10. gr. er fjallað um fræðslu um bann við pyndingum sem aðildarríki skulu tryggja að séu innifalin í þjálfun manna sem fást við gæslu, yfirheyrslur eða meðferð manns sem sætir handtöku, varðhaldi eða fangelsun.

Í 11. gr. er fjallað um kerfisbundið eftirlit með yfirheyrslureglum og fyrirkomulagi gæslu og meðferðar manna sem sæta handtöku, varðhaldi eða fangelsun.

Í 12. gr. er skylda lögð á aðildarríki að tryggja að lögbær stjórnvöld hlutist til um málsrannsókn ef grunur leikur á að pyndingar hafi átt sér stað.

Í 13. gr. er aðildarríkjum gert skylt að tryggja að maður sem heldur fram að hann hafi verið beittur pyndingum geti borið fram kæru þess efnis til lögbærra stjórnvalda.

Í 14. gr. er fjallað um bótarétt manns sem hefur sætt pyndingum.

Í 15. gr. er fjallað um skyldu ríkis til að tryggja að engin yfirlýsing, sem fengin hefur verið með pyndingum, sé notuð sem sönnunargagn í málaferlum.

Þegar litið er til framangreindra skyldna sem ríki gangast undir með aðild að samningnum verður ekki talið að þörf sé á breytingum eða viðbótum við íslenska löggjöf að öðru leyti en því sem leiðir af 5. gr. samningins um ráðstafanir til að víkka út refsilögsögu ríkja. Í 1. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 6. gr. almennra hegningarlaga til þess að færa íslenska löggjöf til samræmis þessu ákvæði samningsins og verður nánar vikið að þeim hér á eftir í sérstökum athugasemdum við 1. gr.

Í umfjöllun um íslenska löggjöf hér að framan var því lýst að ákvæði almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, veiti nægilega refsivernd til þess að uppfylla skyldu samkvæmt 4. gr. samningsins, þannig að pyndingar verði taldar refsivert brot að íslenskum lögum.

Hvað varðar skyldur sem samningurinn leggur á aðildarríki í tengslum við framsal í 3. og 8. gr. samningsins og um aðstoð milli ríkja í tengslum við rekstur sakamáls skv. 9. gr. samningsins eru ítarlegar reglur um það efni í lögum nr. 13/1984 um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum. Er íslensk löggjöf þannig í fullu samræmi við þessi ákvæði samningsins.

Skyldur, sem eru að öðru leyti lagðar á aðildarríki í ákvæðum samningsins varðandi gæslu manna sem sakaðir eru um að hafa beitt pyndingum, rannsókn, meðferð og úrlausn refsimála vegna pyndinga og um kærurétt og bótarétt þess sem beittur hefur verið pyndingum, má leiða af almennum reglum laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 og er því ekki þörf lagabreytinga á þeim vettvangi.

Þess má loks geta að skipun sérstakrar nefndar gegn pyndingum skv. II. hluta samningsins kallar ekki á neinar lagabreytingar í íslenskri löggjöf. Sambærilegar nefndir eru starfandi samkvæmt öðrum mannréttindasamningum á vegum Sameinuðu þjóðanna sem Ísland er aðili að, svo sem samningnum um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, samningnum um afnám alls kynþáttamisréttis. samningnum um afnám allrar mismununar gagnvart konum og samningnum um réttindi barnsins, án þess að þær hafi orðið tilefni lagasetningar hér á landi. Eftirlitsstarf nefndarinnar gegn pyndingum samkvæmt þessum

samningi er mjög frábrugðið starfi nefndar samkvæmt Evópusamningnum um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu sem varð tilefni setningar laga nr. 15/1990. Þessi samningur leggur engar sambærilegar skyldur á aðildarríki að veita nefndinni sem starfar samkvæmt honum rétt til heimsækja þau og rannsaka aðstæður frjálsræðissviptra manna innan þeirra. Eftirlitsstarf nefndarinnar samkvæmt samningi þessum felst þannig fyrst og fremst í að rannsaka skýrslur sem aðildarríki senda henni um framkvæmd samningsins. Nefndin getur einnig tekið til athugunar erindi sem henni berast um að aðildarríki hafi brotið gegn ákvæðum samningsins, en þó aðeins að því tilskildu að aðildarríki hafi gefið sérstaka yfirlýsingu um að það viðurkenni þetta vald nefndarinnar, sbr. 21. gr. samningsins.

Samþykkt þessa lagafrumvarps leiðir hvorki til ríkisútgjalda né neins konar aukinna ríkisumsvifa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Almenn ákvæði um refsilögsögu íslenska ríkisins er að finna í I. kafla almennra hegningarlaga í 4.–6. gr. Samkvæmt þessum reglum er unnt að refsa eftir íslenskum hegningarlögum þegar eitthvert eftirtalinna skilyrða er uppfyllt:

1. brotið er framið innan íslenska ríkisins eða á íslenskum skipum eða í íslenskum loftförum,
2. fyrir brot sem íslenskir ríkisborgarar eða menn búsettir á Íslandi hafa framið erlendis og einnig ef brotamaður er ríkisborgari í eða búsettur í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð og dvelst hér á landi,
3. brotið er gegn sjálfstæði ríkisins, öryggi þess, stjórnskipan og stjórnvöldum,
4. brotið er á skyldum, sem þeim er verkið vann, bar samkvæmt íslenskum lögum að rækja erlendis, svo og á skyldum samkvæmt ráðningu á íslenskt far,
5. brotið er gegn hagsmunum íslensks ríkisborgara eða manna búsettra á Íslandi ef brot er framið á stað þar sem refsivald annarra ríkja nær ekki til að þjóðarétti eða
6. um er að ræða brot sem milliríkjasamningar samkvæmt 4.–7. tölul. 6. gr. alm. hegningarlaga taka til svo og ef um ræðir rangan eiðfestan framburð fyrir EFTA dómstólnum sbr. 8. tölul. 6. gr.

Samkvæmt framangreindum reglum um refsilögsögu er unnt að saksækja mann vegna háttsemi sem greinir í 1. gr., sbr. 4. gr. samningsins í tilvikum sem talin eru í a- og b-lið 1. mgr. 5. gr. samningsins. Að óbreyttum íslenskum lögum er hins vegar ekki unnt að saksækja mann hér á landi fyrir slíka háttsemi í tilvikum sem eru talin í c-lið 1. mgr. og í 2. mgr. 5. gr. samningsins. Sem dæmi um tilvik sem falla utan íslenskrar refsilögsögu má nefna að ekki er unnt að saksækja mann sem hefur brotið gegn íslenskum ríkisborgara ef brotið er framið á stað sem refsilögsaga annarra ríkja nær til, en c-lið 1. mgr. 5. gr. samningsins er ætlað að ná til þessara aðstæðna. Einnig má nefna að samkvæmt núgildandi íslenskum lögum er ekki unnt, eins og krafa er gerð um í 2. mgr. 5. gr. samningsins, að saksækja útlending hér á landi sem er ekki Norðurlandabúi og er búsettur erlendis, ef hann er handtekinn hér á landi eftir að hafa fullframið pyndingabrot utan íslensks yfirráðasvæðis og ekki er hægt að framselja hann.

Til þess að hamla gegn því að brotamenn geti komist undan refsingu og fundið griðastað hér á landi vegna lagareglna sem takmarka refsilögsögu íslenska ríkisins er nauðsynlegt að bæta við 6. gr. almennu hegningarlaganna ákvæði um að unnt sé að refsa manni fyrir háttsemi sem greinir í samningnum án tillits til ríkisfangs hans, búsetu eða

brotastaðar. Er þessi útvíkkun refsilögsögu sambærileg við ákvæði sem áður hefur verið bætt við 6. gr. samhliða fullgildingu einstakra alþjóðasamninga. Um er að ræða eftirfarandi ákvæði:

— 4. tölul. 6. gr. vegna háttsemi sem greinir í alþjóðasamningi frá 23. september 1971 um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna.
— 6. tölul. 6. gr. vegna háttsemi sem greinir í 1. gr. Evrópusamnings frá 27. janúar 1977 um varnir gegn hryðjuverkum.
— 7. tölul. 6. gr. vegna háttsemi sem greinir í alþjóðasamningi um varnir gegn töku gísla frá 18. desember 1979.

Til þess að slá varnagla við fyrirhuguðu víðtæku refsivaldi, er lagt til að ákvörðun um ákæru skuli vera í höndum dómsmálaráðherra. Er þetta gert til samræmis við ákvæði 4., 6. og 7. tölul. 6. gr. varðandi framangreinda samninga.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Samningur gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum,

sem telja, í samræmi við meginreglur þær er fram koma í sáttmála Sameinuðu þjóðanna, að viðurkenning á jöfnum og óafsalanlegum réttindum allra manna séu undirstaða frelsis, réttlætis og friðar í heiminum,

sem viðurkenna að réttindi þessi grundvallist á meðfæddri göfgi mannsins,

sem hafa í huga skuldbindingar ríkja samkvæmt sáttmálanum, sérstaklega skv. 55. gr., að efla almenna virðingu fyrir og halda í heiðri mannréttindi og grundvallarfrelsi,

sem hafa hliðsjón af 5. gr. mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna og 7. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, sem báðar kveða á um að enginn maður skuli sæta pyndingum eða grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu,

sem einnig hafa hliðsjón af yfirlýsingu um vernd allra manna gegn því að sæta pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, sem samþykkt var á allsherjarþinginu hinn 9. desember 1975,

sem vilja að baráttan gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu verði árangursríkari um heim allan,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

I. HLUTI

1. gr.

1. Í samningi þessum merkir hugtakið „pyndingar“ hvern þann verknað, sem manni er vísvitandi valdið alvarlegum líkamlegum eða andlegum sársauka eða þjáningu með, í því skyni að fá hjá honum eða þriðja manni upplýsingar eða játningu, refsa honum fyrir verk sem hann eða þriðji maður hefur framið eða er grunaður um að hafa framið, eða til að hræða eða neyða hann eða þriðja mann, eða af ástæðum sem byggjast á mismunun af einhverju tagi, þegar sársauka eða þjáningu er þannig valdið fyrir eða með frumkvæði eða með samþykki eða umlíðun opinbers starfsmanns eða annars manns sem er handhafi opinbers valds. Hugtakið tekur ekki til sársauka eða þjáningar sem einungis má rekja til eða tilheyrir eða leiðir af lögmætum viðurlögum.

2. Grein þessi skerðir ekki gildi neins alþjóðasamnings eða ákvæða í landslögum sem hafa eða kunna að hafa ákvæði sem ganga lengra.

2. gr.

1. Hvert aðildarríki skal gera virkar ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnsýslu og réttarvörslu, eða aðrar ráðstafanir til að koma í veg fyrir pyndingar á sérhverju landsvæði í lögsögu þess.

2. Hvernig sem á stendur má aldrei höfða til sérstakra aðstæðna af nokkru tagi, svo sem ófriðarástands, ófriðarhættu, ótryggs stjórnmálaástands innanlands, eða nokkurs annars almenns neyðarástands til réttlætingar pyndingum.

3. Ekki má vísa til fyrirmæla yfirboðara eða stjórnvalds til réttlætingar pyndingum.

3. gr.

1. Ekkert aðildarríki skal vísa úr landi, endursenda (refouler) eða framselja mann til annars ríkis, ef veruleg ástæða er til að ætla að hann eigi þar á hættu að sæta pyndingum.

2. Þegar ákveðið er hvort slíkar ástæður eru fyrir hendi skulu þar til bær yfirvöld hafa hliðsjón af öllum atriðum sem máli skipta, þar á meðal, eftir því sem við á, hvort í ríki því sem um ræðir viðgangist áberandi, gróf eða stórfelld mannréttindabrot.

4. gr.

1. Hvert aðildarríki skal tryggja að pyndingar af öllu tagi teljist til afbrota samkvæmt refsilögum þess. Það sama skal gilda um tilraun til pyndinga og verk hvers þess manns sem telst aðili að eða þátttakandi í pyndingum.

2. Hvert aðildarríki skal leggja hæfilegar refsingar við brotum þessum sem taka tillit til þess hversu alvarleg þau eru.

5. gr.

1. Í eftirgreindum tilvikum skal hvert aðildarríki gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að fella þau brot sem um ræðir í 4. gr. undir lögsögu sína:

a. Þegar brotin eru framin á landsvæði innan lögsögu þess, eða um borð í skipi eða loftfari sem skráð er í því ríki.
b. Þegar sökunautur er þegn þess ríkis.
c. Þegar sá sem fyrir broti verður er þegn þess ríkis og viðkomandi ríki telur rétt að gera svo.

2. Sömuleiðis skal hvert aðildarríki gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að fella slík brot undir lögsögu þess ef sökunautur er staddur á landsvæði í lögsögu þess og hann er ekki framseldur skv. 8. gr. til einhvers þess ríkis sem 1. mgr. þessarar greinar tekur til.

3. Samningur þessi skal ekki hindra beitingu neinnar refsilögsögu samkvæmt landslögum.

6. gr.

1. Hvert aðildarríki skal, ef maður sem sakaður er um að hafa framið eitthvert þeirra brota sem um ræðir í 4. gr. er staddur innan lögsögu þess, er það hefur athugað þær upplýsingar sem því eru tiltækar og gengið úr skugga um að aðstæður réttlæti það, taka hann í gæslu eða gera aðrar ráðstafanir samkvæmt lögum til að tryggja nærveru hans. Um gæslu eða aðrar ráðstafanir samkvæmt lögum skal fara að lögum þess ríkis, en ekki mega ráðstafanir þessar haldast lengur en nauðsyn krefur til að unnt sé að höfða refsimál eða hlutast til um framsal.

2. Viðkomandi ríki skal þegar framkvæma frumrannsókn á málavöxtum.

3. Manni, sem hafður er í gæslu skv. 1. mgr. þessarar greinar, skal veitt aðstoð til að hafa þegar í stað samband við næsta fulltrúa hlutaðeigandi ríkis þar sem hann er þegn, eða, sé hann ríkisfangslaus, við fulltrúa þess ríkis þar sem hann dvelur að jafnaði.

4. Þegar ríki hefur tekið mann í gæslu samkvæmt þessari grein skal það þegar tilkynna þeim ríkjum sem um getur í 1. mgr. 5. gr. að maðurinn sé þar í gæslu og um þær ástæður sem hún er byggð á. Ríki það, sem framkvæmir frumrannsókn þá sem gert er ráð fyrir í 2. mgr. þessarar greinar, skal þegar í stað tilkynna áðurgreindum ríkjum um það sem fram hefur komið og taka fram hvort það ætli að beita lögsögu sinni.

7. gr.

1. Í þeim tilvikum sem um er fjallað í 5. gr. skal aðildarríki, ef á landsvæði í lögsögu þess er að finna mann sem sakaður er um að hafa framið eitthvert þeirra brota sem um ræðir í 4. gr., fela málið þar til bærum yfirvöldum sínum til höfðunar refsimáls ef maðurinn er ekki framseldur.

2. Yfirvöld þessi skulu taka ákvörðun sína á sama hátt og um hvert annað alvarlegt afbrot væri að ræða samkvæmt lögum þess ríkis. Í tilvikum þeim sem um ræðir í 2. mgr. 5. gr. skulu kröfur um fyrirliggjandi sönnunargögn til höfðunar refsimáls og sakfellingar á engan hátt vera minni en þær sem við eiga í tilvikum þeim sem um ræðir í 1. mgr. 5. gr.

3. Hverjum þeim manni, sem refsimál er höfðað gegn vegna brota sem um ræðir í 4. gr., skal tryggð réttlát málsmeðferð á öllum stigum málsins.

8. gr.

1. Í öllum framsalssamningum sem þegar eru fyrir hendi milli aðildarríkja skal litið svo á að brot þau, sem um ræðir í 4. gr., teljist til afbrota sem geta varðað framsali. Aðildarríki skuldbinda sig til að fella slík brot undir afbrot sem varðað geta framsali í öllum framsalssamningum sem síðar eru gerðir milli þeirra.

2. Nú berst aðildarríki, sem setur það skilyrði fyrir framsali að milliríkjasamningur sé fyrir hendi, framsalsbeiðni frá öðru ríki sem það hefur ekki gert framsalssamning við, og má það þá líta svo á sem samningur þessi veiti lagagrundvöll til framsals að því er slík brot varðar. Framsal skal háð öðrum skilyrðum sem lög þess ríkis sem framsalsbeiðni er beint til kveða á um.

3. Aðildarríki, sem ekki setja það skilyrði fyrir framsali að milliríkjasamingur sé fyrir hendi, skulu sín á milli telja slík brot til afbrota sem varðað geti framsali samkvæmt þeim skilyrðum sem lög þess ríkis sem framsalssbeiðni er beint til setja.

4. Að því er varðar framsal milli aðildarríkja skal farið með slík brot eins og þau hefðu verið framin bæði á þeim vettvangi þar sem þau áttu sér stað og einnig á landsvæði ríkja þeirra sem fella þau undir lögsögu sína skv. 1. mgr. 5. gr.

9. gr.

1. Aðildarríki skulu af fremsta megni aðstoða hvert annað í tengslum við meðferð refsimáls vegna sérhvers þess brots sem um ræðir í 4. gr., þar með talið með afhendingu allra sönnunargagna sem þeim eru tiltæk og þörf er á við meðferð málsins.

2. Aðildarríki skulu rækja skyldur sínar skv. 1. mgr. þessarar greinar í samræmi við sérhvern þann samning um gagnkvæma réttaraðstoð sem í gildi kann að vera milli þeirra.

10. gr.

1. Hvert aðildarríki skal tryggja að kennsla og upplýsingar um bann við pyndingum verði gagngert innifaldar í þjálfun löggæslumanna á vegum borgaralegra yfirvalda eða hers, starfsfólks í heilsugæslu, opinberra starfsmanna og annarra sem kunna að fást við gæslu, yfirheyrslu eða meðferð hvers þess manns sem sætir handtöku, gæslu eða fangelsun af nokkru tagi.

2. Hvert aðildarríki skal tilgreina bann þetta í reglum þeim eða fyrirmælum sem sett eru með hliðsjón af skyldum og verksviði allra slíkra starfsmanna.

11. gr.

Hvert aðildarríki skal á kerfisbundinn hátt hafa eftirlit með yfirheyrslureglum, fyrirmælum, aðferðum, starfsvenjum og fyrirkomulagi við gæslu og meðferð manna sem sæta handtöku, gæslu eða fangelsun af nokkru tagi á öllum landsvæðum innan lögsögu þeirra, í því skyni að koma í veg fyrir að hvers konar pyndingar eigi sér stað.

12. gr.

Hvert aðildarríki skal tryggja að þar til bær yfirvöld þess hlutist þegar til um óhlutdræga rannsókn hvenær sem skynsamleg ástæða er til að ætla að pyndingar hafi átt sér stað á nokkru landsvæði innan lögsögu þess.

13. gr.

Hvert aðildarríki skal tryggja að sérhver einstaklingur sem heldur því fram að hann hafi verið beittur pyndingum á einhverju landsvæði í lögsögu þess, eigi rétt á að bera fram kæru til þar til bærra yfirvalda þess, og að mál hans sæti þegar óhlutdrægri rannsókn af þeirra hálfu. Gera skal ráðstafanir til að tryggja að kærandinn og vitni séu vernduð fyrir illri meðferð eða hótunum sem rekja má til kærunnar eða skýrslna sem gefnar hafa verið.

14. gr.

1. Hvert aðildarríki skal í réttarkerfi sínu tryggja að sá sem hefur sætt pyndingum hljóti uppreisn og eigi framkvæmanlegan rétt til sanngjarnra og fullnægjandi bóta, þar með talið fyrir allri þeirri endurhæfingu sem kostur er á. Hljóti maður sem sætt hefur pyndingum bana af afleiðingum þeirra skulu þeir sem hann framfærir eiga rétt á bótum.

2. Ákvæði þessarar greinar skulu engin áhrif hafa á bótarétt sem þegar er fyrir hendi í landslögum til þess er sætt hefur pyndingum eða annarra.

15. gr.

Hvert aðildarríki skal tryggja að engin yfirlýsing sem reynst hefur verið fengin með pyndingum sé notuð sem sönnunargagn við meðferð máls, nema gegn þeim sem sakaður er um pyndingar til sönnunar því að yfirlýsingin hafi verið veitt.

16. gr.

1. Hvert aðildarríki skuldbindur sig til að hindra að á nokkru landsvæði í lögsögu þess séu framin önnur verk er teljast til grimmilegrar, ómannlegrar eða vanvirðandi meðferðar eða refsingar, en skilgreining hugtaksins pynding í 1. gr. nær þó ekki til, þegar slík verk eru framin af eða fyrir frumkvæði eða með samþykki eða umlíðun opinbers starfsmanns eða annars manns sem er handhafi opinbers valds. Sérstaklega skulu skuldbindingar þær gilda sem um getur í 10., 11., 12. og 13. gr. þannig að í stað þess að vísað sé til pyndinga sé vísað til annarrar grimmilegrar, ómannlegrar eða vanvirðandi meðferðar eða refsingar.

2. Ákvæði samnings þessa skerða ekki gildi neinna annarra alþjóðasamninga eða ákvæði í landslögum sem leggja bann við grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, eða tengjast framsali eða brottvísun úr landi.

II. HLUTI

17. gr.

1. Stofna skal nefnd gegn pyndingum (hér eftir kölluð nefndin) sem rækja skal skyldur þær sem kveðið er á um hér á eftir. Nefndin skal skipuð tíu sérfræðingum, vammlausum og viðurkenndum að þekkingu á sviði mannréttinda, og skulu þeir skipa sæti sitt sem einstaklingar. Skulu sérfræðingarnir kjörnir af aðildarríkjunum, að teknu tilliti til landfræðilegrar dreifingar og gagnsemi þess að sumir nefndarmenn hafi lögfræðilega starfsreynslu.

2. Nefndarmenn skulu kjörnir leynilegri kosningu af skrá um menn sem aðildarríki hafa tilnefnt. Hvert aðildarríki getur tilnefnt einn mann úr hópi þegna sinna. Skulu aðildarríki hafa í huga gagnsemi þess að tilnefna menn sem einnig eiga sæti í mannréttindanefndinni sem stofnuð var samkvæmt alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og vilja sitja í nefndinni gegn pyndingum.

3. Kosning nefndarmanna skal fara fram á fundum aðildarríkjanna sem aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna kallar saman á tveggja ára fresti. Á fundum þessum, sem eru lögmætir ef þeir eru sóttir af tveimur þriðju hlutum aðildarríkjanna, skulu þeir taldir kjörnir í nefndina sem hljóta flest atkvæði og hreinan meiri hluta atkvæða fulltrúa aðildarríkjanna sem viðstaddir eru og greiða atkvæði.

4. Fyrsta kosning skal fara fram eigi síðar en sex mánuðum eftir að samningur þessi öðlast gildi. Eigi síðar en fjórum mánuðum fyrir hverja kosningu skal aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna senda aðildarríkjunum bréf og bjóða þeim að senda tilnefningar sínar innan þriggja mánaða. Aðalframkvæmdastjórinn skal gera skrá í stafrófsröð um alla þá sem þannig eru tilnefndir þar sem getið er aðildarríkja sem tilnefndu þá og skal leggja hana fyrir aðildarríkin.

5. Kjörtímabil nefndarmanna er fjögur ár. Þá má endurkjósa ef þeir eru tilnefndir að nýju. Þó rennur kjörtímabil fimm þeirra nefndarmanna sem kjörnir eru í fyrstu kosningunni út að tveimur árum liðnum. Þegar eftir fyrstu kosninguna skal fundarstjóri fundar þess sem um ræðir í 3. mgr. þessarar greinar velja nöfn þessara fimm manna með hlutkesti.

6. Nú deyr nefndarmaður eða segir af sér, eða getur ekki af öðrum ástæðum rækt nefndarstörf sín, og skal þá aðildarríkið sem tilnefndi hann skipa annan sérfræðing af þegnum sínum til setu í nefndinni það sem eftir lifir kjörtímabils hans, að áskildu samþykki meiri hluta aðildarríkja. Samþykki skal talið veitt nema að minnsta kosti helmingur aðildarríkja svari neitandi inna sex vikna eftir að aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna hefur tilkynnt þeim um hina fyrirhuguðu skipun.

7. Aðildarríki standa straum af kostnaði nefndarmenna vegna starfa þeirra fyrir nefndina.

18. gr.

1. Nefndin kýs embættismenn sína til tveggja ára í senn. Þá má endurkjósa.

2. Nefndin setur sér sjálf starfsreglur. Þar skal meðal annars koma fram fram að:

a. fundur sé lögmætur ef sex nefndarmenn sitja hann,

b. ákvarðanir nefndarinnar skuli teknar með meiri hluta atkvæða viðstaddra nefndarmanna.

3. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal sjá nefndinni fyrir nauðsynlegu starfsliði og aðstöðu til þess að hún geti rækt starf sitt á fullnægjandi hátt samkvæmt samningi þessum.

4. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal kalla saman fyrsta fund nefndarinnar. Að honum loknum skal nefndin koma saman á þeim tímum sem ákveðið er í starfsreglum hennar.

5. Aðildarríki skulu standa straum af kostnaði í tengslum við fundahöld þeirra og nefndarinnar, og þar á meðal endurgreiða Sameinuðu þjóðunum öll útgjöld vegna starfsliðs og aðstöðu skv. 3. mgr. þessarar greinar.

19. gr.

1. Aðildarríki skulu, fyrir milligöngu aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, leggja fyrir nefndina, innan eins árs frá því er samningur þessi tekur gildi gagnvart þeim, skýrslur um ráðstafanir þær sem þau hafa gert til að framkvæma skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum. Skulu aðildarríki síðan afhenda viðbótarskýrslur á fjögurra ára fresti um allar nýjar ráðstafanir sem þau hafa gert og aðrar þær skýrslur sem nefndin kann að fara fram á.

2. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal senda öllum aðildarríkjum skýrslur þessar.

3. Nefndin skal taka hverja skýrslu til athugunar, og gera athugasemdir um skýrslu eftir því sem hún sér ástæðu til en skal senda athugasemdirnar hlutaðeigandi aðildarríki. Getur aðildarríkið síðan brugðist við með því að senda nefndinni þær útskýringar sem það kýs.

4. Ef nefndinni sýnist svo getur hún ákveðið að birta athugasemdir sem hún kann að hafa gert skv. 3. mgr. þessarar greinar ásamt útskýringum hlutaðeigandi aðildarríkis sem borist hafa í ársskýrslu sinni skv. 24. gr. Fari hlutaðeigandi aðildarríki fram á það, getur nefndin einnig birt skýrsluna sem lögð er fram skv. 1. mgr. þessarar greinar.

20. gr.

1. Nú berast nefndinni áreiðanlegar upplýsingar sem henni þykir fela í sér traustar vísbendingar um að pyndingar séu stundaðar á kerfisbundinn hátt á landsvæði aðildarríkis, og skal hún þá bjóða því aðildarríki að starfa með sér að athugun upplýsinganna og leggja fram athugasemdir um viðkomandi upplýsingar í því skyni.

2. Nefndin getur, með hliðsjón af athugasemdum sem viðkomandi aðildarríki kann að hafa lagt fram og öðrum upplýsingum sem henni eru tiltækar og málið varðar, og ef henni þykir rétt að gera svo, skipað einn eða fleiri nefndarmenn til að framkvæma rannsókn í trúnaði og gefa nefndinni skýrslu með hraði.

3. Fari rannsókn fram skv. 2. mgr. þessarar greinar skal nefndin leita samstarfs við viðkomandi aðildarríki. Ef aðildarríkið samþykkir það getur heimsókn til landsvæðis þess orðið þáttur í slíkri rannsókn.

4. Að lokinni athugun á niðurstöðum nefndarmanns eða -manna, sem fram eru lagðar skv. 2. mgr. þessarar greinar, skal nefndin senda þær viðkomandi aðildarríki ásamt umsögn þeirri eða tillögum sem viðeigandi eru með hliðsjón af aðstæðum.

5. Öll sú málsmeðferð nefndarinnar, sem fjallað er um í 1.–4. mgr. þessarar greinar, skal fara fram með leynd, og skal á öllum stigum hennar leita samstarfs aðildarríkisins. Er slíkri málsmeðferð varðandi rannsókn skv. 2. mgr. er lokið getur nefndin að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðildarríki ákveðið að birta samantekt um árangur málsmeðferðarinnar í ársskýrslu sinni sem gerð er skv. 24. gr.

21. gr.

1. Aðildarríki að samningi þessum getur hvenær sem er lýst því yfir samkvæmt þessari grein að það viðurkenni að nefndin sé bær til að taka á móti og athuga erindi þar sem aðildarríki heldur því fram að annað aðildarríki framfylgi ekki skyldum sínum samkvæmt samningi þessum. Slíkum erindum má aðeins veita viðtöku og taka þau til athugunar samkvæmt málsmeðferðarreglum þessarar greinar ef þau koma frá aðildarríki sem hefur lýst því yfir að nefndin sé til þess bær að því er það sjálft varðar. Nefndin skal ekki taka erindi til athugunar samkvæmt þessari grein ef það varðar aðildarríki sem ekki hefur gefið slíka yfirlýsingu. Með erindi sem berast samkvæmt grein þessari skal farið samkvæmt eftirfarandi málsmeðferðarreglum:

a. Ef aðildarríki álítur að annað aðildarríki framfylgi ekki ákvæðum samnings þessa getur það í skriflegu erindi vakið athygli þess á málinu. Innan þriggja mánaða frá móttöku erindisins skal móttökuríkið veita ríki því sem erindið sendi skýringu eða sérhverja aðra skriflega yfirlýsingu til útskýringar málinu, og er rétt að þar sé eftir því sem gerlegt er og við á vísað til þeirrar málsmeðferðar og úrræða sem gripið hefur verið til, yfir standa eða tiltæk eru innan lands.

b. Ef málið er ekki útkljáð svo fullnægjandi sé fyrir bæði hlutaðeigandi aðildarríki innan sex mánaða frá því að móttökuríkið tók á móti upphaflegu orðsendingunni skal hvoru ríki um sig rétt að vísa málinu til nefndarinnar með tilkynningu til hennar og hins ríkisins.
c. Nefndin skal aðeins fjalla um mál sem vísað er til hennar samkvæmt þessari grein eftir að hún hefur gengið úr skugga um að í málinu hafi verið reynt að neyta allra úrræða innan lands og þau tæmd í samræmi við almennt viðurkenndar meginreglur þjóðaréttar. Þetta gildir þó ekki ef beiting úrræðanna dregst óhæfilega á langinn eða er ólíkleg til þess að veita þeim manni sem orðið hefur fyrir broti á samningi þessum raunhæfar úrbætur.
d. Nefndin skal halda fundi fyrir luktum dyrum er athugun á erindum samkvæmt þessari grein fer fram.
e. Að gættum ákvæðum c-liðar skal nefndin af fremsta megni veita hlutaðeigandi aðildarríkjum liðsinni sitt með það fyrir augum að komast að vinsamlegri lausn í málinu byggðri á virðingu fyrir skuldbindingum samnings þessa. Í því skyni getur nefndin skipað sérstaka sáttanefnd þegar það á við.
f. Í sérhverju máli sem vísað er til nefndarinnar samkvæmt þessari grein getur nefndin beint því til hlutaðeigandi aðildarríkja sem greinir í c-lið að láta í té allar upplýsingar sem máli skipta.
g. Hlutaðeigandi aðildarríki sem greinir í b-lið, eiga rétt á að eiga málsvara þegar mál er til athugunar hjá nefndinni, og koma að munnlegum og/eða skriflegum athugasemdum.
h. Innan tólf mánaða frá móttökudegi tilkynningar samkvæmt b-lið skal nefndin leggja fram skýrslu:
   (i) Náist lausn samkvæmt ákvæðum e-liðar, skal nefndin einskorða skýrslu sína við stutta greinargerð um staðreyndir og lausn þá sem náðst hefur.
   (ii) Náist ekki lausn samkvæmt ákvæðum e-liðar, skal nefndin einskorða skýrslu sína við stutta greinargerð um staðreyndir málsins. Þau skriflegu gögn, sem lögð voru fram af hlutaðeigandi aðildarríkjum, svo og bókun um það sem munnlega kom fram af þeirra hálfu, skulu fylgja skýrslunni.

Skýrslunni skal ávallt komið á framfæri við hlutaðeigandi aðildarríki.

2. Ákvæði þessarar greinar öðlast gildi þegar fimm aðildarríki samnings þessa hafa gefið yfirlýsingu skv. 1. mgr. hennar. Yfirlýsingar þessar skulu aðildarríkin afhenda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, og skal hann senda öðrum aðildarríkjum afrit þeirra. Yfirlýsingu má draga til baka hvenær sem er með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra. Slík afturköllun skal ekki hafa áhrif á athugun máls sem greinir í erindi sem þegar hefur verið komið á framfæri samkvæmt þessari grein. Ekki skal veita viðtöku frekari erindum frá neinu aðildarríki eftir að tilkynning um afturköllun yfirlýsingarinnar hefur borist aðalframkvæmdastjóra, nema hlutaðeigandi aðildarríki hafi gefið nýja yfirlýsingu.

22. gr.

1. Aðildarríki að samningi þessum getur hvenær sem er lýst því yfir samkvæmt þessari grein að það viðurkenni að nefndin sé bær til að taka á móti og athuga erindi frá einstaklingum eða fyrir hönd einstaklinga innan lögsögu sinnar og halda því fram að aðildarríki hafi brotið ákvæði hans gegn þeim. Nefndin skal ekki taka á móti neinu erindi varðandi aðildarríki sem hefur ekki gefið slíka yfirlýsingu.

2. Nefndin skal vísa frá sérhverju því erindi samkvæmt grein þessari sem er nafnlaust eða sem hún telur vera misnotkun á réttinum til að senda slíkt erindi eða ósamrýmanlegt ákvæðum samningsins.

3. Nefndin skal vekja athygli aðildarríkis að samningi þessum sem gefið hefur yfirlýsingu skv. 1. mgr. og sakað er um að brjóta gegn ákvæðum hans, á sérhverju erindi sem lagt er fyrir hana samkvæmt þessari grein, sbr. þó 2. mgr. Innan sex mánaða skal móttökuríkið leggja fyrir nefndina skriflegar skýringar eða yfirlýsingar til útskýringar málinu og um úrræði sem það kann að hafa gripið til.

4. Nefndin skal taka erindi sem henni berast samkvæmt þessari grein til athugunar í ljósi allra upplýsinga sem henni eru veittar af hlutaðeigandi einstaklingi eða fyrir hans hönd og af hlutaðeigandi aðildarríki.

5. Nefndin skal ekki athuga neitt erindi frá einstaklingi samkvæmt grein þessari nema hún hafi fullvissað sig um:

a. að sama mál hafi ekki verið og sé ekki til athugunar samkvæmt öðrum alþjóðlegum rannsóknar- eða sáttareglum,
b. að einstaklingurinn hafi tæmt öll tiltæk úrræði innan lands. Þetta gildir þó ekki ef beiting úrræðanna dregst óhæfilega á langinn eða er ólíkleg til þess að veita þeim manni sem orðið hefur fyrir broti á samningi þessum raunhæfar úrbætur.

6. Nefndin skal halda fundi fyrir luktum dyrum er athugun á erindum samkvæmt þessari grein fer fram.

7. Nefndin skal koma sjónarmiðum sínum á framfæri við hlutaðeigandi aðildarríki og einstakling.

8. Ákvæði þessarar greinar öðlast gildi þegar fimm aðildarríki samnings þessa hafa gefið yfirlýsingu skv. 1. mgr. hennar. Yfirlýsingar þessar skulu aðildarríkin afhenda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, og skal hann senda öðrum aðildarríkjum afrit þeirra. Yfirlýsingu má draga til baka hvenær sem er með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra. Slík afturköllun skal ekki hafa áhrif á athugun neins máls sem greinir í erindi er þegar hefur verið komið á framfæri. Ekki skal veita viðtöku frekari erindum frá einstaklingi eða fyrir hönd einstaklings eftir að tilkynning um afturköllun yfirlýsingarinnar hefur borist aðalframkvæmdastjóra, nema hlutaðeigandi aðildarríki hafi gefið nýja yfirlýsingu.

23. gr.

Þeir sem sæti eiga í nefndinni og sérstökum sáttanefndum sem skipaðar kunna að vera skv. e-lið 1. mgr. 21. gr. skulu eiga rétt á aðstöðu, sérréttindum og friðhelgi sérfræðinga í erindagerðum fyrir Sameinuðu þjóðirnar svo sem ákveðið er í þeim köflum samnings um réttindi og friðhelgi Sameinuðu þjóðanna sem við eiga.

24. gr.

Nefndin skal árlega leggja skýrslu um störf sín samkvæmt samningi þessum fyrir aðildarríkin og allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna.

III. HLUTI

25. gr.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar fyrir öll ríki.

2. Samningur þessi er háður fullgildingu. Fullgildingarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Samneinuðu þjóðanna.

26. gr.

Öllum ríkjum er frjálst að lýsa yfir aðild að samningi þessum. Aðild öðlast gildi með afhendingu aðildarskjals til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

27. gr.

1. Samningur þessi öðlast gildi á þrítugasta degi eftir þann dag sem tuttugasta fullgildingar- eða aðildarskjalið er afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

2. Gagnvart sérhverju ríki sem fullgildir samning þennan eða gerist aðili að honum eftir að tuttugasta fullgildingar- eða aðildarskjalið hefur verið afhent öðlast samningurinn gildi á þrítugasta degi eftir að fullgildingar- eða aðildarskjal þess hefur verið afhent.

28. gr.

1. Hvert ríki getur, við undirritun eða fullgildingu samnings þessa, eða yfirlýsingu um aðild að honum, lýst því yfir að það viðurkenni ekki valdbærni nefndarinnar skv. 20. gr.

2. Hvert það ríki sem gert hefur fyrirvara skv. 1. mgr. þessarar greinar getur hvenær sem er fallið frá honum með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

29. gr.

1. Sérhvert aðildarríki að samningi þessum getur borið fram tillögu til breytinga á honum og fengið hana skráða hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Skal aðalframkvæmdastjóri þá senda aðildarríkjunum breytingartillöguna, ásamt tilmælum um að þau tilkynni honum hvort þau séu hlynnt því að haldin verði ráðstefna aðildarríkjanna til að athuga og greiða atkvæði um tillöguna. Ef, innan fjögurra mánaða frá því er sending breytingartillögunnar er dagsett, þriðjungur samningsríkjanna er fylgjandi því að slík ráðstefna verði haldin skal aðalframkvæmdstjóri kalla hana saman undir umsjá Sameinuðu þjóðanna. Sérhverja breytingartillögu sem samþykkt er af meiri hluta þeirra aðildarríkja sem eru viðstödd og greiða atkvæði á ráðstefnunni, skal aðalframkvæmdastjóri leggja fyrir öll aðildarríki, til samþykktar.

2. Breytingartillaga sem er samþykkt skv. 1. mgr. þessarar greinar öðlast gildi þegar tveir þriðju hlutar aðildarríkja samnings þessa hafa tilkynnt aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna að þau hafi samþykkt hana í samræmi við stjórnskipunarhætti þeirra hvers um sig.

3. Þegar breytingartillögur öðlast gildi eru þær bindandi fyrir þau aðildarríki sem hafa samþykkt þær, en önnur aðildarríki eru áfram bundin ákvæðum samnings þessa og sérhverri fyrri breytingartillögu sem þau hafa samþykkt.

30. gr.

1. Sérhverri deilu tveggja eða fleiri aðildarríkja um túlkun eða beitingu samnings þessa sem ekki tekst að leysa með samkomulagi skal, að ósk einhvers þeirra, lögð í gerð. Ef aðildarríki geta ekki innan sex mánaða frá því er gerðar er óskað komið sér saman um tilhögun hennar getur hvert einstakt þeirra vísað deilunni til Alþjóðadómstólsins með umsókn samkvæmt samþykktum hans.

2. Hvert ríki getur, við undirritun eða fullgildingu samnings þess eða við aðild að honum, lýst því yfir að það telji sig ekki bundið af 1. mgr. þessarar greinar. Önnur aðildarríki skulu ekki bundin af 1. mgr. þessarar greinar gagnvart aðildarríki sem gert hefur slíkan fyrirvara.

3. Hvert það ríki, sem gert hefur fyrirvara skv. 2. mgr. þessarar greinar getur hvenær sem er fallið frá honum með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

31. gr.

1. Aðildarríki getur sagt upp samningi þessum með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Uppsögn öðlast gildi einu ári eftir að aðalframkvæmdastjóri tekur við tilkynningunni.

2. Uppsögn leysir ekki aðildarríkið undan skyldum sínum samkvæmt samningi þessum varðandi nokkurn verknað eða athafnaleysi sem á sér stað fyrir gildistökudag uppsagnarinnar, og skal heldur ekki hafa nein áhrif á framhaldsathugun máls sem þegar var til athugunar hjá nefndinni fyrir gildistökudag uppsagnar.

3. Eftir þann dag er uppsögn aðildarríkis tekur gildi skal nefndin ekki hefja athugun á neinu nýju máli sem varðar það ríki.

32. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna öllum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna og öllum ríkjum sem undirritað hafa samning þennan eða lýst yfir aðild að honum um:

a. undirritanir, fullgildingar og aðildir skv. 25. og 26. gr.,
b. gildistökudag samnings þessa skv. 27. gr. og gildistökudag allra breytinga skv. 29. gr.,
c. uppsagnir skv. 31. gr.

33. gr.

1. Samningur þessi, þar sem arabískur, enskur, franskur, kínverskur, rússneskur og spænskur texti hans eru jafngildir, skal afhentur aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu.

2. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal senda öllum ríkjum staðfest afrit samnings þessa.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940.

Í frumvarpinu eru gerðar breytingar á almennum hegningarlögum sem eru taldar nauðsynlegar svo unnt sé að fullgilda samning á vegum Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1984 gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Ekki verður séð að frumvarpið, verði það að lögum, hafi í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

75. Frumvarp til laga [75. mál]

um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sbr. lög nr. 31/1994.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

Við 19. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón hafa samkvæmt lögum þessum einnig karl og kona sem búa saman og eru bæði ógift, enda hafi sambúðin verið skráð í þjóðskrá í a.m.k. eitt ár áður en umsókn er lögð fram.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á 118. löggjafarþingi og hlaut þá ekki afgreiðslu. Það er nú endurflutt efnislega óbreytt. Við framkvæmd laga um félagsþjónustu sveitarfélaga hefur komið í ljós að við útreikning á fjárhagsaðstoð til einstaklings, sem býr í óvígðri sambúð, er óheimilt að taka mið af tekjum sambúðaraðila með sama hætti og tekjum maka. Ástæðan er sú að lögin kveða ekki sérstaklega á um sambúðarfólk. Milli sambúðarfólks ríkir ekki gagnkvæm framfærsluskylda eins og milli hjóna, sbr. 2. gr. laga um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20/1923, en sú regla kemur fram í 19. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Ef ætlunin er að lögbinda framfærsluskyldu milli sambúðarfólks á ákvæði um það atriði heima í sérstökum lögum um óvígða sambúð, en þau lög hafa ekki verið sett eins og kunnugt er. Spurningin er sú hvort um sambúð eigi að öllu leyti að fara sem um hjónaband eða hvort sambúð eigi að vera valkostur fólks, annars konar sambúðarform en hjónaband. Æskilegt hefði verið að í lögum væri að finna afstöðu löggjafans í þessu efni og fyrst væru sett heildarlög um óvígða sambúð í stað þess að byrja á því að setja ákvæði um sambúð á víð og dreif í lög sem geta bundið hendur löggjafans komi til þess síðar að setja eigi heildstæð lög um sambúð.

Þar sem ekki hefur verið kveðið á um framfærsluskyldu milli sambúðarfólks í sérstökum lögum er víða í lögum að finna ákvæði sem fela í sér að um sambúðarfólk skuli, að vissum skilyrðum fullnægðum, fara eins og með hjón, t.d. lög um almannatryggingar og lög um tekjuskatt og eignarskatt. Slík lagaákvæði kveða ekki beinlínis á um framfærsluskyldu milli sambúðarfólks, en ganga þó í þá átt. Það þykir því eðlilegt að lög um félagsþjónustu sveitarfélaga hafi að geyma ákvæði um að við útreikning á fjárhagsaðstoð skuli farið með sama hætti hvort sem um er að ræða sambúðarfólk eða hjón. Ein meginhugsun að baki laganna er að styðja og styrkja fjölskylduna. Fjölskyldan hefur verið skilin rúmum skilningi í þessu samhengi sem allir þeir sem búa á sama heimili og deila saman daglegu lífi. Við útreikning á fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélögum hefur ekki verið gerður greinarmunur á sambúðarfólki og hjónum, enda mundi slíkt geta leitt til þess að sambúðarfólk fengi umtalsvert hærri fjárhæð til framfærslu en hjón sem búa við sambærilega fjárhagslega afkomu.

Þannig voru framfærslulög túlkuð svo og núgildandi lög um félagsþjónustu sveitarfélaga allt fram til þess er úrskurðarnefnd félagsþjónustu felldi úrskurð um að slík túlkun væri óheimil. Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga miðast við þarfir fjölskyldunnar sem heildar, en ekki við ákveðna einstaklinga innan hennar. Hér býr þannig að baki sjónarmiðið um aðstoð við afkomu fjölskyldunnar eftir þörf.

Samkvæmt áðurnefndum úrskurði úrskurðarnefndar félagsþjónustu, uppkveðnum 23. júní 1993, var niðurstaðan sú að Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar hafi verið óheimilt að taka mið af tekjum beggja sambúðaraðila við umsókn annars þeirra um fjárhagsaðstoð þar sem lög um félagsþjónustu sveitarfélaga kveði ekki á um gagnkvæma framfærsluskyldu sambúðarfólks. Þar sem rétt þykir að haldið sé áfram á þeirri braut að miða fjárhagsaðstoð sveitarfélaga við hagsmuni fjölskyldunnar sem heildar er lagt til að sett verði í lögin sérákvæði um sambúðarfólk þegar fjárhagsaðstoð á í hlut.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hvergi er í lögum að finna skilgreiningu á óvígðri sambúð. Þau lagaákvæði sem binda viss réttaráhrif við sambúð hafa sett mismunandi skilyrði fyrir sambúðinni. Hér er lagt til að sett verði tvö skilyrði: að gengið hafi verið frá nauðsynlegum formsatriðum annars vegar og um stöðugleika sambúðarinnar hins vegar. Formsatriðum þykir fullnægt með því að sambúðarfólk hafi skráð sambúðina í þjóðskrá. Álitamál er hins vegar hvenær sambúð er talin vera viðvarandi. Ljóst er þó að nokkurra vikna eða mánaða sambúð á ekki að geta haft þær afdrifaríku afleiðingar að öðrum sambúðaraðila verði synjað um fjárhagsaðstoð vegna tekna hins. Reynslan sýnir að fólk er oft að þreifa fyrir sér í upphafi sambúðar og fjárhagsleg samstaða myndast ekki þegar í stað. Hér er lagt til að miðað verði við a.m.k. eins árs samfellda sambúð. Það þýðir að hafi sambúðin verið skrá í þjóðskrá í a.m.k. eitt ár samfleytt, áður en umsókn um fjárhagsaðstoð er lögð fram, skuli tekjur beggja teknar með í reikninginn þegar réttur til fjárhagsaðstoðar er ákvarðaður.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sbr. lög nr. 31/1994.

Frumvarpið felur í sér að bundið sé í lög að hafi sambúðarfólk verið skráð í sambúð í þjóðskrá í a.m.k. eitt ár, áður en umsókn um fjárhagsaðstoð er lögð fram, skuli tekjur beggja teknar með í reikninginn þegar réttur til fjárhagsaðstoðar er ákvarðaður. Við útreikning á fjárhagsaðstoð hafa sveitarfélög beitt þeirri vinnureglu að taka ávallt tillit til tekna maka óháð því hvort viðkomandi er í vígðri eða óvígðri sambúð. Samkvæmt úrskurði úrskurðarnefndar félagsþjónustu frá 13. júní 1993 á sú vinnuregla sér ekki stoð í

lögum. Frumvarpið miðar að því að lögleiða vinnuregluna nema hvað varðar þá sem hafa verið í óvígðri sambúð í skemmri tíma en eitt ár þegar umsókn er lögð fram. Frumvarpið kallar því á lítils háttar útgjaldaauka frá því sem var þegar vinnureglunni var beitt en lækkun frá því sem var á árinu 1994 og enn meira frá því sem verður í framtíðinni ef ekkert er að gert.

Sveitarfélögin bera bróðurpart útgjalda vegna áðurnefndrar félagsþjónustu. Hlutur ríkisins er að greiða annars vegar aðstoð til erlendra ríkisborgara sem eiga ekki lögheimili hér á landi eða hafa dvalið hér á landi skemur en tvö ár og hins vegar aðstoð til íslenskra ríkisborgara hjá umboðsmönnum ríkisins erlendis og kostnað við heimflutning þeirra. Á árinu 1994 var kostnaður ríkissjóðs vegna þessa 7,8 m.kr. en 8,4 m.kr. á árinu 1993. Að óbreyttum lögum gæti árlegur kostnaður ríkisins hækkað um 2–3 m.kr., en með samþykkt frumvarpsins er komið í veg fyrir þá hækkun að mestu.

76. Tillaga til þingsályktunar [76. mál]

um rannsóknir í ferðaþjónustu.

Flm.: Tómas Ingi Olrich, Einar K. Guðfinnsson,
Sturla Böðvarsson, Valgerður Sverrisdóttir.

Alþingi ályktar að brýnt sé að efla rannsóknir í ferðaþjónustu, tryggja með þeim hætti grundvöll stefnumótunar og langtímaáætlana í atvinnugreininni og stuðla að jafnvægi í fjárfestingu. Í því skyni verði gripið til eftirtalinna ráðstafana:

1. Stofnuð verði gagnamiðstöð við skrifstofu Ferðamálaráðs Íslands á Akureyri sem hafi það hlutverk:
   a. að skipuleggja öflun upplýsinga um atvinnugreinina þannig að þær varpi sem skýrustu ljósi á stöðu og þróun greinarinnar og verði traustur grundvöllur rannsókna, þróunarstarfs og fjárfestingar í ferðamennsku;
   b. að safna upplýsingum um erlenda ferðamarkaði og safna gögnum um erlendar rannsóknir í ferðamálum;
   c. að varðveita þessar upplýsingar og birta reglulega fréttir um stöðu greinarinnar.
2. Stofnaður verði rannsóknasjóður við Ferðamálaráð Íslands.
3. Stofnuð verði staða rannsóknarfulltrúa við skrifstofu Ferðamálaráðs Íslands á Akureyri. Hlutverk hans verði að efla rannsóknir í ferðaþjónustu og skipuleggja samstarf Ferðamálaráðs við fyrirtæki og rannsóknastofnanir á sviði rannsókna og þróunarstarfs.

Greinargerð.

Ferðaþjónusta er orðin mjög mikilvæg atvinnugrein á Íslandi og vegur þungt í efnahag þjóðarinnar. Ferðamönnum hefur fjölgað mikið á undanförnum áratugum. Á árinu 1994 komu til landsins um 180.000 ferðamenn og hafði fjöldi þeirra þá tvöfaldast á tíu árum. Tekjur af erlendum ferðamönnum hafa verið sveiflukenndar. Þær námu árið 1980 tæplega 4% af heildargjaldeyristekjum eftir nokkurn samdrátt á áttunda áratugnum. Síðan hafa tekjur aukist verulega og námu þær á árinu 1994 tæpum 17 milljörðum króna sem eru um 11% af útfluttum vörum og þjónustu.

Á sama tíma og þessi fjölgun hefur orðið hefur gætt verulegra erfiðleika í rekstri hótela og gistiheimila. Ljóst er að mikið hefur verið fjárfest í gistirými undanfarin ár. Einnig benda rannsóknir til þess að nýting gistirýmis hafi minnkað á öllum ársþriðjungum þrátt fyrir skipulega viðleitni til að fjölga ferðamönnum utan mesta annatíma.

Ekki er þó einsýnt að hér sé um beina offjárfestingu að ræða. Ferðaþjónustan er flókin atvinnugrein þar sem hver þjónustugrein styður aðra. Hugsanlegt er að léleg nýting gistirýmis eigi rætur að rekja til þess að lítið hafi verið fjárfest í öðrum þáttum greinarinnar, t.d. í afþreyingu, vöruþróun og ýmiss konar hliðarþjónustu. Nauðsynlegt er að treysta grundvöll fjárfestinga í ferðaþjónustu með skipulagðri upplýsingaöflun og fræðilegu mati á stöðu og möguleikum greinarinnar.

Meginaðdráttarafl landsins í augum erlendra ferðamanna er íslensk náttúra. Mikil fjölgun ferðamanna hefur leitt til þess að upp hafa komið alvarleg umhverfisvandamál á viðkvæmum ferðamannastöðum. Við þetta bætast væntingar ferðamannsins sjálfs. Þar sem mikil áhersla hefur verið lögð á ósnortna náttúru og óspillt umhverfi í markaðssetningu landsins er sá hluti ferðamanna sem metur umhverfismál öðrum málum fremur líklegur til þess að líta á vaxandi fjölda ferðamanna og „ósnortna náttúru" sem ósættanlegar andstæður, jafnvel áður en álag vegna ferðamanna er farið að leiða til umhverfisspjalla. Brýnt er að mörkuð verði stefna í ferðamálum sem samræmir langtímahagsmuni ferðaþjónustu og umhverfisverndar.

Samgönguráðherra hefur boðað að á næstunni verði unnið að opinberri stefnumörkun í ferðaþjónustu. Mikilvægt er að slík stefnumörkun styðjist við traustar upplýsingar um stöðu atvinnugreinarinnar og möguleika hennar á þeim ferðamarkaði sem best hentar íslenskri ferðaþjónustu og íslenskum umhverfisaðstæðum.

Íslensk ferðaþjónusta hefur ekki notið sömu stöðu til rannsókna, þróunarstarfa og stefnumótunar og aðrar mikilvægar atvinnugreinar. Greinin styðst ekki við rannsóknastofnanir sem hafa sérhæfðu hlutverki að gegna á þessu sviði eins og landbúnaður, fiskveiðar og iðnaður. Til skamms tíma voru nánast engir styrkir til rannsóknarverkefna á sviði ferðaþjónustu veittir úr Rannsóknasjóði Rannsóknaráðs ríkisins. Í fylgiskjali með greinargerð þessari er yfirlit yfir hagnýtar rannsóknir 1977–93, og kemur þar fram að ferðaþjónusta er þar ekki á blaði. Árið 1993 tók Rannsóknaráð ríkisins málefni ferðaþjónustu sérstaklega á dagskrá og á sl. tveimur árum hefur Rannsóknaráð Íslands veitt alls fimm styrki til rannsóknarverkefna á sviði ferðaþjónustu.

Mikilvægt er að það starf sem þannig er hafið verði eflt. Þær hugmyndir, sem settar eru fram í þingsályktunartillögu þessari, miða að því að gera Ferðamálaráði kleift að hafa yfirsýn yfir þær upplýsingar sem fyrir liggja um þróun og stöðu ferðaþjónustunnar, greina þörf atvinnugreinarinnar fyrir upplýsingar og beina öflun þeirra í æskilegan farveg. Þá er gert ráð fyrir því að með skipulegum hætti verði ráðinu gert kleift að taka þátt í rannsóknum með framlögum og starfa með einstökum fræðimönnum, fyrirtækjum og rannsóknastofnunum að því að varpa ljósi á stöðu og framtíðarmöguleika atvinnugreinarinnar. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir því að Ferðamálaráð stundi rannsóknir.

Lagt er til að gagnamiðstöð verði vistuð hjá skrifstofu Ferðamálaráðs á Akureyri og að rannsóknarfulltrúi starfi þar. Sú skrifstofa sér um upplýsingaöflun og útgáfu, umhverfismál, markaðsráðgjöf innan lands og öll samskipti við innlenda ferðaþjónustuaðila. Í gagnagrunni skrifstofunnar er að finna upplýsingar um alla ferðaþjónustuaðila á Íslandi, ásamt upplýsingum um framboð þjónustu og verðlagningu.

Háskólinn á Akureyri hefur í erindi til samgönguráðherra lýst áhuga á því að koma á fót rannsóknadeild ferðamála innan Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri. Verkefni deildarinnar yrðu m.a.:

1. Að safna og vinna úr upplýsingum um þróun, umfang og hag ferðaþjónustunnar.
2. Að gera skipulegar kannanir á mati ferðamanna á gæðum ferðaþjónustunnar.
3. Að veita stjórnvöldum og aðilum ferðaþjónustunnar ráðgjöf og þjónustu varðandi stefnumótun, áætlanagerð og markaðssetningu.
4. Að stuðla að rannsóknum á sviði ferðamála og kynningu slíkra rannsókna í vísinda- og fagtímaritum.

Samgönguráðuneytið hefur tekið mjög jákvætt í hugmyndir Háskólans á Akureyri og telur þær stuðla að því að byggja upp með skipulegum hætti rannsóknaumhverfi sem ferðaþjónustan þarfnast og bæta þannig úr brýnni þörf. Til greina kemur að gerður verði samningur milli Háskólans á Akureyri og Ferðamálaráðs Íslands um samstarf á sviði rannsókna, í svipuðu formi og tíðkast hefur í samstarfi Háskólans á Akureyri við rannsóknastofnanir atvinnuveganna. Rannsóknarfulltrúi Ferðamálaráðs Íslands yrði tengiliður ráðsins við Háskólann á Akureyri og aðrar stofnanir sem rannsóknum sinna á þessu sviði.

Mikilvægt er að Íslendingar hafi góðan aðgang að erlendum upplýsingum og rannsóknum á sviði ferðaþjónustu. Rannsókna- og þróunarstarf á sviði ferðamála hefur aukist mjög hratt erlendis. Liggja til þess ýmsar ástæður. Tilraunir til að draga úr atvinnuleysi með átaki í hefðbundnum iðnaði hafa reynst árangurslitlar, en hins vegar er almennt mikil trú á vaxtarmöguleikum í ferðaþjónustu sem er vinnuaflsfrek atvinnugrein. Þá hefur ferðaþjónusta í mörgum Evrópulöndum þróast inn á brautir offramboðs og afsláttarmarkaðar. Er leitast við að finna leiðir til að auka arðsemi í greininni og lágmarka áhættu við fjárfestingu með rannsókna- og þróunarstarfi. Við þessar aðstæður hefur orðið til mikið safn rannsóknagagna og upplýsinga um erlenda ferðamarkaði sem er mikilvægt fyrir íslenska ferðaþjónustu að eiga aðgang að, ekki síst til þess að það takmarkaða fé, sem Íslendingar verja til rannsókna, nýtist sem best.

Vaxandi áhersla á ferðaþjónustu erlendis og auknir styrkir til þróunar greinarinnar leiða óhjákvæmilega til þess að samkeppni um að nýta sér vaxtarmöguleika hennar kemur til með að harðna til muna á komandi árum. Íslensk ferðaþjónusta mun ekki fara varhluta af þeirri þróun. Það er því brýnt að búa í haginn fyrir stefnumótun í greininni og kanna sem best þá kosti sem þjóðin hefur í alþjóðlegri samkeppni á ferðamarkaði.

Á síðari árum hefur þeim Íslendingum fjölgað verulega sem lagt hafa stund á ferðamálafræði. Mjög er brýnt að þessi mannafli verði virkjaður til að treysta framtíðarþróun ferðaþjónustunnar og styrkja atvinnugreinina í alþjóðlegri samkeppni.

Fylgiskjal I.

Úr ályktunum ferðamálaráðstefnunnar í Vestmannaeyjum 5.–6. október 1995.

Ályktun um rannsóknastarfsemi.

Reglubundin og skipulögð rannsóknastarfsemi er nauðsynleg í tengslum við áætlanagerð og er nauðsynleg forsenda við stefnumörkun í ferðaþjónustu. Eins og svo oft hefur verið rætt er vöntun á slíkri starfsemi og verður alls ekki lengur búið við óbreytt ástand.

Ferðamálaráðstefnan 1995 skorar á ríkisvaldið að veita aukið fjármagn til rannsóknastarfsemi í ferðaþjónustu þannig að mögulegt verði að mynda sérstaka rannsóknadeild greinarinnar.

Ályktun um langtímastefnumörkun.

Á undanförnum árum hefur skort stefnumörkun innan ferðaþjónustunnar. Nauðsynlegt er að marka langtímastefnu þannig að uppbygging innan greinarinnar verði markvissari. Það gæti einnig auðveldað fjármögnunaraðilum að koma til móts við greinina.

Ferðamálaráðstefnan 1995 skorar á yfirvöld ferðamála að vinna að og gefa út langtímastefnumörkun í ferðaþjónustu.

Ályktun um upplýsingamiðlun.

Ferðamálaráðstefnan í Vestmannaeyjum 5.–6. október 1995 lítur á upplýsingamiðstöðvar um allt land sem hluta af grunngerð íslensks samfélags líkt og flugvelli, vegi og hafnir. Því er lagt til að stjórnvöld, ríki og sveitarfélög beri ábyrgð á og standi að mestu leyti undir uppbyggingu og rekstri þessarar mikilvægu þjónustu. Ráðstefnan hvetur einnig til þess að leitað verði eftir samvinnu við aðila tengda ferðaþjónustu eins og Póst og síma, banka og olíufélög um eflingu upplýsingamiðstöðva.

Ferðamálaráðstefnan í Vestmannaeyjum 5.–6. október 1995 skorar eindregið á Ferðamálaráð að gera tölvutengingu upplýsingamiðstöðva að forgangsverkefni í starfi sínu strax á næsta ári. Ráðstefnan telur það höfuðatriði í upplýsingamálum ferðaþjónustunnar að þau gögn, sem til eru tölvutæk hjá skrifstofu Ferðamálaráðs á Akureyri og eru í raun grunnur allrar upplýsingaþjónustu í greininni, verði hið allra fyrsta gerð sem flestum aðgengileg í gegnum tölvunet.

...

Ferðamálaráðstefnan í Vestmannaeyjum 5.–6. október 1995 beinir þeim tilmælum til Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnunar að ferðaþjónustan verði betur skilgreind í gögnum stofnana, þannig að mikilvægar hagstærðir ferðaþjónustunnar verði sýnilegar og aðgengilegar.

Fylgiskjal II.

Rannsóknarráð Íslands:

Yfirlit yfir hagnýtar rannsóknir 1977–93.

		Flokkun fjármagns til R&Þ eftir viðfangsefnum 1977-1993. Þús. kr.								
	Verðlag 1993	1993	1991	1990	1987	1985	1983	1981	1979	1977
Hagnýtar rannsóknir og þróunarstarfsemi:										
1	**Fiskveiðar og landbúnaður**	**1.461.147**	**1.179.145**	**1.101.661**	**793.645**	**721.295**	**644.349**	**763.019**	**741.063**	**659.527**
1,1	Landbúnaður	410.974	343.684	348.347	290.540	292.034	255.188	323.380	368.925	334.884
1,2	Fiskveiðar	735.516	566.724	613.766	503.105	429.261	389.161	439.638	372.138	324.643
1,3	Fiskeldi	314.657	268.736	139.548	0	0	0	0	0	0
2	**Iðnaður**	**1.954.377**	**1.275.689**	**1.030.102**	**701.568**	**538.355**	**509.429**	**407.118**	**360.631**	**172.925**
2,1	Fiskiðnaður	712.313	484.471	431.497	288.052	242.110	143.726	79.640	109.682	132.399
2,2	Almennur iðnaður	868.204	455.463	298.065	217.957	222.127	302.752	268.830	206.302	0
2,3	Byggingarstarfsemi	142.619	209.508	194.189	195.560	74.118	62.951	58.648	44.647	40.526
2,4	Tölvuv. og hugbúnaðarg.	231.241	126.247	106.351	0	0	0	0	0	0
3	**Orkuframl. og dreifing**	**341.182**	**339.631**	**320.706**	**345.911**	**309.043**	**310.546**	**328.445**	**296.702**	**246.424**
3,1	Vatnsorka	281.212	192.335	201.900	0	0	0	0	0	0
3,2	Jarðvarmi	56.559	147.296	118.806	0	0	0	0	0	0
3,3	Aðrir orkugjafar	3.411	0	0	0	0	0	0	0	0
4	Samgöngumál og fjarskipti	**140.965**	**26.572**	**19.679**	**24.056**	**18.603**	**13.038**	**20.545**	**12.371**	**36.459**
5	Skipulagsmál bæja ofl.	**15.971**	**3.794**	**3.260**	**0**	**0**	**0**	**0**	**2.384**	**36**
6	Umhverfi og mengunarvarnir	**133.002**	**74.692**	**67.255**	**126.709**	**50.287**	**22.507**	**16.520**	**24.086**	**81.633**
7	Heilbrigðismál	**458.052**	**487.369**	**380.620**	**207.381**	**180.963**	**194.462**	**163.624**	**119.254**	**69.795**
8	Félags- og tryggingmál	**116.428**	**137.077**	**83.510**	**0**	**3.027**	**617**	**9.941**	**2.143**	**0**
9	Menningamál, fjölmiðlar ofl.	**42.720**	**31.215**	**26.592**	**34.010**	**58.530**	**60.124**	**4.054**	**0**	**0**
10	Skóla- og kennslumál	**68.551**	**71.472**	**52.811**	**63.044**	**19.715**	**21.407**	**6.031**	**7.015**	**45.174**
11	Atvinnusjúkd. og vinnuaðstaða	**450**	**7.320**	**4.707**	**3.940**	**4.172**	**4.869**	**3.708**	**0**	**218**
12	Efnahagsmál og opinber stjórnun	**16.145**	**40.596**	**4.711**	**2.903**	**4.799**	**2.077**	**1.601**	**5.944**	**0**
13	**Náttúrauðlindir og nýting**	**131.318**	**116.817**	**129.209**	**136.042**	**17.277**	**14.282**	**8.195**	**27.023**	**3.559**
13,1	Landgrunnsrannsóknir	8.414	13.953	19.959	0	0	0	0	0	0
13,2	Auðlindaleit	6.000	9.809	1.559	0	17.277	0	0	0	0
13,3	Veðurfarsrannsóknir	55.321	55.143	68.408	0	0	0	0	0	0
13,4	Aðrar rannsóknir	61.583	37.912	39.284	0	0	0	0	0	0
	Samtals hagnýtar ranns. og þróun	**4.880.308**	**3.791.391**	**3.224.824**	**2.439.210**	**1.929.636**	**1.797.705**	**1.738.065**	**1.598.616**	**1.315.749**
Grunnrannsóknir, Almenn þróun vísinda.										
14,1	*Tækni- og verkfræði*	227.211	417.237	352.766	110.534	46.059	40.269	26.071	100.870	153.098
14,2	Raunvísindi	242.623	92.214	88.214	480.708	355.471	338.111	327.031	273.203	170.819
14,3	Læknavísindi	335.001	350.068	219.725	90.833	136.124	38.074	69.671	102.183	91.583
14,4	Fiskveiðar og landb.	224.791	184.371	211.830	42.513	31.984	42.547	57.783	27.956	28.325
14,5	Félagsvísindi	132.243	44.488	29.233	29.448	53.820	33.221	14.788	17.589	31.593
14,6	Hugvísindi	120.394	166.342	123.892	109.704	109.067	82.307	77.072	100.698	83.812
14,7	Þverfaglegt	982	0	0	8.295	0	1.928	0	0	0
	Samtals grunnrannsóknir.	**1.283.245**	**1.254.720**	**1.025.659**	**872.035**	**732.524**	**576.457**	**572.415**	**622.500**	**559.229**
		6.163.553	**5.046.111**	**4.250.484**	**3.311.245**	**2.662.160**	**2.374.162**	**2.310.481**	**2.221.116**	**1.874.978**
	Hlutfall af útgjöldum 1993	100,0%	81,9%	69,0%	53,7%	43,2%	38,5%	37,5%	36,0%	30,4%
	Hækkun milli ára	22,1%	18,7%	28,4%	24,4%	12,1%	2,8%	4,0%	18,5%	

Fylgiskjal III.

Upplýsingar úr ársskýrslu Ferðamálaráðs Íslands 1994.





Fylgiskjal IV.

Þorsteinn Gunnarsson rektor:

MINNISBLAÐ TIL MENNTAMÁLARÁÐHERRA FRÁ HÁSKÓLANUM Á AKUREYRI

Rannsóknadeild ferðamála.

(13. júlí 1995.)

Sú staðreynd að íslenskt efnahagslíf er afskaplega einhæft, sé tekið mið af vestrænum þjóðum, hefur lengi verið Íslendingum ljós. Jafnljós hefur verið sú nauðsyn að þessu þurfi að breyta. Til þess að af slíku megi verða er nauðsynlegt að Íslendingar séu í fremstu röð hvað varðar tæknikunnáttu og þekkingu. Til þess að vinna að þessu markmiði hefur rannsóknum, söfnun þekkingar og tæknikunnáttu og miðlun þessa til fyrirtækja verið skapaður hentugur vettvangur innan rannsóknastofnana atvinnuveganna. Þannig hafa flestum helstu máttarstólpum íslensks efnahagslífs verið sköpuð tækifæri til að standa í broddi fylkingar í alþjóðlegri samkeppni.

Ofanritað á þó ekki við um íslenska ferðaþjónustu þrátt fyrir mikið og vaxandi gildi hennar fyrir efnahag landsins. Lítið hefur verið unnið að rannsóknum á sviði ferðamála, markviss stefnumótun innan greinarinnar heyrir til undantekninga og þekkingu á arðsemi og afkomu innan hennar er mjög ábótavant. Hvergi eru til á neinum einum stað þau gögn sem þó hefur verið aflað og lítið hefur verið gert að því að setja gögn þessi fram á aðgengilegan hátt og kynna þau innan starfsgreinarinnar.

Úr ofangreindu ástandi er hægt að bæta með því að marka fastan farveg, óháðan duttlungum einstakra aðila innan greinarinnar, til að vinna að rannsóknum, upplýsingaöflun, kynningu og svo framvegis. Háskólinn á Akureyri leggur því til að komið verði á fót rannsóknadeild ferðamála innan Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri. Verkefni þessarar deildar yrðu meðal annars:

1. Að safna og vinna úr upplýsingum um þróun, umfang og hag ferðaþjónustunnar. Þar má nefna þætti er varða fjárfestingu í greininni, nýtingu aðstöðunnar, fjárhagslega afkomu og upplýsingar vegna markaðssetningar.
2. Að gera skipulegar kannanir á mati ferðamanna á gæðum ferðaþjónustunnar.
3. Að veita stjórnvöldum og aðilum ferðaþjónustu ráðgjöf og þjónustu varðandi stefnumótum, áætlanagerð og markaðssetningu.
4. Að stuðla að rannsóknum á sviði ferðamála og kynningu slíkra rannsókna, m.a. með því að kynna niðurstöður rannsókna í vísinda- og fagtímaritum.

Aðstæður til að koma ofangreindri deild á fót við Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri eru í alla staði ákjósanlegar. Rannsóknastofnunin býr nú þegar við þokkalegan aðbúnað og samfellu í starfi og í 3. gr. reglugerðar nr. 292/1992 um stofnunina er heimild til deildaskiptingar hennar. Einnig er Rannsóknastofnunin í góðu sambýli við þær fjórar rannsóknastofnanir atvinnuveganna sem gert hafa formlega samninga um samstarf á sviði rannsókna og kennslu við Háskólann á Akureyri. Auk þess að taka forustu í málefnum gæðastjórnunar býr háskólinn yfir sérfræðiþekkingu á viðskiptasviði og á sviði ferðamála og yrði því traustur bakhjarl slíkrar deildar.

Fskj.

Rannsóknastofnun
Háskólans á Akureyri:

Kostnaðaráætlun.

Gert er ráð fyrir að byrjað verði á því að ráða deildarstjóra yfir deild ferðamála innan Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri. Í fyrstu yrði hlutverk hans að skipuleggja starfsemi deildarinnar í smáatriðum og undirbúa það að hún geti tekið til starfa, en á síðari stigum færi stjórnunarþátturinn vaxandi í störfum hans. Áætla má að launakostnaður vegna þessa starfsmanns sé um 2.500.000 kr. á ári.

Gera má ráð fyrir því að undirbúningsvinnunni fylgi nokkur ferðalög með tilheyrandi ferða- og risnukostnaði. Kostnaður þessi er áætluð 500.000 kr. fyrsta árið en lægri eftir það.

Til að koma deild ferðamála á fót við Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri er því þörf á fjárveitingu sem nemur 3.000.000 kr.

Fylgiskjal V.

Bréf samgönguráðuneytis til Ferðamálaráðs Íslands.
(5. september 1995.)

Hinn 13. júní sl. barst minnisblað frá Þorsteini Gunnarssyni, rektor Háskólans á Akureyri, þar sem reifaðar eru hugmyndir um að koma á fót rannsóknadeild ferðamála við Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri. Þetta erindi er hér með sent yður til umsagnar.

Ráðuneytið lítur svo á að mjög brýnt sé að styrkja rannsóknir á sviði ferðamála. Telur ráðuneytið að framangreindar hugmyndir séu mjög athyglisverðar og stuðli að því að byggja upp með skipulegum hætti rannsóknarumhverfi sem ferðaþjónustan þarfnast og bæta þannig úr brýnni þörf.

F.h.r.

Jón Birgir Jónsson.

77. Fyrirspurn [77. mál]

til dómsmálaráðherra um húsnæðismál sýslumannsembættisins á Seyðisfirði.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hver er staða undirbúnings að úrbótum í húsnæðismálum embættis sýslumannsins á Seyðisfirði?

2. Hvaða möguleikar eru á að nýta núverandi húsnæði í þágu embættisins til frambúðar með endurbótum á því?
3. Hvenær reiknar ráðuneytið með að framkvæmdir við endurbætur eða nýbyggingu fyrir embættið hefjist?

Skriflegt svar óskast.

78. Fyrirspurn [78. mál]

til umhverfisráðherra um mengun af brennisteinssamböndum.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvað veldur því að Ísland hefur ekki staðfest bókanir við samninginn frá 1979 um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa, þær er varða frekari minnkun á losun brennisteins, eins og Hollustuvernd ríkisins hefur lagt til?
2. Hvenær hyggst ríkisstjórnin undirrita þessar bókanir?

79. Frumvarp til laga [79. mál]

um lífeyrisréttindi alþingismanna og ráðherra.

Flm.: Pétur H. Blöndal, Árni M. Mathiesen, Einar Oddur Kristjánsson, Guðmundur Hallvarðsson, Hjálmar Jónsson, Kristján Pálsson, Vilhjálmur Egilsson.

I. KAFLI

Breyting á lögum um eftirlaun alþingismanna, nr. 46/1965, með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Alþingismaður skal greiða í lífeyrissjóð sem starfar án ríkisábyrgðar. Skal hann velja sér lífeyrissjóð sem staðfestur hefur verið af fjármálaráðuneytinu enda heimili reglur sjóðsins aðild. Iðgjaldsframlag Alþingis skal vera í samræmi við reglur lífeyrissjóðsins en þó ekki hærra en 6,5% af launum þingmanns. Að öðru leyti skulu gilda reglur viðkomandi lífeyrissjóðs.

Alþingismenn skulu vera í sérstakri deild innan Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins með sérstöku reikningshaldi vegna áunninna réttinda. Þátttaka í alþingismannadeild sjóðsins hefur ekki áhrif á rétt né skyldur alþingismanna til að vera í öðrum deildum sjóðsins.

2. gr.

Við lögin bætast ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

1. Kjaradómur, sbr. lög nr. 120/1992, skal meta til tekna þau meðaltalshlunnindi sem alþingismönnum eru veitt samkvæmt lögunum 1. október 1995 og hækka þingfararkaup alþingismanna varanlega sem þeim hlunnindum nemur. Miða skal við hlunnindi vegna lífeyrisréttinda umfram þau réttindi sem 10% heildariðgjald veitir. Í því sambandi skal líta til aldursdreifingar þingmanna sem sátu á Alþingi 1. október 1995, aldursdreifingar maka þeirra, áunninna réttinda þeirra, lífslíkna, dreifingar starfstíma þingmanna miðað við reynslu undanfarinna 30 ára, iðgjalds þingmanns (4%) af hækkun launa og þeirra auknu lífeyrisréttinda sem þau iðgjöld gefa og 2% raunvaxta. Ekki skal taka tillit til tekjuskatts.
2. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laganna skal þingmönnum, sem sátu á Alþingi 1. október 1995, heimilt að greiða iðgjald til alþingismannadeildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins út kjörtímabilið, og njóta þeir þá ekki hækkunar launa skv. 1. tölul. þann tíma. Skulu þeir tilkynna stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins ákvörðun sína innan tveggja mánaða frá því að lög þessi öðlast gildi.
3. Lífeyrisþegar, alþingismenn, fyrrverandi alþingismenn, makar þeirra og börn, sem eiga rétt fyrir tíma fyrir gildistöku laga þessara, skulu halda þeim rétti. Þó skal allur lífeyrisréttur miðast við grundvallarlaun í stað þingfararkaups. Grundvallarlaunin skulu vera þingfararkaupið í október 1995 og hækka í hlutfalli við hækkun vísitölu neysluverðs frá þeim tíma. Sama gildir um rétt þeirra þingmanna sem óska eftir að greiða áfram iðgjald til alþingismannadeildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins skv. 2. tölul. Þingseta eftir að greiðslu iðgjalda lýkur til þingmannadeildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins telst ekki til réttinda samkvæmt lögum þessum.

   Falli þingmaður frá innan sex mánaða frá því hann greiddi síðast iðgjald samkvæmt lögum þessum á maki hans rétt til makalífeyris skv. 4. gr. og börn hans rétt til barnalífeyris skv. 5. gr. Ella skal makalífeyrir aldrei verða hærri en 75% af þeim ellilífeyri sem hinn látni þingmaður átti eða hefði átt rétt til og ekki myndast réttur til barnalífeyris.

   Verði þingmaður öryrki innan sex mánaða frá því hann greiddi síðast iðgjald samkvæmt lögum þessum á hann rétt til örorkulífeyris skv. 4. tölul. 2. gr.

   Þegar úrskurðaður lífeyrir lækkar ekki.

II. KAFLI
Breyting á lögum um eftirlaun ráðherra, nr. 47/1965, með síðari breytingum.

3. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skal greiða í lífeyrissjóð sem starfar án ríkisábyrgðar. Skal hann velja sér lífeyrissjóð sem staðfestur hefur verið af fjármálaráðuneytinu enda heimili reglur sjóðsins aðild. Iðgjaldsframlag ríkissjóðs skal vera í samræmi við reglur lífeyrissjóðsins en þó ekki hærra en 6,5% af launum ráðherra. Að öðru leyti skulu gilda reglur viðkomandi lífeyrissjóðs.

Ráðherrar skulu vera í sérstakri deild innan Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins með sérstöku reikningshaldi vegna áunninna réttinda. Þátttaka í ráðherradeild sjóðsins hefur ekki áhrif á rétt né skyldu ráðherra til að vera í öðrum deildum sjóðsins.

4. gr.

Við lögin bætast ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

1. Kjaradómur, sbr. lög nr. 120/1992, skal meta til tekna þau meðaltalshlunnindi sem ráðherrum eru veitt samkvæmt lögunum 1. október 1995 og hækka ráðherralaun varanlega sem þeim hlunnindum nemur. Miða skal við hlunnindi vegna lífeyrisréttinda umfram þau réttindi sem 10% heildariðgjald veitir. Í því sambandi skal líta til aldursdreifingar ráðherra sem embætti gegndu 1. október 1995, aldursdreifingar maka þeirra, áunninna réttinda þeirra, lífslíkna, dreifingar starfstíma ráðherra miðað við reynslu undanfarinna 30 ára, iðgjalds ráðherra (4%) af hækkun launa og þeirra auknu lífeyrisréttinda sem þau iðgjöld gefa og 2% raunávöxtunar. Ekki skal taka tillit til tekjuskatts.
2. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laganna skal ráðherrum, sem gegndu embætti 1. október 1995, heimilt að greiða iðgjald til ráðherradeildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins á meðan þeir sitja, þó lengst út kjörtímabilið, og njóta þeir þá ekki hækkunar launa skv. 1. tölul. þann tíma. Skulu þeir tilkynna stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins ákvörðun sína innan tveggja mánaða frá því að lög þessi öðlast gildi.
3. Lífeyrisþegar, ráðherrar, fyrrverandi ráðherrar og makar þeirra, sem eiga rétt fyrir tíma fyrir gildistöku laga þessara, skulu halda þeim rétti. Þó skal allur lífeyrisréttur miðast við grundvallarlaun í stað ráðherralauna. Grundvallarlaunin skulu vera ráðherralaunin í október 1995 og hækka í hlutfalli við hækkun vísitölu neysluverðs frá þeim tíma. Sama gildir um rétt þeirra ráðherra sem óska eftir að greiða áfram iðgjald til ráðherradeildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins skv. 2. tölul. Starfstími eftir að greiðslu iðgjalda lýkur til ráðherradeildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins telst ekki til réttinda samkvæmt lögum þessum.

   Falli ráðherra frá innan sex mánaða frá því hann greiddi síðast iðgjald samkvæmt lögum þessum á maki hans rétt til makalífeyris skv. 4. gr. Ella skal makalífeyrir aldrei verða hærri en 75% af þeim ellilífeyri sem hinn látni ráðherra átti eða hefði átt rétt til.

   Verði ráðherra öryrki innan sex mánaða frá því hann greiddi síðast iðgjald samkvæmt lögum þessum á hann rétt til örorkulífeyris skv. 2. gr.

   Þegar úrskurðaður lífeyrir lækkar ekki.

III. KAFLI

Gildistaka.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um 80% vinnandi fólks ber að greiða til lífeyrissjóða sem verða að standa undir væntanlegum lífeyrisgreiðslum með eignum sínum, væntanlegum iðgjöldum og ávöxtun eigna eingöngu. Ef eignir og ávöxtun nægja ekki verður að hækka iðgjald eða lækka lífeyri. Þetta fólk, verkafólk, iðnaðarmenn og skrifstofufólk, hefur töku ellilífeyris við 70 ára aldur. Það ávinnur sér árlega sem lífeyrisrétt 1,8% af meðallaunum sínum yfir ævina (oft skert) og það greiðir iðgjöld allt að 75 ára aldri. Lífeyrir þess er verðtryggður miðað við neysluvísitölu sem hækkar yfirleitt minna en laun. Opinberir starfsmenn geta aftur á móti hafið töku lífeyris 65 ára eða jafnvel fyrr með 95 ára reglunni, ávinna sér 2,0% fyrir hvert ár, greiða iðgjöld einungis í 32 ár, og ellilífeyrir þeirra miðast við hæst-

launaða starf sjóðfélagans um ævina og hækkar eins og laun. Örorkulífeyrir opinberra starfsmanna er þó lakari. Til þess að standa undir öllum núverandi réttindum opinberra starfsmanna þyrfti iðgjaldið að vera nálægt 27% af launum en ekki 10% eins og nú. Hið opinbera ber ábyrgð á þessum sjóðum og greiðir mismuninn.

Undanfarið hafa almennu sjóðirnir verið að taka til í sínum garði. Réttindi hafa verið skert, sérstaklega makalífeyrisréttindi. Lífeyrir hefur verið tengdur neysluvöruvísitölu en ekki launum sem að jafnaði hækka nokkuð meira. Háir vextir hafa og bætt stöðu þessara lífeyrissjóða. Skerðing lífeyrisréttinda ásamt góðri ávöxtun hefur bætt stöðu flestra almennra lífeyrissjóða þannig að þeir eiga núna fyrir skuldbindingum.

Á sama tíma og þessar skerðingar hafa dunið yfir hinn almenna launþega horfir hann á sífellt vaxandi skuldbindingu vegna opinberra starfsmanna sem honum verður gert að greiða með sköttum, skuldbindingu vegna lífeyrisréttinda opinberra starfsmanna sem í engu hafa verið skert.

Í þessu frumvarpi er bent á lausn á þessum vanda hvað varðar eftirlaun þingmanna. Hlunnindin verði reiknuð út og launin hækkuð sem því nemur. Sambærileg lausn kæmi til greina til þess að leysa vanda Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og annarra opinberra lífeyrissjóða. Með þessu móti er verið að gera starfskjör og laun gegnsærri.

Þyki skynsamlegt að auka valfrelsi sjóðfélaga í lífeyrissjóði er nauðsynlegt að iðgjaldið ásamt uppsafnaðri eign standi undir væntanlegum lífeyrisgreiðslum. Annars mun fólk leita til þess lífeyrissjóðs sem veitir hæst réttindi án þess að taka nauðsynlegt iðgjald, t.d. Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Skuldbindingin mun lenda á ábyrgðaraðila sjóðsins, þ.e. ríkissjóði. Sú breyting, sem hér er lögð til, er forsenda þess að valfrelsi verði aukið.

Þeir lífeyrissjóðir, sem njóta ábyrgðar ríkissjóðs eða sveitarfélaga, hafa enn ekki tekið á vanda sínum. Hjá þeim sjóðum hafa hlaðist upp geigvænlegar skuldbindingar. Þannig nemur skuldbinding Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, umfram eignir sjóðsins, um 70 milljörðum kr. eða 300 þús. kr. á hvert einasta mannsbarn í landinu eða um 600 þús. kr. á hvern vinnandi mann. Til viðbótar er skuldbinding sveitarfélaga vegna lífeyrisréttinda starfsmanna þeirra sem talin er vera um 100 þús. kr. á hvern íbúa eða 200 þús. kr. á hvern vinnandi mann. Þessar skuldbindingar hækka um rúmlega milljón á vinnustund. Á þessum vanda verður Alþingi að taka sem fyrst en Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins starfar samkvæmt lögum frá Alþingi.

Til þess að Alþingi geti með trúverðugum hætti tekið á þessum vanda mega lífeyriskjör alþingismanna ekki víkja um of frá þeim lífeyriskjörum sem kjósendur þeirra njóta almennt. Auk þess er mikilvægt að þingmenn hafi óbundnar hendur þegar þeir fjalla um þann mikla vanda sem blasir við vegna skuldbindinga opinberu sjóðanna. Þeir mega ekki fjalla um eigin kjör þegar þeir taka á þeim vanda.

Segja má að lífeyrismál þingmanna sé hluti af dulbúningi tekna sem allt of oft er iðkaður hér á landi. Samið er um einhverja lága taxta sem láglaunahóparnir fá, en svo eru greiddar alls konar viðbætur og sporslur ofan á það kaup til útvalinna. Þessi feluleikur skekkir allan samanburð á milli einstaklinga, stétta og jafnvel á milli landa. Sem dæmi má nefna að meðallaun hjá ASÍ-fólki fyrir dagvinnu eru 89 þús. kr. á mánuði og eru þá eðlilega margir með nokkuð hærri laun. Launataxtar eru miklu lægri (sjá fréttabréf kjararannsóknarnefndar mars 1995). Þessi feluleikur er notaður til þess að halda niðri launum láglaunahópa, t.d. kvenna. Þess vegna ætti Alþingi að vera í fararbroddi við að hætta þessum feluleik. Hér er lagt til að þingmenn fái metin og greidd þau hlunnindi sem hingað til hafa verið falin.

Lögum um eftirlaun alþingismanna var breytt 1982, en áður átti þingmaður engan rétt til lífeyris fyrr en eftir tvö kjörtímabil (6–10 ár) en þá bar honum 35% af þingfararkaupi. Maki átti hálfan rétt. Þessum reglum var breytt með lögum nr. 73/1982. Með þeim lögum voru teknar upp þáverandi reglur Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins um makalífeyri en þó með fullri verðtryggingu, þ.e. bætt var 20% við makalífeyrisréttinn sem áður var hálfur ellilífeyrisrétturinn. Ekki virðist hafa verið tekið tillit til þess að þingmenn starfa oft mjög stutt eðli málsins samkvæmt (varaþingmenn oft í tvær vikur) en opinberir starfsmenn eru jafnan lengi í starfi. Ákvæðum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins var svo breytt með 6. gr. laga nr. 47/1984 og gilti 20% aukning eingöngu um þá opinbera starfsmenn sem eru í starfi við fráfall. Reglum um eftirlaun þingmanna var ekki breytt.

Þessar reglur eru eftirfarandi: Þegar opinber starfsmaður hefur starfað í eitt ár hefur hann áunnið sér rétt til ellilífeyris sem er 2% af launum. Ef hann félli frá fengi eftirlifandi maki hans helminginn af þeim rétti (1%) auk 20% eða 21% af launum hins látna. Eftir 10 ára starf er ellilífeyrisrétturinn orðinn 20% en makalífeyrisrétturinn er helmingurinn af þeim rétti (10%) auk 20%, alls 30%. Lífeyrisréttur eftirlifandi maka er því miklu hærri en ellilífeyrisréttur sjóðfélagans fyrstu árin. Það er fyrst eftir 20 ára starf að ellilífeyrisréttur sjóðfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins verður hærri en makalífeyrir eftirlifandi maka. Þessari reglu má líkja við framreikninginn hjá almennu sjóðunum. Ef sjóðfélagi, sem hefur greitt í SAL-sjóð í þrjú ár og greiðir enn í sjóðinn, fellur frá fær eftirlifandi maki makalífeyri eins og sjóðfélaginn hefði greitt til 70 ára aldurs. Hér er um umtalsverð réttindi að ræða því að réttur eftirlifandi maka sjóðfélaga, sem hefur starfað í aðeins þrjú ár, getur verið 35% til 50% af þeim launum sem sjóðfélaginn greiddi iðgjald af. Ýmsar skorður eru þó settar á rétt til makalífeyris, mismunandi eftir sjóðum.

Hjá alþingismannadeild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins þarf sjóðfélaginn ekki að vera greiðandi í sjóðinn til þess að fá makalífeyri. Það hefur í för með sér að varamaður, sem sest á þing í tvær vikur og aldrei meir, fær ellilífeyrisrétt sem nemur $^{2}/_{52}$ af 2% eða 0,08% af þingfararkaupi eða 150 kr. á mánuði frá 65 ára aldri. Hins vegar á maki hans rétt til æviloka á 20,04% af þingfararkaupi eða 39.080 kr. á mánuði frá dauða þingmannsins. Skuldbinding vegna makalífeyrisréttinda 210 þingmanna, sem hafa verið eitt ár eða skemur á þingi (meðaltal 1,7 mánuði), er 365 millj. kr. (53% af makalífeyri allra þingmanna) eða um 1,7 millj. kr. á mann og er það óneitanlega mikil skuldbinding fyrir allt niður í tveggja vikna veru á Alþingi (sjá úttekt á alþingismannadeild Lífeyrisjóðs starfsmanna ríkisins). Varla hefur þetta verið ætlun Alþingis og þarf að leiðrétta það. Í frumvarpinu er gerð tilraun til að leiðrétta þetta með því að setja það skilyrði að makalífeyrir verði aldrei hærri en 75% af ellilífeyrinum. Rétt er að benda á að eftir að skylda og réttur til að greiða í þingmannadeildina er afnuminn er enginn þingmaður lengur virkur greiðandi í sjóðinn og þingmenn munu væntanlega njóta framreiknings í öðrum lífeyrissjóði að eigin vali eftir sex mánuði.

Í fylgiskjali er sýnt hvernig uppsöfnuð réttindavinnsla er hjá þingmönnum, ráðherrum, Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og almennu lífeyrissjóðunum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér eru felld niður réttindi og skyldur þingmanna til þess að greiða í þingmannadeild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Þingmannadeildinni er lokað fyrir frekari greiðslu iðgjalda og verður því ekki um aukningu réttinda að ræða. Þessi réttindi krefjast 56% iðgjalds af launum í stað þeirra 10% sem greidd eru. Sú er niðurstaða tryggingafræðilegr-

ar úttektar á stöðu deildarinnar frá 1. desember 1993. Þess í stað er þingmönnum gert að greiða iðgjald til lífeyrissjóðs sem ekki nýtur ábyrgðar launagreiðanda, þ.e. Alþingis, enda heimili reglur sjóðsins aðild þingmanna. Ekki er ljóst hvaða lífeyrissjóðir muni heimila alþingismönnum aðild en tryggt er að þeir eiga rétt á aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda.

Um 2. gr.

Í 1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða er kveðið á um að reikna skuli út hvers virði þessi hlunnindi eru þingmanninum umfram þau réttindi sem hann fær með greiðslu í annan lífeyrissjóð að eigin vali og verði þá miðað við að laun skuli hækka sem þessum hlunnindum nemur. Við það verður að hafa í huga að makalífeyrisréttindin vegna varamanna, sem kosta um 365 millj. kr. af 2.300 millj. kr. skuldbindingu eða 16%, eru ekki vegna kjörinna aðalmanna og því lækkar nauðsynlegt iðgjald nokkuð. Til grundvallar mati á hlunnindunum er lögð aldursdreifing þingmanna og maka þeirra og áunnin réttindi, sem haldast, eru dregin frá. Hins vegar verður þingmaðurinn að greiða 4% af hækkun þingfararkaups en fær á móti aukin lífeyrisréttindi. Frítekjumark skatta mun ekki hafa nein áhrif þar sem þessi hópur fólks verður væntanlega yfir þeim mörkum sem lífeyrisþegar. Hins vegar kynni hátekjuskatturinn að koma inn í þessa mynd en hann er tímabundinn og því er gert ráð fyrir að áhrifum hans verði sleppt. Gert er ráð fyrir að til grundvallar mati á hlunnindum verði notuð 2% ávöxtunarkrafa enda er lífeyririnn háður tekjum. Þó kæmi til greina að nota hærri ávöxtunarkröfu en ávöxtunarkrafan hefur mikil áhrif á niðurstöðuna.

Í 2. tölul. ákvæðisins er kveðið á um rétt núverandi þingmanna til þess að velja eldra fyrirkomulag frekar en hið nýja, enda voru þau kjör í boði þegar kosið var til Alþingis.

Í 3. tölul. er fjallað um geymdan rétt. Þar er sagt að þeir sem eigi eldri rétt skuli halda honum. Hins vegar verði sá réttur verðtryggður miðað við vísitölu neysluverðs til þess að koma í veg fyrir að áunninn réttur, sem núna miðast við þingfararkaup, hækki vegna þeirrar hækkunar sem verður á þingfararkaupinu þegar þingmenn afsala sér góðum lífeyrisrétti.

Hinn margumræddi makalífeyrisréttur, sem ekki hefur þegar orðið virkur vegna dauða og tekinn var upp 1982, er skertur verulega og verður ekki hærri en 75% af áunnum ellilífeyri. Þó helst núverandi regla gagnvart þeim sem eru greiðendur í sjóðinn næstu sex mánuðina en það er sá tími sem það tekur að öðlast slík réttindi í almennu lífeyrissjóðunum. Sama gildir um örorku- og barnalífeyri. Ekki verður hróflað við þeim rétti sem þegar hefur stofnast til vegna örorku eða dauða.

Um 3. gr.

Hér eru felld niður réttindi og skyldur ráðherra til þess að greiða í ráðherradeild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Ráðherradeildinni er lokað fyrir frekari greiðslu iðgjalda og verður því ekki um aukningu réttinda að ræða. Þessi réttindi krefjast 80% iðgjalds af launum í stað þeirra 10% sem greidd eru. Sú er niðurstaða tryggingafræðilegrar úttektar á stöðu deildarinnar frá 6. desember 1993. Þess í stað er ráðherrum gert að greiða iðgjald til lífeyrissjóðs sem ekki nýtur ábyrgðar launagreiðanda, þ.e. ríkissjóðs, enda heimili reglur sjóðsins aðild ráðherra. Ekki er ljóst hvaða lífeyrissjóðir muni heimila ráðherrum aðild en tryggt er að þeir eiga rétt á aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda.

Um 4. gr.

Í 1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða er kveðið á um að reikna skuli út hvers virði þessi hlunnindi eru ráðherranum umfram þau réttindi sem hann fær með greiðslu í annan lífeyrissjóð að eigin vali og verði þá miðað við að laun skuli hækka sem þessum hlunnindum nemur. Til grundvallar mati á hlunnindunum er lögð aldursdreifing ráðherra og maka þeirra og áunnin réttindi, sem haldast, eru dregin frá. Hins vegar verður ráðherrann að greiða 4% af hækkun ráðherralauna en fær á móti aukin lífeyrisréttindi. Frítekjumark skatta mun ekki hafa nein áhrif þar sem þessi hópur fólks verður væntanlega yfir þeim mörkum sem lífeyrisþegar. Hins vegar kynni hátekjuskatturinn að koma inn í þessa mynd en hann er tímabundinn og því er gert ráð fyrir að áhrifum hans verði sleppt. Um ávöxtunarkröfuna vísast til athugasemda við 1. tölul. 2. gr.

Í 2. tölulið er kveðið á um rétt núverandi ráðherra til þess að velja eldra fyrirkomulag frekar en hið nýja, enda voru þau kjör í boði þegar þeir tóku að sér embættið.

Í 3. tölul. er kveðið á um geymdan rétt. Þar er sagt að þeir sem eigi eldri rétt skuli halda honum. Hins vegar verði sá réttur verðtryggður miðað við vísitölu neysluverðs til þess að koma í veg fyrir að áunninn réttur, sem núna miðast við ráðherralaun, hækki vegna þeirrar hækkunar sem verður á ráðherralaunum þegar ráðherrar afsala sér góðum lífeyrisrétti. Núverandi réttur til maka- og örorkulífeyris helst gagnvart þeim, sem eru greiðendur í sjóðinn næstu sex mánuðina en það er sá tími sem það tekur að öðlast slík réttindi í almennu lífeyrissjóðunum. Ekki verður hróflað við þeim rétti sem þegar hefur stofnast til vegna örorku eða dauða.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.


Uppsöfnuð lífeyrisréttindi
þingmanns, ráðherra, opinberra starfsmanns (65 ár)
og almenns launþega (70 ár)
Lífiðf. ráðherra (65ár)
Makalíf. ráðherra
Lífiðf. þingmanns (65ár)
Makalíf. þingmanns
Lífiðf. opinb.starfsm. (65ár)
Makalíf. opinb.starfsm.
Lífiðf. almennt (70ár)
Lífiðf. almennt, skertur (70ár)
90%
80%
70%
60%
50%
40%
30%
20%
10%
0%
0 ár
5 ár
10 ár
15 ár
20 ár
25 ár
30 ár
35 ár
40 ár

80. Svar [46. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Hjálmars Árnasonar um flutning ríkisstofnana út á land.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvað líður framkvæmd tillagna nefndar frá 15. júlí 1993 um flutning ríkisstofnana út á land?*
2. *Má búast við að tillaga nefndarinnar um flutning Landhelgisgæslunnar til Suðurnesja verði framkvæmd?*
3. *Hefur ný ríkisstjórn í hyggju að kanna fleiri þætti sem snerta aukna þjónustu og flutning ríkisstofnana á landsbyggðina?*

Um mitt ár 1992 skipaði forsætisráðherra nefnd til að vinna að tillögugerð um flutning stofnana frá höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar. Sú nefnd lauk störfum 15. júlí og gerði tillögu um að nokkrum ríkisstofnunum yrði komið fyrir utan höfuðborgarsvæðisins. Þessar stofnanir voru Byggðastofnun, Landhelgisgæslan, Landmælingar Íslands, Rafmagnsveitur ríkisins, Skipulag ríkisins, Vegagerð ríkisins og Veiðimálastofnun. Tillögurnar vöktu nokkra athygli og spunnust athyglisverðar umræður um kosti þess og galla að staðsetja ríkisstofnanir utan höfurborgarsvæðisins. Tillögurnar voru kynntar í ríkisstjórn og vísað til umfjöllunar í hlutaðeigandi ráðuneytum á ríkisstjórnarfundi 10. ágúst 1993.

Forsætisráðherra gat þess í umræðum á Alþingi í nóvember sama ár þegar kom fram fyrirspurn um þetta mál að flutningur ríkisstofnana væri viðkvæmt og flókið mál sem varðaði hagi fjölda einstaklinga og fjölskyldna þeirra og það hefur sýnt sig þar sem ráðist hefur verið í að flytja stofnanir. Fram kom í þeim umræðum að skoðanir þingmanna voru skiptar um einstakar tillögur nefndarinnar og komu þá m.a. fram efasemdaraddir meðal landsbyggðarþingmanna um hagkvæmni þess að flytja aðalskrifstofur einstakra stofnana, svo sem Vegagerðar ríkisins, frá höfuðborgarsvæðinu. Einnig voru deildar meiningar um að skynsamlegt væri að flytja Landhelgisgæsluna til Keflavíkur eins og nefndin hafði lagt til.

Forsætisráðherra gat þess einnig við umræður um málið á Alþingi fyrir tveimur árum að frumkvæði og ákvarðanir um að breyta staðsetningu ríkisstofnana yrðu að koma frá hlutaðeigandi ráðuneytum. Hvað Byggðastofnun varðar, en hún var sú eina af stofnunum forsætisráðuneytisins sem nefndin gerði tillögu um að flytja, reyndist stjórn stofnunarinnar hafa önnur áform um staðsetningu og tilhögun á starfsemi en að flytja hana í heilu lagi til Akureyrar. Byggðastofnun hefur á allra síðustu árum opnað skrifstofur á Egilsstöðum og á Sauðárkróki en fyrir voru skrifstofur á Akureyri og Ísafirði. Stefna stjórnarinnar hefur verið að efla skrifstofurnar á landsbyggðinni og hafa stjórnarmenn verið þeirrar skoðunar að það sé stofnun á borð við Byggðastofnun nauðsynlegt að búa í nálægð við Alþingi og helstu stjórnsýslustofnanir landsins. Af þeim sökum hefur stjórnin verið andvíg brottflutningi aðalskrifstofu Byggðastofnunar af höfuðborgarsvæðinu.

81. Frumvarp til laga [80. mál]

um breytingu á lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir.

1. gr.

Á eftir 3. málsl. 8. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Um aðrar tengdar bætur fer eftir sömu reglum sem um elli- og örorkulífeyri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar Alþingi hafði til afgreiðslu breytingar á almannatryggingalögum, nr. 67/1971, í desember 1993 og lögum um almannatryggingar var skipt upp í tvennt, í lög um félagslega aðstoð og lög um almannatryggingar, var gerð breyting á ákvæði laga um endurhæfingarlífeyri. Í 2. mgr. 12. gr. laga um almannatryggingar, nr. 67/1971, sagði m.a. um endurhæfingarlífeyri:

„Endurhæfingarlífeyrir skal nema sömu fjárhæð og elli- og örorkulífeyrir. Um tekjutryggingu og aðrar tengdar bætur fer eftir sömu reglum sem um elli- og örorkulífeyri. Sjúkrahúsvist í greiningar- og endurhæfingarskyni skerðir ekki bótagreiðslur."

Við breytinguna 1993 voru ákvæði um endurhæfingarlífeyri flutt yfir í lög um félagslega aðstoð og urðu að 8. gr. þeirra laga. Er sú grein að mestu samhljóða 12. gr. laga um almannatryggingar, nr. 67/1971, nema síðari hluti greinarinnar sem hljóðar svo:

„Endurhæfingarlífeyrir skal nema sömu fjárhæð og grunnlífeyrir örorkulífeyris ásamt tekjutryggingu. Sjúkrahúsvist í greiningar- og endurhæfingarskyni skerðir ekki bótagreiðslur."

Hér er rétturinn til tengdra bóta ekki lengur inni í greininni.

Í athugasemdum við einstakar greinar frumvarps laga um félagslega aðstoð sagði um 8. gr.:

„Samhljóða 2. mgr. 12. gr. laga um almannatryggingar."

Í umræðum á Alþingi um þessar lagabreytingar voru þingmenn og hagsmunaaðilar, sem kallaðir voru til umsagnar hjá heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis, sannfærðir af formanni nefndarinnar um að þessar breytingar hefðu ekki áhrif á réttindi lífeyrisþega.

Þar til 1. október sl. fengu þeir sem úrskurðaðir hafa verið á endurhæfingarlífeyri hjá Tryggingastofnun ríkisins tengdar bótagreiðslur og hlunnindi eins og 75% öryrkjar, þ.e. uppbót á lífeyri vegna lyfjakostnaðar eða umönnunarkostnaðar, barnalífeyri ef börn undir 18 ára eru á framfæri viðkomandi, heimilisuppbót ef hann býr einn o.s.frv., einnig hlunnindi sem fylgja bótagreiðslunum og 75% örorku, svo sem lægra gjald fyrir læknisþjónustu og lyf. Eftir 1. október hefur Tryggingastofnun synjað umsóknum um tengdar bætur með endurhæfingarlífeyri. Hæstu greiðslur til þess sem er óvinnufær og í endurhæfingu eftir slys eða sjúkdóm frá Tryggingastofnun ríkisins eru nú 37.360 kr. á mánuði.

82. Fyrirspurn [81. mál]

til sjávarútvegsráðherra um veiðar og rannsóknir á túnfiski.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hefur af hálfu sjávarútvegsráðuneytisins eða Hafrannsóknastofnunar farið fram könnun á því hvort túnfiskur sé í nýtanlegu magni innan fiskveiðilögsögu Íslands eða í hafinu suður og suðvestur af landinu?
2. Er ráðherra tilbúinn til að beita sér fyrir styrkveitingum til að kanna veiðimöguleika túnfisks innan og utan landhelginnar?
3. Er ráðherra tilbúinn til að beita sér fyrir því að sent verði rannsóknaskip til að kanna hugsanleg veiðisvæði túnfisks?
4. Er ráðherra tilbúinn til að beita sér fyrir styrkveitingum til sérútbúinna skipa til tilraunaveiða og vinnslu á túnfiski?

83. Fyrirspurn [82. mál]

til sjávarútvegsráðherra um veiðar og rannsóknir á smokkfiski.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hefur af hálfu sjávarútvegsráðuneytisins eða Hafrannsóknastofnunar farið fram könnun á því hvort smokkfiskur sé í nýtanlegu magni innan fiskveiðilögsögu Íslands eða í hafinu suður og suðvestur af landinu?
2. Er ráðherra tilbúinn til að beita sér fyrir styrkveitingum til að kanna veiðimöguleika smokkfisks innan og utan landhelginnar?
3. Er ráðherra tilbúinn til að beita sér fyrir því að sent verði rannsóknaskip til að kanna hugsanleg veiðisvæði smokkfisks?
4. Er ráðherra tilbúinn til að beita sér fyrir styrkveitingum til sérútbúinna skipa til tilraunaveiða og vinnslu á smokkfiski?

84. Fyrirspurn [83. mál]

til iðnaðarráðherra um rennslistruflanir í Soginu.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hversu oft hefur rennsli Sogsins farið niður fyrir 65 teningsmetra á sekúndu frá því samið var um bætur til veiðiréttareigenda með gerðardómi árið 1969?
2. Hversu oft hefur rennslið farið niður fyrir 40 teningsmetra á sekúndu á sama tíma?

85. Frumvarp til laga [84. mál]

um breytingu á lögum um þingfararkaup og þingfararkostnað, nr. 88/1995.

Flm.: Ólafur G. Einarsson, Ragnar Arnalds, Sturla Böðvarsson, Guðni Ágústsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Geir H. Haarde, Valgerður Sverrisdóttir, Svavar Gestsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir.

1. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Greiðsla þingfararkostnaðar skv. 6. og 7. gr. er framtalsskyld, sbr. lög um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, en ekki skattskyld. Um greiðslur skv. 8. gr. fer eftir þeim reglum sem ríkisskattstjóri setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er gerð tillaga um þá breytingu á lögum um þingfararkaup og þingfararkostnað að ákvæði 16. gr. laganna um skattalega meðferð þingfararkostnaðar er ekki látið ná til 9. gr., þ.e. fastrar greiðslu starfskostnaðar.

Í 2. mgr. 9. gr. laganna segir að endurgreiða skuli alþingismönnum annan starfskostnað en þann sem tilgreindur er sérstaklega í lögunum samkvæmt reglum sem forsætisnefnd setji, en jafnframt sé heimilt að greiða þennan kostnað sem fasta fjárhæð í stað endurgreiðslu samkvæmt reikningum.

Í reglum, sem forsætisnefnd setti 28. ágúst sl., var ákveðið að nýta þessa heimild til að greiða alþingismönnum fasta fjárhæð, 40 þús. kr. á mánuði. Með hliðsjón af því hversu sjálfstætt alþingismenn starfa þótti heppilegt að þeim gæfist kostur á að fá greidda fasta fjárhæð mánaðarlega sem væri áætluð tala og gengi til greiðslu starfskostnaðar án beinna afskipta skrifstofu Alþingis. Þetta fyrirkomulag greiðslna og skattaleg meðferð þeirra, sem hefur tíðkast hjá þjóðþingum víða um heim, vakti hins vegar tortryggni og hefur því verið ákveðið að ákvæði 16. gr. um skattalega meðferð þingfararkostnaðar nái ekki til þessara greiðslna.

Í lögunum var það nýmæli að þar er í fyrsta sinn staðfest í 9. gr. að endurgreiða beri alþingismönnum ýmsan kostnað sem óhjákvæmilega fellur til í tengslum við störf þeirra. Hér er um að ræða kostnað við fundahöld, ráðstefnur, námskeið, bóka- og tímaritakaup og fleiri útgjöld sem fylgja starfi þingmanna. Áður en hin nýju lög um þingfararkaup og þingfararkostnað voru sett þótti ekki nægilega skýrt að hvaða marki bæri að endurgreiða kostnað sem fyrr greinir. Við undirbúning laganna var litið svo á að það væri heppilegra fyrirkomulag að greiða fremur fasta fjárhæð mánaðarlega í stað endurgreiðslu samkvæmt reikningum. Með því móti væri það sett í vald hvers og eins alþingismanns hvernig hann hagaði útgjöldum sínum — að sjálfsögðu innan þess ramma sem lögin settu honum.

Þeir sem að frumvarpinu stóðu töldu eðlilegt að undanskilja greiðslu þessa skattskyldu þar sem starfskostnaðurinn, eins og hann er skilgreindur í lögunum, væri almennt frádráttarbær hjá vinnuveitanda og því ekki framtalsskyldur hjá þeim sem stofnaði til kostnaðarins. Hins vegar var talið að skýrar heimildir skorti til að draga kostnaðinn frá

við álagningu tekjuskatts ef hann væri greiddur viðkomandi beint þar sem alþingismenn teljast ekki einyrkjar eða verktakar í skilningi skattalaga. Þannig væri ekki verið að skapa alþingismönnum rétt umfram aðra með hinni skattfrjálsu greiðslu starfskostnaðar heldur hefði þessi háttur í för með sér mikið hagræði í framkvæmd.

Til nánari skýringar á þessu skal vitnað til greinargerðar ríkisskattstjóra frá 20. september sl. um skattalega meðferð starfskostnaðar, en þar er meginreglan orðuð svo:

„Því má segja að samkvæmt skattalögum gildi sú regla að í þeim tilvikum þar sem það liggur fyrir að greiðsla frá launagreiðanda til launamanns feli ekki í sér endurgjald fyrir vinnuframlag, heldur sé um að ræða endurgreiðslu á útlögðum kostnaði í þágu launagreiðanda, þá hafi ekki verið talið að um skattskyldar tekjur sé að ræða hjá launamanninum."

Enn fremur segir í greinargerðinni:

„Þá meginreglu sem að framan er getið þykir mega lesa úr 2. mgr. 30. gr. skattalaganna, auk ákvæða í A-lið 1. mgr. 30. gr. sem fjalla um einstök tilvik. Einnig er hér horft til þess hvað persónufrádrátturinn á að standa fyrir. Í nokkrum tilvikum hefur verið farin sú leið að miða frádráttarheimild við fyrir fram ákveðnar matsreglur og verður að telja að þar ráði miklu hagsmunir skattframkvæmdar, þ.e. mikilvægi skilvirkni í skattframkvæmd. Ákvæði í nýjum lögum um þingfararkaup og þingfararkostnað verður að telja að byggi á svipuðum meiði, þ.e. það eru skilvirknissjónarmið sem ráða því að notast er við staðlaðar frádráttarreglur enda ekki ágreiningur um tilefni greiðslunnar, þ.e. þeim er ætlað að mæta kostnaði sem launþeginn verður fyrir vegna starfs síns."

Þrátt fyrir það sem sagt er hér að framan er lagt til að horfið verði frá sérstakri skattameðferð starfskostnaðar alþingismanna. Eftir breytinguna, sem lögð er til í frumvarpinu, geta alþingismenn valið um það, eftir sem áður, að framvísa reikningum fyrir starfskostnaði sínum eða fá greidda ákveðna fjárhæð mánaðarlega.

Í þessu frumvarpi er aðeins tekið á einum þætti kjaramála þingmanna, þeim sem mestri gagnrýni hefur sætt að undanförnu. Flutningsmenn telja að nauðsynlegt sé að fara frekar yfir kjaramál þingmanna, m.a. með hliðsjón af þeim upplýsingum sem borist hafa og munu berast um kjaramál sambærilegra aðila í þjóðfélaginu. Í þeirri yfirferð verði einnig farið yfir skattalega meðferð þessara mála í heild eftir því sem tilefni gefst.

86. Tillaga til þingsályktunar [85. mál]

um að leggja niður kjaradóm og kjaranefnd.

Flm.: Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að undirbúið verði frumvarp til laga um að leggja niður kjaradóm og kjaranefnd og kosin sjö manna nefnd til þess að annast þá vinnu. Gert verði ráð fyrir að laun þeirra sem kjaradómur úrskurðar um verði ákveðin af Alþingi að fenginni tillögu launanefndar sem starfi á ábyrgð Alþingis. Laun þeirra sem kjaranefnd úrskurðar um verði ákveðin í kjarasamningum stéttarfélaga. Nefndin taki saman skýrslu um reynsluna af störfum kjaradóms og kjaranefndar með nákvæmu yfirliti yfir kjör allra þeirra sem þar heyra undir með skírskotun til almennrar launaþróunar í landinu. Hún skili tillögum sínum svo snemma að unnt verði að afgreiða nýskipan þessara mála fyrir lok yfirstandandi þings.

Í kjölfarið taki Alþingi laun og starfskjör embættismanna og alþingismanna til endurskoðunar í samræmi við þá kjarastefnu sem stjórnvöld fylgja gagnvart almenningi.

Greinargerð.

Eins og nú háttar til úrskurðar kjaradómur um laun ýmissa æðstu embættismanna ríkisins, þar á meðal dómara og ráðherra, svo og alþingismanna. Kjaranefnd ákvarðar laun ýmissa annarra embættismanna sem stéttarfélög semja ekki fyrir.

Á undanförnum árum hefur oft komið fram hve ófullnægjandi þessi skipan er. Þannig hefur það ítrekað vakið mikla reiði í þjóðfélaginu þegar kjaradómur hefur kveðið upp úrskurði um margfaldar kjarabætur til skjólstæðinga sinna á við þær sem almennt launafólk hefur þurft að sætta sig við. Svo rammt hefur kveðið að þessu að stjórnvöld hafa séð sig knúin til að setja lög á úrskurð kjaradóms. Þetta hefur það í för með sér að lögin ná ekki þeim tilgangi sem þeim var ætlað að þjóna.

Mörg rök mæla gegn þeirri hugsun sem kjaradómur og kjaranefnd byggist á. Þannig er í hæsta máta óeðlilegt að Hæstiréttur skipi aðila í kjaradóm sem m.a. tekur ákvörðun um eigin launakjör, þ.e. kjör dómara.

Það hlýtur einnig að vera grundvallaratriði í lýðræðisþjóðfélagi að tengja pólitískt vald annars vegar og ábyrgð hins vegar. Mikilvægt er að tryggja að sá sem tekur pólitíska ákvörðun þurfi jafnan að standa reikningsskil gerða sinna. Þetta á ekki síst við um ákvarðanir um kjaramál sem eru pólitísk í eðli sínu. Þegar kjaramál eru annars vegar er enginn endanlegur sannleikur til. Þar eru aðeins skoðanir og viðhorf.

Í þeim undantekningartilvikum þar sem því verður ekki við komið að stéttarfélög semji um kjörin er nauðsynlegt að tryggja að pólitískt ábyrgur aðili standi að baki öllum ákvörðunum; hann standi og falli með gerðum sínum í þessu efni sem öðru.

Þegar lögin um kjaradóm og kjaranefnd voru endurskoðuð árið 1992 mótmæltu samtök opinberra starfsmanna og bentu á að þau væru fylgjandi því fyrirkomulagi sem væri við lýði annars staðar á Norðurlöndum þar sem launakjör réðust almennt í kjarasamningum en laun ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara með lögum. Hér er lagt til að farið sé eftir þessu áliti. Síðan verði það þingsins að taka kjaramál ráðherra, dómara og æðstu stjórnenda, svo og alþingismanna, til endurskoðunar í samræmi við þá launastefnu sem meiri hluti Alþingis hefur tekið þátt í að knýja fram gagnvart almennu launafólki í landinu. Í þeirri endurskoðun verði einnig tekið á starfskjörum og séð til þess að alþingismenn sæti sömu skattalegri meðferð og aðrir landsmenn.

87. Frumvarp til laga [86. mál]

um breytingu á höfundalögum, nr. 73 29. maí 1972, sbr. lög nr. 78 30. maí 1984 og lög nr. 57 2. júní 1992.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

Við 11. gr. a laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þá skal þeim sem öðlast hafa rétt til notkunar tölvuforrits heimilt án sérstaks leyfis forritshöfundar að skoða, rannsaka eða prófa forritið í því skyni að kanna þær hugmyndir og þau grundvallarsjónarmið sem einstakir þættir forritsins hvíla á að því tilskildu að

aðgerðir þessar tengist þeim afnotum sem rétthafa eru heimil í sambandi við nýtingu forritsins.

Ekki er heimilt að víkja frá ákvæðum greinar þessarar með samningum.

2. gr.

23. gr. a laganna orðast svo:

Verki, sem er löglega útvarpað beint eða um gervihnött, má endurvarpa til almenningsum kapalkerfi óbreyttu og samtímis hinni upphaflegu útsendingu, að því tilskildu að sá sem ber ábyrgð á endurvarpinu hafi aflað sér heimildar til þess með samningum við samtök sem annast réttargæslu fyrir verulegan hluta íslenskra höfunda á sviði viðkomandi verks og hlotið til þess lögformlega viðurkenningu menntamálaráðuneytisins skv. 23. gr. Höfundar er standa utan samtakanna skulu njóta sama réttar til endurgjalds fyrir afnot verka sinna og félagsmenn, sbr. 1. og 3. mgr. 23. gr. Endurvarp um kapalkerfi, sem tekur til færri samtengdra íbúða en 25 í fjöleignarhúsi eða nærlægum húsum, er þó heimilt án leyfis eða endurgjalds til höfundar.

Náist ekki samkomulag um leyfisveitingu skv. 1. mgr. eða um skilyrði fyrir henni, þar á meðal um fjárhæð þóknunar, getur hvor aðili um sig skotið því ágreiningsefni til sáttameðferðar hjá úrskurðarnefnd skv. 57. gr. Menntamálaráðuneytið getur sett frekari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

3. gr.

Við 42. gr. a laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Einnig er heimil afritun forrits og þýðing eða afþýðing þess þegar slíkt er óhjákvæmilegt til öflunar upplýsinga sem þörf er á til að ná fram rekstrarsamhæfni sjálfstæðs forrits við önnur forrit að fullnægðum eftirgreindum skilyrðum:

1. að sú aðgerð sé framkvæmd af þeim aðila sem aflað hefur sér með lögmætum hætti heimildar til notkunar forritsins,
2. að slíkar upplýsingar hafi ekki verið tiltækar aðilum sem um getur í 1. tölul. með greiðum hætti,
3. að aðgerðirnar takmarkist við þann hluta hins upphaflega forrits sem nauðsynlegar eru til þess að ná fram rekstrarsamhæfni.

Upplýsingar, sem aflað hefur verið með heimild í grein þessari, verða aðeins notaðar til að auðvelda rekstrarsamhæfni við önnur forrit, en ekki á neinn þann hátt er raski lögmætum hagsmunum hins upprunalega forritshöfundar til eðlilegrar hagnýtingar þess né brjóti gegn höfundarétti hans á annan hátt.

Ekki er heimilt að víkja frá ákvæðum greinar þessarar með samningum.

4. gr.

43. gr. laganna orðast svo:

Höfundaréttur helst uns 70 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir lát höfundar. Nú er um verk að ræða sem ákvæði 7. gr. taka til og skal þá telja greint 70 ára tímabil frá næstu áramótum eftir lát þess höfundar sem lengst lifir. Höfundaréttur að kvikmyndaverkum helst þó aðeins í 70 ár eftir dánarár þess sem lengst lifir af eftirgreindum höfundum kvikmyndaverks:

1. Aðalleikstjórar.
2. Handritshöfundar, þar með taldir höfundar samtalstexta.
3. Tónhöfundar sé tónlistin sérstaklega samin til afnota í kvikmyndaverkum.

5. gr.

44. gr. laganna orðast svo:

Þegar verk hefur verið birt án þess að höfundur hafi verið nafngreindur, sbr. 2. mgr. 8. gr., helst höfundaréttur að verkinu uns 70 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir birtingu þess. Nú er um verk að ræða sem birt er í einstökum hlutum, svo sem heftum, bindum, eða með öðrum hliðstæðum hætti, og gildir þá sjálfstæður verndartími fyrir hvern einstakan hluta.

Ef höfundur er nafngreindur með þeim hætti sem segir í 2. mgr. 8. gr. áður en framangreint 70 ára tímabil er liðið eða leitt er í ljós að höfundur var látinn er verkið birtist skal um gildistíma höfundaréttar fara eftir ákvæðum 43. gr.

Sé um verk að ræða sem ekki hefur verið birt og höfundur ókunnur fellur höfundarétturinn niður er 70 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir tilurð verksins.

6. gr.

Á eftir 44. gr. laganna kemur ný grein, 44. gr. a, svohljóðandi:

Hafi verk ekki verið birt almenningi innan verndartímabils skv. 43. og 44. gr. skal sá sem fyrst birtir verkið að því liðnu öðlast hliðstæðan rétt til fjárhagsnytja af verkinu og höfundar hafa samkvæmt ákvæðum laga þessara. Verndin helst uns 25 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir birtingu.

7. gr.

45. gr. laganna orðast svo:

Listflytjandi hefur einkarétt til eintakagerðar af listflutningi sínum og hvers konar dreifingar hans til almennings, sbr. þó ákvæði 47. gr. Samkvæmt þessu eru óheimilar án hans samþykkis m.a. þær aðgerðir sem hér eru taldar:

1. Upptaka til endurflutnings á beinum listflutningi hans. Það telst beinn listflutningur sem listflytjandi flytur persónulega, þar á meðal flutningur í útvarp. Nú hefur útvarpsstofnun framkvæmt bráðabirgðaupptöku á persónulegum listflutningi og fer þá um útvarp eftir slíkri upptöku sem um beinan listflutning.
2. Útvarp á beinum listflutningi.
3. Dreifing beins listflutnings með tækniaðferðum, um þráð eða þráðlaust, frá flutningsstað til annarra tiltekinna staða sem almenningur á aðgang að.
4. Eftirgerð á upptöku listflutnings og dreifing til almennings uns 50 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir að flutningur fór fram. Sé upptöku listflutnings dreift til almennings innan greinds verndartímabils skal vernd þó haldast í 50 ár frá næstu áramótum eftir fyrstu dreifingu hennar.

Nú hefur listflytjandi veitt með samningi framlag til kvikmyndaverks og getur hann þá ekki, nema áskilnaður sé gerður á annan veg, hindrað leigu á eintökum kvikmyndaverksins.

Um upptöku, eftirgerð og dreifingu listflutnings, sem um getur í 1. mgr., skulu gilda eftir því sem við á ákvæði 2.–6. mgr. 2. gr., 4. gr., 7. gr., 8. gr., 1. mgr. 11. gr., 1. mgr. 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 18. gr., 21. gr., 2. mgr. 23. gr., 24. gr., 26.–31. gr. og 53. gr. Ákvæði 1. mgr. 24. gr. gilda þó aðeins um upptökur sem fyrst eru seldar eða ráðstafað til eignar með öðrum hætti með samþykki rétthafa innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Standi fleiri en 12 listflytjendur að listflutningi nægir samþykki stéttarfélags flytjenda til eftirgerðar og endurnota, enda komi greiðsla fyrir flutninginn.

8. gr.

Á eftir 45. gr. laganna bætist við ný grein, 45. gr. a., svohljóðandi:

Listflutningi, sem er löglega útvarpað beint eða um gervihnött, má endurvarpa til almennings um kapalkerfi óbreyttu og samtímis hinni upphaflegu útsendingu að því tilskildu að sá sem ber ábyrgð á endurvarpinu hafi aflað sér heimildar til þess með samningum við samtök sem annast réttargæslu fyrir verulegan hluta íslenskra listflytjenda og framleiðenda og hlotið til þess lögformlega viðurkenningu menntamálaráðuneytisins, sbr. þó ákvæði 47. gr., varðandi flutning efnis á markaðshljóðritum. Rétthafar, er standa utan samtakanna, skulu njóta sama réttar og félagsmenn, sbr. 1. og 3. mgr. 23. gr. Endurvarp um kapalkerfi, sem tekur til færri samtengdra íbúða en 25 í fjöleignarhúsi eða nærlægum húsum, er þó heimilt án leyfis eða endurgjalds til rétthafa samkvæmt grein þessari.

Náist ekki samkomulag um leyfisveitingu skv. 1. mgr. eða um skilyrði fyrir henni, þar á meðal um fjárhæð þóknunar, getur hvor aðili um sig skotið því ágreiningsefni til sáttameðferðar hjá úrskurðarnefnd skv. 57. gr. Menntamálaráðuneytið getur sett frekari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

9. gr.

46. gr. laganna orðast svo:

Óheimil er eftirgerð og hvers kyns dreifing til almennings á myndritum og hljóðritum, þar á meðal hljómplötum, án samþykkis framleiðanda uns liðin eru 50 ár frá næstu áramótum eftir að frumupptaka var framkvæmd. Sé upptöku dreift til almennings innan greinds verndartímabils skal vernd þó haldast í 50 ár frá næstu áramótum eftir fyrstu dreifingu.

Beita skal, eftir því sem við á, ákvæðum 2.–6. mgr. 2. gr., 7. gr., 8. gr., 1. mgr. 11. gr., 1. mgr. 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 18. gr., 2. mgr. 23. gr. og 1. og 2. mgr. 24. gr. Ákvæði 1. mgr. 24. gr. gilda þó aðeins um upptökur sem fyrst eru seldar eða ráðstafað til eignar með öðrum hætti með samþykki rétthafa innan Evrópska efnahagssvæðisins.

10. gr.

47. gr. laganna orðast svo:

Nú er hljóðrit, sem út hefur verið gefið, notað á því tímabili sem í 46. gr. getur til flutnings í útvarpi eða til annarrar opinberrar dreifingar listflutnings, hvort heldur með beinni notkun eða eftir útvarpi, og ber þá notanda að greiða framleiðanda þess og listflytjanda sameiginlega þóknun fyrir afnotin.

Krafa til endurgjalds skv. 1. mgr. verður aðeins gerð af innheimtusamtökum framleiðenda og listflytjendafélaga. Samtökunum skulu settar samþykktir í samvinnu við menntamálaráðuneytið og vera háðar staðfestingu þess. Í samþykktum þessum skal m.a. kveða á um skiptingu tekna með aðildarfélögum samtakanna.

Þegar framleiðandi hljóðrits eða listflytjandi á rétt til þóknunar samkvæmt þessari grein skal hún fara eftir heildarsamningi milli innheimtusamtaka skv. 2. mgr. og notanda eða samtökum hans. Ágreiningi um þóknun geta aðilar skotið til úrskurðarnefndar skv. 57. gr. Nefndin getur gert notanda að setja viðhlítandi tryggingu fyrir greiðslu þóknunar þar til hún hefur verið ákveðin en ella mælt fyrir um stöðvun á notkun verndaðra markaðshljóðrita uns trygging hefur verið sett. Innheimtusamtökunum skal þó heimilt að setja gjaldskrár um flutning af hljóðritum utan útvarps. Slíkar gjaldskrár skulu háðar samþykki menntamálaráðuneytisins.

Beita skal, eftir því sem við á, 1. mgr. 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 21. gr. og 54. gr. Sama gildir um 27.–31. gr. að því er listflytjendur varðar. Ákvæði þessi gilda ekki um kvikmyndir og myndbönd.

11. gr.

Á eftir 2. mgr. 60. gr. laganna bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvæði 44. gr. a gilda um birtingu verka sem framkvæmd er af ríkisborgurum eða mönnum búsettum í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins.

12. gr.

61. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði laga þessara skulu einnig taka til bókmenntaverka og listaverka sem orðið hafa til fyrir gildistöku laganna. Sama gildir um listflutning, hljóðrit og myndrit, sbr. V. kafla laganna.

Ákvæði 1. mgr. gilda þó ekki um ráðstafanir sem hafa átt sér stað eða áunnin réttindi þriðja aðila á grundvelli eldri laga. Heimil er áframhaldandi dreifing til almennings eða opinber sýning á eintökum verks eða listflutnings ef gerð eintakanna var frjáls á þeim tíma er dreifing eða sýning þeirra fór fram, þó þannig að ákvæði 24. gr. um bann við leigu og útláni á verkum haldi gildi sínu.

Ef eintakagerð verks eða listflutnings, sem ekki nýtur verndar samkvæmt áðurgildandi lögum, er hafin fyrir gildistöku laganna eða verulegur undirbúningur slíkrar eintakagerðar er hafinn er heimilt að ljúka áætlaðri, nauðsynlegri og venjubundinni eintakagerð, þó í síðasta lagi 1. janúar árið 2000. Heimilt er að dreifa eintökum sem þannig eru gerð til almennings eða sýna þau opinberlega.

Nú er verk eða listflutningur hluti upptöku til flutnings í útvarpi sem gerð er meðan verkið eða listflutningurinn nýtur ekki verndar eða fer fram á grundvelli heimildar í 3. mgr. og er þá heimilt að nýta slíkar upptökur til útvarpsflutnings fram til 1. janúar árið 2000. Sama á við um opinbera birtingu kvikmyndaverka.

Ef verndartími verks eða listflutnings verður styttri á grundvelli breytts verndartíma samkvæmt lögum þessum en hann hefði verið samkvæmt áður gildandi lögum fer um verndartíma samkvæmt áðurgildandi lögum. Þetta gildir þó ekki ef ákvæði 3. mgr. 44. gr. eiga við.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á 119. löggjafarþingi og er nú lagt fram að nýju, óbreytt. Það var samið að tilhlutan menntamálaráðherra af sérstakri nefnd sem hefur fylgst með þróun höfundaréttarmála á vegum ráðuneytisins á síðustu árum og unnið að endurskoðun höfundaréttarlöggjafarinnar. Samdi nefndin m.a. tillögur til breytinga á höfundalögum sem samþykktar voru sem lög nr. 57 2. júní 1992.

Með aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningnum) skuldbatt Ísland sig til þess að aðlaga löggjöf landsins að hinu almenna verndarstigi hugverka í Evrópusambandslöndunum. Vísast um þetta efni til 65. gr. samningsins, sbr. viðauka XVII, bókun 28. Í 3. tölul. 1. gr. bókunar 28 segir: „... munu EFTA-ríkin samkvæmt beiðni og að höfðu samráði við samningsaðila aðlaga löggjöf sína um hugverk til

þess að ná að minnsta kosti því almenna stigi í verndun hugverka sem er í Evrópubandalaginu við undirritun þessa samnings".

Allt frá árinu 1984 hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sýnt mikinn áhuga á samræmingu hugverkalöggjafar innan markaðssvæðisins og lagt fram ýmsar tillögur að tilskipunum á þessu sviði sem auk samræmingarmarkmiða miða að háu verndarstigi hugverka innan sambandsins. Þegar hafa verið samþykktar fjórar tilskipanir ráðsins á sviði höfundaréttar, þ.e. um vernd tölvuforrita, um leigu og útlánarétt og hliðstæð réttindi tengd höfundarétti, um samræmingu á tilteknum reglum varðandi útsendingar um kapal og gervihnetti og um lengd verndartíma.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði nauðsynlegar breytingar í samræmi við tilskipun ráðsins um vernd tölvuforrita frá 14. maí 1991 (91/250/EBE), en ákvæði íslenskra höfundalaga um tölvuforrit, sbr. lög nr. 57/1992, falla í höfuðatriðum að fyrirmælum tilskipunarinnar, enn fremur tilskipun ráðsins frá 19. nóvember 1992 um leigu og útlánarétt og hliðstæð réttindi tengd höfundarétti (92/100/EBE), tilskipun ráðsins frá 27. september 1993 um samræmingu á tilteknum reglum varðandi höfundarétt og hliðstæð réttindi tengdum höfundarétti um útsendingar um gervihnött og endurvarps um kapal (93/83/EBE) og að síðustu tilskipun ráðsins frá 29. október 1993 um samræmingu reglna um verndartíma höfundaréttinda og hliðstæðra réttinda tengdum höfundarétti (93/98/EBE).

Í tilskipun ráðsins um leigu og útlánarétt og hliðstæð réttindi tengd höfundarétti er aðalreglan sú að kveða skuli á í lögum um rétt til að heimila eða banna leigu eða útlán verka sem njóta höfundaréttar eða hliðstæðra réttinda (grannréttar). Með hliðstæðum réttindum er átt við réttindi listflytjenda og framleiðenda (grannréttindi). Skv. 5. gr. tilskipunarinnar er heimilt að víkja frá þessum ákvæðum um einkarétt til útlána til almennings að því tilskildu að a.m.k. höfundur fái þóknun vegna slíkra útlána. Í greininni segir um þetta atriði að aðildarríkjum sé heimilt að ákveða þóknunina með hliðsjón af markmiðum þeirra til stuðnings menningarstarfsemi. Verði frumvarp þetta að lögum gildir framangreind undanþága eingöngu um bókmenntaverk, en höfundar annarra verka, svo og flytjendur, geta bannað útlán og leigu verka sinna. Tilskipunin krefst þess ekki að vikið verði frá núverandi skipan á greiðslum fyrir útlán hugverka í bókasöfnum samkvæmt lögum um almenningsbókasöfn, nr. 50/1976, en þar segir m.a. í 11. gr. að ríkissjóður greiði tiltekna fjárhæð árlega í Rithöfundasjóð Íslands fyrir afnot bóka íslenskra höfunda í söfnum þeim sem lögin gilda um, en þau taka ekki til sívaxandi starfsemi skólabókasafna. Þar sem höfundar bókmenntaverka njóta að þessu leyti takmarkaðri verndar á höfundarétti sínum en aðrir höfundar og listflytjendur er vakin athygli á nauðsyn þess að endurskoða ákvæði um greiðslur til höfunda fyrir afnot verka í bókasöfnum og verði greiðslurnar látnar renna til allra höfunda sem hagsmuna eiga að gæta vegna verka á bókasöfnum. Jafnframt verði höfð hliðsjón af endurgjaldi fyrir slík afnot með útlánum bóka á almenningsbókasöfnum annars staðar á Norðurlöndum.

Það sem skilur milli leigu og útlána samkvæmt tilskipuninni er hvort verkinu er ráðstafað í þeim tilgangi að hagnast á því fjárhagslega, beint eða óbeint. Hvað varðar rétt til leigu kveður tilskipunin á um það að höfundur eða annar rétthafi eigi rétt til endurgjalds fyrir leigu og að þann rétt sé ekki hægt að takmarka með samningum. Með tilskipuninni er verndarstig á listflutningi hækkað þar sem listflytjendum er veittur einkaréttur til flutnings í útvarpi og annarrar dreifingar á listflutningi til almennings. Listflytjendum og framleiðendum er með tilskipuninni veittur réttur til dreifingar á upptökum, þ.e. einkaréttur til þess að gera upptökur aðgengilegar fyrir almenning með sölu eða á ann-

an hátt. Listflytjendur og framleiðendur skulu eiga rétt til að krefjast einstaklingsbundinnar þóknunar vegna dreifingar efnis af hljóðritum til almennings með flutningi í útvarpi eða með öðrum hætti.

Samkvæmt gildandi höfundalögum er kveðið svo á að hafi höfundur að undanskildum kvikmyndaleikstjórum, tónhöfundum, handritshöfundum og höfundum samtalstexta veitt með samningi framlag til kvikmyndaverks geti hann ekki án sérstaks áskilnaðar hindrað eintakagerð, útbreiðslu, opinbera sýningu, hvers konar dreifingu eða aðra notkun á verkinu. Í 1. mgr. 4. gr. tilskipunar ráðsins frá 19. nóvember 1992 um leigu og útlánarétt og hliðstæð réttindi tengd höfundarétti (92/100/EBE) er kveðið svo á að höfundar skuli engu að síður halda rétti sínum til sanngjarnrar þóknunar fyrir nýtingu verksins. Í 2. mgr. sömu greinar tilskipunarinnar segir að höfundur geti ekki afsalað sér rétti þessum með samningum. Samkvæmt 8. tölul. 13. gr. tilskipunarinnar má fresta framkvæmd þess ákvæðis til 1. júlí 1997 og er endurskoðunarnefnd höfundalaga sammála um að rétt sé að fresta gildistöku ákvæðisins með vísan til þessarar greinar tilskipunarinnar.

Með tilskipun ráðsins um samræmingu á tilteknum reglum varðandi höfundarétt og hliðstæð réttindi tengd höfundarétti vegna útsendingar um gervihnött og kapal er leitast við að samræma vernd höfunda, listflytjenda, framleiðenda og útvarpsstöðva þegar um er að ræða gervihnattasendingar eða endurvarp í kapalkerfum á hugverkum eða listflutningi yfir landamæri. Með því að samræma lagareglur er unnt að komast hjá því að koma upp „fríhöfnum“ (clearing centers) þar sem gerðar yrðu upp greiðslur vegna afnota hugverka og listflutnings í gervihnattasendingum yfir landamæri. Þessi tilskipun krefst ekki breytinga á íslenskri höfundalöggjöf, nema að því er varðar endurvarp um kapal. Slíkt endurvarp er því aðeins heimilt að verki sé endurvarpað óbreyttu og samtímis hinni upphaflegu útsendingu. Jafnframt er það skilyrði endurvarps að fyrir liggi um það efni samningar milli einstaklinga eða samtaka handhafa grannréttinda annars vegar og dreifenda efnis um kapal hins vegar. Í gildandi höfundalögum, 23. gr. a, er að finna ákvæði um afnotakvöð í þessu sambandi, þ.e. að endurvarp efnis sé heimilt án leyfis rétthafa en gegn greiðslu þóknunar. Jafnhliða þeirri breytingu, sem lagt er til að gerð verði á gildandi ákvæðum um afnotakvöð, er lagt til að ákvæði gildandi laga um allsherjarinnheimtustofnun fyrir alla rétthafa vegna endurvarps efnis um kapal komi ekki til framkvæmda en dreifingaraðilar semji við lögformlega viðurkennd samtök rétthafa hvert á sínu sviði.

Með tilskipun ráðsins um samræmingu reglna um verndartíma höfundaréttinda og hliðstæðra réttinda tengdra höfundarétti er gert ráð fyrir umtalsverðri lengingu verndartíma frá því sem tíðkast almennt, þar á meðal hér á landi, eða úr 50 árum frá næstu áramótum eftir lát höfundar í 70 ár. Þá er það og nýmæli samkvæmt tilskipuninni að sé um verk að ræða sem ekki hafa verið birt áður og höfundur er ókunnur er höfundarétturinn látinn haldast í 70 ár frá tilurð verksins, en birting slíkra verka er talin með öllu óheimil samkvæmt gildandi lögum. Að því er varðar listflytjendur og framleiðendur gerir tilskipunin ráð fyrir 50 ára verndartíma, en hliðstæð ákvæði voru lögfest hér á landi með lögum nr. 57/1992. Tilskipunin gerir þó ráð fyrir þeirri breytingu frá áður gildandi reglum að sé upptöku listflutnings dreift til almennings innan greinds verndartímabils skuli verndin þá haldast í 50 ár frá fyrstu dreifingu hennar. Getur hér verið um verulega verndarauka að ræða. Þá er það eftirtektarverð nýjung í tilskipuninni að sé verk í fyrsta sinn löglega birt, að loknum verndartíma, öðlast sá er verkið birtir hliðstæðan rétt til fjárhagsnytja af því og höfundur hefur samkvæmt ákvæðum höfundalaga. Helst þessi vernd í 25 ár frá næstu áramótum eftir birtingu.

Breytingar þær, sem hér er lagt til að gerðar verði á höfundaréttarlöggjöfinni, takmarkast eingöngu við það markmið að aðlaga hana tilskipunum Evrópusambandsins varðandi höfundavernd. Þótt segja megi að íslensku höfundalögin séu í flestum greinum mjög fullkomin miðað við löggjöf annarra þjóða eru þó ýmis ákvæði í henni sem þurfa endurskoðunar við á næstunni einkum vegna hinna stórstígu framfara á sviði eintakagerðar og miðlunar hugverka. Má í því sambandi nefnda stafræna (digital) miðlun og eintakagerð og rekstur gagnabanka. Frekari lagabreytingar á höfundaréttarlöggjöfinni eru því aðkallandi og er nú unnið að nauðsynlegum lagabreytingum í því sambandi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði greinar þessarar eru að orðalagi og efni því sem næst algerlega í samræmi við ákvæði 3. tölul. 5. gr. tilskipunar ráðsins um tölvuforrit (91/250/EBE) frá 14. maí 1991. Tekin eru af öll tvímæli um það að sá er öðlast hefur rétt til notkunar tölvuforrits hafi heimild til að brjóta til mergjar þau grundvallarsjónarmið sem forritið hvílir á, en eingöngu í þeim tilgangi að það nýtist honum í vinnslu. Í þessu sambandi er rétt að árétta þann skilning sem lagður er til grundvallar í tilskipuninni að einungis framsetning tölvuforritsins í ytra formi þess er vernduð, en hugmyndir og grundvallarforsendur sem liggja þar að baki, þar með taldar þær sem fólgnar eru í skilflötum þess, njóta ekki verndar sem hugverk samkvæmt tilskipuninni. Er sá skilningur almennt lagður til grundvallar í íslenskri löggjöf um höfundarétt.

Um 2. gr.

Í 23. gr. a gildandi höfundalaga, svo sem þeim var breytt með lögum nr. 57/1992, er viðstöðulaust endurvarp um kapal heimilað án samþykkis höfundaréttarhafa, en gegn gjaldi sé endurvarpað til færri samtengdra íbúða en 25. Skv. 8. gr. tilskipunar ráðsins um samræmingu á tilteknum reglum varðandi höfundarétt og réttindi tengd höfundarétti vegna útsendingar um gervihnött og kapal (93/83/EBE) frá 27. september 1993 er slík afnotakvöð óheimil og aðildarríkjunum gert skylt „að taka tillit til höfundaréttar og skyldra réttinda þegar dagskrárefni frá öðrum aðildarríkjum er endurvarpað um kapal á yfirráðasvæði þeirra“, eins og segir orðrétt í tilskipuninni, og enn fremur „að slíkt endurvarp eigi sér stoð í samningum einstaklinga eða heildarsamningum milli handhafa höfundaréttar eða skyldra réttinda og dreifenda efnis um kapal“.

Þannig koma ýmis álitamál upp þegar ákvarða skal reikningsfærslu slíkra ábyrgða og skuldbindinga. Mikilvægt er að um þær gildi samræmdar og skýrar vinnureglur. Þetta er eitt af þeim viðfangsefnum sem ríkisreikningsnefnd hefur nú til úrlausnar. Undir þessa málsmeðferð fellur m.a. ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum Framkvæmdasjóðs Íslands. Með lögum nr. 3/1992 breyttist hlutverk og staða sjóðsins þar sem útlánastarfsemi hans var m.a. lögð af. Samkvæmt endurskoðuðu uppgjöri sjóðsins er eigið fé hans neikvætt um 830 m.kr. í lok árs 1993. Um það er ekki deilt að ríkissjóður ber fulla ábyrgð á þessum skuldbindingum. Það sama má einnig segja um neikvæðan höfuðstól Atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar í árslok 1992 og e.t.v. fleiri aðila.

Þar til ríkisreikningsnefnd hefur gert tillögu um samræmdar reglur um bókhaldsmeðferð skuldbindinga og ábyrgða ríkissjóðs hafa hlutaðeigandi orðið ásáttir um að færa neikvætt eigið fé umræddra sjóða ekki í ríkisreikning.

90. Svar [29. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um endurskoðun ættleiðingarlaga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvenær var sifjalaganefnd falin endurskoðun ættleiðingarlaga?*
2. *Hve marga fundi, og hvenær, hefur nefndin haldið um málið:*
   a. *sérstaklega,*
   b. *ásamt öðrum málum?*

Sifjalaganefnd var ekki formlega falin endurskoðun ættleiðingarlaga með bréfi heldur hafði um nokkurn tíma legið fyrir nauðsyn þess að endurskoða lögin og jafnframt að hafist yrði handa að lokinni heildarendurskoðun barna- og hjúskaparlaga. Fyrsti formlegi fundur sifjalaganefndar vegna endurskoðunar ættleiðingarlaga var haldinn 11. október 1994 en þá hafði undirbúningsvinna staðið yfir í nokkurn tíma.

Sifjalaganefnd hefur haldið tíu fundi frá því endurskoðun ættleiðingarlaga hófst, þ.e. 11. október, 8., 14., 17., 21., 23., 29. nóvember og 16. desember 1994. Enn fremur 17. júní og 26. júlí 1995. Á fjórum þessara funda var fjallað sérstaklega um endurskoðun ættleiðingarlaga en á öðrum fundum var einnig fjallað um breytingar á barnalögum, sbr. lög nr. 23/1995.

91. Tillaga til þingsályktunar [89. mál]

um notkun steinsteypu til slitlagsgerðar.

Flm.: Gísli S. Einarsson, Guðjón Guðmundsson, Kristín Halldórsdóttir, Svavar Gestsson, Magnús Stefánsson, Árni R. Árnason, Guðmundur Árni Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að beita sér fyrir aukinni notkun steinsteypu til slitlagsgerðar þar sem álagsumferð er meiri en 5 þúsund bílar á dag, jafnframt til brúargerðar og á vegi við þéttbýli þar sem umferð er 5 þúsund bílar á sólarhring og meira. Vegagerð ríkisins hafi að markmiði við nýlagningu og endurnýjun slitlags að nota steinsteypu þar sem umferðarþungi og álag er mikið.

Greinargerð.

Mjög ítarlegar og markvissar rannsóknir hafa verið unnar á síðustu tveimur áratugum á notkun steinsteypu til vega- og gatnagerðar. Fyrir liggur að mun hagkvæmara er að nota steypu þar sem umferð er þung og álag af völdum veðurfars og þungaflutninga er mikið. Í þessari greinargerð er vísað til meðfylgjandi gagna um rannsóknir sem unnar hafa verið og kynntar af Íslendingum. Notkun íslenskra efna til vegagerðar er kappsmál þar sem saman fara atvinnuskapandi og gjaldeyrissparandi þættir, auk meiri gæða.

Kostir frá umhverfissjónarmiði eru ótvíræðir. Í stað olíuefna, sem gufa upp og menga jarðveg og andrúmsloft eða er komið fyrir í náttúrunni þegar gamalt olíuslitlag er fjarlægt, kemur umhverfisvænt efni, alíslenskt, sem er steinsteypa.

Góða sönnun fyrir hagkvæmni steinsteypu sem bundins slitlags má finna á Akranesi. Allt frá fyrstu tíð, þ.e. frá árinu 1960, hafa steyptu slitlögin reynst þar eins og best verður á kosið. Engum fjármunum hefur verið varið til viðhalds steyptra gatna á Akranesi þau 35 ár sem þau hafa verið í notkun. Tæknimenn Akranesbæjar reikna með að steypt gata endist a.m.k. þrisvar sinnum lengur en malbikuð og er það byggt á framansögðu. Við mat á hagkvæmni slitlags kemur það enn frekar í ljós. Tilboð í 5 sm þykkt malbik árið 1993 var ekki nema 40% ódýrara en 12 sm þykk steypa. Verðtilboð í steypu var á Akranesi 1.891 kr. á fermetra miðað við 12 sm þykkt en verðtilboð í malbik á sama tíma var 1.150 kr. á fermetra miðað við 5 sm þykkt.

Rétt er að geta þess að sementsverð er það sama á öllu landinu vegna verðjöfnunar. Á malbiki er engin verðjöfnun sem gerir það þeim mun dýrara sem flutningsleið þess er lengri frá löndunarhöfn. Enn fremur ber að hafa í huga að til lagningar malbiks þarf sérhæfð tæki og mannskap. Nær alls staðar á Íslandi er til verkþekking á gatna- og vegagerð með steinsteypu. Eftirfarandi atriði mæla sérstaklega með steinsteypu til gatna- og vegagerðar:

— Meiri ending og minna viðhald, ekki síst vegna slits af völdum nagladekkja.
— Minni erlendur kostnaður, en kostnaður er óháður olíuverði sem á hinn bóginn er u.þ.b. 11% af stofnkostnaði malbiks.
— Fleiri störf hérlendis, við efnisvinnslu, í sementsverksmiðju og í steypustöðvum.
— Minni eldsneytisnotkun (10–20%) einkum vegna harðara yfirborðs steypu og minna vatns í hjólförum.
— Minni efnamengun vegna slitryks.
— Að jafnaði grynnri hjólför og þar af leiðandi yrði minna um slys.
— Minni kostnaður við lýsingu þar sem steypa er ljós en malbik dökkt.

Á allt of mörgum sviðum hefur hagkvæmum og atvinnuskapandi möguleikum, þar sem um er að ræða íslensk efni, verið hafnað. Erlend efni hafa verið tekin fram yfir vegna auglýsinga og áróðurs í krafti fjármagns þeirra sem hlut eiga að máli. Oft eru ákvarðanir teknar með skammtímasjónarmið í huga og án þess að reikna hagkvæmnina til enda og þegar haft er í huga að eingöngu opinberir aðilar standa að slitlagagerð gefur það vissulega tilefni til sérstakrar rannsóknar og úttektar. Hliðstæð dæmi má nefna þar sem íslensk byggingarefni, sambærileg að verði og gæðum, hafa lotið í lægra haldi fyrir innfluttum byggingarvörum sem oft eru niðurgreiddar eða ríkisstyrktar. Þetta á t.d. við um eldhúsinnréttingar, fjölmarga innanstokksmuni, gipseiningar og margs konar loft- og veggplötuklæðningar. Annað dæmi, sem rétt er að nefna, er íslenskur skipasmíðaiðnaður sem er nánast rjúkandi rústir sökum samkeppni við sambærilegan iðnað, ríkis- og atvinnubótastyrktan, í nágrannalöndum okkar, svo sem Noregi, Danmörku og Svíþjóð, og fleiri vestrænum ríkjum.

Íslensk yfirvöld verða að stemma stigu við því að verkþekking og atvinnutækifæri glatist sökum andvaraleysis þegar vegið er að starfsgreinum í atvinnulífi landsmanna.

Með tillögunni var fylgiskjal: Hástyrkleikasteypa úr íslenskum efnum. Kostir, notagildi, efniseiginleikar og framleiðsla (Ólafur Wallevik og Karsten Iversen, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, mars 1992).

Um fylgiskjalið vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

92. Fyrirspurn [90. mál]

til fjármálaráðherra um heildarlaun tekjuhæstu starfsmanna ríkisins.

Frá Kristínu Halldórsdóttur, Ögmundi Jónassyni og Jóni Baldvini Hannibalssyni.

Hver eru heildarlaun 250 tekjuhæstu starfsmanna ríkisins hvers um sig?

Óskað er eftir að tilgreind verði starfsheiti og kyn viðkomandi starfsmanna og upphæðir sundurgreindar í laun og starfskostnað.

Skriflegt svar óskast.

93. Fyrirspurn [91. mál]

til utanríkisráðherra um Habitat-ráðstefnuna árið 1996.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

Hvernig verður háttað undirbúningi og þátttöku Íslands fyrir ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um þróun byggðar, Habitat, í Istanbul árið 1996?

94. Frumvarp til laga [92. mál]

um viðurkenningu og fullnustu erlendra ákvarðana um forsjá barna, afhendingu brottnuminna barna o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Ákvæði 3.–10. gr., 13. gr., 14. gr., 1. mgr. 16. gr., 17. gr., 18. gr., 1. mgr. 19. gr., 21. gr., 22. gr., og 1. mgr. 23. gr. laga þessara gilda í samskiptum Íslands við ríki sem eru aðilar að Evrópusamningi um viðurkenningu og fullnustu ákvarðana varðandi forsjá barna og endurheimt forsjár barna sem gerður var í Lúxemborg 20. maí 1980 (Evrópusamningurinn). Ákvæðin eiga ekki við gagnvart Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð að því leyti sem sérstakar reglur gilda í samskiptum Íslands við þau ríki.

Ákvæði 3.–5. gr., 11.–13. gr., 15.–18. gr., 2. mgr. 19. gr. og 20.–23. gr. laganna gilda í samskiptum Íslands við ríki sem eru aðilar að samningi um einkaréttarleg áhrif af brottnámi barna til flutnings milli landa sem gerður var í Haag 25. október 1980 (Haagsamningurinn).

2. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að ákveða að lögum þessum verði beitt í samskiptum Íslands við ríki sem ekki er aðili að Evrópusamningnum eða Haagsamningnum.

3. gr.

Lög þessi gilda um börn sem ekki hafa náð 16 ára aldri.

4. gr.

Með ákvörðunum er í lögum þessum átt við dóma, úrskurði og aðrar ákvarðanir dómstóls eða stjórnvalds, svo og dómsáttir og samninga sem hafa verið staðfestir af stjórnvöldum.

II. KAFLI
Móttökustjórnvald.

5. gr.

Dómsmálaráðuneytið er móttökustjórnvald í málum samkvæmt Evrópusamningnum og Haagsamningnum. Sem móttökustjórnvald skal ráðuneytið:

1. taka við erindum á grundvelli samninganna og framsenda þau hlutaðeigandi yfirvöldum,
2. eiga samvinnu við móttökustjórnvöld í öðrum ríkjum sem eru aðilar að samningunum og
3. gegna að öðru leyti þeim skyldum sem móttökustjórnvaldi ber að gegna samkvæmt samningunum.

III. KAFLI
Viðurkenning og fullnusta á grundvelli Evrópusamningsins.

6. gr.

Ákvörðun um forsjá, búsetu eða umgengnisrétt við barn sem tekin er í ríki sem er aðili að Evrópusamningnum skal viðurkennd hér á landi. Samkvæmt beiðni er heimilt að fullnægja slíkri ákvörðun hér á landi ef heimilt er að fullnægja henni í því ríki þar sem hún var tekin (upphafsríkinu).

Ef ekki var fyrir hendi ákvörðun skv. 1. mgr. sem unnt var að fullnægja í upphafsríkinu á þeim tíma þegar farið var með barn til annars lands skal ákvörðun, sem tekin er í samningsríki síðar, lögð að jöfnu við ákvörðun skv. 1. mgr. ef í henni kemur fram að brottflutningurinn hafi verið ólögmætur.

7. gr.

Synja skal um viðurkenningu eða fullnustu ákvörðunar ef:

1. hún er augljóslega ekki í samræmi við grundvallarreglur íslenskra laga um réttarstöðu fjölskyldna og barna,
2. ákvörðunin er, vegna breyttra aðstæðna, augljóslega ekki lengur í samræmi við það sem barninu er fyrir bestu,

3. barnið var íslenskur ríkisborgari, eða búsett hér á landi, þegar mál var höfðað fyrir dómstóli í upphafsríkinu eða stjórnvaldi þar barst beiðni, án þess að barnið hafi haft hliðstæð tengsl við það ríki eða það hafði bæði ríkisborgararétt í upphafsríkinu og hér á landi og var búsett hér á landi,
4. barnið á rétt á að ráða sjálft búsetu sinni samkvæmt lögum þess ríkis þar sem það er ríkisborgari eða búsett eða
5. ákvörðunin er ósamrýmanleg ákvörðun sem tekin hefur verið hér á landi í máli sem hafist hefur áður en beiðni um viðurkenningu eða fullnustu var lögð fram, enda sé synjun talin barninu fyrir bestu. Ákvörðun, sem tekin hefur verið í öðru ríki, hefur sama gildi og ákvörðun sem tekin hefur verið hér á landi hvað þetta snertir, enda sé unnt að fullnægja henni hér á landi.

8. gr.

Ákvörðun, sem tekin hefur verið að varnaraðila fjarstöddum, er aðeins heimilt að viðurkenna eða fullnægja ef:

1. varnaraðili hefur sjálfur verið kvaddur sannanlega fyrir hlutaðeigandi dómstól eða stjórnvald svo tímanlega að hann hafi haft möguleika á að gæta hagsmuna sinna eða ef það hefur ekki verið unnt vegna þess að varnaraðili hélt dvalarstað sínum leyndum fyrir gagnaðila sínum og
2. dómstóll eða stjórnvald, sem tók ákvörðun, var til þess bært á grundvelli búsetu varnaraðila, síðasta sameiginlegs heimilisfangs foreldra barnsins, svo framarlega sem annað þeirra er ennþá búsett á þeim stað, eða búsetu barnsins.

9. gr.

Fresta má viðurkenningu eða fullnustu ákvörðunar með úrskurði ef:

1. ákvörðuninni hefur verið skotið til æðra dómstóls eða stjórnvalds í upphafsríkinu samkvæmt almennum áfrýjunar- eða málskotsreglum,
2. mál um forsjá, búsetu eða umgengni barnsins, sem hófst á undan málinu í upphafsríkinu, er til meðferðar hér á landi eða
3. annað mál til viðurkenningar eða fullnustu á annarri ákvörðun um forsjá, búsetu eða umgengni barnsins er til meðferðar.

10. gr.

Sýslumaður getur vegna fullnustu ákvörðunar um umgengnisrétt tekið ákvörðun um inntak umgengnisréttarins og hversu honum verði beitt.

Ákvörðun sýslumanns sætir kæru til dómsmálaráðuneytisins samkvæmt ákvæðum barnalaga.

IV. KAFLI
Afhending á grundvelli Haagsamningsins.

11. gr.

Barn, sem flutt er hingað til lands með ólögmætum hætti eða er haldið hér á ólögmætan hátt, skal, samkvæmt beiðni, afhent þeim sem rétt hefur til þess ef barnið var búsett í ríki, sem er aðili að Haagsamningnum, rétt áður en það var flutt á brott eða hald hófst.

Ólögmætt er að flytja barn eða halda því ef:

1. sú háttsemi brýtur í bága við rétt forsjáraðila eða annars aðila, án tillits til hvort hann fer einn með réttinn eða með öðrum, til að annast barnið samkvæmt lögum þess ríkis þar sem barnið var búsett rétt áður en það var flutt á brott eða hald hófst og
2. hlutaðeigandi aðili fór í raun með þennan rétt, þegar barnið var flutt á brott eða hald hófst, eða hefði farið með hann ef hin ólögmæta háttsemi hefði ekki átt sér stað.

12. gr.

Heimilt er að synja um afhendingu barns ef:

1. meira en eitt ár er liðið frá því að barnið var flutt á brott eða hald hófst, þar til beiðni um afhendingu er móttekin hjá héraðsdómi, enda hafi barnið aðlagast nýjum aðstæðum,
2. alvarleg hætta er á að afhending muni skaða barnið andlega eða líkamlega, eða koma því á annan hátt í óbærilega stöðu,
3. barnið er andvígt afhendingu og hefur náð þeim aldri og þroska að rétt sé að taka tillit til skoðana þess, eða
4. afhending er ekki í samræmi við grundvallarreglur hér á landi um verndun mannréttinda.

V. KAFLI
Málsmeðferð.

13. gr.

Að öðru leyti en leiðir af ákvæðum þessa kafla skal farið með beiðni um fullnustu ákvörðunar samkvæmt Evrópusamningnum eða um afhendingu barns samkvæmt Haagsamningnum eftir lögum um aðför, en þó þannig, að beiðni um aðfarargerð sæti alltaf í byrjun meðferð fyrir dómi samkvæmt ákvæðum 13. kafla þeirra laga.

Ákvæði 63. gr. barnalaga um þinghöld og 75. gr. sömu laga um framkvæmd forsjárákvarðana eiga við um málsmeðferð samkvæmt lögum þessum þegar ákvörðun samkvæmt Evrópusamningnum er fullnægt eða afhending fer fram samkvæmt Haagsamningnum.

14. gr.

Í beiðni um fullnustu ákvörðunar samkvæmt Evrópusamningnum skal veita upplýsingar um líklegan dvalarstað barns hér á landi og gera tillögu um hvernig unnt verði að afhenda barn.

Beiðni skal fylgja staðfest eftirrit ákvörðunar og skilríki fyrir því að skilyrðum 8. gr. fyrir viðurkenningu og fullnustu sé fullnægt ef ákvörðun hefur verið tekin að varnaraðila fjarstöddum. Enn fremur skal fylgja vottorð þess efnis að ákvörðunin sé fullnustuhæf í upphafsríkinu.

15. gr.

Í beiðni um afhendingu barns samkvæmt Haagsamningnum skal veita upplýsingar um gerðarbeiðandann, barnið og þann sem fullyrt er að hafi flutt barnið á brott eða haldi því. Í beiðninni skal koma fram fæðingardagur barns og líklegur dvalarstaður þess hér á landi. Beiðni skal vera rökstudd.

Beiðni skulu fylgja þau gögn sem hún er byggð á.

Héraðsdómari getur við meðferð afhendingarmáls samkvæmt Haagsamningnum ákveðið að leggja skuli fram yfirlýsingu yfirvalds, í því ríki þar sem barnið var búsett rétt áður en það var flutt brott eða hald hófst, um að ólögmætt hafi verið að fara með barnið eða halda því. Þetta á þó aðeins við sé hægt að afla slíkrar yfirlýsingar.

16. gr.

Meðferð mála til fullnustu ákvörðunar samkvæmt Evrópusamningnum og til afhendingar samkvæmt Haagsamningnum skal hraða svo sem unnt er.

Hafi ekki verið tekin ákvörðun um afhendingu samkvæmt Haagsamningnum innan sex vikna frá því að beiðni barst héraðsdómi skal dómurinn samkvæmt beiðni gera grein fyrir ástæðum þess.

17. gr.

Áður en héraðsdómari tekur ákvörðun um fullnustu ákvörðunar samkvæmt Evrópusamningnum eða um afhendingu samkvæmt Haagsamningnum skal kanna afstöðu barns sem hefur náð þeim aldri og þroska að rétt sé að taka tillit til skoðana þess. Ákvæði barnalaga eiga við þegar afstaða barns er könnuð.

18. gr.

Við meðferð máls samkvæmt Evrópusamningnum eða Haagsamningnum getur héraðsdómari, samkvæmt beiðni, ákveðið, ef þörf krefur, að barninu verði komið fyrir hjá öðru foreldrinu eða á hlutlausum stað fyrir milligöngu og undir umsjón barnaverndaryfirvalda. Ákvörðunin, sem tekin skal með úrskurði, gildir þar til mál hefur verið til lykta leitt. Í slíkum úrskurði er heimilt að kveða á um umgengni foreldra við barnið meðan á vistun stendur og setja ákveðin skilyrði fyrir umgengni.

Heimilt er að kæra úrskurð skv. 1. mgr. til Hæstaréttar.

19. gr.

Ríkissjóður greiðir kostnað beiðanda um fullnustu ákvörðunar samkvæmt Evrópusamningnum vegna meðferðar máls hér á landi, annan en þann sem leiðir af flutningi barns frá landinu.

Ríkissjóður greiðir kostnað beiðanda um afhendingu barns samkvæmt Haagsamningnum vegna meðferðar máls hér á landi, að svo miklu leyti sem hann fæst ekki greiddur hjá beiðanda.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

20. gr.

Þegar beiðni er lögð fram um afhendingu barns samkvæmt Haagsamningnum, skal ekki taka ákvörðun hér á landi um forsjá eða fóstur barnsins fyrr en endanleg ákvörðun hefur verið tekin um beiðni um afhendingu.

Nú upplýsir móttökustjórnvald við meðferð forsjár- eða fósturmáls hér á landi að barnið dveljist hér með ólögmætum hætti, sbr. 2. mgr. 11. gr., án þess að lögð sé fram beiðni um afhendingu þess skv. 1. mgr. 11. gr. og skal þá ekki taka ákvörðun í forsjár- eða fósturmálinu fyrr en liðinn er hæfilegur frestur til að leggja fram slíka beiðni.

21. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur að kröfu forsjáraðila, sem fer einn með forsjá barns, ákveðið að ólögmætt hafi verið að fara með barn, sem búsett er hér á landi, í annað land eða að ólögmætt sé að halda því í öðru landi.

Í máli til slita á sameiginlegri forsjá getur dómstóll eða dómsmálaráðuneyti, eftir því hvar mál er til meðferðar, að kröfu forsjáraðila kveðið upp úrskurð um að ólögmætt hafi verið að fara með barn í annað land eða að ólögmætt sé að halda því í öðru landi.

Unnt er að kveða upp úrskurð á grundvelli 1. og 2. mgr., enda þótt ekki hafi verið unnt að birta eða gera þeim, sem krafa beinist gegn, kunnugt um stefnu, eða kröfu, þar sem ekki er vitað um dvalarstað hans og ekki er unnt að afla upplýsinga um hann.

Úrskurður héraðsdóms samkvæmt þessari grein sætir kæru til Hæstaréttar.

22. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði Haagsamningsins eiga aðeins við um ólögmætan brottflutning eða hald sem átti sér stað eftir að samningurinn tók gildi gagnvart ríki þar sem barnið var búsett rétt áður en brottflutningurinn eða haldið átti sér stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Velferð barna er ávallt stefnt í hættu þegar foreldrar bera ekki gæfu til að taka í sátt og samlyndi ákvarðanir um börn sín, enda þótt þau sjálf séu skilin að skiptum. Í þessum tilvikum er staða barna sem eiga foreldra af mismunandi þjóðernum sérstaklega erfið. Um leið og millilandasamskipti aukast, fjölgar hjónaböndum og samböndum fólks af ólíkum þjóðernum og í kjölfar þeirra hjónaskilnuðum og sundruðum fjölskyldum. Sífellt fleiri börn lenda í þeirri stöðu að verða bitbein foreldra sem búa ekki í sama landi og tilheyra oft ólíkum menningarheimum. Þetta hefur vakið viðbrögð á alþjóðlegum vettvangi og samstaða hefur náðst um að nauðsynlegt sé að grípa til ráðstafana til verndar þessum börnum. Afrakstur þessarar alþjóðlegu samvinnu eru tveir samningar, Evrópusamningur, frá 20. maí 1980, um viðurkenningu og fullnustu ákvarðana varðandi forsjá barna og endurheimt forsjár barna sem gerður var á vettvangi Evrópuráðsins og samningur, frá 25. október 1980, sem gerður var á vegum Haagráðstefnunnar um alþjóðlegan einkamálarétt um einkaréttarleg áhrif af brottnámi barna til flutnings milli landa. Samningarnir eru prentaðir sem fylgiskjöl með frumvarpi þessu. Jafnframt því sem þetta frumvarp er flutt, verður borin fram af utanríkisráðherra tillaga til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda framangreinda samninga.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfest verði ákvæði sem eru nauðsynleg til að Ísland geti fullgilt þessa tvo samninga. Í 2. gr. frumvarpsins er enn fremur gert ráð fyrir að unnt verði að beita lögunum, eftir ákvörðun dómsmálaráðherra, í samskiptum Íslands við önnur ríki en fullgilt hafa samningana. Þess má geta að í tilefni af fyrirhugaðri fullgildingu þessara alþjóðasamninga var nýrri málsgrein bætt við 39. gr. barnalaganna nr.

20/1992, með 2. gr. laga nr. 23/1995, sem kveður á um að fari foreldrar sameiginlega með forsjá barns sé öðru foreldranna óheimilt að fara með barnið úr landi án samþykkis hins.

Efni samninganna er nátengt. Með hliðsjón af því er lagt til að nauðsynleg lagaákvæði, sem setja þarf til þess að hægt verði að standa við skuldbindingar sem aðildarríki gangast undir samkvæmt samningunum, verði sett í einum lögum. Þetta er sami háttur og hafður var á í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Hefur verið stuðst við hliðstæð lög í þeim löndum við gerð frumvarpsins.

Ísland hefur fullgilt samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Skv. 11. gr. hans eru aðildarríki skuldbundin til að gera ráðstafanir gegn því að börn séu flutt ólöglega úr landi og þeim sé haldið erlendis. Í því skyni skulu þau stuðla að því að gerðir séu um það tvíhliða eða marghliða samningar eða ríki gerist aðilar að samningum sem þegar hafa verið gerðir. Hvað Ísland varðar er ekki í gildi neinn milliríkjasamningur á þessu sviði nema Norðurlandasamningur um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, sbr. lög nr. 29/1931. Eins og vikið er nánar að í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins hefur hann takmarkað gildi, m.a. vegna þess að hann á aðeins við um börn foreldra sem eru eða hafa verið saman í hjúskap.

Þar sem ekki eru í gildi neinir milliríkjasamningar hvað Ísland varðar, ef Norðurlandasamningurinn er undanskilinn, þarf að treysta á samstarfsvilja erlendra yfirvalda og innlend lög í viðkomandi ríkjum ef farið er með íslensk börn eða þeim er haldið í öðru landi gegn vilja forsjárforeldris. Sá sem fer með barn getur notfært sér kosti þess að geta farið með forsjármál fyrir dómstóla í eigin heimalandi sem beita eigin lögum. Þar að auki vinnur tíminn með honum. Það foreldri, sem barn er tekið frá, verður hins vegar að höfða mál í öðru landi til að reyna að fá barni skilað. Niðurstaða úr slíku máli er oftast mjög óviss og málið tekur oftar en ekki langan tíma og er dýrt í rekstri.

II. Um efni samninganna.

Eins og vikið var að hér að framan er markmið samninganna að leysa vandamál sem upp koma þegar börn eru flutt með ólögmætum hætti frá einu landi til annars eða þeim er haldið á ólögmætan hátt gegn vilja forsjárforeldris. Gildissvið samninganna takmarkast þó ekki við foreldra sem fara með forsjá barns í hefðbundinni merkingu þess hugtaks. Þeir geta einnig tekið til annarra, hvort sem um er að ræða einstaklinga, stofnanir eða opinbera aðila sem hafa svipaðan rétt til að annast barn og forsjá felur í sér, sbr. c-lið 1. gr. Evrópusamningsins og a-lið 1. mgr. 3. gr. og a-lið 5. gr. Haagsamningsins. Báðir samningarnir eiga við um börn sem ekki hafa náð 16 ára aldri, sbr. a-lið 1. gr. Evrópusamningsins og 4. gr. Haagsamningsins.

Hugtakið búseta birtist víða í ákvæðum samninganna og í nokkrum ákvæðum frumvarpsins svo og í eftirfarandi athugasemdum um einstakar greinar þess. Getur skilgreining þess haft nokkra þýðingu varðandi beitingu laganna. Í þessu sambandi má sérstaklega benda á 3. og 4. tölul. 7. gr. frumvarpsins þar sem búseta barns hér á landi er eitt þeirra atriða getur valdið synjun á viðurkenningu eða fullnustu ákvörðunar. Í 2. tölul. 8. gr. er vikið að búsetu varnaraðila og barns. Í 11. gr. er gert að skilyrði að barn hafi verið búsett í ríki sem er aðili að Haagsamningnum. Í 3. mgr. 15. gr. er rætt um yfirlýsingu yfirvalds þar sem barn var búsett og í 1. mgr. 21. gr. frumvarpsins kemur loks fram að dómsmálaráðuneytið geti ákveðið að ólögmætt hafi verið að fara með barn sem búsett er hér á landi. Hugtakið búseta er þýðing á „habitual residence“ í samningunum, en það er ekki skilgreint þar nánar. Er gengið út frá að samningsríki hafi svigrúm til að af-

marka hvað felst í hugtakinu með hliðsjón af löggjöf sinni. Eðlilegast er að hugtakið sé skýrt með sama hætti og hugtakið föst búseta í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 21/1990 um lögheimili. Það er einnig í samræmi við athugasemdir við 32. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, um skýringu á hugtakinu í þeirri grein. Er byggt á þessari skýringu hugtaksins í þeim ákvæðum frumvarpsins þar sem það birtist.

Þótt samningunum sé ætlað að leysa sams konar vandamál fela þeir í sér nokkuð mismunandi aðferðir til þess. Evrópusamningurinn er viðurkenningar- og fullnustusamningur og sem slíkur hefðbundnari alþjóðasamningur en Haagsamningurinn. Það er grundvallarregla samkvæmt Evrópusamningnum, sbr. 7. gr. hans, að forsjárákvörðun, sem tekin er í einu samningsríki, skuli viðurkenna og fullnægja í öðru samningsríki án tillits til þess hvort brottflutningur eða hald á barni feli í sér ólögmæta athöfn. Fullgilding samningsins hefur í megindráttum í för með sér að forsjárákvörðun, sem tekin er í samningsríki, fær sömu réttaráhrif hér á landi og ákvörðun um forsjá sem tekin er hér á landi og gagnkvæmt. Haagsamningurinn skuldbindur samningsríkin til að hlutast til um að börnum, sem flutt eru með ólögmætum hætti til aðildarríkis eða er haldið þar, verði skilað án tillits til þess hvort fyrir hendi sé fullnustuhæf ákvörðun. Það er skilyrði fyrir beitingu Haagsamningsins að brottnám eða hald á barni sé ólögmætt samkvæmt lögum þess ríkis þar sem barnið var búsett rétt áður en það var flutt á brott eða hald hófst, sbr. 3. gr. hans. Með afhendingu er ekki tekin afstaða til þess hver sé réttmætur forsjáraðili, sbr. 19. gr. samningsins, heldur er á því byggt að úr því eigi að leysa í landi þar sem barn hefur búsetu.

Samningarnir geta átt við hvort sem forsjá byggist á ákvörðun dómstóls eða stjórnvalds eða leiðir beint af lögum. Samkvæmt Evrópusamningnum þarf þó í síðastgreinda tilvikinu að leggja fram staðfestingu yfirvalds í búsetulandi barns um að brottnám eða hald sé ólögmætt, sbr. 12. gr. hans. Skv. 18. gr. samningsins getur samningsríki gert fyrirvara um að það skuli vera óbundið af ákvæðum 12. gr. Ekki er lagt til að sú heimild verði nýtt af hálfu Íslands frekar en gert var við fullgildingu samningsins af hálfu Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar.

Samkvæmt báðum samningunum skulu samningsríki stuðla að framgangi umgengnisréttar, sbr. 11. gr. Evrópusamningsins og 21. gr. Haagsamningsins. Haagsamningurinn skuldbindur þó ekki samningsríki til að hlutast til um afhendingu á barni til fullnustu á umgengnisrétti en samkvæmt Evrópusamningnum skulu samningríki viðurkenna og fullnægja ákvörðunum um umgengnisrétt á sama hátt og ákvörðunum um forsjá. Þau hafa þó heimild til að gera breytingar á inntaki umgengnisréttarins með tilliti til aðstæðna.

Báðir samningarnir gera ráð fyrir að hægt sé að synja um úrlausn vegna ákveðinna aðstæðna. Skv. 8. gr. Evrópusamningsins er samningsríkjum skylt að grípa til aðgerða til að forsjáraðili geti endurheimt forsjá barns ef barnið og foreldrar þess hafa, vegna búsetu og ríkisfangs, tengsl við það ríki þar sem forsjárákvörðun var tekin og beiðni um fullnustu er lögð fram innan sex mánaða frá því að brottflutningur átti sér stað eða hald hófst. Skv. 9. gr. samningsins er heimilt að synja um úrlausn, vegna nánar tiltekinna ástæðna, þegar barnið og foreldrar þess höfðu ekki þau tengsl við ákvörðunarlandið sem 8. gr. byggir á en umsókn var lögð fram innan sex mánaða frestsins og um ólögmætan brottflutning eða hald er að ræða. Ástæður sem heimila synjun samkvæmt greininni eru einkum þær að reglna um birtingar hafi ekki verið gætt þegar ákvörðunin, sem beðið er um fullnustu á, var tekin, lögsaga hafi ekki verið fyrir hendi eða ákvörðunin sé ósamrýmanleg innlendri ákvörðun. Ef ekki hefur átt sér stað ólögmæt athöfn og beiðni hefur verið lögð fram eftir að sex mánaða fresturinn rann út eru rýmri heimildir til synjun-

ar, sbr. 10. gr. samningsins. Við gerð Evrópusamningsins voru mjög skiptar skoðanir um hversu rúma heimild samningsríki ættu að hafa til að synja um viðurkenningu eða fullnustu ákvarðana. Til að leysa þann skoðanaágreining er samningsríkjum í 17. gr. samningsins veitt heimild til að gera fyrirvara við 8. og 9. gr. Með því að gera fyrirvara geta samningsríki neitað að viðurkenna og fullnægja ákvörðunum vegna ástæðna sem eru tilgreindar í 10. gr. samningsins, líka í þeim tilvikum sem 8. og 9. gr. taka til, þ.e. þótt um sé að ræða ólögmætan brottflutning eða hald og barnið og foreldrar þess hafi tilskilin tengsl við ákvörðunarlandið og beiðni hafi verið lögð fram innan sex mánaða frestsins. Önnur samningsríki geta neitað að viðurkenna og fullnægja ákvörðun, sem tekin hefur verið í ríki sem gert hefur fyrirvara, af þeim ástæðum sem fyrirvarinn tekur til, þótt þau hafi ekki sjálf gert fyrirvara, sbr. 2. mgr. 17. gr. samningsins. Norðurlandaþjóðirnar, sem tóku þátt í gerð samningsins, voru í hópi þeirra þjóða sem töldu að samningsríki ættu að hafa svigrúm til mats á beiðni með hliðsjón af hagsmunum barnsins. Þau hafa því notfært sér heimild 17. gr. til að gera fyrirvara og er lagt til að Ísland fylgi fordæmi þeirra, enda er það í samræmi við þá grundvallarreglu íslensks barnaréttar að hagsmunir barnsins skuli vera öðrum sjónarmiðum æðri. Tekur 7. gr. frumvarpsins mið af því.

Samkvæmt Haagsamningnum er ekki heimilt að gera fyrirvara við þá skyldu samningsríkja að hlutast til um að barni verði skilað til lögmæts aðila. Hins vegar eru í samningnum tilteknar sérstakar ástæður sem geta heimilað synjun, sbr. 2. mgr. 12. gr., 13. gr. og 20. gr. samningsins. Þetta eru einkum ástæður sem varða hagsmuni barnsins, en m.a. er mælt fyrir um að yfirvöld skuli taka tillit til afstöðu þeirra barna sem náð hafa tilskildum aldri og þroska, sbr. 2. mgr. 13. gr. Haagsamningsins og 12. gr. frumvarpsins.

Mjög mikilvægt er að góð samvinna sé milli ríkja til að markmiðum samninganna verði náð. Báðir samningarnir gera ráð fyrir að sett verði á laggirnar móttökustjórnvöld til að greiða fyrir henni, sbr. 2.–5. gr. Evrópusamningsins og 6.–11. gr. Haagsamningsins. Þessi stjórnvöld eiga að hafa umsjón með því að þeim skyldum, sem ríki hafa tekið á sig með fullgildingu samninganna, sé fullnægt. Auk þess hafa þau milligöngu- og aðstoðarhlutverk. Þau eiga að taka á móti og senda áfram erindi samkvæmt samningunum og aðstoða þá sem leita úrræða á grundvelli þeirra, m.a. með því að afla nauðsynlegra gagna og upplýsinga. Einnig hafa þau upplýsinga- og aðstoðarskyldur gagnvart öðrum móttökustjórnvöldum. Beiðanda er ekki skylt að leita úrræða fyrir milligöngu móttökustjórnvalds. Hann getur eins snúið sér beint til þess yfirvalds sem er bært til að taka ákvörðun um beiðni hans. Vísað er til athugasemda við 5. gr. frumvarpsins varðandi nánari skýringar á hlutverki og skyldum móttökustjórnvalds.

Evrópusamningurinn byggir á að sérreglur milli ríkja um efni sem fellur undir samninginn geti haft forgang fram yfir hann í samskiptum ríkjanna, sbr. 19.–20. gr. hans. Tilkynningu þar að lútandi skal senda aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins við fullgildingu samningsins, sbr. 2. mgr. 20. gr. Norðurlöndin þrjú, sem fullgilt hafa samninginn, hafa notfært sér þessa heimild til þess að láta norrænar reglur á þessu sviði hafa forgang fram yfir samninginn og er lagt til að svo verði einnig gert af hálfu Íslands. Ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins taka mið af því. Haagsamningurinn hefur ekki hliðstætt ákvæði. Skv. 36. gr. hans er samningsríkjum ekki heimilt að semja um aðra tilhögun en hann kveður á um, nema til að draga úr þeim takmörkunum sem geta átt við um afhendingu á barni samkvæmt honum. Lítil hætta er á árekstrum milli samninganna. Í því tilviki ætti Haagsamningurinn að hafa forgang, sbr. 34. og 36. gr. hans og hins vegar 19.–20. gr. Evrópusamningsins.

Ísland er ekki aðili að Haagráðstefnunni um alþjóðlegan einkamálarétt. Ísland getur þrátt fyrir það gerst aðili að samningnum, sbr. 38. gr. hans. Það er skilyrði fyrir gildistöku gagnvart einstökum samningsríkjum að þau lýsi því yfir hvert fyrir sig að þau viðurkenni aðild Íslands.

Eftirtalin ríki hafa fullgilt samningana:

Evrópusamningurinn (18): Austurríki, Belgía, Bretland, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Lúxemborg, Kýpur, Noregur, Portúgal, Spánn, Sviss, Svíþjóð og Þýskaland. (Upplýsingar frá 1. mars 1995.)

Haagsamningurinn (24): Argentína, Austurríki, Ástralía, Bandaríkin, Bosnía og Hersegóvína, Bretland, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ísrael, Ítalía, Júgóslavía, Kanada, Króatía, Lúxemborg, fyrrum júgóslavneska lýðveldið Makedónía, Noregur, Portúgal, Spánn, Sviss, Svíþjóð og Þýskaland.

Auk þess hafa eftirtalin 18 ríki gerst aðilar að Haagsamningnum: Bahamaeyjar, Belís, Búrkína Fasó, Chile, Ekvador, Hondúras, Kýpur, Máritíus, Mexíkó, Mónakó, Nýja-Sjáland, Panama, Pólland, Rúmenía, Sankti Kristófer og Nevis, Slóvenía, Ungverjaland og Zimbabwe. (Upplýsingar frá 30. maí 1995.)

Gefnar hafa verið út greinargerðir með samningunum. Þær eru: „Explanatory Report on the European Convention on Recognition and Enforcement of Decisions concerning Custody of Children and on Restoration of Custody of Children" (Strasbourg 1980) og „Convention on the Civil Aspects of International Child Abduction Convention and Recommendation adopted by the Fourteenth Session and Explanatory Report" (Haag 1982).

III. Kostnaður.

Báðir samningarnir byggja á þeirri meginreglu að það ríki, sem fær beiðni um fullnustu eða afhendingu til meðferðar, standi straum af kostnaði vegna meðferðar málsins í því ríki. Kostnaður vegna heimflutnings barns telst ekki þar með. Skv. 3. mgr. 5. gr. Evrópusamningsins er samningsríki skuldbundið til að krefjast ekki neinnar greiðslu af þeim, sem leggur fram beiðni um viðurkenningu eða fullnustu ákvörðunar, vegna meðferðar málsins í því ríki. Skv. 1. mgr. 15. gr. samningsins getur yfirvald, sem hefur til meðferðar beiðni um fullnustu, óskað eftir að gerðar verði kannanir til að auðvelda mat á því hvort fullnusta sé í samræmi við það sem barni er fyrir bestu, sbr. b-lið 1. mgr. 10. gr. samningsins. Skv. 2. mgr. 15. gr. samningsins skal kostnaður af slíkum könnunum greiddur af yfirvöldum þess ríkis þar sem þær eru gerðar. Samkvæmt samningnum er ekki heimilt að gera fyrirvara við þessi ákvæði og er því kveðið á um það í 2. mgr. 19. gr. frumvarpsins að ríkissjóður greiði kostnað beiðanda sem stofnast til vegna máls um fullnustu á grundvelli Evrópusamningsins. Í þessu felst fyrst og fremst kostnaður vegna málsmeðferðarinnar og lögfræðiaðstoðar ef við á en undanskilinn er kostnaður af heimflutningi barnsins.

Í 2. mgr. 26. gr. Haagsamningsins kemur einnig fram sú meginregla að ekki skuli krefja þann, sem ber fram beiðni um afhendingu, um greiðslu á kostnaði vegna meðferðar málsins. Skv. 3. mgr. 26. gr. getur þó samningsríki, með því að gera fyrirvara skv. 42. gr., lýst því yfir að það sé ekki skuldbundið til að greiða kostnað, nema að því leyti sem hann væri greiddur samkvæmt reglum þess um opinbera réttaraðstoð. Gengið er út frá að Ísland notfæri sér þessa heimild til að gera fyrirvara og er því ekki gerð tillaga í líkingu við 2. mgr. 19. gr. um skilyrðislausa greiðslu kostnaðar í þessum tilvikum. Skv. 22. gr. Haagsamningsins er ekki heimilt að krefjast neins konar tryggingar af beiðanda

til að ábyrgjast greiðslu útgjalda og kostnaðar af málsmeðferð fyrir dómstól og er ríkissjóður því skv. 1. mgr. 19. gr. frumvarpsins ábyrgur fyrir greiðslu slíks kostnaðar sem fæst ekki greiddur hjá beiðanda.

Af framangreindu er ljóst að lögfesting frumvarpsins og fullgilding samninganna hefur nokkrar kostnaðarskuldbindingar í för með sér. Ólíklegt er þó að kostnaður verði mikill í raun þar sem gera má ráð fyrir að mál, sem rekin verða hér á landi á grundvelli samninganna, verði ekki mörg.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í I. kafla frumvarpsins eða 1.–4. gr. þess eru ákvæði sem varða gildissvið laganna og hugtök, meðal annars til hvaða aldurhóps hugtakið „barn“ nær samkvæmt samningunum auk skilgreiningar á hugtakinu „ákvörðun“.

Um 1. gr.

Í ákvæðinu er gerð grein fyrir gildi einstakra ákvæða frumvarpsins gagnvart hvorum samningi fyrir sig. Í 1. mgr. eru talin upp þau ákvæði frumvarpsins sem nauðsynlegt er að lögfesta til að unnt sé að fullgilda Evrópusamninginn og í 2. mgr. þau ákvæði sem nauðsynlegt er að lögfesta til að unnt sé að fullgilda Haasamninginn. Í 1. mgr. 1. gr. eru samningarnir tilgreindir með fullu nafni en þaðan í frá eru þeir nefndir Evrópusamningurinn og Haagsamningurinn.

Eins og fram kemur í 2. málsl. 1. mgr. er gert ráð fyrir að ákvæði frumvarpsins um Evrópusamninginn gildi ekki gagnvart Norðurlöndunum að því leyti sem sérstakar reglur gilda gagnvart þeim á því sviði sem samningurinn tekur til. Samsvarandi ákvæði eru í hliðstæðum dönskum, norskum og sænskum lögum. Ákvæðið er í samræmi við 2. mgr. 20. gr. samningsins þar sem kveðið er á um að ef tvö eða fleiri samningsríki hafa lögfest samræmda löggjöf varðandi forsjá barna eða komið á sérstakri tilhögun á viðurkenningu eða fullnustu ákvarðana á þessu sviði, eða eigi þau eftir að gera það í framtíðinni, sé þeim frjálst að beita þeim lögum eða þeirri tilhögun sín á milli í stað samningsins. Eins og áður hefur verið vikið að er Norðurlandasamningurinn um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, sbr. lög nr. 29/1931, eini milliríkjasamningurinn á þessu sviði sem Ísland er aðili að. Hann á aðeins við um börn foreldra sem eru eða hafa verið saman í hjúskap og gildir eingöngu um ákvarðanir sem teknar eru í einhverju Norðurlandanna og snerta norræna ríkisborgara. Í 8. gr. Norðurlandasamningsins er kveðið á um hvernig lögsögu milli landanna í skilnaðarmálum, þar á meðal í málum um forsjá, skuli háttað. Skv. 22. gr. hans skulu úrskurðir stjórnvalda og aðfararhæfir dómar, m.a. skv. 8. gr., sem gengið hafa í einhverju ríkjanna gilda í hinum ríkjunum án sérstakrar staðfestingar og án rannsóknar á því, hvort úrskurðurinn sé réttur eða forsendur hans, þær er taka til heimilisfesti eða ríkisfesti í einhverju samningsríkjann. Öll Norðurlöndin nema Ísland hafa fullgilt Norðurlandasamning um viðurkenningu og fullnustu norrænna einkamálaákvarðana frá 1977. Samkvæmt honum er heimilt að fullnægja ákvörðunum um forsjá, umgengnisrétt eða afhendingu á barni sem teknar eru í einu Norðurlandanna í einhverju hinna, ef ákvörðunin er fullnustuhæf í því landi þar sem hún var tekin. Þetta er víðtækari heimild en samkvæmt Norðurlandasamningnum um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, þar sem ákvæðið tekur einnig til ákvarðana varðandi börn ógiftra foreldra. Hvað Ísland snertir er enn í gildi samningur frá 1932 um viðurkenningu dóma og fullnustu þeirra, sbr. lög nr. 30/1932. Hann felur í sér þrengri heimildir til fullnustu ákvarðana á þessu sviði en yngri samn-

ingurinn þar sem það er tekið fram í 10. gr. hans að hann breyti að engu leyti 22. gr. samningsins um hjúskap, ættleiðingu og lögráð og leiði ekki af sér að dómar eða úrskurðir um slík mál sem 22. gr. kveður á um fái gildi í öðrum tilvikum en þar er ákveðið.

Í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð hafa enn fremur verið sett lög þess efnis að stjórnvöld skuli aðstoða við að börn, sem á grundvelli barnaverndarlaga í öðru norrænu ríki á að vista á stofnun eða setja í fóstur, verði flutt í það land. Þessi ákvæði hafa í þessum löndum forgang gagnvart Evrópusamningnum. Hliðstæð lög hafa ekki verið sett á Íslandi.

Af framangreindu er ljóst að Evrópusamningurinn hefur víðtækara gildi í samskiptum Íslands við önnur norræn ríki en í innbyrðis samskiptum þeirra.

Af 2. málsl. 1. mgr. leiðir að beita skal norrænum reglum sem kunna að taka gildi hvað Ísland varðar í framtíðinni í stað samningsins.

Um 2. gr.

Greinin veitir möguleika á samvinnu á því sviði sem samningarnir ná yfir við ríki sem ekki eru aðilar að samningunum, án þess að til lagasetningar þurfi að koma.

Um 3. gr.

Af ákvæðinu leiðir að engar aðgerðir geta átt sér stað á grundvelli laganna eftir að barn er orðið 16 ára og skiptir engu þótt mál hafi byrjað fyrir það tímamark. Ákvæðið er í samræmi við a-lið 1. gr. Evrópusamningsins og 4. gr. Haagsamningsins. Ákvæðið er í samræmi við reglur lögræðislaga, nr. 68/1984, um 16 ára sjálfræðisaldur, sbr. 1. gr. þeirra.

Um 4. gr.

Ákvæðið er í samræmi við b- og c-lið 1. gr. Evrópusamningsins og 2. mgr. 3. gr. Haagsamningsins og skýrir hvernig túlka beri hugtakið ákvörðun í frumvarpinu. Með stjórnvaldi er átt við stjórnvöld sem hafa heimildir til að taka ákvarðanir sem eru bindandi fyrir aðila að lögum. Ákvarðanir barnaverndaryfirvalda um umsjá barns falla hér undir. Það er ekki skilyrði að ákvörðunin sé endanleg, heldur hvort unnt sé að fullnægja henni samkvæmt lögum þess ríkis þar sem hún var tekin, sbr. 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Skv. 1. tölul. 9. gr. frumvarpsins er heimilt að fresta máli ef ákvörðun hefur verið skotið til æðra dómstóls eða stjórnvalds í upphafsríkinu.

Um II. kafla.

II. kafli frumvarpsins er aðeins ein grein, 5. gr. Þar er fjallað um hvert er móttökustjórnvald hér á landi og um hlutverk þess og skyldur. Samkvæmt bæði Evrópusamningnum og Haagsamningnum skulu aðildarríki tilnefna móttökustjórnvald til þess að annast störf sem slíkum stjórnvöldum eru falin í samningunum.

Um 5. gr.

Ákvæðið byggir á 2.–5. gr. Evrópusamningsins og 6.–11. gr. Haagsamningsins. Í samningunum eru mun ítarlegri reglur um hlutverk og skyldur móttökustjórnvalda en í frumvarpinu. Lagt er til að dómsmálaráðuneytið verði móttökustjórnvald. Barnalögin, sem eru þau lög sem snerta efni samninganna mest, heyra undir dómsmálaráðuneytið. Í ráðuneytinu er því fyrir hendi þekking og reynsla á því sviði sem samningarnir fjalla um og

því er eðlilegt að því verði falið þetta hlutverk. Í flestum þeim löndum, sem fullgilt hafa samningana, eru dómsmálaráðuneyti móttökustjórnvöld. Í Noregi er það dómsmálaráðuneytið, í Danmörku „Civilretsdirektoratet" sem er undirstofnun dómsmálaráðuneytisins og í Svíþjóð utanríkisráðuneytið. Dómsmálaráðuneytið getur samkvæmt barnalögum verið úrskurðaraðili um forsjá barna og umgengnisrétt í málskotsmálum. Sú staða gæti því komið upp að ráðuneytinu berist beiðni um aðstoð á grundvelli erlendrar ákvörðunar sem stangast á við úrskurð sem ráðuneytið hefur kveðið upp. Það er þó ekki talið koma í veg fyrir að ráðuneytið fari með þetta hlutverk. Er í því sambandi bent á að móttökustjórnvaldið er fyrst og fremst til milligöngu og aðstoðar og er ekki ætlað að taka afstöðu til efnisatriða máls. Því ber skylda til að framsenda erindi réttum yfirvöldum til meðferðar, nema það sé alveg augljóst að ekki sé grundvöllur til að reka mál samkvæmt samningunum, sbr. 4. mgr. 4. gr. Evrópusamningsins og 27. gr. Haagsamningsins. Vakin er á því athygli að danska „Civilretsdirektoratet" hefur hliðstæða stöðu og dómsmálaráðuneytið að þessu leyti og það var ekki talið standa í vegi fyrir því að það gæti verið móttökustjórnvald í Danmörku.

Af 1. tölul. greinarinnar leiðir að móttökustjórnvald á að sjá til þess að beiðni erlendis frá um aðstoð á grundvelli samninganna verði send réttum yfirvöldum til meðferðar. Hér á landi eru það viðkomandi héraðsdómar, sbr. 1. mgr. 13. gr. frumvarpsins. Nauðsynlegt er að dómsmálaráðuneytið útvegi beiðanda lögmann til þess að koma fram fyrir hönd hans í málinu fyrir dómi.

Móttökustjórnvaldið skal einnig framsenda íslenskar beiðnir til móttökustjórnvalds í hlutaðeigandi erlendu samningsríki.

Í umsókn til móttökustjórnvalds um aðstoð á grundvelli samninganna er nauðsynlegt að fram komi upplýsingar um nafn barns og nöfn foreldra þess og beiðanda. Enn fremur upplýsingar um líklegan dvalarstað barns og aðstæður sem liggja að baki umsókn. Nauðsynleg gögn þurfa að fylgja umsókn og veita þarf upplýsingar um hvort önnur mál varðandi barnið séu til meðferðar hjá yfirvöldum. Sérstök umsóknareyðublöð hafa verið útbúin vegna beggja samninganna til nota í þessu sambandi.

Samkvæmt samningunum má beina beiðni til móttökustjórnvalds í hvaða samningsríki sem er, sbr. 1. mgr. 4. gr. Evrópusamningsins og 1. mgr. 8. gr. Haagsamningsins. Móttökustjórnvald skal svo fljótt sem unnt er senda beiðni áfram til móttökustjórnvalds í öðru samningsríki ef það telur að barnið dveljist þar, sbr. 2. mgr. 5. gr. Evrópusamningsins og 9. gr. Haagsamningsins. Beiðandi getur líka snúið sér beint til þess yfirvalds sem er bært til að fjalla um málið án milligöngu móttökustjórnvalds en þá nýtur hann ekki aðstoðar móttökustjórnvalds við öflun gagna, þýðingar o.fl.

Beiðanda ber ekki skylda til að afla sjálfur upplýsinga um dvalarstað barns. Hins vegar hvílir sú skylda á móttökustjórnvaldi að afla þeirra upplýsinga, annað hvort sjálft eða með aðstoð annars yfirvalds, sbr. a-lið 1. mgr. 5. gr. Evrópusamningsins og a-lið 2. mgr. 7. gr. Haagsamningsins.

Móttökustjórnvald, sem hefur borist beiðni, skal byrja á því að athuga hvort nauðsynlegar upplýsingar liggi fyrir þannig að unnt sé að taka málið til meðferðar. Ef svo er ekki skal það sjá um að afla upplýsinga hjá móttökustjórnvaldi í viðkomandi ríki, eða afla sjálft upplýsinga, t.d. um hvar barnið sé niðurkomið. Það skal meta hvort líklegt sé að orðið verði við beiðni á grundvelli þeirra upplýsinga sem fyrir liggja. Ef augljóst er að svo er ekki getur það neitað að senda beiðni áfram til hlutaðeigandi innlendra yfirvalda eða annars móttökustjórnvalds, sbr. 27. gr. Haagsamningsins og 4. mgr. 4. gr. Evrópusamningsins. Að jafnaði ber þó móttökustjórnvaldi að senda beiðni áfram til meðferðar

hjá viðkomandi yfirvöldum. Móttökustjórnvaldi ber að tilkynna móttökustjórnvaldi í því ríki sem beiðni kemur frá og beiðanda um framgang máls, sbr. 5. mgr. 4. gr. og e-lið 1. mgr. 5. gr. Evrópusamningsins.

Í frumvarpinu er byggt á því að móttökustjórnvaldið hafi fyrst og fremst milligöngu- og aðstoðarhlutverk en sé ekki aðili að máli. Það er í samræmi við hliðstæð dönsk, norsk og sænsk lög og er talin heppilegri leið, en samkvæmt samningunum er samningsríkjum frjálst að móta hlutverk móttökustjórnvalda sinna að þessu leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 13. gr. Evrópusamningsins og 28. gr. Haagsamningsins. Er gert ráð fyrir því, eins og nefnt var hér að framan, að beiðandi njóti aðstoðar lögmanns við rekstur máls og að dómsmálaráðuneytið aðstoði hann við að fá sér lögmann ef hann óskar eftir því, sbr. g-lið 2. mgr. 7. gr. Haagsamningsins.

Samkvæmt Haagsamningnum hvílir sú skylda á móttökustjórnvaldi að leita annað hvort sjálft eða stuðla að því að annað yfirvald leiti að friðsamlegri lausn mála, sbr. c-lið 2. mgr. 7. gr. og 10. gr. Í frumvarpinu er gengið út frá að dómstólar og sýslumenn hafi fyrst og fremst þetta hlutverk í samræmi við almennar reglur um málsmeðferð fyrir þessum yfirvöldum. Æskilegt er þó að ráðuneytið reyni sættir ef það telur mál þess eðlis að unnt sé að leysa það. Er á því byggt að ráðuneytið hafi í þessum efnum svigrúm til mats. Ef ástæða er til að ætla að barni geti verið hætta búin er móttökustjórnvaldi skylt að hlutast til um að barnaverndaryfirvöld hafi afskipti af máli, sbr. b-lið 1. mgr. 5. gr. Evrópusamningsins og b-lið 2. mgr. 7. gr. Haagsamningsins.

Móttökustjórnvald getur þurft að afla upplýsinga um hagi barns, sem dvelst hér á landi, samkvæmt beiðni erlends móttökustjórnvalds, sbr. d-lið 2. mgr. 7. gr. Haagsamningsins. Eðlilegast er að ráðuneytið leiti í því sambandi aðstoðar barnaverndaryfirvalda á þeim stað þar sem barn dvelst. Á sama hátt getur það þurft að hafa milligöngu um að aflað verði upplýsinga um barn erlendis frá . Enn fremur getur það þurft að afla upplýsinga um erlendar réttarreglur og því er skylt að gefa erlendum stjórnvöldum upplýsingar um íslenskan rétt, sbr. e-lið 2. mgr. 7. gr. Haagsamningsins. Móttökustjórnvald skal gefa öðrum móttökustjórnvöldum upplýsingar um allar breytingar á íslenskum lögum á þessu sviði og um vandamál sem upp koma við framkvæmd samninganna og leitast við að ryðja úr vegi tálmunum fyrir beitingu þeirra, sbr. 3. gr. Evrópusamningsins og i-lið 2. mgr. 7. gr. Haagsamningsins. Af 2. tölul. 5. gr. frumvarpsins leiðir að gert er ráð fyrir að móttökustjórnvöld hafi beint samband sín á milli.

Samkvæmt 4. mgr. 5. gr. Evrópusamningsins skal móttökustjórnvald aðstoða aðila við að hefja málsmeðferð fyrir yfirvöldum í því landi um efnisatriði máls ef beiðni um viðurkenningu eða fullnustu hefur verið synjað og það telur rök til þess.

Móttökustjórnvaldið getur þurft að sjá til þess að gögn séu þýdd á íslensku áður en þau eru lögð fyrir dóm. Samningarnir byggja á því að notað sé tungumál þess ríkis sem beiðni er beint til eða að þýðing á því tungumáli fylgi, sbr. 6. gr. Evrópusamningsins og 24. gr. Haagsamningsins. Móttökuríki skal þó einnig samþykkja að enska eða franska sé notuð eða að þýðing á þau tungumál fylgi, nema það hafi gert sérstakan fyrirvara þar að lútandi. Gengið er út frá að Ísland geri fyrirvara skv. 1. mgr. b-lið 6. gr. Evrópusamningsins um að beiðni geti verið á frönsku, en heimild til slíks fyrirvara er að finna í 3. mgr. 6. gr. samningsins. Hvað varðar 24. gr. Haagsamningsins er gengið út frá að fyrirvari sé gerður varðandi notkun frönsku, svo sem heimilað er í 2. mgr. ákvæðisins.

Um III. kafla.

Í III. kafla eru 6.–10. gr. frumvarpsins um viðurkenningu og fullnustu á grundvelli Evrópusamningsins. Þar er safnað saman ákvæðum sem varða Evrópusamninginn sérstaklega og lúta fyrst og fremst að skilyrðum þess að erlendri ákvörðun um forsjá, búsetu eða umgengnisrétt við barn verði fullnægt hér á landi.

Um 6. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 7., 11. og 12. gr. Evrópusamningsins og afmarkar nánar skyldu til að viðurkenna og fullnægja erlendum ákvörðunum á grundvelli Evrópusamningsins. Í 7.–9. gr. frumvarpsins eru síðan ákvæði sem fela í sér takmarkanir á þessari skyldu.

Af 1. mgr. leiðir að ákvörðun, sem tekin hefur verið í samningsríki, getur haft sömu réttaráhrif og ákvörðun sem tekin hefur verið hér á landi. Það er skilyrði fyrir fullnustu hér á landi að ákvörðunin sé fullnustuhæf í því ríki þar sem hún var tekin. Í ákvæðinu er það ríki, þar sem ákvörðunin var tekin, nefnt upphafsríki og er það hugtak notað í fleiri ákvæðum frumvarpsins. Það er dómstóla hér á landi að ákvarða hvort um sé að ræða ákvörðun sem falli undir greinina og hvort hún sé fullnustuhæf samkvæmt lögum þess ríkis þar sem hún var tekin.

Þær ákvarðanir, sem hér um ræðir, eru fyrst og fremst forsjár- og umgengnisréttarákvarðanir í skilningi barnalaga, en einnig geta aðrar ákvarðanir, sem varða búsetu barns, verið andlag viðurkenningar og fullnustu. Í c-lið 1. gr. samningsins er ákvörðun varðandi forsjá skilgreind sem „ákvörðun yfirvalds að því leyti sem hún varðar umönnun barnsins sjálfs þar með talinn rétt til að ráða búsetu þess eða rétt til umgengni við það“. Af þessu ákvæði samningsins er ljóst að hugtakið forsjá hefur í samningnum víðtækari merkingu en samkvæmt barnalögum og það er hugsanlegt að aðili, sem ekki fer með forsjá barns í skilningi barnalaga, geti krafist fullnustu á ákvörðun sem felur í sér svipaðan rétt til að ráða persónulegum högum barnsins og forsjá, þ.e. fyrst og fremst rétt til að ráða búsetu barns og fara með daglega umönnun þess. Ákvarðanir barnaverndar- eða félagsmálayfirvalda um fóstur geta samkvæmt þessu fallið hér undir, en hins vegar ekki ákvarðanir sem fela eingöngu í sér rétt til að annast fjárhald barnsins. Samkvæmt löggjöf sumra ríkja er unnt í máli milli foreldra að taka sérstaka ákvörðun um búsetu barns án þess að breyting sé gerð á forsjárskipan. Slíkri ákvörðun væri unnt að fullnægja á grundvelli greinarinnar.

Aðilar að máli væru oftast foreldrar barns en samkvæmt framangreindu er einnig hugsanlegt að aðrir, hvort sem um er að ræða einstakling, stofnun eða opinberan aðila, geti verið aðilar. Það skiptir ekki máli hvort foreldrar fara sameiginlega með forsjá barns. Ef annað brýtur rétt á hinu með því að fara með barnið ólöglega til Íslands er hægt að byggja á samningnum.

Um hugtakið ákvörðun vísast til athugasemda við 4. gr.

Ákvæði 2. mgr. eiga fyrst og fremst við þegar forsjárrétt leiðir beint af lögum án þess að fullnustuhæf ákvörðun liggi fyrir. Ákvæðið getur einnig átt við þegar fyrir liggur ákvörðun en hún er ekki orðin fullnustuhæf, t.d. vegna þess að tímafrestir eru ekki liðnir, eða þegar barnið hefur verið flutt frá landi sem ekki er samningsríki. Þá er hugsanlegt að ákvörðun sé tekin síðar í samningsríki á grundvelli 12. gr. samningsins og á grundvelli samnings milli þess ríkis sem tekur ákvörðunina og þess ríkis sem barnið var flutt frá. Það er skilyrði að ákvörðun skv. 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins sé tekin í samningsríki en það er hins vegar ekki skilyrði að hún sé tekin í sama ríki og barnið var í upp-

hafi flutt frá. Ákvæðið getur einnig átt við þegar barni er haldið gegn vilja forsjárforeldris eftir að lögmætur umgengnistími er útrunninn.

Í ákvörðun þurfa vera upplýsingar um að brottflutningurinn hafi verið ólögmætur, sbr. 12. gr. samningsins. Ákvörðun, þar sem er mælt fyrir um að barni skuli skilað aftur, getur verið fullnægjandi. Ákvörðun þarf að geyma upplýsingar um þann sem á rétt á að fá barnið til sín.

Um 7. gr.

Ákvæðið takmarkar gildissvið 6. gr. Það á sér stoð í 1. mgr. 10. gr. Evrópusamningsins. Auk þess byggist 4. tölul. þess á a-lið 1. gr. samningsins. Áréttað er að um undanþágureglur er að ræða sem túlka ber þröngt.

Þar sem lagt er til, svo sem fram kemur í almennum athugasemdum, að Ísland nýti sér heimild 17. gr. samningsins til að gera fyrirvara við 8. og 9. gr. hans er í 7.–9. gr. frumvarpsins unnt að kveða á um heimildir til synjunar á viðurkenningu eða fullnustu án þess að þurfa að greina á milli hvort um sé að ræða ólögmætan brottflutning eða ekki og án tillits til þess tíma sem liðið hefur frá því að brottflutningur átti sér stað þar til beiðni um viðurkenningu eða fullnustu er lögð fram eins og gert er í 8.–10. gr. samningsins. Þó er ráðgert að unnt sé að taka tillit til þess tíma sem liðið hefur við mat í hverju máli fyrir sig, sbr. athugasemdir hér á eftir við 2. tölul. 7. gr.

Það leiðir af almennum reglum að sá sem er andvígur viðurkenningu eða fullnustu hefur sönnunarbyrði fyrir því að þær ástæður séu fyrir hendi að synja beri um gerð. Ákvæðið felur í sér rýmri heimildir til synjunar en 75. gr. barnalaga, nr. 20/1992, enda rök til þess þar sem það felur í sér meiri áhættu fyrir barn að flytja það með valdbeitingu milli landa heldur en innan lands.

Um 1. tölul.: Þetta er svokallað „ordre public“ ákvæði. Það skal túlkað þröngt, sbr. orðalagið „augljóst er“. Í greinargerð með samningnum kemur fram að það sem barni er fyrir bestu („welfare of the child“) sé slík grundvallarregla sem ákvæðið vísar til. Samkvæmt ákvæðinu er því unnt að synja um viðurkenningu eða fullnustu á ákvörðun sem augljóslega bryti í bága við þessa meginreglu.

Um 2. tölul.: Brottflutningurinn sjálfur hefur auðvitað í för með sér breyttar aðstæður fyrir barnið. Hann getur þó ekki í sjálfu sér réttlætt synjun á grundvelli ákvæðisins, sbr. b-lið 1. mgr. 10. gr. Evrópusamningsins. Það gæti hins vegar verið ástæða til synjunar ef mjög langur tími er liðinn frá brottflutningnum og barnið hefur aðlagast nýjum aðstæðum. Skv. 17. gr. frumvarpsins skal kanna afstöðu barns, sem hefur aldur og þroska til, áður en tekin er ákvörðun um fullnustu. Vakin er á því athygli að orðalagið „augljóslega“ gefur til kynna að túlka beri 2. tölul. þröngt.

Um 3. tölul.: Samkvæmt ákvæðinu skal synja um viðurkenningu eða fullnustu ef barnið var, á þeim tíma þegar leitað var eftir ákvörðun í upphafsríkinu, búsett hér á landi eða með íslenskt ríkisfang án þess að það hefði slík tengsl við upphafsríkið, nema hugsanlega vegna tvöfalds ríkisborgararéttar. Um hugtakið „búseta“ má vísa til umfjöllunar í almennum athugasemdum að framan.

Um 4. tölul.: Eins og áður kom fram styðst ákvæðið við a-lið 1. gr. samningsins. Af ákvæðinu getur leitt að synja beri um gerð þótt barn sé yngra en sextán ára.

Um 5. tölul.: Ákvæðið á sér stoð í d-lið 1. mgr. 10. gr. samningsins. Orðalagið „í máli sem hafist hefur áður" verður að skýra þannig að mál hafi verið höfðað eða stjórnvaldi borist beiðni um úrlausn áður en beiðni um viðurkenningu eða fullnustu var lögð fram. Sömu tímamörk gilda í málum skv. 2. málsl. greinarinnar og í þeim málum er einnig skilyrði að synjun sé talin barni fyrir bestu.

Um 8. gr.

Orðalagið „að varnaraðila fjarstöddum" vísar til þess að varnaraðili hafi hvorki mætt sjálfur við meðferð málsins í upphafsríkinu né látið annan mæta fyrir sig samkvæmt umboði. Ákvæðið er byggt á a- og b-liðum 1. mgr. 9. gr. Evrópusamningsins. Varnaraðili í upprunalega málinu þarf ekki að vera sá sami og hefur uppi mótmæli gegn beiðni um viðurkenningu eða fullnustu, sbr. athugasemdir í greinargerð með samningnum. Sá sem mótmælir viðurkenningu eða fullnustu hefur sönnunarbyrði fyrir því að varnaraðila hafi ekki verið tilkynnt um málið á tilhlýðilegan hátt. Taka þarf tillit til hvaða upplýsingar lágu fyrir um búsetu varnaraðila og annarra aðstæðna við mat á því hversu tímanlega birting þurfti að eiga sér stað. Í þessu sambandi geta almennar reglur einkamálalaga um stefnufresti, sbr. 91. gr. laga nr. 91/1991, verið leiðbeinandi en hafa verður í huga að aðstæður geta verið mismunandi eftir löndum. Hvað varðar búsetuhugtakið má vísa til umfjöllunar um það í II. hluta athugasemda hér að framan.

Um 9. gr.

Ákvæðið á sér stoð í 2. mgr. 10. gr. Evrópusamningsins.

Ekki er heimilt að fresta máli vegna þess eins að erlenda ákvörðunin er ekki endanleg. Það er heldur ekki tilefni til frestunar að nýtt mál sé hafið í upphafsríkinu.

Varðandi 2. tölul. er rétt að benda á að ef búið er að taka ákvörðun í máli hér á landi áður en mál til viðurkenningar eða fullnustu er hafið á 5. tölul. 7. gr. við.

Um 10. gr.

Ákvæðið byggist á 2. mgr. 11. gr. Evrópusamningsins. Reglur um umgengnisrétt eru mismunandi eftir löndum. Það sem liggur að baki 2. mgr. 11. gr er að unnt sé að laga erlenda ákvörðun um umgengnisrétt að innlendum aðstæðum og venjubundinni framkvæmd, t.d. þannig að unnt sé að taka tillit til skólaleyfa. Í 2. mgr. 11. gr. er enn fremur tekið sérstaklega fram að yfirvöld í móttökuríkinu geti ákvarðað framkvæmd umgengnisréttarins með hliðsjón af samkomulagi milli foreldra.

Um IV. kafla.

Í þessum kafla er að finna 11. og 12. gr. frumvarpsins, en í þeim er safnað saman sérákvæðum sem lúta að beiðni um afhendingu samkvæmt Haagsamningnum og varða einkum skilyrði þess að afhending fari fram.

Um 11. gr.

Ákvæðið byggir á 3.–4. gr., 1. mgr. 12. gr., 1. mgr. 13. gr. og 14. gr. Haagsamningsins og ákvarðar hvenær brottflutningur eða hald sé ólögmætt og leiði til að skylt sé að skila barni.

Markmið Haagsamningsins er að vernda börn gegn því að þau séu numin á brott úr sínu venjulega umhverfi. Meginreglan samkvæmt samningnum er sú að samningsríki sé skylt að stuðla að því að barni, sem hefur verið flutt eða er haldið á ólögmætan hátt, sé sem fyrst skilað aftur. Í samningnum er sá réttur sem brotinn er skilgreindur sem „rights of custody", sbr. a-lið 1. mgr. 3. gr. samningsins. Skv. a-lið 5. gr. samningsins felur hann „í sér rétt sem varðar umönnun barnsins sjálfs og sérstaklega rétt til að taka ákvörðun um búsetu þess". Venjulega er það forsjáraðili í skilningi barnalaga sem hefur þennan rétt en þó er hugsanlegt að öðrum en forsjáraðila hafi verið falinn réttur til umönnunar barnsins og til að ráða búsetu þess, svo sem fósturforeldrum. Ekki skiptir máli hvort þessi aðili er einstaklingur, stofnun eða opinber aðili. Lögráðamaður, sem aðeins hefur verið falin umsjón með fjárhaldi barns, hefði hins vegar ekki þennan rétt og ekki heldur sá sem hefur umgengnisrétt við barn. Ákvæðið getur átt við þótt forsjá sé sameiginleg og annar forsjáraðilinn hafi farið með barnið eða haldi því án samþykkis hins, svo framarlega sem sú háttsemi er ólögmæt samkvæmt lögum búseturíkisins. Við mat á því hvort ólögmætur brottflutningur eða hald hafi átt sér stað og hver hefur rétt til að fá barnið afhent skal taka beint mið af lögum þess ríkis þar sem barnið var búsett þegar það var flutt á brott eða því haldið og úrskurðum dómstóla og stjórnvalda þar, sbr. 14. gr. samningsins. Dómari, sem fær málið til meðferðar, getur óskað eftir að lögð verði fram yfirlýsing frá yfirvaldi í búsetulandi barns um að það hafi verið ólögmætt að fara með barnið eða að halda því. Hins vegar er samkvæmt samningnum ekki þörf á sérstakri staðfestingu á forsjárrétti þegar hann er leiddur beint af lögum, gagnstætt því sem á við um Evrópusamninginn, sbr. 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Hugsanlegt er að það ráðist af lögum þriðja ríkisins eða ákvörðun sem tekin er þar hver fari með forsjá barns ef lög búsetulandsins mæla fyrir um að lög í því ríki eigi við eða ákvörðun um forsjá, sem tekin er í því ríki, er viðurkennd af búseturíkinu. Varðandi hugtakið búseta vísast til athugasemda um 3. tölul. 7. gr. og 2. tölul. 8. gr. og almennra athugasemda að framan.

Ekki ber að túlka áskilnað um ólögmæti þannig að um refsiverðan verknað sé að ræða.

Þess er krafist að forsjáraðili hafi í raun farið með forsjána þegar farið var með barnið eða hald hófst, sbr. 2. tölul. 2. mgr. greinarinnar. Að jafnaði má ganga út frá því að svo sé nema eitthvað annað komi fram. Það er ekki skilyrði að barn og forsjáraðili hafi búið á sama stað. Hugsanlegt er að barnið hafi búið annars staðar, t.d. vegna sjúkdóms, fötlunar eða skólagöngu. Krafan um að forsjáraðili hafi í raun farið með forsjána á ekki við ef brottflutningur eða hald hefur komið í veg fyrir að honum væri unnt að fara með forsjána. Barnið hefur t.d. dvalist í öðru landi með samþykki forsjáraðila en ekki verið skilað á réttum tíma eða sá sem hefur haft forsjána neitar að afhenda barn þeim sem samkvæmt nýrri ákvörðun hefur verið skipaður forsjáraðili. Ekki er hægt að líta svo á að foreldrar fari í raun með forsjá ef barnið hefur verið vistað á stofnun eða sett í fóstur samkvæmt ákvörðun barnaverndaryfirvalda. Barnaverndaryfirvöld geta þannig farið með forsjá barnins og verið réttir forsjáraðilar í skilningi 11. gr.

Beiðni um afhendingu á barni skv. 11. gr. skal lögð fyrir héraðsdóm, sbr. 13. gr. Héraðsdómari á ekki að meta efnislega hver sé réttmætur forsjáraðili og ákvörðun um afhendingu ber ekki að skoða sem ákvörðun um forsjá, sbr. 19. gr. samningsins. Samningurinn byggir á því að yfirvald í búsetulandi barns skuli fjalla um og taka ákvörðun um það. Það kemur heldur ekki í veg fyrir afhendingu að sá sem er með barnið hér á landi fari með forsjá barnsins samkvæmt íslenskum lögum eða samkvæmt íslenskri ákvörðun eða erlendri ákvörðun sem hefur gildi hér á landi, sbr. 17. gr. samningsins sem heimil-

ar þó að tekið sé tillit til sjónarmiða sem liggja að baki slíkri forsjárákvörðun við ákvörðun um afhendingu barnsins.

Hugsanlegt er að afhending eigi sér stað til annars lands en þess sem barnið var búsett í þegar það var flutt á brott eða því haldið, ef sá sem rétt á að fá barnið til sín hefur í millitíðinni flutt til annars lands. Ólíkt því sem gildir við mat á umsókn samkvæmt Evrópusamningnum er ekki heimilt að synja um afhendingu vegna þess að barnið hafi sjálft rétt til að ráða búsetu sinni. Það er hins vegar heimilt að synja beiðni ef barnið er andvígt afhendingu og hefur náð þeim aldri og þroska að rétt sé að taka tillit til skoðana þess, sbr. 3. tölul. 12. gr. frumvarpsins.

Um 12. gr.

Ákvæðið byggist á 2. mgr. 12. gr., 13. gr. og 20. gr. Haagsamningsins. Í því kemur fram hvenær sé heimilt að synja um afhendingu. Áréttað er að um heimildarákvæði er að ræða gagnstætt því sem á við um 7. gr. frumvarpsins. Taki dómstóll ákvörðun um afhendingu geta barnaverndaryfirvöld ekki hindrað afhendingu barns á grundvelli barnaverndarlaga.

Um 1. tölul.: Ef um hald er að ræða reiknast eins árs fresturinn frá þeim tíma sem skila átti barni til forsjáraðila. Ef hann hefur samþykkt að tíminn verði framlengdur reiknast fresturinn frá þeim tíma sem skila átti barninu eftir það.

Um 2. tölul.: Meta skal hlutlægt hvort hætta sé á að afhending muni skaða barnið andlega eða líkamlega. Þarf mikið til að koma svo unnt sé að beita þessu ákvæði, sbr. orðalagið „alvarleg hætta". Við gerð samningsins var ágreiningur milli ríkja sem vildu sterkan samning með fáum undantekningarheimildum og ríkja, þar á meðal Norðurlandanna, sem vildu að samningurinn hefði að geyma undantekningarákvæði með hliðsjón af hvað barni væri fyrir bestu. Þetta ákvæði felur í sér málamiðlun milli þessara sjónarmiða. Óbærileg staða er þýðing á „intolerable situation". Sem dæmi um slíkt hefur verið nefnt að afhending hefði í för með sér að barnið færi inn á átakasvæði eða í flóttamannabúðir þar sem aðbúnaður væri slæmur.

Um 3. tölul.: Ákvæðið felur í sér verulegt frávik frá afhendingarskyldunni með hliðsjón af hagsmunum barnsins. Það gengur lengra en ákvæði 75. gr. barnalaga hvað þetta snertir, enda staðan önnur þegar um er að ræða afhendingu milli landa en afhendingu innanlands. Skv. 14. gr. frumvarpsins skal héraðsdómari kanna afstöðu barns sem hefur náð þeim aldri og þroska að rétt sé að taka tillit til skoðana þess.

Um 4. tölul.: Þetta er svokallað „ordre public" ákvæði en með óvenjulegu orðalagi. Við gerð samningsins reyndist ógjörningur að ná samkomulagi um hefðbundið „ordre public" ákvæði. Niðurstaðan var málamiðlun. Ákvæðið ber að túlka þröngt og því skal aðeins beitt í sérstökum undantekningartilvikum. Með ákvæðinu er fyrst og fremst átt við að afhending sé ekki heimil samkvæmt alþjóðasamningum um mannréttindi sem Ísland er aðili að.

Um V. kafla.

Í V. kafla frumvarpins eru ákvæði um málsmeðferð þegar beiðni, sem berst móttökustjórnvaldi hér á landi á grundvelli Evrópusamningsins eða Haagsamningsins, er lögð fyrir héraðsdóm.

Um 13. gr.

Í 1. mgr. 13. gr. eru reglur um hvar beiðni um fullnustu ákvörðunar samkvæmt Evrópusamningnum eða um afhendingu barns samkvæmt Haagsamningnum skuli lögð fram. Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 11. gr. aðfararlaga, nr. 90/1989, skal aðfararbeiðni send héraðsdómara til athugunar ef krafa styðst við erlenda aðfararheimild, sbr. 11. tölul. 1. mgr. 1. gr. sömu laga. Aðfararbeiðni skal enn fremur send héraðsdómara ef krafist er útburðar- eða innsetningargerðar skv. 12. kafla aðfararlaga, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 11. gr. þeirra. Í samræmi við þessi ákvæði, svo og í samræmi við 75. gr. barnalaga, nr. 20/1992, er kveðið svo á um í 1. mgr. 13. gr. frumvarpsins að beiðni um fullnustu skv. 6. gr., eða um afhendingu barns skv. 1. mgr. 11. gr., skuli ávallt lögð fyrir héraðsdóm. Er að auki lagt til að beiðnin fái meðferð fyrir dómi eftir reglum 13. kafla aðfararlaga í öllum tilvikum og þá án tillits til almennra skilyrða fyrir þeirri meðferð. Er þetta lagt til í því skyni, að tryggja að málsmeðferð verði svo vönduð sem kostur er.

Samkvæmt 38. gr. barnalaga, nr. 20/1992, ákvarðar sýslumaður dagsektir til fullnustu á umgengnisréttarúrskurði og er svo fyrir mælt í ákvæðinu að öðrum úrræðum verði ekki beitt til framdráttar umgengnisrétti. Evrópusamningurinn gerir ráð fyrir að sömu reglur gildi um fullnustu ákvörðunar um umgengnisrétt og ákvörðunar um forsjá. Þessi áskilnaður leiðir til þess að ekki verður hjá því komist að misræmi verði á milli þess hvernig innlendum og erlendum umgengnisréttarákvörðunum verði fullnægt. Er gert ráð fyrir því í 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins að 75. gr. barnalaga, sem kveður á um heimild til að koma forsjá á með aðfarargerð, eigi einnig við um ákvarðanir um umgengnisrétt.

Samkvæmt Evrópusamningnum getur forsjáraðili, sá sem ber ábyrgð á umönnun barns og sá sem hefur umgengnisrétt við barn sett fram beiðni. Samkvæmt Haagsamningnum getur sá sem heldur því fram að barn hafi verið tekið á ólögmætan hátt undan forsjá eða umsjá hans sett fram beiðni.

Bæði einstaklingar og lögpersónur, svo sem barnaverndaryfirvöld eða barnaheimili, geta sett fram beiðni. Ef barn er í fóstri á fósturheimili verður að meta hvaða réttarstöðu fósturforeldrarnir hafa gagnvart barninu samkvæmt lögum í búsetulandi barns. Ef barni hefur verið ráðstafað í fóstur fyrir milligöngu barnaverndaryfirvalda sem bera ábyrgð á fósturráðstöfuninni er eðlilegt að líta svo á að barnaverndaryfirvöld séu réttur aðili að máli en ekki fósturforeldrarnir.

Það leiðir af 13. gr. frumvarpsins að varnarþingsreglur laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, eiga hér við, sbr. 2. mgr. 11. gr. aðfararlaga, nr. 90/1989.

Samkvæmt 10. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, er þingmálið íslenska. Móttökustjórnvaldið getur þurft að sjá til þess að gögn séu þýdd á íslensku áður en þau eru lögð fyrir dóm þar sem þeim er skylt að taka við beiðnum og fylgigögnum á ensku, sbr. a-lið 1. mgr. 6. gr. Evrópusamningsins og 1. mgr. 24. Haagsamningsins. Þó er vert að árétta, eins og fram kom í athugasemdum með 5. gr. frumvarpins, að ekki er skylt samkvæmt samningunum að leggja fram beiðni með milligöngu móttökustjórnvalds. Aðili, sem leggur beiðni beint fyrir héraðsdóm, án milligöngu dómsmálaráðuneytisins, þarf sjálfur að sjá til þess að beiðni og fylgigögn verði þýdd á íslensku.

Samningarnir byggja á því að það fari eftir lögum einstakra samningsríkja með hvaða hætti fullnusta eða afhending eigi sér stað. Í samræmi við það er lagt til í 2. mgr. 13. gr.

að 63. gr. og 75. gr. barnalaga skuli eiga við um meðferð mála en að öðru leyti gilda ákvæði aðfararlaga, nr. 90/1989, eins og vísað er til í 13. gr. frumvarpsins. 63. gr. barnalaganna kveður á um að forsjármál skuli sótt og varin og aðilar og vitni spurð fyrir luktum dyrum nema dómari kveði öðruvísi á um með samþykki málsaðila. Er eðlilegt að sama regla gildi um mál samkvæmt lögum þessum.

Evrópusamningurinn byggir á því að fyrir hendi sé aðfararheimild. Við fullnustu samkvæmt honum eiga því við, auk 75. gr. barnalaga, 73. gr. aðfararlaga um innsetningargerðir á grundvelli aðfararheimildar, sbr. og 11. tölul. 1. mgr. 1. gr. og 11. gr. sömu laga. Haagsamningurinn er ólíkur Evrópusamningnum að því leyti að hann fjallar ekki um viðurkenningu og fullnustu forsjárákvarðana heldur um afhendingu barna. Við beitingu hans á við, auk 75. gr. barnalaga, 78. gr. aðfararlaga sem fjallar um innsetningargerðir án almennra aðfararheimilda, sbr. 11. gr. sömu laga.

Í 3. mgr. 75. gr. barnalaga er boðað að framkvæmd aðfarar skuli vera með þeim hætti að sem minnst álag sé fyrir barn. Skulu fulltrúar barnaverndarnefndar vera viðstaddir og kveðið er á um að lögreglumenn sem liðsinni við aðför skuli að jafnaði vera óeinkennisklæddir. Sýslumanni er skv. 3. mgr. 75. gr. heimilt að skipa barninu talsmann.

Um 14. gr.

Ákvæðið á sér stoð í b–f liðum 1. mgr. 13. gr. Evrópusamningsins. Beiðni um tillögu um það hvernig afhenda megi barn er ætlað að auðvelda afhendinguna í framkvæmd og jafnframt geta slíkar upplýsingar komið sér vel við mat á möguleikum til sátta.

Gert er ráð fyrir að opinbert yfirvald, hugsanlega móttökustjórnvald í upphafsríki, staðfesti endurrit ákvörðunar. Staðfesting frá t.d. lögfræðingi beiðanda væri ekki fullnægjandi.

Um 15. gr.

Ákvæðið byggist á 8. og 15. gr. Haagsamningsins. Ráðgert er að þau gögn, sem beiðandi byggir beiðni sína á, fylgi beiðni strax í upphafi til þess að flýta fyrir meðferð máls. Ákvæðið kemur þó ekki í veg fyrir að hægt sé að byggja á gögnum sem lögð eru fram seinna.

Dómari getur óskað eftir að beiðandi leggi fram ákvörðun eða yfirlýsingu skv. 3. mgr. ef óvissa er um réttarstöðuna í búsetulandi barnsins. Í 15. gr. samningsins er gert ráð fyrir að móttökustjórnvöld aðstoði beiðanda við öflun slíkrar yfirlýsingar. Ef ekki tekst að afla hennar veldur það eitt ekki synjun á beiðni.

Um 16. gr.

Ákvæðið byggist á 14. gr. Evrópusamningsins og 2. og 11. gr. Haagsamningsins en samkvæmt þeim eru aðildarríki skuldbundin til að beita skjótri málsmeðferð og hraða meðferð mála. Er þetta í raun þegar tryggt með reglum um hraða málsmeðferð sem finna má í ákvæðum aðfararlaga, nr. 90/1989, sbr. 1. mgr. 12. gr., þar sem segir að héraðsdómari skuli taka aðfararbeiðni til athugunar svo fljótt sem við verður komið, og 20. gr. þar sem segir að sýslumaður skuli ákveða svo fljótt sem við verður komið hvar og hvenær aðför fari fram. Evrópusamningurinn hefur ekki hliðstætt ákvæði og Haagsamningurinn um tímafresti. Eftirlitsnefnd með framkvæmd samningsins (T-CC) hefur þó gert samhljóða ályktun þar sem mælt er með því að ákvörðun sé tekin innan sex vikna frá því að beiðni barst móttökustjórnvaldi. Beiðni um upplýsingar getur bæði komið frá beiðanda sjálfum, eða fyrirsvarsmanni hans, eða móttökustjórnvaldi í hvoru landinu sem er. Mót-

tökustjórnvald í ríki sem beiðni er beint til skal samkvæmt samningnum senda greinargerð um ástæður tafar til móttökustjórnvalds hins ríkisins eða beiðanda eftir því sem við á.

Um 17. gr.

Ákvæðið byggir á 1. mgr. 15. gr. Evrópusamningsins og 2. mgr. 13. gr. Haagsamningsins. Hliðstætt ákvæði er ekki í 75. gr. barnalaga, nr. 20/1992, um framkvæmd forsjárákvarðana. Í 34. gr. þeirra er hins vegar mælt fyrir um að við úrlausn ágreiningsmála um forsjá skuli veita barni sem orðið er tólf ára kost á að tjá sig og að einnig skuli ræða við yngri börn eftir því sem á stendur. Sama gildir við úrlausn umgengnismála, sbr. 6. mgr. 37. gr. sömu laga. Í samningunum er ekki kveðið á um sérstök aldursmörk. Í mörgum samningsríkjum er venja að miða við mun lægri aldur en tólf ár eða allt niður í sjö ára aldur. Við mat á því hvort barn hafi náð tilskildum aldri og þroska þarf að hafa í huga að niðurstaða máls skiptir barn mjög miklu máli og getur haft úrslitaáhrif um framtíð þess. Því er rétt að ganga langt í þá átt að kanna afstöðu barns en auðvitað þarf að beita heppilegum aðferðum við það þannig að barnið bíði ekki skaða af. Það er dómara að meta hvort leita skuli aðstoðar sérfræðinga til að kanna afstöðu barns en hann verður jafnframt að hafa í huga að slíkt má ekki tefja framgang máls um of. Ómöguleiki, svo sem það að dvalarstað barns sé haldið leyndum, getur komið í veg að unnt sé að fullnægja þessu ákvæði.

Um 18. gr.

Ákvæðið er efnislega skylt 36. gr. barnalaga, nr. 20/1992, en samkvæmt henni getur dómstóll eða dómsmálaráðuneytið í ágreiningsmáli vegna forsjár ákveðið til bráðabirgða hver skuli fara með forsjá barns meðan mál hefur ekki verið til lykta leitt. 18. gr. felur þó einungis í sér ákvörðun um dvalarstað barns en hefur ekki áhrif á skipan forsjár. Ástæða getur verið til að beita ákvæðinu ef hætta þykir á að reynt verði að koma í veg fyrir að mál nái fram að ganga með því að fara með barn í felur eða koma því úr landi eða ef velferð barnsins er stefnt í hættu. Orðalagið „ef þörf krefur“ bendir til að ríkar ástæður þurfi að vera fyrir hendi. Sérstaklega er ástæða til að fara varlega í að úrskurða að aðili, sem hefur á ólögmætan hátt komið með barn hingað til lands eða heldur því ólöglega, skuli hafa rétt til að hafa barnið hjá sér. Skal það einungis gert þegar hagsmunir barnsins mæla eindregið með því. Dómari getur sett ákveðin skilyrði fyrir úrskurði, t.d. til að koma í veg fyrir að farið verði með barn úr landi. Dómari getur kveðið á um umgengni foreldra við barn meðan á vistun stendur og sett ákveðin skilyrði fyrir umgengni, t.d. að barnaverndarnefnd skuli hafa umsjón og eftirlit með umgengninni. Það er barnaverndaryfirvalda að ákveða nánar hvar vista skuli barn ef dómari úrskurðar að barni skuli koma fyrir á hlutlausum stað.

Um 19. gr.

Báðir samningarnir gera ráð fyrir að móttökuríki beri kostnað af meðferð málsins í sínu landi. Sú almenna skylda er lögð á aðildarríki að Evrópusamningnum skv. 3. mgr. 5. gr. hans, að krefjast ekki greiðslu af beiðanda vegna nokkura aðgerða sem móttökustjórnvald þess ríkis hefur framkvæmt í hans þágu. Tekur 1. mgr. 19. gr. frumvarpsins mið af því, en hún kveður á um að ríkissjóður greiði kostnað beiðanda vegna meðferðar máls hér á landi.

Samkvæmt 3. mgr. 26. gr., sbr. 42. gr., Haagsamningsins geta samningsríki gert fyrirvara þannig að greiðsla á kostnaði takmarkist við kostnað sem greiddur er samkvæmt almennum reglum um opinbera réttaraðstoð í hlutaðeigandi landi. Gengið er út frá er að slíkur fyrirvari verði gerður af hálfu Íslands, en þannig nýtur málsaðili í máli samkvæmt Haagsamningnum réttar til að sækja um gjafsókn eftir almennum reglum sem fram koma í XX. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Hins vegar kemur fram í 22. gr. Haagsamningsins að óheimilt er að krefjast þess fyrir fram að beiðandi leggi fram nokkurs konar ábyrgð, skuldaryfirlýsingu eða tryggingu til að ábyrgjast greiðslu útgjalda og kostnaðar af málsmeðferð fyrir dómi. Af þessum sökum er lagt til í 2. mgr. 19. gr. frumvarpsins að ríkissjóður greiði þann kostnað sem fæst ekki greiddur hjá beiðanda.

Aðildarríki eru ekki skuldbundin samkvæmt samningunum til að greiða kostnað sem sjálf afhendingin hefur í för með sér, svo sem kostnað vegna heimflutnings barnsins, eins og kemur fram í 3. mgr. 5. gr. Evrópusamningsins og 2. mgr. 26. gr. Haagsamningsins.

Um VI. kafla.

Í VI. kafla frumvarpins er safnað saman ýmsum ákvæðum. Í 20. gr er vikið að aðstöðunni ef forsjár- eða fósturmál er rekið hér á landi þegar beiðni berst um afhendingu samkvæmt Haagsamningnum. Í 21. gr. er fjallað um heimild dómstóla og dómsmálaráðuneytis til að ákveða að ólögmætt hafi verið að fara með barn úr landi eða halda því þar. Loks eru í 22. og 23. gr. frumvarpsins reglugerðarheimild og gildistökuákvæði.

Um 20. gr.

Ákvæðið byggir á 16. gr. Haagsamningsins.

Líta skal svo á að beiðni um afhendingu komi í veg fyrir að hægt sé að taka nokkra ákvörðun hér á landi varðandi forsjá eða fóstur barnsins fyrr en tekin hefur verið ákvörðun um beiðnina. Það á líka við um bráðabirgðaákvarðanir. Ef þörf er á sérstökum bráðabirgðaráðstöfunum til að tryggja hagsmuni barns er unnt að taka ákvörðun um vistun á grundvelli 18. gr. frumvarpsins. Það skiptir ekki máli hvort mál hefur hafist hér á landi áður eða eftir að beiðni um afhendingu er lögð fram.

Orðalagið „hæfilegur frestur“ byggir á orðalaginu „a reasonable time“ í 16. gr. Haagsamningsins. Í greinargerð með samningnum er ekki að finna skýringu á því hvernig túlka beri þetta orðalag. Við mat á því hvað sé hæfilegur frestur verður að taka mið af aðstæðum í hverju máli fyrir sig og eiga hér við svipuð sjónarmið og skv. 8. gr. frumvarpsins um það hvort aðila hafi verið birt kvaðning svo tímanlega að hann hafi getað gætt hagsmuna sinna, sbr. athugasemdir við þá grein. Ekki eru rök til þess að frestur sé jafnlangur og mælt er fyrir um í 1. tölul. 12. gr. frumvarpsins, sbr. 1. og 2. mgr. 12. gr. Haagsamningsins. Þótt tekin hafi verið ákvörðun í máli hér á landi, eftir að hæfilegur frestur til að setja fram beiðni um afhendingu er liðinn, er ekki útilokað að beiðni um afhendingu sé lögð fram eftir það og hún nái fram að ganga, sbr. 17. gr. samningsins. Einnig er hugsanlegt að forsjármáli sé haldið áfram hér á landi þótt tekin hafi verið ákvörðun um afhendingu barns.

Um 21. gr.

Ákvæðið fjallar um þau tilvik þegar farið er með barn, sem búsett er hér á landi, með ólögmætum hætti til annars lands eða því er haldið á ólögmætan hátt í öðru landi og ekki er fyrir hendi íslensk ákvörðun um forsjá sem getur verið andlag fullnustu í því landi, þar sem barninu er haldið. Samkvæmt ákvæðinu er unnt að staðfesta ólögmæti brott-

flutnings eða halds eftir á. Slík yfirlýsing er á ensku kölluð „chasing order". Um er að ræða sams konar ákvörðun og fjallað er um í 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Ákvæðið byggir á 12. gr. Evrópusamningsins. Ef ekki er fyrir hendi fullnustuhæf ákvörðun um forsjá þegar brottflutningur eða hald á sér stað er ekki hægt að krefjast fullnustu samkvæmt samningnum fyrr en slíkrar yfirlýsingar hefur verið aflað. Samkvæmt Haagsamningnum er ekki krafist sérstakrar staðfestingar á því að brottflutningur eða hald sé ólögmætt þegar ekki liggur fyrir aðfararhæf ákvörðun. Skv. 15. gr. hans getur þó yfirvald, sem fjallar um kröfu um afhendingu, óskað eftir að lagður verði fram úrskurður eða önnur ákvörðun yfirvalda í búsetulandi barns um að það hafi verið ólögmætt að fara með barnið til annars lands eða halda því í öðru landi. Ákvæði 21. gr. getur því einnig haft gildi við beitingu Haagsamningsins.

1. mgr. á við þegar forsjáraðili er einn og forsjárréttinn leiðir beint af lögum eða hann byggist á ákvörðun sem ekki er orðin fullnustuhæf. Það er skilyrði að sá sem hefur uppi kröfu fari með forsjá þegar hún er sett fram og barnið hafi haft fasta búsetu hér á landi þegar farið var með það eða hald hófst. Það er ekki skilyrði að brottflutningurinn hafi verið ólögmætur þegar hann átti sér stað. Foreldri hefur t.d. samþykkt að barnið dvelji í öðru landi í ákveðinn tíma en sá sem barnið dvelst hjá neitar síðan að skila barni eftir að sá tími er liðinn. Heppilegt þykir að dómsmálaráðuneytið hafi heimild til að kveða upp ólögmætisúrskurði í þessum tilvikum. Er í því sambandi haft í huga að hraða þarf úrskurði og að í honum er fremur verið að draga ályktun af staðreyndum en verið sé að meta sannanir eða taka afstöðu til deilu. Að auki þarf að hafa í huga að málafjöldi verður að öllum líkindum ekki mikill og í ráðuneytinu er fyrir hendi sérfræðiþekking á þessu sviði. Í Danmörku hefur „Civilretsdirektoratet" þetta hlutverk. Í Noregi og Svíþjóð er það hins vegar á hendi dómstóla.

2. mgr. fjallar um þau tilvik þegar foreldrar fara sameiginlega með forsjá barns og annað fer með barnið til annars lands eða heldur því í öðru landi án samþykkis hins. Skv. 1. mgr. 39. gr. barnalaganna, nr. 20/1992, getur dómstóll eða dómsmálaráðuneytið lagt svo fyrir þegar forsjármáli hefur ekki verið ráðið til lykta að eigi megi að svo vöxnu fara með barnið úr landi. Ákvæðið byggir á því að forsjármál milli aðilanna sé til meðferðar. 1. mgr. 39. gr. leysir hins vegar ekki vandann þegar foreldri hefur farið með barn eða heldur því áður en sett hefur verið fram krafa um breytingu á forsjá. Staðan getur einnig verið sú að foreldrið hafi samþykkt að hitt foreldrið fari með barnið til skammtímadvalar í öðru landi en það ákveði síðan að snúa ekki aftur með barnið. Til að eyða öllum vafa um að íslensk yfirvöld geti í þessum tilvikum kveðið upp ólögmætisúrskurð var nýrri málsgrein bætt við 39. gr. barnalaganna með 2. gr. laga nr. 23/1995, sem kveður á um að fari foreldrar sameiginlega með forsjá barns sé öðru foreldranna óheimilt að fara með barnið úr landi án samþykkis hins.

Skilyrði fyrir ólögmætisúrskurði á grundvelli 2. mgr. 21. gr. frumvarpsins er að höfðað hafi verið mál eða lögð fram beiðni við dómsmálaráðuneytið um slit á sameiginlegri forsjá. Byggt er á því að í þessum málum sé fyrir hendi lögsaga í forsjármáli á grundvelli búsetu barns, sbr. b-lið 1. mgr. 56. gr. og a-lið 1. mgr. 65. gr. barnalaga. Ekki er gert ráð fyrir að úrskurður um ólögmæti þurfi að bíða niðurstöðu í forsjármálinu sjálfu.

Varðandi 3. mgr. 21. gr. er rétt að hafa í huga að þegar yfirlýsing um ólögmæti liggur fyrir er unnt að leggja fram beiðni um fullnustu í því landi þar sem barnið dvelst og við meðferð málsins þar fær sá sem krafa beinist að tækifæri til að tjá sig.

Um 22. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 23. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

EVRÓPUSAMNINGUR
um viðurkenningu og fullnustu ákvarðana varðandi forsjá barna og endurheimt forsjár barna.

Aðildarríki Evrópuráðsins sem undirritað hafa þennan samning,

sem viðurkenna að í aðildarríkjum Evrópuráðsins skiptir velferð barnsins mestu máli þegar teknar skulu ákvarðanir varðandi forsjá þess,

sem telja að ráðstafanir, sem gerðar eru til að tryggja að ákvarðanir varðandi forsjá barns geti hlotið almennari viðurkenningu og fullnustu, muni leiða til aukinnar verndar fyrir velferð barna,

sem telja æskilegt, með þetta takmark í huga, að leggja áherslu á að réttur foreldra til umgengni sé eðlileg afleiðing forsjárréttar,

sem veita athygli vaxandi fjölda tilvika þar sem börn hafa verið flutt með ólögmætum hætti yfir alþjóðleg landamæri og þeim vandkvæðum sem eru á að tryggja fullnægjandi lausn á þeim vanda sem slík tilvik valda,

sem vilja gera viðeigandi ráðstafanir til að unnt sé að koma forsjá, sem hefur verið rofin á gerræðislegan hátt, á aftur,

sem eru sannfærð um að í þessu skyni sé æskilegt að gera ráðstafanir sem samrýmist mismunandi þörfum og mismunandi aðstæðum,

sem vilja koma á samvinnu milli yfirvalda sinna um lögfræðileg álitaefni,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

Í þessum samningi merkir:

a. *barn* einstakling af hvaða þjóðerni sem er svo framarlega sem hann er yngri en 16 ára og hefur ekki rétt til að ráða búsetu sinni sjálfur samkvæmt lögum þess ríkis þar sem hann er búsettur eða ríkisborgari eða innlendum lögum þess ríkis sem beiðni er beint til,

b. *yfirvald* dómstól eða stjórnvald,

c. *ákvörðun varðandi forsjá* ákvörðun yfirvalds að því leyti sem hún varðar umönnun barnsins sjálfs þar með talinn rétt til að ráða búsetu þess eða rétt til umgengni við það,

d. *ólögmætur brottflutningur* brottflutning barns yfir alþjóðleg landamæri í bága við ákvörðun varðandi forsjá þess sem hefur verið tekin og er fullnustuhæf í samningsríki. Ólögmætur brottflutningur tekur einnig til:

i. misbrests á því að skila barni aftur yfir alþjóðleg landamæri er því tímabili lýkur er njóta mátti umgengnisréttar við það eða þegar sérhverri annarri tímabundinni dvöl lýkur á landsvæði öðru en því þar sem farið er með forsjá,
ii. brottflutnings sem er lýstur ólögmætur eftir á í samræmi við 12. gr.

I. HLUTI
Móttökustjórnvöld.

2. gr.

1. Hvert samningsríki skal tilnefna móttökustjórnvald til að framkvæma þau störf sem þessi samningur kveður á um.

2. Sambandsríkjum og ríkjum sem hafa fleiri en eitt réttarkerfi skal vera frjálst að tilnefna fleiri en eitt móttökustjórnvald og skulu þau ákveða valdsvið þeirra.

3. Aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins skal tilkynnt um allar tilnefningar samkvæmt þessari grein.

3. gr.

1. Móttökustjórnvöld samningsríkjanna skulu hafa samvinnu sín á milli og stuðla að samvinnu milli þar til bærra yfirvalda í ríkjum sínum. Þau skulu bregðast við svo fljótt sem nauðsyn krefur.

2. Til þess að auðvelda framkvæmd þessa samnings skulu móttökustjórnvöld samningsríkjanna:

a. tryggja að beiðnir um upplýsingar frá þar til bærum yfirvöldum, sem varða lagaatriði eða málsatvik mála sem eru til meðferðar, verði sendar áfram,
b. láta, samkvæmt beiðni, hvert öðru í té upplýsingar um þau lög sín sem varða forsjá barna og allar breytingar á þeim lögum,
c. tilkynna hvert öðru um öll þau vandamál sem líklegt er að komi upp við beitingu samningsins og ryðja úr vegi tálmunum fyrir beitingu hans eftir því sem unnt er.

4. gr.

1. Hver sá sem fengið hefur í samningsríki ákvörðun varðandi forsjá barns og óskar eftir að sú ákvörðun verði viðurkennd eða henni fullnægt í öðru samningsríki getur lagt beiðni þar að lútandi fyrir móttökustjórnvald í hvaða samningsríki sem er.

2. Beiðninni skulu fylgja þau skjöl sem nefnd eru í 13. gr.

3. Móttökustjórnvaldið, sem fær í hendur beiðnina, skal, sé það ekki móttökustjórnvald þess ríkis sem beiðni skal beint til, senda skjölin beint og án tafar til þess móttökustjórnvalds.

4. Móttökustjórnvaldið, sem fær í hendur beiðnina, getur neitað að hafa milligöngu ef augljóst er að skilyrðum þessa samnings er ekki fullnægt.

5. Móttökustjórnvaldið, sem fær í hendur beiðnina, skal skýra beiðandanum tafarlaust frá því hvernig beiðni hans miðar.

5. gr.

1. Móttökustjórnvald þess ríkis, sem beiðni er beint til, skal án tafar gera, eða láta gera, allar þær ráðstafanir sem það telur við eiga, ef nauðsyn krefur með því að hefja málsmeðferð fyrir þar til bærum yfirvöldum sínum, til þess að:

a. leiða í ljós hvar barnið er niðurkomið,
b. koma í veg fyrir, sérstaklega með nauðsynlegum bráðabirgðaráðstöfunum, að hagsmunir barnsins eða beiðandans bíði skaða,
c. tryggja viðurkenningu eða fullnustu ákvörðunarinnar,
d. tryggja að barnið verði afhent beiðandanum ef fullnusta nær fram að ganga,
e. tilkynna yfirvaldinu sem lagði fram beiðni um þær ráðstafanir, sem hafa verið gerðar og hvaða árangur þær hafa borið.

2. Hafi móttökustjórnvald þess ríkis sem beiðni er beint til ástæðu til að ætla að barnið sé á landsvæði annars samningsríkis skal það senda skjölin beint og án tafar til móttökustjórnvalds þess ríkis.

3. Hvert samningsríki skuldbindur sig til að krefjast ekki neinnar greiðslu af beiðanda, að undanskildum kostnaði við heimflutning, vegna nokkurra aðgerða sem móttökustjórnvald þess ríkis hefur framkvæmt í hans þágu skv. 1. mgr. þessarar greinar, þar með talinn kostnaður við málsmeðferð og, ef við á, vegna aðstoðar lögfræðings.

4. Nú er viðurkenningu eða fullnustu synjað en móttökustjórnvald þess ríkis, sem beiðni er beint til, telur að rétt sé að verða við ósk beiðandans um málsmeðferð í því ríki um efnisatriði málsins og skal það þá gera það sem í þess valdi stendur til að tryggja að beiðandinn fái fyrirsvar við meðferð þess með ekki óhagstæðari skilyrðum en eiga við um mann sem er búsettur í því ríki og ríkisborgari þess. Í þessu skyni getur það einkum hafið málsmeðferð fyrir þar til bærum yfirvöldum sínum.

6. gr.

1. Komi ekki annað fram í sérstökum samningum sem gerðir eru milli hlutaðeigandi móttökustjórnvalda, eða leiðir af ákvæðum 3. mgr. þessarar greinar:
a. skulu tilkynningar til móttökustjórnvalds þess ríkis, sem beiðni er beint til, vera á hinu opinbera tungumáli, eða einu hinna opinberu tungumála, þess ríkis eða þýðing á það tungumál fylgja,
b. skal móttökustjórnvald þess ríkis, sem beiðni er beint til, eigi að síður samþykkja að tilkynningar séu á ensku eða frönsku eða að þýðing á annað hvort þessara tungumála fylgi.

2. Tilkynningar frá móttökustjórnvaldi þess ríkis, sem beiðni er beint til, þar með taldar niðurstöður kannana sem framkvæmdar hafa verið, mega vera á hinu opinbera tungumáli, eða á einu af hinum opinberu tungumálum, þess ríkis eða á ensku eða frönsku.

3. Samningsríki getur að öllu leyti, eða að hluta, gert fyrirvara við ákvæði b-liðar 1. mgr. þessarar greinar. Þegar samningsríki hefur gert slíkan fyrirvara getur sérhvert annað samningsríki einnig beitt honum gagnvart því ríki.

II. HLUTI
Viðurkenning og fullnusta ákvarðana og endurheimt forsjár barna.

7. gr.

Viðurkenna skal ákvörðun varðandi forsjá sem tekin er í samningsríki og sé hún fullnustuhæf í upphafsríkinu skal vera unnt að fullnægja henni í öllum öðrum samningsríkjum.

8. gr.

1. Sé um ólögmætan brottflutning að ræða skal móttökustjórnvald í því ríki, sem beiðni er beint til, þegar hlutast til um að gerðar verði ráðstafanir til að forsjá barnsins verði endurheimt ef:

a. barnið og foreldrar þess voru á þeim tíma er málsmeðferðin hófst í því ríki þar sem ákvörðunin var tekin, eða þegar hinn ólögmæti brottflutningur átti sér stað hafi hann átt sér stað áður, einungis ríkisborgarar þess ríkis, og barnið var búsett á landsvæði þess ríkis og
b. beiðni um endurheimt var lögð fyrir móttökustjórnvald innan sex mánaða frá þeim degi er hinn ólögmæti brottflutningur átti sér stað.

2. Ef ekki er unnt, samkvæmt lögum þess ríkis sem beiðni er beint til, að fullnægja skilyrðum 1. mgr. þessarar greinar nema með því að leita til dómstóla skulu engar þær synjunarástæður fyrir því að afhenda barnið, sem tilgreindar eru í þessum samningi, eiga við um málsmeðferðina fyrir dómi.

3. Þegar gerður hefur verið samningur, sem staðfestur hefur verið af þar til bæru yfirvaldi, milli þess aðila, sem fer með forsjá barnsins, og annars aðila um að heimila hinum síðarnefnda umgengnisrétt og barninu, sem farið hefur verið með úr landi, hefur ekki verið skilað við lok hins umsamda tímabils til þess sem fer með forsjánna, skal forsjá barnsins komið á aftur í samræmi við b-lið 1. mgr. og 2. mgr. þessarar greinar. Hið sama skal gilda hafi þar til bært yfirvald tekið ákvörðun sem veitir aðila sem ekki fer með forsjá barnsins þennan rétt.

9. gr.

1. Er ólögmætur brottflutningur hefur átt sér stað og beiðni hefur verið lögð fram hjá móttökustjórnvaldi innan sex mánaða frá brottflutningsdegi, en 8. gr. á þó ekki við, má aðeins synja um viðurkenningu og fullnustu ef:

a. ákvörðun hefur verið tekin að fjarstöddum varnaraðila, eða fyrirsvarsmanni hans, og varnaraðila var ekki réttilega birt skjal það sem markaði upphaf málsmeðferðar, eða samsvarandi skjal, í tæka tíð til að gera honum kleift að undirbúa vörn sína, en þó getur synjun um viðurkenningu eða fullnustu ekki byggst á slíkum misbresti á birtingu ef henni varð ekki við komið vegna þess að varnaraðili leyndi dvalarstað sínum fyrir þeim sem hóf málsmeðferðina í upphafsríkinu,
b. ákvörðun hefur verið tekin að fjarstöddum varnaraðila, eða fyrirsvarsmanni hans, og löghæfi þess yfirvalds, sem tók ákvörðunina, var ekki byggt á:
   i. búsetu varnaraðila, eða
   ii. síðasta stað þar sem foreldrar barnsins höfðu sameiginlega búsetu, enda sé að minnsta kosti annað foreldranna enn búsett á sama stað eða
   iii. búsetu barnsins,
c. ákvörðunin er ósamrýmanleg ákvörðun varðandi forsjá sem varð fullnustuhæf í því ríki, sem beiðni er beint er til, áður en barnið var flutt á brott, nema barnið hafi verið búsett í því ríki, sem lagði fram beiðni, í eitt ár áður en það var flutt á brott.

2. Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar skulu einnig gilda þótt ekki hafi verið lögð fram beiðni við móttökustjórnvald, enda sé óskað viðurkenningar eða fullnustu innan sex mánaða frá þeim degi er hinn ólögmæti brottflutningur átti sér stað.

3. Aldrei má endurskoða erlendu ákvörðunina að því er efni hennar varðar.

10. gr.

1. Í öðrum tilvikum en þeim sem 8. og 9. gr. taka til má eigi aðeins synja um viðurkenningu og fullnustu af þeim ástæðum sem 9. gr. gerir ráð fyrir heldur einnig af einhverri eftirtalinna ástæðna:

a. ef talið er að afleiðingar ákvörðunarinnar séu augljóslega ósamrýmanlegar grundvallarreglum laga um fjölskyldur og börn í því ríki sem beiðni er beint til,
b. ef talið er, vegna breyttra aðstæðna, þar með talið vegna þess tíma sem liðinn er en þó ekki eingöngu vegna aðsetursskipta barnsins eftir ólögmætan brottflutning, að afleiðingar hinnar upphaflegu ákvörðunar séu augljóslega ekki lengur í samræmi við það sem barninu er fyrir bestu,
c. ef barnið var á þeim tíma er málsmeðferðin hófst í upphafsríkinu:
   i. ríkisborgari þess ríkis, sem beiðni er beint til, eða búsett þar og ekkert slíkt samband var við upphafsríkið,
   ii. bæði ríkisborgari upphafsríkisins og þess ríkis, sem beiðni er beint til, og búsett í því ríki sem beiðni er beint til,
d. ef ákvörðunin er ósamrýmanleg ákvörðun sem tekin hefur verið í því ríki sem beiðni er beint til eða sem er unnt að fullnægja í því ríki eftir að hún var tekin í þriðja ríkinu, að aflokinni málsmeðferð sem hófst áður en beiðni um viðurkenningu eða fullnustu var lögð fram, enda sé synjunin í samræmi við það sem barninu er fyrir bestu.

2. Í sömu tilvikum má fresta málsmeðferð til viðurkenningar eða fullnustu af einhverri eftirtalinna ástæðna:

a. ef endurskoðun upphaflegu ákvörðunarinnar er hafin með venjulegum hætti,
b. ef málsmeðferð varðandi forsjá barnsins, sem hófst áður en málsmeðferðin hófst í upphafsríkinu, stendur yfir í því ríki sem beiðni er beint til,
c. ef önnur ákvörðun varðandi forsjá barnsins er til fullnustu eða annarrar meðferðar varðandi viðurkenningu á þeirri ákvörðun.

11. gr.

1. Ákvarðanir um umgengnisrétt, og ákvæði í ákvörðunum varðandi forsjá sem fjalla um umgengnisrétt, skulu viðurkenndar og þeim fullnægt með sömu skilmálum og gilda um aðrar ákvarðanir varðandi forsjá.

2. Þar til bær yfirvöld í því ríki, sem beiðni er beint til, geta þó sett skilyrði fyrir því að umgengni komist á og ákveðið hvernig umgengni skuli hagað, sérstaklega að teknu tilliti til þeirra skuldbindinga sem aðilar hafa tekist á hendur um þetta efni.

3. Hafi ekki verið tekin ákvörðun um umgengnisréttinn eða hafi viðurkenningu eða fullnustu á ákvörðuninni varðandi forsjá verið synjað getur móttökustjórnvald þess ríkis, sem beiðni er beint til, leitað til þar til bærra yfirvalda sinna um ákvörðun um umgengnisrétt ef sá sem krefst umgengnisréttar óskar þess.

12. gr.

Hafi ekki verið tekin fullnustuhæf ákvörðun í samningsríki varðandi forsjá barns á þeim tíma er það var flutt á brott yfir alþjóðleg landamæri skulu ákvæði þessa samnings gilda um allar síðari ákvarðanir varðandi forsjá þess sem lýsa brottflutning þess ólögmætan og teknar eru í samningsríki að ósk hvers þess aðila sem hagsmuna hefur að gæta.

III. HLUTI
Málsmeðferð.
13. gr.

1. Beiðni um viðurkenningu eða fullnustu ákvörðunar varðandi forsjá í öðru samningsríki skal fylgja:

a. skjal sem veitir móttökustjórnvaldi þess ríkis, sem beiðni er beint til, umboð til að koma fram fyrir hönd beiðandans eða til að skipa annan fyrirsvarsmann til þess,
b. endurrit ákvörðunarinnar sem fullnægir nauðsynlegum skilyrðum um trúverðugleika,
c. skjal sem staðfestir að varnaraðila hafi réttilega verið birt skjal það sem markaði upphaf málsmeðferðar, eða samsvarandi skjal, ef ákvörðun hefur verið tekin að fjarstöddum varnaraðila eða löglegum fyrirsvarsmanni hans,
d. ef við á, skjal sem staðfestir að ákvörðunin sé fullnustuhæf samkvæmt lögum upphafsríkisins,
e. ef unnt er, greinargerð sem gefur til kynna hvar barnið sé niðurkomið, eða líklega niðurkomið, í því ríki sem beiðni er beint til,
f. tillaga um hvernig endurheimta skuli forsjá barnsins.

2. Þeim skjölum er að framan greinir skal, þar sem þörf krefur, fylgja þýðing samkvæmt ákvæðum 6. gr.

14. gr.

Sérhvert samningsríki skal beita einfaldri og hraðri málsmeðferð til viðurkenningar og fullnustu á ákvörðunum varðandi forsjá barns. Í því skyni skal það tryggja að beiðni um fullnustu megi leggja fram með einfaldri umsókn.

15. gr.

1. Áður en hlutaðeigandi yfirvald í því ríki, sem beiðni er beint til, tekur ákvörðun skv. b-lið 1. mgr. 10. gr.:

a. skal það ganga úr skugga um hver afstaða barnsins sé, nema það sé óraunhæft sérstaklega með hliðsjón af aldri þess og þroska, og
b. getur það óskað eftir því að allar viðeigandi kannanir verði gerðar.

2. Kostnaður af könnunum í samningsríki skal greiddur af yfirvöldum þess ríkis þar sem þær eru gerðar.

3. Beiðni um könnun og niðurstöður hennar má senda hlutaðeigandi yfirvaldi fyrir milligöngu móttökustjórnvalda.

16. gr.

Ekki má krefjast opinberrar staðfestingar eða sambærilegra formsatriða vegna þessa samnings.

IV. HLUTI
Fyrirvarar.
17. gr.

1. Samningsríki getur gert fyrirvara þess efnis að í tilvikum sem 8. og 9. gr. eða önnur hvor þeirra greina taka til megi synja um viðurkenningu og fullnustu ákvarðana varðandi forsjá af þeim ástæðum sem 10. gr. gerir ráð fyrir og sem gera má nánari grein fyrir í fyrirvaranum.

2. Hafna má viðurkenningu og fullnustu á ákvörðunum er teknar hafa verið í samningsríki, sem gert hefur fyrirvara skv. 1. mgr. þessarar greinar, í sérhverju öðru samningsríki af einhverjum þeim ástæðum sem sá fyrirvari tekur til.

18. gr.

Samningsríki getur gert fyrirvara um að það skuli vera óbundið af ákvæðum 12. gr. Ákvæði þessa samnings skulu ekki gilda um ákvarðanir skv. 12. gr. sem hafa verið teknar í samningsríki sem gert hefur slíkan fyrirvara.

V. HLUTI
Aðrir samningar.

19. gr.

Þessi samningur skal ekki koma í veg fyrir að beita megi öðrum alþjóðasamningi sem er í gildi milli upphafsríkisins og þess ríkis sem beiðni er beint til eða öðrum lögum síðarnefnda ríkisins, sem ekki eiga rót sína að rekja til alþjóðlegs samkomulags, til þess að ná fram viðurkenningu eða fullnustu ákvörðunar.

20. gr.

1. Þessi samningur skal ekki hafa áhrif á neinar skuldbindingar sem samningsríki getur haft gagnvart, ríki sem ekki er samningsríki, samkvæmt alþjóðasamningi er fjallar um efni sem þessi samningur tekur til.

2. Hafi tvö eða fleiri samningsríki lögfest samræmda löggjöf varðandi forsjá barna, eða komið á sérstakri tilhögun á viðurkenningu eða fullnustu ákvarðana á þessu sviði, eða eigi þau eftir að gera það í framtíðinni, er þeim frjálst að beita þeim lögum eða þeirri tilhögun sín á milli í stað samningsins eða einhvers hluta hans. Til þess að notfæra sér þetta ákvæði skulu ríkin tilkynna aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins ákvörðun sína. Einnig skal tilkynna um sérhverja breytingu eða afturköllun á slíkri ákvörðun.

VI. HLUTI
Lokaákvæði.

21. gr.

Þessi samningur skal liggja frammi til undirritunar af hálfu aðildarríkja Evrópuráðsins. Hann er háður fullgildingu, viðurkenningu eða staðfestingu. Skjöl um fullgildingu, viðurkenningu eða staðfestingu skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

22. gr.

1. Þessi samningur öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er þrjú aðildarríki Evrópuráðsins hafa lýst yfir samþykki sínu til að vera bundin samningnum í samræmi við ákvæði 21. gr.

2. Gagnvart aðildarríki, sem lýsir síðar yfir samþykki sínu til að verða bundið samningnum, skal hann öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er skjal um fullgildingu, viðurkenningu eða staðfestingu var afhent.

23. gr.

1. Er þessi samningur hefur öðlast gildi getur ráðherranefnd Evrópuráðsins boðið ríki, sem ekki á aðild að ráðinu, aðild að samningnum. Skal það gert með meirihlutaákvörðun, skv. d-lið 20. gr. stofnskrárinnar, og með samhljóða atkvæðum fulltrúa þeirra samningsríkja sem rétt eiga til setu í nefndinni.

2. Gagnvart ríki, sem þannig öðlast aðild að samningnum, skal hann öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðildarskjal var afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

24. gr.

1. Við undirritun eða afhendingu skjals þess um fullgildingu, viðurkenningu, staðfestingu eða aðild getur ríki tilgreint það eða þau landsvæði sem þessi samningur skal taka til.

2. Ríki getur hvenær sem er síðar, með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, fært gildi samningsins út til sérhvers annars landsvæðis sem er tilgreint í yfirlýsingunni. Samningurinn öðlast gildi gagnvart slíku landsvæði fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjórinn tekur við slíkri yfirlýsingu.

3. Yfirlýsingar, sem gefnar eru skv. 1. og 2. mgr., má afturkalla með tilliti til hvaða landsvæðis, sem þar er tilgreint, með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans. Afturköllunin öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru sex mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjórinn tekur við slíkri tilkynningu.

25. gr.

1. Ríki, sem skiptist í tvo eða fleiri landshluta þar sem mismunandi réttarkerfi gilda um forsjá barna og um viðurkenningu og fullnustu ákvarðana varðandi forsjá, getur, við undirritun eða afhendingu skjals þess um fullgildingu, viðurkenningu, staðfestingu eða aðild, lýst því yfir að þessi samningur skuli taka til allra landshluta þess eða eins eða fleiri þeirra.

2. Ríki, sem þetta á við um, getur hvenær sem er síðar, með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, fært gildi samningsins út til sérhvers annars landshluta sem er tilgreindur í yfirlýsingunni. Samningurinn öðlast gildi gagnvart slíkum landshluta fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjórinn tekur við slíkri yfirlýsingu.

3. Yfirlýsingar, sem gefnar eru skv. 1. og 2. mgr., má afturkalla með tilliti til hvaða landshluta, sem þar er tilgreindur, með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans. Afturköllunin öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru sex mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjórinn tekur við slíkri tilkynningu.

26. gr.

1. Hvað snertir ríki sem hefur í forsjármálum tvö eða fleiri réttarkerfi með staðbundið gildissvið:

a. skal litið svo á að með tilvísun til laga þess ríkis þar sem maður er búsettur eða ríkisborgari sé átt við það réttarkerfi sem gildandi reglur í því ríki segja til um að eigi við eða, séu engar síkar reglur fyrir hendi, það réttarkerfi sem hlutaðeigandi maður hefur sterkust tengsl við,

b. skal litið svo á að með tilvísun til upphafsríkisins eða þess ríkis, sem beiðni er beint til, sé, eftir því sem við á, átt við þann landshluta þar sem ákvörðunin var tekin eða þann landshluta þar sem óskað er eftir viðurkenningu eða fullnustu á ákvörðuninni eða að forsjá verði endurheimt.

2. Ákvæði a-liðar 1. mgr. þessarar greinar gilda einnig, að breyttu breytanda, gagnvart ríkjum sem hafa í forsjármálum tvö eða fleiri réttarkerfi með persónubundið gildissvið.

27. gr.

1. Ríki getur, við undirritun eða afhendingu skjals þess um fullgildingu, viðurkenningu, staðfestingu eða aðild, lýst því yfir að það notfæri sér einn eða fleiri þeirra fyrirvara sem fjallað er um í 3. mgr. 6. gr., 17. gr. og 18. gr. samningsins. Aðra fyrirvara má ekki gera.

2. Samningsríki, sem gert hefur fyrirvara skv. 1. mgr., getur afturkallað hann að öllu leyti, eða að hluta, með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins. Afturköllunin öðlast gildi á þeim degi er aðalframkvæmdastjórinn tekur við slíkri tilkynningu.

28. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal í lok þriðja árs frá þeim degi er þessi samningur öðlast gildi, og hvenær sem er síðar að eigin frumkvæði, bjóða fulltrúum þeirra móttökustjórnvalda, sem samningsríkin hafa tilnefnt, til fundar til að kanna og greiða fyrir framkvæmd samningsins. Þau aðildarríki Evrópuráðsins, sem ekki eru aðilar að samningnum, geta átt áheyrnarfulltrúa. Gera skal skýrslu um störf hvers fundar og senda ráðherranefnd Evrópuráðsins til upplýsinga.

29. gr.

1. Aðili getur hvenær sem er sagt þessum samningi upp með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

2. Slík uppsögn öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru sex mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjórinn tók við tilkynningunni.

30. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum ráðsins og hverju því ríki, sem gerst hefur aðili að þessum samningi, um:

a. sérhverja undirritun,
b. afhendingu sérhvers skjals um fullgildingu, viðurkenningu, staðfestingu og aðild,
c. sérhvern gildistökudag samningsins skv. 22., 23., 24. og 25. gr.;
d. sérhverja aðra aðgerð, tilkynningu eða orðsendingu sem varðar samninginn.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað þennan samning.

Gjört í Lúxemborg, 20. maí 1980, á ensku og frönsku, í einu eintaki sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðsins og eru báðir textar jafngildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit til hvers aðildarríkis Evrópuráðsins og til hvers ríkis sem boðin er aðild að samningnum.

Fyrirvarar

1. Samkvæmt heimild í 3. mgr. 6. gr. samningsins er fyrirvari gerður við b-lið 1. mgr. 6. gr. hans um að tilkynningar til móttökustjórnvalds samkvæmt ákvæðinu geti verið á frönsku.

2. Samkvæmt heimild í 1. mgr. 17. gr. samningsins er fyrirvari gerður við 8. og 9. gr. hans þannig að synja megi um viðurkenningu og fullnustu ákvarðana varðandi forsjá vegna ástæðna sem greinir í 10. gr. samningsins.

Fylgiskjal II.

SAMNINGUR
um einkaréttarleg áhrif
af brottnámi barna til flutnings milli landa.

Þau ríki sem undirritað hafa þennan samning,

sem eru eindregið þeirrar skoðunar að hagsmunir barna skipti mestu máli þegar fjallað er um forsjá þeirra,

sem vilja veita börnum alþjóðlega vernd fyrir skaðlegum áhrifum þess að þau séu flutt á brott með ólögmætum hætti, eða haldið á ólögmætan hátt, og koma á fyrirkomulagi sem tryggir að þeim sé skilað með skjótum hætti til þess ríkis þar sem þau eru búsett, svo og til að tryggja verndun umgengnisréttar,

hafa ákveðið að gera með sér samning í þessu skyni og hafa orðið ásátt um eftirfarandi ákvæði:

I. KAFLI
Gildissvið samningsins.

1. gr.

Markmið þessa samnings eru:

a. að tryggja að börnum, sem eru flutt með ólögmætum hætti til samningsríkis, eða haldið þar á ólögmætan hátt, sé skilað sem fyrst og
b. að sjá til þess að forsjárréttur og umgengnisréttur samkvæmt lögum eins samningsríkis sé í raun virtur í öðrum samningsríkjum.

2. gr.

Samningsríki skulu grípa til allra viðeigandi ráðstafana til að tryggja að markmiðum samningsins verði náð innan landsvæða sinna. Í þessu skyni skulu þau beita skjótustu málsmeðferð sem völ er á.

3. gr.

Litið skal svo á að brottflutningur eða hald á barni sé ólögmætt þegar:

a. það felur í sér brot á forsjárrétti sem maður, stofnun eða nokkur annar aðili hefur á hendi, annaðhvort einn eða með öðrum, samkvæmt lögum þess ríkis þar sem barnið var búsett, rétt áður en það var flutt á brott eða því haldið og

b. sá aðili fór í raun með forsjána, annaðhvort einn eða með öðrum, á þeim tíma er brottflutningur eða hald átti sér stað eða hefði farið með hana ef brottflutningurinn eða haldið hefði ekki átt sér stað.

Forsjárréttur sá, sem nefndur er í a-lið, getur einkum verið leiddur af lögum eða komið til vegna ákvörðunar dómara eða stjórnvalds, eða vegna samnings sem hefur lagalegt gildi samkvæmt lögum þess ríkis.

4. gr.

Samningurinn skal eiga við um hvert það barn sem var búsett í samningsríki rétt áður en brot gegn forsjár- eða umgengnisrétti átti sér stað. Samningurinn á ekki við eftir að barnið nær 16 ára aldri.

5. gr.

Samkvæmt þessum samningi:

a. felur „forsjárréttur“ í sér rétt sem varðar umönnun barnsins sjálfs og sérstaklega rétt til að taka ákvörðun um búsetu þess,
b. felur „umgengnisréttur“ í sér rétt til að fara með barn um takmarkaðan tíma til annars staðar en þar sem það býr.

II. KAFLI
Móttökustjórnvöld.

6. gr.

Samningsríki skal tilnefna móttökustjórnvald til að annast þau störf sem falin eru slíkum stjórnvöldum í samningnum.

Sambandsríkjum, ríkjum með fleiri en eitt réttarkerfi eða ríkjum með sjálfstæðar staðbundnar stofnanir er frjálst að tilnefna fleiri en eitt móttökustjórnvald og að tilgreina til hvaða landsvæða vald þeirra nær. Hafi ríki tilnefnt fleiri en eitt móttökustjórnvald skal það tilnefna það móttökustjórnvald sem senda má beiðnir til svo framsenda megi þær viðkomandi móttökustjórnvaldi innan þess ríkis.

7. gr.

Móttökustjórnvöld skulu hafa samvinnu sín á milli, og stuðla að samvinnu milli þar til bærra yfirvalda í ríkjum sínum, til að tryggja að börnum verði skilað sem fyrst og til að ná öðrum markmiðum þessa samnings.

Einkum skulu þau, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu annarra, gera allt sem við á:

a. til að finna hvar barn, sem flutt hefur verið á brott með ólögmætum hætti eða er haldið á ólögmætan hátt, er niðurkomið,
b. til að koma í veg fyrir að barnið bíði frekari skaða, eða að hagsmunum þeirra aðila sem mál varðar verði stefnt í frekari hættu, með því að grípa til eða stuðla að því að gripið verði til bráðabirgðaráðstafana,
c. til að tryggja að barninu verði skilað af frjálsum vilja eða að vinsamleg lausn verði fundin á málinu,
d. til að skiptast á upplýsingum um félagslega hagi barnsins, ef æskilegt er,
e. til að veita upplýsingar almenns eðlis um lög ríkis síns í tengslum við beitingu samningsins,

f. til að hefja eða greiða fyrir að hafin verði málsmeðferð fyrir dómstólum eða stjórnvöldum í því skyni að fá barni skilað og, þegar við á, til að umgengnisréttur verði fastsettur eða tryggt að hann nái í raun fram að ganga,
g. til að veita eða greiða fyrir því að veitt sé lögfræðileg aðstoð og ráðgjöf, þar sem aðstæður krefjast þess, þar á meðal þannig að lögmenn og ráðgjafar komi inn í mál,
h. til að þær stjórnvaldsaðgerðir, sem taldar eru nauðsynlegar og viðeigandi til að tryggja að barninu verði skilað heilu á húfi, verði gerðar,
i. til að veita hvert öðru upplýsingar um framkvæmd samningsins og eyða, eftir því sem unnt er, öllum hindrunum sem standa kunna í vegi fyrir beitingu hans.

III. KAFLI
Börnum skilað.

8. gr.

Hver sá maður, stofnun eða annar aðili sem heldur því fram að farið hafi verið með barn á brott eða að því sé haldið í blóra við forsjárrétt getur annaðhvort sótt um aðstoð til móttökustjórnvalds þar sem barnið hefur búsetu eða til móttökustjórnvalds annars samningsríkis til að tryggja að barninu verði skilað.

Í beiðni skulu koma fram:

a. upplýsingar um hver sé beiðandi, hvert barnið sé, og hver sá maður sé sem haldið er fram að hafi farið með barnið á brott eða haldi því,
b. upplýsingar um fæðingardag barnsins, ef þær eru fyrir hendi,
c. þær ástæður sem beiðandi byggir á kröfu sína um að barninu verði skilað,
d. allar upplýsingar sem fyrir hendi eru um hvar barnið sé niðurkomið og hver sá maður sé sem barnið er talið vera hjá.

Beiðninni má láta fylgja eða bæta má við hana síðar:

e. staðfestu endurriti af hverjum þeim úrskurði eða samningi sem skiptir máli,
f. vottorði eða yfirlýsingu frá móttökustjórnvaldi, eða öðru þar til bæru yfirvaldi í því ríki þar sem barnið hefur búsetu, eða frá hæfum manni, varðandi þau lög þess ríkis sem við eiga,
g. hverju því skjali öðru sem skiptir máli.

9. gr.

Hafi móttökustjórnvald, sem tekur við beiðni skv. 8. gr., ástæðu til að ætla að barnið sé í öðru samningsríki skal það án tafar senda beiðnina beint til móttökustjórnvalds þess samningsríkis og tilkynna móttökustjórnvaldinu, sem bar fram beiðnina, eða beiðanda, eftir því sem við á, um það.

10. gr.

Móttökustjórnvald þess ríkis þar sem barnið er skal gera eða sjá um að gerðar séu allar ráðstafanir sem við eiga til að barninu verði skilað af frjálsum vilja.

11. gr.

Dómstólar eða stjórnvöld samningsríkja skulu hraða málsmeðferð vegna afhendingar á barni.

Hafi viðkomandi dómstóll eða stjórnvald ekki komist að niðurstöðu innan sex vikna frá þeim degi er meðferð máls hófst eiga beiðandi, eða móttökustjórnvald þess ríkis sem beiðni er beint til, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að ósk móttökustjórnvalds þess ríkis sem ber fram beiðni, rétt á að óska eftir greinargerð um ástæður tafarinnar. Ef móttökustjórnvaldi þess ríkis, sem beiðni er beint til, berst svar skal það senda það móttökustjórnvaldi þess ríkis sem ber fram beiðni eða beiðanda, eftir því sem við á.

12. gr.

Þegar barn hefur verið flutt á brott með ólögmætum hætti, eða því er haldið á ólögmætan hátt, sbr. 3. gr., og ekki er liðið eitt ár frá þeim degi er hinn ólögmæti brottflutningur átti sér stað eða ólögmætt hald hófst, á þeim degi er málsmeðferð hefst fyrir dómstóli eða stjórnvaldi þess samningsríkis þar sem barnið er, skal viðkomandi yfirvald skipa svo fyrir að barninu skuli skilað þegar í stað.

Jafnvel þótt málsmeðferð hafi hafist eftir að eins árs frestinum, sem vísað er til í undanfarandi málsgrein, lauk skal dómstóll eða stjórnvald einnig fyrirskipa að barninu skuli skilað, nema sýnt sé fram á að barnið hafi þá aðlagast hinu nýja umhverfi sínu.

Dómstóll eða stjórnvald í því ríki, sem beiðni er beint til, getur stöðvað málsmeðferð, eða vísað frá beiðni um að barninu sé skilað, ef það hefur ástæðu til að ætla að farið hafi verið með barnið til annars ríkis.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði undanfarandi greinar ber dómstóli eða stjórnvaldi í því ríki, sem beiðni er beint til, ekki skylda til að fyrirskipa að barninu sé skilað ef sá maður, stofnun eða annar aðili sem mótmælir afhendingu þess sýnir fram á að:

a. sá maður, stofnun eða annar aðili sem hafði umönnun barnsins með höndum hafi í raun ekki farið með forsjárréttinn á þeim tíma er brottflutningur átti sér stað eða hald hófst eða hafi samþykkt eða síðar fallist á brottflutninginn eða haldið eða
b. alvarleg hætta sé á að afhendingin muni valda barninu líkamlegum eða andlegum skaða eða á annan hátt koma því í óbærilega stöðu.

Dómstóll eða stjórnvald getur einnig neitað að fyrirskipa að barninu skuli skilað ef það telur að barnið sé andvígt því og að það hafi náð þeim aldri og þroska að rétt sé að taka tillit til skoðana þess.

Við mat á aðstæðum, sem fjallað er um í þessari grein, skulu dómstólar og stjórnvöld taka tillit til upplýsinga um félagslega hagi barnsins sem móttökustjórnvald, eða annað þar til bært yfirvald, þar sem barnið hefur búsetu hefur aflað.

14. gr.

Við ákvörðun um það hvort ólögmætur brottflutningur eða hald, í skilningi 3. gr., hafi átt sér stað geta dómstólar eða stjórnvöld þess ríkis, sem beiðni er beint til, tekið beint mið af lögum þess ríkis þar sem barnið hefur búsetu, og af úrskurðum dómstóla eða stjórnvalda þar hvort sem þeir eru formlega viðurkenndir eða ekki, án þess að beitt sé sérstakri málsmeðferð, sem ella mundi eiga við, til sönnunar á efni þessara lagareglna eða til viðurkenningar á erlendum ákvörðunum.

15. gr.

Dómstólar eða stjórnvöld í samningsríki geta, áður en þau gefa út fyrirmæli um að barni skuli skilað, óskað eftir því að beiðandi afli úrskurðar eða annarrar ákvörðunar frá yfirvöldum í ríki þar sem barn var búsett, þess efnis að brottflutningurinn eða haldið hafi verið ólögmætt í skilningi 3. gr. samningsins, enda sé mögulegt að afla slíks úrskurðar eða ákvörðunar í því ríki. Móttökustjórnvöld samningsríkja skulu aðstoða beiðendur eftir föngum við að afla slíkra úrskurða eða ákvarðana.

16. gr.

Dómstólar eða stjórnvöld þess samningsríkis sem barnið hefur verið flutt til eða er haldið í skulu, eftir að þeim hefur borist tilkynning um ólögmætan brottflutning eða hald á barni í skilningi 3. gr., ekki úrskurða um forsjárréttinn fyrr en ákveðið hefur verið að barninu verði ekki skilað samkvæmt þessum samningi eða hæfilegur frestur er liðinn frá því að tilkynning var móttekin án þess að beiðni samkvæmt samningnum hafi verið lögð fram.

17. gr.

Synjun á að skila barni samkvæmt þessum samningi verður ekki byggð á því einu að úrskurður varðandi forsjá hafi verið kveðinn upp, eða skuli viðurkenndur, í því ríki sem beiðni er beint til, en dómstólar eða stjórnvöld þess ríkis, sem beiðni er beint til, geta tekið tillit til forsendna slíks úrskurðar við beitingu samningsins.

18. gr.

Ákvæði þessa kafla takmarka ekki heimild dómstóls eða stjórnvalds til að skipa svo fyrir hvenær sem er að barni skuli skilað.

19. gr.

Ekki skal litið svo á að í ákvörðun um að skila barni samkvæmt þessum samningi felist efnisleg úrlausn neins álitamáls varðandi forsjá.

20. gr.

Heimilt er að synja um afhendingu á barni samkvæmt ákvæðum 12. gr. ef hún væri óheimil samkvæmt grundvallarreglum þess ríkis, sem beiðni er beint til, um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

IV. KAFLI
Umgengnisréttur.

21. gr.

Beiðni um aðgerðir til að ákveða umgengnisrétt eða til að tryggja að hann nái í raun fram að ganga má leggja fyrir móttökustjórnvöld samningsríkjanna á sama hátt og beiðni um að barni skuli skilað.

Eins og segir í 7. gr. eru móttökustjórnvöldin skuldbundin til samvinnu til að greiða fyrir að unnt sé að njóta umgengnisréttar með friðsömum hætti og að þeim skilyrðum, sem sett hafa verið fyrir umgengni, sé fullnægt. Móttökustjórnvöldin skulu, eftir því sem unnt er, gera ráðstafanir til að ryðja úr vegi hindrunum fyrir því að unnt sé að njóta þessara réttinda.

Móttökustjórnvöldin geta, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu annarra, hafið máls-

meðferð, eða veitt aðstoð til þess að hún verði hafin, til að unnt sé að ákveða eða vernda þessi réttindi og tryggja að skilyrði fyrir umgengni séu virt.

V. KAFLI
Almenn ákvæði.

22. gr.

Ekki má krefjast þess að lögð sé fram neins konar ábyrgð, skuldaryfirlýsing eða trygging til að ábyrgjast greiðslu útgjalda og kostnaðar af málsmeðferð fyrir dómstóli eða stjórnvaldi sem samningur þessi tekur til.

23. gr.

Ekki má krefjast opinberrar staðfestingar eða setja áþekk formskilyrði varðandi samning þennan.

24. gr.

Beiðnir, tilkynningar og önnur skjöl sem send eru móttökustjórnvaldi þess ríkis sem beiðni er beint til skulu vera á frummálinu. Þeim skal fylgja þýðing á opinbert tungumál þess ríkis, sem beiðni er beint til, eða eitt hinna opinberu tungumála þess eða, sé það ekki unnt, þýðing á frönsku eða ensku.

Samningsríki getur þó, með því að gera fyrirvara í samræmi við 42. gr., mótmælt því að annaðhvort franska eða enska, þó ekki bæði tungumálin, sé notuð í beiðnum, tilkynningum og skjölum sem send eru móttökustjórnvaldi þess.

25. gr.

Ríkisborgarar samningsríkjanna og þeir sem eru búsettir í þessum ríkjum skulu, í málum sem snerta beitingu þessa samnings, eiga rétt á lögfræðiaðstoð og ráðgjöf í öðrum samningsríkjum með sömu skilyrðum og ef þeir væru sjálfir ríkisborgarar þess ríkis og búsettir í því.

26. gr.

Hvert móttökustjórnvald skal bera eigin kostnað við beitingu þessa samnings.

Móttökustjórnvöld og aðrar opinberar stofnanir samningsríkja skulu ekki leggja á nein gjöld í sambandi við beiðnir sem lagðar eru fram samkvæmt samningnum. Sérstaklega geta þau ekki krafið beiðanda um greiðslu á útgjöldum og kostnaði vegna málsmeðferðarinnar eða, ef við á, vegna lögfræðilegrar aðstoðar. Þau geta þó krafist greiðslu á kostnaði sem leiðir af, eða mun leiða af, sjálfri afhendingu barnsins.

Samningsríki getur þó, með því að gera fyrirvara í samræmi við 42. gr., lýst því yfir að það sé ekki skuldbundið til að taka á sig þann kostnað sem vikið er að í undanfarandi málsgrein og stafar af lögfræðilegri aðstoð, eða af meðferð máls fyrir dómi, nema að því leyti sem þessi kostnaður fellur undir reglur þess um opinbera réttaraðstoð.

Dómstólar eða stjórnvöld geta, þegar þau úrskurða um að barni skuli skilað eða kveða upp úrskurð um umgengnisrétt samkvæmt samningi þessum, ef við á, gert þeim sem flutti barnið á brott eða hélt því eða kom í veg fyrir að unnt væri að njóta umgengnisréttar að greiða nauðsynleg útgjöld sem stofnað hefur verið til af beiðanda eða fyrir hans hönd, þar á meðal ferðakostnað, kostnað sem stofnað hefur verið til eða sem greiddur hefur verið til að finna hvar barnið var niður komið, kostnað af lögfræðilegu fyrirsvari beiðandans og kostnað við að skila barninu.

27. gr.

Móttökustjórnvaldi er óskylt að taka við umsókn þegar augljóst er að skilyrðum þessa samnings er ekki fullnægt eða að umsóknin á ekki að öðru leyti við rök að styðjast. Í slíkum tilvikum skal móttökustjórnvaldið þegar skýra beiðandanum eða, eftir því sem við á, móttökustjórnvaldinu sem hafði milligöngu um að beiðnin var lögð fram frá ástæðum þess.

28. gr.

Móttökustjórnvald getur krafist þess að beiðni fylgi skriflegt umboð sem veiti því heimild til að koma fram fyrir hönd beiðanda eða til að skipa fyrirsvarsmann til þess.

29. gr.

Þessi samningur skal ekki vera því til fyrirstöðu að maður, stofnun eða annar aðili, sem heldur því fram að brotið hafi verið gegn forsjár- eða umgengnisrétti í skilningi 3. eða 21. gr. leiti beint til dómstóla eða stjórnvalda í samningsríki hvort sem svo er gert samkvæmt samningnum eða án tillits til hans.

30. gr.

Hverja þá beiðni, sem komið er á framfæri við móttökustjórnvöld eða beint við dómstóla eða stjórnvöld í samningsríki í samræmi við ákvæði þessa samnings, svo og skjöl og aðrar upplýsingar sem henni fylgja eða móttökustjórnvald lætur í té, skal vera heimilt að leggja fram fyrir rétti eða fyrir stjórnvöld í samningsríkjunum.

31. gr.

Hvað snertir ríki sem hefur, í málum varðandi forsjá barna, tvö eða fleiri réttarkerfi sem eiga við í mismunandi landshlutum:

a. skal litið svo á að með tilvísun til búsetu í því ríki sé átt við búsetu í ákveðnum landshluta þess ríkis,
b. skal litið svo á að með tilvísun til laga í ríki þar sem barn hafði búsetu sé átt við lögin í þeim landshluta þess ríkis þar sem barnið hefur búsetu.

32. gr.

Hvað snertir ríki sem hefur, í málum varðandi forsjá barna, tvö eða fleiri réttarkerfi fyrir mismunandi hópa fólks skal litið svo á að með tilvísun til laga þess ríkis sé átt við það réttarkerfi sem lög ríkisins tilgreina að eigi við.

33. gr.

Ríki þar sem ákveðnir landshlutar hafa sínar eigin lagareglur varðandi forsjá barna er ekki skuldbundið til að beita þessum samningi ef ríki með eitt réttarkerfi væri ekki skuldbundið til þess.

34. gr.

Þessi samningur skal, innan þess sviðs sem hann gildir á, ganga framar samningi frá 5. október 1961 um valdmörk yfirvalda og lagaskilareglur sem við eiga um verndun þeirra sem eru ólögráða sökum æsku í skiptum aðila að báðum samningunum. Að öðru leyti takmarkar þessi samningur ekki beitingu alþjóðasamninga sem gilda milli upphafs-

ríkisins og þess ríkis sem beiðni er beint til, eða annarra laga síðarnefnda ríkisins til þess að fá barni, sem flutt hefur verið á brott með ólögmætum hætti eða er haldið á ólögmætan hátt, skilað eða til þess að fastsetja umgengisrétt.

35. gr.

Í skiptum samningsríkja skal þessi samningur aðeins gilda um ólögmætan brottflutning eða hald sem á sér stað eftir að hann öðlast gildi í þeim ríkjum.

Hafi verið gefin yfirlýsing skv. 39. eða 40. gr. skal litið svo á að með samningsríki í fyrri málsgrein sé átt við þann landshluta, eða þá landshluta, þar sem samningurinn hefur gildi.

36. gr.

Ekkert í þessum samningi skal vera því til fyrirstöðu að tvö eða fleiri samningsríki komi sér saman um það sín á milli, til þess að draga úr þeim takmörkunum sem geta átt við um afhendingu á barni, að víkja frá þeim ákvæðum samningsins sem kunna að fela í sér slíkar takmarkanir.

VI. KAFLI
Lokaákvæði.

37. gr.

Samningurinn skal liggja frammi til undirritunar af hálfu þeirra ríkja sem voru þátttakendur í Haagráðstefnunni um alþjóðlegan einkamálarétt er fjórtándi fundur hennar var haldinn.

Hann skal fullgiltur, viðurkenndur eða staðfestur og skulu skjöl um fullgildingu, viðurkenningu eða staðfestingu afhent utanríkisráðuneyti konungsríkisins Hollands.

38. gr.

Sérhvert annað ríki getur gerst aðili að samningnum.

Aðildarskjöl skulu afhent utanríkisráðuneyti konungsríkisins Hollands.

Samningurinn öðlast gildi gagnvart ríki, sem gerist aðili að honum, fyrsta dag þriðja almanaksmánaðar frá því er aðildarskjal þess var afhent.

Aðildin hefur aðeins gildi varðandi samskipti aðildarríkisins og þeirra samningsríkja sem hafa lýst því yfir að þau viðurkenni aðildina. Slík yfirlýsing er einnig nauðsynleg af hálfu þátttökuríkis sem fullgildir, viðurkennir eða staðfestir samninginn eftir að aðild hefur átt sér stað. Yfirlýsingin skal afhent utanríkisráðuneyti konungsríkisins Hollands. Ráðuneytið skal senda hverju samningsríki staðfest endurrit eftir diplómatískum leiðum.

Samningurinn öðlast gildi milli aðildarríkisins og þess ríkis sem hefur lýst yfir því að það viðurkenni aðildina fyrsta dag þriðja almanaksmánaðar frá því er viðurkenningaryfirlýsingin var afhent.

39. gr.

Sérhvert ríki getur við undirritun, fullgildingu, viðurkenningu, staðfestingu eða þegar það gerist aðili lýst því yfir að samningurinn skuli ná til allra landsvæða, sem það annast alþjóðasamskipti fyrir eða til eins þeirra eða fleiri. Slík yfirlýsing öðlast gildi er samningurinn öðlast gildi gagnvart því ríki.

Slíkar yfirlýsingar, svo og síðari útfærsla á gildissvæði, skulu tilkynntar utanríkisráðuneyti konungsríkisins Hollands.

40. gr.

Ef innan samningsríkis eru tveir eða fleiri landshlutar þar sem mismunandi réttarkerfi gilda um mál, sem þessi samningur fjallar um, getur það við undirritun, fullgildingu, viðurkenningu, staðfestingu, eða þegar það gerist aðili, lýst því yfir að samningurinn skuli ná til allra landshluta þess, eða aðeins til eins þeirra eða fleiri, og það getur hvenær sem er breytt þeirri yfirlýsingu með annarri yfirlýsingu.

Utanríkisráðuneyti konungsríkisins Hollands skal tilkynnt um hverja slíka yfirlýsingu og skal koma skýrt fram í henni til hvaða landshluta samningurinn tekur til.

41. gr.

Þar sem framkvæmdarvaldi, dómsvaldi og löggjafarvaldi er, samkvæmt stjórnskipan samningsríkis, dreift milli miðstýrðra yfirvalda og annarra yfirvalda innan ríkisins, skal undirritun, fullgilding, viðurkenning, staðfesting eða aðild þess að samningnum, eða yfirlýsing þess skv. 40. gr., ekki fela í sér neina vísbendingu um innbyrðis valddreifingu í því ríki.

42. gr.

Sérhvert ríki getur, þó eigi síðar en þegar fullgilding, viðurkenning, staðfesting eða aðild á sér stað eða þegar gefin er út yfirlýsing skv. 39. eða 40. gr., gert annan hvorn eða báða þá fyrirvara sem 24. gr. og 3. mgr. 26. gr. gera ráð fyrir. Ekki má gera aðra fyrirvara.

Ríki getur hvenær sem er afturkallað fyrirvara sem það hefur gert. Tilkynna skal utanríkisráðuneyti konungsríkisins Hollands um afturköllunina.

Fyrirvari fellur úr gildi fyrsta dag þriðja almanaksmánaðar eftir að tilkynning samkvæmt fyrri málsgrein hefur verið gefin út.

43. gr.

Samningurinn öðlast gildi fyrsta dag þriðja almanaksmánaðar eftir að þriðja skjalið um fullgildingu, viðurkenningu, staðfestingu eða aðild skv. 37. og 38. gr. hefur verið afhent.

Samningurinn skal síðan öðlast gildi:

1. gagnvart hverju því ríki sem fullgildir, viðurkennir, staðfestir eða gerist aðili að honum síðar, fyrsta dag þriðja almanaksmánaðar eftir að skjal þess um fullgildingu, viðurkenningu, staðfestingu eða aðild hefur verið afhent,

2. gagnvart sérhverju landsvæði eða landshluta, sem gildi samningsins hefur verið fært út til í samræmi við 39. eða 40. gr. fyrsta dag þriðja almanaksmánaðar eftir að gefin var út tilkynning samkvæmt greinunum.

44. gr.

Samningurinn skal halda gildi sínu í fimm ár frá þeim degi er hann tók gildi skv. 1. mgr. 43. gr. Þetta á einnig við gagnvart ríkjum sem hafa fullgilt, viðurkennt, staðfest eða gerst aðilar að honum síðar.

Samningurinn endurnýjast sjálfkrafa á fimm ára fresti ef engin uppsögn hefur átt sér stað.

Tilkynna skal utanríkisráðuneyti konungsríkisins Hollands um hverja uppsögn að minnsta kosti sex mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Hana má takmarka við ákveðin landsvæði eða landshluta sem samningurinn gildir gagnvart.

Uppsögnin hefur aðeins gildi gagnvart því ríki sem hefur tilkynnt um hana. Samningurinn heldur gildi sínu gagnvart hinum samningsríkjunum.

45. gr.

Utanríkisráðuneyti konungsríkisins Hollands skal tilkynna þátttökuríkjum ráðstefnunnar, svo og ríkjum sem gerst hafa aðilar skv. 38. gr., um eftirfarandi:

1. undirritanir, fullgildingar, viðurkenningar og staðfestingar skv. 37. gr.,
2. aðildir skv. 38. gr.,
3. gildistökudag samningsins skv. 43. gr.,
4. útfærslu á gildissvæði skv. 39. gr.,
5. yfirlýsingar skv. 38. og 40. gr.,
6. fyrirvara skv. 24. gr. og 3. mgr. 26. gr. og afturkallanir skv. 42. gr.,
7. uppsagnir skv. 44. gr.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað þennan samning.

Gjört í Haag 25. október 1980 á ensku og frönsku, í einu eintaki sem varðveitt skal í skjalasafni ríkisstjórnar konungsríkisins Hollands og eru báðir textar jafngildir. Staðfest endurrit þess skal sent, eftir diplómatískum leiðum, til hvers þess ríkis sem var þátttakandi í Haagráðstefnunni um alþjóðlegan einkamálarétt á þeim tíma er fjórtándi fundur hennar var haldinn.

Fyrirvarar

1. Samkvæmt heimild í 2. mgr. 24. gr., sbr. 1. mgr. 42. gr. samningsins er fyrirvari gerður við 1. mgr. 24. gr. hans um notkun frönsku í beiðnum, tilkynningum og skjölum sem send eru íslenskum móttökustjórnvöldum.

2. Samkvæmt heimild í 3. mgr. 26. gr., sbr. 1. mgr. 42. gr. samningsins er fyrirvari gerður við 2. mgr. 26. gr., þannig að íslenska ríkið er ekki skuldbundið til að taka á sig kostnað vegna beitingar samningsins nema í þeim tilvikum þar sem gjafsókn er veitt vegna reksturs máls, sbr. ákvæði XX. kafla laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um viðurkenningu og fullnustu erlendra ákvarðana um forsjá barna, afhendingu brottnuminna barna o.fl.

Frumvarp þetta er lagt fram vegna fyrirhugaðrar fullgildingar íslenska ríkisins á Evrópusamningi um viðurkenningu og fullnustu ákvarðana varðandi forsjá barna frá árinu

1980 og endurheimt forsjár barna og á samningi um einkaréttarleg áhrif af brottnámi barna milli landa frá árinu 1980, svonefndum Haagsamningi.

Í greinargerð með frumvarpinu er umfjöllun um kostnað og þar kemur fram að báðir samningarnir byggja á þeirri meginreglu að það ríki, sem fær beiðni um fullnustu eða afhendingu til meðferðar, standi straum af kostnaði vegna meðferðar málsins í því ríki. Í 19. gr. frumvarpsins er kveðið á um skuldbindingar ríkissjóðs til að greiða kostnað beiðanda í málum samkvæmt samningunum. Með kostnaði er fyrst og fremst átt við kostnað af málsmeðferðinni og af lögfræðiaðstoð, ef við á, en undanskilinn er kostnaður vegna heimflutnings barns. Kveðið er á um skilyrðislausa kostnaðarskuldbindingu ríkissjóðs í málum samkvæmt Evrópusamningnum en vegna fyrirvara Íslands við Haagsamninginn er ríkissjóður ekki skuldbundinn til að standa straum af kostnaði beiðanda af máli samkvæmt þeim samningi. Ber beiðandi því kostnaðinn sjálfur ef honum er ekki veitt gjafsókn samkvæmt almennum reglum. Í reynd greiðir ríkissjóður kostnaðinn að svo miklu leyti sem hann fæst ekki greiddur hjá beiðanda.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum hefur það nokkrar kostnaðarskuldbindingar í för með sér. Ekki er hægt að áætla þann kostnað þar sem það fer eftir eðli og fjölda mála sem verða tekin fyrir hér á landi. Mjög fá tilvik eða fyrirspurnir til íslenskra stjórnvalda hafa komið upp á síðustu árum vegna mála sem samningum þessum er ætlað að ná til. Má ætla að mál, sem verða rekin hér á landi á grundvelli þeirra, verði fá og kostnaðarauki því ekki mikill.

95. Frumvarp til laga [93. mál]

um breyting á lögum um landgræðslu, nr. 17/1965, með síðari breytingum.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Kristín Halldórsdóttir,
Össur Skarphéðinsson, Ásta R. Jóhannesdóttir.

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Tilgangur laga þessara er þríþættur: að stuðla að gróðurvernd, að koma í veg fyrir eyðingu gróðurs og jarðvegs og að græða upp örfoka og lítt gróið land.

Við framkvæmd laganna skal byggt á vistfræðilegri þekkingu og varúðarreglu. Við það skal miðað að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni og náttúrulegum gróðri landsins.

2. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Því aðeins skal taka til notkunar í landgræðslu innflutta plöntutegund að fyrir liggi jákvæð umsögn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins, Náttúruverndarráðs og Líffræðistofnunar Háskóla Íslands. Sé nauðsyn talin á skulu þessir aðilar í samvinnu við Landgræðslu ríkisins beita sér fyrir rannsóknum á viðkomandi tegund, einkum með tilliti til þess hvort hætta sé á að hún valdi röskun á lífríkinu þannig að vegið sé að fjölbreytni þess og náttúrulegum gróðursamfélögum.

Landbúnaðarráðherra skal að höfðu samráði við umhverfisráðherra setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd skv. 1. mgr.

3. gr.

Síðari málsgrein 40. gr. laganna orðast svo:

Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins ber ásamt Landgræðslu ríkisins að leita nýrra leiða við uppgræðslu lands og gera rökstuddar tillögur um plöntutegundir sem vænlegar gætu orðið til landgræðslu, enda falli þær að ákvæðum laga þessara um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og verndun náttúrulegra gróðurlenda.

4. gr.

41. gr. laganna orðast svo:

Landgræðslu ríkisins, eða öðrum aðilum, er heimilt að fjölga plöntum af þeim tegundum sem ákveðið hefur verið að nýta til landgræðslu á grundvelli laga þessara.

Landbúnaðarráðherra skal að höfðu samráði við umhverfisráðherra setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd skv. 1. mgr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins skal að höfðu samráði við Náttúruverndarráð og Líffræðistofnun Háskóla Íslands leggja mat á hvort einhverjar tegundir, sem nú eru notaðar til landgræðslu, falli ekki að alþjóðlegum skuldbindingum og lagaákvæðum um varðveislu líffræðilegs fjölbreytileika og verndun náttúrulegra gróðurlenda og skila um það áliti til ráðherra fyrir árslok 1995. Landbúnaðarráðherra og umhverfisráðherra skulu fjalla sameiginlega um álitið og gefa út fyrirmæli til Landgræðslu ríkisins á grundvelli þess.

II.

Landbúnaðarráðherra skal í samráði við umhverfisráðherra skipa nefnd til að endurskoða lög nr. 17/1965, um landgræðslu, með síðari breytingum, og leggja fram á Alþingi frumvarp til nýrra laga um gróðurvernd og landgræðslu eigi síðar en haustið 1996.

Greinargerð.

Mikill og vaxandi áhugi er á gróðurvernd og landgræðslu hérlendis. Núverandi ásýnd gróðurlenda og jarðvegs er öðru fremur afleiðing búsetunnar. Gróður- og jarðvegsvernd og rannsóknir á því sviði þurfa að verða meðal forgangsmála. Veruleg reynsla er fengin af starfi Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins á þessari öld sem og af starfi áhugamanna. Breyttir búskaparhættir og auknir möguleikar á stjórnun beitar og friðun stórra landsvæða fyrir beit skapa nýja möguleika sem þarf að hagnýta skipulega til að endurheimta landgæði. Í því starfi þarf að beita bestu tiltækri þekkingu á vistkerfum landsins og auka við hana með rannsóknum. Alþjóðleg reynsla og þekking getur einnig orðið að liði en aðlaga þarf hana aðstæðum hér á landi.

Nýmæli samkvæmt frumvarpinu.

Það frumvarp sem hér er flutt um breytingu á lögum um landgræðslu snertir aðallega notkun innfluttra plantna í landgræðslu. Í gildandi löggjöf er ekki tekið á þeim þætti og því er hér um nýmæli að ræða. Markmiðið með frumvarpinu er að reynt verði að tryggja

að notkun innfluttra plantna í þessu skyni falli að stefnu um gróðurvernd og alþjóðlegum skuldbindingum um verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Eins og nú háttar má segja að hver og einn geti tekið sér sjálfdæmi um að breyta gróðurríkinu að eigin geðþótta, t.d. á afréttum.

Frumvarpið var lagt fram á 118. löggjafarþingi en varð þá eigi útrætt. Það er nú flutt á ný, efnislega óbreytt, af þingmönnum fjögurra þingflokka.

Lokið var við gerð alþjóðasamnings um líffræðilega fjölbreytni í Rio de Janeiro 5. júní 1992 og heimilaði Alþingi fullgildingu hans með þingsályktun 6. maí 1994. Ýmis ákvæði í samningnum varða efni þessa frumvarps og er þau m.a. að finna í 6.–9. gr. hans. Í 8. gr. samningsins er fjallað um vernd upprunalegs umhverfis og segir þar m.a.: „Hver samningsaðili skal eftir því sem hægt er og viðeigandi koma í veg fyrir að fluttar séu inn erlendar tegundir sem ógna vistkerfum, búsvæðum eða tegundum, að öðrum kosti stjórna þeim eða uppræta þær."

Álit starfshóps um umhverfismál og landbúnað.

Í áliti starfshóps um framkvæmdaáætlun í umhverfismálum og landbúnaði, sem skilaði í maí 1994 skýrslu til umhverfisráðherra um ástand, markmið og leiðir, segir m.a. í kafla um innflutning plantna:

„Enn sem komið er hafa innfluttar tegundir valdið lítilli röskun á íslenskum gróðurlendum en mörg dæmi eru um að slíkar tegundir séu að breiðast út. Gildandi löggjöf um innflutning plantna tekur ekki til eftirlits og varúðarráðstafana vegna hugsanlegrar ógnunar við vistkerfi landsins. ... Umræða um notkun á innfluttum tegundum og varúðarráðstafanir þeirra vegna þarf að vera þáttur í gerð landgræðslu- og skógræktaráætlana sem vinna á fyrir opnum tjöldum. Í slíkum áætlunum þarf að taka afstöðu til einstakra tegunda með hliðsjón af þeim markmiðum sem stefnt er að á hverju svæði fyrir sig."

Í starfshópnum áttu sæti 19 fulltrúar ýmissa stofnana og samtaka; formaður hans var Sveinbjörn Eyjólfsson frá landbúnaðarráðuneyti. Í tillögum hópsins um aðgerðir segir m.a.:

„Innfluttum tegundum verði ekki dreift til notenda fyrr en lagt hefur verið mat á hugsanlegan skaða sem leitt gæti af dreifingu viðkomandi tegundar. ... Sett verði löggjöf um innflutning tegunda og um útrýmingu skaðlegra tegunda. Þar verði m.a. tekið tillit til skuldbindinga í rammasáttmála um verndun fjölbreytileika lífs og samþykkta Evróputáðsins. Kveðið verði á um það hver beri ábyrgð á því að meta hugsanlegan skaða af innfluttum tegundum áður en dreifing þeirra hefst."

Þessi kafli úr áliti starfshópsins er birtur í heild sem fylgiskjal með frumvarpinu.

Skaðleg röskun vegna innflutnings tegunda.

Í erindum sem flutt voru á ráðstefnu um innflutning plantna, sem Líffræðifélag Íslands, Landgræðsla ríkisins og fleiri stofnanir efndu til 21. mars 1994, kom fram margvíslegur fróðleikur um þetta efni. Auk margra innlendra fyrirlesara flutti bandarískur prófessor, Richard N. Mack frá Washington State University, erindi um innflutning plantna til Bandaríkjanna og fleiri landa. Hann rakti dæmi um reynslu af slíkum innflutningi og tilgreindi margar tegundir í því sambandi. Ályktunarorð hans voru að reynslan af slíkum innflutningi sýni ljóslega að vandlega þurfi að meta hugsanlegar neikvæðar afleiðingar, ekki síður en jákvæðar, af sérhverri framandi plöntutegund áður en hún er tekin í notkun.

Hér verða nefnd örfá dæmi af mörgum um að innflutningur og dreifing aðfluttra plöntutegunda geti haft meiri háttar áhrif á umhverfið:

— Trjátegundin Myrica faya á Hawaii, en hún bindur köfnunarefni líkt og lúpína.
— Runninn Mimosa pigra af belgjurtaætt, en hann barst frá Mið-Ameríku til Ástralíu og hefur frá 1950 breiðst út á flóða- og votlendissvæðum í norðanverðri Ástralíu.
— Jurtin Heracleum mantagazzianum af sveipjurtaætt sem á heimkynni í vestanverðu Kákasus en hefur borist til margra Evrópulanda og veldur þar miklum vandræðum, meðal annars í Svíþjóð.
— Jurtin Lythrum salicaria sem barst til Norður-Ameríku snemma á 19. öld og hefur síðan breiðst út um stór landsvæði þar sem hún leggur undir sig votlendi. Innflutningur hennar og dreifing er nú bönnuð í 13 ríkjum Bandaríkjanna.
— Eucalyptus-tré í Thailandi sem flutt var þangað frá Ástralíu til nota sem hráefni í pappírsiðnaði. Tegundin er mjög hraðvaxta, frek til vatns og kæfir meginhluta undirgróðurs.
— Runnar og jurtir sem flutt hafa verið til Nýja-Sjálands, svo sem Ulex europeus, Cytisus scoparius og Hieracium pilosella, en aðstæðum á Nýja-Sjálandi svipar um sumt til þess sem er hér á landi vegna mikilla beitaráhrifa.

Innfluttar tegundir á Íslandi — áhrif alaskalúpínu.

Sem dæmi um innfluttar tegundir hérlendis sem dreifa sér hratt og vaxa þétt og geta kæft annan gróður má nefna alaskalúpínu (Lupinus nootkatensis), spánarkerfil (Myrrhis odorata) og skógarkerfil (Anthriscus sylvestris).

Hér á landi hefur mest umræða og deilur orðið um alaskalúpínu og notkun hennar til landgræðslu. Tegundin var flutt hingað til lands frá Alaska árið 1946 og var fyrst í stað dreift á nokkrum skógræktarsvæðum. Plantan er afar öflug og bindur köfnunarefni úr lofti með aðstoð rótargerla. Nú er hana að finna víða á landinu og Landgræðsla ríkisins hefur hafið fjölgun á henni í stórum stíl til nota í landgræðslu. Rannsóknir á vistfræði og útbreiðsluháttum alaskalúpínu á vegum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins (Borgþór Magnússon o.fl.) hafa m.a. leitt í ljós að hún breiðist ekki aðeins út á bersvæði heldur einnig á grónu landi (mosaþembum, mólendi, blómlendi, snjódældum og hraunum). Í erindi á fyrrgreindri ráðstefnu Líffræðifélags Íslands um innflutning plantna sagði Borgþór Magnússon plöntuvistfræðingur m.a.:

„Gróðurframvinda í lúpínubreiðum er mjög breytileg. Á Suðurlandi ber víða á mosum, vallarsveifgrasi, blásveifgrasi og túnvingli. Plöntutegundunum fækkar yfirleitt til muna þar sem lúpínan breiðist yfir land, einkanlega ef um gróið land er að ræða.

Óvíða sjást merki um að lúpínan hafi hörfað af landi en víða hefur hún gisnað talsvert. Dæmi um algjöra hörfun eru aðeins af litlum blettum á þremur til fjórum stöðum. Í Múlakoti í Fljótshlíð er lúpínan enn í miklum þrótti eftir 40 ár. Eindregnust merki um gisnun eru frá þurrum svæðum í innsveitum á Norðurlandi. Fræforði er talsverður í jarðvegi í gömlum lúpínubreiðum. Gera má ráð fyrir að lúpínan verði víða viðvarandi í gróðri."

Á Kvískerjum í Öræfum var alaskalúpína sett niður í brekku við bæinn sumarið 1954 og hafa Kvískerjabræður fylgst náið með útbreiðslu hennar síðan. Um plöntuna segir Hálfdán Björnsson í viðtali við DV 19. júlí sl.:

„Ég held mikið upp á lúpínu þar sem hún má vera en hins vegar er ég alveg í vandræðum með hana þar sem hún má ekki vera og fer út fyrir. Hún er ákaflega gjörn á að fara um allt með vatni og jafnvel vindum.

Þetta er alveg ódrepandi jurt þar sem hún nær fótfestu og ég held að menn átti sig ekki alltaf á því að lúpínan útrýmir öðrum jurtum og getur verið stór skaðvaldur. Og það er mjög varasamt að planta henni innan um annan gróður þar sem fé nær ekki til.

Ýmsum sögum fer reyndar af því hvernig jurtin fer í sauðfé en sjálfur hef ég orðið var við að rollur hafi orðið „drukknar" eftir að hafa étið lúpínur. Sauðfénaðurinn náði þó alveg að jafna sig eftir „drykkjuna" en rollurnar eru ekki síst hrifnar af ungplöntum.

Ég er ekki frá því að Landgræðslan hafi litið á lúpínur sem patentlausn en jurtin má vissulega vera í friði á ákveðnum svæðum eins og á Mýrdalssandi þar sem er lítill mannagróður. Þar getur hún átt rétt á sér.

Það þarf hins vegar að passa vel upp á lúpínur og að þær renni ekki út um allt. Hún hefur breiðst mjög mikið út hin seinni ár og er enn þá að breiðast út. Það vantar t.d. að hafa varanlegar leiðbeiningar með fræjunum þegar þau eru seld en plantan er mjög öflug og hún er í engum vandræðum með að breiðast út um allt."

Hörður Kristinsson grasafræðingur sagði m.a. um alaskalúpínu á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands 1994:

„Það er tegund sem við verðum að læra að umgangast með varúð. Svo ágæt sem hún er til að græða sanda og mela og bæta rýran jarðveg, þá er hún jafnframt mjög hættuleg íslenskum gróðurlendum, ef hún fær lausan tauminn. Þar sem hún sáir sér í gróðurlendi eyðir hún flestum þeim tegundum sem fyrir eru. Það er því ófyrirgefanlegt kæruleysi, þegar verið er að hvetja almenning til þess að dreifa lúpínu sem víðast um gróðurlendi Íslands."

Vandamál vegna lúpínu eru þekkt víðar en hér á landi. Önnur lúpínutegund, Lupinus arboreus, hefur breiðst hratt út í framandi umhverfi, svo sem á strandsvæðum við Humboldt Bay í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Á Nýja-Sjálandi hefur Russel-lúpína (lupinus polyphyllus) tekið að breiðast ört út undanfarna áratugi og er hún sumsstaðar talin ógna sérstæðu lífríki í þjóðgörðum og á verndarsvæðum, þar sem gripið hefur verið til aðgerða til að hefta útbreiðslu hennar.

Hér er ekki lagt til að notkun lúpínu til landgræðslu verði bönnuð fyrir fullt og allt, heldur að notkun hennar verði endurmetin og mörkuð um það stefna við hvaða aðstæður forsvaranlegt sé að nýta hana. Jafnframt verði ráðist í frekari rannsóknir er varða vistfræði hennar og áhrif á umhverfið.

Heildarendurskoðun laga um landgræðslu.

Frumvarpið, sem hér er flutt, felur í sér breytingu á þremur greinum núgildandi laga um landgræðslu auk þess sem bætt er við nýju ákvæði um notkun innfluttra plöntutegunda í landgræðslu.

Ákvæði til bráðabirgða eru tvíþætt. Hið fyrra varðar mat á þeim tegundum sem nú eru notaðar til landgræðslu, það síðara gerir ráð fyrir að skipuð verði nefnd til að endurskoða í heild lög nr. 17/1965, um landgræðslu.

Lögin um landgræðslu eru að stofni til nær 30 ára gömul og viðhorf til gróðurverndarmála hafa breyst mikið frá þeim tíma og þekkingu hefur fleygt fram. Nægir að minna á þá byltingu í viðhorfum til náttúruverndar sem síðan er orðin og að lítið var farið að huga að gróðurvistfræði hérlendis á þeim tíma. Þótt flutningsmenn þessa frumvarps telji sig geta bent á ýmislegt sem betur mætti fara til viðbótar því sem tillaga er gerð um í frumvarpi þessu þykir rétt að fleiri komi að heildarendurskoðun laganna. Hér verður aðeins bent á nokkur atriði sem augljóslega þurfa athugunar við í slíkri endurskoðun:

— Skipan gróðurverndarmála og landgræðslu í stjórnkerfinu.
— Tengsl við stofnanir er fjalla um skógrækt og skógvernd.
— Innra skipulag í málaflokknum, m.a. tengsl við skipulagsmál almennt.
— Menntunarkröfur til starfsmanna.
— Tilhögun rannsókna- og þróunarstarfs og yfirstjórn þess.
— Svæðisbundin tengsl í stað eða til viðbótar núverandi gróðurverndarnefndum.
— Stjórn yfir Landgræðsluna sem stofnun.
— Áætlanagerð og annar undirbúningur landgræðsluaðgerða, þar á meðal mat á umhverfisáhrifum og fyrirhuguð landnotkun.
— Fjármögnun fyrir málaflokkinn, tengd framkvæmdaáætlun.
— Samningar og tengsl við umráðaaðila yfir landi og sveitarfélög.
— Skilyrði fyrir styrkjum til landgræðslu og meðferð lands í kjölfar aðhlynningar.
— Beitarmálefni, þar með talin lausaganga sauðfjár og hrossa.
— Verndun jarðvegs og gróðurs, þar á meðal tengsl við rannsóknaraðila.
— Almennt eftirlit með jarðvegi og gróðri.
— Áætlanir um rannsóknaþörf og fjármögnun rannsókna.
— Tengsl og samstarf við frjáls félagasamtök.

Æskilegt er að hraða setningu nýrrar löggjafar um gróðurvernd og landgræðslu þar eð margþætt verkefni blasa við á þessu sviði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar á markmiðsgrein laganna, 1. gr.

Meginefnisbreyting sem lögð er til í fyrri málsgrein greinarinnar er að bætt er við þriðja markmiðinu; að stuðla skuli að gróðurvernd. Með því er átt við að eitt af meginmarkmiðum með lögunum verði að hlúa að þeim gróðri sem fyrir er og vernda hann gegn ofnýtingu. Þá er lagt til að uppsetningu greinarinnar verði breytt og að í stað orðanna „eydd“ og „vangróin“, sem þykja óljós og of matskennd, komi orðin „örfoka“ og „lítt gróið“ en þau þykja lýsa betur því ástandi sem réttlætir beinar landgræðsluaðgerðir.

Í síðari málsgrein er lagt til að við markmiðsgrein laganna verði bætt nýrri málsgrein þar sem fram koma þau grundvallaratriði sem hafa ber að leiðarljósi við framkvæmd laganna. Annars vegar er lagt til að kveðið verði á um að áður en ráðist verði í framkvæmdir skuli liggja fyrir vistfræðileg þekking og að aðgerðir skuli að öðru leyti byggjast á varúðarreglu sem er m.a. skilgreind í formála alþjóðasamnings um líffræðilega fjölbreytni (samningurinn öðlaðist þjóðréttarlegt gildi með samþykki Alþingis 6. maí 1994) með eftirfarandi orðum: „... þar sem hætta er á umtalsverðri rýrnun eða tjóni á líffræðilegri fjölbreytni ætti ekki að nota ónóga vísindalega þekkingu sem tilefni þess að fresta aðgerðum til að forðast eða draga eins mikið úr þeirri hættu og mögulegt er“. Hins vegar er lagt til að aðgerðir skuli miða að því að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni og náttúrulegum gróðri og er það í samræmi við þær alþjóðlegu skuldbindingar sem Íslendingar hafa undirgengist, sbr. m.a. samninginn um líffræðilegan fjölbreytileika.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að á eftir 5. gr. laganna komi ný grein þar sem kveðið er á um skilyrði þess að innflutt plöntutegund verði tekin til notkunar í landgræðslu hér á landi. Þetta ákvæði er í samræmi við breytingar sem lagt er til að gerðar verði á markmiðsgrein laganna. Lagt er til að m.a. skuli leitað álits þeirra stofnana sem hafa annast rannsóknir á

þessu sviði. Þá er talið mikilvægt að Náttúruverndarráð, sem gegnir lögbundnu hlutverki á sviði gróðurverndar og fer m.a. með yfirstjórn friðlýstra svæða og þjóðgarða hér á landi, komi að ákvörðunum í þessu efni. Þá er einnig lagt til að þessir aðilar geti átt frumkvæði að því að gerðar verði rannsóknir áður en tekin er ákvörðun um að taka til notkunar í landgræðslu nýjar plöntutegundir. Gert er ráð fyrir að landbúnaðarráðherra setji að höfðu samráði við umhverfisráðherra frekari reglur um framkvæmd þessara ákvæða.

Um 3. gr.

Lagt er til að síðari málsgrein 40. gr. laganna, sem fjallar um rannsóknir, verði breytt á þann veg að Rannsóknastofnun landbúnaðarins komi, auk Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins, að athugunum á nýjum leiðum við uppgræðslu lands og plöntutegundum til landgræðslu. Eðlilegt er að nýta í þessu skyni þá þekkingu og aðstöðu sem Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins býr yfir.

Um 4. gr.

Breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á 41. gr. laganna, eru tvíþættar. Annars vegar er lagt til að fleiri en Landgræðslu ríkisins verði heimilað að annast fjölgun plantna sem ákveðið hefur verið að taka til landgræðslu. Er talið eðlilegt að fleiri en Landgræðslan geti stundað þá starfsemi. Þá er lagt til að landbúnaðarráðherra setji að höfðu samráði við umhverfisráðherra reglur þar sem kveðið er á um framkvæmd, m.a. um þau skilyrði sem viðkomandi aðilar þurfa að uppfylla og eftirlit með starfsemi þeirra.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Um skýringu vísast til greinargerðar með frumvarpinu.

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Úr skýrslu til umhverfisráðherra um ástand, markmið og leiðir, unninni af starfshópi um framkvæmdaáætlun í umhverfismálum og landbúnaði (maí 1994).

Um fylgiskjal vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins) og þskj. 239, 211. mál á 118. löggjafarþingi, bls. 1603–1605 í A-deild Alþt. 1994.

96. Frumvarp til laga [94. mál]

um framhaldsskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi taka til skólastarfs á framhaldsskólastigi er tekur við af skyldunámsstigi og allt til háskólastigs, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1974, um skólakerfi. Framhaldsskólar er samnefni þeirra skóla er undir lög þessi falla. Þeir eru: fjölbrautaskólar, iðn- og verkmenntaskólar og menntaskólar, svo og skólar sem veita sérhæft nám á framhaldsskólastigi. Einstakar skólastofnanir geta borið sérstakt nafn, t.d. tengt stað, hefð eða sérstöku hlutverki. Setja skal reglugerð um sérskóla sem starfa samkvæmt lögum þessum.

II. KAFLI
Hlutverk.

2. gr.

Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Framhaldsskólinn býr nemendur undir störf í atvinnulífinu og frekara nám.

Framhaldsskólinn skal leitast við að efla ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfa þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýninni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja til stöðugrar þekkingarleitar.

III. KAFLI
Starfstími.

3. gr.

Árlegur starfstími nemenda í framhaldsskólum skal eigi vera skemmri en níu mánuðir. Þar af skulu kennsludagar ekki vera færri en 150. Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfstíma skóla og leyfisdaga.

IV. KAFLI
Stjórnun.

4. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála er lög þessi taka til og ber ábyrgð á aðalnámskrá, eftirliti með skólastarfi og námsefni, ráðgjöf um kennslu og þróunarstarf í framhaldsskólum og söfnun og dreifingu upplýsinga um skólastarf. Menntamálaráðherra setur reglugerð um framkvæmd einstakra þátta sem hér eru nefndir.

Menntamálaráðherra gerir tillögur um fjárveitingu á fjárlögum til hvers skóla og annast fjárhagslegt eftirlit, svo og eftirlit með því að framhaldsskólar hafi fullnægjandi aðstöðu hvað varðar húsnæði og búnað.

5. gr.

Samstarfsnefnd framhaldsskóla, skipuð skólameisturum og rektorum undir forsæti menntamálaráðherra eða staðgengils hans, fjallar um sameiginleg málefni framhaldsskóla og samræmir störf þeirra.

6. gr.

Menntamálaráðherra skipar skólanefnd við framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Ráðherra getur heimilað sveitarstjórn/sveitarstjórnum að tveir eða fleiri skólar sameinist um eina skólanefnd.

Í skólanefnd skulu sitja fimm menn. Tveir eru skipaðir samkvæmt tilnefningu sveitarstjórnar/sveitarstjórna og þrír án tilnefningar og skulu þeir að jafnaði búsettir í sveitarfélagi sem á aðild að skólanum. Nefndin kýs sér formann til eins árs í senn. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Áheyrnarfulltrúar eru tveir með málfrelsi og tillögurétt, annar tilnefndur af kennurum skólans en hinn af nemendafélagi skólans. Áheyrnarfulltrúar skulu tilnefndir til eins árs í senn. Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt. Hann er framkvæmdastjóri nefndarinnar.

Sé um sérskóla að ræða skal setja ákvæði í reglugerð um skipan skólanefndar.

7. gr.

Skólanefnd markar áherslur í starfi skólans. Hún gerir árlega starfs- og fjárhagsáætlun fyrir skólann til þriggja ára sem háð er samþykki menntamálaráðherra. Skólanefnd gerir í upphafi hvers árs fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og fylgist með að henni sé framfylgt. Skólanefnd skal gera menntamálaráðuneytinu grein fyrir rekstrarstöðu skólans a.m.k. tvisvar á ári, þ.e. í febrúar og ágúst.

Skólanefnd ákveður upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í framhaldsskóla, svo sem innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og hlut nemenda í efniskostnaði vegna verklegrar kennslu í samræmi við reglur er menntamálaráðherra setur. Halda skal bókhald um fjárreiður þessar. Um endurskoðun gilda sömu reglur og um annan rekstur.

Heimilt er skólanefnd að stofna sérstaka sjóði við framhaldsskóla. Skal um þá sett skipulagsskrá, leitað staðfestingar á henni og hún birt í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um skipan og störf skólanefnda.

8. gr.

Skólameistari veitir skólanum forstöðu. Hann stjórnar daglegum rekstri og starfi framhaldsskóla og gætir þess að skólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann ber ábyrgð á að fylgt sé fjárhagsáætlun skólans og hefur frumkvæði að gerð skólanámskrár og umbótastarfi innan skólans.

Skólaráð skal vera skólameistara til aðstoðar við stjórn skóla. Skólameistari er oddviti skólaráðs sem auk hans skal skipað fulltrúum kennara og nemenda, svo og aðstoðarskólameistara og áfangastjóra starfi þeir við skólann. Heimilt er að setja í reglugerð nánari ákvæði um skipan skólaráðs, verksvið þess, starfstíma og starfshætti.

9. gr.

Almennur kennarafundur í framhaldsskóla fjallar um stefnumörkun í starfi skólans, um námsskipan, kennsluhætti, þar með talið námsmat, og aðra starfsemi og kemur tillögum sínum á framfæri við skólanefnd og skólaráð. Kennarafund skal halda eigi sjaldn-

ar en fjórum sinnum á hverju skólaári. Skylt er skólameistara að halda kennarafund ef fulltrúar kennara í skólaráði eða þriðjungur fastra kennara skólans krefjast þess.

10. gr.

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendaráð sem er fulltrúi nemenda í hagsmunamálum þeirra. Nemendaráð hefur tillögu- og umsagnarrétt um markmið náms, námsefni og kennslutilhögun í skóla sínum. Almenn samtök nemenda í hverjum skóla, nemendafélög, setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs.

Gjöld til nemendasjóða eru ákveðin af nemendafélögum skóla sem sjá um innheimtu og meðferð fjárins. Bókhald nemendafélags skal háð sömu endurskoðun og aðrar fjárreiður skólans.

V. KAFLI
Starfsfólk.

11. gr.

Um fjölda starfsmanna og skiptingu starfa fer eftir stærð og gerð skóla og fjárveitingu hverju sinni.

Menntamálaráðherra ræður skólameistara til fimm ára í senn að fenginni tillögu hlutaðeigandi skólanefndar. Kennari sem ráðinn er skólameistari skal fá leyfi frá kennarastarfi sínu þann tíma er hann gegnir starfi skólameistara.

Skólameistari ræður kennara, námsráðgjafa, starfsfólk skólasafns og aðra starfsmenn skólans að höfðu samráði við skólanefnd. Skólameistari ræður aðstoðarskólameistara til fimm ára í senn og áfangastjóra til allt að fjögurra ára og deildarstjóra til tveggja ára að höfðu samráði við skólanefnd.

Um skilyrði þess að vera ráðinn skólameistari eða kennari við framhaldsskóla fer eftir ákvæðum gildandi laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum framhaldsskólakennara. Setja skal í reglugerð ákvæði um menntun og starfssvið námsráðgjafa og starfsfólks skólasafna. Setja má í reglugerð ákvæði um menntun og starfssvið annarra starfsmanna.

Menntamálaráðherra setur skólameistara og kennurum erindisbréf, svo og öðrum starfsmönnum skóla eftir því sem við á.

12. gr.

Hafi kennari starfað a.m.k. í fimm ár og óski að fá sérstakt námsorlof til að efla þekkingu sína og kennarahæfni skal hann senda skólanefnd og menntamálaráðuneyti beiðni um námsorlof ásamt greinargerð um hvernig hann hyggst verja námsorlofstímanum. Ráðuneytið getur veitt honum námsorlof allt að einu ári á föstum embættislaunum.

Menntamálaráðherra getur veitt kennara, er nýtur námsorlofs, styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við námsorlofið ef hann ver því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar njóti hann ekki sambærilegs styrks frá öðrum. Að loknu námsorlofi er kennurum skylt að senda ráðuneytinu skýrslu um störf sín á námsorlofstíma.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til skólameistara og annarra stjórnenda skóla. Menntamálaráðherra setur reglugerð um framkvæmd námsorlofs kennara.

13. gr.

Í öllum framhaldsskólum skal rækja heilsuvernd. Sé heilsugæslustöð starfandi í nágrenni skólans skal fela henni að annast heilsuverndina.

Héraðslæknar hafa umsjón með þessari starfsemi undir yfirstjórn heilbrigðisstjórnar og líta eftir að aðbúnaður og aðstaða nemenda og starfsmanna sé viðhlítandi. Starfsfólk við heilsuvernd í skólum skal hafa náið samstarf við skólameistara um framkvæmdina.

14. gr.

Nemendum í framhaldsskóla skal standa til boða ráðgjöf og leiðsögn um náms- og starfsval og persónuleg mál er snerta nám þeirra og skólavist. Slíka þjónustu veita námsráðgjafar, kennarar og annað starfsfólk eftir því sem við á.

VI. KAFLI
Inntökuskilyrði.

15. gr.

Allir sem lokið hafa grunnskólanámi eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun skulu eiga kost á að hefja nám í framhaldsskóla.

Inntaka nemenda á einstakar námsbrautir framhaldsskólans ákvarðast af þeim kröfum sem gerðar eru í viðkomandi námi. Í reglugerð skal kveðið á um lágmarkskröfur um námsárangur í einstökum greinum og greinaflokkum við lok grunnskóla og starfsþjálfun þar sem hennar er krafist. Heimilt er skólameistara, að undangengnu mati, að veita nemanda sem orðinn er 18 ára gamall inngöngu á einstakar námsbrautir framhaldsskóla þótt hann uppfylli ekki lágmarkskröfur um námsárangur við lok grunnskóla.

Nemendum, sem ekki hafa náð tilskildum árangri við lok grunnskóla, skal standa til boða fornám eða nám í sérstökum deildum á framhaldsskólastigi. Inntaka nemenda í framhaldsskóla er á ábyrgð skólameistara.

VII. KAFLI
Námsskipan.

16. gr.

Námsbrautir framhaldsskóla skiptast í starfsnámsbrautir, bóknámsbrautir, listnámsbrautir og almenna námsbraut. Af öllum námsbrautum skulu vera leiðir til frekara náms, annaðhvort beinar eða með skilgreindri viðbót náms.

Á starfsnámsbrautum er nám í löggiltum iðngreinum og annað starfsnám. Í reglugerð skal kveðið á um hverjar skuli vera löggiltar starfsgreinar.

Bóknámsbrautir veita undirbúning að námi á háskólastigi. Bóknámsbrautir eru þrjár: tungumálabraut, félagsfræðabraut og náttúrufræðabraut.

Listnámsbrautir veita undirbúning að frekara námi í listgreinum í sérskólum eða í skólum á háskólastigi.

Almenn námsbraut veitir undirbúning fyrir nám á bók-, list- og starfsnámsbrautum og getur jafnframt verið hluti af því námi.

Stofnun nýrra námsbrauta er háð samþykki menntamálaráðherra.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um framkvæmd ákvæða þessarar greinar.

17. gr.

Námsbrautir framhaldsskóla skulu skipulagðar í samræmi við lokamarkmið námsins. Þær skiptast í brautarkjarna, kjörsvið og frjálst val. Hlutfall milli þessara þátta er ákveðið í aðalnámskrá og getur verið mismunandi eftir brautum.

Brautarkjarni er skyldunám brautar. Þar eru sérgreinar brautarinnar og námsgreinar sem stuðla að almennri menntun og búa nemendur undir þátttöku í samfélaginu.

Kjörsvið er frekari sérhæfing á brautinni. Það er skipulagt sem heild, ýmist með samröðun námsáfanga eða í stórum heildstæðum áföngum með áherslu á fræðileg viðfangsefni. Starfsnám og viðurkennt listnám á framhaldsskólastigi má meta til kjörsviðs í námi á bóknámsbrautum að uppfylltum skilyrðum sem tilgreind eru í aðalnámskrá.

Frjálst val námsgreina, sem skilgreindar eru í aðalnámskrá framhaldsskóla og kenndar eru í viðkomandi skóla, gefur nemendum kost á að kynnast list-, verk- og fræðasviðum að eigin vali.

18. gr.

Menntamálaráðherra getur heimilað stofnun og starfrækslu fornáms við framhaldsskóla. Fornám er skipulagt sem eins árs nám fyrir nemendur sem ekki hafa náð tilskildum árangri á grunnskólaprófi. Menntamálaráðherra setur nánari reglur um fornám og skilyrði fyrir stofnun þess.

19. gr.

Á framhaldsskólastigi skal veita fötluðum nemendum samkvæmt skilgreiningu á hugtakinu fatlaður í 2. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, kennslu og sérstakan stuðning í námi. Látin skal í té sérfræðileg aðstoð og nauðsynlegur aðbúnaður eftir því sem þörf krefur að mati menntamálaráðuneytisins. Fatlaðir nemendur skulu stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er.

Menntamálaráðherra getur heimilað stofnun sérstakra deilda við framhaldsskóla fyrir fatlaða nemendur. Menntamálaráðherra setur reglugerð með nánari ákvæðum um kennslu og nám fatlaðra nemenda í framhaldsskólum.

20. gr.

Nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku eiga rétt á sérstakri kennslu í íslensku. Menntamálaráðherra getur heimilað að stofnað verði til sérstaks grunnnáms í íslensku við framhaldsskóla fyrir þessa nemendur. Íslenskir nemendur sem hafa dvalist langdvölum erlendis og hafa þar af leiðandi litla kunnáttu í móðurmálinu skulu eiga kost á sérstakri kennslu í íslensku. Í reglugerð skal kveðið nánar á um rétt þessara nemenda til kennslu í íslensku, svo og um tilhögun og mat á náminu. Einnig skal í reglugerð kveðið á um rétt heyrnarlausra nemenda til sérstakrar íslenskukennslu.

VIII. KAFLI
Námskrár og mat.

21. gr.

Aðalnámskrá, er menntamálaráðherra setur, er meginviðmiðun skólastarfs. Í henni eru útfærð markmið framhaldsskóla og skilgreind markmið einstakra námsbrauta og námsgreina, svo og námslok. Í aðalnámskrá skulu vera almennar reglur um réttindi og skyldur nemenda.

Í aðalnámskrá skal kveðið á um uppbyggingu einstakra námsbrauta, samhengi í námi og meðallengd námstíma á hverri braut. Þar er ákveðinn lágmarksfjöldi kennslustunda í einstökum námsgreinum og inntak í megindráttum.

Í aðalnámskrá skal mælt fyrir um námsmat, þar með talin próf og vitnisburð. Þar komi fram hvaða kröfur nemandi þarf að uppfylla til þess að hann teljist hafa lokið einstökum áföngum náms með fullnægjandi árangri og lágmarkskröfur til þess að standast tiltekin lokapróf. Þar skal kveðið á um hversu oft nemandi má endurtaka próf og birtar reglur um rétt nemenda til að sjá prófúrlausnir sínar.

Í aðalnámskrá eru ákvæði um mat á starfsþjálfun sé hún hluti námsins, mat á námi þegar nemendur flytjast milli skóla og skilyrði þess að flytjast milli námsbrauta. Í aðalnámskrá skal setja viðmiðunarreglur um skólanámskrár og mat á skólastarfi.

Tilkynning um gildistöku aðalnámskrár eða hluta hennar skal birt í Stjórnartíðindum.

22. gr.

Í hverjum skóla skal gefa út skólanámskrá þar sem gerð er grein fyrir námsframboði, lengd og innihaldi námsáfanga og skiptingu námsgreina á námsannir og/eða námsár. Þar skal einnig gerð grein fyrir áherslum í starfi skólans, kennsluháttum, námsmati og stjórnunarháttum, svo sem gæðastjórnun.

Í skólanámskrá geri skólar grein fyrir hvernig ná skuli því markmiði framhaldsskóla að námið stuðli að alhliða þroska nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Skólanámskrá skal samþykkt af skólanefnd sem fylgist með framkvæmd hennar.

23. gr.

Sérhver framhaldsskóli skal innleiða aðferðir til að meta skólastarfið, þar á meðal kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans. Á fimm ára fresti skal utanaðkomandi aðili gera úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla.

24. gr.

Almennt námsmat í framhaldsskóla er í höndum kennara og deildarstjóra. Matið byggir á markmiðum skólastarfs sem kveðið er á um í aðalnámskrá og skólanámskrá.

Lokapróf úr framhaldsskóla, svo sem stúdentspróf og burtfararpróf af starfsmenntabrautum, er veitt geta rétt til frekara náms eða réttindi til starfa, skulu vera samræmd í tilteknum greinum sem nánar er kveðið á um í reglugerð. Í reglugerð skal einnig kveðið nánar á um framkvæmd samræmdra prófa í framhaldsskólum, svo og sveinsprófa.

IX. KAFLI
Starfsnám.

25. gr.

Starfsnám skal stuðla að almennri menntun nemenda, veita þeim undirbúning til tiltekinna starfa og innsýn í hlutverk fyrirtækja og starfsfólks í atvinnulífi. Náminu er jafnframt ætlað að hvetja nemendur til að viðhalda þekkingu sinni og bæta við hana með endurmenntun eða áframhaldandi námi.

Starfsnám skiptist á skóla og vinnustað eða fer eingöngu fram í skóla. Námið er bóklegt og verklegt og skal mynda sem samfelldasta heild svo að nemendur fái betur skilið tengsl fræðilegra og hagnýtra þátta. Áhersla skal lögð á að innihald starfsnáms taki mið af þörfum starfsgreina fyrir fagmenntun starfsfólks á hverjum tíma.

26. gr.

Menntamálaráðherra skipar samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð 18 fulltrúum, þar af 12 tilnefndum af eftirtöldum aðilum atvinnulífs: fimm frá Alþýðusambandi Íslands, þar af skal einn vera fulltrúi nema, einn frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, fimm frá Vinnuveitendasambandi Íslands og einn frá Vinnumálasambandi samvinnufélaga. Leitast skal við að fulltrúar atvinnulífsins komi úr sem flestum atvinnugreinum. Auk þess sitja í nefndinni einn fulltrúi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, tveir fulltrúar tilnefndir sameiginlega af samtökum kennara og skólastjórnenda, og skal annar þeirra vera starfsmenntakennari en hinn stjórnandi starfsmenntaskóla, og þrír fulltrúar skipaðir án tilnefningar. Menntamálaráðherra skipar formann nefndarinnar.

Samtök atvinnurekenda, launþega og sveitarfélaga greiða kostnað af störfum fulltrúa sinna í samstarfsnefndinni en menntamálaráðuneytið greiðir kostnað af störfum fulltrúa menntamálaráðherra og leggur nefndinni til skrifstofuþjónustu.

27. gr.

Samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi stuðlar að tengslum skóla og atvinnulífs og er menntamálaráðherra til ráðuneytis um stefnumótun í starfsnámi og setningu almennra reglna um skipan og framkvæmd starfsnáms. Nefndin gerir tillögur um skipan starfsgreina í starfsgreinaflokka í samráði við samtök atvinnurekenda og launþega í viðkomandi greinum, forgangsröðun verkefna í starfsnámi svo og sérstakar tilraunir og þróunarverkefni. Nefndin setur sér starfsreglur sem öðlast gildi við staðfestingu menntamálaráðherra.

28. gr.

Menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn starfsgreinaráð fyrir starfsgreinaflokka eða starfsgreinar. Í starfsgreinaráði skulu eiga sæti fulltrúar tilnefndir af samtökum atvinnurekenda og launþega í viðkomandi starfsgreinum og einn fulltrúi menntamálaráðherra. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Allar starfsgreinar, sem njóta fræðslu á framhaldsskólastigi, skulu eiga kost á fulltrúaaðild að starfsgreinaráði og skal gætt jafnræðis milli fulltrúa atvinnurekenda og launþega. Formaður skal kjörinn úr hópi fulltrúa til tveggja ára í senn. Ef ekki tekst að skipa starfsgreinaráð er menntamálaráðherra heimilt að skipa tímabundið sérstaka starfshópa til að sinna verkefnum starfsgreinaráðs.

Samtök atvinnurekenda og launþega greiða kostnað af störfum fulltrúa sinna í starfsgreinaráði og menntamálaráðuneytið greiðir kostnað af störfum fulltrúa menntamálaráðherra og af sérfræðilegri vinnu við námskrárgerð.

29. gr.

Starfsgreinaráð skilgreinir þarfir starfsgreina fyrir kunnáttu og hæfni starfsmanna og setur fram markmið starfsnáms.

Starfsgreinaráð gerir tillögur um uppbyggingu starfsnáms og námskrá í sérgreinum viðkomandi starfsnáms, svo og um tilhögun námsmats, þar með talin sveinspróf og eftirlit með gæðum kennslu og námsefnis. Það gerir einnig tillögur að skiptingu náms í skóla og á vinnustað, svo og reglum um vinnustaðanám, viðurkenningu á vinnustöðum til að taka nema í starfsþjálfun eða á námssamning og aðstöðu, búnað og kennarakost skóla sem annast starfsnám.

Starfsgreinaráð skal hafa frumkvæði að tillögugerð um breytta skipan náms og vera stjórnvöldum til ráðuneytis í málum er varða menntun í starfsgreinum er undir ráðið heyra.

Að fengnum tillögum starfsgreinaráðs gefur menntamálaráðherra út námskrá í sérgreinum starfsnáms sem hluta af aðalnámskrá framhaldsskóla og reglur um framkvæmd starfsnáms í einstökum starfsgreinum.

30. gr.

Til að stuðla að sem bestu samstarfi skóla og atvinnulífs er skólanefnd heimilt að setja á fót eina eða fleiri ráðgjafarnefndir við skóla með fulltrúum atvinnulífs í viðkomandi byggðarlagi og skal gætt jafnræðis milli fulltrúa atvinnurekenda og launþega. Skólar leiti til starfsgreinaráða um tilnefningar fulltrúa í ráðgjafarnefndir í byggðarlagi.

31. gr.

Menntamálaráðherra getur, að fenginni umsögn starfsgreinaráðs og stofnaðila, gert framhaldsskóla eða deild í framhaldsskóla að kjarnaskóla um lengri eða skemmri tíma. Í samráði við starfsgreinaráð hefur kjarnaskóli forgöngu um að þróa námsefni, námsskipan og kennsluaðferðir í starfsnámi og aðstoðar aðra skóla og fyrirtæki við umbætur í kennslu og þjálfun á viðkomandi sviði.

Í samningi, er menntamálaráðherra gerir við þá stofnun er tekur að sér hlutverk kjarnaskóla, skal verkefnið skilgreint, stjórnun þess, lengd samningstíma og hvernig úttekt þess skuli háttað. Hagsmunaaðilar á vinnumarkaði geta átt aðild að slíkum samningi.

32. gr.

Verknám og starfsþjálfun á vinnustað byggir á ákvæðum aðalnámskrár og reglum um vinnustaðanám í viðkomandi starfsgrein. Um vinnustaðanám skal gera sérstakan starfsþjálfunarsamning milli skóla og vinnustaðar eða námssamning milli nema og vinnuveitanda.

Námssamningur skal undirritaður við upphaf vinnustaðanáms og staðfestur innan eins mánaðar. Þar skal tilgreindur reynslu- og gildistími samningsins. Ákvæði um laun og önnur starfskjör skulu vera í samræmi við gildandi kjarasamninga að því er varðar nema í viðkomandi starfsnámi.

Í reglugerð, sem menntamálaráðherra setur, skulu vera ákvæði um starfsþjálfunarsamninga. Þar skal einnig kveðið á um form, staðfestingu og skráningu námssamninga, svo og samningsslit og meðferð ágreiningsefna er upp kunna að koma varðandi framkvæmd samnings. Áður en reglugerð þessi er sett skal leitað umsagnar aðila vinnumarkaðar og samtaka nemenda.

X. KAFLI
Fullorðinsfræðsla og endurmenntun.

33. gr.

Menntamálaráðherra getur heimilað framhaldsskóla að bjóða nám í öldungadeildum. Nám í öldungadeildum skal vera jafngilt námi á einstökum námsleiðum framhaldsskólans, en skipulagning náms og kennsluhættir taki mið af því að um fullorðna nemendur er að ræða.

Fyrir kennslu í slíku námi skulu nemendur greiða gjald sem nemur sem næst þriðjungi kennslulauna. Menntamálaráðherra setur reglur um hlutdeild öldungadeildarnemenda í efniskostnaði. Nánari ákvæði um þessa starfsemi skulu sett í reglugerð.

34. gr.

Framhaldsskóla er heimilt, með samþykki menntamálaráðherra, að starfrækja endurmenntunarnámskeið eða annars konar nám í samráði eða samvinnu við faggreinafélög, stéttarfélög, atvinnurekendur eða aðra hagsmuna- eða áhugahópa, t.d. með farskólasniði.

Halda skal kostnaði vegna þessara námskeiða aðgreindum frá öðrum rekstri skólans og skal hann greiddur að fullu af þeim aðilum er að námskeiðum standa með skólanum eða með þátttökugjöldum.

Gera skal samning milli samstarfsaðila og skólans þar sem gengið er frá fyrirkomulagi og full greiðsla kostnaðar tryggð.

35. gr.

Framhaldsskóla er heimilt með samþykki menntamálaráðherra að stofna í samvinnu við sveitarfélög, faggreinafélög, stéttarfélög, atvinnurekendur eða aðra hagsmuna- og áhugahópa fullorðinsfræðslumiðstöð, sbr. 33. og 34. gr. Samstarfsaðilar skulu gera með sér samning um starfsemina. Nánari ákvæði um þessa starfsemi skal setja í reglugerð.

XI. KAFLI
Skólasafn.

36. gr.

Í öllum framhaldsskólum skal vera skólasafn. Hlutverk þess er að vera upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og kennara. Það skal búið bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist kennslugreinum skóla. Í tengslum við húsnæði skólasafns skal vera lesaðstaða með aðgangi að upplýsingaritum á skólasafni.

Í starfsemi skólasafns skal leggja áherslu á að þjálfa nemendur í sjálfstæðri leit upplýsinga og notkun gagnabanka.

XII. KAFLI
Stofnun og bygging framhaldsskóla.

37. gr.

Ríki eða sveitarfélög, eitt eða fleiri, geta haft frumkvæði að stofnun nýs framhaldsskóla en skóli verður þó eigi stofnaður nema með samþykki Alþingis. Ákvæði þetta á þó ekki við um skóla sem stofnaðir kunna að verða samkvæmt ákvæðum 41. gr.

Standi ríki og sveitarfélag/félög sameiginlega að stofnun framhaldsskóla skal gera samning milli aðila um nýframkvæmdir, stofnbúnað og endurbyggingu húsnæðis, sem ríki og sveitarfélög samþykkja að standa að, vegna framhaldsskóla. Þar skulu m.a. vera ákvæði um stjórn framkvæmda, byggingarhraða og greiðslustreymi. Heimilt er að fela

sveitarfélögum, sem aðild eiga að framhaldsskóla, að fara með undirbúning og umsjón með byggingarframkvæmdum.

Samningar um framkvæmdir skulu undirritaðir af menntamálaráðherra og fjármálaráðherra annars vegar og hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnum hins vegar. Fjármálaráðherra skal kynna fjárlaganefnd slíka samninga.

Kostnaður við byggingarframkvæmdir, aðrar framkvæmdir á lóð og stofnbúnað framhaldsskóla og heimavista við þá skiptist þannig að ríkissjóður greiðir 60% áætlaðs kostnaðar samkvæmt viðmiðunarreglum (normkostnaður) þegar sveitarfélag eða sveitarfélög annast undirbúning og verkframkvæmd. Hlutur sveitarfélags eða sveitarfélaga er þá sá hluti kostnaðar sem ríkissjóður greiðir ekki. Lóðir undir framhaldsskóla skulu sveitarfélög leggja til án kvaða eða gjalda. Þegar ríkissjóður ber ábyrgð á undirbúningi verks og stjórnar framkvæmdum, án íhlutunar sveitarfélags eða sveitarfélaga, greiðir sveitarfélag eða sveitarfélög 40% miðað við normkostnað en ríkissjóður hinn hlutann. Heimilt er ráðuneytinu að semja um aðra kostnaðaraðild þegar um búnað verknámshúsnæðis er að ræða að fengnu samþykki fjárlaganefndar.

Ákveði Alþingi að stofna skóla án aðildar sveitarfélags eða sveitarfélaga greiðist allur stofnkostnaður úr ríkissjóði.

Þar sem heimavistir verða reistar í tengslum við framhaldsskóla má gerð húsnæðis og búnaðar miðast við að nýta megi aðstöðuna til gistihúsarekstrar utan reglulegs skólatíma. Um umframkostnað, sem af því kann að leiða, skal samið sérstaklega milli byggingaraðila. Um notkun heimavistarhúsnæðis utan skólatíma skal gerður sérstakur samningur og hann staðfestur af menntamálaráðuneytinu.

Menntamálaráðherra skal í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga setja viðmiðunarreglur um stærð og gerð húsnæðis fyrir framhaldsskóla og málsmeðferð varðandi undirbúning framkvæmda samkvæmt þessari grein. Menntamálaráðuneytið skal að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga setja reglur um viðmiðun stofnkostnaðar og búnaðar (norm) er skipting áætlaðs byggingarkostnaðar miðist við.

38. gr.

Skólamannvirki þau, sem lög þessi taka til, skulu vera eign ríkis og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur eða hefur verið greiddur sé um eldra húsnæði að ræða.

Verði húsnæði framhaldsskóla ráðstafað til annarra nota en framhaldsskólanáms skulu eignaraðilar gera með sér samkomulag þar um. Verði eign seld öðrum hvorum eignaraðila skal hún metin af dómkvöddum mönnum.

XIII. KAFLI
Rekstur framhaldsskóla.

39. gr.

Ríkissjóður greiðir samkvæmt lögum þessum rekstrarkostnað framhaldsskóla. Hver skóli er sjálfstæð rekstrareining og hefur sérstaka fjárveitingu á fjárlögum. Menntamálaráðherra gerir tillögur til fjárveitingar á fjárlögum til hvers skóla á grundvelli samþykktrar kennslu- og fjárhagsáætlunar skólans til þriggja ára. Áætlun þessi skal endurskoðuð árlega með tilliti til nemendafjölda skólans.

Ríkissjóður greiðir allan launakostnað vegna kennslu, stjórnunar og annarra starfa. Menntamálaráðherra skal gefa út reglugerð þar sem settar eru fram reglur (reiknilíkan) til að reikna út kennslukostnað skóla. Við útreikninga þessa skal miðað við fjölda nemenda, lengd og tegund náms, fjölda kennslustunda á viku samkvæmt aðalnámskrá, kostnað sem leiðir af kjarasamningum og annað sem kann að skipta máli. Í reglugerð þessari skulu einnig vera viðmiðunarreglur um framlög til annarra starfa en kennslu.

Auk launakostnaðar greiðir ríkissjóður annan rekstrarkostnað skóla, svo og viðhald húsa og tækja. Rekstrarframlag er greitt til skóla samkvæmt ákvæðum í samningi er gerður skal við menntamálaráðuneytið. Heimilt er skólanefnd, ef þörf krefur, að millifæra fé af rekstrarlið fjárlaga til launaliðar og af launalið til rekstrarliðar.

Meiri háttar viðhald framhaldsskóla í eigu ríkissjóðs skal greitt af sérstakri fjárveitingu til þessa verkefnis sem ákveðin er í fjárlögum í samræmi við sérstaka viðhaldsáætlun til þriggja ára í senn sem menntamálaráðherra gerir. Um undirbúning viðhaldsframkvæmda og umsjón með þeim fer með sama hætti og aðrar slíkar framkvæmdir á vegum ríkisins.

Heimilt er að ráða sérstakan fjármálafulltrúa til þess að annast fjárreiður skóla og bókhald og starfar hann undir stjórn skólameistara.

40. gr.

Þar sem talið er nauðsynlegt að reka heimavist við framhaldsskóla er ríkið rekur greiðir ríkissjóður kostnað við umsjón og almennan rekstur. Nemendur bera sjálfir hluta sérgreinds kostnaðar í heimavistum og rekstri mötuneyta samkvæmt sérstökum reglum sem menntamálaráðherra setur.

Skólameistari hefur umsjón með rekstri heimavistar og mötuneytis nemenda.

XIV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

41. gr.

Einkaaðilar eða samtök geta stofnað og rekið skóla á framhaldsskólastigi.

Menntamálaráðherra getur veitt slíkum skólum viðurkenningu á grundvelli laga og reglugerða er varða framhaldsskóla og rekstur þeirra að uppfylltum skilyrðum sem sett skulu í reglugerð.

Ekki eiga einkaskólar kröfu til styrks af almannafé. Alþingi ákveður framlag ríkissjóðs til þessara skóla. Njóti einkaskólar framlags af opinberu fé skal gerður verksamningur milli menntamálaráðherra og rekstraraðila skólans um fjárveitingu, rekstur, stjórnun og eigur eftir því sem við á.

42. gr.

Samtök atvinnurekenda og launþega geta gerst aðilar að stofnun og/eða rekstri framhaldsskóla eða hluta hans. Um slíka aðild skal gerður samningur milli aðila er kveði á um framlög og aðild að stjórnun hans, ef um slíkt á að vera að ræða.

43. gr.

Heimilt er að nýta skólahúsnæði til félagsstarfsemi utan reglulegs skólatíma enda greiðist fyrir leiga sem nemur a.m.k. kostnaði fyrir rafmagn, hita, ræstingu og vörslu. Skólanefnd setur almennar reglur um slíka ráðstöfun skólahúsnæðis.

Hagnaði af leigu skólahúsnæðis og heimavista, sbr. 40. gr., skal verja til viðhalds og endurnýjunar húsnæðis og búnaðar.

44. gr.

Menntamálaráðherra getur heimilað framhaldsskóla að gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs með undanþágu frá ákvæðum laga þessara og reglugerðum er settar kunna að verða samkvæmt þeim.

Um fjárframlög til tilraunastarfs af þessu tagi fer samkvæmt ákvörðun Alþingis hverju sinni. Slíkum tilraunum skulu ávallt sett eðlileg tímamörk og í leyfi kveðið á um úttekt að tilraun lokinni.

45. gr.

Árlega skal veita fé á fjárlögum til Þróunarsjóðs framhaldsskóla og heyrir hann undir menntamálaráðherra sem setur reglur um styrkveitingar úr sjóðnum.

46. gr.

Menntamálaráðherra gerir Alþingi grein fyrir framkvæmd skólastarfs í framhaldsskólum landsins á þriggja ára fresti.

XV. KAFLI
Gildistaka, brottfallin lög o.fl.

47. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1996 og skulu komin að fullu til framkvæmda í upphafi skólaársins 2000–2001.

48. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um framhaldsskóla, nr. 57/1988, með áorðnum breytingum, lög um fiskvinnsluskóla, nr. 55/1971, með áorðnum breytingum, og lög um almenna fullorðinsfræðslu, nr. 47/1992.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Ákvæði í 24. gr. um samræmd lokapróf úr framhaldsskóla skulu ekki komin að fullu til framkvæmda fyrr en skólaárið 2000–2001.

II.

Ákvæði um starfsnám í 25.–32. gr. skulu vera komin til fullra framkvæmda innan fjögurra ára frá gildistöku laga þessara. Menntamálaráðherra setur í reglugerð áætlun um framkvæmd ákvæða greina þessara að höfðu samráði við samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi, sbr. 26. gr. Ef þörf þykir skal fara fram endurskoðun þessara lagagreina í kjölfar úttektar á framkvæmd þeirra.

III.

Næstu fjögur ár frá gildistöku laganna getur menntamálaráðherra veitt heimild til að umsækjandi gangi undir verklegt sveinspróf í löggiltri iðngrein án undangengins skólanáms enda liggi fyrir: (a) vottorð um að viðkomandi hafi unnið við iðnina í 10 ár undir stjórn meistara; (b) vottorð iðnmeistara um að hann telji umsækjanda hæfan til að

gangast undir sveinspróf og (c) umsagnir viðkomandi sveinafélags og starfsgreinaráðs. Standist umsækjandi prófið öðlast hann sveinsbréf sem veitir þó ekki rétt til inngöngu í meistaraskóla.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Það frumvarp, sem hér liggur fyrir, var upphaflega samið af nefnd um mótun menntastefnu sem Ólafur G. Einarsson, þáverandi menntamálaráðherra, skipaði 11. mars 1992. Nefndin skilaði áfangaskýrslu í janúar 1993 þar sem gerð var grein fyrir helstu hugmyndum nefndarinnar og lokaskýrslu skilaði nefndin í júlí 1994. Frumvarp til laga um framhaldsskóla var lagt fram til kynningar á 117. löggjafarþingi 1993–94. Í kjölfar umræðna og umsagna voru gerðar nokkrar breytingar á frumvarpinu og var það síðan lagt fram aftur nokkuð breytt á 118. löggjafarþingi 1994–95 en hlaut ekki afgreiðslu.

Að loknum stjórnarskiptum í lok apríl 1995 fól Björn Bjarnason menntamálaráðherra alþingismönnunum Sigríði Önnu Þórðardóttur og Hjálmari Árnasyni að fara yfir frumvarpið og skiluðu þau niðurstöðum sínum með bréfi dags. 11. ágúst 1995. Síðan var frumvarpið yfirfarið af embættismönnum í menntamálaráðuneytinu og það fært í endanlegan búning.

Helstu breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu eru þessar:

1. 3. gr. er breytt þannig að gert er ráð fyrir að árlegur starfstími framhaldsskóla *verði eigi skemmri* en níu mánuðir en samkvæmt greininni í upphaflegri mynd var kveðið á um nákvæmlega níu mánuði. Þessi breyting er gerð til þess að opna möguleika á því að lengja starfstíma skóla umfram níu mánuði, t.d. ef farið verður inn á þá braut að starfrækja skóla að sumarlagi sem nokkuð hefur verið rætt um.
2. Í 1. mgr. 4. gr. er bætt við ákvæði um að ráðherra skuli setja reglugerð um framkvæmd greinarinnar. Heimild þessi lýtur að því að ráðherra geti með reglugerð mælt fyrir um framkvæmd þeirra þátta sem tíundaðir eru í lagaákvæðinu. Þar koma m.a. til álita reglur um agamál, framkvæmd eftirlits og hvernig staðið skuli að öflun og dreifingu upplýsinga.
3. Við 6. gr. er bætt ákvæði þess efnis að um *skólanefndir sérskóla skuli ákveðið í reglugerð*, sbr. 1. gr. frumvarpsins, en slíkt ákvæði var ekki í fyrri gerð þess og er heldur ekki í núgildandi lögum. Þetta er nauðsynlegt vegna þess að sú samsetning skólanefndar, sem kveðið er á um í lögunum, hentar ekki fyrir sérskóla sem þjóna landinu öllu. Starfsemi sérskóla er yfirleitt mjög sérhæfð og því eðlilegt að í skólanefndum slíkra skóla eigi sæti fulltrúar sem eru kunnugir viðkomandi starfssviði.
4. Í 9. gr. er bætt inn orðunum: *og kemur tillögum sínum á framfæri við skólanefnd og skólaráð*. Almennur kennarafundur er vettvangur þar sem kennarar geta haft áhrif á stefnumótun og þróun innra starfs skólans, þar með talin þróun skólanámskrár. Það er því mikilvægt að taka af öll tvímæli um það að ályktanir og tillögur, sem kennarafundur samþykkir, skuli berast skólanefnd og skólaráði til umfjöllunar.
5. Í 11. gr. hefur heitið „skólasafnverðir“ verið tekið út og í staðinn kemur *starfsfólk skólasafns*. Samstarfshópur bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum gerði athugasemd við notkun heitisins skólasafnvörður og telur heppilegra að nota hugtakið starfsfólk bókasafna. Á bókasöfnum framhaldsskólanna vinna bókasafnsfræðingar og aðstoðarfólk með mismikla menntun. Telur samstarfshópurinn „að starfsheitið skólasafnvörður gefi villandi hugmyndir um starfssvið þeirra sem vinna á bókasöfnum sem felst aðallega í skipulagningu og miðlun upplýsinga“.

Þróunin á undanförnum árum hefur verið sú að starfsemin á bókasöfnum skóla hefur breyst verulega og er nú fjölþættari en áður var, enda er nú frekar talað um skólasafn en bókasafn. Því er lagt til að notað verði hugtakið *starfsfólk skólasafna.*

6. Í 12. gr. er ákvæði um umsóknarfrest fyrir námsorlof kennara tekið út, en eðlilegra þykir að umsóknarfrestur verði tilgreindur í reglugerð.
7. 16. gr. er breytt. Bætt er við einni tegund námsbrauta, *listnámsbrautum.* Það sem sagði í greininni um próf er fellt út en heitin *stúdentspróf og burtfararpróf af starfsmenntabrautum* eru tekin inn í 24. gr. Þá er ákvæði um nám til meistaraprófs fellt út en þetta nám er eðlilegur hluti náms í framhaldsskóla og því ekki ástæða til að taka það fram sérstaklega. Í greininni var kveðið á um að almenn námsbraut skyldi vera hluti af námi á bók- og starfsnámsbrautum en orðalagi er breytt þannig að þessi möguleiki er fyrir hendi en ekki skilyrði. Ákvæði um að við stofnun námsbrauta skuli tekið mið af eðlilegri sérhæfingu og verkaskiptingu framhaldsskólanna er tekið út en í staðinn kemur ákvæði um að stofnun nýrra námsbrauta skuli háð samþykki menntamálaráðherra.
8. Í 2. mgr. 17. gr. er felldur brott málsliðurinn: *Áherslur í almennum greinum skulu miðast við lokamarkmið námsbrautar.* Í 1. málsl. greinarinnar segir að námsbrautir framhaldsskóla skuli skipulagðar í samræmi við lokamarkmið námsins.
9. Í 1. málsl. 20. gr. eru felld brott orðin: *sem öðru tungumáli.* Með málsliðnum er lögð áhersla á að þeir nemendur, sem hér eiga hlut að máli, skuli eiga kost á sérstakri kennslu í íslensku og er ekki ástæða til að auðkenna íslensku fyrir það fólk sem hér um ræðir sérstaklega. Bætt er við ákvæði um *íslenska nemendur sem dvalist hafa lengi erlendis* og hafa takmarkaða kunnáttu í íslensku. Einnig er bætt við ákvæði um *rétt heyrnarlausra nemenda til sérstakrar kennslu í íslensku* og skýra hin nýju ákvæði sig sjálf.
10. Í 21. gr. er bætt við ákvæði þess efnis að *tilkynningu um gildistöku aðalnámskrár eða hluta hennar skuli birta í Stjórnartíðindum.* Slíkt ákvæði var ekki í fyrra frumvarpi og er ekki heldur í núgildandi lögum. Námskrár eru taldar vera ígildi reglugerða en aðferðir við birtingu þeirra hafa verið nokkuð á reiki. Hér er tekinn af allur vafi í málinu.
11. Í 24. gr. er bætt inn eftirfarandi: *svo sem stúdentspróf og burtfararpróf af starfsmenntabrautum,* sbr. 5. tölul. hér að framan. Felld er brott setningin: *„Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála hefur umsjón með gerð samræmdra prófa fyrir framhaldsskóla og úrvinnslu samræmdra lokaprófa."* Er talið eðlilegt að fleiri geti komið að þessu máli en ein opinber stofnun. Þá er tekið fram að í reglugerð skuli kveðið á um *framkvæmd samræmdra prófa og sveinsprófa.*
12. Í 26. gr. var kveðið á um að fimm fulltrúar skyldu skipaðir í samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi án tilnefningar. Þessu er breytt þannig að *tveir verði tilnefndir af samtökum kennara og skólastjórnenda og þrír án tilnefningar.* Þessi breyting felur í sér að samtök kennara og skólastjórnenda tilnefna fulltrúa í samstarfsnefndina úr sínum röðum beint en ráðherra verður ekki gert að velja tvo fulltrúa úr þessum samtökum eins og kveðið var á um í fyrri gerð greinarinnar.
13. Í 33. gr. eru felld brott orðin: *fyrir nemendur 20 ára og eldri,* og einnig orðin: *og kennslugögn.*

Aldurstakmarkið er fellt brott vegna þess að í ljós hafa komið tilvik þar sem nauðsynlegt er að heimila yngra fólki aðgang að öldungadeildum. Sem dæmi um þetta eru nemendur sem eru komnir að því að ljúka námi en geta af einhverjum

ástæðum ekki tekið áfanga í dagskóla sem þeim er skylt að taka. Hins vegar er þessi áfangi í boði í öldungadeild, e.t.v. í öðrum skóla. Gert er ráð fyrir að um aðgang að öldungadeildum verði sett skýr ákvæði í reglugerð.

Ákvæðið um að nemendur í öldungadeild skuli greiða fyrir námsgögn er einnig fellt brott vegna þess að það er almenn regla í framhaldsskólum að nemendur skuli bera kostnað vegna kennslugagna sjálfir og því ætti að vera óþarft að taka það fram í lögum fyrir þennan hóp nemenda sérstaklega.

14. 35. gr. er ný. Ákvæði greinarinnar gefa framhaldsskólum heimild til að stofna í samvinnu við sveitarfélög, faggreinafélög, stéttarfélög, atvinnurekendur og aðra hagsmuna- og áhugahópa fullorðinsfræðslumiðstöð til þess að starfrækja endurmenntunarnámskeið eða annars konar nám sem fjallað er um í 33. og 34. gr.

Þessari grein er bætt inn vegna þess að slíkar miðstöðvar geta orðið markviss og öflugur þáttur í alhliða uppbyggingu og þróun viðkomandi byggðarlags. Verksvið þeirra fellur að mestu utan hefðbundinna verkefna framhaldsskólanna og með starfsemi þeirra er leitast við að fullnægja þörf fyrir menntun og þjálfun sem ekki er sinnt með öðrum hætti. Auk þess er með þessum hætti leitast við að efla samstarf skóla og atvinnulífs. Annars staðar á Norðurlöndum hefur fengist jákvæð reynsla af rekstri þjónustumiðstöðva af þessum toga auk þess sem þær hafa haft jákvæð áhrif á þróun framhaldsskólanna.

15. 41. gr. sem var 40. gr. er ítarlegri en áður. Samkvæmt greininni *geta einstaklingar eða samtök stofnað og rekið einkaskóla* og menntamálaráðherra getur *veitt þeim viðurkenningu til starfa að uppfylltum tilteknum skilyrðum.* Þá er kveðið á um það að njóti einkaskóli styrks af opinberu fé skuli gerður *verksamningur milli menntamálaráðherra og rekstraraðila skólans* um þau atriði starfseminnar sem eðlilegt þykir að binda í sérstökum samningi.

Eins og nú er háttað starfa fjölmargir einkaskólar í landinu og með þessari lagagrein er ekki verið að leggja stein í götu þeirra sem vilja koma á fót slíkri starfsemi. Fræðsla, sem þessir skólar bjóða, er mjög misjöfn að gæðum og ekki er gert ráð fyrir neinu opinberu eftirliti með henni hér eftir frekar en hingað til. Hins vegar er gert ráð fyrir að þeir sem þess óska geti sótt um viðurkenningu menntamálaráðherra á starfseminni og ef hún fæst mundi það væntanlega styrkja hana og vekja á henni aukið traust. Gert er ráð fyrir að skilyrði, sem uppfylla þarf til þess að hljóta viðurkenningu, verði skilgreind í reglugerð.

16. Greinin um Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands sem var 42. gr. er felld brott. Er það gert með vísan til 41. gr. sem veitir heimildir til að semja við skólana á þeim forsendum sem getið er í greininni.

17. Í 48. gr. er bætt við ákvæðum þess efnis að lög um almenna fullorðinsfræðslu, nr. 47/1992, og lög um fiskvinnsluskóla, nr. 55/1971, verði felld úr gildi.

Lög um almenna fullorðinsfræðslu, nr. 47/1992, átti að endurskoða samkvæmt ákvæði í 16. gr. laganna eigi síðar en þremur árum eftir gildistöku þeirra. Lögin hafa reynst gölluð og þau hafa ekki komið til framkvæmda nema að takmörkuðu leyti. Við samningu þessa frumvarps hefur því verið leitast við að finna flestum þeim verkefnum sem lögin taka til stað innan framhaldsskólakerfisins.

Lög um almenna fullorðinsfræðslu taka til eftirtalinna þátta:

a. náms á grunn-, framhalds- eða háskólastigi sem skipulagt er sérstaklega fyrir fullorðna og ekki er fjallað um í öðrum lögum,

b. almennrar lýðfræðslu og tómstundanáms sem ekki fellur undir a-lið,
c. þróunarstarfs innan almennrar fullorðinsfræðslu.

Miðað við þær breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpi til laga um framhaldsskóla verður ekki annað séð en að megnið af þeirri starfsemi sem að framan er lýst rúmist innan þess ramma sem frumvarpið markar og því er lagt til að lögin verði felld úr gildi. Ekki er hér tekin afstaða til fjármögnunar verkefna sem falla undir b-lið, sbr. 11. og 12. gr. laganna um menntunarsjóð fullorðinna.

Eftirfarandi greinargerð fylgdi frumvarpinu þegar það var lagt fram á 118. löggjafarþingi 1994–95. Tilvísunum í einstakar greinar frumvarpsins hefur verið breytt þar sem greinanúmerum hefur verið breytt. Auk þess hefur mynd um skipulag framhaldsskólans samkvæmt fyrri gerð frumvarpsins verið felld brott:

Frumvarp þetta var samið af nefnd sem Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra skipaði 11. mars 1992 til að endurskoða lög um grunn- og framhaldsskóla og móta menntastefnu. Nefnd um mótun menntastefnu skilaði áfangaskýrslu í janúar 1993 og voru þar reifaðar helstu hugmyndir hennar um áherslur í skólastarfi. Var skýrslan víða kynnt og send fjölmörgum aðilum til umsagnar. Frumvarpið var unnið á grundvelli áfangaskýrslunnar, umsagna um hana og viðræðna við fjölmarga aðila. Í lokaskýrslu nefndarinnar er sett fram heildstæð skólastefna fyrir grunn- og framhaldsskóla. Nefnd um mótun menntastefnu skipuðu: Sigríður Anna Þórðardóttir alþingismaður, formaður nefndarinnar, Arnar Þórisson viðskiptafræðingur, Árni Sigfússon borgarfulltrúi, Björn Búi Jónsson, kennari við Menntaskólann í Reykjavík, Björn L. Halldórsson lögfræðingur, Halldóra J. Rafnar, menntamálafulltrúi VSÍ, Haukur Helgason, skólastjóri Öldutúnsskóla í Hafnarfirði, Helgi Jónasson, fræðslustjóri Reykjanesumdæmis, Ingibjörg Guðmundsdóttir, fræðslufulltrúi MFA, Ingimundur Sigurpálsson, bæjarstjóri í Garðabæ, Linda Rós Mikaelsdóttir, kennari í Álftamýrarskóla í Reykjavík, María Þ. Gunnlaugsdóttir, aðstoðarskólameistari Flensborgarskóla í Hafnarfirði, Ólafur H. Jóhannsson, endurmenntunarstjóri Kennaraháskóla Íslands, Sigurveig Sæmundsdóttir, kennari í Hofsstaðaskóla í Garðabæ, Sólrún Jensdóttir, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu, Stefán Baldursson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu, Trausti Þorsteinsson, fræðslustjóri Norðurlandsumdæmis eystra, Þórleifur Jónsson, viðskiptafræðingur hjá Samtökum iðnaðarins.

Með nefndinni störfuðu Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, ráðgjafi menntamálaráðherra í skólamálum, og Kristrún Ísaksdóttir og Margrét Harðardóttir, deildarsérfræðingar í menntamálaráðuneytinu. Þá starfaði Guðríður Sigurðardóttir ráðuneytisstjóri með nefndinni til loka janúar 1993. Auk þess veittu Hörður Lárusson, deildarstjóri framhaldsskóladeildar, og fleiri starfsmenn skrifstofu menntamála og vísinda nefndinni ýmis góð ráð og ábendingar.

Tillaga að frumvarpi til laga um framhaldsskóla var samþykkt samhljóða á fundi nefndarinnar 15. febrúar 1993. Björn Búi Jónsson og María Þ. Gunnlaugsdóttir skiluðu séráliti um 3. gr. og 3. efnisgr. 16. gr. og Björn Halldórsson tók ekki afstöðu til þáverandi 37. gr.

Frumvarpsdrög nefndarinnar voru kynnt helstu hagsmunaaðilum í febrúar og marsmánuði 1994. Gerðar voru breytingar á frumvarpinu með hliðsjón af ábendingum þessara aðila og það síðan lagt fyrir til kynningar á Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94. Með hliðsjón af opinberri umræðu frá þeim tíma hafa enn verið gerðar nokkrar breytingar á frumvarpinu. Fallið hefur verið frá fyrirhugaðri lengingu á skólaárinu úr níu mánuðum í tíu og lágmarksfjöldi kennsludaga lækkaður úr 160 í 150. Jafnframt er fallið frá

fækkun námsára til stúdentsprófs og öll ákvæði um lengd námstíma tekin út (16. gr.). Auk þess er kveðið á um það í 16. gr. að nám á almennri námsbraut skuli metið sem hluti af námi á bók- og starfsnámsbrautum. Í frumvarpið var bætt nýrri grein um rétt nemenda, sem hafa annað móðurmál en íslensku, til sérstakrar íslenskukennslu (20. gr.). Einnig hefur verið bætt inn ákvæði um að sveitarfélög skuli leggja til lóðir fyrir framhaldsskóla, án kvaða eða gjalda (37. gr.), ásamt því að í grein um rekstur framhaldsskólans hefur verið bætt inn heimildarákvæði um að skólanefnd geti fært fé á milli rekstrar- og launaliða fjárlaga (39. gr.).

Heildarendurskoðun grunn- og framhaldsskólalaga.

Síðastliðin tvö ár hefur verið unnið að heildarendurskoðun á lögum um grunn- og framhaldsskóla á vegum menntamálaráðuneytis. Við endurskoðunina var tekið mið af rannsóknum sem til eru um þessi skólastig og viðhorfum til skólastarfs innan lands og utan, svo og reynslu kennara, skólastjórnenda, aðila atvinnulífs og almennings af skólastarfi og árangri þess.

Endurskoðun grunnskólalaga felur í sér breytingu á stjórnun grunnskóla sem er afleiðing af áætlaðri yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaga. Jafnframt er gert ráð fyrir að við endurskoðun námskrár fyrir grunn- og framhaldsskóla verði hugað meira að tengslum beggja skólastiga og reynt að líta á skólagöngu nemenda frá upphafi grunnskóla til loka framhaldsskóla sem heildstætt ferli þar sem nemendur þroskast og verða sjálfstæðari eftir því sem lengra dregur í náminu. Skólarnir eru uppeldis- og menntastofnanir sem gegna veigamiklu hlutverki í því að vekja ungt fólk til ábyrgrar og virkrar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.

Staða framhaldsskólans í dag.

Kröfur til framhaldsskólans hafa breyst mjög á síðastliðnum árum. Breiður hópur nemenda sækir nú nám í framhaldsskóla og lætur nærri að um 85% árgangs hefji þar nám. Hér er um að ræða alþjóðlega þróun en aukin aðsókn að framhaldsskólanámi hér á landi hófst skömmu fyrir 1970. Frá miðjum áttunda áratugnum var sú skólagerð sem nú er ríkjandi á framhaldsskólastiginu að byrja að þróast þótt ekki væri nein heildarlöggjöf til um þetta skólastig. Víða um land voru stofnaðir fjölbrautaskólar eða aðrir framhaldsskólar sem ætlað var að bjóða fjölbreyttar námsleiðir á sviði bók- og starfsnáms. Markmið með stofnun fjölbrautaskóla var að tengja saman námsheðir bóknáms og starfsnáms með það að leiðarljósi að gera báðum jafnhátt undir höfði. Óhætt er að fullyrða að þessu marki hafi ekki verið náð því að vægi bóknáms hefur í raun stóraukist og mikil áhersla verið lögð á nám á bóknámsbrautum til stúdentsprófs. Tölur um brottfall nemenda benda til þess að stór hluti nemendahópsins fái ekki nám við hæfi í framhaldsskólum. Í skýrslunni „Námsferill í framhaldsskóla" kemur t.d. fram að í árgangi nemenda sem fæddir eru 1969 hafa 58% pilta og 50% stúlkna ýmist ekki farið í framhaldsskóla, hætt námi eða ekki tekist að ljúka því við 22 ára aldur, þ.e. sex árum eftir að þeir luku grunnskóla.[1]

Í skýrslu OECD frá árinu 1987 um menntastefnu á Íslandi er bent á að framhaldsskólinn sé það stig íslenska skólakerfisins þar sem mest skortir ákveðna og formlega stefnu. Þar segir m.a. að framhaldsskólar hafi ekki „verið skuldbundnir til að fylgja af-

[1] Jón Torfi Jónasson (1992): *Námsferill í framhaldsskóla.* Helstu niðurstöður. Félagsvísindastofnun. Töflur 4.1 og 4.3.

markaðri stefnu"[2] og að aðstandendur framhaldsskólanna „greini enn á um í hverju framhaldsmenntun skuli vera fólgin og hver skuli vera markmið hennar og skipulag"[3]. Nú sjö árum síðar á þessi gagnrýni enn við rök að styðjast þrátt fyrir að sett hafi verið lög um framhaldsskóla. Gildandi lög um framhaldsskóla voru samþykkt árið 1988 og þeim síðan breytt árið 1989. Þar voru m.a. afnumin öll inntökuskilyrði á einstakar brautir framhaldsskóla. Afnám inntökuskilyrða samkvæmt þessum lögum og fækkun samræmdra prófa við lok grunnskóla hefur fært grunnskólanemendum þau skilaboð að námsárangur í grunnskóla skipti litlu um námsmöguleika og árangur á síðari skólastigum. Framhaldsskólakennarar hafa kvartað yfir ónógum undirbúningi nemenda úr grunnskólum og því að stór hluti nemenda sem skráðir eru á lengri bók- og starfsnámsbrautir sé ekki fær um að takast á við settar námskröfur. Að öðru leyti var gildandi framhaldsskólalögum fyrst og fremst ætlað að setja ramma utan um það skólastarf sem þegar fór fram í framhaldsskólum og hafa því haft lítil mótandi áhrif á innihald þess og skipan.

Skýr stefna um markmið, skipulag og framkvæmd náms.

Það frumvarp, sem nú er lagt fram, felur í sér breytingu frá gildandi lögum þar sem nú er mörkuð skýr stefna um skólastarf á framhaldsskólastigi, hlutverk þess, skipulag og starfshætti. Í hlutverkagrein frumvarpsins (2. gr.) er lögð aukin áhersla á almennt menntunarhlutverk framhaldsskólans, auk þess sem honum er áfram ætlað að búa nemendur undir störf í atvinnulífi og áframhaldandi nám. Þau námsmarkmið framhaldsskólans, sem einkum eiga að stuðla að almennri menntun nemenda og búa þá undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi, eru sameiginleg á öllum námsbrautum. Þau skulu skilgreind í aðalnámskrá en skólum ætlað að útfæra þau eftir aðstæðum, bæði í sérstökum námsáföngum og sem hluta af námi í einstökum námsgreinum.

Markmiðum og skipulagi framhaldsmenntunar eru gerð mun nákvæmari skil í frumvarpi þessu (VI. og VII. kafli) en í gildandi lögum. Lögð er áhersla á skýrari námsuppbyggingu í framhaldsskólum og breyttar áherslur í námsframboði. Frumvarpið kveður á um að öllum nemendum sem lokið hafa grunnskólanámi skuli tryggður aðgangur að námi í framhaldsskóla en sett eru ákveðin inntökuskilyrði á námsbrautir hans (15. gr.). Kveðið er á um mismunandi tegundir námsbrauta og hlutverk þeirra (16. gr.), lögð áhersla á að allar námsbrautir framhaldsskólans skuli skipulagðar í samræmi við lokamarkmið námsins (17. gr.) en horfið frá því ákvæði gildandi laga að námsefni og kennsla hvers áfanga skuli nýtast sem hluti af námi á sem flestum námsbrautum. Nemendur, sem ekki hafa tilskilinn undirbúning til að hefja nám á námsbrautum framhaldsskóla, skulu eiga kost á eins árs *fornámi* (15. og 18. gr.). Loks er kveðið á um að fötluðum nemendum skuli standa til boða nám í *sérstökum deildum* (19. gr.) og er þar um að ræða lögfestingu á námsframboði sem hefur verið að þróast á síðustu árum.

Í VIII. kafla frumvarpsins er fjallað um framkvæmd skólastarfs í framhaldsskólum. Þar eru ákvæði um *aðalnámskrá framhaldsskóla* (21. gr.) sem skólastarf á framhaldsskólastigi byggist á. Í henni skal skilgreint allt nám sem í boði er í hinu opinbera framhaldsskólakerfi og markmið einstakra námsbrauta og uppbygging þeirra, svo og markmið einstakra námsgreina og námsþátta. *Skólanámskrár* (22. gr.) skulu unnar í skólunum undir faglegri forustu skólameistara og er ætlað að útfæra nánar markmið aðal-

---

[2] Menntamálaráðuneytið/OECD (1987): Menntamálanefnd: Skýrsla um menntastefnu á Íslandi. Efnahags- og framfarastofnunin, bls. 21.

[3] Menntamálaráðuneytið/OECD (1987): bls. 21.

námskrár fyrir hið daglega skólastarf svo og að marka áherslur í starfi skólans. Skólanámskrá er hvort tveggja í senn innra stjórntæki skóla og upplýsingarit fyrir nemendur og almenning um áherslur í starfi skólans, skipulag og sérstöðu. Í þessum kafla frumvarpsins er og kveðið á um að skólar skuli taka upp *aðferðir til að meta innra starf sitt* (23. gr.) en í nágrannalöndunum er lögð mikil áhersla á innra gæðamat sem fyrst og fremst er í höndum starfsfólks skólanna og þykir gefa góða raun í bættu skólastarfi.

Frumvarpið felur einnig í sér nýja *stefnumörkun um starfsnám á framhaldsskólastigi*, stjórnun þess og framkvæmd (IX. kafli). Þar er gert ráð fyrir mun virkari þátttöku aðila atvinnulífs í tillögugerð og stefnumótun og skapaður vettvangur fyrir samstarf aðila atvinnulífs og skólamanna um framkvæmd starfsnáms.

Tengsl skóla og samfélags.

Í skýrslu OECD kom fram að einangrun skólanna var talin mikið vandamál í íslensku skólakerfi. Í henni fólst ábending til íslenskra stjórnvalda um að efla bæri tengsl menntunar við samfélagið í heild, „þ.e. tengsl við fjölskylduna, vinnumarkaðinn og menninguna“[4]. Nefnd OECD taldi nám í framhaldsskólum vera yfirborðskennt, þar væri „lítið tillit tekið til þarfa sérhvers einstaklings eða þarfa hins íslenska vinnumarkaðar“ og að samráð skorti milli háskóla og framhaldsskóla.[5]

Í frumvarpi til laga um framhaldsskóla eru skapaðar forsendur til að auka tengsl framhaldsskólans við það þjóðfélag sem hann þjónar. Stefnt er að því að gera skólastarfið sýnilegra og vinna þannig að auknum skilningi á starfi skólanna, m.a. með aukinni upplýsingamiðlun til almennings. Skólar skulu gefa út *skólanámskrá* sem veitir upplýsingar um áherslur skólans og starfshætti (22. gr.) en menntamálaráðuneyti er falið að dreifa upplýsingum um skólastarf í framhaldsskólum (4. gr.). Einnig eru tengsl skólanna við nánasta umhverfi aukin verulega með breyttu hlutverki skólanefnda. Skólanefnd skipa fimm fulltrúar úr sveitarfélögum sem að skólanum standa, tilnefndir af sveitarstjórn og menntamálaráðherra. Nefndin fær nú það hlutverk að ákveða áherslur í starfi skólans og fylgjast með því að stefnumótuninni sé framfylgt. Þannig eru ákvarðanir um innra starf skólanna ekki teknar einhliða af skólafólki heldur ber því á hverjum tíma að rökstyðja stefnumörkun skólans fyrir fulltrúum þess samfélags sem skólinn þjónar. Tengsl framhaldsskólans við atvinnulífið eru einnig stóraukin með aukinni aðild fulltrúa þess að stefnumótun, stjórnun og framkvæmd starfsnáms. Þá eru skapaðar forsendur til betri tengsla framhaldsskóla og háskóla með tilkomu samræmdra lokaprófa úr framhaldsskóla. Gert er ráð fyrir að val á greinum til samræmdra stúdentsprófa og prófkröfur verði ákvarðaðar m.a. í samráði við fulltrúa háskólastigsins.

Ábyrgð og stjórnun: aukið sjálfstæði skóla.

Stefnt er að því að auka sjálfstæði skólanna um ákvarðanatöku í eigin málefnum. Forsenda fyrir auknu sjálfstæði skólanna er að stjórn þeirra verði styrkari. Í frumvarpinu er þess freistað að tengja betur völd og ábyrgð en hingað til hefur verið gert og afmarka eins og kostur er hlutverk og ábyrgð skólameistara og skólanefndar en völd skólanefndar eru aukin frá því sem nú er.

---

[4] Menntamálaráðuneytið/OECD (1987): bls. 40.

[5] Menntamálaráðuneytið/OECD (1987): bls. 22.

Skólameistarar eru forstöðumenn skóla og bera ábyrgð á faglegri stjórnun og daglegum rekstri (8. gr.). Ráðningarvald skólameistara er aukið þar sem ráðning starfsmanna er nú að öllu leyti á þeirra ábyrgð (11. gr.). Hins vegar er æviráðning skólameistara afnumin og gert ráð fyrir að þeir verði ráðnir eingöngu til fimm ára í senn (11. gr.). Skólameisturum til stuðnings við stjórnun skóla eru skólaráð, sem einkum er ætlað að fjalla um innri málefni skólans og mál einstakra nemenda, og skólanefndir.

Skólanefndir fá aukna ábyrgð á stjórnun skóla. Þeim er ætlað að marka áherslur í starfi skólans, m.a. með því að samþykkja skólanámskrá sem unnin er af fagfólki skólans. Þær gera árlega starfs- og fjárhagsáætlanir til þriggja ára og senda menntamálaráðuneyti til samþykkis og fylgjast með að skólahald sé í samræmi við faglega stefnumörkun (þ.e. skólanámskrá) og samþykktan fjárhagsramma sem skólanum er ætlað að starfa eftir (7. gr. og 22. gr.). Þannig má segja að núverandi valdsvið ráðuneytis sé að hluta til sett í hendur skólanefndar. Skólameistari er framkvæmdastjóri skólanefndar, undirbýr fundi hennar og fylgir eftir ákvörðunum hennar. Nýmæli er að skólanefndir skili árlega *starfs- og fjárhagsáætlun* til ráðherra til þriggja ára í senn. Þess er vænst að aukin festa náist í starfi skólanna þegar starfsáætlanir eru unnar nokkur ár fram í tímann þó svo að þær kunni að verða endurskoðaðar ef forsendur breytast milli ára.

Gert er ráð fyrir aukinni verkaskiptingu framhaldsskóla og að þeir sérhæfi sig í framboði tiltekinna námsbrauta og kjörsviða (16. gr.). Verkaskipting er talin forsenda þess að unnt verði að halda uppi í landinu framhaldsskólanámi sem stenst alþjóðlegar kröfur um gæði, ekki síst þá kröfu að kennslan sé í höndum kennara sem hafa sérhæfða menntun til kennslu í viðkomandi námsgreinum. Menntamálaráðuneytið veitir skólum heimild til að halda uppi tilteknu námi með því að samþykkja starfs- og fjárhagsáætlun skóla.

Í frumvarpinu er nýjung er varðar *fjárveitingar til skóla* þar sem gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra setji sérstaka reglugerð er kveði á um hvernig kennslukostnaður skóla skuli reiknaður (39. gr.). Þar með er horfið frá því að setja fastar viðmiðanir í lög. Þess í stað er reynt að nálgast kennslukostnað einstakra skóla með hjálp reiknilíkans. Þróun hlutlægra aðferða við að reikna út fjárveitingar til skóla og aukin stjórnunarábyrgð í skólum er forsenda þess að unnt verði að auka sjálfstæði skóla og koma á valddreifingu í skólakerfinu.

Öflugra innra skólastarf.

Innra starf framhaldsskóla er fyrst og fremst mótað af skólameisturum, kennurum og öðru starfsfólki skólanna. Brýnt er að skólafólk fái hvatningu til að leggja sitt af mörkum til að skólastarfið verði sem metnaðarfyllst. Fulltrúum OECD þótti sem andrúmsloft í íslenskum framhaldsskólum væri óþvingað og notalegt, en að námi og kennsluháttum væri í ýmsu ábótavant.[6]

Í frumvarpi þessu eru ákvæði sem miða að því að auka frumkvæði og ábyrgð skólafólks á mótun innra starfs skólanna og hvetja til umbótastarfs í skólum. Ber þar fyrst að nefna ákvæði um *skólanámskrá* (22. gr.) sem unnin skal af starfsfólki skólanna, undir faglegri forystu skólameistara. Vinna við gerð skólanámskrár er mikilvægur þáttur í gæðastjórnun hvers skóla. Í öðru lagi eru í frumvarpinu ákvæði um *reglulegt sjálfsmat starfsfólks á starfsháttum skóla* (23. gr.) sem gerir skólastjórnendur, kennara og annað starfsfólk ábyrgt fyrir því að fram fari stöðug endurskoðun á innra starfi skólans. Í þriðja

---

[6] Menntamálaráðuneytið/OECD (1987): bls. 21–22.

lagi er í frumvarpinu lögð áhersla á stöðugt þróunar- og tilraunastarf til að efla skólastarf á framhaldsskólastigi. Gert er ráð fyrir að stofnaður verði sérstakur *þróunarsjóður fyrir framhaldsskóla* (45. gr.) þar sem skólar geti sótt um styrki og er þannig hvatt til nýbreytnistarfa í skólum. Einnig er ákvæði um að menntamálaráðherra geti veitt skólum heimild til að gera *tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs* með undanþágu frá ákvæðum laga (44. gr.). Skilyrði fyrir slíkri heimild er að tilraunin sé takmörkuð við tiltekinn tíma og að úttekt verði gerð á árangri hennar.

Brýnt er að auka endurmenntun kennara í framhaldsskólum þar sem öflug og skipuleg endurmenntun er mikilvæg leið til að innleiða nýja starfshætti í skólum. Huga þarf að því hvernig betur megi tengja endurmenntun kennara við þarfir skólans á hverjum tíma.

Eftirlit með skólastarfi.

Á síðustu árum hafa aukist mjög kröfur um eftirlitsskyldu stjórnvalda með skólahaldi þannig að tryggt verði að allir skólar uppfylli lágmarksgæðakröfur. Frumvarpið gerir ráð fyrir að *eftirlit með skólastarfi* verði aukið á öllum stigum framhaldsskólakerfisins. Skólum er gert skylt að veita skólanefnd, nemendum og aðstandendum þeirra reglulega upplýsingar um skólastarfið, m.a. með útgáfu skólanámskrár (22. gr.). Einnig skulu þeir taka upp viðurkenndar aðferðir til að meta skólastarfið innan frá en slíkt mat verður m.a. hægt að tengja aðferðum altækrar gæðastjórnunar eða innleiðslu vottunarhæfra gæðakerfa (23. gr.). Úttekt skal gerð á sjálfsmatsaðferðum skóla á fimm ára fresti af utanaðkomandi aðila. Nánar er kveðið á um eftirlitsskyldu menntamálaráðuneytis, en það ber ábyrgð á ytra eftirliti með skólastarfi og námsefni, svo og dreifingu upplýsinga um skólastarf (4. gr.). Gert er ráð fyrir samræmdum lokaprófum í framhaldsskólum (24. gr.) en það er sjálfsagt réttlætismál fyrir nemendur, foreldra, viðtökuskóla og atvinnulíf að lokapróf allra framhaldsskóla séu jafngild. Loks er í frumvarpinu kveðið á um að menntamálaráðherra geri Alþingi grein fyrir framkvæmd skólastarfs í framhaldsskólum landsins á þriggja ára fresti (46. gr.) en brýnt er að Alþingi fylgist reglulega með framkvæmd skólahalds í landinu. Reglubundið eftirlit með skólastarfi og árangri þess miðar að því að tryggja að nám í framhaldsskólum sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá.

Réttur allra nemenda til náms — samræmdar námskröfur.

Nokkuð virðist skorta á að nemendum framhaldsskólans sé tryggt nám við hæfi þrátt fyrir að gildandi lög kveði á um rétt allra nemenda til náms. Lögin hafa verið túlkuð á þann veg að nemendur eigi rétt á að hefja hvaða nám sem er á framhaldsskólastigi óháð árangri í grunnskóla. Skólar hafa ekki verið í stakk búnir til að veita stórum hópi nemenda viðhlítandi þjónustu, mikið fall er við upphaf framhaldsskóla, nemendur eru oft mun lengur að ljúka námi en námskrá segir til um og margir hverfa frá námi án formlegra námsloka. Meðfylgjandi mynd[7] sýnir hlutfall þeirra nemenda sem ekki hafa lokið námi sex árum eftir grunnskólapróf. Þar kemur fram að íslenskir nemendur virðast skila sér álíka vel inn í framhaldsskóla og í nágrannalöndum, Danmörku og Noregi. Hins vegar ljúka hlutfallslega mun færri nemendur skilgreindum prófum í framhaldsskóla hér á landi. Þessi vandi hefur að sumu leyti ekki verið sýnilegur í íslensku samfélagi því að ungu

[7] Jón Torfi Jónasson (1992): Vöxtur menntunar á Íslandi og tengsl hennar við atvinnulíf. *Menntun og atvinnulíf.* Sammennt og Félagsvísindastofnun, bls. 59.

fólki hefur reynst auðvelt að fá vinnu þótt það hafi ekki haft formlegt lokapróf sem býr það undir ákveðin störf á vinnumarkaðnum. Með samdrætti á vinnumarkaði hefur orðið breyting í þessu efni og kröfur um árangur af skólastarfi hafa aukist.



Það er sjálfsagður réttur nemanda að innritast í nám sem hæfir undirbúningi hans og áhugasviði og líklegt er að hann geti lokið á eðlilegum námstíma. Talið er að helst megi koma til móts við námsþarfir þeirra nemenda sem nú hverfa frá námi með aukinni fjölbreytni í starfsnámi og stefna ber að því að efla verulega námsframboð framhaldsskólans á því sviði. Til að gera námsval markvissara eru sett *inntökuskilyrði* á námsbrautir framhaldsskólans (15. gr.). Þau skulu vera sveigjanleg og í samræmi við kröfur sem gerðar eru á viðkomandi braut þannig að hægt verði að taka tillit til mismunandi undirbúnings nemenda í einstökum námsgreinum. Einnig er gert ráð fyrir að nemendum standi til boða *námsráðgjöf* til að auðvelda námsval í upphafi náms og á síðari stigum þess (14. gr.). Með inntökuskilyrðum, námsráðgjöf og aukinni áherslu á náms- og starfsfræðslu í unglingadeildum grunnskóla skapast forsendur fyrir því að nemendur velji sér nám í framhaldsskóla sem hentar námsundirbúningi þeirra og áhugasviði.

Það er einnig sjálfsagður réttur nemenda að nám sé sambærilegt að gæðum milli framhaldsskóla og að lokapróf úr framhaldsskólum séu jafngild hvar sem þau eru tekin. Gagnrýnt hefur verið að það skorti á samræmingu í námsframboði og námskröfum milli framhaldsskóla og jafnvel innan sama skóla. Markmiðssetning, kennsla, próf og námsmat er að öllu leyti í höndum einstakra kennara án þess að þessu frelsi skóla og kennara sé fylgt eftir með virku ytra eftirliti. Til að tryggja jafnan rétt nemenda til sambærilegs náms, óháð því hvar það er stundað, gerir frumvarpið ráð fyrir að *lokapróf úr framhaldsskólum verði samræmd* í tilteknum námsgreinum (24. gr.). Samræmt námsmat felur í sér virkt ytra eftirlit með því að nám og kennsla byggi á *ákvæðum aðalnámskrár* (21. gr.) en gert er ráð fyrir að ásamt skólamönnum komi ýmsir aðrir aðilar þjóðfélagsins, svo sem úr há-

skóla og atvinnulífi, að ákvörðun námsmarkmiða fyrir framhaldsskóla. Skýr markmiðssetning í aðalnámskrá og skólanámskrám skólanna veitir nemendum og foreldrum *upplýsingar* um innihald náms á hverri námsbraut, svo og um starfshætti einstakra skóla. Þannig er tryggður réttur nemanda til að fá upplýsingar um það nám sem hann hyggst leggja stund á. Ákvæði um sjálfsmat skólanna og utanaðkomandi úttekt á þeim aðferðum sem skólinn beitir eiga að tryggja að almenningur fái upplýsingar um hvernig faglegum vinnubrögðum innan skólanna er háttað (23. gr.).

Aukin fjölbreytni í námsframboði.

Eitt af meginmarkmiðum frumvarpsins eru breyttar áherslur í námsframboði framhaldsskólans. Framhaldsskólinn er opinn öllum nemendum sem ljúka grunnskóla og stefnt að því að nemendum standi til boða námsleiðir við hæfi.[8]

Námsleiðir framhaldsskólans verða:

1. *Námsbrautir framhaldsskólans:* bóknám, starfsnám, almennt nám.
   a. *Bóknámsbrautum til stúdentsprófs* er fækkað úr þrettán í þrjár að grunni til. Nemendur hafa þó talsvert val milli kjörsviða og geta þannig sérhæft sig á síðari stigum námsins á svipaðan hátt og gerist í núverandi kerfi.
   b. *Starfsnámsbrautir* eru fjölmargar, mislangar og ólíkar að uppbyggingu. Auk hefðbundins starfsnáms á lengri námsbrautum er gert ráð fyrir mikilli uppbyggingu á einnar til fjögurra anna starfsnámi. Slíkt nám er ætlað nemendum sem vilja skjót námslok og komast sem fyrst út í atvinnulífið. Í styttra starfsnámi verða mjög hagnýtar áherslur en jafnframt þarf að tryggja að námið nýtist nemendum ef þeir ætla að halda áfram skólagöngu þótt síðar verði. Á sumar stuttar starfsnámsbrautir geta nemendur jafnvel innritast án þess að uppfylla inntökuskilyrði á aðrar námsbrautir framhaldsskólans.
   c. *Almenn námsbraut til framhaldsskólaprófs* er ný braut, ætluð nemendum sem eru óráðnir í vali á námsbraut eða skortir undirbúning til að innritast á þá námsbraut sem þeir kjósa. Nám á almennri námsbraut er að hluta til metið inn á aðrar brautir framhaldsskólans. Viðfangsefni á almennri námsbraut er að stórum hluta val og því má tengja nám á brautinni við stutt starfsnám þannig að nemendur ljúki hvoru tveggja í senn.
2. *Fornám* er eins árs nám, ætlað nemendum sem koma úr grunnskóla með mjög slakan undirbúning og þurfa mikinn stuðning og persónulega ráðgjöf. Að loknu fornámi geta nemendur tekið stutt starfsnám eða þreytt á ný samræmt lokapróf úr grunnskóla til að geta hafið nám á námsbrautum framhaldsskóla.
3. *Nám í sérstökum deildum* er ætlað fötluðum nemendum sem ekki geta nýtt sér námsframboð framhaldsskólans. Um er að ræða nám sem þegar er fyrir hendi í skólakerfinu en hefur ekki fengið formlega viðurkenningu.

Inntökuskilyrði verði sett á námsbrautir framhaldsskólans. Þau eiga að vera sveigjanleg, mismunandi eftir brautum, og taka mið af uppbyggingu námsins og lokamarkmiðum. Til viðmiðunar verði einkunnir á samræmdu grunnskólaprófi og skólaeinkunnir úr grunnskóla, bæði samtala einkunna í nokkrum völdum námsgreinum og einstakar einkunnir tiltekinna námsgreina. Þannig verði t.d. hægt að miða við árangur í verklegri grein við inntöku á starfsnámsbrautir. Val greina og lágmarkseinkunnir skulu miðast við

---

[8] Í fyrri gerð frumvarpsins var hér mynd af skipulagi skólakerfisins sem felld hefur verið brott.

námskröfur sem gerðar eru á viðkomandi námsbraut. Nánari ákvæði um inntökuskilyrði á einstakar námsbrautir verða sett í reglugerð.

Inntökuskilyrði á námsbrautir framhaldsskóla auka líkur á að nemendur innritist í nám sem þeir hafa forsendur til að stunda með fullnægjandi árangri og ljúka á þeim námstíma sem kveðið er á um í námskrá. Hægt verður að miða námskröfur á einstökum námsbrautum við undirbúning nemenda úr grunnskóla. Gera má ráð fyrir sanngjarnari starfsháttum í framhaldsskólum þegar kröfur til nemenda eru í samræmi við námsgetu þeirra og undirbúning.

Nefnd um mótun menntastefnu leggur til að fram fari endurskoðun á uppbyggingu og innihaldi náms í framhaldsskóla. Við upphaf náms á einstökum brautum þarf að gera ráð fyrir tilteknum undirbúningi nemenda. Á undanförnum árum virðist sem námsefni grunnskóla hafi í auknum mæli færst upp á fyrsta ár framhaldsskólans. Fyrir suma nemendur er oft um hreina endurtekningu að ræða, aðrir nemendur hafa ekki forsendur til að takast á við settar námskröfur. Á þessu þarf að verða sú breyting að nám verði samfellt ferli, einnig þegar nemendur flytjast milli skólastiga.

Efling starfsnáms.

Meginákersla er lögð á *starfsnám* í frumvarpinu. A.m.k. þrír af hverjum fjórum nemendum sem nú sækja nám í framhaldsskólum skrá sig á almennar bóknámsbrautir og aðeins lítill hluti árgangs útskrifast af starfsmenntabrautum.[9] Breyttar áherslur í námsframboði framhaldsskólanna á næstu árum þurfa fyrst og fremst að beinast að uppbyggingu á sviði starfsnáms. Íslendingar standa frammi fyrir breyttum ytri aðstæðum í efnahags- og atvinnulífi. Aðild að samningi um evrópskt efnahagssvæði knýr á um uppbyggingu atvinnulífs sem stenst alþjóðlega samkeppni. Menntakerfið gegnir lykilhlutverki í þeirri uppbyggingu, ekki síst starfsmenntun á framhaldsskólastigi. Stofna þarf nýjar námsbrautir í starfsnámi og aðlaga það nám sem fyrir er breyttum aðstæðum. Mikilvægt er að starfsnám verði eftirsótt, ekki síst af góðu námsfólki. Stefnt skal að því að gera róttæka endurskoðun á starfsmenntabrautum og m.a. að opna leið til stúdentsprófs fyrir nemendur sem ljúka starfsnámi (16. gr.).

Í frumvarpinu eru stefnumótandi ákvæði um markmið og uppbyggingu starfsnáms sem skal vera í sem bestu samræmi við kröfur sem gerðar eru á vinnumarkaði um menntun starfsfólks (25. gr.). Til að slíkt takist þarf að treysta tengsl atvinnulífs og skólakerfis. Því er gert ráð fyrir stóraukinni þátttöku aðila atvinnulífs í nefndum og ráðum sem ætlað er að annast stefnumörkun í starfsnámi og gera tillögur til ráðherra um tilhögun þess og framkvæmd. Sérstakri ráðgjafarnefnd, *samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi*, sem í situr jafn fjöldi fulltrúa frá samtökum atvinnurekenda, samtökum launþega og hinu opinbera, er ætlað að vera menntamálaráðherra til ráðuneytis um stefnumótun á sviði starfsnáms (26. og 27. gr.). Tillögugerð um innihald og uppbyggingu starfsnáms í einstökum greinum verður í höndum svonefndra *starfsgreinaráða* sem er ætlað að gegna lykilhlutverki í stjórnun starfsnáms (28. og 29. gr.). Aðilar atvinnulífs eiga meirihlutaaðild að starfsgreinaráði en um þátttöku þeirra í ákvörðunum um starfsnám í skólakerfinu er ávallt haldið þeirri reglu að jafnræðis sé gætt í fjölda fulltrúa frá samtökum atvinnurekenda og samtökum launþega.

---

[9] Samkvæmt námsferilsskýrslunni hafði um 35% af árgangnum lokið stúdentsprófi við 22 ára aldur, en einungis 8% höfðu lokið iðnnámi eða öðru starfsnámi. Jón Torfi Jónasson (1992).

Gert er ráð fyrir að skólar hafi áfram sjálfstæði um framkvæmd starfsnáms, en skapaður er möguleiki á að aðilar atvinnulífs geti haft áhrif á framkvæmdina í samvinnu við skólamenn. Þannig er gert ráð fyrir að skólar sem sinna starfsnámi geti sett á fót sérstakar *ráðgjafarnefndir* (30. gr.) með fulltrúum atvinnulífs, en einnig geta aðilar á vinnumarkaði tekið þátt í kjarnaskólaverkefni í samvinnu við skóla og menntamálaráðuneyti. Kjarnaskóli er eins konar þróunarskóli (eða þróunardeild) fyrir tilteknar greinar starfsnáms (31. gr.). *Kjarnaskóli* starfar í nánum tengslum við starfsgreinaráð. Einnig er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir að samtök atvinnurekenda og launþega geti gerst aðilar að stofnun og/eða rekstri framhaldsskóla.

Fullorðinsfræðsla.

Í frumvarpinu er áfram gert ráð fyrir *öldungadeildarnámi* á vegum framhaldsskóla (33. gr.) en sérstaklega tekið fram að skipulag náms og kennsla skuli sniðin að þörfum fullorðinna nemenda. Stefnt er að aukinni fjölbreytni í námsframboði öldungadeilda, einkum í starfsnámi. Einnig er gert ráð fyrir að fullorðnum nemendum sem hafa litla skólagöngu að baki verði boðið grunnnám í öldungadeildum. Með fjölbreyttara námi fær öldungadeildarhugtakið víðari merkingu.

Hægt verður að heimila framhaldsskólum að efna til endurmenntunarnámskeiða eða annars náms og nýta þannig aðstöðu, kennarakost og tækjabúnað. Forsenda slíkrar starfsemi er að trygging fáist fyrir fullri greiðslu kostnaðar sem af hlýst (34. gr.).

Starfstími skóla.

Bæði meðal almennings og skólafólks hefur komið fram mikil gagnrýni á nýtingu starfstíma í framhaldsskólum. Bent er á að einungis sé kennt í u.þ.b. 130 daga á ári og að 6–8 vikur af árlegum starfstíma fari í prófahald og frágang prófa. Nauðsynlegt er talið að starfstími framhaldsskóla verði betur nýttur í þágu nemenda. Til að tryggja nemendum fleiri kennsludaga á ári en verið hefur er lagaákvæði í gildandi lögum breytt á þann veg að starfstími skóla er hér skilgreindur sem starfstími nemenda í skóla. Kveðið er á um að starfstími framhaldsskólanemenda skuli vera fullir níu mánuðir og tilgreindur lágmarksfjöldi kennsludaga. Þannig er réttur nemenda til náms og kennslu lagður til grundvallar skilgreiningu á starfstíma framhaldsskólans.

Ljóst er að þessi skilgreining á starfstíma skóla kallar á breytta kjarasamninga við kennara því að í gildandi kjarasamningum er einungis gert ráð fyrir 34 vinnuvikum kennara á ári innan skólanna. Þörf er á að skilgreina starfstíma í kjarasamingum kennara á ný. Kennarasamtök hafa þegar lýst yfir vilja til að ganga til samninga um breyttar skilgreiningar á starfstíma kennara.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 55/1974 mynda allir skólar, sem kostaðir eru eða styrktir að hálfu leyti eða meira af almennu fé, samfellt skólakerfi sem skiptist í þrjú stig: skyldunámsstig, framhaldsskólastig og háskólastig.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að fellt er brott ákvæði um framhaldsdeildir grunnskóla. Framvegis tilheyrir allt skólahald á framhaldsskólastigi framhaldsskóla. Eðlilegt þykir að draga skörp skil á milli grunn- og framhaldsskólastigs þó af hagkvæmnisástæðum kunni í einstaka tilvikum að verða stofnað til útibúa frá fram-

haldsskóla í tengslum við grunnskóla eða jafnvel stofnað til sérstaks skólahalds á framhaldsskólastigi í húsnæði grunnskóla. Fari slík starfsemi fram í húsnæði grunnskóla verður að gera ráð fyrir sérstökum samningi um reksturinn.

Um 2. gr.

Markmiðsgrein laganna leggur grunn að almennu og sérhæfðu menntunarhlutverki framhaldsskólans. Gert er ráð fyrir að framhaldsskólinn sinni öllum ungmennum sem lokið hafa námi í grunnskóla og veiti þeim undirbúning fyrir líf, starf og frekara nám. Í aðalnámskrá skulu meginmarkmið framhaldsskólans skilgreind nánar og endurspeglast síðan í skólanámskrám og störfum einstakra skóla.

Lögð er áhersla á mikilvægt hlutverk framhaldsskólans í almennri menntun og félagslegu uppeldi nemenda. Í starfi skólans skal leggja áherslu á jafna stöðu kynjanna hvað varðar undirbúning undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi. Skólinn á einnig að vera vettvangur fyrir kynningu þjóðlegra og alþjóðlegra menningarverðmæta. Með vali viðfangsefna og starfsháttum skal stefnt að því að þroska með nemendum ábyrgðarkennd, víðsýni og umburðarlyndi, hvetja þá til sjálfstrausts og frumkvæðis og þjálfa þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýninni hugsun. Loks er framhaldsskólanum ætlað að hvetja nemendur til stöðugrar þekkingarleitar eftir að formlegri skólagöngu lýkur.

Um 3. gr.

Lagt er til að hinn níu mánaða starfstími framhaldsskóla verði betur nýttur til kennslu en verið hefur. Kennsludögum verði fjölgað í 150, en prófatími jafnframt styttur. Hinn almenni lágmarkstími sem miðað er við er níu mánuðir en því haldið opnu að skólar geti bætt við sumarönn.

Margoft hefur verið bent á, bæði af skólafólki og almenningi, að starfstíma í framhaldsskólum mætti nýta betur en nú er. Gagnrýnt hefur verið hversu kennslutíminn er stuttur, prófatíminn langur og frítími nemenda kringum jól og í maímánuði langur. Í flestum framhaldsskólum er einungis kennt í um 13 vikur á önn eða í sex mánuði á níu mánuða starfstíma skóla og til prófahalds er varið 6–8 vikum á ári.

Almennt hefja framhaldsskólar starfsemi sína 1. september. Meðal skólafólks í framhaldsskólum hefur verið gagnrýnt hversu haustönn og vorönn eru mislangar og bent hefur verið á þann kost að hefja kennslu á haustönn þegar í ágústmánuði. Samkvæmt frumvarpsgreininni er ekkert því til fyrirstöðu að skólar geti hafið kennslu t.d. 21. ágúst og að nemendur ljúki störfum fyrr að vori sem því nemur eða 20. maí. Einnig gætu skólar haldið áfram því fyrirkomulagi að hefja kennslu 1. september og að nemendur starfi þá til 31. maí. Í síðustu kjarasamningum er gert ráð fyrir að skólar geti kallað kennara til starfa samtals fjóra daga fyrir upphaf eða eftir lok skólaárs. Jafnframt var í síðustu kjarasamningum samið um 175 kennslu- og prófdaga innan níu mánaða starfstíma skóla.

Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra setji reglugerð um starfstíma framhaldsskóla, þ.e. skóladagatal, þar sem fram komi hverjir eru leyfisdagar nemenda á starfstíma skóla.

Um 4. gr.

Greinin kveður á um ábyrgð menntamálaráðherra á yfirstjórn menntunar á framhaldsskólastigi. Þannig gefur hann út aðalnámskrá og sér um eftirlit með skólastarfi. Eftirlit með skólastarfi beinist að því að skólar framfylgi í starfi sínu ákvæðum laga, reglugerða og aðalnámskrár. Einnig þykir rétt að fylgst verði betur með gæðum námsefnis á fram-

haldsskólastigi en hingað til hefur tíðkast vegna augljóss mikilvægis þess í námi og kennslu.

Bætt er inn ákvæði um söfnun og dreifingu upplýsinga um skólastarf til almennings og opinberra aðila. Þar er m.a. um að ræða útgáfu ýmiss konar upplýsingarita, t.d. með tölfræðilegum upplýsingum um skólastarf. Upplýsingakrafa á íslensk stjórnvöld erlendis frá hefur stóraukist með auknu alþjóðasamstarfi. Sem dæmi má nefna þátttöku Íslendinga í Eurydice, tölvugagnabanka um menntamál í kjölfar samnings um EES.

Menntamálaráðherra er einnig falið að hafa eftirlit með því að framhaldsskólar hafi fullnægjandi aðstöðu að því er húsnæði og búnað varðar. Í greininni er kveðið á um eftirlitsskyldu ráðuneytis varðandi fjárhag skólanna, húsnæði þeirra og búnað en þar er um nýmæli að ræða frá núgildandi lögum.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um framkvæmd þeirra atriða sem fram koma í greininni.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að *samstarfsnefnd framhaldsskóla* sé fyrst og fremst til ráðgjafar varðandi málefni framhaldsskólastigsins og vettvangur þessara aðila til samræmingar og samstarfs. Fellt er brott ákvæði í gildandi lögum um heimild til þess að skipta landinu í afmörkuð framhaldsskólasvæði. Gert er ráð fyrir að nemendur eigi ótvíræðan rétt á að hefja nám í framhaldsskóla óháð búsetu.

Um 6. gr.

Á skipan *skólanefnda* er gerð sú breyting frá gildandi lögum að fækkað er úr sjö fulltrúum í fimm. Fulltrúar sveitarfélaga verða tveir í stað þriggja en rétt þykir að gefa sveitarstjórn, þar sem framhaldsskóli er, möguleika til verulegra áhrifa á skólann þótt sveitarstjórn greiði ekki rekstrarkostnað hans. Fulltrúar ríkisins verða nú þrír í stað eins áður og er gert ráð fyrir að þeir séu að jafnaði búsettir í sveitarfélagi/sveitarfélögum sem að skólanum standa. Reglan á að vera sú að allir fulltrúar skólanefndar komi af því svæði sem sækir nám til skólans en ekki þykir t.d. rétt að ætlast til þess að skipaður skólanefndarfulltrúi þurfi að víkja sæti ef hann flyst út fyrir bæjarfélagið. Með aukinni verkaskiptingu má gera ráð fyrir að skólar þjóni stóru svæði, jafnvel öllu landinu í einstökum greinum. Í þeim tilvikum kann að þykja rétt að skólanefndarmenn komi víðar að. Lagt er til að við skipun fulltrúa menntamálaráðherra í skólanefnd verði m.a. leitað til aðila úr atvinnulífi hlutaðeigandi sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að í reglugerð séu sett ákvæði um skipan skólanefnda sérskóla. Einn fulltrúi nemenda og einn fulltrúi starfsmanna skóla verða áheyrnarfulltrúar.

Þar sem verkefni skólanefndar er m.a. að fjalla um mannaráðningar og námsframboð skólans er talið hætt við hagsmunaárekstrum með skipun fulltrúa starfsmanna í skólanefnd. Auk þess má telja óeðlilegt að undirmenn skólameistara séu með setu sinni í skólanefnd settir yfir hann í krafti atkvæðisréttar síns. Því þykir rétt að starfsmenn skóla hafi einungis einn áheyrnarfulltrúa í skólanefnd með málfrelsi og tillögurétti.

Kveðið er á um að ráðherra geti heimilað sveitarstjórn/sveitarstjórnum að tveir eða fleiri skólar sameinist um eina skólanefnd, en slíkt hefur verið rætt t.d. á Austurlandi.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir að verkefni *skólanefndar* verði umfangsmeiri en gildandi lög gera ráð fyrir. Gagnrýnt hefur verið að í gildandi lögum um framhaldsskóla sé verkaskipting

skólameistara og skólanefndar óljós. Í frumvarpinu er reynt að skerpa þessi skil. Skólanefnd gerir ár hvert starfs- og fjárhagsáætlun fyrir skólann til þriggja ára í senn og sendir hana menntamálaráðherra. Skólanefnd er ætlað að marka stefnu skólans og sérstöðu. Þannig er t.d. gert ráð fyrir að skólanámskrá, sem unnin er af starfsfólki skólans að frumkvæði skólameistara (sbr. 8. og 22. gr.), þarfnist samþykkis skólanefndar. Skólanefnd fylgist náið með fjármálum skólans og gerir menntamálaráðuneytinu grein fyrir rekstarstöðu skólans tvisvar á ári, þ.e. í febrúar og ágúst.

Fagleg forusta í daglegu starfi skólans er hins vegar með öllu í höndum skólameistara, svo og starfsmannaráðningar í samráði við skólanefnd. Skólameistari er framkvæmdastjóri skólanefndar og undirbýr tillögur að starfs- og fjárhagsáætlun og leggur fyrir skólanefnd.

Skólanefnd ákveður upphæð gjalda sem nemendum er gert að greiða við innritun í framhaldsskóla svo og gjaldtöku af nemendum vegna verklegrar kennslu. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra setji nánari reglur um innheimtu gjalda af nemendum.

Allar fjárreiður framhaldsskóla eru nú háðar endurskoðun löggilts endurskoðanda og staðfestingu Ríkisendurskoðunar. Gildir það einnig um innheimt gjöld er nemendum er gert að greiða.

Um 8. gr.

Sú breyting er frá gildandi lögum að hér er sérstaklega kveðið á um faglega forustu *skólameistara*. Hann hefur frumkvæði að gerð skólanámskrár og er þannig leiðandi í faglegu umbótastarfi innan skólans. *Skólaráð* er nýtt heiti á skólastjórn en verksvið þess er að aðstoða skólameistara við stjórn skóla, einkum þá hlið sem snýr að samskiptum nemenda við starfsfólk skólans.

Um 9. gr.

Hér eru sett nokkuð fyllri ákvæði um *kennarafundi* en eru í gildandi lögum. Almennur kennarafundur er vettvangur þar sem kennarar geta haft áhrif á stefnumótun og þróun innra starfs skólans, þar með er talin þróun skólanámskrárgerðar. Því er mikilvægt að ályktanir og tillögur, sem kennarafundur samþykkir, berist skólanefnd og skólaráði til umfjöllunar. Talið er rétt að lögbinda lágmarkstíðni kennarafunda við tvo fundi á önn að jafnaði, ekki síst í ljósi þess að formleg áhrif starfsmanna í skólanefnd verða nú minni en áður. Þá er skólameistara skylt að halda kennarafund ef fulltrúar kennara í skólaráði eða þriðjungur starfandi kennara skólans krefst þess.

Um 10. gr.

Ekki er lengur gert ráð fyrir að *nemendaráð* geri tillögu til skólanefndar um upphæð nemendasjóðsgjalda. Gjöld til nemendasjóðs eru ákveðin af *nemendafélagi* skólans sem sér um innheimtu þeirra.

Allar fjárreiður framhaldsskóla eru nú háðar endurskoðun löggilds endurskoðanda og staðfestingu Ríkisendurskoðunar. Gildir það einnig um innheimt gjöld er nemendum er gert að greiða.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir að horfið verði frá setningu og skipun í stöður við framhaldsskóla. Þess í stað verði ráðningu starfsmanna hagað með sama hætti og almennt er nú orðið um ríkisstarfsmenn, þ.e. ráðning til starfa er samkvæmt ráðningarsamningi, en skipanir í

stöður ævilangt sæta vaxandi gagnrýni og ýmis vandkvæði fylgja því ráðningarformi.

Ráðningartími skólameistara miðast við fimm ár og gert er ráð fyrir að heimilt verði að endurráða í starfið að undangenginni auglýsingu. Vakin er sérstök athygli á ákvæði um rétt kennara sem ráðinn er skólameistari til að halda kennarastöðu sinni meðan hann gegnir starfi skólameistara. Þar sem ráðning er til ákveðins tíma þykir rétt að tryggja starf með þessum hætti og stuðla þannig að því að hæfir kennarar fáist til stjórnunarstarfa þar sem þeir eiga öruggt kennslustarf að ráðningartíma loknum.

Skólameistari ræður aðra starfsmenn skóla að höfðu samráði við skólanefnd. Er ráðningarvald skólameistara aukið frá því sem nú er þar sem ekki þarf lengur að leita staðfestingar menntamálaráðherra á ráðningum við framhaldsskóla. Er þetta liður í því að efla sjálfstæði einstakra skóla. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra setji skólameistara, kennurum og fleiri starfsmönnum skóla erindisbréf, en tryggja þarf að erindisbréfin gefi skólum möguleika á að starfa samkvæmt aðferðum altækrar gæðastjórnunar.

Um 12. gr.

Greinin er óbreytt frá 14. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að í stað „orlofs" er talað um námsorlof og ákvæðið um frest til að skila umsóknum er fellt niður. Er gert ráð fyrir að umsóknarfrestur verði ákveðinn í reglugerð.

Um 13. gr.

Greinin kveður á um rétt nemenda til heilbrigðisþjónustu meðan þeir eru við nám í framhaldsskóla. Sú breyting er gerð frá gildandi ákvæðum að nú er ótvírætt kveðið á um að nærliggjandi heilsugæslustöð skuli annast þetta starf í umsjá viðkomandi héraðslæknis.

Um 14. gr.

Greinin kveður á um rétt nemenda til námsráðgjafar en námsráðgjöf hefur eflst í framhaldsskólum á undanförnum árum. Nemendur skulu eiga kost á hvoru tveggja, ráðgjöf um náms- og starfsval á ýmsum stigum námsins sem og leiðsögn og liðsinni í persónulegum málum er snerta námið og skólann. Námsráðgjafar, kennarar og annað starfsfólk veita þessa þjónustu. Í því sambandi er brýnt að efla hlutverk umsjónarkennara í framhaldsskólum.

Um 15. gr.

Gert er ráð fyrir að öll ungmenni eigi kost á námi á framhaldsskólastigi að loknum grunnskóla og í boði verði nám sem henti nemendum með ólíkan undirbúning, námsgetu og áhugasvið. Möguleikar nemenda í vali á námsleiðum eru í samræmi við undirbúning og námsárangur nemenda úr grunnskóla eða undirbúning sem þeir hafa aflað sér með öðrum hætti.

Inntökuskilyrði á einstakar námsbrautir miðast fyrst og fremst við að nemendur hafi nægilegan undirbúning til þess að takast á við nám viðkomandi brautar og geti náð lokamarkmiðum hennar á eðlilegum námstíma. Inntökuskilyrði verða því breytileg eftir námsbrautum. Þau miðast við einkunnir á samræmdum prófum grunnskóla og skólaeinkunnir. Ýmist er um að ræða meðaleinkunn nokkurra tiltekinna námsgreina eða lokaeinkunn einstakra greina. Val greina, sem inntökuskilyrði eru miðuð við, verður í samræmi við áherslur á námsbrautinni. Í starfsnámi verður m.a. hægt að miða við einkunnir í verklegum greinum.

Rétt þykir að heimila skólum, ef sérstök rök mæla með því, að veita nemanda sem orðinn er 18 ára gamall inngöngu á einstakar námsbrautir án þess að hann fullnægi almennum inntökuskilyrðum. Áður en slík heimild er veitt ber að meta stöðu nemandans og skera þannig úr um það hvort hann hefur raunhæfa möguleika til að takast á við nám á viðkomandi námsbraut.

Þeim sem ekki hafa náð tilskildum lágmarksárangri við lok grunnskóla til að innritast á einstakar námsbrautir skal standa til boða fornám eða nám í sérstökum deildum sem ætlað er fötluðum nemendum.

Um 16. gr.

Gert er ráð fyrir að nám að loknu grunnskólaprófi sé skipulagt á mismunandi námsbrautum. Markmið með námi á öllum námsbrautum er að veita almenna menntun sem býr nemendur undir líf í lýðræðisþjóðfélagi og sérhæfða menntun sem er markviss undirbúningur fyrir frekara nám og/eða störf í þjóðfélaginu.

Um er að ræða ferns konar námsbrautir: *bóknámsbrautir* sem veita undirbúning fyrir nám á háskólastigi og lýkur með stúdentsprófi, *starfsnámsbrautir* til skilgreindra lokaprófa sem búa nemendur undir tiltekin störf í atvinnulífinu, *listnámsbrautir* sem veita undirbúning fyrir frekara nám í listgreinum í sérskólum eða í skólum á háskólastigi og getur lokið með stúdentsprófi og *almenna námsbraut* sem býr nemendur undir frekara nám á öðrum námsbrautum eða er skilgreindur hluti af námi á starfs-, list- eða bóknámsbrautum. Almennri námsbraut lýkur með prófi sem skilgreint verður í reglugerð.

Í gildandi námskrá fyrir framhaldsskóla eru skilgreindar þrettán bóknámsbrautir til stúdentsprófs og þykir rétt að fækka þeim. Gert er ráð fyrir að bóknámsbrautirnar verði þrjár, þ.e. að einungis verði skilgreindir þrír brautarkjarnar í bóknámi, en kjarnanám hinna þrettán brauta er svo líkt að einföldun er vel möguleg. Fækkun námsbrauta auðveldar skipulagningu náms í skólum, eykur samræmi milli einstakra skóla og gefur möguleika á markvissu eftirliti með námsárangri nemenda. Á einstaka brautum er síðan hægt að bjóða mismunandi kjörsvið og hafa því nemendur möguleika á fjölbreytni í vali.

Stofnun nýrra námsbrauta er háð samþykki menntamálaráðherra. Skólar geta farið ólíkar leiðir við útfærslu einstakra námsbrauta. Ef um er að ræða veruleg frávik frá því sem kveðið er á um í námskrá að mati menntamálaráðuneytisins er nauðsynlegt að fá samþykki menntamálaráðherra fyrir breytingunni. Gert er ráð fyrir aukinni verkaskiptingu framhaldsskóla og að þeir sérhæfi sig í framboði tiltekinna námsbrauta og kjörsviða. Nemandi velur þannig skóla með tilliti til námsframboðs. Þegar skólum er veitt leyfi til að bjóða tiltekið nám skal tekið mið af sérstökum aðstæðum í skóla og byggðarlagi, fjölda nemenda í skólanum, aðbúnaði og kennarakosti skólans. Verkaskipting er talin forsenda þess að unnt verði að halda uppi í landinu framhaldsskólanámi sem stenst alþjóðlegar kröfur um gæði, ekki síst þá kröfu að kennslan sé í höndum kennara sem hafa sérhæfða menntun til kennslu í viðkomandi námsgreinum.

Um 17. gr.

Allt nám í framhaldsskóla skal byggt upp í samræmi við lokamarkmið námsins og skiptast í brautarkjarna, kjörsvið og frjálst val. Þar sem lokamarkmið einstakra námsbrauta eru ólík má gera ráð fyrir mismunandi hlutföllum einstakra þátta eftir brautum. Þannig er lögð mikil áhersla á bóklegar og verklegar valgreinar á *almennri námsbraut* og eru þær a.m.k. helmingur námsins á brautinni. Á almennri námsbraut er t.d. mögulegt að taka stutta starfsnámsbraut sem kjörsvið. Á *bóknámsbrautum til stúdentsprófs* er

brautarkjarni u.þ.b. 60% námsins, kjörsvið u.þ.b. 30% þess og frjálst val u.þ.b. 10%. Þar velja nemendur námsbraut í upphafi náms og síðan kjörsvið innan brautarinnar. Með ákveðnu frelsi í samsetningu brautarkjarna og kjörsviðs í námi til stúdentsprófs er reynt að gera stúdentsprófið sveigjanlegra án þess að slaka á kröfum í námsgreinum brautarkjarnans. Á *starfsnámsbrautum* getur hlutfallið milli brautarkjarna, kjörsviðs og frjáls vals verið mismunandi, enda eru starfsnámsbrautir innbyrðis ólíkar meðal annars með tilliti til uppbyggingar og námslengdar.

Brautarkjarni tekur til námsgreina sem stuðla að almennri menntun nemenda og undirbúningi fyrir þátttöku í samfélaginu og til sérgreina brautar sem gefa námsbrautinni sérstöðu gagnvart öðrum brautum.

Almennar námsgreinar og námsþættir í brautarkjarna geta verið mismunandi eftir brautum og áherslur ólíkar, hagnýtar og fræðilegar, eftir því hvert lokamarkmið brautarinnar er. Á öllum lengri námsbrautum skal kennd íslenska, stærðfræði, enska og eitt Norðurlandamál. Vægi einstakra greina er ólíkt eftir brautum en tryggt skal að nemendur í námi til samræmds stúdentsprófs leggi stund á a.m.k. tvær af kjarnagreinunum íslensku, ensku og stærðfræði öll ár framhaldsskólans. Nemendur skulu öðlast þjálfun í að tjá sig munnlega og skriflega og læra að beita nútímatækni, t.d. tölvu, við lausn daglegra verkefna. Einnig skulu koma til námsþættir sem stuðla að því að gera nemendur hæfa til að lifa í lýðræðisþjóðfélagi og dýpka skilning þeirra á samfélaginu, svo sem sögulegum forsendum, atvinnuháttum, menningu og listum, náttúru og umhverfi, hagfræði og auðlindum jarðar, samskiptum, fjölskylduábyrgð og einstaklingsskyldum. Þessi hluti almenna námsins nefnist ratvísikjarni og skulu markmið hans skilgreind í aðalnámskrá framhaldsskóla. Skólar geta hagað útfærslu námsmarkmiða *ratvísikjarna* á mismunandi vegu. Í skólanámskrá skal vera lýsing á þeirri útfærslu en námsþættir ratvísikjarna skulu kenndir ýmist sem sérstakir áfangar eða samþættir kennslu einstakra námsgreina.

Sérgreinar brautar í starfsnámi eru bóklegar og verklegar sérgreinar starfs eða starfssviðs. Í bóknámi til stúdentsprófs eru sérgreinar t.d. þriðja tungumál og aukin áhersla á tiltekin fræðasvið, t.d. náttúrufræðigreinar og stærðfræði á náttúrufræðabraut eða tungumál á málabraut þar sem nemendur kynnast m.a. aðferðafræði fræðasviðanna og eru búnir undir frekara nám á háskólastigi. Á listnámsbrautum eru sérgreinar t.d. ákveðnar undirstöðugreinar á viðkomandi listsviði. Samsetning sérgreina einstakra brauta og áherslur í innihaldi verða ákvarðaðar í aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla. Gert er ráð fyrir að aðilar atvinnulífs skilgreini sérgreinahluta náms á starfsnámsbrautum, sbr. IX. kafla frumvarps þessa, sem fjallar um starfsnám.

Kjörsvið brautar felur í sér frekari sérhæfingu á sviði brautarinnar. Í starfsnámi gæti kjörsvið ýmist falið í sér sérhæfingu verklegs náms með tilliti til starfa, t.d. val á milli útivinnu á byggingarstað (mótauppsláttur, grófsmíði), innivinnu (fínsmíði, innréttingavinna á verkstæði) og véltrésmíði á námsbraut fyrir húsasmiði. Einnig gæti verið um að ræða dýpkun á sérsviðum, svo sem í efnisfræði, hönnun, teikningum, tölvustýringum, sögu og félagsfræði starfsgreinarinnar, eða samþætt verkefni á borð við vöruþróun í samstarfi við fyrirtæki. Sé sama starfsnám í boði í nokkrum skólum gætu þeir boðið fram mismunandi kjörsvið.

Kjörsvið á bóknámsbrautum til stúdentsprófs gefur nemendum tækifærki til að kafa dýpra í einstök námssvið tengd sérgreinum brautarinnar og þar með fá þeir markvissan undirbúning fyrir tiltekið nám á háskólastigi. Nám á kjörsviði á jafnframt að tryggja að nemandi, sem lokið hefur stúdentsprófi, hafi öðlast þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögð-

um og innsýn í aðferðafræði vísinda með því að kynnast vel viðfangsefnum tiltekins fræðasviðs. Á kjörsviði félagsfræðabrautar geta nemendur t.d. valið á milli sérhæfingar á sviði hagfræði, almennrar félagsfræði, sálarfræði, fjölmiðlafræði o.fl.; á kjörsviði málabrautar geta nemendur sérhæft sig í fornmálum, nýmálum o.fl.; á kjörsviði náttúrufræðabrautar geta nemendur sérhæft sig á sviði líffræði, eðlisfræði, stærðfræði o.fl., svipað og nú gerist á hinum mismunandi námsbrautum framhaldsskólans.

Kjörsvið á listnámsbrautum er frekari sérhæfing í listgrein, t.d. tónlist eða myndlist, og getur farið fram við viðurkennda listaskóla að hluta til eða að öllu leyti.

Gefa þarf nemendum kost á að taka kjörsvið af öðrum brautum ef þeir hafa uppfyllt ákveðin skilyrði sem skilgreind eru í aðalnámskrá. Þannig gæti nemandi á náttúrufræðabraut hugsanlega tekið kjörsvið í sálarfræði. Einnig verði hugað að þeim möguleika að nemendur, sem hafa lokið öðru námi á framhaldsskólastigi, t.d. starfsnámi, fái það nám eða hluta þess metið sem ígildi kjörsviðs.

Frjálst val á lengri námsbrautum framhaldsskóla gefur nemendum tækifæri til að kynnast ólíkum námsgreinum, t.d. matreiðslu, listasögu, tónlist, heimspeki og forritun. Með því að leggja stund á ólíkar námsgreinar að eigin vali gefst nemendum kostur á að sinna eigin áhugasviði og víkka sjóndeildarhringinn. Einnig gæti nemandi notað frjálst val til að bæta við kjörsvið sitt.

Um 18. gr.

Fornám er ætlað nemendum sem lokið hafa grunnskóla án þess að ná lágmarksárangri og geta ekki hafið nám á námsbrautum framhaldsskóla án frekari undirbúnings (sbr. 15. gr.). Námið miðar að því að byggja upp sjálfstraust nemenda og efla færni þeirra í almennum námsgreinum þannig að þeir geti hafið nám á námsbrautum framhaldsskóla og hafi möguleika til að standa sig þar. Ráðgjöf og ýmiss konar stuðningur við nemendur gegna veigamiklu hlutverki í fornámi. Í aðalnámskrá skulu vera rammareglur um innhald og uppbyggingu fornáms en líklega mun útfærsla þess verða ólík eftir skólum og samsetningu nemendahópa.

Ljóst er að skortur er á námsframboði fyrir nemendur sem ekki tekst að ljúka grunnskóla með lágmarksárangri og undanfarin ár hefur verið tvísýnt um hvort unnt yrði að uppfylla þörf nemenda fyrir fornám. Tryggja þarf að slíkt námstilboð sé til staðar og þykir rétt að það sé við framhaldsskóla en ekki grunnskóla þannig að allur árgangurinn færist á milli skólastiga samtímis. Nánari ákvæði um stofnun, rekstur og fyrirkomulag fornáms skulu sett í reglugerð.

Um 19. gr.

Ákvæði greinarinnar eru að mestu samhljóða ákvæðum 30. gr. gildandi laga þó með þeirri breytingu að felld er brott heimild til stofnunar sérskóla fyrir þroskahefta nemendur, en þess í stað kemur heimild til stofnunar sérstakra deilda fyrir fatlaða nemendur.

Gert er ráð fyrir að áfram verði stefnt að því að kenna fötluðum nemendum í almennum framhaldsskólum svo sem frekast er unnt og veita þeim nauðsynlegan aðbúnað og sérfræðilega aðstoð í því skyni. Hugsanlegt er að stærri skólar sérhæfi sig í þjónustu við fatlaða nemendur. Þegar er kominn vísir að þjónustumiðstöð fyrir fatlaða framhaldsskólanemendur við Menntaskólann við Hamrahlíð og gæti reynsla sem skapast hefur þar nýst öðrum skólum.

Með *námi í sérstökum deildum* er átt við ýmiss konar nám sem sniðið er fyrir nem-

endur með sérþarfir sem þurfa sérstakt námstilboð. Námið veitir nemendum almennan undirbúning fyrir lífið og getur einnig miðað að því að búa þá undir atvinnuþátttöku. Í Iðnskólanum í Reykjavík hefur í nokkur ár verið rekin slík starfsdeild með góðum árangri. Mikilvægt er að þetta nám hljóti viðurkenningu í framhaldsskólakerfinu og að fatlaðir nemendur eigi kost á námstilboði sem býr þá undir verkefni daglegs lífs og þátttöku í þjóðfélaginu. Þróun þessa námstilboðs þarf að taka mið af aðstæðum þar sem það verður sett á fót.

Um 20. gr.

Nemendum í framhaldsskóla sem hafa takmarkaða kunnáttu í íslensku fer fjölgandi. Í stórum dráttum er um þrjá hópa nemenda að ræða:

1. Nemendur af erlendum uppruna sem flytjast hingað til lands eftir að þeir hafa náð þeim aldri að ólíklegt er að þeir geti náð fullkomnu valdi á íslensku máli.
2. Nemendur sem eru íslenskir ríkisborgarar en hafa dvalist langdvölum erlendis og hafa þar af leiðandi takmarkaða kunnáttu í íslensku.
3. Heyrnarlausir nemendur sem vegna heyrnarleysis hafa ekki tök á að tileinka sér íslensku á sama hátt og heyrandi og heyrandi börn heyrnarlausra foreldra.

Ekki er raunhæft að gera sömu kröfur til þessara nemenda hvað varðar íslenskt mál og gerðar eru til íslenskra nemenda sem alist hafa upp hér á landi og gengið í íslenska skóla.

Á undanförnum árum hefur nemendum af erlendum uppruna fjölgað í skólakerfinu. Könnun, sem gerð var haustið 1993 um fjölda nemenda í framhaldsskólum, leiddi í ljós að í framhaldsskólum voru um 23 erlendir nemendur sem þurftu á viðbótarkennslu í íslensku að halda. Má gera ráð fyrir að þeir erlendu nemendur, sem eru við nám í framhaldsskólunum, séu þeir sem best eru staddir í íslensku og athygli vekur að fæstir erlendu nemendanna eru á bóknámsbraut.

Annars staðar á Norðurlöndum skila mun færri nýbúar sér í framhaldsskólana en landsmenn almennt og er ástæða þess rakin til tungumálaerfiðleika, einangrunar í samfélaginu og takmarkaðrar þekkingar, m.a. á menntakerfinu. Í Noregi geta nýbúar sótt sérstakt nám í norsku, norsku 2, sem kemur í stað móðurmálskennslu í norsku.

Íslenskir nemendur, sem dvalist hafa langdvölum erlendis, eiga oft í erfiðleikum með ákveðna þætti íslensks máls og því nauðsynlegt að þeir eigi kost á námi í íslensku sem hentar stöðu þeirra í greininni.

Heyrnarlausir nemendur eiga erfitt með að fylgja öðrum nemendum í framhaldsnámi vegna lélegrar undirstöðukunnáttu í íslensku sem leiðir af heyrnarleysi þeirra.

Gert er ráð fyrir að nemendur af erlendum uppruna og heyrnarlausir nemendur sem náð hafa nokkru valdi á íslensku eigi kost á sérstökum námsáföngum í íslensku.

Um 21. gr.

Aðalnámskrá framhaldsskóla er meginviðmiðun skólastarfs á framhaldsskólastigi og því mikilvægt stjórntæki yfirvalda menntamála. Aðalnámskrá inniheldur ákvæði um réttindi og skyldur nemenda í framhaldsskólum.

Í aðalnámskrá er gerð grein fyrir uppbyggingu náms á einstökum námsbrautum. Með ákvæðum um samhengi í námi á hverri námsbraut er gert ráð fyrir að námið sé byggt upp sem samfellt ferli frá upphafi til loka og hugsað sem ein heild þar sem hver þáttur styður annan. Við gerð aðalnámskrár þarf einnig að huga að samfellu í námi á milli grunn- og framhaldsskólastigs.

Í aðalnámskrá skulu vera ákvæði um námsmat í framhaldsskólum, almennt námsmat og lokamat. Hvers konar mati skuli beitt og hvaða námskröfur skuli gera til nemenda til að geta lokið tilteknum áföngum náms eða til lokaprófa. Þar skal einnig tilgreindur réttur nemenda til próftöku og til að sjá eigin prófúrlausnir.

Aðalnámskrá kveður á um hvernig nám skuli metið milli námsbrauta og einstakra skóla, svo og hverju nemendur þurfa að bæta við sig í námi við þann flutning, en gert er ráð fyrir að skilgreindar verði brýr milli námsbrauta framhaldsskólans. Einnig skulu í aðalnámskrá settar reglur um skólanámskrár og mat á skólastarfi.

Tilkynningu um gildistöku aðalnámskrár eða hluta hennar skal birta í Stjórnartíðindum. Slíkt ákvæði var ekki í fyrra frumvarpi og er ekki heldur í núgildandi lögum. Námskrár eru taldar hafa ígildi reglugerða en aðferðir við birtingu þeirra hafa verið nokkuð á reiki. Hér er tekin af allur vafi í málinu.

Um 22. gr.

Skólanámskrá er stjórntæki skólameistara og skólanefndar á sama hátt og aðalnámskrá er stjórntæki fyrir fræðsluyfirvöld. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir stefnumörkun skólans, sérstökum áherslum í starfi, skipulagi náms í skólanum og kennsluháttum. Einnig veitir skólanámskrá nemendum og almenningi upplýsingar um skólann og skólastarfið en skólanámskrá er ætlað að lýsa sérstöðu skólans gagnvart öðrum framhaldsskólum.

Í fyrstu setningu greinarinnar er kveðið á um að í skólanámskrá skuli kveðið á um skiptingu námsgreina á námsannir eða námsár. Enda þótt í greininni sé talað um námsáfanga þá gildir jafnt um skóla sem starfa eftir áfangakerfi og skóla sem starfa eftir bekkjarkerfi að þeir skuli gera í skólanámskrá grein fyrir skiptingu námsgreina á námsannir eða námsár miðað við eðlilega námsframvindu nemenda. Þetta kemur ekki í veg fyrir að einstakir nemendur geti tekið áfanga í annarri röð en þarna kemur fram eins og t.d. á við um nemendur sem eru að hraða námi sínu eða seinka.

Vinna við gerð skólanámskrár er mikilvægur þáttur í gæðastjórnun hvers skóla því að starfsmenn skólans vinna í sameiningu að skólanámskrá, að frumkvæði og á ábyrgð skólameistara. Leggja þarf skólanámskrá fyrir skólanefnd til samþykktar áður en skólar geta hafið störf á grundvelli hennar.

Um 23. gr.

Á síðustu árum hafa verið teknar upp margvíslegar *sjálfsmatsaðferðir* í skólum til að bæta árangur skólastarfsins. Gert er ráð fyrir að skólar styðjist við aðferðir sem þróaðar hafa verið og gefist hafa vel. Þá er gert ráð fyrir að skólar geti innleitt aðferðafræði altækrar gæðastjórnunar eða notkun viðurkenndra gæðakerfa sem byggja á alþjóðlega viðurkenndum stöðlum.

Ekki eru tilgreindar ákveðnar aðferðir við að taka út sjálfsmat skóla en þess vænst að stuðst verði við viðurkenndar aðferðir sem þróaðar hafa verið í öðrum löndum í þessu skyni. Þegar skólar innleiða stöðluð gæðakerfi er gert ráð fyrir að viðurkenndir vottunaraðilar geti vottað notkun slíkra gæðakerfa.

Um 24. gr.

Gert er ráð fyrir að *lokapróf af námsbrautum framhaldsskóla* verði samræmd í tilteknum greinum sem nánar er kveðið á um í reglugerð. Slíkt mun gera kröfu til meira samræmis í námi milli skóla, en allt námsframboð framhaldsskólans skal skilgreint í aðalnámskrá.

Gert er ráð fyrir að lokapróf í starfsnámi verði undirbúin í samráði og/eða samvinnu við aðila atvinnulífsins samkvæmt nánari tillögum frá viðkomandi starfsgreinaráðum.

Um 25. gr.

Greinin fjallar um hlutverk starfsnáms á framhaldsskólastigi. Kveðið er á um að innihald starfsnáms skuli taka mið af kröfum atvinnulífs um fagmenntun starfsfólks og stuðla jafnframt að almennri menntun nemenda og jákvæðu viðhorfi til símenntunar. Áhersla er lögð á að námið sé skipulagt sem heild þannig að hver þáttur námsins styðji annan og að verknámið fari fram við raunverulegar aðstæður eftir því sem kostur er. Stuðlað skal að kerfisbundinni víxlverkun náms í skóla og á vinnustað eftir því sem við verður komið.

Um 26. gr.

Samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi er ætlað að vera menntamálaráðherra til ráðuneytis í stefnumótandi ákvörðunum um starfsnám þannig að áherslur í náminu séu í samhengi við atvinnuþróun í landinu á hverjum tíma. Eigi starfsnám að vera í samræmi við áherslur í atvinnulífi þjóðarinnar þarf að sameina krafta ólíkra aðila við mótun starfsmenntastefnu. Því er horfið frá því að binda ráðgjöf til ráðherra um stefnumörkun í starfsnámi við einstaka atvinnuvegi eða starfsgreinasvið eins og verið hefur. Samstarfsnefnd um starfsnám leysir þannig af hólmi iðnfræðsluráð, fræðsluráð sjávarútvegs og fræðsluráð ferðamála sem starfað hafa samkvæmt lögum nr. 58/1988, um framhaldsskóla.

Í nýrri skipan á stjórnun starfsnáms er tekið mið af stjórnkerfi starfsmenntunar í nálægum löndum en í Danmörku og Þýskalandi eru starfandi slíkar samstarfsnefndir stjórnvalda og aðila vinnumarkaðar. Um er að ræða fjölmennar nefndir þar sem hver aðili um sig á u.þ.b. ⅓ hluta fulltrúa, þ.e. hið opinbera, samtök atvinnurekenda og samtök launþega.[10] Reynt er að fylgja þessari reglu við val á fulltrúum í samstarfsnefndina. Þeir eru 18 alls, sex tilnefndir af samtökum atvinnurekenda, sex tilnefndir af samtökum launþega, tveir tilnefndir sameiginlega af samtökum kennara og skólastjórnenda og fjórir eru fulltrúar hins opinbera.

Mikilvægt er að í samstarfsnefndinni sitji fulltrúar sem flestra atvinnugreina þannig að vettvangur myndist fyrir breiða yfirsýn yfir málefni starfsnáms. Ljóst er að ekki er hægt að tryggja fulltrúum allra hagsmunasamtaka á vinnumarkaði setu í samstarfsnefndinni. Leitað skal til heildarsamtaka atvinnurekenda og launþega um tilnefningar í nefndina og er ætlast til að þessir aðilar hafi með sér samráð um tilnefningar og tryggi þannig sem flestum starfssviðum aðild að nefndinni.

Af hálfu hins opinbera sitja í nefndinni einn fulltrúi frá samtökum sveitarfélaga og þrír fulltrúar sem menntamálaráðherra skipar án tilnefningar. Mikilvægt er að fulltrúar ráðherra hafi reynslu og þekkingu á skóla- og fræðslumálum. Þessir fulltrúar sitja í nefndinni sem fulltrúar hins opinbera en ekki sem fulltrúar tiltekinna hagsmunasamtaka. Einnig er gert ráð fyrir að ráðherra noti möguleika sína á beinni skipan í nefndina til að kalla til fulltrúa starfssviða sem sýnt er að ekki muni eiga fulltrúa í nefndinni eða til að auka vægi fulltrúa fyrir tiltekin svið atvinnulífs sem talið er að þurfi að sinna sérstaklega á skip-

---

[10] Sbr. 34.–36. gr. í lögum nr. 668/1992 um starfsmenntun í Danmörku (Lov om erhvervsuddannelser) og 54.–56. gr. í þýsku starfsmenntalögunum (Berufsbildungsgesetz) frá 14. ágúst 1969 (með áorðnum breytingum).

unartímabili nefndarinnar. Dæmi um hið fyrrnefnda er landbúnaður, dæmi um hið síðarnefnda eru sjávarútvegur, matvælaiðnaður og ferðamál. Þessir fulltrúar gætu t.d. komið úr viðkomandi fagráðuneytum eða þau haft milligöngu um að finna þá.

Með nýju stjórnkerfi starfsmenntunar er lögð áhersla á sameiginlega ábyrgð aðila atvinnulífs og hins opinbera á mótun starfsmenntastefnu. Því er talið eðlilegt að tilnefningaraðilar í atvinnulífi greiði kostnað vegna setu fulltrúa sinna á fundum nefndarinnar.[11] Gert er ráð fyrir því að menntamálaráðuneytið veiti nefndinni skrifstofu- og ritaraþjónustu og haldi utan um störf nefndarinnar að öðru leyti.

Um 27. gr.

Samstarfsnefnd um starfsnám er samstarfsvettvangur aðila atvinnulífs og hins opinbera og er m.a. ætlað að gera tillögur um hvernig efla megi tengsl atvinnulífs og skóla. Samstarfsnefndin er jafnframt vettvangur þar sem fjallað er um heildarstefnumörkun í málefnum starfsnáms á framhaldsskólastigi, en mikilvægt er að slík stefnumörkun byggi á mati á þörfum í atvinnulífi á hverjum tíma.

Ætlast er til að nefndin sýni frumkvæði í störfum sínum og geri tillögur til umbóta þar sem hún telur þess þörf. Þetta gildir jafnt um viðbrögð við sérstökum aðkallandi vanda og áætlanir til lengri tíma.

Gert er ráð fyrir að samstarfsnefndin sé ráðgefandi um setningu almennra reglna um málefni starfsnáms, gefi ráð um forgangsröðun verkefna í starfsnámi með tilliti til fjárlaga og sé til ráðuneytis varðandi ákvarðanir um sérstakar tilraunir og þróunarverkefni á sviði starfsnáms.

Þá skal nefndin gera tillögur til menntamálaráðherra um flokkun starfsgreina fyrir starfsgreinaráð en flokkunin skal gerð í samráði við samtök atvinnurekenda og launþega í viðkomandi starfsgreinum.

Um 28. gr.

Starfsgreinaráð koma í stað fræðslunefnda í núverandi stjórnkerfi löggiltra iðngreina. Aðilar vinnumarkaðar tilnefna meiri hluta fulltrúa í starfsgreinaráð og skal tryggja jafnt hlutfall fulltrúa atvinnurekenda og launþega í ráðunum. Í hverju starfsgreinaráði situr einn fulltrúi ráðherra. Skal hann hafa þekkingu á starfsnámi og er ætlast til að hann aðstoði við að koma hugmyndum aðila atvinnulífs í það form sem hentar skólastarfi. Fulltrúi ráðherra getur verið starfsnámskennari eða annar sérfræðingur í málefnum starfsnáms og/eða námskrárgerðar.

Tryggja þarf að sérhver atvinnugrein, sem nýtur fræðslu á framhaldsskólastigi, eigi kost á fulltrúaaðild að starfsgreinaráði.[12] Hér er um að ræða verulega breytingu frá núgildandi skipulagi þar sem lögbundin aðild að tillögugerð um skipan náms í starfsgrein er einungis á sviði löggiltra iðngreina. Með því að veita fulltrúum allra starfsgreina á framhaldsskólastigi kost á aðild að starfsgreinaráðum er verið að auka möguleika samtaka atvinnulífsins á að hafa áhrif á skipan starfsnáms. Þetta gildir einnig um stjórnun náms í löggiltum iðngreinum en þar verða áhrifin meiri og beinni en núverandi skipulag gerir ráð fyrir. Aðilar vinnumarkaðar eiga aðeins tvo af fimm fulltrúum í starfandi

---

[11] Þetta er t.d. í samræmi við það sem tíðkast um kostnað af störfum „Erhvervsuddannelsesrådet" í Danmörku, þar sem lögð er áhersla á að *áhrifum á stefnu og framkvæmd fylgi einnig fjárhagsleg ábyrgð.*

[12] Æskilegt er að hver starfsgrein hafi auk þessa sérstaka fagnefnd eða fræðsluhóp sem vinnur að menntunarmálum greinarinnar og verði starfsgreinaráði til fulltingis.

fræðslunefndum fyrir iðngreinaflokka og skal iðnfræðsluráð tilnefna þá auk eins fulltrúa starfsnámskennara. Menntamálaráðherra skipar formann og ritara fræðslunefnda og er mælst til þess í gildandi lögum að sömu menn sinni þessum hlutverkum í öllum nefndunum. Margar iðngreinar eiga því ekki beina aðild að fræðslunefnd, aðeins fagnefnd sem undirbýr mál fyrir fræðslunefnd viðkomandi iðngreinaflokks. Í frumvarpi þessu er tryggð bein tilnefning samtaka á vinnumarkaði á fulltrúum í starfsgreinaráð. Hver starfsgrein á kost á fulltrúaaðild og í ráðunum sitja nánast einvörðungu fulltrúar aðila atvinnulífs.

Fjöldi starfsgreinaráða fer fyrst og fremst eftir því hvernig starfsgreinar eru flokkaðar og er mikils um vert að aðilar í starfsgreinum séu sáttir við þá flokkun. Starfsgreinaráð geta verið mismunandi fjölmenn og fer stærð þeirra eftir því hversu margar starfsgreinar heyra undir ráðið og ákvörðun samtaka atvinnurekenda og launþega sem að ráðunum standa um fjölda fulltrúa fyrir hverja starfsgrein.

Gert er ráð fyrir að nokkur tími líði frá gildistöku nýrra laga og þar til öll starfsgreinaráð hafa tekið til starfa. Að líkindum er breytingin einföldust á sviði löggiltra iðngreina þar sem fræðslunefndir hafa þegar sinnt hluta þeirra viðfangsefna sem starfsgreinaráðum er ætlað auk þess sem sumir iðngreinaflokkar hafa nú þegar mikil umsvif í endurmenntun og hafa komið sér upp fræðsluhópum eða jafnvel stofnunum sem vinna að menntunarmálum greinanna.[13] Í öðrum starfsgreinum getur breytingin átt sér stað mishratt, allt eftir áhuga, möguleikum og framtaksvilja aðila vinnumarkaðar, svo og möguleikum menntamálaráðuneytis til að fylgja breytingunum eftir með auknum umsvifum á sviði starfsnáms. Í bráðabirgðaákvæði frumvarps þessa er kveðið á um að menntamálaráðherra setji í reglugerð hvernig standa skuli að því að koma ákvæðum um starfsnám til framkvæmda.

Vinnuframlag aðila einstakra starfsgreina mun eðli máls samkvæmt verða mismunandi og m.a. háð áhuga aðila á menntunarmálum greinarinnar. Mikilvægt er að tryggja að starfsnámið líði ekki fyrir það ef einhverjar starfsgreinar sýna ekki það frumkvæði sem vænst er. Því er gert ráð fyrir að menntamálaráðherra geti skipað tímabundið sérstaka starfshópa til að sinna verkefnum starfsgreinaráðs ef ekki tekst að mynda slíkt ráð.

Eðlilegt þykir að ákveðin fjárhagsleg ábyrgð fylgi auknum möguleikum aðila vinnumarkaðar til frumkvæðis og beinna áhrifa á ákvarðanatöku um skipan starfsnáms. Því er gert ráð fyrir að starfsgreinasamtök greiði kostnað af hefðbundnum nefndarstörfum fulltrúa sinna í starfsgreinaráði. Lögð er áhersla á að menntamálaráðuneytið veiti ráðunum sérfræðilega þjónustu og aðstoð við að laga tillögur þeirra og hugmyndir að eðli skólastarfs. Menntamálaráðherra kostar gerð námskrár í sérgreinum starfsnáms eins og aðra hluta aðalnámskrár framhaldsskóla.

Um 29. gr.

Starfsgreinaráð skilgreinir þá hæfni sem atvinnulífið krefst af starfsfólki í einstökum starfsgreinum en slík skilgreining liggur til grundvallar skipulagi starfsnáms. Tillögur og ábendingar starfsgreinaráðs til menntamálaráðherra byggja á skilgreindum hæfnikröfum.

Starfsgreinaráð setur fram markmið starfsnáms, þ.e. skilgreinir hvaða kunnáttu og færni nemi þarf að hafa tileinkað sér við lok námsins. Skilgreining þessi tekur fyrst og

---

[13] Hér má nefna Prenttæknistofnun, Ráðiðnaðarskólann, fræðsluráð málmiðnaðarins, fræðsluráð byggingargreina og eftirmenntun bílgreina.

fremst til bóklegra og verklegra sérgreina en gert er ráð fyrir að starfsgreinaráð taki einnig afstöðu til markmiða almennra bóknámsgreina eins og þau eru skilgreind í aðalnámskrá og geri tillögur um hvernig megi sveigja þau að lokamarkmiðum viðkomandi námsbrautar. Í sumum tilvikum kann starfsgreinaráð að leggja til að sérstakar áherslur verði lagðar í kennslu einstakra greina. Sem dæmi um slíkt væri áhersla á fagensku í námi í bílgreinum.

Starfsgreinaráð gerir tillögur um uppbyggingu starfsnáms, þ.e. hvernig námið skuli saman sett og hvert skuli vera innihald þess í grófum dráttum. Með tillögum að námskrá í sérgreinum starfsnáms er átt við að starfsgreinaráð skilgreini nákvæmlega markmið einstakra námsþátta er tilheyra sérgreinum starfsnáms. Fyrir þá vinnu skal starfsgreinaráði standa til boða sérfræðiþjónusta af hálfu menntamálaráðuneytis.

Starfsgreinaráð gerir einnig tillögur að reglum um námsmat í sérgreinum viðkomandi starfsnáms, þ.e. hvernig gengið skuli úr skugga um að nemandinn hafi staðist tiltekna áfanga náms og geti haldið áfram. Einnig gerir starfsgreinaráð tillögu um tilhögun lokamats. Þar er annars vegar átt við í hvaða greinum starfsnáms skuli prófað samræmt og hverjir skuli koma að því mati. Hins vegar er átt við hvenær lokamat eigi að fara fram (við lok skólanáms eða vinnustaðanáms eða e.t.v. hvort tveggja). Starfsgreinaráð gerir einnig tillögur til menntamálaráðherra um hvernig háttað skuli eftirliti með gæðum skólastarfs og vinnustaðanáms.

Starfsgreinaráð gerir tillögu að skiptingu náms á skóla og vinnustað, svo og að reglum um atriði er varða nám á vinnustöðum. Það gerir tillögu að reglum um hvaða skilyrði vinnustaðir þurfa að uppfylla til að taka nema í starfsþjálfun eða á námssamning, svo sem kröfur til leiðbeinenda, um tækjakost, hvort og hvernig fleiri en eitt fyrirtæki geta skipt á milli sín þjálfun einstakra nema o.s.frv. Starfsgreinaráð gerir einnig tillögu að reglum um hvaða kennsluaðstöðu og tækjabúnað skólar sem annast tiltekið starfsnám skulu hafa yfir að ráða og hvaða sérstöku kröfur gera skuli til kennara til að kenna viðkomandi starfsnám.

Gert er ráð fyrir að starfsgreinaráð hafi frumkvæði að tillögugerð um breytta skipan náms í þeim starfsgreinum er undir ráðið heyra og sé stjórnvöldum til ráðuneytis að öðru leyti. Þannig getur ráðið verið ráðgefandi um ráðstöfun fjár vegna tækjakaupa, námsgagnagerðar o.fl. í viðkomandi starfsnámi og gert tillögur um stofnun nýrra námsbrauta og inntökuskilyrði í viðkomandi starfsnám. Einnig er gert ráð fyrir að starfsgreinaráð tilnefni fulltrúa í ráðgjafarnefndir í byggðarlagi, sbr. 30. gr. Loks er þess að vænta að starfsgreinaráð stuðli að sem bestum námsaðstæðum á vinnustað og að fyrirtæki í greininni taki nema í starfsþjálfun samkvæmt ákvæðum aðalnámskrár.

Menntamálaráðherra gefur út námskrá í sérgreinum starfsnáms, sem hluta af aðalnámskrá framhaldsskóla, svo og reglur um framkvæmd starfsnáms í viðkomandi starfsgreinum að fengnum tillögum starfsgreinaráðs.

Um 30. gr.

Gert er ráð fyrir að skólanefnd sé heimilt að setja á fót sérstakar *ráðgjafarnefndir við* skóla til að stuðla að bættu samstarfi skóla og atvinnulífs í viðkomandi byggðarlagi. Slíkar nefndir gætu veitt skólamönnum aðstoð við að útfæra skólanámskrá í starfsnámi á grundvelli aðalnámskrár. Nefndirnar geta verið misstórar og haft ólíkt hlutverk eftir skólum. Við skóla með fjölmennar starfsnámsdeildir getur ein nefnd verið til samráðs við hverja deild og í litlum skólum getur verið ein ráðgjafarnefnd fyrir allan skólann. Að undanförnu hefur Iðnskólinn í Reykjavík haft ráðgjafaraðila af þessum toga í ýmsum

greinum og er sú reynsla talin lofa góðu.

Í þessum ráðgjafarnefndum skulu vera jafnmargir fulltrúar launþega og atvinnurekenda og er gert ráð fyrir að skólar leiti til viðkomandi starfsgreinaráða með beiðni um tilnefningar. Með því að starfsgreinaráð hafi milligöngu um tilnefningu fulltrúa úr atvinnulífi í byggðarlaginu eru tryggð ákveðin tengsl milli ráðgjafarnefndar og starfsgreinaráðs. Ákvarðanir starfsgreinaráðs eiga greiðari leið inn í skólana þegar fulltrúar atvinnulífs og skóla geta rætt þær og útfært á sameiginlegum vettvangi. Það fer eftir hlutverki nefndarinnar í hverjum skóla hverjir veljast til setu í henni af skólans hálfu en eðlilegt er að þar sitji a.m.k. fulltrúar frá yfirstjórn og fagkennurum og e.t.v. fulltrúi nemenda.

Ráðgjafarnefndir samkvæmt lögum þessum eru á ábyrgð viðkomandi skóla, sem ber kostnað af störfum þeirra, nema um annað semjist milli aðila.

Um 31. gr.

Grein þessi er nýmæli en með ákvæðum hennar geta framhaldsskólar eða einstakar deildir þeirra fengið sérstakt hlutverk sem kjarnaskóli, þ.e. tilrauna- og þróunarskóli í starfsnámi. Kjarnaskólar geta verið mismunandi, enda um að ræða þróunarverkefni sem tekur mið af ólíkum þörfum og aðstæðum starfsgreina og/eða atvinnuvega.

Gera þarf sérstakt samkomulag milli menntamálaráðuneytis og viðkomandi skóla þar sem kveðið er á um tímalengd verkefnisins og stjórnun þess, þar með talda skiptingu hlutverka og ábyrgðar á milli aðila, svo og hvernig úttekt á árangri skuli hagað.

Í kjarnaskóla fer fram þróun á námsefni, námsskipan, kennsluaðferðum og námsmati í viðkomandi starfsnámi. Skólar sem veita menntun á sama sviði eiga að geta leitað til kjarnaskóla um leiðsögn og ráðgjöf m.a. varðandi skipulag námsins, námsefni og kennsluhætti sem og sérstök þróunarverkefni. Þannig er kjarnaskóli hugsaður sem þróunar- og þjónustustofnun fyrir allt landið.

Um 32. gr.

Þegar í aðalnámskrá er kveðið á um að hluti starfsnáms fari fram á vinnustað fer um það nám samkvæmt ákvæðum aðalnámskrár og reglum um vinnustaðanám sem ráðherra hefur sett að fenginni tillögu viðkomandi starfsgreinaráðs. Um vinnustaðanám skal ýmist gerður sérstakur starfsþjálfunarsamningur á milli skóla og vinnustaðar eða námssamningur á milli nema og vinnuveitanda.

Starfsþjálfunarsamningur er gerður milli skóla og einstakra fyrirtækja eða stofnana. Þar er kveðið á um að viðkomandi stofnun taki tiltekinn fjölda nemenda skólans til starfsþjálfunar í ákveðinn tíma. Í samningnum kunna einnig að vera ákvæði um hvers konar leiðsögn nemar skulu hljóta á starfsþjálfunartímanum. Dæmi um starfsþjálfunarsamninga eru t.d. samningar um þjálfun nema í sjúkraliðanámi og matartæknínámi.

Námssamningur skal undirritaður af báðum samningsaðilum, nema og vinnuveitanda, við upphaf vinnustaðanáms og staðfestur innan eins mánaðar af fulltrúa menntamálaráðherra. Reynslutími er yfirleitt að hámarki sex mánuðir frá upphafi samningstímans en hann skal tilgreindur sérstaklega, svo og gildistími samningsins. Laun og önnur starfskjör nema á samningstíma skulu vera í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög. Dæmi um námssamninga eru meistarasamningar á sviði löggiltra iðngreina.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um náms- og starfsþjálfunarsamninga. Þar kemur fram hvernig námssamningur skuli líta út, hverjir skuli undirrita hann, hver beri ábyrgð á að senda samninginn til staðfestingar og hvaða aðili skuli staðfesta samninginn fyrir hönd ráðherra. Einnig skal þar kveðið á um hvernig standa skuli að samningsslitum, t.d.

hvernig skuli fara með málið ef samningi er slitið án samkomulags. Þar skulu einnig vera ákvæði um meðferð ágreiningsefna er upp kunna að koma varðandi framkvæmd samningsins. Um reglugerð þessa skal leitað umsagnar aðila vinnumarkaðar og samtaka nemenda en þar er átt við heildarsamtök atvinnulífsins og samtök nema í viðkomandi greinum.

Um 33. gr.

Eitt af einkennum nútímaþjóðfélags er sérmenntun til tiltekinna starfa og kröfur á einstaklinga um að geta brugðist við breyttum aðstæðum á vinnustað. Þannig er líklegt að kröfur um framboð á almennri og sérhæfðri fræðslu á framhaldsskólastigi fyrir fullorðna aukist á komandi árum. Þar að auki benda upplýsingar úr könnuninni „Námsferill í framhaldsskóla“ til mikils brotthvarfs nemenda úr námi í íslenskum framhaldsskólum og mikill fjöldi fólks með litla skólagöngu að baki er á almennum vinnumarkaði. Í upplýsingum, sem birtar hafa verið um fjölda atvinnulausra, kemur í ljós að atvinnuleysi er mest á meðal þeirra sem hafa litla formlega skólagöngu. Því er afar brýnt að einstaklingar, sem ýmist hafa aldrei farið í framhaldsskóla eða hafa hætt í framhaldsskóla án skilgreindra námsloka, eigi kost á að sækja nám á framhaldsskólastigi.

Námsframboð *öldungadeilda* þarf að endurskoða, breikka og m.a. bæta við hagnýtum námsleiðum. Er þar einkum átt við nám á tveimur sviðum. Í fyrsta lagi ber að leggja áherslu á uppbyggingu starfsnámsbrauta fyrir fullorðið fólk, þ.e. hagnýtt nám sem veitir undirbúning til tiltekinna starfa á vinnumarkaði. Þetta þarf að gerast jafnhliða almennri uppbyggingu starfsnáms á framhaldsskólastigi. Í öðru lagi er mikil þörf á að skipuleggja sérstakt grunn- og upprifjunarnám fyrir fullorðna, þ.e. nám fyrir fólk sem ekki hefur lokið formlegum prófum, hefur jafnvel ekki grunnskólapróf og þarf mikinn stuðning í grunngreinum. Slíkt nám væri ætlað þeim sem ekki náðu valdi á undirstöðuatriðum í grunnskóla á sínum tíma eða hafa ekki stundað skólanám lengi.

Það er staðreynd að fullorðnir einstaklingar nálgast viðfangsefnin á annan hátt en unglingar. Því er mikilvægt að kennsla og skipulag náms í öldungadeildum framhaldsskóla taki mið af námsþörfum fullorðinna. Hins vegar er lögð áhersla á að nám í öldungadeildum sé jafngilt námi í almennum framhaldsskólum. Þar er átt við að náminu ljúki með sambærilegum prófum og að gerðar séu sömu kunnáttu- og færnikröfur til hinna fullorðnu nemenda þrátt fyrir að skipulag og innihald náms og kennslu kunni að vera ólíkt vegna þeirrar reynslu sem fullorðnir hafa er þeir hefja námið.

Öldungadeildir eru fyrst og fremst ætlaðar fullorðnum, en samt þykir ekki rétt að binda í lögum lágmarksaldur til að sækja öldungadeild.

Um 34. gr.

Í framhaldsskólum er víða dýrmæt aðstaða sem rétt þykir að nýta til fullnustu. Það á ekki síst við um skóla sem sinna starfsnámi og hafa oft yfir að ráða sérhæfðri kennsluaðstöðu og kennslukröftum. Þess vegna þykir rétt að heimila framhaldsskólum að starfrækja *endurmenntunarnámskeið* og annað nám í samráði við faggreinafélög, stéttarfélög, atvinnurekendur eða aðra hagsmuna- eða áhugahópa. Kostnaður af námskeiðshaldi þessu er greiddur af neytendum, þ.e. þeim sem nýta sér kennsluna.

Á undanförnum árum hefur verið tekin upp kennsla með farskólasniði á vegum einstakra framhaldsskóla á landsbyggðinni. Þar er átt við ýmiss konar námskeiðahald í héraði eða byggðarlagi. Með námskeiðahaldi af þessu tagi er hægt að koma til móts við þarfir íbúa fyrir námskeið á sviði fullorðinsfræðslu eða endurmenntunar. Á vegum far-

skóla hefur að mestu verið í boði nám skv. 34. gr. frumvarps þessa, þ.e. endurmenntunarnámskeið, en einnig ýmiss konar tómstundanámskeið. Þátttakendur greiða að fullu kostnað af þessum námskeiðum.

Um 35. gr.

Fullorðinsfræðslumiðstöðvar sem hér er gert ráð fyrir eru samstarfsverkefni framhaldsskóla og ýmissa aðila í því byggðarlagi sem skólinn þjónar. Þeim er fyrst og fremst ætlað að veita þjónustu sem fellur utan hefðbundinna verkefna framhaldsskólans. Þær eiga að koma til móts við þarfir íbúanna fyrir námskeið innan fullorðinsfræðslu og endurmenntunar eins og farskólar og námsflokkar hafa gert, en gætu auk þess veitt náms- og starfsráðgjöf fyrir fullorðna og aðstoðað fyrirtæki og stofnanir við þjálfun starfsfólks. Slíkar miðstöðvar geta orðið markviss og öflugur þáttur í alhliða uppbyggingu og þróun viðkomandi byggðarlags. Vísi að slíkri starfsemi er þegar að finna hérlendis, t.d. er Farskóli Norðurlands vestra samstarfsverkefni nokkurra aðila sem hafa gert með sér samkomulag um starfsemina.

Annars staðar á Norðurlöndum hefur þegar fengist jákvæð reynsla af rekstri þjónustumiðstöðva af þessum toga, ekki síst í baráttunni gegn atvinnuleysi. Enn fremur hefur starfsemi miðstöðvanna haft jákvæð áhrif á þróun framhaldsskólanna og stuðlað að bættu samstarfi skóla og atvinnulífs.

Um 36. gr.

Á undanförnum árum hefur orðið mikil breyting á aðstöðu margra framhaldsskóla með tilkomu vandaðra *skólasafna* og hafa bókasafnsfræðingar haft forustu í því uppbyggingarstarfi. Skólasafn er einn af hornsteinum skólastarfs í framhaldsskólum og er mjög mikilvægt bæði nemendum og kennurum í daglegu starfi.

Áhersla er lögð á að skólasafnið verði virkur þáttur í fræðslustarfi framhaldsskólans og að þar verði nemendur þjálfaðir í sjálfstæðri þekkingarleit og öflun upplýsinga, m.a. með aðgangi að heimildaritum og gagnabönkum. Sífellt aukast möguleikar á upplýsingamiðlun í tölvutæku formi og er mikilvægt að nemendur í framhaldsskóla fái að kynnast sem flestum aðferðum upplýsingaöflunar.

Um 37. gr.

Felld eru brott ákvæði úr gildandi lögum um að ríkissjóður skuli kosta byggingu heimavista að fullu og að heimilt sé að víkja frá meginreglu um skiptingu stofnkostnaðar þegar um fámenn sveitarfélög er að ræða. Er nú gert ráð fyrir að kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs við byggingu heimavista sé sú sama og við byggingarframkvæmdir og stofnbúnað framhaldsskóla, þ.e. 60%. Rétt þykir að kveða skýrt á um að sveitarfélög er njóta þess hagræðis að hafa framhaldsskóla staðsettan í sveitarfélaginu skuli leggja honum til lóðir án gjalda eða lóðaleigu en að kostnaður við að gera lóðina byggingarhæfa teljist til stofnkostnaðar skólans. Ekki þykir æskilegt að veita heimild í lögum frá almennum reglum um kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga enda talið að slíkt geti leitt til óhagkvæmni í fjárfestingum. Gert er ráð fyrir að samið verði um það milli ríkis og sveitarfélaga hvernig sveitarfélögum verði bætt aukin þátttaka í kostnaði við byggingu heimavista.

Þá er ákveðið að setja skuli reglugerð um normkostnað framhaldsskólahúsnæðis sem skipting áætlaðs stofnkostnaðar milli framkvæmdaaðila verði miðuð við. Einnig skal setja í reglugerð viðmiðunarreglur um stærð og gerð húsnæðis framhaldsskóla. Gert er ráð fyr-

ir að allur undirbúningur verði í höndum framkvæmdaraðila.

Um 38. gr.

Greinin er óbreytt frá 4. gr. gildandi laga og kveður á um eignaraðild að fasteignum skóla á framhaldsskólastigi og málsmeðferð ef þær verða teknar til annarra nota eða seldar öðrum hvorum eignaraðila.

Um 39. gr.

Gert er ráð fyrir að ríkið greiði áfram rekstrarkostnað framhaldsskóla. Tölulegar viðmiðanir fyrir kennslumagn á hvern nemanda og fjölda í námshópum sem eru í núgildandi lögum eru teknar út, en í staðinn er kveðið á um að reikniregla (reiknilíkan) fyrir fjárveitingar til kennslu verði sett í reglugerð. Reiknireglunni er ætlað að reikna út raunverulegan kostnað við þá starfsemi sem nauðsynleg er talin og heimiluð er. Þessari aðferð hefur verið beitt í ýmsum löndum og hefur hún gefið allgóða raun. Með því að taka hana upp hér er verið að gera tilraun til að gera ákvarðanir um fjárveitingar eins hlutlægar og kostur er. Ljóst er að reikniregla af þessu tagi er háð stöðugri endurskoðun og þess vegna eðlilegra að efnisatriði séu bundin í reglugerð en í lögum.

Gert er ráð fyrir að rekstarframlag verði áfram greitt beint til skóla samkvæmt samningi er menntamálaráðuneytið gerir við hvern skóla fyrir sig. Þessi háttur var tekinn upp við gildistöku núgildandi laga og gerðu ýmsir skólar slíkan samning í ársbyrjun 1990. Reynslan af þessu fyrirkomulagi hefur verið góð og haft ýmsa hagræðingu í för með sér fyrir skólana og þess vegna er gert ráð fyrir að halda því áfram. Bætt er inn ákvæði um að skólanefnd sé heimilt að millifæra fé af rekstrarlið fjárlaga til launaliðar og af launalið til rekstrarliðar.

Gert er ráð fyrir að til grundvallar fjárveitingum til viðhalds liggi sérstök viðhaldsáætlun er ráðuneytið geri. Þannig ætti að fást betra yfirlit yfir heildarþörfina og skapast möguleikar á að nýta betur það fjármagn sem ætlað er til viðhalds hverju sinni og tryggja að verk sem byrjað er á verði lokið á sem skemmstum tíma.

Um 40. gr.

Greinin er að mestu efnislega samhljóða 33. gr. gildandi laga en felld út ákvæði er ekki eiga við um heimavistir og mötuneyti. Ákvæði um kostnaðarþátttöku nemenda af efniskaupum vegna verklegrar kennslu hefur flust í 7. gr. frumvarpsins og ákvæði um hagnað af leigu skólahúsnæðis er í 43. gr. Fellt er út ákvæði um kostnaðarþátttöku nemenda í skipulögðum skólaakstri. Að jafnaði bera nemendur sjálfir kostnað af ferðum til og frá skóla. Ef um er að ræða verulegan kostnað fer eftir ákvæðum laga um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, nr. 23/1989. Skólameistari skal einn hafa umsjón með rekstri heimavistar og mötuneytis, í stað skólameistara og skólanefndar í gildandi lögum. Er sú breyting í samræmi við þá stefnu að í lögum sé skýrt kveðið á um ábyrgð skólameistara á daglegu starfi skólans.

Um 41. gr.

Samkvæmt þessari grein er einkaaðilum heimilt að stofna og reka skóla eða bjóða upp á skilgreint nám sem eðli sínu samkvæmt á heima á framhaldsskólastigi. Hér getur bæði verið um að ræða nám sem veitir formleg réttindi og nám sem miðar að því að veita nemendum undirbúning til starfa á tilteknu sviði eða almenna menntun.

Einkaskólar geta sótt um viðurkenningu til menntamálaráðherra ef þeir telja sér hag

í því. Viðurkenningu skal veita með hliðsjón af ákvæðum laga og reglugerða sem gilda á hverjum tíma fyrir framhaldsskóla og felur m.a. í sér að námið er háð eftirliti menntamálaráðherra, stefnir að skilgreindum markmiðum og fer fram samkvæmt námskrá sem er í samræmi við almennar reglur sem menntamálaráðherra setur.

Einkaskólar eiga ekki kröfu á framlögum af opinberu fé og aðeins Alþingi getur ákveðið framlög til þeirra. Í greininni er gert ráð fyrir að ef Alþingi ákveður að veita einkaskóla styrk til starfsemi sinnar þá skuli menntamálaráðherra og rekstraraðilar skólans gera verksamning um greiðslu fjárframlags, skilyrði sem framlagið er háð og önnur þau atriði sem máli kunna að skipta að mati samningsaðila.

Um 42. gr.

Með ákvæðum greinar þessarar er veitt heimild til þess að semja við samtök atvinnurekenda og launþega í einstökum starfsgreinum eða starfsgreinaflokkum um að þeir geri virkir þátttakendur í stofnun og rekstri framhaldsskóla. Slíkri heimild er ætlað að stuðla að því að atvinnulífinu gefist kostur á að hafa áhrif á skipulag og starfshætti skóla er sinna starfsnámi. Gert er ráð fyrir að samtök atvinnurekenda og launþega taki sameiginlega þátt í slíkum rekstri en sú stefna sem mörkuð hefur verið um aukna aðild atvinnulífs að starfsnámi gengur út frá því að ávallt sé gætt jafnræðis milli þessara aðila þegar um er að ræða þátttöku í mótun og framkvæmd starfsnáms.

Á grundvelli breytingar á lögum um framhaldsskóla sem samþykkt var á vorþingi 1992 hefur þegar verið tekið upp slíkt samstarf við aðila vinnumarkaðar í tilraunaskyni með undirritun samnings um stjórnun og rekstur Fræðslumiðstöðvar bílgreina í Borgarholtsskóla. Fræðslumiðstöðin verður rekin sameiginlega af menntamálaráðuneyti og fulltrúum samtaka atvinnurekenda og launþega í bílgreinum og er fyrsta tilraunin um rekstur starfsmenntaskóla í samvinnu hins opinbera og aðila atvinnulífs. Ætlunin er að þar fari fram bæði grunn- og endurmenntun á sviði bílgreina auk þess sem til stendur að bjóða styttra nám í stoðgreinum bílgreina svo sem vinnu á dekkjaverkstæði, smurningsvinnu o.fl.

Um 43. gr.

Greinin er samhljóða 39. gr. gildandi laga, nema kveðið er á um hvernig skuli verja hagnaði sem fæst af leigu skólahúsnæðis og heimavista. Það ákvæði er efnislega samhljóða 3. mgr. 33. gr. gildandi laga.

Um 44. gr.

Rétt þykir að gera ráð fyrir að skólar geti borið fram óskir um að gera tilraunir með nýjungar í skólastarfi sem verði að víkja frá ákvæðum laga og reglugerða. Með ákvæðum greinar þessarar er menntamálaráðherra veitt heimild til að veita slíkar undanþágur en jafnframt sett takmörk varðandi tímalengd og kveðið á um að ávallt skuli fara fram úttekt á slíkum tilraunum að þeim loknum.

Um 45. gr.

Grein þessi er nýmæli og gerir ráð fyrir að stofnaður verði sérstakur *Þróunarsjóður framhaldsskóla* og að sjóðurinn heyri undir menntamálaráðherra. Sjóði þessum er ætlað að hvetja til þróunarstarfs í skólum og á sviði fullorðinsfræðslu og standa undir kostnaði sem af hlýst. Nýbreytnistarf er mikilvægur þáttur í starfi skólanna og mikilvægt að skólum sem sýna frumkvæði og vilja til að þróa nýjungar í skólastarfi verði gert það

kleift. Til að sjóðurinn nýtist sem best þarf að setja úthlutunarreglur þar sem tilgreind eru skilyrði sem skólar þurfa að uppfylla til að geta fengið úthlutað úr sjóðnum.

Um 46. gr.

Grein þessi er nýmæli og gerir ráð fyrir að menntamálaráðherra geri Alþingi grein fyrir framkvæmd skólastarfs á framhaldsskólastigi á þriggja ára fresti. Mikilvægt er talið að Alþingi fylgist með reglubundnum hætti með framkvæmd skólastarfs í grunn- og framhaldsskólum. Forsenda fyrir slíkri umfjöllun er að fyrir liggi ítarlegar upplýsingar um framkvæmd skólastarfs og árangur af því. Gert er ráð fyrir að það verði hluti af eftirlitsskyldu menntamálaráðuneytis að afla reglulega upplýsinga úr skólum og standa fyrir því að gerðar verði rannsóknir og úttektir á tilteknum þáttum skólastarfs.

Um 47. gr.

Kveðið er á um að lögin taki gildi skólaárið 1996–97. Þörf er á nokkrum aðlögunartíma áður en ýmis ákvæði laganna, svo sem um samræmd lokapróf og starfsnám, geta komið að fullu til framkvæmda. Gert er ráð fyrir að þau komi ekki að fullu til framkvæmda fyrr en skólaárið 2000–2001, sbr. bráðabirgðaákvæði.

Um 48. gr.

Við gildistöku laganna falla brott gildandi lög um framhaldsskóla, nr. 57/1988, ásamt áorðnum breytingum á þeim með lögum nr. 107/1988, nr. 72/1989 og nr. 81/1993, lög um fiskvinnsluskóla, nr. 55/1971, með áorðnum breytingum, og lög um almenna fullorðinsfræðslu, nr. 47/1992.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Óhjákvæmilegt þykir að veita skólum aðlögunartíma að samræmdum lokaprófum þar sem kennsla nemenda frá byrjun skólagöngu hlýtur að taka mið af slíkri samræmingu. Er því miðað við að ákvæði 24. gr. verði ekki komið að fullu til framkvæmda fyrr en skólaárið 2000–2001.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Ljóst þykir að nokkur tími muni líða þar til tekist hefur að koma ákvæðum 25.–32. gr. um breytt fyrirkomulag starfsnáms í framhaldsskólum til fullra framkvæmda. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra leggi fram framkvæmdaáætlun þar um sem unnin verði í samráði við samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi, sbr. 26. gr. Þannig verði skilgreind ákveðin skref í þeirri þróun að auka aðild fulltrúa vinnumarkaðar að skipulagningu starfsnáms í framhaldsskólum. Breytingin mun væntanlega verða einföldust á sviði löggiltra iðngreina og ganga fyrst í gegn þar. Í flestum öðrum greinum er í núverandi skipulagi ekki um að ræða formlega aðild að skipulagningu starfsnáms og því er um verulega breytingu að ræða sem verður að framkvæma í ákveðnum þrepum og í samræmi við áætlanir um forgangsverkefni á sviði starfsnáms í framhaldsskólum. Gert er ráð fyrir að sérstök úttekt verði gerð á framkvæmd starfsnáms samkvæmt nýju skipulagi innan fjögurra ára frá því að það hefur komist til fullra framkvæmda.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Loks er bráðabirgðaákvæði um að sú heimild í gildandi lögum að iðnaðarmenn er unnið hafa við iðnina í 10 ár geti sótt um að gangast undir verklegt próf án skólanáms gildi aðeins í fjögur ár frá gildistöku laga þessara.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um framhaldsskóla.

Frumvarpið var upphaflega samið af nefnd um mótun menntastefnu sem menntamálaráðherra skipaði á árinu 1992 og var lagt fram til kynningar á 117. löggjafarþingi 1993–1994. Í kjölfar umræðna voru gerðar nokkrar breytingar á frumvarpinu og það lagt fram á 118. löggjafarþingi 1994–1995 en hlaut ekki afgreiðslu. Frumvarpið hefur nú verið endurskoðað og gerðar á því nokkrar breytingar. Hér á eftir er reynt að meta áhrif frumvarpsins á kostnað við framhaldsskóla umfram forsendur fjárlagafrumvarps 1996.

Í frumvarpinu og athugasemdum við það er lítið fjallað um fjárhagslegar forsendur fyrir ýmsum breytingum sem lagðar eru til eða hugsanleg áhrif á nemendafjölda o.fl. Óvissuþættir eru því margir og hefur fjármálaráðuneytið, í samráði við menntamálaráðuneyti, í mörgum tilfellum gefið sér forsendur til að geta metið kostnaðaráhrif. Í umsögninni er fyrst yfirlit þar sem tíundaðir eru þættir sem talið er að muni hafa áhrif á útgjöld. Því næst eru nánari skýringar á þeim kostnaðarþáttum sem nefndir eru í yfirlitinu.

Yfirlit.

Í frumvarpi þessu eru margir þættir sem kunna að hafa veruleg áhrif á kostnað. Ekki eru þeir allir metnir í fjárhæðum en reynt er að draga fram það sem mun leiða til breytinga á útgjöldum. Talnalegt mat miðast við kostnað á ársgrundvelli þegar viðkomandi ákvæði er að fullu komið til framkvæmda. Kostnaðarauki ríkissjóðs vegna þeirra þátta í rekstri framhaldsskóla sem lagt hefur verið talnalegt mat á í umsögn þessari er talinn nema að lágmarki um 215 m.kr. en getur orðið allt að 340 m.kr. Það nemur 5–7,5% af heildarrekstrarfjárveitingu til framhaldsskóla í frumvarpi til fjárlaga 1996. Ekki var lagt talnalegt mat á viðhalds- og stofnkostnað. Lögð er rík áhersla á að *kostnaðaráhrifin geta orðið mun víðtækari* en þessar tölur segja til um þar sem ógerlegt er að meta allar breytingar til fjárhæða og margar forsendur sem liggja til grundvallar áætlun um útgjaldaauka geta verið umdeilanlegar. Matið byggist á þeim atriðum sem talin eru upp hér á eftir og skýrð nánar í texta, svo og öðrum smærri þáttum sem ekki eru tilgreind hér.

1. *Starfstími framhaldsskóla.* Gert er ráð fyrir að starfstími nemenda verði eigi skemmri en níu mánuðir og kennsludagar að lágmarki 150 á ári. Samkvæmt kjarasamningi við kennarasamtökin sem gerður var vorið 1995 skulu kennslu- og prófdagar vera 175 á ári og hefur verið tekið tillit til aukins kostnaðar vegna fjölgunar kennsludaga í frumvarpi til fjárlaga 1996.

2. *Breytt námsskipan.* Áætlaður útgjaldaauki er 140–195 m.kr. en þar er um að ræða aukinn kostnað vegna fornáms og almennrar námsbrautar.
3. *Þjónusta við fatlaða.* Gert er ráð fyrir að kostnaðarauki verði 40–80 m.kr. vegna aukinnar þjónustu við fatlaða með stofnun sérdeilda innan framhaldsskólanna.
4. *Sérstök íslenskukennsla.* Kostnaður við sérstaka íslenskukennslu nemenda sem eiga annað móðurmál en íslensku, hafa dvalið langdvölum erlendis eða eru heyrnarlausir getur orðið nokkur.
5. *Aðalnámskrá.* Aðalnámskrá er meginviðmiðun skólastarfsins og er með henni unnt að hafa veruleg áhrif á rekstrarútgjöld framhaldsskóla. Samning aðalnámskrár veldur tímabundnum kostnaði meðan að því verki er unnið. Að auki skal hver skóli gefa út skólanámskrá en það kallar á einhvern aukinn kostnað.
6. *Mat á skólastarfi.* Samkvæmt frumvarpinu skal sérhver framhaldsskóli taka upp aðferðir til að meta skólastarfið. Á fimm ára fresti skal fara fram mat á sjálfsmatsaðferðum einstakra skóla af utanaðkomandi aðila. Einnig skulu lokapróf vera samræmd í tilteknum greinum. Aukinn kostnaður við mat á skólum og skólastarfi er talinn geta orðið 20–40 m.kr.
7. *Starfsnám.* Í frumvarpinu er lögð aukin áhersla á starfsnám en kennsla nemenda í starfsnámi er að jafnaði um 50% dýrari en kennsla nemenda í bóknámi. Fjölgun nemenda í starfsnámi mun auka kostnað en á móti kemur að gert er ráð fyrir að starfsnámsbrautir verði almennt styttri en nú er.
8. *Öldungadeildir og endurmenntun.* Aukin áhersla á starfsnám getur aukið kostnað við öldungadeildir.
9. *Stofnun og bygging framhaldsskóla.* Fellt er niður ákvæði um að ríkissjóður greiði að fullu byggingu heimavista og sparar það fyrirsjáanlega kostnað.
10. *Stjórnun og starfslið.* Aukið hlutverk skólanefnda gæti aukið kostnað eitthvað. Skylda til að veita námsráðgjöf getur haft í för með sér 15–25 m.kr. kostnaðarauka að því gefnu að námsráðgjöfin aukist um 30–50%. Aukin námsráðgjöf gæti lækkað kennslukostnað eitthvað.
11. *Þróunarstarf.* Telja má víst að þróunar- og uppbyggingarstarf o.fl. muni leiða til aukins kostnaðar, a.m.k. í upphafi.
12. *Einkaskólar og sumarskóli.* Gert er ráð fyrir möguleika til að reka sumarskóla en þar sem ekki liggur fyrir með hvaða hætti rekstri hans yrði hagað er ekki unnt að meta kostnað. Breytt ákvæði um framhaldsskóla sem reknir eru af einkaaðilum og samtökum eru ekki talin hafa áhrif á kostnað.

1. Starfstími framhaldsskóla.

Í 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um að starfstími nemenda í framhaldsskólum skuli eigi vera skemmri en 9 mánuðir og að kennsludagar skuli ekki vera færri en 150. Þetta er efnislega samhljóða núgildandi lögum að því frátöldu að kveðið er á um lágmarksfjölda kennsludaga. Til skamms tíma var miðað við 34 vikna starfstíma skóla í kjarasamningum kennara en í reynd hafa kennsluvikur yfirleitt verið 26 til 28. Í kjarasamningi sem gerður var við kennara vorið 1995 var samið um 175 kennslu- og prófadaga á ári. Í frumvarpi til fjárlaga 1996 er kennslukostnaður miðaður við þann dagafjölda.

2. Breytt námsskipan.

Gert er ráð fyrir að námsbrautir framhaldsskólans verði almenn braut, listnámsbrautir, bóknámsbrautir og starfsnámsbrautir. Að auki skal boðið upp á fornám fyrir þá sem ekki hafa náð tilskildum árangri við lok grunnskóla. Mjög erfitt er að áætla breytingar á núverandi kostnaði nema með því að gefa sér forsendur um hvernig nemendur úr grunnskóla skiptast á brautir framhaldsskóla. Gera má ráð fyrir að um 10–15% nemenda fari í fornám áður en þeir hefja nám á námsbrautum framhaldsskóla. Miðað við reynslu undanfarinna ára má ætla að um 50% nemenda fari í bóknám, hlutfall verknámsnemenda verði óbreytt eða um 30% og um 20% fari fyrst á almenna braut. Ekki liggur fyrir mat á fjölda sem færi í listnám en talið er að hópurinn verði ekki stór í upphafi. Þeir sem færu á almenna braut munu ljúka námi með prófi eða færa sig að prófi loknu yfir á aðrar brautir og er gert ráð fyrir að flestir haldi áfram.

Áætla má að kostnaður aukist um 90–135 m.kr. vegna fornáms. Er þá miðað við að 400–600 nemendur fari í fornám á hverju ári, meðalfjöldi í hóp sé 12 miðað við að námið fari fram í flestöllum skólum, kostnaður á hóp verði að meðaltali um 3,6 m.kr. og að niður falli fornám og 0-áfangar sem boðið hefur verið upp á og er talið að kosti um 30–35 m.kr.

Áætla má að kostnaðarauki vegna almennrar brautar geti orðið 50–60 m.kr. Er þá miðað við að nemendur verði 700–800 og komi að hluta til af öðrum námsbrautum, meðalfjöldi í hóp verði 15–18 enda sé námið boðið víða, kennslan verði að mestu bókleg, meðalnámstími verði eitt misseri og meðalfjöldi í hóp á öðrum námsbrautum lækki lítillega.

Ekki eru áætlaðar breytingar á kostnaði vegna bóknámsbrauta og talið að kostnaðarauki vegna listnámsbrautar verði óverulegur í upphafi. Ekki er lagt mat á hugsanlegan kostnaðarauka vegna starfsnáms en ef nemendum í starfsnámi fjölgar eins og stefnt er að, eykst bæði rekstrarkostnaður og stofnkostnaður. Að auki er líklegt að fjölbreyttara námsframboð og aukinn stuðningur við nemendur hækki hlutfall þeirra sem fara í framhaldsskóla en það er nú um 85%. Á Norðurlöndunum er hlutfallið 86–93%. Þegar á heildina er litið er því áætlað að útgjaldaauki vegna breyttrar námsskipunar verði 140–195 m.kr. miðað við framangreindar forsendur. Í 16. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir verulegri fækkun bóknámsbrauta, eða úr þrettán í þrjár. Þá verður stofnun nýrra námsbrauta háð samþykki menntamálaráðuneytis og er gert ráð fyrir aukinni verkaskiptingu og sérhæfingu framhaldsskóla. Þetta getur lækkað kennslukostnað en ógerningur er að leggja tölulegt mat á sparnað.

3. Þjónusta við fatlaða.

Kveðið er á um þjónustu við fatlaða nemendur með svipuðum hætti og gert er í núgildandi lögum með einni undantekningu. Í stað þess að heimilt sé að stofna sérskóla fyrir þroskahefta nemendur er miðað við að menntamálaráðherra geti heimilað stofnun sérstakra deilda við framhaldsskóla fyrir fatlaða nemendur. Kostnaður við slíkar deildir getur verið verulegur og stafar hann af breytingum sem þarf að gera á húsnæði, smæð námshópa og mikilli þörf fyrir aðstoð. Kostnaðarauki getur verið mismikill eftir því hvort um er að ræða líkamlega eða andlega fatlaða nemendur. Um 75 m.kr. er veitt til sérkennslu og ýmiss konar þjónustu við fatlaða í framhaldsskólunum samkvæmt fjárlagafrumvarpi

1996. Talin er mikil þörf fyrir aukna þjónustu við fatlaða og má gera ráð fyrir að fötluðum nemendum fjölgi verði þjónusta framhaldsskóla við þá aukin. Hér er áætlað að rekstrarkostnaður vegna þessara nemenda aukist á næstu árum um 50–100%, eða um 40–80 m.kr. Ekki er lagt mat á aukinn stofnkostnað en víða þarf að gera endurbætur á húsnæði til að bæta aðgengi fatlaðra.

4. Sérstök íslenskukennsla.

Í 20. gr. er kveðið á um rétt nemenda til sérstakrar kennslu í íslensku, sé móðurmál þeirra annað en íslenska, hafi þeir dvalið langdvölum erlendis eða séu heyrnarlausir. Samkvæmt greininni getur menntamálaráðherra heimilað að stofnað verði til sérstaks grunnnáms í íslensku við framhaldsskóla fyrir nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku. Ekki liggja fyrir upplýsingar um fjölda þeirra sem hafa dvalið langdvölum erlendis eða eru heyrnarlausir og þyrftu á sérstakri íslenskukennslu að halda. Þar sem óljóst er hve margir nemendur verða og hvernig staðið yrði að slíkri kennslu er ekki lagt mat á áhrif á kostnað. Útgjaldaauki gæti hins vegar orðið nokkur, sérstaklega ef kennslan fer fram í mörgum skólum og fámennum námshópum.

5. Aðalnámskrá.

Aðalnámskrá er meginviðmiðun skólastarfsins. Þar er kveðið á um uppbyggingu námsbrauta, lágmarksfjölda vikulegra kennslustunda, inntak námsgreina, meðallengd námstíma á hverri braut, námsmat og kröfur um námsárangur o.s.frv. Með aðalnámskrá er því unnt að hafa veruleg áhrif á kostnað. Ekki liggja fyrir drög að henni og því er hér gert ráð fyrir að hún auki ekki kostnað frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga 1996.

Ákvæði um rekstrarkostnað eru hliðstæð og í gildandi lögum með nokkrum undantekningum. Samkvæmt gildandi lögum skal miða fjárveitingar við grunntölu kennslustunda á nemanda í bóknámi að viðbættum þeim stundafjölda sem talin er þörf á vegna verknáms, sérnáms og sérstakra aðstæðna. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sett verði reglugerð um útreikning á kennslukostnaði skóla sem miðist við fjölda nemenda, lengd og tegund náms, fjölda kennslustunda á viku samkvæmt aðalnámskrá o.fl. Ekki er gert ráð fyrir að þessi lagabreyting leiði til aukins kostnaðar framhaldsskóla. Rétt er að vekja athygli á að upplýsingar um nemendafjölda í framhaldsskólum, sérstaklega áfangaskólum, eru ekki ætíð nægilega traustar til þess að unnt sé að ákveða fjárveitingar á grundvelli þeirra einna. Hluti nemenda hverfur frá námi þegar líður á skólaárið auk þess sem tímasókn þeirra er mismikil eftir því hvaða nám þeir stunda eða hvar þeir eru staddir í námi. Breytt lagaákvæði getur auðveldað að taka tillit til þessa.

Hver skóli skal gefa út skólanámskrá skv. 22. gr., en það er nýlunda. Þar skal gera grein fyrir námsframboði, lengd og innihaldi námsáfanga o.fl. Skólanámskrá byggist á aðalnámskrá, lögum og reglugerðum um framhaldsskóla og hefur því ekki bein áhrif á rekstrarútgjöld skólans. Nú þegar er lögð töluverð vinna í gerð námsvísa skólanna, en gera má ráð fyrir að útgjöld munu aukast tímabundið vegna samningu á námskrá skóla.

6. Mat á skólastarfi.

Í 23. gr. er fjallað um mat á skólastarfi og er það tvíþætt. Annars vegar er gert ráð fyrir að skólar taki upp kerfisbundið sjálfsmat til að bæta árangur skólastarfsins. Ætla má að þetta kalli á aukna vinnu í skólum í upphafi en á móti ætti það aðhald sem slíkt mat hefur í för með sér að leiða til hagræðingar þegar litið er til lengri tíma. Hins vegar er

kveðið á um að á fimm ára fresti skal utanaðkomandi aðili gera úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla. Gera má ráð fyrir að þetta geti kostað allt að 1 m.kr. fyrir hvern skóla og að u.þ.b. 8–10 skólar yrðu metnir á ári. Kostnaðarauki við mat á skólum yrði þá um 10–20 m.kr.

Samkvæmt frumvarpinu verða tekin upp samræmd próf á framhaldsskólastigi, en ekki er ljóst í hve mörgum greinum. Kostnaður við hvert samræmt próf í grunnskólum er um 4 m.kr. Ætla má að kostnaður fyrir hvert samræmt próf á framhaldsskólastigi verði 3–5 m.kr. Ef prófað verður í 3–4 kjarnagreinum í framhaldsskólum er kostnaðaraukinn 10–20 m.kr. Einnig er hugsanlegt að tekin verði upp einfaldari samræmd próf á einstökum brautum.

7. Starfsnám.

Í frumvarpinu er lögð áhersla á að auka og efla starfsnám. Gert er ráð fyrir að aðilar vinnumarkaðarins hafi áhrif á uppbyggingu námsins með þátttöku í samstarfsnefnd um starfsnám og starfsgreinaráðum. Við setningu námskrár verði tekið mið af umfjöllun og tillögum samstarfsnefndar og starfsgreinaráða. Gert er ráð fyrir að starfsnámsbrautir verði almennt styttri en nú er en á móti er ætlunin að byggja upp nýjar brautir og aðlaga það nám sem fyrir er breyttum aðstæðum. Útilokað er að meta kostnað vegna þessara breytinga fyrr en drög að námskrá liggja fyrir og ljóst hvernig starfsnám mun breytast. Gera má ráð fyrir einhverjum kostnaðarauka vegna nýrra nefnda.

8. Öldungadeildir og endurmenntun.

Samkvæmt frumvarpinu getur menntamálaráðherra heimilað framhaldsskóla að bjóða nám í öldungadeildum. Í gildandi lögum segir að bjóða skuli nám hliðstætt því sem er á námsbrautum skólans en í frumvarpinu er kveðið á um að nám í öldungadeildum skuli vera jafngilt námi á einstökum námsleiðum framhaldsskólans. Meðal annars er ætlunin að leggja meiri áherslu á uppbyggingu starfsnámsbrauta í öldungadeildum. Þetta getur haft kostnaðarauka í för með sér en ekki er hér lagt mat á hve mikill hann gæti orðið. Ákvæði um kostnaðarþátttöku öldungadeildanema er óbreytt, þ.e. að nemandi greiðir sem næst þriðjungi kennslulauna auk efniskostnaðar og kennslugagna.

Ákvæðum um kostnað vegna endurmenntunarnámskeiða er einnig breytt til samræmis við framkvæmdina eins og hún er, en gert er ráð fyrir að allur kostnaður vegna endurmenntunarnámskeiða sé annaðhvort greiddur af þeim sem standa með skólanum að slíkum námskeiðum eða með þátttökugjöldum. Samkvæmt gildandi lögum miðast námsgjöld við að nemendur greiði að minnsta kosti þriðjung kostnaðar og er kostnaðaraðild ríkissjóðs háð samþykki menntamálaráðherra.

9. Stofnun og bygging framhaldsskóla.

Ákvæði um stofnun og byggingu framhaldsskóla eru hliðstæð og í gildandi lögum en fellt er niður ákvæði 6. mgr. 3. gr. núgildandi laga þar sem vísað er í lög nr. 49/1967, um skólakostnað, enda eru þau lög úr gildi fallin. Í stað þess er gert ráð fyrir að menntamálaráðherra hafi samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um málsmeðferð varðandi undirbúning framkvæmda. Í 37. gr. frumvarpsins segir að til stofnkostnaðar framhaldsskóla skuli telja byggingarframkvæmdir, aðrar framkvæmdir á lóð og stofnbúnað framhaldsskóla. Kveðið er skýrt á um að sveitarfélög skuli leggja til lóðir undir framhaldsskóla án kvaða eða gjalda.

Fellt er niður ákvæði um að ríkissjóður greiði að fullu byggingu heimavistar en þess

í stað er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði 60% og sveitarfélög 40%. Þetta sparar ríkissjóði útgjöld, enda leiði það ekki til aukins áhuga sveitarfélaga á byggingu heimavista. Að auki er í 34. gr. frumvarpsins kveðið á um skólasöfn en þar er sagt að í tengslum við húsnæði skuli vera lesaðstaða. Ekki liggur fyrir úttekt á kostnaði við að uppfylla þetta ákvæði, en það er talið kalla á verulegan kostnað þar sem lesaðstöðu er ábótavant í mjög mörgum skólum.

10. Stjórnun og starfslið.

Fækkað er í skólanefndum framhaldsskóla um tvo fulltrúa en á móti er þeim ætlað víðtækara hlutverk. Á móti er gert ráð fyrir tveimur áheyrnarfulltrúum og má ætla að farið verði fram á greiðslur vegna fundasetu þeirra. Kostnaður gæti aukist af þessum sökum.

Í 13. gr., sem fjallar um heilsuvernd, er gerð sú breyting að í stað þess að heimilt sé að fela heilsugæslustöð að annast heilsuvernd í skólanum, verður slíkt skylt. Kostnaður skóla vegna heilsugæslu er ekki mikill og er ætlað að kostnaðaráhrif vegna þessarar breytingar verði hverfandi.

Í frumvarpinu er kveðið á um rétt nemenda til námsráðgjafar og má ætla að það auki eftirspurn eftir ráðgjöfinni. Ekki liggja fyrir upplýsingar um núverandi kostnað framhaldsskóla vegna námsráðgjafar, þar sem henni er iðulega sinnt af kennurum gegn lækkun kennsluskyldu. Talið er að þessi kostnaður nemi um 50 m.kr. á ári. Ef miðað er við 30–50% aukningu ráðgjafar er kostnaðaraukinn 15–25 m.kr. Aukin námsráðgjöf getur leitt til þess að nemendur velji sér nám við hæfi, þeir þurfi síður að endurtaka námsáfanga og kennslukostnaður lækki af þeim sökum.

Að lokum er rétt að benda á að jafnvíðtækar skipulagsbreytingar og hér eru boðaðar hafa í för með sér mikla vinnu við þróun og frekari útfærslu. Sú vinna yrði mest í upphafi en minnkaði síðan þar til breytt fyrirkomulag hefði að fullu verið tekið upp. Í 4. gr. er að auki gert ráð fyrir víðtækara hlutverki menntamálaráðuneytis varðandi eftirlit, ráðgjöf um kennslu- og þróunarstörf o.fl. og má ætla að það leiði til útgjaldaauka.

11. Þróunarstarf.

Í 31. gr. er kveðið á um að menntamálaráðherra geti gert deild eða skóla að kjarnaskóla sem þróar námsefni, námsskipan og kennsluaðferðir. Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að skólar sem veita menntun á sama sviði og kjarnaskóli eiga að geta leitað til hans um leiðsögn og ráðgjöf þannig að kjarnaskóli verði þróunar- og þjónustustofnun fyrir allt landið. Skóli sem valinn verður sem kjarnaskóli þarf því væntanlega viðbótarframlag til að annast verkefni sem því fylgja. Hugsanlegur kostnaður fer eftir því hvernig þetta verður framkvæmt og í hve miklum mæli. Á móti kostnaðarauka má ætla að þetta hafi í för með sér sparnað þegar til lengri tíma er litið þar sem sérhæfing skóla eykst og uppbygging náms yrði markvissari.

Samkvæmt frumvarpinu getur menntamálaráðherra veitt framhaldsskólum heimild til að gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs með undanþágu frá ákvæðum laga og reglugerða um framhaldsskóla. Ekki er hægt að meta kostnað vegna þessa.

Í 45. gr. er kveðið á um að stofna skuli Þróunarsjóð framhaldsskóla. Fjárveiting til sjóðsins er ákveðin í fjárlögum hverju sinni. Þetta þarf ekki að leiða til kostnaðarauka því á móti falla niður ýmsar fjárveitingar á fjárlagalið 319 Framhaldsskólar, almennt, eins og t.d. Nýjungar í skólastarfi en framlag til verkefnisins er 15,8 m.kr. í frumvarpi til fjárlaga 1996.

12. Einkaskólar og sumarskóli.

Sérstök lagaákvæði um Verslunarskóla Íslands og Samvinnuskóla eru felld út, en í þeirra stað gerir frumvarpið ráð fyrir almennum ákvæðum um skóla sem reknir eru af einkaaðilum eða samtökum. Ekki er gert ráð fyrir að kostnaður ríkisins aukist af þessum sökum. Við bætist nýtt ákvæði um að samtök atvinnurekenda og launþega geti gerst aðilar að stofnun og rekstri framhaldsskóla eða hluta hans. Kostnaðaráhrif þessa eru óljós en ætti að geta leitt til sparnaðar og nánari tengsla við atvinnulífið.

Samkvæmt 3. gr. er gert ráð fyrir að árlegur starfstími nemenda geti verið lengri en níu mánuðir. Þetta opnar möguleika á rekstri sumarskóla. Þar sem ekkert liggur fyrir um rekstur slíks skóla, er ekki unnt að meta kostnað við hann.

97. Frumvarp til laga [95. mál]

um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 47/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Gísli S. Einarsson.

1. gr.

Á eftir 16. gr. laganna kemur ný fyrirsögn, **Landslagsvernd**, og sjö nýjar greinar og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það. Hinar nýju greinar orðast svo:

a. (17. gr.)

Eftirtaldar landslagsgerðir skulu njóta almennrar verndar og má ekki raska þeim nema samkvæmt ákvörðun skipulagsyfirvalda að fenginni umsögn Náttúruverndarráðs:

a. gosmyndanir frá nútíma, eldstöðvar, gervigígar og eldhraun;
b. aðrar sérstæðar jarðmyndanir, samkvæmt reglugerð er umhverfisráðherra setur;
c. stöðuvötn og tjarnir yfir 250 fermetrar að flatarmáli;
d. náttúrulegir vatnsfarvegir, ár og lækir;
e. votlendi, mýrar og flóar, yfir 2,5 hektarar að flatarmáli;
f. fjörur, strendur og leirusvæði.

Þá skal þess gætt við ræktunarframkvæmdir, svo sem túnrækt, skógrækt, landgræðslu og skjólbeltagerð, að þær raski ekki sérstæðum náttúruminjum og falli sem best að heildarsvipmóti lands.

b. (18. gr.)

Óheimilt er að breyta landslagi varanlega með jarðraski, efnistöku, mannvirkjagerð eða á annan hátt nema í samræmi við staðfest skipulag og að undangengnu mati á umhverfisáhrifum, sbr. lög nr. 63/1993.

Ekki skal heimila efnistöku ef hætta er á að hún raski sérkennilegu landslagi, merkum náttúruminjum eða vistkerfum. Þá má efnistakan hvorki ganga í berhögg við ákvæði laga þessara um friðlýsingu náttúruminja né staðfesta skipulagsáætlun.

c. (19. gr.)

Á landi í einkaeign er eiganda að teknu tilliti til ákvæða 18. gr. heimil efnistaka hafi sveitarstjórn samþykkt áætlun um hana, sbr. 2. mgr., að fenginni jákvæðri umsögn viðkomandi náttúruverndarnefndar og skipulagsstjóra ríkisins. Skjóta má ákvörðun sveitarstjórnar til umhverfisráðherra er úrskurðar um málið að fenginni umsögn Náttúruverndarráðs. Óheimilt er að hefja efnistöku áður en endanlegur úrskurður liggur fyrir. Áður en efnistaka hefst samkvæmt málsgrein þessari skal framkvæmdaraðili senda sveitarstjórn áætlun um hana með ósk um leyfi til efnistöku. Þar skal tilgreint magn og gerð efnis, fyrirhugaður tími efnistöku og frágangur að henni lokinni.

Sá er óskar leyfis til efnistöku skal áður en það er veitt leggja fram fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu vegna frágangs, sbr. 22. gr., og sem nemur áætluðum úrbótakostnaði verði eigi staðið við sett skilyrði.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. er landeiganda heimil lítils háttar efnistaka á landi sínu til eigin nota, enda sé gætt ákvæða 2. mgr. 18. gr., svo og 22. gr. um frágang.

d. (20. gr.)

Jarðefnanám í afréttum og almenningum er bannað hafi ekki verið ráð fyrir því gert á staðfestu skipulagi, nema fyrir liggi leyfi umhverfisráðherra og jákvæð umsögn Náttúruverndarráðs um áætlun um efnistöku, sbr. 1. mgr. 19. gr.

Eigi má hefja jarðefnanám í landi sem er í eigu sveitarfélags, nema fyrir liggi jákvæð umsögn Náttúruverndarráðs og skipulagsstjóra ríkisins. Unnt er að skjóta ágreiningi sem rísa kann vegna þessa til umhverfisráðherra.

e. (21. gr.)

Valdi fyrirhuguð mannvirkjagerð hættu á að því að landið breyti varanlega um svip, að merkum náttúruminjum verði spillt eða hættu á mengun lofts eða lagar er skylt að leita álits Náttúruverndarráðs á frumstigi framkvæmdaundirbúnings.

Ef það er vanrækt getur Náttúruverndarráð krafist atbeina lögreglustjóra til að varna því að verk verði hafið eða því fram haldið.

Virkjanir, verksmiðjur og önnur stór mannvirki skulu hönnuð í samráði við Náttúruverndarráð. Sama gildir um vegalagningu að slíkum mannvirkjum.

f. (22. gr.)

Hafi jarðrask orðið við efnistöku, mannvirkjagerð eða á annan hátt af manna völdum skal þeim er valdið hefur skylt að ganga frá því á snyrtilegan hátt og þannig að sem best falli að umhverfi. Náttúruverndarráð getur sett fyrirmæli um hvernig við skuli skilið og m.a. sett mönnum ákveðinn frest til að ljúka frágangi. Skal þessi frestur aldrei vera lengri en eitt ár. Sveitarstjórn skal ganga frá efnistökustað, þar með talið loka efnisnámum og græða upp jarðvegssár á kostnað viðkomandi, ef sýnt þykir að ekki verði sinnt fyrirmælum um frágang. Heimilt er að innheimta slíkan kostnað með aðför. Óheimilt er að láta efnistökustað standa ófrágenginn um lengri tíma enda þótt frekara efnisnám sé fyrirhugað síðar.

Bannað er að fleygja eða farga rusli eða öðru óskyldu efni í efnisnámur, nema það sé liður í samþykktum frágangi þeirra enda sé þá gætt ákvæða í lögum og reglugerðum um mengunarvarnir.

g. (23. gr.)
Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd landslagsverndar og efnistöku skv. 17.–22. gr.

2. gr.

29. gr. laganna fellur brott og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Umhverfisráðuneyti skal vegna frágangs eftir efnistöku og jarðrask, sem átt hefur sér stað fyrir gildistöku laga þessara, láta gera áætlun um úrbætur í samvinnu við sveitarstjórnir. Í því skyni fari fram skipuleg könnun og flokkun á efnistökustöðum og öðru áberandi jarðraski vegna mannvirkjagerðar og fylgi tillögur um hversu frá skuli gengið og hverjir skuli bera kostnað af viðhlítandi frágangi.

Greinargerð.

Umhverfis- og náttúruverndarmál hafa á undanförnum áratugum hlotið aukið vægi. Augu margra beinast að þeim verðmætum sem fólgin eru í ósnortinni náttúru og þeirri staðreynd að víða er verið að vinna óbætanlegt tjón á náttúruverðmætum.

Mikið starf er óunnið hér á landi við heimildasöfnun og rannsóknir á náttúru landsins til að skapa traustan grunn að löggjöf á ýmsum sviðum umhverfismála og til að byggja á eftirlit og eðlilega varúð. Þetta á m.a. við um löggjöf varðandi hvers konar landnotkun og skipulag þar sem brýnna úrbóta er þörf vegna vaxandi umsvifa, breyttrar búsetu og tækniþróunar.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, varðar afmörkuð atriði á sviði náttúruverndar sem brýnt er að kveða á um í lögum með mun ákveðnari og skýrari hætti en verið hefur. Þar er um að ræða víðtæk almenn ákvæði um landslagsvernd og frekari skorður við efnistöku og jarðraski en settar eru í gildandi löggjöf. Valin er sú leið með frumvarpinu að fella nýjan kafla inn í lög nr. 47/1971 undir heitinu Landslagsvernd, setja þar inn nýmæli og breytt ákvæði um efnistöku, en þau er að finna í gildandi lögum um náttúruvernd undir kaflaheitinu „Aðgangur almennings að náttúru landsins og umgengni".

Frumvarp um sama efni var lagt fram til kynningar af fyrsta flutningsmanni á 119. löggjafarþingi. Flutningsmaður sendi frumvarpið nokkrum aðilum til umsagnar með ósk um að þeir gæfu ábendingar sem hafa mætti hliðsjón af við endurflutning. Viðbrögð við þessari beiðni komu frá Bændasamtökum Íslands, Landgræðslu ríkisins og Náttúruverndarráði. Þessir aðilar taka jákvætt undir meginefni frumvarpsins og gefa jafnframt ábendingar um nokkur atriði til breytinga. Hefur verið höfð hliðsjón af þeim ábendingum við endurflutning málsins og umræddar umsagnir verða lagðar fram í þingnefnd.

Í gildandi löggjöf um náttúruvernd vantar tilfinnanlega tengsl við lög um skipulag að því er varðar ákvarðanir um ráðstöfun lands til mismunandi nota. Sú aðferð að friðlýsa þurfi með formlegum hætti landsvæði og einstakar náttúrumyndanir til að koma í veg fyrir óeðlilega röskun er allsendis ófullnægjandi, ekki síst þegar almenn ákvæði um efnistöku og annað jarðrask eru jafnopin og lítils megandi út frá náttúruverndarsjónarmiði og raun ber vitni.

Við setningu laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, gerðist það að ákvæði um efnistöku urðu mun veigaminni en þau sem var að finna í því frumvarpi sem lá til grundvallar lagasetningunni. Má segja að lögin hafi í reynd orðið haldlaus þar eð ekki hafi tekist að fylgja annars veikum ákvæðum þeirra eftir. Afleiðingin blasir við sjónum manna í öllum byggðum landsins og víða í óbyggðum þar sem eru ófrágengnar efnisnámur og annað jarðrask. Þrátt fyrir óbrúkleg lagaákvæði hefur í sumum tilvikum tekist allgott samstarf milli Náttúruverndarráðs og framkvæmdaraðila eða sveitarstjórna um efnistökustaði og frágang að lokinni efnistöku. Dæmi um þetta er samvinna milli eftirlitsaðila Náttúruverndarráðs og Vegagerðar ríkisins sem lagður var grunnur að á árunum 1972–73.

Efnisnám verður æ stórtækara, einkum nærri þéttbýli, og hafinn er útflutningur í allríkum mæli á lausum gosefnum án þess að fyrir liggi heildstætt mat á hvar slík efnistaka sé réttlætanleg. Oft er ráðist í framkvæmdir af bráðræði án þess að fram hafi farið nauðsynlegar rannsóknir og aflað hafi verið þekkingar á gerð og gæðum jarðefnanna. Efnistaka er hins vegar nauðsynleg og sjálfsögð til brýnna verkefna en þarf að byggjast á þekkingu, athugun og mati á eðlilegri landnotkun. Góður frágangur lands að efnisnámi loknu verður að vera óaðskiljanlegur hluti framkvæmda.

Ólífræn náttúra landsins er ein af auðlindum þess, enda Ísland alþekkt vegna fjölbreyttra landslagsgerða og gosmyndana sem óvíða í veröldinni eru jafnsýnilegar og aðgengilegar og hérlendis. Fyrir allan almenning hefur náttúra landsins ómetanlegt gildi og hver kynslóð ber ábyrgð á að hún sé varðveitt fyrir ókomnar kynslóðir. Íslendingar bera jafnframt ábyrgð á því gagnvart heimsbyggðinni að þessar jarðmyndanir séu varðveittar, m.a. vegna vísindarannsókna.

Þá ber einnig að hafa í huga að náttúra landsins, landslag og jarðfræði hefur mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn, innlenda sem erlenda. Sé þessum gæðum spillt af gáleysi og skammsýni mun það fyrr en varir draga úr áhuga náttúruskoðara á að ferðast um Ísland. Skipulagsleysi í mannvirkjagerð og hömlulítil umferð vélknúinna tækja um landið ásamt gapandi sárum eftir efnistöku er vísasti vegurinn til að gera að engu viðleitni til að byggja upp ferðaþjónustu sem atvinnuveg. Fari sem horfir í þessum efnum verða Íslendingar fljótlega og því miður með réttu frægir að endemum fyrir ómenningu í samskiptum við eigið land.

Mótuð er með frumvarpinu stefna um almenna verndun tiltekinna landslagsgerða og farin svipuð leið og mörkuð er í danskri náttúruverndarlöggjöf. Þannig eru allar gosmyndanir frá jarðsögulegum nútíma felldar undir slíka vernd og aðrar sérstæðar jarðmyndanir frá síðasta jökulskeiði eða eldri samkvæmt nánari reglum er ráðherra umhverfismála setur. Stöðuvötn og tjarnir eru felld undir sömu ákvæði, svo og náttúrulegir vatnsfarvegir og votlendi miðað við ákveðið flatarmál. Ekki er seinna vænna að setja inn slík almenn ákvæði um votlendisvernd svo mjög sem hefur verið gengið á mýrar og annað votlendi með framræslu undangengin 50 ár. Stærðarmörk fyrir tjarnir og votlendi, sem njóti landslagsverndar, voru rýmkuð frá fyrstu gerð frumvarpsins að fenginni umsögn frá Bændasamtökum Íslands. Í umsögn frá landgræðslustjóra er talið æskilegt að undanskilja fyrirhleðslur unnar af Landgræðslu ríkisins til varnar landbroti frá ákvæðum frumvarpsins. Þar er um sértækt mál að ræða sem þó þarf að vanda til áður en ráðist er í framkvæmdir. Með stefnu af því tagi sem hér er lögð til á að tryggja að náttúrufari og landslagi verði ekki breytt hugsunarlítið heldur verði ákvarðanir um breytta landnotkun teknar að athuguðu máli og af þar til bærum aðilum. Slíkar almennar takmarkanir ganga ekki að mati flutningsmanna gegn eignarréttarákvæðum þótt þröngt væru túlkuð og eru þau sjónarmið sem að baki liggja stöðugt að vinna á í alþjóðarétti.

Með frumvarpinu er lögð áhersla á það sem meginreglu að landið sér verndað fyrir breytingum og raski, nema ákvarðanir séu teknar um annað í staðfestu skipulagi eða á þær fallist af skipulags- og náttúruverndaryfirvöldum. Lög nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, eiga að tryggja að áður en tekin er ákvörðun um framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag liggi fyrir slíkt mat og verði það fastur liður í gerð skipulagsáætlana. Í 5. gr. laganna eru taldar upp framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum, þar á meðal vatnsorku- og jarðvarmavirkjanir, lagning háspennulína, ýmsar verksmiðjur, förgunarstöðvar fyrir úrgang og efnistökustaðir, allt innan tiltekinna stærðarmarka. Umhverfisráðherra hefur hins vegar heimild til að víkja frá þeim mörkum og bæta við hliðstæðum skilyrðum um mat vegna annarra framkvæmda. Almenna reglan að því er varðar efnistökustaði (malarnám) á landi er 50.000 fermetrar eða stærra eða yfir 150 þúsund rúmmetrar að umfangi. Þessi stærðarmörk þarfnast endurskoðunar við þar eð þau virðast of há miðað við íslenskar aðstæður. Þá þyrfti og að tryggja að ákvæði laganna taki einnig til efnisnáms á hafsbotni.

Um efnistöku eru í frumvarpinu auk framangreindra meginreglna sett fram nánari ákvæði með hliðsjón af því hver telst hafa eignar- eða umráðarétt yfir landinu. Í þeim felast almennar takmarkanir eða skilyrði sem uppfylla verður áður en ráðist er í efnistöku þannig að ekki hljótist af spjöll á landi og náttúruminjum eða varanlegar breytingar á landslagi sem ekki hefur verið ráð fyrir gert samkvæmt staðfestu skipulagi. Ákvæði þessi varða fyrst og fremst sölu eða ígildi sölu á jarðefnum en undanþegin er lítils háttar efnistaka landeiganda til eigin nota, enda valdi hún ekki landskemmdum og vel sé gengið frá efnistökustað.

Sett eru inn fyllri ákvæði en nú eru í gildi um viðhlítandi frágang eftir efnistöku og annað jarðrask og fjárhagslega tryggingu fyrir því að við sett skilyrði verði staðið af hálfu framkvæmdaraðila. Einnig er mælt svo fyrir að ekki megi nota efnisnámur til að fleygja eða farga þar rusli eða öðru óskyldu efni, en að því eru mikil brögð til enn frekari lýta en fylgja ófrágengnum efnisnámum auk þess sem slíkur úrgangur getur torveldað frágang.

Ófrágengnar efnisnámur skipta hundruðum ef ekki þúsundum í heild á landinu. Athugun á fjölda efnisnáma á Austurlandi, sem gerð var af eftirlitsmanni Náttúruverndarráðs á árinu 1987, leiddi í ljós að efnisnámur í Múlasýslum væru um 400 talsins fyrir utan smærri efnistökustaði bænda og einstaklinga. Stærsti hlutinn var í umsýslu Vegagerðarinnar sem eðlilega hefur mikla þörf fyrir efnistöku.

Í greinargerð Einars Þórarinssonar, eftirlitsmanns Náttúruverndarráðs, segir m.a. í skýrslu um efnisnám á Austurlandi sem dagsett er 8. febrúar 1995: „Ljóst er að drjúgur hluti þessara náma er ófrágenginn og sumar valda verulegu lýti í umhverfinu. Taka ber fram að Vegagerðin hefur í seinni tíð lagt metnað sinn í að ganga sómasamlega frá öllum stærri námum að notkun lokinni og sama gildir um Landsvirkjun. Ég tel mikla þörf á að gera samræmda úttekt á stöðu þessara mála í fjórðungnum og leggja mat á hvað gera þurfi til að ástandið komist í viðunandi horf. Sem eftirlitsmaður Náttúruverndarráðs tel ég nauðsynlegt að endurskoða þau lög sem taka til efnisnáms og samræma þau ákvæði sem stangast á svo sem í náttúruverndarlögum og námalögum. Tel ég það algjöra forsendu fyrir að hægt verði í framtíðinni að vinna skipulega og skynsamlega að efnistökumálum í landinu."

Með ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu er reynt að taka á því hvernig staðið verði að frágangi eftir efnistöku og jarðrask sem átt hefur sér stað fyrir lögfestingu þessa frumvarps. Þar er verk að vinna og ekki seinna vænna að leggja á ráðin um úrbætur.

Brýnt er að auka eftirlit með að ákvæði náttúruverndarlaga séu virt, þar á meðal um efnistöku. Á þessu sviði blasa við verkefni um allt land og þarf að gera eftirlit í senn einfalt og skilvirkt. Til álita ætti að koma að sameina vissa eftirlitsþætti á sviði umhverfismála og skipta landinu í svæði eða umdæmi í þessu skyni. Það eftirlit, sem Náttúruverndarráð hefur haldið uppi allt frá árinu 1973 að telja, er góðra gjalda vert, en það hefur verið takmarkað af þröngum fjárhag og yfirleitt verið unnið sem hlutastarf. Náttúrustofur, sem nú eru að rísa í kjördæmum í krafti nýrra lagaákvæða, gætu verið eðlilegur aðili til að taka að sér svæðisbundið eftirlit af þeim toga sem hér um ræðir.

Nauðsynlegt er að horfa til annarra laga er varða skyld efni, svo sem námulaga, nr. 24/1973, og laga nr. 123/1940, um bann við jarðraski, og fella ákvæði þeirra að þessu frumvarpi þannig að réttarstaðan verði sem ljósust. Iðnaðarráðherra setti þann 15. september 1995 reglugerð um vinnslu og nýtingu vikurs á grundvelli námulaga og er það jákvætt skref. Þá er æskilegt að taka tillit til ákvæða frumvarpsins við endurskoðun skipulags- og byggingarlaga þannig að fyllsta samræmis sé gætt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Rétt þykir að skipta ákvæðum sem falla undir kaflann „Aðgangur almennings að náttúru landsins og umgengni" í tvo kafla og beri hinn síðari heitið Landslagsvernd. Það heiti lýsir nokkuð vel inntaki þeirra ákvæða sem færð eru undir hann samkvæmt frumvarpinu.

Um a-lið (17. gr.).

Í ákvæðinu eru taldar upp ákveðnar landslagsgerðir og kveðið á um að þær njóti almennrar verndar. Í henni felst að ekki má raska náttúrufyrirbærum af þessum gerðum nema þá samkvæmt ákvörðun skipulagsyfirvalda að fenginni umsögn Náttúruverndarráðs. Með skipulagsyfirvöldum er átt við hlutaðeigandi sveitarstjórnir og skipulagsstjóra ríkisins. Sveitarstjórnir þurfa að gæta þess að farið sé að staðfestu aðalskipulagi en breytingar á því þurfa að fara fyrir skipulagsstjóra. Sama máli gegnir ef ekki liggur fyrir staðfest aðalskipulag.

Um landslagsgerðir var höfð hliðsjón af danskri löggjöf (Lov 1992-01-03 nr. 9 om naturbeskyttelse) um umhverfisvernd, en stærðarmörk skv. c- og e-lið voru þó höfð rýmri en þar er kveðið á um. Þegar talað er um gosmyndanir „frá nútíma" er átt við tímann frá lokum síðasta jökulskeiðs fyrir 10–12 þúsund árum. Þessar gosmyndanir eru flestar auðgreindar frá öðrum og eldri jarðmyndunum, svo sem jökulurðum og blágrýtishraunlögum frá fyrri jarðsöguskeiðum.

Um b-lið (18. gr.).

Í greininni eru dregnar fram helstu almennar takmarkanir við jarðraski og efnistöku. Meginreglan er að í staðfestu skipulagi sé gert ráð fyrir framkvæmdum sem jarðrask fylgir sem og efnistöku. Þá er vísað til laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, en falli framkvæmd utan ramma þeirra ber engu að síður að fylgja skipulagsákvörðun þegar framkvæmd getur haft varanlegar breytingar á landslagi í för með sér.

Í 2. mgr. eru taldar upp frekari takmarkanir við efnistöku þegar hún snertir sérkennilegt landslag, merkar náttúruminjar eða vistkerfi. Efnistaka má ekki ganga gegn ákvæðum um friðlýsingu að náttúruverndarlögum né heldur gegn staðfestum skipulagsáætlunum. Er þá m.a. haft í huga svæðaskipulag eða aðrar skipulagsáætlanir er varða landnotkun.

Um c-lið (19. gr.).

Í greininni eru settar fram vinnureglur um leyfi fyrir efnistöku á landi í einkaeign. Gert er ráð fyrir að sá er hyggst nema efni leggi fyrir sveitarstjórn áætlun um efnisnámið og leiti hún umsagnar viðkomandi náttúruverndarnefndar og skipulagsstjóra ríkisins um hvort leyfa skuli. Jákvæð umsögn þessara aðila er skilyrði fyrir því að sveitarstjórn megi veita umbeðið leyfi en eðlilegt er að rökstuðningur fylgi synjun. Sá er sækir um leyfi skal áður en það er veitt leggja fram fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu vegna frágangs og úrbóta á landi að lokinni efnistöku.

Þá er landeigendum samkvæmt síðustu málsgrein heimiluð lítils háttar efnistaka á landi sínu til eigin nota, enda raski hún ekki náttúruverðmætum eða gangi í berhögg við friðlýsingar og virt séu ákvæði um góðan frágang.

Um d-lið (20. gr.).

Efni greinarinnar varðar jarðefnanám í afréttum og almenningum og á landi í eigu sveitarfélaga. Í fyrra tilvikinu ber að fara eftir staðfestu skipulagi, en ella sé farið að ákvæðum 19. gr. um að framkvæmdaraðili sæki um leyfi til umhverfisráðherra um efnistöku samkvæmt áætlun um verk og frágang. Tilskilið er að Náttúruverndarráð fallist fyrir sitt leyti á áætlun um efnistöku.

Sé land í eigu sveitarfélags er eðlilegt að Náttúruverndarráð og skipulagsstjóri fjalli um umsókn um efnistöku í stað sveitarstjórnar, en umhverfisráðherra úrskurði um hugsanlegan ágreining.

Um e-lið (21. gr.).

Greinin er að stofni til byggð á gildandi 29. gr. náttúruverndarlaga. Gerð er sú breyting að fellt er niður hugtakið jarðrask í 1. mgr. sem þannig breytt vísar almennt til mannvirkjagerðar. Er sem áður skylt að leita álits Náttúruverndarráðs en nú á frumstigi framkvæmdaundirbúnings sem er ekki aðeins „áður en framkvæmdir hefjast“. Þá er talið fullnægjandi að heimild um að setja „nánari fyrirmæli“ um ákvæði samkvæmt greininni falli undir almenna heimild laganna til ráðherra um að hann setji reglugerð um framkvæmd þeirra.

Um f-lið (22. gr.).

Greinin kveður á um frágang eftir jarðrask sem hlotist hefur við efnistöku eða mannvirkjagerð og gerir framkvæmdaraðila skylt að ganga frá því á viðhlítandi hátt og þannig að sem best falli að umhverfi. Er miðað við að þessi regla gildi einnig þó að halda eigi efnisnámi áfram á sama stað síðar. Náttúruverndarráð getur gefið fyrirmæli um frágang og sett mönnum frest til að ljúka honum innan árs. Sinni viðkomandi ekki fyrirmælum um frágang skal sveitarstjórn sjá um að verkið sé unnið á hans kostnað. Til hægðarauka fyrir sveitarstjórnir er gert ráð fyrir að kröfur þeirra á hendur framkvæmdaraðilila vegna slíks kostnaðar séu aðfararhæfar og kemur slík heimild í veg fyrir að sveitarstjórnir þurfi að afla sér dómsúrskurðar áður en hægt er að krefjast aðfarar.

Síðari málsgreinin þarfnast ekki skýringa.

Um g-lið (23. gr.).
Með ákvæðum greinarinnar er umhverfisráðherra gert að setja nánari fyrirmæli um landslagsvernd og efnistöku.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að 29. gr. laganna falli brott en hún er í aðalatriðum samhljóða hinni nýju 21. gr. í frumvarpinu.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Frumvarpinu fylgdu eftirfarandi fylgiskjöl og vísast um þau til þingskjalsins (lausaskjalsins) og þskj. 107 (46. mál) á 119. löggjafarþingi, bls. 675–679 í A-deild Alþt. 1995.

I. Bréf til þeirra sem málið varðar. Vinnsla lausra gosefna. Arnþór Garðarsson, formaður Náttúruverndarráðs (9. janúar 1995).
II. Svar Hins íslenska náttúrufræðifélags (17. janúar 1995).
III. Svar Raunvísindastofnunar Háskólans (7. febrúar 1995).

98. Svar [9. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um einsetna skóla.

Skólaárið 1995–96 eru starfræktir á landinu 205 almennir grunnskólar, þar af sjö einkaskólar. Fimm einkaskólanna eru í fræðsluumdæmi Reykjavíkur, einn í fræðsluumdæmi Reykjaness og einn í fræðsluumdæmi Norðurlands eystra.

1. Hvaða grunnskólar í landinu eru nú einsetnir?

Fræðsluumdæmi Reykjavíkur.

Í Reykjavík eru 29 ríkisreknir grunnskólar og fimm einkaskólar. Allir einkaskólarnir eru einsetnir og 10 af ríkisreknu skólunum. 19 grunnskólar í Reykjavík eru því tvísetnir.

Einsetnir grunnskólar í Reykjavík:

Breiðagerðisskóli, 1.–7. bekkur.
Breiðholtsskóli, 1.–10. bekkur.
Fossvogsskóli, 1.–7. bekkur.
Hagaskóli, 8.–10. bekkur.
Húsaskóli, 1.–9. bekkur.
Laugalækjarskóli, 8.–10. bekkur.
Laugarnesskóli, 1.–7. bekkur.
Réttarholtsskóli, 8.–10. bekkur.
Vogaskóli, 1.–10. bekkur.
Ölduselsskóli, 1.–10. bekkur.

Fræðsluumdæmi Reykjaness.

Á Reykjanesi eru 30 ríkisreknir grunnskólar og einn einkaskóli. Einkaskólinn er einsetinn og 11 af ríkisreknu skólunum. Á Reykjanesi eru 19 skólar tvísetnir.

Einsetnir grunnskólar á Reykjanesi:

Hjallaskóli, 1.–10. bekkur.
Snælandsskóli, 1.–10. bekkur.
Smáraskóli, 1.–5. bekkur.
Þinghólsskóli, 7.–10. bekkur.
Valhúsaskóli, 8.–10. bekkur.
Mýrarhúsaskóli, 1.–7. bekkur.
Garðaskóli, 7.–10. bekkur.
Gagnfræðaskólinn í Mosfellsbæ, 8.–10. bekkur.
Klébergsskóli, 1.–10. bekkur.
Ásgarðsskóli, 1.–7. bekkur.
Holtaskóli, 7.–10. bekkur.

Fræðsluumdæmi Vesturlands.

Á Vesturlandi eru 15 grunnskólar og þar af eru 12 einsetnir.

Einsetnir grunnskólar á Vesturlandi:

Grunnskólinn í Ólafsvík, 1.–10. bekkur.
Grunnskólinn í Stykkishólmi, 1.–10 bekkur.
Heiðarskóli, 1.–10. bekkur.
Andakílsskóli, 1.–7. bekkur.
Kleppjárnsreykjaskóli, 1.–10. bekkur.
Varmalandsskóli, 1.–10. bekkur.
Laugagerðisskóli, 1.–10 bekkur.
Grunnskólinn í Staðarsveit, 1.–10. bekkur.
Grunnskólinn á Hellissandi, 1.–10. bekkur.
Grunnskóli Eyrarsveitar, 1.–10. bekkur.
Grunnskólinn í Búðardal, 1.–10. bekkur.
Laugaskóli, 1.–10. bekkur.

Fræðsluumdæmi Vestfjarða.

Á Vestfjörðum eru 19 grunnskólar og þar af eru 13 einsetnir.

Einsetnir grunnskólar á Vestfjörðum:

Grunnskóli Bolungarvíkur, 1.–10. bekkur.
Reykhólaskóli, 1.–10. bekkur.
Grunnskólinn á Barðaströnd, 1.–10. bekkur.
Grunnskólinn á Rauðasandi, 1.–8. bekkur.
Grunnskólinn í Mýrahreppi, 1.–7. bekkur.
Grunnskólinn í Mosvallahreppi, 1.–8. bekkur.
Grunnskólinn á Flateyri, 1.–10. bekkur.
Grunnskólinn í Súðavík, 1.–10. bekkur.
Grunnskólinn í Reykjanesi, 1.–8. bekkur.
Finnbogastaðaskóli, 1.–10. bekkur.
Grunnskólinn á Drangsnesi, 1.–9. bekkur.
Grunnskólinn á Hólmavík, 1.–10. bekkur.
Grunnskólinn á Broddanesi, 1.–8. bekkur.

Fræðsluumdæmi Norðurlands vestra.

Á Norðurlandi vestra eru 17 grunnskólar og þar af eru 12 einsetnir.

Einsetnir grunnskólar á Norðurlandi vestra:

Barnaskóli Staðarhrepps, 1.–7. bekkur.
Laugarbakkaskóli, 1.–10. bekkur.
Vesturhópsskóli, 1.–8. bekkur.
Húnavallaskóli, 1.–10. bekkur.
Grunnskólinn á Blönduósi, 1.–10. bekkur.
Varmahlíðarskóli, 1.–10. bekkur.
Steinsstaðaskóli, 1.–8. bekkur.
Grunnskólinn í Akrahreppi, 1.–7 bekkur.
Grunnskólinn í Rípurhreppi, 1.–7. bekkur.
Grunnskólinn á Hólum, 1.–8. bekkur.
Grunnskólinn á Hofsósi, 1.–10. bekkur.
Sólgarðaskóli, 1.–7. bekkur.

Fræðsluumdæmi Norðurlands eystra.

Á Norðurlandi eystra eru 30 ríkisreknir grunnskólar og einn einkaskóli. Einkaskólinn er einsetinn og 23 af ríkisreknu skólunum.

Einsetnir grunnskólar á Norðurlandi eystra:

Barnaskóli Akureyrar, 1.–7. bekkur.
Gagnfræðaskóli Akureyrar, 8.–10. bekkur.
Lundarskóli, 1.–7. bekkur.
Oddeyrarskóli, 1.–7 bekkur.
Giljaskóli, 1.–2. bekkur.
Barnaskóli Ólafsfjarðar, 1.–7. bekkur.
Gagnfræðaskóli Ólafsfjarðar, 8.–10. bekkur.
Grunnskólinn í Grímsey, 1.–7. bekkur.
Húsabakkaskóli, 1.–9. bekkur.
Grunnskólinn í Hrísey, 1.–9. bekkur.
Þelamerkurskóli, 1.–10. bekkur.
Hrafnagilsskóli, 1.–10. bekkur.
Valsárskóli, 1.–8. bekkur.
Stórutjarnaskóli, 1.–10. bekkur.
Grunnskólinn í Bárðardal, 1.–7. bekkur.
Reykjahlíðarskóli, 1.–10. bekkur.
Litlulaugaskóli, 1.–9. bekkur.
Framhaldsskólinn á Laugum, 10. bekkur.
Hafralækjarskóli, 1.–10. bekkur.
Grunnskólinn í Lundi, 1.–10. bekkur.
Grunnskólinn á Kópaskeri, 1.–7. bekkur.
Grunnskólinn á Raufarhöfn, 1.–10. bekkur.
Svalbarðsskóli, 1.–6. bekkur.

Fræðsluumdæmi Austurlands.

Á Austurlandi eru 27 grunnskólar og þar af 21 einsetinn.

Einsetnir grunnskólar á Austurlandi:

Verkmenntaskóli Austurlands, 8.–10. bekkur.
Grunnskólinn á Bakkafirði, 1.–9. bekkur.
Vopnafjarðarskóli, 1.–10. bekkur.
Brúarásskóli, 1.–7. bekkur.
Skjöldólfsstaðaskóli, 1.–7. bekkur.
Grunnskóli Borgarfjarðar, 1.–10. bekkur.
Hallormsstaðaskóli, 1.–10. bekkur.
Grunnskólinn á Eiðum, 1.–9. bekkur.
Alþýðuskólinn á Eiðum, 10. bekkur.
Grunnskólinn í Mjóafjarðarhreppi, 1.–8. bekkur.
Grunnskóli Reyðarfjarðar, 1.–10. bekkur.
Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar, 1.–10. bekkur.
Grunnskólinn á Stöðvarfirði, 1.–9. bekkur.
Grunnskólinn í Breiðdalshreppi, 1.–10. bekkur.
Kerhamraskóli, 1.–5. bekkur.
Grunnskólinn á Djúpavogi, 1.–10. bekkur.

Nesjaskóli, 1.–10. bekkur.
Heppuskóli, 8.–10. bekkur.
Grunnskólinn í Mýrahreppi, 1.–7. bekkur.
Hrollaugsstaðaskóli, 1.–7. bekkur.
Grunnskólinn í Hofgarði, 1.–7. bekkur.

Fræðsluumdæmi Suðurlands.

Á Suðurlandi er 31 grunnskóli og þar af eru 26 einsetnir.

Einsetnir grunnskólar á Suðurlandi:

Sólvallaskóli, 5.–10. bekkur.
Kirkjubæjarskóli, 1.–10. bekkur.
Ketilsstaðaskóli, 1.–7. bekkur.
Víkurskóli, 1.–10. bekkur.
Grunnskólinn á Skógum, 1.–8. bekkur.
Héraðsskólinn á Skógum, 9.–10. bekkur.
Seljalandsskóli, 1.–7. bekkur.
Grunnskólinn í Vestur-Landeyjahreppi, 1.–7. bekkur.
Grunnskólinn í Austur-Landeyjahreppi, 1.–7. bekkur.
Grunnskólinn í Fljótshlíð, 1.–7. bekkur.
Hvolsskóli, 1.–10. bekkur.
Grunnskólinn á Hellu, 1.–10. bekkur.
Laugalandsskóli, 1.–10. bekkur.
Grunnskólinn í Djúpárhreppi, 1.–7. bekkur.
Grunnskólinn í Gaulverjabæjarhreppi, 1.–7. bekkur.
Grunnskólinn á Stokkseyri, 1.–10. bekkur.
Grunnskólinn á Eyrarbakka, 1.–10. bekkur.
Grunnskólinn í Hraungerðishreppi, 1.–7. bekkur.
Villingaholtsskóli, 1.–7. bekkur.
Brautarholtsskóli, 1.–7. bekkur.
Gnúpverjaskóli, 1.–7. bekkur.
Flúðaskóli, 1.–10. bekkur.
Reykholtsskóli, 1.–10. bekkur.
Grunnskólinn á Laugarvatni, 1.–8. bekkur.
Grunnskóladeild Menntaskólans á Laugarvatni, 9.–10. bekkur.
Ljósafossskóli, 1.–8. bekkur.

2. *Hefur einsetnum grunnskólum fjölgað frá síðasta skólaári?*

Einsetnum grunnskólum hefur fjölgað um fimm frá síðasta skólaári. Þeir eru Húsaskóli í Reykjavík, Hjallaskóli á Reykjanesi, Grunnskólinn í Ólafsvík, Grunnskóli Reyðarfjarðar og Grunnskólinn á Eyrarbakka.

99. Svar [7. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um samræmd próf.

1. *Hverjar eru ástæður þess að vorið 1995 tóku einungis 95,5% nemenda á landinu öllu samræmt próf í stærðfræði, 95,6% í íslensku, 94,6% í dönsku og 95,4% í ensku?*

Ráðuneytið leitaði til Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála sem annaðist framkvæmd samræmdra prófa í grunnskólum og tók hún saman eftirfarandi greinargerð:

Ástæður þess að u.þ.b. 5% nemenda tóku ekki samræmt próf í stærðfræði, íslensku, dönsku og ensku vorið 1995 voru eftirfarandi: undanþágur frá prófi, frávik við próftöku, yngri bekkingar voru ekki skráðir í prófið en voru í heildarskránni, prófi var lokið á fyrra ári og forföll á prófdegi.

Forráðamenn barna geta sótt um undanþágu frá samræmdum prófum fyrir þau. Slík umsókn verður að vera með samþykki skólastjórnenda og að fengnu mati og samþykki fagaðila, t.d. námsráðgjafa eða sálfræðings.

Árið 1995 var fjöldi undanþága sem hér segir:

Fjöldi undanþága frá samræmdum prófum 1995 eftir fræðsluumdæmum.

	Heildar-fjöldi	Fjöldi undanþága	Hlutfall
Reykjavík	1.481	67	4,5
Reykjanes	1.193	41	3,4
Vesturland	298	11	3,7
Vestfirðir	164	5	2,4
Norðurland vestra	199	14	9,5
Norðurland eystra	516	12	2,3
Austurland	200	9	4,5
Suðurland	365	18	4,9

Alls var 85 nemendum veitt undanþága í öllum greinum.

Forráðamenn geta enn fremur óskað eftir að börn þeirra þreyti samræmt próf með fráviki, þ.e. að þeim verði veitt aðstoð við t.d. skrift eða lestur á prófinu. Umsóknin verður að vera með samþykki skólastjórnenda og fagaðila eins og undanþágubeiðnin. Einkunnir nemenda sem taka prófin með frávikum teljast ekki samræmdar og eru því ekki með í tölulegum upplýsingum um samræmdu prófin. Fjöldi þessara nemenda er 0,3–1% af heildarfjölda nemenda, mjög svipað hlutfall í öllum landshlutum.

Þær tölur sem vitnað er til í fyrirspurninni um fjölda þeirra sem taka samræmt próf í einstökum greinum ná því eingöngu yfir þá sem tóku samræmdu prófin án frávika. Þeir sem tóku próf með fráviki eru ekki taldir með.

Vorið 1995 voru skráðir alls 4.452 nemendur hjá Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála. Þeir skiptust þannig eftir aldri: einn nemandi var fæddur árið 1982, fjórir nemendur fæddir árið 1981, 79 nemendur fæddir árið 1980, 4.320 nemendur fæddir árið 1979, 46 nemendur fæddir árið 1978 og einn nemandi fæddur árið 1977.

Eins og sjá má eru 84 nemendur fæddir eftir 1979 og mikill meiri hluti þeirra stundar nám í 9. bekk. Þegar nemendur 9. bekkjar taka samræmd próf er það oftast í einni grein af fjórum. Sé nemandi í 9. bekk eingöngu skráður í ensku er skráð að hann sleppi öllum hinum prófunum. Þannig verður það hlutfall sem sleppir prófi hærra en ella. Þegar nemandinn kemur í 10. bekk árið eftir hefur hann þegar lokið einu til tveimur samræmdum prófum og sleppir því þeim greinum.

Aðrar ástæður þess að nemandi sleppir prófi eru veikindi á prófdegi eða að viðkomandi mætir ekki. Það hefur ekki verið skráð sérstaklega heldur er skráð að hann sleppi prófi í viðkomandi grein.

2. *Hvernig skiptust þeir nemendur, sem ekki tóku samræmt próf, á milli fræðsluumdæma vorið 1993, 1994 og 1995 samkvæmt lögheimilum viðkomandi?*

Fjöldi og hlutfall þeirra sem ekki tóku samræmt próf 1994 í stærðfræði, íslensku, dönsku og ensku eftir fræðsluumdæmum.

	Stærðfræði		Íslenska		Danska		Enska	
	fjöldi	hlutf.	fjöldi	hlutf.	fjöldi	hlutf.	fjöldi	hlutf.
Reykjavík	24	1,9	16	1,2	36	2,8	16	1,2
Reykjanes	41	3,9	39	3,7	55	5,2	56	5,3
Vesturland	11	2,5	9	2,0	8	1,8	8	1,8
Vestfirðir	3	0,9	4	1,1	10	2,9	6	1,7
Norðurland vestra	4	1,5	3	1,1	5	1,9	6	2,3
Norðurland eystra	0	0,0	0	0,0	1	0,5	2	0,9
Austurland	2	0,9	3	1,4	7	3,3	2	0,9
Suðurland	1	0,7	1	0,7	3	2,1	1	0,7

Fjöldi og hlutfall þeirra sem ekki tóku samræmt próf 1995 í stærðfræði, íslensku, dönsku og ensku eftir fræðsluumdæmum.

	Stærðfræði		Íslenska		Danska		Enska	
	fjöldi	hlutf.	fjöldi	hlutf.	fjöldi	hlutf.	fjöldi	hlutf.
Reykjavík	58	3,9	58	3,9	73	4,9	50	3,4
Reykjanes	45	3,8	42	3,5	52	4,3	43	3,6
Vesturland	10	3,4	12	4,0	13	4,3	12	4,0
Vestfirðir	8	4,9	6	3,7	7	4,3	7	4,3
Norðurland vestra	11	5,5	10	5,0	14	7,0	10	5,0
Norðurland eystra	15	2,9	15	2,9	15	2,9	17	3,3
Austurland	11	5,5	9	4,5	18	9,0	9	4,5
Suðurland	9	2,5	7	1,9	12	3,3	19	5,2

Ástæða þess að fjöldi þeirra sem ekki taka próf er meiri 1995 en 1994 er að hluta til sú að prófunum seinkaði mjög vegna verkfalls kennara. Afleiðingar þess voru þær að auk annarra undanþága fengu þeir nemendur undanþágu sem höfðu áætlað að vera erlendis með foreldrum eða á vegum félagasamtaka á þeim tíma sem prófin voru haldin.

100. Frumvarp til laga [96. mál]

um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99 8. september 1993, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

Í 1. mgr. 2. gr. laganna breytast eftirfarandi orðskýringar:

Greiðslumark lögbýlis er tiltekinn fjöldi ærgilda eða magn mjólkur mælt í lítrum sem ákveðið er fyrir hvert lögbýli og veitir rétt til beingreiðslu úr ríkissjóði.

Heildargreiðslumark er tiltekið magn mjólkur mælt í lítrum sem ákveðið er samkvæmt búvörusamningi með tilliti til heildarneyslu innan lands og skiptist milli lögbýla eftir greiðslumarki þeirra.

2. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. laganna bætast eftirfarandi orðskýringar:

Beingreiðslumark er tiltekin fjárhæð sem ákveðin er í 37. gr. og skiptist milli lögbýla eftir greiðslumarki þeirra.

Vetrarfóðraðar kindur eru ær, hrútar, sauðir og lömb sem sett eru á vetur og talin eru fram á forðagæsluskýrslu.

3. gr.

Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Verðlagning sauðfjárafurða samkvæmt þessari grein fellur niður frá og með 1. september 1998. Frá þeim tíma metur verðlagsnefnd framleiðslukostnað sauðfjárafurða fyrir meðalbú.

4. gr.

Við 1. málsl. 1. mgr. 14. gr. laganna bætist: nema annað sé tekið fram í samningi sem gerður er á grundvelli a-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna eða í bókunum með slíkum samningi.

5. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarráðherra getur heimilað innheimtu allt að 5% verðskerðingargjalds af úrvinnslu- og heildsölukostnaði afurðastöðva í sama skyni og 20. gr. kveður á um, enda liggi fyrir ósk um innheimtu frá landssamtökum viðkomandi afurðastöðva. Sé úrvinnslu- og heildsölukostnaður ekki ákveðinn af fimmmannanefnd skal Framleiðsluráð landbúnaðarins áætla slíkan kostnað sem landbúnaðarráðherra staðfestir.

Til að jafna skilaverð til framleiðenda fyrir kindakjöt sem selt er á erlendum mörkuðum samkvæmt samkomulagi sem kveðið er á um í 62. gr. laganna getur landbúnaðarráðherra heimilað innheimtu á verðjöfnunargjaldi sem má nema mismun á auglýstu viðmiðunarverði Framleiðsluráðs landbúnaðarins og skilaverði við útflutning (fob). Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð ákvæði um útreikning verðjöfnunargjaldsins eftir gæða- og völuflokkum, svo og ákvæði um innheimtu og ráðstöfun gjaldsins.

6. gr.

29. gr. laganna orðast svo:

Nú er ákveðið það magn mjólkur sem framleiðendum eru tryggðar beingreiðslur fyrir samkvæmt heimild í 30. gr. og verð hennar til framleiðanda er ákveðið skv. 8. gr. og er þá afurðastöð skylt að greiða framleiðanda fullt verð innan greiðslumarks samkvæmt gildandi verðlagsgrundvelli á innleggsdegi, sbr. þó 22. gr. Ber að inna greiðslu af hendi eigi síðar en 10. dag næsta mánaðar eftir innleggsmánuð. Heimilt er að semja um annan hátt á greiðslum en að framan greinir.

Taki mjólkursamlag við mjólk umfram greiðslumark framleiðanda sem verður utan heildargreiðslumarks við lokauppgjör skal samsvarandi magn mjólkurafurða markaðsfært erlendis á ábyrgð mjólkursamlags og framleiðanda. Framleiðsluráð landbúnaðarins

getur þó heimilað sölu þeirra innan lands ef gengið hefur á birgðir og skortur á mjólkurvörum er því fyrirsjáanlegur. Um greiðsluskyldu afurðastöðva fyrir innlegg umfram greiðslumark mjólkur, en innan efri marka þess, fer eftir gildandi samningum landbúnaðarráðherra og Bændasamtaka Íslands skv. a-lið 1. mgr. 30. gr. laganna.

Fyrir innlagt kindakjöt skal greiða óháð greiðslumarki lögbýlis, en uppgjör skal sérgreint eftir því hvort kjötið er selt innan lands eða flutt á erlendan markað. Fyrir kindakjöt, sem flytja þarf á erlendan markað, skal afurðastöðvum gert kleift með verðjöfnun að greiða framleiðendum sama verð. Skal uppgjörið miðað við að sama verð greiðist fyrir kjöt af sömu gæðum. Fyrir kjöt, sem notað er sem hráefni í unna vöru sem fer til útflutnings, skal miða greiðslu við það jafnaðarverð sem fæst fyrir sambærilegt hráefni við útflutning.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal fyrir 1. september ár hvert gera áætlun um framleitt magn kindakjöts. Jafnframt skal áætla hvernig haga beri afsetningu framleiðslunnar og þá tekið mið af birgðastöðu við upphaf sláturtíðar. Kynna skal sláturleyfishöfum og sauðfjárframleiðendum áætlun um útflutningsþörf. Við lok haustsláturtíðar, þó eigi síðar en 1. nóvember, skal Framleiðsluráð að fengnum tillögum Bændasamtaka Íslands og Landssamtaka sauðfjárbænda ákveða og tilkynna framleiðendum og sláturleyfishöfum um það magn og hlutfall kindakjöts sem flytja skal á erlendan markað.

Sláturleyfishafa er skylt að leggja til kjöt til útflutnings samkvæmt ákvörðun Framleiðsluráðs landbúnaðarins eða semja við annan sláturleyfishafa um verkun og útflutning á sama magni. Sé þess ekki kostur er viðkomandi sláturleyfishafa heimilt að greiða vegna útflutningskvaðar gjald sem Framleiðsluráð landbúnaðarins ákveður hverju sinni og svarar til mismunar á heildsöluverði kindakjöts innan lands og skilaverði við útflutning.

Uppgjör við sauðfjárframleiðendur skal tryggja að allir taki þátt í útflutningi með sama hlutfalli af framleiðslu sinni að undanskildu því magni sem framleiðandi tekur til eigin nota samkvæmt heimild í reglugerð. Undanþegnir útflutningsuppgjöri eru einungis þeir framleiðendur sem hafa 0,7 vetrarfóðraðar kindur eða minna á hvert ærgildi greiðslumarks, enda liggi fyrir fullnægjandi vottorð um ásetning þeirra. Hafi framleiðandi fjölgað vetrarfóðruðu fé frá því sem hann hafði veturinn 1994/1995 getur landbúnaðarráðherra ákveðið að fenginni tillögu framkvæmdanefndar búvörusamninga að sú framleiðsla, sem svarar til fjölgunarinnar, fari öll á erlendan markað. Skal þá miðað við sama hlutfall af framleiðslu og fjölgun nemur. Því til viðbótar skal framleiðandi taka þátt í útflutningi eins og um óbreytta bústærð væri að ræða. Heimild þessari skal aðeins beita haustin 1996 og 1997.

Hafi verið tekin ákvörðun um verðskerðingu skv. 20. gr. og/eða 1. mgr. 21. gr. er afurðastöð skylt að halda henni eftir við uppgjör og standa Framleiðsluráði landbúnaðarins skil á hinu innheimta verðskerðingarfé.

7. gr.

Fyrirsögn IX. kafla laganna verður: **Um framleiðslu og greiðslumark sauðfjárafurða 1995–2000.**

8. gr.

36. gr. laganna orðast svo:

Markmið með ákvæðum þessa kafla um framleiðslu sauðfjárafurða eru:

a. að auka hagkvæmni og samkeppnishæfni sauðfjárframleiðslu til hagsbóta fyrir sauðfjárbændur og neytendur,
b. að treysta tekjugrundvöll sauðfjárbænda,
c. að ná jafnvægi milli framleiðslu og sölu sauðfjárafurða,
d. að sauðfjárrækt sé í samræmi við umhverfisvernd.

9. gr.

37. gr. laganna orðast svo:

Frá og með 1. janúar 1996 verður beingreiðslumark sauðfjárafurða 1.480 millj. kr. á ári og skiptist hlutfallslega eins milli lögbýla og heildargreiðslumark sauðfjár verðlagsárið 1995/1996 gerði. Það tekur breytingum með vísitölu neysluverðs, sbr. 39. gr. laga þessara. Aðilar að Samningi um framleiðslu sauðfjárafurða geta hvor um sig óskað eftir endurskoðun á beingreiðslumarki sauðfjárafurða annað hvert ár verði breytingar á markaði kindakjöts.

10. gr.

38. gr. laganna orðast svo:

Greiðslumark skal bundið við lögbýli. Framleiðsluráð landbúnaðarins skal halda skrá yfir greiðslumark lögbýla og handhafa réttar til beingreiðslu samkvæmt því. Á hverju lögbýli skal aðeins einn framleiðandi vera skráður handhafi beingreiðslu. Þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða sem standa að búrekstri getur hver og einn þeirra verið handhafi beingreiðslu.

Tilkynna skal fyrir 15. september ár hvert um greiðslumark lögbýlisins á næsta almanaksári. Greiðslumark lögbýla fyrir almanaksárið 1996 skal þó tilkynnt 1. febrúar 1996.

Fram til 1. júlí 1996 eru heimil aðilaskipti greiðslumarks á milli lögbýla, enda séu uppfyllt skilyrði sem ráðherra setur í reglugerð.

Heimilt er að flytja greiðslumark milli lögbýla: við sameiningu lögbýla; ef eigandi lögbýlis, sem hefur búið og stundað framleiðslu síðastliðin tvö ár, flytur á annað lögbýli; og ef eigandi að sérskráðu greiðslumarki flytur á annað lögbýli.

Greiðslumarki, sem ríkissjóður kaupir á árinu 1995 eða 1996 eða fellur til ríkisins skv. 41. gr., skal úthluta til lögbýla samkvæmt nánari ákvæðum sem ráðherra setur með reglugerð.

11. gr.

39. gr. laganna orðast svo:

Beingreiðsla greiðist úr ríkissjóði til handhafa í samræmi við greiðslumark lögbýlisins eins og það er á hverjum tíma. Beingreiðsla skal vera 3.734 kr. á hvert ærgildi á ári og tekur árlegum breytingum eftir vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 174,1 stig 1. október 1995.

Réttur til beingreiðslu flyst milli aðila innan lögbýlis við ábúendaskipti og við breytingu skráningar ef um hjón eða sambýlisfólk er að ræða.

Til að fá fulla beingreiðslu þarf handhafi að eiga að lágmarki 0,6 vetrarfóðraðar kindur fyrir hvert ærgildi greiðslumarks árið 1996. Nái ásetningur ekki þeirri tölu skerðist beingreiðsla hlutfallslega. Ásetningshlutfall skal endurskoðað árlega af framkvæmda-

nefnd búvörusamninga. Á lögbýlum þar sem búfjárbeit kemur í veg fyrir eðlilega framkvæmd uppgræðslu eða veldur of miklu álagi á beitiland er landbúnaðarráðherra heimilt að ákveða lægra ásetningshlutfall að fenginni umsögn Landgræðslu ríkisins og/eða Skógræktar ríkisins. Þá er heimilt að víkja frá framangreindu ásetningshlutfalli hjá framleiðendum sem hafa skorið niður fé til útrýmingar sjúkdómum.

Heimilt er að semja við bændur um lækkun ásetningshlutfalls án lækkunar beingreiðslu ef þeir taka þátt í umhverfisverkefnum í samráði við Landgræðslu ríkisins eða Skógrækt ríkisins, stunda nám eða starfsþjálfun eða taka þátt í atvinnuþróunarverkefnum.

Þá er heimilt að skerða eða fella niður beingreiðslu ef sauðfjárbóndi gefur rangar upplýsingar um ásettan fjölda sauðfjár eða stundar ólöglega sölu eða dreifingu á kjöti af heimaslátruðu sauðfé eða brýtur á annan hátt reglur eða samningsbundin ákvæði um afsetningu afurða.

Réttur til beingreiðslu fellur niður þegar 70 ára aldri er náð, þó þannig að viðkomandi heldur beingreiðslu út almanaksárið. Þegar um hjón eða sambúðarfólk er að ræða skal miða við aldur þess sem yngra er. Sé um aðila að félagsbúi að ræða skerðist beingreiðsla aðeins sem nemur hlut þess sem náð hefur greindu aldursmarki. Beingreiðsla fellur fyrst niður samkvæmt ákvæði þessu árið 1997. Lögbýli heldur greiðslumarki sínu óskertu þótt réttur til beingreiðslu falli niður vegna aldurs beingreiðsluhafa eða búskaparhlés án þess að samið sé um búskaparlok og greiddar bætur fyrir.

12. gr.

40. gr. laganna orðast svo:

Á árunum 1995 og 1996 er ríkissjóði heimilt að kaupa greiðslumark til framleiðslu sauðfjárafurða, allt að 30.000 ærgildi, og greiða förgunarbætur vegna fækkunar áa eftir nánari ákvæðum í reglugerð sem ráðherra setur.

13. gr.

41. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarráðherra úthlutar greiðslumarki sem losnar með samningum um kaup ríkissjóðs á greiðslumarki og um búskaparlok. Við þá úthlutun skal taka mið af greiðslumarki lögbýlis og hlutdeild sauðfjárframleiðslu í heildartekjum framleiðanda. Við útreikning vegna úthlutunar skal miða við greiðslumarksskrá mjólkur og sauðfjárafurða eins og þær voru 1. maí 1995. Tekjuviðmiðun skal vera árið 1994.

Beingreiðslur, sem lausar eru án samninga um búskaparlok, skulu renna til sameiginlegra markaðsaðgerða.

14. gr.

43. gr. laganna orðast svo:

Allir þeir sem hafa greiðslumark til ráðstöfunar eða hagnýtingar eða hafa með höndum framleiðslu sauðfjárafurða eru háðir þeim breytingum á réttarstöðu sem lög þessi hafa í för með sér.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um greiðslumark lögbýla, beingreiðslur, framkvæmd og tilhögun þeirra, frávik frá ásetningshlutfalli, kaup ríkissjóðs á greiðslumarki og úthlutun þess.

15. gr.

Í stað orðanna „Stéttarsamband bænda“ í 1. mgr. 2. gr., 1–5. mgr. 4. gr., 1. mgr. 7. gr., 1. og 2. mgr. 8. gr., a-lið 1. mgr. 30. gr., 2. mgr. 34. gr., 42. gr., 2. mgr. 47. gr. og 2. mgr. 48. gr. laganna koma í viðeigandi falli orðin: Bændasamtök Íslands.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felldur 4. málsl. 20. gr. laganna, svo og ákvæði til bráðabirgða með lögum nr. 99 28. júní 1995, um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Heimilt er á árunum 1996–1997 að veita þeim framleiðendum, sem aukið hafa sauðfjárgreiðslumark lögbýlisins frá greiðslumarksskrá eins og hún var 1. maí 1995, undanþágu frá skerðingu beingreiðslu sem ella yrði vegna ásetningskröfu 3. mgr. 39. gr. laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan landbúnaðarráðherra og í samráði við Bændasamtök Íslands. Tilgangur frumvarpsins er að lögfesta nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, vegna ákvæða í samningi um sauðfjárframleiðslu milli landbúnaðarráðherra f.h. ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands frá 1. október 1995, en sá samningur felur í sér breytingar á sauðfjárhlutanum í samningi sömu aðila um stefnumörkun í mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt sem undirritaður var 11. mars 1991.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar eru gefin fyrirheit um þá endurskoðun sem nú hefur farið fram og þar er sérstaklega vikið að þeim mikla vanda sem sauðfjárbændur standa frammi fyrir og felst í tekjuhruni greinarinnar og sívaxandi birgðasöfnun vegna minnkandi neyslu kindakjöts.

Með búvörusamningnum frá 1991 voru gerðar grundvallarbreytingar á starfsskilyrðum sauðfjárræktar. Útflutningsbætur voru aflagðar, framleiðsluskilyrði voru þrengd og niðurgreiðslur voru færðar af heildsölustigi yfir í beingreiðslur til bænda. Sú hagræðing, sem að var stefnt, m.a. með kaupum ríkissjóðs á 3.700 tonnum af fullvirðisrétti, gekk ekki eftir og er orsakanna ekki síst að leita í erfiðu atvinnuástandi sem dró úr vilja bænda og möguleikum til að breyta um starf. Því varð að skerða framleiðslumöguleika allra sauðfjárbænda í verulegu mæli sem hefur síðan ásamt neyslusamdrætti valdið því tekjuhruni sem áður var nefnt.

Samningur sá, sem nú liggur fyrir, nær yfir tímabilið 1995–2000. Um efni hans vísast til fylgiskjals II með frumvarpi þessu. Samningurinn var samþykktur á búnaðarþingi 11. október 1995.

Í samningnum er greint frá þessum markmiðum:

a. að auka hagkvæmni og samkeppnishæfni sauðfjárframleiðslu til hagsbóta fyrir sauðfjárbændur og neytendur,
b. að treysta tekjugrundvöll sauðfjárbænda,
c. að ná jafnvægi milli framleiðslu og sölu sauðfjárafurða,
d. að sauðfjárrækt sé í samræmi við umhverfisvernd.

Helstu breytingar sem ákvæði samningsins fela í sér eru eftirfarandi:

Frjáls verðlagning í áföngum.

Sauðfjárafurðir eru nú verðlagðar til framleiðenda af verðlagsnefnd búvöru (sexmannanefnd) og slátur- og heildsölukostnaður ákvarðaður af fimmmannanefnd. Gildandi lög kveða á um að uppgjöri fyrir innlegg í haustsláturtíð skuli lokið 15. desember.

Þessi ákvæði verða nú afnumin í tveimur áföngum. Á næsta ári fellur staðgreiðsluskylda fyrir kindakjöt niður og skapar það svigrúm fyrir sveigjanleika í verðlagningu. Næsta haust verður einnig horfið frá opinberri verðlagningu slátur- og heildsölukostnaðar. Á árinu 1998 verður síðan horfið frá opinberri ákvörðun afurðaverðs til framleiðenda, og þar með verður öll verðmyndun kindakjöts frjáls.

Framleiðslustýring aflögð.

Greiðslumark sauðfjárbænda er samkvæmt gildandi lögum, annars vegar viðmiðun fyrir beingreiðslur og hins vegar kvóti á þá framleiðslu sem þeir geta lagt inn í afurðastöð og fengið fullt verðlagsgrundvallarverð fyrir. Framleiðsla umfram kvóta skal fara á erlendan markað við því verði sem þar fæst en framleiðsla innan kvóta seljast innan lands.

Framleiðslukvótinn er nú aflagður og greiðslumark hvers lögbýlis skilgreinir eingöngu rétt framleiðanda til beingreiðslu, sem ákveðin er 3.734 kr. fyrir hvert ærgildi.

Hver afurðastöð verður ábyrg fyrir uppgjöri við einstaka framleiðendur fyrir það kjöt sem selt er innan lands, en útflutningur verður á sameiginlegri ábyrgð framleiðenda sjálfra.

Stuðningur óháður framleiðslu.

Samkvæmt því fyrirkomulagi sem nú gildir þurfa sauðfjárbændur að framleiða að lágmarki 80% af greiðslumarki lögbýlisins til að fá fulla beingreiðslu.

Nú er hins vegar horfið frá þessari framleiðslukröfu, en í staðinn kveðið á um að bóndinn skuli eiga a.m.k. 0,6 kindur fyrir hvert ærgildi til að fá fulla beingreiðslu. Þessi viðmiðun þýðir að meðaltali mun minni framleiðslu en eldri krafan og er í raun einungis krafa um að sá sem stuðnings nýtur skuli vera sauðfjárbóndi.

Áhersla á umhverfismál og atvinnuþróun.

Auk þess sem að framan greinir er gert ráð fyrir mun meiri sveigjanleika í framleiðslu þar sem unnt er að semja um minni ásetning, allt niður í fjárleysi, taki bændur að sér sérstök skilgreind verkefni á sviði umhverfisverndar, landgræðslu og skógræktar, stundi nám eða starfsþjálfun eða taki þátt í atvinnuþróunarverkefnum. Í slíkum tilvikum geta þeir haldið óskertum beingreiðslum.

Heildarstuðningur (beingreiðslumark) umsamin fjárhæð.

Samhliða því að framleiðslukvóti er afnuminn og rofin eru tengsl milli framleiðslu sauðfjárafurða og beingreiðslu, en stuðningnum ætlað víðtækara hlutverk í umhverfis- og atvinnuþróun sveitanna, er samið um fasta beingreiðslufjárhæð sem skal vera 1.480 millj. kr. á ári, þó þannig að hvor samningsaðili getur óskað endurskoðunar á upphæðinni annað hvert ár verði breytingar á markaði kindakjöts.

Uppkaup greiðslumarks.

Á þessu ári og næsta er áformað að kaupa allt að 30.000 ærgildum greiðslumarks og samsvarandi fjölda áa í því skyni að draga úr framleiðslu og færa stuðningsgreiðslur til þeirra bænda sem byggja afkomu sína að mestu á sauðfjárrækt. Alls er ráðgert að verja til þessara aðgerða 443 millj. kr. á þremur árum.

Aðrar stuðnings- og hagræðingargreiðslur.

Stefnt er að því að ná jafnvægi í birgðum kindakjöts fyrir 1. september 1996 með markaðsaðgerðum innan lands og útflutningi. Samningurinn kveður á um að ríkissjóður leggi fram 250 millj. kr. í þessu skyni á árunum 1995–1997, en á móti komi verðskerðingarfé sem haldið er eftir við uppgjör sauðfjárafurða, sbr. heimildir í 20. og 21. gr. laganna.

Samið er um fastar fjárhæðir til niðurgreiðslna á ull og vaxta- og geymslukostnaðar á árunum 1997–2000, en með breyttu fyrirkomulagi, þannig að ráðstöfun fjármuna verði á ábyrgð bænda.

Þá hefur samningurinn að geyma ákvæði um sérstök framlög til hagræðingar og vöruþróunar og umhverfisverkefna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Með 1. gr. frumvarpsins er breytt skilgreiningu á hugtakinu „greiðslumark lögbýlis“ á þann veg að í stað þess að sauðfjárgreiðslumark lögbýlis sé mælt í kílógrömmum kindakjöts verði það mælt í ærgildum. Þetta er gert vegna þess að greiðslumarkið verður ekki lengur tengt beint við framleitt magn, heldur verður gerð krafa um lágmarksásetning fjár til að framleiðandi öðlist rétt til fullrar beingreiðslu. Við umreikning á núverandi greiðslumarki er miðað við að eitt ærgildi samsvari 18,2 kg kindakjöts. Heildargreiðslumark á nú einungis við um mjólkurframleiðslu.

Í 2. gr. frumvarpsins er aukið við orðskýringar laganna. Beingreiðslumark er nýtt hugtak og kemur í stað heildargreiðslumarks sauðfjár. Það er ákveðin fjárhæð sem deilist út í beingreiðslum samkvæmt greiðslumarki einstakra lögbýla í stað þess að heildargreiðslumark var annars vegar heildarinnleggskvóti fyrir kjöt á innlendan markað en hins vegar viðmiðun fyrir beingreiðslur. Nýjar viðmiðanir við fjáreign greiðslumarkshafa krefjast þess að skýrt liggi fyrir hvað átt er við með vetrarfóðraðri kind.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að bætt verði við 8. gr. laganna nýrri málsgrein sem kveður á um það að opinberri verðlagningu sauðfjárafurða verði hætt 1. september 1998. Hins vegar verði verðlagsnefnd búvöru frá þeim tíma falið að meta framleiðslukostnað sauðfjárafurða fyrir meðalbú til þess að þær upplýsingar liggi fyrir og unnt sé að fylgjast með kostnaðarþróun búgreinarinnar og meta áhrif af þeirri breytingu sem felst í ákvæðinu.

Um 4. gr.

Í bókun með hinum nýja samningi frá 1. október 1995 segir: „Aðilar munu beita sér fyrir því að horfið verði frá opinberri skráningu heildsöluverðs fyrir sauðfjárafurðir þegar haustið 1996.“ Í 14. gr. gildandi laga er kveðið á um að fimmmannanefnd skuli „leitast við að ná samkomulagi um heildsöluverð búvara þar sem gengið er út frá því afurðaverði til framleiðenda sem ákveðið hefur verið skv. 7.–12. gr. og rökstuddum upplýs-

ingum um kostnað við vinnslu og dreifingu búvara". Hér er lagt til að við þetta ákvæði verði bætt orðunum: nema annað sé tekið fram í samningi sem gerður er á grundvelli a-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna eða í bókunum með slíkum samningi. Þannig er tryggt að á grundvelli fyrrgreinds samnings verði heildsöluverð kindakjöts ekki lengur ákvarðað af fimmmannanefnd frá næsta hausti.

Um 5. gr.

Fyrri málsgrein greinarinnar er að mestu samhljóða núgildandi 21. gr. laganna. Tekið er mið af þeirri breytingu sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að úrvinnslu- og heildsölukostnaður verði ekki ákvarðaður af fimmmannanefnd og Framleiðsluráði landbúnaðarins falið að áætla þann kostnað sem innheimta gjaldsins er byggð á.

Í síðari málsgrein greinarinnar er veitt heimild til gjaldtöku af útfluttu kindakjöti í þeim tilgangi að jafna skilaverð til framleiðenda.

Um 6. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á 29. gr. gildandi laga sem fela í sér afnám þeirra ákvæða er varða uppgjör fyrir innlagðar sauðfjárafurðir en ákvæði um greiðslu fyrir mjólk gildi áfram.

Hvað kindakjöt varðar er nú gert ráð fyrir að uppgjör afurðastöðva við einstaka framleiðendur verði með tvennu móti eftir því hvort um er að ræða sölu innan lands eða hvort kjötið er flutt úr landi. Svo sem fram kemur í skýringum við 3. gr. frumvarpsins verður verðmyndun á kjöti sem selt er innan lands alfarið í höndum sláturleyfishafa og framleiðenda á árinu 1998, en strax frá næsta hausti er gert ráð fyrir að framleiðendur semji við sláturleyfishafa um greiðslufyrirkomulag fyrir afurðir. Við útflutning kindakjöts er gert ráð fyrir að framleiðendur fái sama verð fyrir sömu gæði. Með gæðum er átt við mismunandi gæðaflokka samkvæmt kjötmatsreglum, en einnig getur komið til útflutningur á kjöti sem framleitt er samkvæmt stöðlum um lífræna ræktum og ætla má að skili framleiðendum hærra verði. Einnig verður unnt að láta mismunandi verð gilda eftir árstímum.

Til að tryggja að verðjöfnun þessi dragi ekki úr hvata til að fullvinna vöru og auka þannig verðmæti útflutningsins er verðjöfnun einungis miðuð við kjötverð á hráefnisstigi. Sérstakt ákvæði er um að framleiðendur geti verið undanþegnir þátttöku í útflutningi takmarki þeir fjáreign sína og annað tímabundið ákvæði um að auka megi þátttöku í útflutningi ef fé er fjölgað milli ára. Bæði þessi ákvæði eru til þess fallin að draga úr útflutningsþörf.

Um 7. og 8. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringar.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um beingreiðslumark sauðfjárafurða sem verður óbreytt frá núverandi heildargreiðslumarki sem þýðir óbreyttar beingreiðslur til bænda. Að öðru leyti vísast til skýringa í almennum athugasemdum með frumvarpinu.

Um 10. gr.

Greinin fjallar um greiðslumark lögbýla og hefur að geyma hliðstæð ákvæði og nú gilda um skráningu þess og tilkynningu. Hins vegar verða kaup og sala greiðslumarks óheimil frá 1. júlí 1996 en áfram verður möguleg tilfærsla milli lögbýla, svo sem við sameiningu lögbýla.

Um 11. gr.

Hér er fjallað um beingreiðslur og rétt framleiðenda til þeirra. Þær miðast við greiðslumark lögbýla sem verður mælt í fjölda ærgilda í stað kílógramma kindakjöts. Um fjárhæð beingreiðslu fer samkvæmt gildandi lögum eftir verðlagningu kindakjöts. Hún er 50% af skráðu grundvallarverði hverju sinni en verður föst fjárhæð sem tekur breytingum eftir vísitölu neysluverðs.

Um 3. og 4. mgr., sem fjalla um ásetningskröfu og hugsanlega skerðingu beingreiðslu, vísast til almennra athugasemda með frumvarpi þessu.

Um 12. og 13. gr.

Greinarnar fjalla um kaup ríkissjóðs á greiðslumarki og endurúthlutun þess. Stefnt er að því að auka við greiðslumark lögbýla hjá þeim aðilum sem byggja lífsafkomu sína að miklu leyti á sauðfjárrækt um allt að 10%. Í samningnum á fylgiskjali II með frumvarpinu eru ákvæði um kaup þessi og úthlutun, sbr. greinar 2.4 og 2.8.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 15. gr.

Í greininni eru taldar upp þær málsgreinar og greinar í lögunum þar sem heitið Stéttarsamband bænda kemur fyrir og því breytt í Bændasamtök Íslands. Er það gert í kjölfar sameiningar Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands í ein heildarsamtök bænda, sbr. lög nr. 130/1994, en þau samtök hlutu síðar nafnið Bændasamtök Íslands.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Nauðsynlegt er lögfesta heimild til að víkja frá ásetningskröfu þeirri sem tilgreind er í 3. mgr. 39. gr. laganna í þeim tilvikum þegar framleiðandi hefur keypt eða aukið með öðrum hætti við greiðslumark lögbýlisins frá og með 1. maí 1995. Þeir aðilar, sem þetta varðar, gætu að öðrum kosti verið skyldaðir til að flytja út kindakjöt sem svaraði til þeirrar bústofnsaukningar sem þeir yrðu að stofna til þannig að þeir héldu fullum beingreiðslum.

Fylgiskjal I.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

Þann 1. október 1995 gerðu landbúnaðarráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands, og Bændasamtök Íslands með sér samning um breytingar á samningi landbúnaðarráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands, og Stéttarsambands bænda um framleiðslu mjólkur- og sauðfjárafurða frá 11. mars 1991. Helstu fjárhagsleg atriði samningsins eru:

1. Samkvæmt 9. gr. frumvarpsins eru beingreiðslur bundnar til tveggja ára í stað eins árs áður. Sem fyrr tekur stuðningur ríkisins mið af neyslu kindakjöts innan lands. Samkvæmt eldri samningi hefði greiðslumark ársins 1996 orðið 7.000 tonn og beingreiðslur alls 1.440 m.kr. en í nýjum samningi eru beingreiðslur bundnar við 1.480 m.kr. fyrstu tvö ár samningstímans sem svarar til 7.200 tonna á ári. Neysla kindakjöts hefur verið að dragast saman undanfarin ár. Vegna óvissu um þróun sölumála innan lands er samanburður ekki gerður til lengri tíma en til og með 1997. Samkvæmt þessari forsendu felst í samningnum 80 m.kr. aukning í beingreiðslum til bænda fyrstu tvö ár samningstímans.

Beingreiðslur	1995	1996	1997	Samtals 1996–1997
Núgildandi samningur	1.637	1.440	1.440	2.880
Nýr samningur	-	1.480	1.480	2.960
Mismunur	**-**	**40**	**40**	**80**

2. Stuðningsgreiðslur til að laga búvöruframleiðsluna að breyttum aðstæðum verða á samningstímanum 986 m.kr. Af þessum greiðslum verður 443 m.kr. varið til uppkaupa á um 30 þúsund ærgildum skv. 12. gr. frumvarpsins, 250 m.kr. í afsetningu birgða, 218 m.kr. í hagræðingu og vöruþróun og 75 m.kr. í umhverfisverkefni. Ekki er gert ráð fyrir þessum stuðningsgreiðslum í núgildandi samningi.

Stuðningsgreiðslur	1995	1996	1997	1998	1999	2000	Samtals 1996–2000
Uppkaup		125	206	112			443
Birgðaráðstöfun	150	63	37				250
Hagræðing og vöruþróun			83	50	45	40	218
Umhverfisverkefni			15	20	20	20	75
Samtals	**150**	**188**	**341**	**182**	**65**	**60**	**986**

3. Frá og með 1997 er samið um fasta krónutölu í vaxta- og geymslugjöld, svo og niðurgreiðslur á ull. Verður ráðstöfun þessara fjárhæða á ábyrgð bænda. Samið er um að á árinu 1996 verði ullarniðurgreiðslur 230 m.kr. og vextir og geymslukostnaður um 279 m.kr. Til samanburðar er í fjárlögum ársins 1995 gert ráð fyrir að niðurgreiðslur á ull verði í 250 m.kr. og vaxta- og geymslukostnaður 290 m.kr.

Að öllu samanlögðu má gera ráð fyrir að samkvæmt nýjum samningi muni heildarkostnaður ríkissjóðs vegna kindakjötsframleiðslu verða um 1.066 m.kr. hærri á árunum 1996 til 2000 en ef núgildandi samningur væri í gildi sama tíma. Þá er ekki er tekið tillit til hugsanlegra lækkana vaxta- og geymslugjalda og niðurgreiðslu á ull sem gæti orðið með nýja samningnum.

Fylgiskjal II.

Samningur um framleiðslu sauðfjárafurða.

Landbúnaðarráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands, og Bændasamtök Íslands gera með sér eftirfarandi samning um breytingar á samningi landbúnaðarráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands, og Séttarsambands bænda um framleiðslu mjólkur- og sauðfjárafurða frá 11. mars 1991.

I.

I. kafli samningsins breytist í heild sinni og verður svohljóðandi:

I. kafli.
Sauðfjárafurðir.

Markmið þessa kafla eru;
- að auka hagkvæmni og samkeppnishæfni sauðfjárframleiðslu til hagsbóta fyrir sauðfjárbændur og neytendur,
- að treysta tekjugrundvöll sauðfjárbænda,
- að ná jafnvægi milli framleiðslu og sölu sauðfjárafurða,
- að sauðfjárrækt sé í samræmi við umhverfisvernd.

Þessum markmiðum hyggjast samningsaðilar ná með því að breyta rekstrarumhverfi sauðfjárframleiðslunnar, með frjálsara verðlagskerfi, með uppkaupum og tilfærslum greiðslumarks og með því að styðja sauðfjárbændur sem vilja hætta búskap.

1. gr.
Hugtök.

1.1 Beingreiðslumark.

Beingreiðslumark er tiltekin fjárhæð sem ákveðin er í 2. gr. og skiptist milli greiðslumarkshafa.

1.2 Greiðslumark lögbýla.

Greiðslumark lögbýla er tiltekinn fjöldi ærgilda sem ákveðinn er fyrir hvert lögbýli, sbr. 2. gr. tölul. 2.2 og veitir rétt til beinnar greiðslu úr ríkissjóði.

1.3 Ærgildi.
Við umreikning greiðslumarks til ærgilda miðast við 18,2 kg kjöts.

1.4 Vetrarfóðruð kind.
Ær, hrútar, sauðir og lömb sem sett eru á vetur og talin fram á forðagæsluskýrslu.

2. gr.
Greiðslumark.

2.1 Beingreiðslumark.
Beingreiðslumark verður 1.480 milljónir kr. við upphaf samningstímans og skiptist hlutfallslega eins milli greiðslumarkshafa við upphaf þessa samnings og heildargreiðslumark gerði á verðlagsárinu 1995/96.

Hvor aðili fyrir sig getur óskað eftir eftir endurskoðun á beingreiðslumarki annað hvert ár verði breytingar á markaði kindakjöts.

2.2 Greiðslumark lögbýla.
Greiðslumark er bundið við lögbýli og skal skráð í einu lagi, nema um fleiri sjálfstæða rekstraraðila sé að ræða sem standa að búinu.

Beingreiðsla greiðist úr ríkissjóði til greiðslumarkshafa á samningstímanum í samræmi við greiðslumark eins og það er á hverjum tíma. Beingreiðsla verður 3.734 kr. á hvert ærgildi á ári.

Tilkynna skal greiðslumarkshöfum fyrir 15. september ár hvert greiðslumark næsta árs. Greiðslumark ársins 1996 skal þó tilkynna fyrir 1. febrúar það ár.

Til þess að fá fullar beingreiðslur þarf sauðfjárbóndi að eiga að minnsta kosti 0,6 vetrarfóðraðar kindur fyrir hvert ærgildi greiðslumarks fyrir árið 1996. Nái ásetningur ekki þeirri tölu skerðast beingreiðslur hlutfallslega. Ásetningshlutfall þetta skal endurskoða árlega af framkvæmdanefnd búvörusamninga.

Greiðslumark getur flust milli lögbýla: a) við sameiningu jarða, b) ef eigandi lögbýlis, sem hefur búið og stundað framleiðslu sl. 2 ár, flytur á annað lögbýli og c) ef eigandi að sérskráðu greiðslumarki flytur á aðra jörð.

Réttur til beinna greiðslna flyst milli aðila innan lögbýlis við: a) ábúendaskipti, og b) við breytingu skráningar ef um hjón eða sambýlisfólk er að ræða.

Heimilt er að semja við bændur um lækkun ásetningshlutfalls án lækkunar beingreiðslu ef þeir taka þátt í umhverfisverkefnum í samráði við Landgræðslu ríkisins eða Skógrækt ríkisins, stunda nám eða starfsþjálfun eða taka þátt í atvinnuþróunarverkefnum samkvæmt nánari reglum.

Á jörðum, þar sem búfjárbeit kemur í veg fyrir eðlilega framkvæmd uppgræðslu eða veldur of miklu álagi á beitiland, verður heimilt að lækka ásetningshlutfall að fenginni umsögn Landgræðslu ríkisins og/eða Skógræktar ríkisins.

Greiðslumarki, sem keypt er á samningstímanum eða fellur til ríkisins skv. lið 2.4, verður endurúthlutað til greiðslumarkshafa eftir nánari reglum í gr. 2.8.

Heimilt verði að skerða eða fella niður beinar greiðslur ef sauðfjárbóndi gefur rangar upplýsingar um ásettan fjölda sauðfjár eða stundar ólöglega sölu eða dreifingu á kjöti af heimaslátruðu sauðfé.

2.3 Viðskipti með greiðslumark.

Fram til 1. júlí 1996 verða viðskipti með greiðslumark heimil. Á þeim tíma er þeim sem skráðir eru fyrir greiðslumarki heimilt að eiga viðskipti með greiðslumark. Sé ábúandi annar en eigandi þarf samþykki allra fyrir viðskiptum.

2.4 Uppkaup á greiðslumarki og fækkun fjár.

Öllum greiðslumarkshöfum verður gert tilboð um kaup á greiðslumarki:

a. Fyrir þá sem semja fyrir 15. nóvember 1995 gilda eftirfarandi skilmálar:
   1. Greiddar verða 5.500 kr. fyrir hverja á sem fargað er, allt að einni á fyrir hvert ærgildi greiðslumarks. Greiðsla verði innt af hendi í ársbyrjun 1996.
   2. Greiðslumarkshafi fær bætur sem svarar til þriggja ára beingreiðslna. Gjalddagar verða sömu og um beingreiðslur væri að ræða.
   3. Fyrir hverja á umfram greiðslumark greiðast 2.000 kr., þó aðeins fyrir ær og gemlinga sem koma fram á ásetningsskýrslu 1994/95 hjá samningsaðila.
b. Fyrir þá sem semja fyrir 1. júlí 1996 gilda eftirfarandi skilmálar:
   1. Greiddar verða 5.500 kr. fyrir hverja á sem fargað er, allt að einni á fyrir hvert ærgildi greiðslumarks. Greiðsla verði innt af hendi í ársbyrjun 1997.
   2. Greiðslumarkshafi fær bætur sem svara til tveggja ára beingreiðslna. Gjalddagar verða sömu og um beingreiðslur væri að ræða.
c. Þeir sem semja 1. júlí 1996 eða síðar á samningstímanum fái bætur sem svara til tveggja ára beingreiðslna. Gjalddagar verða sömu og um beingreiðslur væri að ræða.

Samningshafar undir stafliðum a, b og c skulu undirgangast kvaðir um að framleiða ekki sauðfjárafurðir á samningstímanum.

Þeim bændum, sem óska að verða undanþegnir útflutningsskyldu, sbr. lið 3.1, og tilkynna það fyrir 1. nóvember 1995, skal gert tilboð um að greiddar verði 2.000 kr. fyrir hverja á sem fargað er. Til þess að ná fram tilskilinni fækkun er miðað við ásetning samkvæmt forðagæsluskýrslu veturinn1994/95.

2.5 Aldurstakmark 70 ár.

Beingreiðslur falla niður árið eftir að greiðslumarkshafi verður 70 ára. Þegar um hjón eða sambúðarfólk er að ræða skal miða við aldur þess sem yngra er. Ákvæði þetta tekur gildi í ársbyrjun 1997. Öllum þeim sem þetta snertir bjóðast samningar samkvæmt grein 2.4.

Ef einn eða fleiri aðilar að félagsbúi eða annars konar félagsformi um búskap eru orðnir 70 ára skulu beingreiðslur skertar sem svarar hlut þess eða þeirra sem eru 70 ára eða eldri.

2.6 Beingreiðslur eftir búskaparhlé.

Falli beingreiðslur niður, m.a. vegna aldurs bónda eða ákvörðunar um búskaparhlé, án þess að gerður hafi verið samningur um búskaparlok í sauðfjárrækt, heldur viðkomandi lögbýli greiðslumarki á samningstímanum. Til að fá beingreiðslur að loknu hléi þarf að tilkynna um búskaparáform fyrir upphaf framleiðsluárs.

2.7 Umhverfisverkefni.

Sauðfjárbændum gefst kostur á að skila inn greiðslumarki en í staðinn takast á við önnur hagnýt verkefni á sviði umhverfis-, landgræðslu- og skógræktarmála. Sett verða skýr markmið og auglýst eftir umsóknum ár hvert. Samið verði um skiptingu á fjármagni eftir verkefnum.

2.8 Endurúthlutun.

Stefnt skal að því að sauðfjárbændur, sem hafa frá 180–450 ærgilda greiðslumark í sauðfé samkvæmt greiðslumarksskrá verðlagsárið 1995/1996, fái allt að 10% aukningu beinna greiðslna.

Sá sem hefur innan við 180 ærgilda greiðslumark í sauðfé skal þó hafa möguleika á að sækja um aukningu með rökstuðningi um að sauðfjárframleiðsla sé aðalatvinna viðkomandi greiðslumarkshafa og hann geti sýnt fram á að afkoma hans byggist að stærstum hluta á sauðfjárframleiðslu. Settar verða nánari verklagsreglur.

Aukning verði aðeins að því marki að heildargreiðslumark (sauðfé + mjólk) fari ekki yfir 450 ærgildi á fjölskyldu. Fjölskylda er skilgreind sem aðilar sem skila sameiginlegu framtali.

Greiðslumarki, sem losnar með samningum um búskaparlok, verður fyrst úthlutað vegna framleiðsluárs 1996 og síðan árlega eftir því sem greiðslumark losnar.

Beinar greiðslur sem lausar eru án samninga skulu renna til sameiginlegra markaðsaðgerða.

Við útreikning vegna endurúthlutunar skal miðað við greiðslumarksskrár mjólkur og sauðfjárafurða eins og þær voru 1. maí 1995. Tekjuviðmiðun skal vera árið 1994.

2.9 Skráning greiðslumarks.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal, í umboði landbúnaðarráðuneytisins, halda skrá yfir rétthafa greiðslumarks og færa jafnóðum þær breytingar sem á henni verða. Tilfærsla greiðslumarks skal skráð hjá viðkomandi búnaðarsamböndum og taka gildi þegar staðfesting Framleiðsluráðs landbúnaðarins liggur fyrir.

3. gr.

Framleiðsla og uppgjör.

3.1 Framleiðsla og ráðstöfun.

Innlegg og afurðauppgjör er óháð greiðslumarki sem ákveðið er skv. 1. og 2. gr. Áður en sláturtíð hefst fari fram áætlanagerð um framleitt magn af kindakjöti. Jafnframt verði áætlað hvernig haga megi afsetningu framleiðslunnar og þá tekið mið af birgðastöðu við upphaf sláturtíðar. Sláturleyfishöfum og sauðfjárframleiðendum verði kynnt áætlun um útflutningsþörf. Að lokinni sláturtíð verði tekin endanleg ákvörðun um það magn kindakjöts sem flytja skal á erlendan markað. Uppgjör við sauðfjárframleiðendur skal tryggja að þeir taki þátt í útflutningi með sama hlutfalli af framleiðslu sinni. Undanþegnir útflutningi eru einungis þeir sem hafa 0,7 vetrarfóðraðar kindur eða minna á hvert ærgildi greiðslumarks og fer þá öll framleiðsla þeirra til innanlandssölu, enda liggi fyrir sauðfjártalning búfjáreftirlitsmanns, staðfest af öðrum trúnaðarmanni. Framleiðendur skuldbindi sig jafnframt til þess að leggja aðeins inn afurðir þess fjár.

Hafi sauðfjárbóndi fjölgað ásettu fé frá því veturinn 1994/95 verður heimilt að ákveða að sú framleiðsla sem svarar til fjölgunarinnar skuli fara öll á erlendan markað. Heimild þessi gildi fyrir árin 1996 og 1997. Framkvæmdanefnd búvörusamninga gerir tillögu um notkun á þessari heimild.

3.2 Uppgjör á afurðum.

Hver sauðfjárbóndi fær séruppgjör frá sláturleyfishafa fyrir kjöt framleitt fyrir innanlandsmarkað og séruppgjör fyrir kjöt framleitt til útflutnings. Fyrir það hlutfall framleiðslunnar, sem framleitt er fyrir innanlandsmarkað, semji sauðfjárbændur við sláturleyfishafa um verð og kjör, sbr. lið 4.1. Fyrir það magn, sem umfram er og skal fara til útflutnings, verði sameiginlegt uppgjör sláturleyfishafa þannig að sama verð greiðist öllum sauðfjárbændum. Til að uppgjörsreglur hvetji til frekari þróunar og framleiðslu á fullunnum kjötafurðum til útflutnings greiði vinnsluaðili fyrir hráefni eins og um útflutning á óunnu kjöti hafi verið að ræða.

3.3 Slátrun.

Sláturleyfishafa er skylt að leggja til kjöt í útflutning í hlutfalli sem ákveðið er skv. lið 3.1, semja um skipti á kjöti við sláturleyfishafa með heimild til útflutnings eða gera verktakasamning við útflutningshús um slátrun þess hluta innleggs hússins sem flytja þarf úr landi. Heimilt er að krefja einstaka sláturleyfishafa um greiðslu inn á jöfnunarreikning við sameiginlegt uppgjör svo jafna megi tekjur af útfluttu kjöti milli sauðfjárbænda.

3.4 Vaxta og geymslukostnaður.

Frá ársbyrjun 1997 verður ráðstöfun vaxta- og geymslugjalda falin bændum. Auk þess að mæta vaxta- og geymslukostnaði er heimilt að nota hluta gjaldsins til að örva slátrun utan hefðbundins sláturtíma, enda dragi sú slátrun úr þörf á birgðahaldi. Framlögum ríkissjóðs árið 1996 vegna vaxta- og geymslugjalda verður ráðstafað á hefðbundinn hátt.

Ár	1997	1998	1999	2000
Upphæð í milljónum kr.	240	225	225	225

3.5 Niðurgreiðslur á ull.

Frá ársbyrjun 1997 verður ráðstöfun fjár til niðurgreiðslna á ull falin bændum. Framlögum ríkissjóðs árið 1996 vegna niðurgreiðslna á ull verður ráðstafað á hefðbundinn hátt.

Ár	1997	1998	1999	2000
Upphæð í milljónum kr.	210	210	210	210

4. gr.
Verðlagning.

4.1 Verðlagning.

Fyrir verðlagsárin 1996/97 og 1997/98 fari verðlagning sauðfjárafurða til bænda eftir ákvæðum 7.–12 gr. laga nr. 99/1993 með þeim sveigjanleika sem þar gefst. Árið 1996 verður horfið frá ákvæðum 29. gr. laga númer 99/1993 um greiðslu afurðaverðs. Árið 1998 verður horfið frá opinberri ákvörðun afurðaverðs enda hafi komið til framkvæmda þær aðgerðir sem samningurinn kveður á um til að ná jafnvægi í birgðum sauðfjárafurða. Verðlagsnefnd búvara verði falið að meta framleiðslukostnað sauðfjárafurða fyrir meðalbú.

5. gr.
Framlög til hagræðingar og aðlögunar.

Á árunum 1996 til 2000 verður varið til uppkaupa á greiðslumarki og bústofni, afsetningar birgða, hagræðingar og vöruþróunar og umhverfisverkefna auk annarra verkefna eftirfarandi fjárhæðum ár hvert:

	1996	1997	1998	1999	2000
Uppkaup	125	206	112		
Birgðaráðstöfun	63	37			
Hagræðing og vöruþróun		83	50	45	40
Umhverfisverkefni		15	20	20	20

Allar upphæðir eru í milljónum króna.

Framkvæmdanefnd búvörusamninga getur tekið ákvörðun um aðra skiptingu, annarra fjármuna en til uppkaupa, milli verkefna og ára en að ofan greinir. Haustið 1995 verður enn fremur varið 150 millj. kr. til afsetningar birgða.

6. gr.
Ýmis ákvæði.

6.1 Birgðamál.

Gerð verði áætlun um að ná jafnvægi í birgðum sauðfjárafurða fyrir 1. september 1996, með markaðsaðgerðum innan lands og útflutningi. Það haust koma til framkvæmda ákvæði um framleiðslu og uppgjör skv. 3. gr. Hluta af ráðstöfunarfé samningsins verði varið til þessa verkefnis.

6.2 Fjárleysi.

Samningi um uppkaup á greiðslumarki skv. lið 2.4 fylgi kvöð um fjárleysi á viðkomandi jörð á samningstímanum. Ábúanda er þó heimilt að halda allt að 10 vetrarfóðraðar kindur enda séu afurðir þeirra ætlaðar til eigin nota.

6.3 Greiðslutilhögun.

Allar fjárhæðir í samningi þessum skulu miðaðar við verðlag 1. október 1995 og taka breytingum þaðan í frá samkvæmt vísitölu neysluverðs. Þar sem ekki er tekið fram hvenær greiðslur fara fram innan ársins verður eftir því sem við á hafður líkur háttur á og áður.

6.4 Endurskoðun.

Aðilar samnings þessa geta hvor um sig óskað eftir viðræðum um endurskoðun á einstökum atriðum hans. Að þremur árum liðnum skulu samningsaðilar gera úttekt á framkvæmd samningsins með tilliti til markmiða hans. Í framhaldi af því skal hefja undirbúning viðræðna um áframhaldandi stefnumörkun á þessu sviði.

II.

Við grein 10.1 í samningnum bætist svohljóðandi ákvæði: Um endurskoðun á I. kafla samnings þessa fer þó eftir lið 6.4.

III.

Við grein 11.1 í samningnum bætist svohljóðandi ákvæði: Ákvæði í I. kafla samnings þessa skulu gilda til 31. desember árið 2000, svo og ákvæði í V. kafla að því er tekur til sauðfjárafurða. Á grundvelli þessa samnings verður síðast ákvarðað greiðslumark fyrir haustslátrun árið 2000.

Reykjavík, 1. október 1995.

F.h. Bændasamtaka Íslands,

með fyrirvara um samþykki Búnaðarþings

Ari Teitsson, form. (sign)

Arnór Karlsson (sign)

Guðbjartur Gunnarsson (sign)

Hrafnkell Karlsson (sign)

Þórólfur Sveinsson (sign)

F.h. ríkisstjórnar Íslands,

með fyrirvara um samþykki Alþingis vegna nauðsynlegra lagabreytinga

Halldór Ásgrímsson
starfandi landbúnaðarráðherra (sign)

Friðrik Sophusson
fjármálaráðherra (sign)

Bókanir.

1. Í stað staðgreiðslu skal stefnt að greiðslu 80% afurðaverðs fyrir innanlandssölu fyrir 15. desember.
2. Aðilar munu beita sér fyrir því að horfið verði frá opinberri skráningu heildsöluverðs fyrir sauðfjárafurðir þegar haustið 1996.
3. Að tveimur árum liðnum skulu samningsaðilar endurskoða ákvæði 3. gr., liði 3.1, 3.2 og 3.3, um ráðstöfun og uppgjör afurða.
4. Til þess að auðvelda búskaparlok standi bændum til boða að Jarðasjóður kaupi jarðir þeirra, seljist þær ekki á frjálsum markaði.
5. Aðilar munu beita sér fyrir áframhaldandi hagræðingu í slátrun og vinnslu sauðfjárafurða.

Reykjavík, 1. október 1995.

F.h. Bændasamtaka Íslands,

Ari Teitsson, form. (sign)

Arnór Karlsson (sign)

Guðbjartur Gunnarsson (sign)

Hrafnkell Karlsson (sign)

Þórólfur Sveinsson (sign)

F.h. ríkisstjórnar Íslands,

Halldór Ásgrímsson
starfandi landbúnaðarráðherra. (sign)

101. Svar [17. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um glasafrjóvgun.

1. *Hver er meðalaldur foreldra sem eignast fyrsta barn sitt fyrir tilstilli glasafrjóvgunar hér á landi?*

Meðalaldur kvenna sem fóru í glasafrjóvgun var:

1991	32,4 ár
1992	32,8 ár
1993	33,4 ár
1994	34,0 ár
1995	34,5 ár

Hvorki eru til tölur yfir aldur foreldra við fæðingu barna né tölur yfir aldur mæðra við fæðingu fyrsta barns eftir glasafrjóvgun, en líklegt má telja að meðalaldur kvenna sem fæddu eftir glasafrjóvgun sé sambærilegur við ofangreindar tölur, þ.e. 33 ár á fimm ára tímabili.

2. *Hver er meðalaldur annarra foreldra við fæðingu fyrsta barns?*
Ekki eru til tölur um meðalaldur foreldra við fæðingu barna. Hins vegar eru til tölur um meðalaldur kvenna við fæðingu og er hann 24,7 ár við fæðingu fyrsta barns og 28,4 ár við fæðingu annarra barna.

102. Frumvarp til laga [97. mál]

um verðbréfaviðskipti.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi taka til verðbréfaviðskipta, eins og þau eru nánar skilgreind í lögunum, sem stunduð eru af fjárfestingarfyrirtækjum sem hlotið hafa starfsleyfi viðskiptaráðherra.

Lög þessi, að undanskildum ákvæðum IV. kafla um meðferð trúnaðarupplýsinga, taka ekki til:

1. Vátryggingafélaga eða fyrirtækja sem annast endurtryggingarstarfsemi samkvæmt lögum.
2. Lögaðila sem veita aðeins þjónustu sem lög þessi taka til fyrir móðurfélög sín, dótturfélög sín eða fyrir önnur dótturfélög móðurfélags síns.
3. Þjónustu héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna og löggiltra endurskoðenda sem samkvæmt lögum þessum telst til verðbréfaviðskipta, enda sé þjónustan veitt sem eðlilegur þáttur í víðtækara viðfangsefni, svo sem búskiptum eða félagsskiptum.
4. Lögaðila sem veita aðeins þjónustu sem lög þessi taka til í tengslum við stjórnun á fjárfestingarsjóðum starfsmanna.
5. Lögaðila sem veita þjónustu skv. 2. og 4. tölul.
6. Seðlabanka ríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins, annarra innlendra stofnana þess sem annast sambærilega starfsemi og annarra opinberra stofnana sem annast eða hafa afskipti af lánamálum ríkis.
7. Lögaðila sem innlend lagaákvæði eða siðareglur taka til sem mega ekki taka til vörslu fjármuni eða verðbréf viðskiptamanna og sem af þeim ástæðum mega aldrei setja sig í skuldastöðu gagnvart viðskiptamönnum sínum, mega aðeins veita þjónustu á sviði verðbréfaviðskipta sem felst í móttöku og miðlun fyrirmæla varðandi verðbréf og hlutdeildarskírteini í fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu og er eingöngu heimilt að miðla fyrirmælum til:
   a. fjárfestingarfyrirtækja sem eru með starfsleyfi samkvæmt lögum þessum;
   b. lánastofnana sem eru með starfsleyfi samkvæmt lögum um viðskiptabanka og sparisjóði eða lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði;
   c. útibúa fjárfestingarfyrirtækja eða lánastofnana sem eru með starfsleyfi í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins og eru háð og fylgja varfærnisreglum sem lögbær yfirvöld telja að minnsta kosti jafnstrangar og varfærnisreglur samkvæmt þessum lögum, lögum um viðskiptabanka og sparisjóði eða lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði;

d. verðbréfasjóða sem eru með starfsleyfi samkvæmt lögum ríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins til að bjóða hlutdeildarskírteini sín út á almennum markaði og til stjórnenda slíkra sjóða;
e. fjárfestingarfélaga með fastan höfuðstól sem gefa út verðbréf sem skráð eru eða ganga kaupum og sölum á skipulegum markaði innan Evrópska efnahagssvæðisins.

8. Verðbréfasjóða og annarra fyrirtækja sem falla undir lög um verðbréfasjóði.
9. Aðila sem hafa aðallega þá starfsemi með höndum að versla með hrávöru sín á milli eða við framleiðendur eða aðila sem nota þessar vörur í atvinnuskyni og veita eingöngu slíkum framleiðendum eða aðilum þjónustu á verðbréfasviði og aðeins í þeim mæli sem nauðsynlegt er vegna meginstarfsemi þeirra.
10. Fyrirtækja sem veita þjónustu á sviði verðbréfaviðskipta sem felst eingöngu í viðskiptum fyrir eigin reikning á markaði fyrir kaupskuldbindingar eða kauprétt eða viðskiptum fyrir reikning annarra sem eiga aðild að þessum mörkuðum eða fyrirtækja sem gefa upp verð til annarra sem eiga aðild að sömu mörkuðum og sem uppgjörsaðilar á sömu mörkuðum ábyrgjast. Uppgjörsaðilar á sömu mörkuðum verða að ábyrgjast að staðið sé við samninga sem slík fyrirtæki gera.

2. gr.

Í lögum þessum merkir:

1. *Verðbréfaviðskipti:* Starfsemi skv. 8. og 9. gr. laga þessara sem stunduð er af fjárfestingarfyrirtækjum sem til þess hafa starfsleyfi viðskiptaráðherra.
2. *Fjárfestingarfyrirtæki:*
   a. Verðbréfafyrirtæki sem fengið hefur leyfi viðskiptaráðherra til að stunda starfsemi skv. 8. gr. laga þessara, svo og þeir sem hafa rétt til að stunda slíka starfsemi hér á landi samkvæmt lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
   b. Verðbréfamiðlunarfyrirtæki sem fengið hefur leyfi viðskiptaráðherra til að stunda starfsemi skv. 9. gr. laga þessara, svo og þeir sem hafa rétt til að stunda slíka starfsemi hér á landi samkvæmt lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Ákvæði III. kafla laga þessara eiga við um verðbréfamiðlunarfyrirtæki eftir því sem við getur átt.
3. *Verðbréf:*
   a. Hvers konar framseljanleg kröfuréttindi til peningagreiðslu eða ígildis hennar, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðru en fasteign eða einstökum lausafjármunum.
   b. Skilyrt skilríki til peningagreiðslu á grundvelli tiltekins verðbréfs eða verðbréfa skv. a-lið.
4. *Fastur rekstrarkostnaður:* Laun og launatengd gjöld, annar reglulegur kostnaður vegna starfsmannahalds, húsaleiga, lögboðnar vátryggingar, kostnaður vegna bókhalds- og tölvuvinnslu, aðildargjöld að Verðbréfaþingi Íslands og afskriftir.
5. *Veltubók:* Verðbréf sem fjárfestingarfyrirtæki hefur eignast eða heldur eftir með endursölu í huga og/eða í því skyni að hagnast á skammtímabreytingum á markaðsvirði þessara skjala. Jafnframt teljast til veltubókar stöður í fjármálaskjölum sem verða til við samtímis skipti á höfuðstólsfjárhæðum, svo og fjármálasamningar sem fjárfestingarfyrirtæki er aðili að í því skyni að baktryggja aðra þætti veltubókar. Til veltubókar teljast enn fremur áhættuþættir tengdir óuppgerðum og ófrágengnum viðskiptum og afleiddum skjölum sem verslað er með innan og utan verðbréfamarkað-

ar, svo og áhættuþættir er tengjast skuldbindingum fjárfestingarfyrirtækis sem myndast vegna viðskipta með verðbréf í veltubók.

6. *Heimaríki:*
   a. Ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem lögaðili, sem hefur heimild til að stunda verðbréfaviðskipti hér á landi, hefur skráða skrifstofu eða, hafi hann enga skráða skrifstofu í samræmi við eigin landslög, það ríki þar sem hann hefur aðalskrifstofu.
   b. Ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem skipulegur verðbréfamarkaður hefur skráða skrifstofu eða, hafi markaðurinn enga skráða skrifstofu í samræmi við eigin landslög, það ríki þar sem hann hefur aðalskrifstofu.
7. *Gistiríki:* Ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem innlent fjárfestingarfyrirtæki starfrækir útibú eða veitir þjónustu.
8. *Virkur eignarhluti:* Bein eða óbein eignarhlutdeild í fyrirtæki sem nemur 10% eða meira af eigin fé þess eða atkvæðisrétti eða önnur hlutdeild sem gerir það kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun fyrirtækis sem eignarhlutdeild er í.
9. *Skipulegur verðbréfamarkaður:*
   a. Verðbréfaþing Íslands og hliðstæðar kauphallir innan Evrópska efnahagssvæðisins.
   b. Aðrir verðbréfamarkaðir innan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem verðbréf ganga kaupum og sölum og sem eru opnir almenningi, starfa reglulega og eru viðurkenndir með þeim hætti sem bankaeftirlit Seðlabanka Íslands metur gildan.
   c. Markaðir skv. a- og b-lið sem staðsettir eru í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins og bankaeftirlitið hefur viðurkennt.
10. *Fjárvarsla:* Þjónusta, veitt samkvæmt sérstökum samningi gegn endurgjaldi sem felur í sér að taka við fjármunum til fjárfestingar í verðbréfum eða öðrum verðmætum fyrir eigin reikning viðskiptamanns.
11. *Almennt útboð:* Sala nýrra, samkynja verðbréfa sem boðin eru almenningi til kaups með almennri og opinberri auglýsingu eða kynningu með öðrum hætti sem jafna má til opinberrar auglýsingar.
12. *Viðskiptavaki:* Fjárfestingarfyrirtæki skv. 8. gr. eða annar aðili sem til þess hefur heimild samkvæmt lögum og hefur skuldbundið sig formlega til að kaupa og selja fyrir eigin reikning tiltekin verðbréf, í því skyni að greiða fyrir því að markaðsverð skapist á verðbréfunum, og tilkynnt það opinberlega.
13. *Sölutrygging:* Samningur milli fjárfestingarfyrirtækis skv. 8. gr. og útgefanda eða eiganda verðbréfa þar sem fjárfestingarfyrirtækið skuldbindur sig til þess að kaupa ákveðinn hluta eða öll verðbréf í tilteknu útboði innan fyrir fram ákveðinna tímamarka og á fyrir fram ákveðnu verði.

II. KAFLI
Leyfi til verðbréfaviðskipta.

3. gr.

Fjárfestingarfyrirtækjum er óheimilt að hefja starfsemi nema þau uppfylli skilyrði laga þessara og hafi fengið starfsleyfi viðskiptaráðherra. Skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis eru sem hér segir:

1. Fyrirtækin séu hlutafélög. Þó er heimilt að starfrækja fjárfestingarfyrirtæki skv. 9. gr. sem einkahlutafélög. Sé um að ræða fjárfestingarfyrirtæki sem stundar starfsemi skv. 8. gr. skal innborgað hlutafé nema að minnsta kosti 65 milljónum króna. Sé um

að ræða fjárfestingarfyrirtæki sem stundar starfsemi skv. 9. gr. skal innborgað hlutafé nema að minnsta kosti 4,5 milljónum króna. Fjárhæðir þessar skulu bundnar gengi evrópsku mynteiningarinnar ECU miðað við opinbert kaupgengi hennar við gildistöku laga þessara. Fjárfestingarfyrirtæki er óheimilt að hefja starfsemi fyrr en hlutafé hefur verið greitt að fullu í reiðufé. Allt hlutafé skal vera greitt áður en fjárfestingarfyrirtæki er skráð í hlutafélagaskrá. Ekki skal skrá hækkun hlutafjár fyrr en hlutafjárauki er að fullu greiddur.

Starfandi fjárfestingarfyrirtækjum við gildistöku laga þessara með eigið fé lægra en það lágmark innborgaðs hlutafjár sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessa töluliðar er heimilt að halda áfram starfsemi sinni. Eigið fé þeirra má þó aldrei verða lægra en það var við gildistöku laga þessara.

Yfirtaki nýir aðilar starfsemi fjárfestingarfyrirtækis sem starfar skv. 2. mgr. þessa töluliðar skal eigið fé þess hafa náð því lágmarki sem kveðið er á um í 1. mgr. innan þriggja mánaða frá yfirtökunni.

2. Fjárfestingarfyrirtækið hafi aðalskrifstofu hér á landi.
3. Stjórnarmenn í verðbréfafyrirtæki skulu vera að minnsta kosti þrír en í verðbréfamiðlunarfyrirtæki að minnsta kosti tveir. Þeir skulu vera búsettir hér á landi, vera lögráða, hafa óflekkað mannorð, vera fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld. Ríkisborgarar þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eru undanþegnir búsetuskilyrðinu, enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki. Ráðherra er heimilt að veita þeim sem búsettir eru í öðrum ríkjum sömu undanþágu.
4. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins fullnægi skilyrðum 2. og 3. málsl. 3. tölul. og uppfylli kröfur um þekkingu á verðbréfaviðskiptum samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur.
5. Endurskoðun á reikningum fyrirtækisins skal framkvæmd af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu.
6. Fyrirtækið setji tryggingu fyrir tjóni sem það kann að baka viðskiptavinum sínum í starfsemi sinni. Nánari ákvæði um fjárhæð tryggingar og lágmarksskilmála að öðru leyti skulu sett með reglugerð.

Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg. Henni skulu fylgja:

1. Samþykktir fjárfestingarfyrirtækis.
2. Starfsáætlun þar sem m.a. komi fram upplýsingar um eðli fyrirhugaðrar starfsemi og skipulag viðkomandi fyrirtækis.
3. Upplýsingar um stofnendur, hluthafa og einstaklinga eða lögaðila sem hafa yfir að ráða virkum eignarhlut í félaginu og hlut hvers þeirra um sig.
4. Staðfesting á fjárhæð innborgaðs hlutafjár.
5. Aðrar upplýsingar sem ráðherra ákveður.

Áður en ákvörðun er tekin um veitingu starfsleyfis eða synjun umsóknar skal leitað umsagnar bankaeftirlits Seðlabanka Íslands. Sé fjárfestingarfyrirtæki dótturfyrirtæki fjárfestingarfyrirtækis eða lánastofnunar sem hefur leyfi í öðru aðildarríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, dótturfyrirtæki móðurfyrirtækis slíkra fyrirtækja eða undir stjórn sama einstaklings eða lögaðila og stjórnar slíkum fyrirtækjum skal jafnframt leitað umsagnar lögbærra yfirvalda í hlutaðeigandi ríki.

4. gr.

Uppfylli umsækjandi um starfsleyfi ekki skilyrði laga þessara skal umsókn um starfsleyfi synjað.

Ráðherra er heimilt að synja umsókn að fengnum tillögum bankaeftirlitsins:

1. hafi stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri fjárfestingarfyrirtækis verið dæmdur fyrir refsiverðan verknað sem skapar hættu á að viðkomandi misnoti aðstöðu sína eða hafi þessir aðilar sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að ætla að þeir misnoti aðstöðu sína,
2. sé eignarhlutur hluthafa í fjárfestingarfyrirtæki skv. 12. gr. talinn ósamrýmanlegur eðlilegum rekstri fyrirtækisins.

5. gr.

Ákvörðun ráðherra um umsókn um starfsleyfi skal tilkynna umsækjanda skriflega svo fljótt sem unnt er og að jafnaði eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst ráðherra.

Ákvörðun skv. 1. mgr. skal ávallt liggja fyrir innan sex mánaða frá því að fullbúin umsókn barst ráðherra. Synjun ráðherra á umsókn skal rökstudd.

6. gr.

Heimilt er fjárfestingarfyrirtæki að hefja starfsemi þegar í stað eftir að ráðherra hefur veitt því starfsleyfi. Í leyfinu skal getið þeirrar þjónustu skv. 8. gr. sem starfsleyfi fjárfestingarfyrirtækis tekur til. Óheimilt er að veita starfsleyfi sem eingöngu tekur til þjónustu skv. c-lið 8. gr.

Hefji leyfishafi ekki starfsemi innan tólf mánaða frá því að tilkynnt er um veitingu starfsleyfis fellur leyfið niður. Starfsleyfi fellur jafnframt niður hafi fjárfestingarfyrirtæki ekki veitt þjónustu sem því er heimilt samkvæmt lögum þessum í samfellt sex mánuði.

III. KAFLI
Réttindi og skyldur fjárfestingarfyrirtækja.

7. gr.

Fjárfestingarfyrirtækjum er skylt og einum heimilt, nema lög ákveði annað, að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðin „verðbréfafyrirtæki“ eða „verðbréfamiðlunarfyrirtæki“ ein sér eða samtengd öðrum orðum, sbr. þó 44. gr.

8. gr.

Fjárfestingarfyrirtækjum skv. a-lið 2. tölul. 2. gr. er heimilt að hafa með höndum eftirfarandi starfsemi í tengslum við viðskipti með verðbréf:

1. *Þjónusta:*
   a. Móttaka og miðlun fyrirmæla frá viðskiptavinum um eitt eða fleiri verðbréf og framkvæmd slíkra fyrirmæla fyrir reikning þriðja aðila.
   b. Viðskipti með verðbréf fyrir eigin reikning.
   c. Stjórnun fjárfestingarsamvals, samkvæmt umboði fjárfesta, sem miðast við einstaka viðskiptamenn, svo fremi um sé að ræða eitt eða fleiri verðbréf skv. 2. tölul.
   d. Sölutrygging í tengslum við útgáfur eins eða fleiri verðbréfa skv. 2. tölul. eða markaðssetning slíkra útgáfna.
2. *Skjöl:*

Verðbréf skv. 3. tölul. 2. gr.

3. *Viðbótarþjónusta:*
   a. Varsla og stjórnun í tengslum við eitt eða fleiri verðbréf skv. 2. tölul.
   b. Öryggisvarsla fjár.
   c. Veiting lánsheimilda, ábyrgða eða lána til fjárfestis þannig að hann geti átt viðskipti með eitt eða fleiri verðbréf skv. 2. tölul. ef fjárfestingarfyrirtæki sem veitir lánsheimildina eða lánið annast viðskiptin.
   d. Ráðgjöf til fyrirtækja um uppbyggingu eigin fjár, stefnumótun og skyld mál og ráðgjöf og þjónusta varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.
   e. Þjónusta í tengslum við sölutryggingu.
   f. Fjárfestingarráðgjöf varðandi eitt eða fleiri verðbréf skv. 2. tölul.
   g. Gjaldeyrisþjónusta ef umrædd viðskipti eru liður í fjárfestingarþjónustu.
   h. Fræðsla og kynning á verðbréfaviðskiptum.

9. gr.

Fjárfestingarfyrirtæki skv. b-lið 2. tölul. 2. gr. er eingöngu heimilt að annast milligöngu gegn endurgjaldi um kaup eða sölu verðbréfa og sérfræðiráðgjöf um slík viðskipti. Fyrirtækjunum er einungis heimilt að taka við fjármunum eða verðbréfum viðskiptavina í starfsemi sinni um skamman tíma enda sé slíkt nauðsynlegt til að ljúka viðskiptum sem fyrirtækið hefur annast milligöngu um.

10. gr.

Fjárfestingarfyrirtækjum er óheimilt að annast aðra starfsemi en um getur í 8. eða 9. gr. Öðrum aðilum er óheimilt að annast þá starfsemi sem þar getur nema lög ákveði annað, sbr. þó 43. gr.

11. gr.

Fjárfestingarfyrirtæki er heimilt að starfrækja útibú enda uppfylli daglegur stjórnandi þess skilyrði 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. Tilkynna skal bankaeftirliti Seðlabanka Íslands fyrir fram um stofnun útibús.

12. gr.

Hluthafar í fjárfestingarfyrirtæki sem eiga eða hyggjast eignast virkan eignarhlut í viðkomandi félagi skulu tilkynna bankaeftirlitinu það fyrir fram og greina frá hver eignarhlutur þeirra muni verða. Einnig skulu þeir tilkynna það bankaeftirlitinu hyggist þeir auka hlutafjáreign sína svo mikið að eignarhlutir þeirra í fjárfestingarfyrirtæki, eða samsvarandi réttur til meðferðar atkvæða, nemi 20%, 33% eða 50% eða svo stórum hluta að viðkomandi félag verði talið dótturfyrirtæki fjárfestingarfyrirtækis.

Ráðherra getur, að fenginni tillögu bankaeftirlitsins, synjað hluthafa um að eignast hlut eða um rétt til meðferðar atkvæða skv. 1. mgr. telji hann viðkomandi ekki hæfan til þess með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs fjárfestingarfyrirtækis. Rökstudd synjun ráðherra skal hafa borist fyrirtækinu innan þriggja mánaða frá þeim degi sem tilkynning skv. 1. mgr. barst bankaeftirlitinu.

Sé um að ræða aukningu á eignarhlut skv. 1. mgr. er ráðherra heimilt að kveða á um hvenær henni skuli í síðasta lagi hafa verið hrint í framkvæmd, enda hafi aukningu ekki verið hafnað.

Hyggist hluthafi, sem á virkan eignarhluta í fjárfestingarfyrirtæki, draga úr hlutafjáreign sinni skal hann tilkynna bankaeftirlitinu það fyrir fram og einnig hver eignarhlutur hans muni verða. Fari eignarhlutur niður fyrir 20%, 33%, 50% eða minnki svo mikið að fjárfestingarfyrirtæki hætti að vera dótturfyrirtæki viðkomandi, sbr. 1. mgr., skal það einnig tilkynnt.

Fái fjárfestingarfyrirtæki vitneskju um öflun eða ráðstöfun eignarhluta í hlutaðeigandi félagi sem veldur því að eignarhlutar fara yfir eða undir mörk sem tilgreind eru í 1. og 4. mgr. skal það tilkynnt bankaeftirlitinu án ástæðulauss dráttar. Einnig skal bankaeftirlitinu tilkynnt eigi sjaldnar en einu sinni á ári um þá hluthafa sem eiga virkan eignarhlut í fjárfestingarfyrirtæki og hve stór eignarhlutur hvers um sig er.

13. gr.

Fari hluthafi, sem á svo stóran hlut í fjárfestingarfyrirtæki sem segir í 1. mgr. 12. gr., þannig með hlut sinn að skaði heilbrigðan eða traustan rekstur fyrirtækisins getur ráðherra, að fenginni tillögu bankaeftirlitsins, ákveðið að hlut þessum fylgi ekki atkvæðisréttur eða lagt fyrir fyrirtækið að grípa til viðeigandi ráðstafana.

Ráðherra getur, að fenginni tillögu bankaeftirlitsins, ákveðið að eignarhlutum í fjárfestingarfyrirtæki, sem ekki hafa verið tilkynntir fyrir fram skv. 1. mgr. 12. gr., fylgi ekki atkvæðisréttur. Synji ráðherra ekki viðkomandi hluthafa um að eignast hlut eða auka við hann fá hlutir atkvæðisrétt að nýju. Ákvörðun ráðherra um að eignarhlut fylgi ekki atkvæðisréttur skal tilkynnt hlutaskrá viðkomandi fjárfestingarfyrirtækis. Jafnframt skal tilkynna hlutaskrá fjárfestingarfyrirtækis verði atkvæðisréttur eignarhluta virkur að nýju.

Hafi ráðherra ákveðið skv. 1. eða 2. mgr. að hlutum fylgi ekki atkvæðisréttur skulu þeir hlutir ekki teknir með við útreikning á því fyrir hve mikinn hluta atkvæða mætt hafi verið á hluthafafundum.

14. gr.

Eignist fjárfestingarfyrirtæki með starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, móðurfyrirtæki fjárfestingarfyrirtækis með starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða einstaklingur sem ræður yfir slíku fjárfestingarfyrirtæki virkan eignarhlut í fjárfestingarfyrirtæki hér á landi skal það tilkynnt bankaeftirlitinu. Verði síðastnefnda fyrirtækið dótturfyrirtæki hlutaðeigandi eða undir hans stjórn skal mat á eignarhlut framkvæmt í samráði við lögbær yfirvöld í heimaríki hlutaðeigandi aðila.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við ef aðilar sem þar getur auka virkan eignarhlut sinn í fjárfestingarfyrirtæki þannig að eignarhlutur þeirra nemi 20%, 33% eða 50% eða svo miklu að fyrirtækið yrði dótturfyrirtæki þeirra.

15. gr.

Fjárfestingarfyrirtæki skulu kappkosta að gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart viðskiptamönnum sínum í starfsemi sinni og ber þeim ávallt að haga störfum sínum þannig að viðskiptamenn njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör í verðbréfaviðskiptum. Skulu viðskiptamönnum, að teknu tilliti til þekkingar þeirra, veittar greinargóðar upplýsingar um þá kosti sem þeim standa til boða.

Í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi fjárfestingarfyrirtækja skal þess gætt að fram komi réttar og nákvæmar upplýsingar um starfsemi og þjónustu fyrirtækjanna.

16. gr.

Fjárfestingarfyrirtæki skulu kunngera viðskiptamönnum sínum fyrir fram hvaða þóknun þau muni áskilja sér fyrir þjónustu sína. Breytingar á þóknun skal tilkynna viðskiptavinum með nægum fyrirvara.

Fjárfestingarfyrirtæki skulu hafa aðgengilegar á starfsstöð sinni upplýsingar um hvaða rétt viðskiptamenn þeirra kunni að eiga til bóta vegna tjóns sem þeir verða fyrir vegna viðskipta á vegum fyrirtækjanna.

17. gr.

Taki fjárfestingarfyrirtæki að sér þjónustu sem þeim er heimilt samkvæmt lögum þessum skal, eftir því sem við á, gerður sérstakur samningur milli fyrirtækisins og viðskiptamanns þess þar sem meðal annars skal kveðið á um réttindi og skyldur samningsaðila.

18. gr.

Fjárfestingarfyrirtækjum er óheimilt að annast milligöngu um verðbréfaviðskipti hafi starfsmenn þeirra vitneskju um eða ástæðu til að ætla að viðskiptin grundvallist á upplýsingum skv. 2. mgr. 25. gr., sbr. þó 2. tölul. 1. mgr. og 2. mgr. 26. gr.

19. gr.

Fjárfestingarfyrirtæki skal halda fjármunum viðskiptamanna tryggilega aðgreindum frá eignum fyrirtækisins. Skulu fjármunir viðskiptamanns varðveittir á sérstökum nafnskráðum reikningi og verðbréf í hans eigu varðveitt með tryggilegum hætti.

Fjárfestingarfyrirtæki er heimilt að framselja verðbréf í nafni viðskiptamanns síns hafi fyrirtækið fengið til þess skriflegt umboð. Í framsalsáritun ber að geta þess að verðbréf sé framselt samkvæmt varðveittu umboði og ber fjárfestingarfyrirtæki að varðveita umboð svo lengi sem réttindi eru byggð á verðbréfi sem framselt hefur verið með þessum hætti. Skylt er að láta kaupanda verðbréfs í té samrit umboðsins krefjist hann þess.

Sá sem veitt hefur fjárfestingarfyrirtæki umboð skv. 2. mgr. getur ekki beint kröfum að framsalshafa með stoð í heimildarskorti fyrirtækisins nema umboð þess til framsals hafi sýnilega verið ófullnægjandi.

Framsalsáritun fjárfestingarfyrirtækis skv. 3. mgr. telst ekki slíta framsalsröð þótt umboð til fyrirtækisins fylgi ekki verðbréfinu.

20. gr.

Almennt útboð verðbréfa, annarra en ríkisskuldabréfa, skuldabréfa með ríkisábyrgð og ríkisvíxla, skal fara fram fyrir milligöngu fjárfestingarfyrirtækja skv. 8. gr. eða annarra aðila sem til þess hafa heimild í lögum. Almennt útboð verðbréfa skal tilkynna til Verðbréfaþings Íslands eigi síðar en viku fyrir upphaf sölu ásamt upplýsingum um öll helstu einkenni útboðsins í samræmi við reglur sem stjórn Verðbréfaþingsins setur um gerð útboðsgagna og aðdraganda útboðs.

Seðlabanki Íslands getur sett nánari reglur um fyrsta söludag einstakra almennra útboða í því skyni að koma í veg fyrir sveiflur í framboði nýrra verðbréfa á verðbréfamarkaðinum.

Við lok sölu eða í lok hvers ársfjórðungs, sé hann fyrr, skal fjárfestingarfyrirtæki eða annar aðili, sem hefur milligöngu um almennt útboð, tilkynna Verðbréfaþinginu um heildarsölu verðbréfa í almennu útboði á nafnverði og markaðsverði samkvæmt bestu fáanlegum upplýsingum og í lok hvers árs skal enn fremur tilkynna um útistandandi eft-

irstöðvar almenns útboðs. Verðbréfaþingið skal birta reglulega upplýsingar um verðbréf samkvæmt þessari grein.

21. gr.

Fjárfestingarfyrirtæki skal vegna eigin viðskipta með verðbréf sem því eru falin til sölu og vegna viðskipta eigenda þess, stjórnenda, starfsmanna og maka þeirra gæta eftirtalinna atriða:

1. að ýtrustu hagsmuna ótengdra viðskiptavina sé gætt,
2. að fullur trúnaður ríki gagnvart ótengdum viðskiptavinum,
3. að viðskiptin séu sérstaklega skráð,
4. að stjórn fjárfestingarfyrirtækis fái kerfisbundnar upplýsingar um viðskiptin og staðfesti þau.

Fjárfestingarfyrirtæki skulu setja sér verklagsreglur um viðskipti skv. 1. mgr. og skulu þær staðfestar af bankaeftirlitinu.

22. gr.

Fjárfestingarfyrirtæki geta veitt viðskiptaaðila lán og gengið í ábyrgðir vegna verðbréfaviðskipta sem þeim er heimilt að annast samkvæmt lögum þessum.

Heildarskuldbindingar fjárfestingarfyrirtækja skv. 1. mgr. skulu vera innan þeirra marka sem um getur í reglum er ráðherra setur að fengnum tillögum bankaeftirlitsins um hámark lána og ábyrgða til einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila.

23. gr.

Fjárfestingarfyrirtæki er því aðeins heimilt að vera meðeigandi eða þátttakandi í annarri atvinnustarfsemi að slík þátttaka sé í eðlilegum tengslum við starfsemi fjárfestingarfyrirtækisins og hafi ekki áhrif á óhlutdrægni þess, sbr. 1. mgr. 15. gr.

24. gr.

Framkvæmdastjóra fjárfestingarfyrirtækis er óheimilt að sitja í stjórn atvinnufyrirtækja eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema að fengnu leyfi stjórnar fjárfestingarfyrirtækisins. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórnun þess. Bankaeftirlitið sker úr um hvort eignarhlutur brjóti í bága við grein þessa og getur veitt undanþágu frá henni mæli sérstakar ástæður með því.

Um heimildir annarra starfsmanna fjárfestingarfyrirtækis varðandi þau atriði sem í 1. mgr. greinir fer eftir reglum sem stjórn fyrirtækisins setur og bankaeftirlitið staðfestir.

IV. KAFLI
Meðferð trúnaðarupplýsinga.

25. gr.

Ákvæði þessa kafla taka til verðbréfa sem eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.

Með trúnaðarupplýsingum er átt við upplýsingar um útgefanda verðbréfa, verðbréfin sjálf eða önnur atriði sem ekki hafa verið gerð opinber en eru líkleg til að hafa áhrif á markaðsverð verðbréfanna ef opinber væru. Upplýsingar teljast opinberar þegar þeim hefur verið miðlað á verðbréfamarkaðinum með almennum og viðurkenndum hætti. Tilkynningar til Verðbréfaþings Íslands teljast opinberar þegar þeim hefur verið miðlað þaðan.

26. gr.

Aðila, sem býr yfir eða hefur aðgang að trúnaðarupplýsingum skv. 2. mgr. 25. gr. vegna eignaraðildar, aðildar að stjórn, rekstri eða eftirliti á vegum útgefanda verðbréfa eða vegna starfs síns, stöðu eða skyldna, er óheimilt að:

1. nýta sér upplýsingarnar, beint eða óbeint, til öflunar eða ráðstöfunar verðbréfanna sjálfum sér eða öðrum til hagsbóta,
2. láta þriðja aðila upplýsingarnar í té nema það sé gert í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur þess sem upplýsingarnar veitir,
3. ráðleggja þriðja aðila á grundvelli upplýsinganna að afla verðbréfa eða ráðstafa þeim eða hvetja að öðru leyti til viðskipta með verðbréfin.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um viðskipti fullvalda ríkis, seðlabanka þess eða aðila sem annast viðskipti fyrir þeirra hönd, enda séu viðskiptin liður í stefnu hlutaðeigandi ríkis í peningamálum, gengismálum eða lánasýslu.

27. gr.

Öðrum aðilum en um getur í 1. mgr. 26. gr., sem hlotið hafa vitneskju um trúnaðarupplýsingar, er óheimilt að nýta þær með þeim hætti sem þar segir, enda hafi þeir vitað eða mátt vita hvers eðlis upplýsingarnar voru.

28. gr.

Ákvæði 26. og 27. gr. ná einnig til lögaðila og taka til þeirra einstaklinga sem taka þátt í ákvörðun um að fara með viðskipti fyrir reikning lögaðilans.

29. gr.

Óheimilt er einstaklingum eða lögaðilum að taka þátt í, stuðla að eða hvetja til viðskipta með verðbréf eða annarra aðgerða í því skyni að gefa ranga mynd af umfangi viðskipta með tiltekin verðbréf eða að hafa óeðlileg eða óhæfileg áhrif á verðmyndun í verðbréfaviðskiptum.

30. gr.

Útgefendur verðbréfa skulu setja eigin reglur í því skyni að hindra að trúnaðarupplýsingar berist til annarra en þeirra sem þarfnast þeirra vegna starfa sinna.

Stjórnvöld og aðrir aðilar, sem fá reglulega trúnaðarupplýsingar í starfsemi sinni, skulu setja sér reglur skv. 1. mgr.

V. KAFLI
Eigið fé fjárfestingarfyrirtækja.

31. gr.

Eigið fé fjárfestingarfyrirtækis, eins og það er skilgreint skv. 2. mgr., skal á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar til 8% af áhættugrunni. Áhættugrunnur skal metinn með tilliti til heildareigna, liða utan efnahagsreiknings, gengisáhættu og áhættu annarra liða með markaðsáhættu samkvæmt nánari reglum um mat á áhættugrunni til útreiknings á eiginfjárhlutfalli fjárfestingarfyrirtækja sem Seðlabanki Íslands setur. Eiginfjárkrafan skv. 1. málsl. skal einnig gilda um samstæðureikning nema bankaeftirlitið heimili undanþágu frá því.

Við útreikning á eiginfjárhlutfalli skv. 1. mgr. skal eigið fé samsett af þremur þáttum, eiginfjárþætti A, eiginfjárþætti B og eiginfjárþætti C og frádráttarliðum skv. 32. gr. Eiginfjárþáttur A skal nema að lágmarki helmingi eigin fjár fyrir frádrátt skv. 32. gr. Heildarfjárhæð eiginfjárþáttar B má hæst nema 50% af eiginfjárþætti A.

Eiginfjárþáttur A telst vera:

1. Innborgað hlutafé.
2. Varasjóðir, yfirverðsreikningur hlutafjár og óráðstafað eigið fé að frádregnu tapi ársins.
3. Endurmatsreikningur samkvæmt verðbólgureikningsskilum.
4. Frá eiginfjárþætti A skal draga eigin hlutabréf, viðskiptavild og aðrar óáþreifanlegar eignir, svo og áfallnar ófærðar skattskuldbindingar sem rýra möguleika fjárfestingarfyrirtækisins til að mæta tapi.

Eiginfjárþáttur B telst vera:

1. Víkjandi lán sem fjárfestingarfyrirtæki tekur gegn útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en fimm ár og að við gjaldþrot hlutaðeigandi fjárfestingarfyrirtækis eða slit þess fáist það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur fyrirtækinu en endurgreiðslu hlutafjár. Þegar fimm ár eru eftir af lánstímanum skal lánið reiknast niður um 20% fyrir hvert ár sem líður af þessum fimm árum. Sé um að ræða lán sem greiðist niður með afborgunum á lánstímanum skal reikna eftirstöðvar hvers árs niður á sambærilegan hátt.
2. Endurmatsreikningar, aðrir en gert er ráð fyrir í eiginfjárþætti A.

Eiginfjárþáttur C telst vera víkjandi lán til skamms tíma sem fjárfestingarfyrirtæki tekur gegn útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en tvö ár og að við gjaldþrot hlutaðeigandi fjárfestingarfyrirtækis eða slit þess fáist það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur fyrirtækinu en endurgreiðslu hlutafjár. Jafnframt skal kveðið á um að óheimilt sé að greiða af láninu eða greiða af því vexti ef eiginfjárhlutfall hlutaðeigandi fjárfestingarfyrirtækis er lægra en 8% eða ef endurgreiðsla höfuðstóls eða greiðsla vaxta veldur því að eiginfjárhlutfallið fer niður fyrir 8%. Heildarfjárhæð eiginfjárþáttar C má hæst nema 50% af eiginfjárþætti A. Jafnframt má heildarfjárhæð eiginfjárþáttar C hæst nema 4,8% af sérstökum áhættugrunni fjárfestingarfyrirtækis vegna gengisáhættu og áhættu liða í veltubók samkvæmt nánari reglum um mat á áhættugrunni til útreiknings á eiginfjárhlutfalli fjárfestingarfyrirtækja sem bankaeftirlit Seðlabanka Íslands setur. Bankaeftirlitið getur heimilað fjárfestingarfyrirtæki að fara tímabundið yfir umrædd mörk að uppfylltum nánari skilyrðum. Við mat á eiginfjárþætti C getur bankaeftirlitið jafnframt heimilað einstökum fjárfestingarfyrirtækjum að tekið sé tillit til hagnaðar af veltubókarviðskiptum að frádreginni fyrirsjáanlegri gjaldfærslu eða arði og að frádregnu nettótapi af annarri starfsemi enda sé engin þessara fjárhæða meðtalin í eiginfjárþætti A.

Bankaeftirlitið getur veitt heimild til að flýta endurgreiðslu víkjandi lána æski lánveitandi þess enda hafi slíkt ekki áhrif á viðunandi eiginfjárstöðu hlutaðeigandi fjárfestingarfyrirtækis.

Þrátt fyrir ákvæði 1.–5. mgr. skal eigið fé fjárfestingarfyrirtækis aldrei nema lægri fjárhæð en sem svarar til 25% af föstum rekstrarkostnaði næstliðins reikningsárs. Bankaeftirlitið getur heimilað undanþágu frá þessari kröfu ef grundvallarbreyting hefur orðið á starfsemi félagsins milli ára. Á fyrsta starfsári fjárfestingarfyrirtækis skal eigið fé þess ekki nema lægri fjárhæð en sem svarar til 25% af föstum rekstrarkostnaði samkvæmt

rekstraráætlun starfsársins. Bankaeftirlitið getur krafist þess að gerð sé breyting á rekstraráætluninni ef það telur að hún gefi ekki rétta mynd af þeirri starfsemi sem fyrirhuguð er.

Fjárfestingarfyrirtæki skal á hverjum tíma hafa yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættum, þar með talinni vaxtaáhættu, í tengslum við öll viðskipti sín. Bankaeftirlitið getur sett leiðbeinandi reglur um eftirlitskerfi vegna áhættuþátta í starfsemi fjárfestingarfyrirtækja.

Ráðherra er heimilt að fengnum tillögum bankaeftirlitsins að ákveða í reglugerð að aðrir liðir en greindir eru í 3.–5. mgr. teljist með eigin fé fjárfestingarfyrirtækis.

32. gr.

Frá eigin fé skv. 2. mgr. 31. gr. skal draga bókfært virði á eignarhlutum fjárfestingarfyrirtækis í félögum og fyrirtækjum sem það kann að eignast með heimild í 23. gr. Jafnframt skal draga frá víkjandi lán sem fjárfestingarfyrirtæki hefur veitt slíkum félögum eða fyrirtækjum. Frádráttur skal vera í samræmi við eftirfarandi ákvæði í 1.–3. tölul.:

1. Eignarhlutur í félögum þar sem eignarhlutir hlutaðeigandi fjárfestingarfyrirtækis nema meira en 10% af hlutafé viðkomandi félaga. Enn fremur víkjandi lán hjá sömu félögum.
2. Eignarhlutur í félagi sem fjárfestingarfyrirtæki hefur eignast tímabundið vegna endurskipulagningar þess félags skal ekki dragast frá.
3. Eignarhlutur í félögum þar sem eignarhlutur fjárfestingarfyrirtækis nemur allt að 10% af hlutafé viðkomandi félaga. Frádrátturinn takmarkast við þá heildarfjárhæð eignarhluta og víkjandi lána sem er umfram 10% af eigin fé fjárfestingarfyrirtækis eins og það er reiknað skv. 2. mgr. 30. gr. fyrir frádrátt samkvæmt þessari grein.

VI. KAFLI
Ársreikningar og endurskoðun.

33. gr.

Stjórn og framkvæmdastjóri fjárfestingarfyrirtækis skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár í samræmi við ákvæði laga og samþykkta. Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar. Enn fremur skal semja skýrslu stjórnar. Ársreikningur og skýrsla stjórnar mynda eina heild. Reikningsár fyrirtækjanna er almanaksárið.

Ársreikningur skal undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra. Telji stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri að ekki skuli samþykkja ársreikning eða hefur mótbárur fram að færa gegn ársreikningi skal hann gera grein fyrir því í áritun sinni.

Framsetning ársreiknings skal vera með skýrum hætti og í samræmi við ákvæði laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim. Ársreikningur skal gefa glögga mynd af eignum, skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu fjárfestingarfyrirtækis.

Í skýrslu stjórnar skal koma fram yfirlit yfir starfsemi fjárfestingarfyrirtækis á árinu, svo og upplýsingar um atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu hlutaðeigandi fyrirtækis og afkomu þess á rekstrarárinu og ekki koma fram í ársreikningnum.

Bankaeftirliti Seðlabanka Íslands er heimilt að setja nánari reglur um gerð ársreikninga.

34. gr.

Endurskoðandi fyrirtækisins má ekki sitja í stjórn þess eða starfa að öðru leyti í þágu þess að öðru en að endurskoðun.

Skylt er að veita endurskoðanda aðgang að öllum eigum, bókum og fylgiskjölum og öðrum gögnum fjárfestingarfyrirtækis og jafnframt skulu stjórn og starfsmenn þess veita honum allar umbeðnar upplýsingar sem unnt er að láta í té.

35. gr.

Endurskoðandi skal árita ársreikning og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar. Hann skal gefa yfirlýsingu um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður og að hann hafi verið saminn í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykkta. Endurskoðandi skal láta í ljós álit sitt á ársreikningnum og greina frá niðurstöðum að öðru leyti.

Telji endurskoðandi að í ársreikningi séu ekki þær upplýsingar sem þar eiga að koma fram skal hann geta þess í áritun sinni og veita viðbótarupplýsingar ef þess er kostur. Ef skýrsla stjórnar hefur ekki að geyma þær upplýsingar sem ber að veita eða er ekki í samræmi við ársreikning skal endurskoðandi vekja athygli á því í áritun sinni. Að öðru leyti getur endurskoðandi greint frá þeim atriðum í áritun sinni sem hann telur eðlilegt að fram komi í ársreikningi.

Leiði endurskoðun í ljós verulega ágalla á rekstri fjárfestingarfyrirtækis eða atriði sem geta veikt fjárhagsstöðu þess skal endurskoðandi þegar gera stjórn fyrirtækisins viðvart, svo og bankaeftirlitinu, hafi hann ástæðu til að ætla að stjórnendur fyrirtækisins hafi ekki rækt upplýsingaskyldu sína í þessu sambandi.

36. gr.

Endurskoðaður ársreikningur fjárfestingarfyrirtækis ásamt skýrslu stjórnar skal senda bankaeftirlitinu innan tíu daga frá undirritun stjórnar og framkvæmdastjóra en eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs. Jafnframt er fjárfestingarfyrirtæki skylt að láta Seðlabanka Íslands í té þær upplýsingar sem hann þarf á að halda vegna hagskýrslugerðar, sbr. ákvæði laga um Seðlabanka Íslands.

37. gr.

Hafi stjórn eða framkvæmdastjóri fjárfestingarfyrirtækis ástæðu til að ætla að eigið fé þess sé undir því lágmarki sem kveðið er á um í 31. gr. ber þeim að tilkynna það bankaeftirlitinu. Sambærileg skylda hvílir á endurskoðanda hlutaðeigandi fyrirtækis hafi hann ástæðu til að ætla að stjórnendur þess hafi ekki rækt skyldu sína skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar.

Ef bankaeftirlitinu berst tilkynning skv. 1. mgr. eða telur af öðru tilefni ástæðu til að ætla að eigið fé fjárfestingarfyrirtækis sé undir því lágmarki sem kveðið er á um í 31. gr. skal það krefja stjórn fyrirtækisins þegar í stað um reikningsuppgjör sem henni ber að afhenda innan hæfilegs frests.

Komi fram í reikningsuppgjöri að hætti 2. mgr. að eigið fé fjárfestingarfyrirtækis fullnægi ekki ákvæðum 31. gr. skal stjórn þess án tafar boða til fundar hluthafa til ákvörðunar og afhenda síðan bankaeftirlitinu greinargerð þar sem fram kemur til hverra ráðstafana hún hyggst grípa af þessu tilefni. Skal bankaeftirlitið þegar afhenda ráðherra reikningsuppgjör endurskoðanda og greinargerð stjórnar fyrirtækisins ásamt umsögn sinni.

Þegar ráðherra hafa borist gögn skv. 3. mgr. er honum heimilt að veita hlutaðeigandi fjárfestingarfyrirtæki frest í allt að sex mánuði til þess að auka eigið fé að lágmarki skv. 31. gr. Séu til þess ríkar ástæður að mati ráðherra er honum heimilt að framlengja þennan frest í allt að sex mánuði til viðbótar. Ráðherra er heimilt að stytta áður ákveðinn frest eða fella hann niður ef sýnt þykir að viðleitni fjárfestingarfyrirtækisins til úrbóta muni ekki bera árangur.

38. gr.

Bankaeftirlitið getur látið framkvæma sérstaka endurskoðun hjá fjárfestingarfyrirtæki og ráðið til þess löggiltan endurskoðanda. Bankaeftirlitinu er heimilt að láta hlutaðeigandi fyrirtæki bera kostnaðinn af slíkri endurskoðun.

VII. KAFLI
Starfsemi innlendra fjárfestingarfyrirtækja erlendis.

39. gr.

Fjárfestingarfyrirtæki, sem hlotið hafa starfsleyfi viðskiptaráðherra skv. 3. gr. og hyggjast starfrækja útibú í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, skulu tilkynna það bankaeftirliti Seðlabanka Íslands. Tilkynningu skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:

1. í hvaða ríki fyrirhugað sé að stofna útibú,
2. lýsing á skipulagi útibúsins og fyrirhugaðri starfsemi,
3. heimilisfang útibúsins,
4. nöfn stjórnenda þess.

Eigi síðar en þremur mánuðum eftir að bankaeftirlitið hefur móttekið upplýsingar skv. 1. mgr. skal það senda staðfestingu til lögbærra yfirvalda gistiríkis á að fyrirhuguð starfsemi sé í samræmi við starfsleyfi fyrirtækisins. Jafnframt skal bankaeftirlitið senda lögbærum yfirvöldum gistiríkis nákvæmar upplýsingar um bótakerfi sem verndar viðskiptavini útibúsins. Hlutaðeigandi fyrirtæki skal samtímis tilkynnt að framangreindar upplýsingar hafi verið sendar.

Bankaeftirlitið getur hafnað beiðni um að senda upplýsingar skv. 2. mgr. telji það ástæðu til að efast um að stjórnunarleg uppbygging og fjárhagsstaða fjárfestingarfyrirtækis sé nægilega traust til að réttlæta stofnun útibús skv. 1. mgr. Fjárfestingarfyrirtæki skal tilkynnt afstaða bankaeftirlitsins svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en þremur mánuðum frá móttöku upplýsinga skv. 1. mgr.

Fjárfestingarfyrirtæki skal tilkynna bankaeftirlitinu og lögbærum yfirvöldum þess ríkis þar sem það starfrækir útibú um hverjar þær breytingar sem verða kunna á áður veittum upplýsingum skv. 1. mgr. eigi síðar en einum mánuði áður en fyrirhugaðar breytingar koma til framkvæmda.

40. gr.

Hyggist fjárfestingarfyrirtæki veita þjónustu samkvæmt lögum þessum í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, án þess að stofna þar útibú, skal tilkynna það bankaeftirlitinu. Í tilkynningu skal koma fram hvaða ríki eigi í hlut og í hverju fyrirhuguð starfsemi sé fólgin.

Eigi síðar en einum mánuði frá því að bankaeftirlitið hefur móttekið tilkynningu skv. 1. mgr. framsendir það upplýsingar til lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki ásamt staðfestingu á því að starfsleyfi fyrirtækisins heimili fyrirhugaða starfsemi.

Breytingar á áður tilkynntum atriðum samkvæmt þessari grein skulu tilkynntar bankaeftirlitinu og lögbærum yfirvöldum viðkomandi ríkis eigi síðar en einum mánuði áður en þær koma til framkvæmda.

41. gr.

Hyggist fjárfestingarfyrirtæki hefja starfsemi í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins skal það tilkynnt bankaeftirlitinu. Sé um að ræða stofnun útibús skulu fylgja tilkynningu upplýsingar skv. 1.–4. tölul. 1. mgr. 39. gr. Sé um að ræða fyrirhugaða starfsemi án stofnunar útibús skulu upplýsingar skv. 1. mgr. 40. gr. fylgja tilkynningu. Um málsmeðferð að öðru leyti fer skv. 2.–4. mgr. 39. gr. eða 2–3. mgr. 40. gr. eftir því sem við á.

Bankaeftirlitinu er heimilt að óska frekari upplýsinga samkvæmt þessari grein.

42. gr.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um starfsemi innlendra fjárfestingarfyrirtækja erlendis.

VIII. KAFLI
Starfsemi erlendra fjárfestingarfyrirtækja hér á landi.

43. gr.

Erlend fjárfestingarfyrirtæki, sem hafa staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, geta stofnsett útibú hér á landi tveimur mánuðum eftir að bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur fengið tilkynningu þess efnis frá lögbærum yfirvöldum í heimaríki fjárfestingarfyrirtækis. Útibúi er heimilt að stunda hverja þá starfsemi sem lög þessi taka til enda sé hún fyrirtækinu heimil í heimaríki þess.

Bankaeftirlitið aflar upplýsinga frá lögbærum yfirvöldum í heimaríki erlends fjárfestingarfyrirtækis um:

1. lýsingu á skipulagi fyrirtækisins og fyrirhugaðri starfsemi þess hér á landi,
2. staðfestingu á að fyrirhuguð starfsemi sé heimiluð í heimaríki,
3. heimilisfang útibúsins,
4. nöfn stjórnenda,
5. bótakerfi sem ætlað er að vernda viðskiptamenn útibúsins.

Verði breytingar á áður tilkynntum upplýsingum skv. 2. mgr. skal fjárfestingarfyrirtæki tilkynna þær til bankaeftirlitsins eigi síðar en einum mánuði áður en breytingarnar koma til framkvæmda.

Ákvæði laga um hlutafélög varðandi útibú erlendra hlutafélaga eiga ekki við um útibú skv. 1. mgr.

44. gr.

Erlendum fjárfestingarfyrirtækjum, sem hafa staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, er heimilt að veita þjónustu samkvæmt lögum þessum hér á landi án stofnunar útibús þegar bankaeftirlitið hefur fengið tilkynningu þar að lútandi frá lögbærum yfirvöldum í heimaríki fjárfestingarfyrirtækis. Heimildir til að veita þjónustu hér á landi samkvæmt þessu ákvæði verða þó aldrei víðtækari en starfsheimildir fyrirtækis í heimaríki þess.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um starfsemi fjárfestingarfyrirtækja sem um getur í 1. mgr.

45. gr.

Erlend fjárfestingarfyrirtæki geta notað sama heiti og notað er í heimaríki þess. Sé hætta á að villst verði á nöfnum innlendra og erlendra fjárfestingarfyrirtækja sem starfa hér á landi getur bankaeftirlitið farið fram á að nöfn hinna síðarnefndu verði auðkennd sérstaklega.

46. gr.

Ráðherra getur, að fenginni tillögu bankaeftirlitsins, heimilað fjárfestingarfyrirtæki með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins að opna útibú hér á landi eða veita þjónustu hér á landi án stofnunar útibús. Skilyrði fyrir veitingu slíks leyfis er að fyrirtækið hafi leyfi til að stunda hliðstæða starfsemi í heimaríki sínu við þá sem það hyggst stunda hér á landi, sbr. 8. og 9. gr., og að starfsemi þess í heimaríkinu sé háð eftirliti.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um starfsemi fjárfestingarfyrirtækja sem um getur í 1. mgr.

IX. KAFLI
Samruni fjárfestingarfyrirtækja.

47. gr.

Um samruna fjárfestingarfyrirtækja fer samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög eða einkahlutafélög, eftir því sem við á. Jafnframt skal liggja fyrir samþykki ráðherra að fenginni umsögn bankaeftirlitsins.

Starfi fjárfestingarfyrirtæki erlendis skal tilkynna lögbærum yfirvöldum hlutaðeigandi ríkis um samruna.

48. gr.

Við sérstakar aðstæður og að fengnu samþykki bankaeftirlits Seðlabanka Íslands er heimilt að við samruna tveggja eða fleiri fjárfestingarfyrirtækja verði eigið fé hins sameinaða fjárfestingarfyrirtækis lægra en kveðið er á um í 1. mgr. 1. tölul. 3. gr. Eigið fé má þó ekki lækka frá því sem það er við samruna. Fari eigið fé niður fyrir þá fjárhæð er bankaeftirlitinu heimilt að veita hlutaðeigandi fyrirtæki hæfilegan frest til úrbóta. Uppfylli fyrirtækið ekki skilyrði um eigið fé að þeim fresti liðnum skal starfsleyfi þess afturkallað skv. XI. kafla og því slitið skv. X. kafla.

X. KAFLI
Slit fjárfestingarfyrirtækja.

49. gr.

Um slit fjárfestingarfyrirtækja fer samkvæmt lögum um gjaldþrot o.fl. og lögum um hlutafélög eða einkahlutafélög, eftir því sem við á.

Slíta ber fjárfestingarfyrirtæki ef ráðherra synjar fyrirtækinu um frest skv. 4. mgr. 37. gr. eða frestur samkvæmt því ákvæði er á enda án þess að fyrirtækinu hafi tekist að auka eigið fé fram yfir það lágmark sem kveðið er á um í 31. gr.

Þegar skylt er að slíta fjárfestingarfyrirtæki skv. 1. mgr. skal ráðherra senda héraðsdómara á varnarþingi hlutaðeigandi fyrirtækis kröfu um að bú þess verði tekið til skipta. Þegar héraðsdómari hefur kannað hvort fullnægt sé skilyrðum fyrir kröfunni skal hann kveða upp úrskurð um hvort orðið skuli við henni.

Sé krafa skv. 3. mgr. tekin til greina skal farið með búið eftir fyrirmælum laga um skipti á dánarbúum o.fl. um meðferð dánarbús þar sem erfingjar taka ekki á sig ábyrgð á skuldbindingum hins látna að öðru leyti en því að hluthafar njóta ekki þeirrar stöðu sem erfingjar njóta við slík skipti fyrr en leitt er í ljós eftir lok kröfulýsingarfrests að eignir búsins muni hrökkva fyrir skuldum.

XI. KAFLI
Afturköllun starfsleyfa.

50. gr.

Ráðherra skal afturkalla starfsleyfi fjárfestingarfyrirtækis að fengnum tillögum bankaeftirlits Seðlabanka Íslands:

1. hafi leyfisveiting byggst á röngum skýrslum eða upplýsingum frá leyfishafa eða verið aflað með öðrum ólögmætum hætti,
2. uppfylli fjárfestingarfyrirtæki ekki ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. um hlutafé eða eigið fé eða skilyrði 1. mgr. 31. gr., enda hafi eigið fé ekki verið fært í lögmælt horf innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í 4. mgr. 37. gr.,
3. brjóti fjárfestingarfyrirtæki með alvarlegum hætti eða ítrekað gegn lögum þessum, reglum, samþykktum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim,
4. séu aðstæður með þeim hætti sem greinir í 2. mgr. 12. gr. um hæfi hluthafa eða 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. um hæfi stjórnarmanna fjárfestingarfyrirtækis,
5. hafi bú fjárfestingarfyrirtækis verið tekið til gjaldþrotaskipta eða fyrirtækinu slitið af öðrum ástæðum.

Áður en til afturköllunar kemur skv. 1. mgr. skal hlutaðeigandi fjárfestingarfyrirtæki veittur hæfilegur frestur til úrbóta sé þess kostur.

51. gr.

Standi yfir opinber rannsókn vegna meints brots fjárfestingarfyrirtækis á ákvæðum laga þessara, reglugerðum, reglum eða samþykktum er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum bankaeftirlitsins, að svipta hlutaðeigandi fyrirtæki starfsleyfi um stundarsakir. Skal þá ráðherra skipa fyrirtækinu umsjónaraðila til bráðabirgða sem gera skal ráðstafanir sem miða að því að tryggja hag viðskiptavina þess.

52. gr.

Afturköllun á starfsleyfi fjárfestingarfyrirtækis skal tilkynnt stjórn hlutaðeigandi fyrirtækis og rökstudd skriflega. Birta skal tilkynningu um afturköllun í Lögbirtingablaði og auglýsa hana í fjölmiðlum. Hafi fjárfestingarfyrirtæki starfað erlendis, sbr. ákvæði VII. kafla, skal afturköllun einnig tilkynnt lögbærum yfirvöldum í viðkomandi ríki.

Afturkalli ráðherra starfsleyfi fjárfestingarfyrirtækis endanlega skal fyrirtækinu slitið.

XII. KAFLI
Eftirlit.

53. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með starfsemi fjárfestingarfyrirtækja hér á landi, svo og starfsemi innlendra fjárfestingarfyrirtækja erlendis, nema annað leiði af lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Skal bankaeftirlitið eiga aðgang að öllum gögnum og upplýsingum hjá þessum aðilum sem, að þess mati, eru nauðsynleg

vegna eftirlitsins. Að öðru leyti gilda um eftirlitið ákvæði laga um Seðlabanka Íslands eftir því sem við getur átt. Telji bankaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa skal það eiga sambærilegan aðgang að upplýsingum og gögnum hjá viðkomandi aðilum.

Telji bankaeftirlitið að starfsemi fjárfestingarfyrirtækis brjóti gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða eða reglna settra samkvæmt þeim eða sé að öðru leyti óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust getur það veitt hlutaðeigandi hæfilegan frest til úrbóta nema brot séu alvarleg.

Hafi bankaeftirlitið rökstudda ástæðu til að ætla að brotið hafi verið gegn ákvæðum IV. kafla laga þessara skal því heimilt að krefja einstaklinga og lögaðila, þar á meðal opinberar stofnanir, um allar upplýsingar og gögn sem það telur nauðsynleg til rannsóknar málsins.

54. gr.

Við framkvæmd eftirlits með starfsemi erlendra fjárfestingarfyrirtækja hér á landi skal bankaeftirlitið hafa samráð við lögbær yfirvöld í heimaríki viðkomandi fjárfestingarfyrirtækis í samræmi við lög og alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.

XIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

55. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal halda sérstaka skrá yfir fjárfestingarfyrirtæki sem hlotið hafa starfsleyfi hér á landi svo og erlend fjárfestingarfyrirtæki sem starfa eða veita þjónustu hér á landi. Í skránni skulu koma fram nöfn stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og endurskoðenda fjárfestingarfyrirtækis. Jafnframt skulu koma fram upplýsingar um starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækis.

Bankaeftirlitinu er heimilt að kveða nánar á um upplýsingar sem veittar skulu samkvæmt 1. mgr. Breytingar á áður tilkynntum atriðum skulu þegar tilkynntar bankaeftirlitinu.

56. gr.

Eigendur, stjórnendur, framkvæmdastjórar, endurskoðendur og aðrir starfsmenn fjárfestingarfyrirtækja eru bundnir þagnarskyldu um öll viðskipti sem fyrirtækin annast eða hafa milligöngu um, svo og allt það er varðar hagi viðskiptamanna fyrirtækjanna og þeir öðlast vitneskju um í starfi sínu og leynt skal fara samkvæmt lögum eða eðli máls nema dómari úrskurði að skylt sé að veita upplýsingar fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

57. gr.

Kostnaður við birtingu tilkynninga samkvæmt lögum þessum skal greiddur af hlutaðeigandi fjárfestingarfyrirtæki.

58. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Honum er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þeirra með reglugerð, þar á meðal um viðurlög í formi dagsekta.

XIV. KAFLI
Viðurlög.
59. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða fangelsi allt að einu ári nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig er heimilt að gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda.

Brot gegn ákvæðum IV. kafla varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Jafnframt er heimilt að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur með broti gegn ákvæðum IV. kafla.

Tilraun til og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

XV. KAFLI
Gildistaka og brottfallin lög.
60. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1996. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 9/1993, um verðbréfaviðskipti.

Ákvæði til bráðabirgða.
I.

Starfandi verðbréfafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 9/1993 skulu tilkynna viðskiptaráðherra þegar við gildistöku laga þessara hvaða þjónustu skv. 8. gr. þau hyggist veita.

II.

Einstaklingar, sem hlotið hafa leyfi viðskiptaráðherra til verðbréfamiðlunar samkvæmt lögum nr. 9/1993 og stunda starfsemi samkvæmt því leyfi, skulu hafa aðlagað starfsemi sína að ákvæðum laga þessara eigi síðar en einu ári eftir gildistöku þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þann 11. mars 1994 skipaði viðskiptaráðherra fastan vinnuhóp vegna málefna verðbréfamarkaðarins og Evrópska efnahagssvæðisins sem ætlað er tvíþætt hlutverk. Annars vegar er honum ætlað að vera vettvangur fyrir ráðuneytið til að koma upplýsingum varðandi þróunina innan EES á framfæri við hagsmunaaðila og kynnast skoðunum þeirra og hins vegar að semja drög að frumvörpum eða reglugerðum þegar slíkt er nauðsynlegt vegna aðlögunar íslensks réttar að EES-rétti. Í vinnuhópinn voru skipaðir Páll Ásgrímsson, lögfræðingur í viðskiptaráðuneytinu, formaður, Björn Björnsson, framkvæmdastjóri Íslandsbanka hf., Eiríkur Guðnason, aðstoðarbankastjóri Seðlabanka Íslands, Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Sambands almennra lífeyrissjóða, og Gunnar Helgi Hálfdanarson, framkvæmdastjóri Landsbréfa hf. Páll Ásgrímsson lét af störfum í vinnuhópnum í byrjun maí 1994 og tók Gunnar Viðar, lögfræðingur í viðskiptaráðuneytinu, við formennsku vinnuhópsins. Þá tók Jóhann H. Albertsson, deildarstjóri í Seðlabanka Íslands, sæti Eiríks Guðnasonar í hópnum um miðjan maí 1994. Um það leyti var vinnuhópurinn einnig stækkaður og tók í honum sæti Pálmi Sigmarsson, framkvæmdastjóri Handsals hf. Gunnar Helgi Hálfdanarson lét af störfum í vinnuhópnum í byrjun ágúst 1994 en sæti hans tók Guðmundur Hauksson, framkvæmdastjóri Kaupþings hf. Í ársbyrjun 1995 lét Gunnar Viðar af störfum í starfshópnum. Í hans stað var Jóhann Albertsson skipað-

ur formaður hans auk þess sem Finnur Sveinbjörnsson, skrifstofustjóri í viðskiptaráðuneytinu, tók sæti þar. Þá tók Þórður S. Gunnarsson hrl. einnig sæti í vinnuhópnum. Ragnar Hafliðason, aðstoðarforstöðumaður bankaeftirlits Seðlabanka Íslands, og Sigurjón Geirsson, sérfræðingur í bankaeftirlitinu, voru starfshópnum til aðstoðar.

Löggjöf um verðbréfaviðskipti.

Fyrstu lög um verðbréfaviðskipti voru lög nr. 27/1986, um verðbréfamiðlun. Þau voru síðar felld úr gildi með lögum nr. 20/1989, um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði, sem voru mun ítarlegri en lögin frá 1986 og að ýmsu leyti í samræmi við löggjöf nágrannalanda á þessu sviði. Eftir að nokkur reynsla var komin á framkvæmd þeirra laga var talið nauðsynlegt að framkvæma á þeim ýmsar breytingar, en einnig vegna aðildar Íslands að samningi um Evrópska efnahagssvæðið. Voru þá samin núgildandi lög, nr. 9/1993, um verðbréfaviðskipti.

Frumvarp þetta er þáttur í aðlögun íslensks réttar að ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Með tilskipun ráðsins 93/6/EBE frá 15. mars 1993 um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana voru reglur um eigið fé fjárfestingarfyrirtækja samræmdar eiginfjárreglum lánastofnana og jafnframt aukið við eiginfjárreglur lánastofnana. Þessi tilskipun og tilskipun 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta voru hluti af „viðbótarpakka“ EES-samningsins sem sameiginlega EES-nefndin tók ákvörðun um 21. mars 1994. Ákvæði þeirra eiga að koma til framkvæmda á sama tíma, þ.e. eigi síðar en 31. desember 1995. Þó er vitað að í Danmörku og Englandi hyggjast stjórnvöld ekki láta þær taka gildi fyrr en 1. janúar 1996. Frumvarpinu er ætlað að lögfesta efnisreglur þessara tilskipana. Við samningu frumvarpsins, sem varð að lögum nr. 9/1993, um verðbréfaviðskipti, var höfð hliðsjón af drögum að fyrrgreindum tilskipunum. Engu að síður hefur komið í ljós að gera þarf svo miklar breytingar á lögum nr. 9/1993 til að uppfylla algerlega ákvæði þeirra að heppilegra var talið að semja frumvarp til nýrra laga á þessu sviði.

Samhliða þessu frumvarpi eru lögð fram frumvörp til laga um breytingu á lögum um verðbréfasjóði og lögum um Verðbréfaþing Íslands. Breytingar á þeim lögum eru nauðsynlegar til að samræmis sé gætt í löggjöf á verðbréfasviði en einnig reyndist nauðsynlegt að breyta nokkuð skilgreiningum laga um verðbréfasjóði og rýmka heimildir til aðildar að Verðbréfaþingi Íslands frá því sem er samkvæmt gildandi lögum um Verðbréfaþing Íslands.

Í nágrannalöndunum er einnig unnið að sambærilegum breytingum á löggjöf vegna fyrrgreindra tilskipana Evrópusambandsins um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta og um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana. Gildir það jafnt um þau lönd sem eru aðilar að Evrópusambandinu og hin sem eru aðilar að EFTA og Evrópska efnahagssvæðinu. Ekki hefur verið unnt að styðjast við þá vinnu við samningu þessa frumvarps nema að mjög takmörkuðu leyti þar sem endurskoðun laga á þessu sviði fer fram í öllum löndum á Evrópska efnahagssvæðinu á sama tíma og er mislangt komin. Hins vegar sóttu fulltrúar starfshópsins sérstakan fund á vegum EFTA þar sem báðar tilskipanirnar voru kynntar og tækifæri gafst til að leggja fram spurningar og fá svör um túlkun og framkvæmd einstakra álitaefna.

Meginefni frumvarpsins.

Við samningu frumvarpsins var að verulegu leyti stuðst við ákvæði núgildandi laga um verðbréfaviðskipti. Þó er aukið það miklu við lögin í tengslum við efnisákvæði í áðurnefndum tilskipunum Evrópusambandsins, sem nauðsynlegt er að lögfesta hér á landi, að talið var eðlilegt að lögin yrðu endurútgefin í heild eins og þegar hefur verið rakið. Skilgreiningum fjölgar samkvæmt frumvarpinu frá því sem nú er og hugtakanotkun breytist nokkuð. Þá eru lögfest ákvæði um aðila sem sérstaklega eru undanþegnir ákvæðum laganna en slík ákvæði er ekki að finna í gildandi löggjöf, sbr. I. kafla. Gert er ráð fyrir að verðbréfamiðlun verði einungis stunduð af hlutafélögum en ekki einstaklingum eins og nú er og samhliða því er skilyrðum fyrir veitingu starfsleyfa breytt nokkuð, sbr. II. kafla. Ákvæði III. kafla um réttindi og skyldur fjárfestingarfyrirtækja eru ítarlegri en samkvæmt gildandi lögum. Meðal annars er lögfest sérstakt ákvæði sem ætlað er að sporna gegn aðgerðum eða viðskiptaháttum í því skyni að hafa óhæfileg áhrif á viðskipti með verðbréf eða verðmyndun í slíkum viðskiptum, oft nefnt „market manipulation“ á ensku. Loks skal nefnt að gerðar eru eiginfjárkröfur til fyrirtækja sem frumvarpið tekur til en slíkar kröfur hafa ekki verið gerðar til verðbréfafyrirtækja samkvæmt gildandi lögum. Í frumvarpinu eru sérstök ákvæði um samruna fjárfestingarfyrirtækja og slit þeirra, sbr. IX. og X. kafla. Ákvæði um afturköllun starfsleyfa eru endurbætt frá gildandi lögum, sbr. XI. kafla. Þá er ákvæðum um eftirlit breytt nokkuð frá því sem tíðkast hefur, sbr. XII. kafla.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í I. kafla eru sett fram almenn ákvæði. Í kaflanum er gildissvið laganna afmarkað. Þá eru settar fram skilgreiningar á ýmsum hugtökum í kaflanum sem notuð eru í frumvarpinu. Er bæði um að ræða að skilgreiningum er breytt frá gildandi lögum, þær felldar brott og nýjar settar fram sem ekki er að finna í gildandi lögum um verðbréfaviðskipti.

Um 1. gr.

Ákvæði 1. mgr. er nýjung, en í núgildandi lögum er gildissvið ekki sérstaklega afmarkað með þeim hætti sem hér er gert. Lögin taka til verðbréfaviðskipta, eins og þau eru skilgreind í 1. tölul. 2. gr., sem stunduð eru af lögaðilum sem fengið hafa sérstakt leyfi til starfsemi sinnar. Kemur fram að verðbréfaviðskipti verða eingöngu stunduð af lögaðilum en ekki einstaklingum svo sem nú er. Nánar er gerð grein fyrir þessu atriði í umfjöllun um II. kafla frumvarpsins.

Í 2. mgr., sem einnig er nýjung, eru sérstaklega tilgreindir þeir aðilar sem lögin taka ekki til, þó með þeirri undantekningu að IV. kafli um meðferð trúnaðarupplýsinga tekur eðli máls samkvæmt einnig til þeirra sem hér eru taldir upp. Ákvæðið er í samræmi við ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta. Einstakir töluliðir 2. mgr. skýra sig flestir sjálfir að efni til. Þó skal bent á e-lið 7. tölul. sem undanþiggur fjárfestingarfélög með fastan höfuðstól sem gefa út verðbréf sem skráð eru eða ganga kaupum og sölum á skipulegum markaði innan Evrópska efnahagssvæðisins. Átt er við fjárfestingarfélög skv. 4. mgr. 15. gr. tilskipunar Evrópusambandsins 77/91/EBE. Samkvæmt þeirri tilskipun er átt við félög sem bjóða almenningi áskrift að eigin hlutabréfum og hafa það aðeins að markmiði að fjárfesta fé sitt í ýmsum hlutum og hlutabréfum, landi eða öðrum eignum í þeim tilgangi einum að dreifa fjárfestingaráhættu og veita hluthöfum sínum ágóða af umsýslu sinni með eignir þeirra.

Um 2. gr.

Í þessari grein koma fram skilgreiningar sem stuðst er við í einstökum ákvæðum frumvarpsins. Flestar skilgreiningarnar eru óbreyttar frá gildandi lögum en einstaka skilgreiningu er þó breytt auk þess sem nýjar líta dagsins ljós. Af þeim breytingum, sem lagðar eru til í frumvarpinu, leiðir m.a. að hugtakið verðbréfamiðlari fellur nú brott, enda er ekki gert ráð fyrir að einstaklingar geti starfað að verðbréfaviðskiptum samkvæmt frumvarpinu. Jafnframt er hugtakið verðbréfamiðlun fellt brott.

Hugtakið verðbréfaviðskipti er skilgreint í 1. tölul. en þá skilgeiningu er ekki að finna í núgildandi lögum. Er hér um að ræða hvers konar fjárfestingarþjónustu svo sem nánar er skilgreint í 8. og 9. gr. frumvarpsins. Fram kemur í skilgreiningunni að verðbréfaviðskipti verða einungis stunduð af fjárfestingarfyrirtækjum sem hlotið hafa starfsleyfi viðskiptaráðherra. Skilgreiningin tekur mið af innlendum fjárfestingarfyrirtækjum en undan eru skilin erlend fjárfestingarfyrirtæki sem hafa sömu heimildir til starfsemi hér á landi samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að, sbr. 1. gr. og ákvæði VIII. kafla frumvarpsins.

Í 2. tölul. er hugtakið fjárfestingarfyrirtæki skilgreint sem er nýjung í lögum. Er því ætlað að vera samheiti fyrir þær tvær tegundir fyrirtækja sem leyfi geta fengið til fjárfestingarstarfsemi hér á landi, þ.e. verðbréfafyrirtæki og verðbréfamiðlunarfyrirtæki. Verðbréfafyrirtæki er sú tegund fjárfestingarfyrirtækja sem hefur rýmri starfsheimildir, sbr. 8. gr. Er þar um að ræða sambærileg fyrirtæki við þau verðbréfafyrirtæki sem nú starfa á verðbréfamarkaði hér á landi. Geta þau veitt hvers konar þjónustu sem frumvarp þetta nær til. Hugtakið verðbréfamiðlunarfyrirtæki er hins vegar nýtt í löggjöf um verðbréfaviðskipti. Það eru fyrirtæki sem hafa mun takmarkaðri starfsheimildir, sbr. 9. gr. frumvarpsins. Er þeim ætlað að koma í stað þeirra einstaklinga sem nú starfa sem verðbréfamiðlarar og eru starfsheimildir verðbréfamiðlunarfyrirtækja þær sömu og sjálfstætt starfandi verðbréfamiðlarar hafa samkvæmt gildandi lögum.

Í 3. tölul. er að finna skilgreiningu á verðbréfum og er hún óbreytt frá núgildandi lögum.

Í 4. tölul. er skilgreining á hugtakinu fastur rekstrarkostnaður sem er ný í lögum um verðbréfaviðskipti. Hugtakið er tilkomið vegna ákvæða í tilskipun Evrópusambandsins um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana og er nauðsynlegt með tilliti til V. kafla frumvarpsins um eigið fé og eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja en þar er gert ráð fyrir að eigið fé fjárfestingarfyrirtækis sé aldrei lægra en 25% af föstum rekstrarkostnaði fjárfestingarfyrirtækja.

Hugtakið veltubók í 5. tölul. er einnig nýtt í lögum um verðbréfaviðskipti. Líkt og hugtakið fastur rekstrarkostnaður er þetta hugtak tilkomið vegna tilskipunar Evrópusambandsins um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana. Hugtakið kemur fyrir í V. kafla frumvarpsins um eigið fé fjárfestingarfyrirtækja og var því talið nauðsynlegt að skilgreining á því væri sett fram í frumvarpinu.

Í 6. tölul. er heimaríki skilgreint í tveimur stafliðum og er skilgreining á því í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta. Annars vegar er í a-lið fjallað um heimaríki lögaðila en það er ríki þar sem hann hefur skráða skrifstofu eða aðalskrifstofu ef ekki er gert ráð fyrir sérstakri skráningu á skrifstofu í lögum viðkomandi ríkis. Í b-lið er síðan sjónum beint að skipulegum markaði og er þar að finna efnislega sömu reglu og í a-lið.

Gistiríki er skilgreint í 7. tölul. en þar er um að ræða ríki þar sem fjárfestingarfyrirtæki, sem hlotið hefur leyfi hér á landi, setur upp útibú eða veitir þjónustu á annan hátt. Skilgreining þessi er ný í lögum um verðbréfaviðskipti.

Í 8. tölul. er hugtakið virkur eignarhluti skilgreint og er það einnig nýmæli í lögum um verðbréfaviðskipti. Hér er hins vegar um sömu skilgreiningu að ræða og kemur fyrir í 3. mgr. 10. gr. laga nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði. Ákvæði frumvarpsins um virkan eignarhluta eru sett með hliðsjón af ákvæðum tilskipunar Evrópusambandsins um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta.

Í 9. tölul. er skilgreint hugtakið skipulegur verðbréfamarkaður sem er nýjung í lögum hérlendis. Í núgildandi lögum er notað hugtakið opinber verðbréfamarkaður í 9. tölul. 1. gr. en einnig er í þeim lögum fjallað um annan skipulegan verðbréfamarkað, sbr. t.d. 5. gr. laganna. Hér er lagt til að skipulegur verðbréfamarkaður nái yfir þessi tvö hugtök, þ.e. annars vegar Verðbréfaþing Íslands og hliðstæðar kauphallir erlendis og hins vegar aðra verðbréfamarkaði, svokallaða, sbr. b-lið 7. tölul. frumvarpsins. Skilgreining á öðrum verðbréfamörkuðum breytist hins vegar ekki frá núgildandi lögum. Með c-lið eru síðan felldir undir hugtakið markaðir sem staðsettir eru utan Evrópska efnahagssvæðisins en hafa sömu stöðu í sínu heimaríki og þeir markaðir sem a- og b-liðir ná til. Er gert ráð fyrir að sama regla gildi um þá og í núgildandi lögum, sbr. lokamálslið 5. gr. laganna.

Hugtakið fjárvarsla í 10. tölul. er óbreytt frá gildandi lögum.

Skilgreining frumvarpsins á almennu útboði, sem fram kemur í 11. tölul., er nokkuð breytt frá því sem er samkvæmt gildandi lögum. Breytingin felst í því að hér er gert ráð fyrir að almennt útboð eigi einungis við um sölu nýrra verðbréfa, svonefnda frumsölu, í stað þess sem verið hefur, að öll verðbréf sem boðin hafa verið almenningi til kaups með opinberri auglýsingu eða annarri sambærilegri kynningu hafa verið talin almenn útboð. Reynslan hefur sýnt að núverandi framkvæmd og skilgreining hefur í fjölda tilvika reynst óþarflega íþyngjandi fyrir seljendur áður útgefinna verðbréfa auk þess sem deilt hefur verið um hvort hagsmunir verðbréfamarkaðarins í heild krefðust svo víðtækrar skilgreiningar á almennum útboðum. Hér er lagt til að megináherslan verði lögð á að þeir sem hyggist afla sér nýs fjármagns með sölu verðbréfa til almennings fullnægi tilteknum lágmarkskröfum um upplýsingar til almennings líkt og verið hefur. Nánar verði kveðið á um framkvæmd almennra útboða með reglugerð.

Skilgreining 12. tölul. á hugtakinu viðskiptavaki er óbreytt frá gildandi lögum.

Í 13. tölul. er fjallað um sölutryggingu en það hugtak er einnig að finna í núgildandi lögum. Sú breyting er lögð til í frumvarpinu að samningurinn geti einnig náð til annars aðila en útgefanda verðbréfa, enda getur verið að slíkur samningur sé gerður við eiganda verðbréfa sem ekki er útgefandi þeirra.

Um II. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um leyfi til verðbréfaviðskipta og kemur hann í stað II. og III. kafla núgildandi laga. Áður hefur þess verið getið að frumvarpið gerir ráð fyrir að verðbréfamiðlun verði ekki stunduð af einstaklingum. Ástæðu þessarar breytingar má rekja til þess að í tilskipun Evrópusambandsins um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta er að vísu gert ráð fyrir að einstaklingum verði mögulegt að starfa áfram. Skilyrðin, sem þarf að uppfylla í því sambandi, eru hins vegar þess háttar að erfitt er að sjá að slíkt sé mögulegt í framkvæmd. Þannig er þar gert ráð fyrir að ávallt verði tveir menn að taka ákvörðun um stefnu fyrirtækisins og skulu þeir vera jafnt settir innan þess.

Þessi regla kemur fram í 3. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar, en undantekningin frá reglunni er þannig orðuð að finna verði heppilegt fyrirkomulag sem tryggi að sami árangur náist, einkum að því er varðar ráðstafanir til að vernda fjárfesta ef einstaklingur hættir störfum vegna andláts, vanhæfni eða annarra sambærilegra ástæðna. Ekki verður í fljótu bragði séð hvernig unnt á að vera að ná sama árangri að þessu leyti ef um einstakling er að ræða. Öllu mikilvægara er þó að í tilskipun um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta og tilskipun um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana er gert ráð fyrir að einstaklingur þurfi að lúta sömu kröfum um eigið fé og hlutfall eigin fjár og fyrirtæki í sama rekstri. Í framkvæmd þyrfti að meta fjárhagsstöðu viðkomandi einstaklings í heild, en ekki bara þann hluta sem snýr að eiginlegum rekstri hans. Ljóst er að framkvæmd eftirlits yrði erfið ef málum væri svo háttað, sér í lagi ef verðbréfamiðlarar hæfu starfsemi erlendis samhliða verðbréfamiðlun hér á landi. Innan EES tíðkast almennt ekki að veita einstaklingum heimildir til að starfa sjálfstætt með þeim hætti sem gert er hér á landi. Á Norðurlöndum er gerð krafa um að stofnað sé fyrirtæki um rekstrinn og sama staða mun vera uppi í öðrum EES-ríkjum að undanskildu Bretlandi, Írlandi, Þýskalandi og Hollandi. Er hér lagt til að fylgt verði þeirri stefnu sem meiri hluti EES-ríkja hefur markað.

Um 3. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er fjárfestingarfyrirtækjum óheimilt að hefja starfsemi nema þau uppfylli skilyrði laganna og hafi fengið starfsleyfi viðskiptaráðherra. Skilyrði fyrir leyfisveitingu eru talin upp í málsgreininni.

Samkvæmt 1. mgr. 1. tölul. er gert ráð fyrir að fjárfestingarfyrirtæki séu hlutafélög. Þó er gerð sú undantekning að heimilt er að starfrækja verðbréfamiðlunarfyrirtæki sem einkahlutafélög þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 133. gr. laga um einkahlutafélög sem ætla má að tæki einnig til verðbréfamiðlunarfyrirtækja að óbreyttu. Þykir heppilegt að veita verðbréfamiðlunarfyrirtækjum kost á að nýta sér einkahlutafélagsformið enda gerir það sjálfstætt starfandi verðbréfamiðlurum hægara um vik að aðlaga starfsemi sína breyttri löggjöf. Þá ber einnig að hafa í huga að starfsemi verðbréfamiðlunarfyrirtækja eru þröngar skorður settar í frumvarpinu miðað við verðbréfafyrirtæki og er því talið fært að heimila starfrækslu fyrrnefndu fyrirtækjanna í formi einkahlutafélaga. Lágmarksfjárhæð hlutafjár er ákveðin 65 milljónir króna fyrir verðbréfafyrirtæki skv. 8. gr. frumvarpsins og er það hækkun frá gildandi lögum sem er til komin vegna lágmarkskrafna tilskipunar Evrópusambandsins um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta. Verðbréfamiðlunarfyrirtæki skv. 9. gr. frumvarpsins, sem leysa eiga verðbréfamiðlara samkvæmt núgildandi lögum af hólmi, eru hins vegar nýmæli. Fram til þessa hafa ekki verið gerðar sérstakar fjárhagskröfur til sjálfstætt starfandi verðbréfamiðlara. Lágmark hlutafjár í slíkum fjárfestingarfyrirtækjum er ákveðið verulega lægra eða 4,5 milljónir króna í samræmi við tilskipun um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta. Er það eðlilegt með tilliti til takmarkaðri starfsheimilda þessara fyrirtækja, sbr. 9. gr. frumvarpsins. Tekið skal fram að lágmarksfjárhæðir hlutafjár samkvæmt þessum tölulið miðast við það tímamark þegar starfsleyfi er veitt hlutaðeigandi fjárfestingarfyrirtæki. Loks er gert ráð fyrir þeim nýmælum í 1. mgr. 1. tölul. að fjárfestingarfyrirtæki sé óheimilt að hefja starfsemi fyrr en hlutafé hefur verið greitt að fullu í reiðufé og að allt hlutafé skuli vera greitt áður en fjárfestingarfyrirtæki er skráð í hlutafélagaskrá. Sambærilegt ákvæði er að finna í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði og þykir eðlilegt að það eigi einnig við um fjár-

festingarfyrirtæki. Hækkun hlutafjár í fjárfestingarfyrirtækjum skal ekki skráð fyrr en hlutafjárauki er að fullu greiddur.

Samkvæmt 2. mgr. 1. tölul. er fjárfestingarfyrirtækjum, sem eru starfandi við gildistöku laganna og með eigið fé undir lágmarki hlutafjár skv. 1. mgr. 1. tölul., heimilt að halda áfram starfsemi sinni enda þótt þau uppfylli ekki lágmarkskröfur um hlutafé skv. 1. mgr. 1. tölul. Eigið fé þessara fyrirtækja má þó aldrei verða lægra en það er við gildistöku laganna. Sambærilegt ákvæði er í gildandi lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Með hliðsjón af aðstæðum á verðbréfamarkaði hér á landi á ákvæðið fyrst og fremst við um verðbréfafyrirtæki sem eru starfandi við gildistöku laganna. Jafnframt leiðir af ákvæðum gildandi laga um verðbréfaviðskipti að eigið fé slíkra fyrirtækja getur aldrei farið undir 40 milljónir króna uppreiknað með tilliti til gengis evrópsku myntein-ingarinnar ECU frá gildistöku laga nr. 9/1993.

Með 3. mgr. 1. tölul. er ætlunin fyrst og fremst að koma í veg fyrir að nýir aðilar komist í þá aðstöðu að geta komist inn á sameiginlegan markað Evrópska efnahagssvæðisins með því að nýta sér undanþágu sem veitt er af sérstökum ástæðum án þess að þurfa að fullnægja þeim ströngu kröfum sem frumvarpið setur. Með yfirtöku er átt við að nýir aðilar eignist eða hafi ráðstöfunarrétt yfir svo stórum hlut í viðkomandi fjárfestingarfyrirtæki að það geri þeim kleift að ráða í raun stjórnun þess eða stefnu. Ákvæðið á ekki við um samruna skv. IX. kafla frumvarpsins. Sambærilegt ákvæði er að finna í gildandi lögum um viðskiptabanka og sparisjóði.

Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. verður fyrirtæki að hafa aðalskrifstofu sína hér á landi. Ákvæðið er í samræmi við tilskipun um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta og er ætlað að koma í veg fyrir að hér á landi séu stofnuð fyrirtæki sem einkum eða eingöngu hyggja á starfsemi í öðrum ríkjum. Með tilkomu sameiginlegs markaðar innan EES á sviði verðbréfaviðskipta er ákvæði sem þetta nauðsynlegt til að fyrirtæki afli sér leyfis í því ríki þar sem það hyggst hafa sína starfsemi. Ljóst er að einhver mismunur verður ávallt á framkvæmd milli einstakra ríkja við leyfisveitingar eða eftirlit með starfsemi fjárfestingarfyrirtækja. Einstökum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins er heimilt að gera strangari kröfur til þeirra fyrirtækja sem stofnuð eru í viðkomandi ríki en krafa er gerð um samkvæmt tilskipun um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta. Ákvæðið á þannig að koma í veg fyrir að fyrirtæki séu stofnuð í þeim ríkjum þar sem eftirlit er minna eða vægari kröfur gerðar í því skyni að komast inn á markað í ríki þar sem eftirlit er skilvirkara eða kröfur meiri.

Í 3. tölul. 1. mgr. er fjallað um fjölda stjórnarmanna og hæfi þeirra. Stjórnarmenn verðbréfafyrirtækja skulu vera þrír eins og í núgildandi lögum. Í verðbréfamiðlunarfyrirtækjum nægir að stjórnarmenn séu tveir. Í ákvæðinu eru sett fram ítarlegri almenn hæfisskilyrði en gert er samkvæmt gildandi lögum. Er ákvæðið efnislega í samræmi við hæfisskilyrði um stjórnarmenn hlutafélaga og einkahlutafélaga samkvæmt gildandi lögum. Þykir eðlilegt að samræmis sé gætt auk þess sem einnig verður að telja þau hæfisskilyrði sem hér eru sett fram eðlileg um stjórnendur fyrrtækja á fjármálamarkaði.

Samkvæmt 4. tölul. 1. mgr. er gerð sú krafa til framkvæmdastjóra að hann fullnægi sömu skilyrðum og nefnd eru í 2. málsl. 3. tölul. 1. mgr. Jafnframt er gert ráð fyrir að framkvæmdastjóri fjárfestingarfyrirtækis uppfylli kröfur um þekkingu á verðbréfaviðskiptum sem settar verða með reglugerð. Orðalagi er í þessu sambandi nokkuð breytt frá því sem er í gildandi lögum þar sem gert er ráð fyrir að framkvæmdastjóri verðbréfafyrirtækis hafi sótt námskeið og lokið prófi samkvæmt reglugerð. Orðalagsbreytingin er í sjálfu sér ekki vísbending um að slakað verði á kröfum til þessara aðila frá því sem nú

er heldur þótti heppilegt að auka svigrúm til breytingar á fyrirkomulagi með því að orðalag töluliðarins yrði almennara.

5. og 6. tölul. eru óbreyttir frá núgildandi lögum og þarfnast ekki skýringar.

Í 2. mgr. koma fram þau gögn sem eiga að fylgja umsókn um starfsleyfi. Er ákvæðið töluvert ítarlegra en í núgildandi lögum.

1. tölul. 2. mgr. er óbreyttur frá því sem kveðið er á um í núgildandi lögum.

Í 2. tölul. 2. mgr. er gerð krafa um að lögð verði fram starfsáætlun þar sem m.a. komi fram upplýsingar um eðli starfseminnar og skipulag fyrirtækisins. Er þetta í samræmi við kröfur tilskipunar um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta. Ákvæðið er eðlilegt með tilliti til þess að frumvarpið gerir ráð fyrir tveimur tegundum fjárfestingarfyrirtækja og einnig að verðbréfafyrirtæki geti, innan tiltekinna marka, ákveðið að stunda einungis hluta þeirrar starfsemi sem þeim er heimilt.

Samkvæmt 3. tölul. 2. mgr. ber að leggja fram upplýsingar um stofnendur fyrirtækisins, hluthafa og aðra þá sem hafa yfir að ráða virkum eignarhlut í fyrirtækinu og hversu stór hlutur hvers þeirra er. Upplýsingar um stærð hlutar á aðeins við um þá sem ráða yfir virkum eignarhlut, en ekki stofnendur. Ákvæðið er eðlilegt með tilliti til til að mynda ákvæða um virkan eignarhlut, sbr. 12.–14. gr. frumvarpsins.

Krafa 4. tölul. 2. mgr. um staðfestingu á fjárhæð innborgaðs hlutafjár er einnig til staðar í núgildandi lögum.

Samkvæmt 5. tölul. 2. mgr. er ráðherra heimilt að ákveða að frekari upplýsingar skuli lagðar fram. Samsvarandi heimild er í núgildandi lögum.

Í 3. mgr. er óbreytt ákvæði um að leita skuli umsagnar bankaeftirlits áður en ákvörðun er tekin um leyfisveitingu eða synjun umsóknar. Er ákvæðið að því leyti í samræmi við gildandi lög. Hins vegar gerir ákvæðið ráð fyrir þeirri nýjung að leita skuli umsagnar viðkomandi yfirvalda í öðrum ríkjum ef fyrirtækið, sem sótt er um leyfi fyrir, er tengt erlendu fjárfestingarfyrirtæki eða lánastofnun með þeim hætti sem lýst er í ákvæðinu. Ákvæðið er í samræmi við tilskipun um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta og er dæmi um samráð sem gert er ráð fyrir milli yfirvalda einstakra ríkja samkvæmt þeirri tilskipun og öðrum tilskipunum sem í gildi eru innan Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins.

Um 4. gr.

Ákvæði 1. mgr. er óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Ákvæði 1. tölul. 2. mgr. er óbreytt frá gildandi lögum. Hins vegar er 2. tölul. ákvæðisins nýmæli og í samræmi við sambærileg ákvæði í tilskipun um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta þar sem lögð er áhersla á að hluthafar, einkum þeir sem fara með virkan eignarhlut í fjárfestingarfyrirtækjum, séu þeim kostum búnir að tryggt sé að starfsemi fyrirtækjanna fari fram með eðlilegum hætti í samræmi við lög og reglur og hagsmuni verðbréfamarkaðarins almennt. Sambærileg ákvæði er að finna í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði.

Um 5. gr.

Ákvæði þessarar greinar er efnislega óbreytt frá gildandi lögum um verðbréfaviðskipti og þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Ákvæðið er nýmæli og er ekki að finna í gildandi lögum um verðbréfaviðskipti. Ákvæðið er í samræmi við tilskipun um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta. Skv. 1. mgr. er skýrt kveðið á um rétt fjárfestingarfyrirtækja til að hefja starfsemi jafnskjótt og starfsleyfi hefur verið veitt. Samkvæmt þessu væri t.d. óheimilt að fresta gildistöku starfsleyfis. Þá skal tekið fram í starfsleyfi til hvaða þjónustu skv. 8. gr. frumvarpsins leyfið taki. Í þessu felst að hugsanlegt er að verðbréfafyrirtæki ákveði að stunda eingöngu tiltekna þætti þeirrar starfsemi sem því er heimil samkvæmt frumvarpinu. Þetta á eingöngu við um verðbréfafyrirtæki samkvæmt orðalagi greinarinnar og jafnframt einungis um þá þætti sem falla undir 1. tölul. 8. gr. frumvarpsins en þar kemur fram sú þjónusta sem verðbréfafyrirtækjum er heimilt að veita. Loks er sérstaklega tekið fram að leyfi verði ekki veitt til að veita þjónustu skv. 3. tölul. 8. gr. eingöngu. Er það í samræmi við skýr ákvæði tilskipunar um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta.

Ákvæði 2. mgr. er í samræmi við heimild í tilskipun um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta. Starfsleyfi fellur sjálfkrafa niður í þeim tilvikum sem um getur í ákvæðinu og þarf ekki að koma til formlegrar afturköllunar starfsleyfis skv. XI. kafla frumvarpsins. Þykir eðlilegt að ákvæði af þessu tagi sé sett enda nauðsynlegt að á hverjum tíma sé tryggt að öruggar upplýsingar liggi fyrir um þá leyfishafa sem raunverulega starfa á verðbréfamarkaði. Jafnframt væri óeðlilegt að aðilar gætu geymt starfsleyfi ótímabundið og hafið síðar starfsemi á grundvelli þess, jafnvel þegar langt er um liðið frá leyfisveitingu og óvíst hvort leyfishafi uppfylli í raun kröfur sem þá eru gerðar til leyfishafa.

Um III. kafla.

Í kaflanum er fjallað um réttindi og skyldur fjárfestingarfyrirtækja að því er varðar samskipti þeirra við yfirvöld annars vegar og viðskiptavini sína hins vegar. Nokkur ákvæði kaflans fela í sér nýmæli í íslenskum lögum. Er kaflinn talsvert ítarlegri og skýrari um þessi efni en sambærilegur kafli núgildandi laga.

Um 7. gr.

Hér kemur fram sambærileg regla þeirri sem nú er í 10. gr. laga nr. 9/1993 um einkaheimild og jafnframt skyldu fjárfestingarfyrirtækja til að geta þess í firma sínu eða á annan hátt hvers konar fyrirtæki þar er um að ræða. Ákvæðið er afdráttarlausara um rétt og skyldu fjárfestingarfyrirtækja en ákvæði núgildandi laga. Því er ætlað að draga úr hættu á ruglingi milli fjárfestingarfyrirtækja og annarra fyrirtækja sem starfa kunna á fjármálamarkaði eða á öðrum sviðum. Þetta verður nú enn mikilvægara þar sem gert er ráð fyrir tveimur tegundum fjárfestingarfyrirtækja með mismunandi starfsheimildir og er mikilvægt að fram komi um hvora tegundina er að ræða, verðbréfafyrirtæki eða verðbréfamiðlunarfyrirtæki. Einnig er með ákvæðinu spornað gegn því að aðilar, sem ekki hafa starfsleyfi, villi á sér heimildir. Þrátt fyrir reglu 7. gr. frumvarpsins er hins vegar gert ráð fyrir að erlend fjárfestingarfyrirtæki geti notað sama heiti hér á landi og þau nota í heimaríki sínu, sbr. 45. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Hér koma fram starfsheimildir verðbréfafyrirtækja samkvæmt frumvarpinu. Framsetning er önnur og ítarlegri en í núgildandi lögum. Er hún í samræmi við framsetningu tilskipunar um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta. Starfsheimildir eru engu að síður í öllum meginatriðum sambærilegar við starfsheimildir verðbréfafyrirtækja samkvæmt gildandi lögum um verðbréfaviðskipti. Framsetning starfsheimilda er þríþætt skv. 8. gr. frumvarpsins. Í 1. tölul. er tiltekin sú þjónusta sem verðbréfafyrirtækjum er heimilt að veita. Í 2. tölul. er að finna þau skjöl sem þjónusta skv. 1. tölul. verður að tengjast. Er þar um að ræða verðbréf eins og þau eru skilgreind í 3. tölul. 2. gr. frumvarpsins sem tekur yfir þau skjöl sem um getur í þætti B í viðauka við tilskipun um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta. Þriðji þáttur í starfsheimildum verðbréfafyrirtækja kemur svo fram í 3. tölul. 8. gr. Þar er um að ræða svonefnda viðbótarþjónustu, tengda skjölum skv. 2. tölul. Í 1. og 2. tölul. 8. gr. er meginstarfssvið verðbréfafyrirtækja afmarkað. Verðbréfafyrirtæki geta ákveðið að veita einungis tiltekna þætti þeirrar þjónustu sem kveðið er á um í 1. tölul. og jafnvel með einungis tiltekin verðbréf skv. 2. tölul. Þá geta þau ákveðið að veita ekki þjónustu skv. 3. tölul. Hins vegar er verðbréfafyrirtækjum ekki heimilt að veita einungis þjónustu skv. 3. tölul. 8. gr. og starfsleyfi verður ekki veitt í slíkum tilvikum.

Um 9. gr.

Í 9. gr. koma fram starfsheimildir verðbréfamiðlunarfyrirtækja samkvæmt frumvarpinu. Verðbréfamiðlunarfyrirtækjum er ætlað að koma í stað einstaklinga sem hafa verðbréfamiðlunarleyfi samkvæmt gildandi lögum og frumvarpið gerir ekki ráð fyrir að einstaklingar geti stundað verðbréfaviðskipti. Starfsheimildir verðbréfamiðlunarfyrirtækja eru þær sömu og verðbréfamiðlurum eru veittar samkvæmt gildandi lögum eins og sést á orðalagi 1. málsl. 9. gr. frumvarpsins sem er það sama og í skilgreiningu hugtaksins verðbréfamiðlun samkvæmt gildandi lögum. Starfsheimildir verðbréfamiðlunarfyrirtækja, eins og þær eru settar fram hér, eru einnig í samræmi við ákvæði tilskipunar um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta um fyrirtæki af því tagi sem greinin gerir ráð fyrir. Í 2. málsl. 9. gr. er hins vegar skýrar kveðið á um það en gert er í gildandi lögum að ekki er til þess ætlast að verðbréfamiðlunarfyrirtæki taki fjármuni til vörslu nema um skamman tíma enda sé það nauðsynlegt til að ljúka viðskiptum sem verðbréfamiðlunarfyrirtæki annast milligöngu um.

Um 10. gr.

Ákvæðið er efnislega óbreytt frá gildandi lögum um verðbréfaviðskipti.

Um 11. gr.

Greinin er óbreytt frá samsvarandi ákvæði gildandi laga.

Um 12.–14. gr.

Í greinunum er fjallað sérstaklega um svonefndan virkan eignarhlut í fjárfestingarfyrirtækjum en virkur eignarhlutur er skilgreindur í 2. gr. frumvarpsins. Ákvæði frumvarpsins um virkan eignarhlut eru í samræmi við tilskipun um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta. Samsvarandi ákvæði er einnig að finna í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði en eðlilegt þykir að sömu reglur gildi um fjárfestingarfyrirtæki samkvæmt frumvarpinu.

Um 15. gr.

Ákvæðið er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 16. gr.

Ákvæði 1. mgr. er óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Ákvæði 2. mgr. er tilkomið vegna ákvæða í tilskipun um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta. Innan Evrópusambandsins er nú unnið að samræmdri tilskipun um vernd fjárfesta. Óvíst er hvenær þeirri vinnu verður lokið eða með hvaða hætti verður tekið á þessum atriðum í umræddri tilskipun. Engu að síður er gert ráð fyrir því í tilskipun um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta að einhvers konar bótakerfi kunni nú þegar að vera fyrir hendi innan einstakra ríkja Evrópusambandsins og er því gert ráð fyrir að fjárfestar séu upplýstir um tilvist þeirra. Hér á landi er fyrir hendi reglugerð um tryggingarskyldu verðbréfamiðlara og verðbréfafyrirtækja sem þetta ákvæði á við um og ber því að upplýsa viðskiptavini fjárfestingarfyrirtækja um tilvist og efni hennar. Nægilegt er að reglugerðin sé aðgengileg viðskiptamönnum á starfsstöð fyrirtækis og þeim bent á að hún sé til staðar.

Um 17. gr.

Ákvæði 17. gr. frumvarpsins er óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Ákvæðið er óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Ákvæðið er óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Í 1. mgr. er vikið að almennu útboði verðbréfa. Ákvæðinu er breytt lítillega frá sambærilegu ákvæði gildandi laga. Áfram er gert ráð fyrir þeirri meginreglu, sem gilt hefur, að almennt útboð fari fram fyrir milligöngu fjárfestingarfyrirtækja skv. 8. gr. frumvarpsins, þ.e. verðbréfafyrirtækja. Hins vegar er nú sérstaklega tekið fram að almennt útboð geti einnig farið fram fyrir milligöngu annarra aðila sem til þess hafi heimild í lögum. Er þessi breyting fyrst og fremst tilkomin vegna þeirra breytinga á starfsheimildum viðskiptabanka og sparisjóða sem orðið hafa með gildandi lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Einnig skal bent á að heimildir til að annast almennt útboð verðbréfa eru ekki bundnar við þá innlendu aðila sem um ræðir heldur hafa erlendir aðilar sem heimild hafa til að stunda starfsemi hér á landi samkvæmt frumvarpinu eða lögum um viðskiptabanka og sparisjóði einnig heimild til að annast almennt útboð hér á landi, enda sé þeim heimilt að annast slíka þjónustu í heimaríki sínu.

Ákvæði 2. og 3. mgr. eru óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

Ákvæðið er óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 22. gr.

Í 1. mgr. er óbreytt ákvæði frá gildandi lögum um heimildir fjárfestingarfyrirtækja til að veita lán og ganga í ábyrgðir að öðru leyti en því að ekki er lengur gert ráð fyrir að settar verði sérstakar verklagsreglur innan fjárfestingarfyrirtækisins um þessi efni sem staðfestar séu af bankaeftirlitinu. Krafa um slíkar verklagsreglur þykir ekki nauðsynleg lengur með tilliti til ákvæðis 2. mgr. 22. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 2. mgr. er nýmæli í löggjöf um verðbréfaviðskipti. Í tilskipun Evrópusambandsins um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana, sem á við um fjárfestingarfyrirtæki samkvæmt frumvarpi þessu, kemur fram að nauðsynlegt sé að samþykkja sameiginlegar reglur um eftirlit með stórum áhættum fjárfestingarfyrirtækja og er í því sambandi vísað til tilskipunar Evrópusambandsins 92/121/EBE um stórar áhættur. Ákvæði 2. mgr. þessarar greinar frumvarpsins eru sambærileg við ákvæði um þessi efni í gildandi lögum um viðskiptabanka og sparisjóði, enda þykir eðlilegt að samsvarandi reglur gildi um þessar stofnanir í þessu sambandi. Ákvæðið gerir ráð fyrir að settar verði sérstakar reglur um hámark lána og ábyrgða sem fjárfestingarfyrirtæki veita. Við setningu slíkra reglna verður tekið mið af sambærilegum reglum sem settar hafa verið á grundvelli laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

Um 23. gr.

Ákvæðið er óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 24. gr.

Ákvæðið er óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um IV. kafla.

Ákvæði frumvarpsins um meðferð trúnaðarupplýsinga, sem fram koma í IV. kafla þess, eru að mestu leyti óbreytt frá gildandi lögum. Orðalagi er breytt frá gildandi lögum í 1. mgr. 25. gr. frumvarpsins þar sem notað er hugtakið „skipulegur verðbréfamarkaður“ í stað hugtaksins „opinber verðbréfamarkaður“. Þá kemur nýtt ákvæði fram í 29. gr. frumvarpsins um það sem kallast á ensku „market manipulation“.

Um 25. gr.

Í 1. mgr. er gerð sú orðalagsbreyting frá gildandi lögum að í stað hugtaksins „opinber verðbréfamarkaður“ kemur hugtakið „skipulegur verðbréfamarkaður“. Er þessi breyting eðlileg með tilliti til sambærilegrar breytingar á hugtakanotkun sem fram kemur í 2. gr. frumvarpsins. Ekki er stefnt að efnislegri breytingu frá gildandi lögum með breytingunni.

Ákvæði 2. mgr. er óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 26.–28. gr.

Greinarnar eru óbreyttar frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 29. gr.

Greinin er nýmæli í íslenskri löggjöf á verðbréfasviði. Ákvæðinu er ætlað að sporna gegn því að reynt sé að hafa áhrif á viðskipti eða verðmyndun í viðskiptum með verðbréf. Slíkt hefur verið kallað á ensku „market manipulation". Almennt felst í því hugtaki að verðbréf eru keypt eða seld í því skyni að gefa villandi upplýsingar á verðbréfamarkaði um viðskipti með tiltekin verðbréf, hafa áhrif á verðmyndun verðbréfa og jafnvel leiða aðra til viðskipta með verðbréfin. Í slíkum tilvikum eiga viðskiptin með verðbréfin sér í raun enga stoð í aðstæðum á verðbréfamarkaði á þeim tíma. Þykir eðlilegt og nauðsynlegt að í lögum sé kveðið á um bann við viðskiptaháttum af þessu tagi.

Um 30. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um V. kafla.

Í kaflanum, sem er tvær greinar, er fjallað um eigið fé og eiginfjárhlutfall fjárfestingarfyrirtækja, hvaða liðir teljist til eigin fjár og um frádrátt frá eigin fé á eignarhlutum í öðrum félögum og víkjandi lánum til annarra félaga. Kaflinn er að mestu leyti efnislega samhljóða VI. kafla um laust fé og eigið fé í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði.

Um 31. gr.

Í gildandi lögum um verðbréfafyrirtæki er kveðið á um að innborgað hlutafé verðbréfafyrirtækis þegar það fær starfsleyfi skuli vera 40 milljónir króna og að eigið fé skuli aldrei nema lægri fjárhæð. Ekki eru gerðar sérstakar kröfur um eiginfjárhlutfall verðbréfafyrirtækis.

Sem fyrr segir tekur tilskipun ráðsins 93/6/EBE um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana til viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana hér á landi. Í samræmi við hana þarf að breyta ákvæðum laga um viðskiptabanka og sparisjóði og laga um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði og eru frumvörp þar að lútandi lögð fram á Alþingi samhliða þessu frumvarpi.

Í stuttu máli er megintilgangur tilskipunar 93/6/EBE sá að tryggja að eiginfjárhlutfall fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana endurspegli ýmiss konar áhættu sem sérhvert fyrirtæki tekur á sig vegna markaðsáhættu verðbréfa og gengisáhættu. Þá er í tilskipuninni kveðið á um lágmarksstofnfé fjárfestingarfyrirtækja. Einnig er þar að finna ákvæði er lúta að hámarki lána og ábyrgða til einstakra viðskiptavina eða fjárhagslega tengdra viðskiptavina og ákvæði er lúta að eftirliti á samstæðugrundvelli og koma þau til viðbótar ákvæðum sérstakra tilskipana um þessi atriði (tilskipanir ráðsins 92/121/EBE og 92/30/EBE).

Auk meginmáls eru sex viðaukar í tilskipun 93/6/EBE þar sem nánar er fjallað um mismunandi áhættu og þá eiginfjárkröfu sem gerð er í hverju tilviki:

I. viðauki: Stöðuáhætta.
II. viðauki: Uppgjörsáhætta og mótaðilaáhætta.
III. viðauki: Gengisáhætta.
IV. viðauki: Önnur áhætta.
V. viðauki: Eigið fé.
VI. viðauki: Stór áhætta.

Grundvallarhugmyndin í eiginfjárreglunum í tilskipuninni er að greint sé á milli áhættutegunda fyrir hverja einustu skuldbindingu í svokallaðri veltubók (í henni eru verðbréf sem keypt eru til að hagnast á markaðssveiflum) og eiginfjárkrafa reiknuð út fyrir sérhverja áhættutegund. Heildareiginfjárkrafa vegna sérhverrar skuldbindingar er svo fundin út með því að leggja saman eiginfjárkröfu vegna hverrar áhættutegundar. Rétt er að benda á að þær eiginfjárreglur lánastofnana, sem í gildi eru hér á landi og í öðrum iðnríkjum (Basle-reglurnar), endurspegla einungis þá áhættu sem felst í því hver útgefandi skuldbindingar er.

Orðalag þessarar greinar frumvarpsins er fengið úr 54. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði að teknu tilliti til þeirra breytinga sem lagðar eru til á þeirri grein í frumvarpi um breytingu á fyrrgreindum lögum sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi. Eins og þegar hefur komið fram munu í framtíðinni gilda nákvæmlega sömu reglur um eiginfjárhlutfall fjárfestingarfyrirtækja og viðskiptabanka og sparisjóða.

Mikilvægasta breytingin frá gildandi eiginfjárreglum lánastofnana er sú að fjárfestingarfyrirtækjum, viðskiptabönkum og sparisjóðum verður heimilt að telja nýjan lið, eiginfjárþátt C, til eigin fjár. Hér er um að ræða víkjandi lán sem tekin eru til minnst tveggja ára. Ýmis skilyrði gilda um þennan eiginfjárþátt og eru þau talin upp í ákvæðinu.

Varðandi eiginfjárþátt B er í 4. mgr. lagt til að kveðið verði á um að sé um að ræða víkjandi lán sem greiðist niður með afborgunum á lánstímanum skuli reikna hvern afborgunarhluta lánsins niður á sambærilegan hátt. Samkvæmt þessu ákvæði er gert ráð fyrir að t.d. afborgunarhluti, sem á fjögur ár eftir til gjalddaga, reiknist niður um 20% og afborgunarhluti, sem á eftir eitt ár til gjalddaga, reiknist niður um samtals 80% o.s.frv. Lán með jöfnum afborgunum, sem á fimm ár eftir til síðasta gjalddaga, mundi þannig reiknast niður um samtals 40%.

Ólíkt því sem gildir um viðskiptabanka, sparisjóði og aðrar lánastofnanir er sett það skilyrði í 7. mgr. að eigið fé fjárfestingarfyrirtækis megi aldrei nema lægri fjárhæð en sem svarar til 25% af föstum rekstrarkostnaði næstliðins reikningsárs. Er þetta í samræmi við ákvæði tilskipunar 93/6/EBE. Í 2. gr. frumvarpsins kemur fram að með föstum rekstrarkostnaði er átt við laun og launatengd gjöld, annan reglulegan kostnað af starfsmannahaldi, húsaleigu, lögboðnar vátryggingar, kostnað af bókhalds- og tölvuvinnslu, aðildargjöld að Verðbréfaþingi Íslands og afskriftir. Rétt er að vekja athygli á því að eigið fé fjárfestingarfyrirtækis má ekki fara undir þá fjárhæð sem hærri er af þessum tveimur: viðmiðunarfjárhæð innborgaðs hlutafjár skv. 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. (eða eigin fjár við gildistöku laganna ef fyrirtækið er starfandi þann dag) eða 25% af föstum rekstrarkostnaði. Auk þess verður eiginfjárhlutfall þess að vera hærra en 8%.

Um 32. gr.

Ákvæði greinarinnar samsvara ákvæðum 55. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Rétt er að vekja athygli á því að skv. 23. gr. frumvarpsins má fjárfestingarfyrirtæki því aðeins vera meðeigandi eða þátttakandi í annarri atvinnustarfsemi að slík þátttaka sé í eðlilegum tengslum við starfsemi fjárfestingarfyrirtækisins og hafi ekki áhrif á óhlutdrægni þess. Það er því frádráttur á eignarhlutum af því tagi og víkjandi lán til slíkra félaga sem kveðið er á um í þessari grein frumvarpsins.

Um VI. kafla.

Í kaflanum er fjallað um ársreikninga og endurskoðun fjárfestingarfyrirtækja. Um orðalag var að hluta tekið tillit til nýrra laga um ársreikninga. Ákvæði kaflans eru að mestu efnislega óbreytt frá ákvæðum gildandi laga um verðbréfaviðskipti. Þó er bætt við ákvæðum sem leiðir af ákvæðum frumvarpsins um eigið fé fjárfestingarfyrirtækja auk þess sem bankaeftirlitinu er veitt heimild til að láta framkvæma sérstaka endurskoðun hjá fjárfestingarfyrirtækjum.

Um 33. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 34. gr.

Ákvæðið er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að felldur er út áskilnaður um að endurskoðun skuli framkvæmd af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Er slíkur áskilnaður óþarfur í þessu ákvæði með hliðsjón af ákvæði 5. tölul. 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins.

Um 35.–36. gr.

Ákvæði þessi eru efnislega óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 37. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli í lögum um verðbréfaviðskipti. Sambærilegt ákvæði er að finna í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði og þykir eðlilegt að samsvarandi ákvæði gildi í verðbréfaviðskiptum.

Samkvæmt 1. mgr. er stjórn og framkvæmdastjóra fjárfestingarfyrirtækis lögð sú skylda á herðar að tilkynna bankaeftirlitinu hafi þessir aðilar ástæðu til að ætla að eigið fé fjárfestingarfyrirtækis sé undir lágmarki því sem kveðið er á um í 31. gr. frumvarpsins. Sambærileg skylda hvílir á endurskoðendum fjárfestingarfyrirtækja en hún verður þó aðeins virk hafi endurskoðendur ástæðu til að ætla að stjórnendur fjárfestingarfyrirtækis hafi ekki gegnt upplýsingaskyldu sinni.

Ákvæði 2.–4. mgr. mæla fyrir um viðbrögð og málsmeðferð bankaeftirlitsins og viðskiptaráðherra berist tilkynning skv. 1. mgr. Ákvæðin eru efnislega sambærileg samsvarandi ákvæðum laga um viðskiptabanka og sparisjóði og skýra sig sjálf.

Um 38. gr.

Ákvæðið er nýmæli í lögum um verðbréfaviðskipti en sams konar ákvæði er að finna í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði og þykir eðlilegt að sama regla gildi um fjárfestingarfyrirtæki. Nauðsynlegt getur verið í einstökum tilvikum að eftirlitsaðili hafi heimild til að láta framkvæma sérstaka endurskoðun hjá fyrirtækjunum og jafnframt að heimild sé til að láta fyrirtækið sjálft bera kostnað af slíkri endurskoðun. Heimild þessari yrði þó almennt ekki beitt nema sérstakar ástæður væru til þess.

Um VII. kafla.

Í kaflanum koma fram ákvæði um starfsemi íslenskra fjárfestingarfyrirtækja erlendis. Ákvæðin eru ítarlegri en ákvæði gildandi laga um verðbréfaviðskipti. Fram til gildistöku tilskipunar Evrópusambandsins um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta var ekki fyrir að fara samræmdum reglum um þessi efni innan Evrópska efna-

hagssvæðisins. Úr þessu hefur nú verið bætt og taka ákvæði þessa kafla mið af reglum þessarar tilskipunar. Ákvæði kaflans eiga sér hliðstæðu í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Einstakar greinar kaflans skýra sig sjálfar að efni til og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um VIII. kafla.

Í VIII. kafla er fjallað um heimildir erlendra fjárfestingarfyrirtækja til að starfa hér á landi. Ákvæði kaflans eru ítarlegri en ákvæði gildandi laga um sama efni. Þessi kafli frumvarpsins byggir á meginreglum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið um gagnkvæma viðurkenningu starfsleyfa og málsmeðferð í þeim tilvikum sem um ræðir. Einstök ákvæði kaflans skýra sig efnislega sjálf og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um IX. kafla.

Ákvæði IX. kafla eru nýmæli í lögum um verðbréfaviðskipti en sérstök ákvæði um samruna verðbréfafyrirtækja er ekki að finna í gildandi lögum. Almenna reglan um samruna er því óbreytt frá gildandi lögum, þ.e. að um hann fari samkvæmt lögum um hlutafélög. Rétt þótti engu að síður að hafa sérstakan kafla um þessi efni í frumvarpinu. Greinar IX. kafla skýra sig sjálfar að efni til og þarfnast ekki skýringa.

Um X. kafla.

Í X. kafla er fjallað um slit fjárfestingarfyrirtækja. Kaflinn er nýmæli í löggjöf um verðbréfaviðskipti. Einstök ákvæði kaflans skýra sig sjálf að efni til og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um XI. kafla.

Hér er fjallað um afturköllun starfsleyfa fjárfestingarfyrirtækja. Ákvæði kaflans eru í ýmsum atriðum samræmd tilskipun Evrópusambandsins um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta og nokkuð ítarlegri en ákvæði í sambærilegum kafla gildandi laga.

Um 50. gr.

Í 1. mgr. koma fram þau tilvik þar sem ráðherra er skylt að afturkalla starfsleyfi fjárfestingarfyrirtækja. Ákvæðið er ítarlegra en er samkvæmt núgildandi lögum og leiðir það af þeim auknu kröfum sem gerðar eru til fjárfestingarfyrirtækja í samræmi við tilskipanir Evrópusambandsins um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta og eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana. Á þetta við um 1., 2. og 4. tölul. ákvæðisins. 3. og 5. tölul. eru óbreyttir frá gildandi lögum. Þá er einnig gert ráð fyrir því nýmæli að til afturköllunar komi að fengnum tillögum bankaeftirlitsins. Það er því meginreglan að frumkvæði að afturköllun komi frá eftirlitsaðila sem telja verður eðlilegt þar sem ætla má að eftirlitsaðili sé best til þess fallinn að hafa yfirsýn yfir starfsemi og starfshætti fjárfestingarfyrirtækja á hverjum tíma. Með þessu fyrirkomulagi er einnig betur tryggt að fagleg sjónarmið ráði ferðinni í tilvikum sem þessum.

Ákvæði 2. mgr. skýrir sig sjálft en eðlilegt þykir að veita fjárfestingarfyrirtæki hæfilegan frest til úrbóta áður en gripið er til afturköllunar starfsleyfis. Frestur skal veittur sé þess kostur en eðli máls samkvæmt geta aðstæður fjárfestingarfyrirtækis verið með þeim hætti að ekki sé líklegt að frestur komi að haldi eða að til að mynda brot í starfsemi fjárfestingarfyrirtækisins séu það alvarlegs eðlis að óverjandi sé að veita frest samkvæmt ákvæðinu.

Um 51. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 52. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um XII. kafla.

Í kaflanum er fjallað um eftirlit með starfsemi fjárfestingarfyrirtækja. Efnistök eru nokkuð önnur en samkvæmt gildandi lögum og er með því ætlunin að kveða skýrar á um eftirlit með starfsemi sem frumvarpið tekur til en gert hefur verið, um það til hverra eftirlitið tekur. Er þetta nauðsynlegt með hliðsjón af tilskipun um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta og að fenginni reynslu við framkvæmd eftirlits.

Um 53. gr.

Í 1. mgr. kemur fram meginákvæði frumvarpsins um eftirlit bankaeftirlitsins með starfsemi samkvæmt frumvarpinu. Ákvæðið er nokkuð breytt frá sambærilegu ákvæði gildandi laga. Skv. 1. málsl. þess er bankaeftirlitinu skýrlega falið eftirlit með starfsemi fjárfestingarfyrirtækja hér á landi og skiptir þá ekki máli hvort um er að ræða innlend fjárfestingarfyrirtæki sem hlotið hafa starfsleyfi viðskiptaráðherra eða erlend fjárfestingarfyrirtæki sem starfa hér á landi. Frá þessu er þó gerð sú undantekning að annað kunni að leiða af lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Er sú undantekning eðlileg og nauðsynleg m.a. með tilliti til tilskipana innan Evrópusambandsins og þess að í einstökum tilskipunum, þar á meðal tilskipun um fjárfestingarþjónustu, er gengið út frá tiltekinni verkaskiptingu milli heimaríkis og gistiríkis við framkvæmd eftirlits og heimildum yfirvalda gistiríkis til að krefjast upplýsinga af fjárfestingarfyrirtækjum, enda þótt almenna reglan sé sú að heimaríki sé falið eftirlit með fjárfestingarfyrirtækjum frá viðkomandi ríki.

Þá skal sérstaklega bent á lokamálslið 1. mgr. sem er nýmæli. Þar er kveðið beint á um heimildir bankaeftirlitsins gagnvart aðilum sem ekki teljast fjárfestingarfyrirtæki í skilningi frumvarpsins en ástæða er talin til að ætla að stundi starfsemi sem frumvarpið tekur til, án tilskilinna leyfa. Þykir eðlilegt og nauðsynlegt, m.a. að fenginni reynslu, að kveða með skýrum hætti á um heimildir bankaeftirlitsins í þessum tilvikum.

Ákvæði 2. og 3. mgr. eru óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 54. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli í löggjöf um verðbréfaviðskipti og kemur til viðbótar ákvæðum laga um Seðlabanka Íslands og reglugerðar fyrir Seðlabanka Íslands um upplýsingaskipti. Ákvæðið er í samræmi við ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta sem mæla fyrir um samráð eftirlitsaðila ríkja, t.d. varðandi leyfisveitingar, eftirlit og aðgerðir vegna meintra brota gegn gildandi reglum á þessu sviði. Þótti eðlilegt að styrkja heimildir bankaeftirlitsins í þessu sambandi með því að kveða beint á um þessi efni í frumvarpinu til viðbótar ákvæðum laga og reglugerðar um Seðlabanka Íslands sem áður er vitnað til.

Um XIII. kafla.

Almenn ákvæði um efnisatriði XIII. kafla er nú að finna í X. kafla laga nr. 9/1993. Ákvæði XIII. kafla frumvarpsins eru mun ítarlegri en samkvæmt gildandi lögum að því er varðar starfsemi innlendra fjárfestingarfyrirtækja erlendis og erlendra fjárfestingarfyrirtækja hér á landi, sbr. VII. og VIII. kafla frumvarpsins.

Um 55. gr.

Ákvæðið er nýmæli og gerir ráð fyrir að bankaeftirlitið haldi sérstaka skrá yfir fjárfestingarfyrirtæki með sambærilegum hætti og nú er gert um verðbréfasjóði. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um 56. gr.

Í þessari grein er að finna almennt ákvæði um þagnarskyldu, sambærilegt við það sem kveðið er á um í gildandi lögum. Ákvæði frumvarpsins eru þó nákvæmar orðuð en verið hefur til þessa. Þannig er nú sérstaklega kveðið á um þagnarskyldu eigenda fjárfestingarfyrirtækja og endurskoðenda þeirra sem ekki er gert í gildandi lögum. Þótti eðlilegt að þessara aðila væri sérstaklega getið enda augljóst að aðstaða þeirra, einkum eigenda fjárfestingarfyrirtækja, er slík að þeir hafa aðgang að upplýsingum sem þagnarskylda gildir um samkvæmt almennum reglum. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um 57. gr.

Ákvæðið er óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 58. gr.

Ákvæðið er óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um XIV. kafla.

Mælt er fyrir um viðurlög við brotum gegn lögunum í XIV. kafla frumvarpsins, 59. gr. Kaflinn er óbreyttur frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um XV. kafla.

Í þessum kafla er mælt fyrir um gildistöku laganna. Gert er ráð fyrir að lögin taki gildi 1. janúar 1996. Er það í samræmi við ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta en samkvæmt henni skyldu aðildarríki Evrópusambandsins hafa lögtekið efni hennar eigi síðar en 1. júlí 1995 og taki lögin gildi eigi síðar en 31. desember 1995. Að öðru leyti þarfnast ákvæði kaflans ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Hér er mælt fyrir um að starfandi verðbréfafyrirtæki við gildistöku laganna tilkynni viðskiptaráðherra hvaða þjónustu sem þeim er heimilt að veita skv. 8. gr. frumvarpsins þau hyggist veita. Ákvæðið er eðlilegt með hliðsjón af 2. tölul. 2. mgr. 3. gr. og 6. gr. frumvarpsins.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Ákvæði þetta veitir einstaklingum, sem hlotið hafa leyfi viðskiptaráðherra til verðbréfamiðlunar samkvæmt eldri lögum, aðlögunarfrest að breyttri löggjöf. Aðlögunarfrestur samkvæmt ákvæðinu er bundinn við þá sem stundað hafa starfsemi á grundvelli slíks leyfis. Sjálfstætt starfandi verðbréfamiðlarar sem hyggjast nýta sér aðlögunarfrest samkvæmt ákvæðinu verða því að sýna fram á að þeir hafi sannanlega starfað á grundvelli verðbréfamiðlunarleyfis fyrir gildistöku laganna. Að öðrum kosti geta þeir ekki nýtt sér frest samkvæmt ákvæðinu. Aðlögunarfrestur samkvæmt ákvæðinu á sér stoð í tilskipun um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um verðbréfaviðskipti.

Frumvarp þetta er þáttur í aðlögun íslensks réttar að ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Er það lagt fram samhliða fjórum öðrum frumvörpum um peningastofnanir og verðbréfaviðskipti. Verði það að lögum falla lög nr. 9/1993, um verðbréfaviðskipti, úr gildi. Að stofni til eru nýju lögin því ekki ólík gildandi lögum, en heppilegra þótti að setja þau fram upp á nýtt en sem röð breytinga á gildandi löggjöf.

Í frumvarpinu eru ýmsar nýjungar í samræmi við þróun löggjafar á Evrópska efnahagssvæðinu, auk þess sem nokkrum ákvæðum er breytt á grundvelli reynslunnar af lögunum um verðbréfaviðskipti frá 1993. Ekki verður séð að nein af þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu geti valdið beinum viðbótarkostnaði fyrir ríkissjóð. Hins vegar er eftirlitsskylda bankaeftirlitsins gerð skýrari (sjá m.a. 53. gr. frumvarpsins) og má ætla að með tímanum þurfi starfsemi bankaeftirlitsins að aukast vegna starfsemi verðbréfamarkaðarins.

103. Frumvarp til laga [98. mál]

um breytingu á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna hljóðar svo:

Verðbréfasjóður verður eingöngu stofnaður sem hlutafélag.

2. gr.

Í stað 2. og 3. mgr. 11. gr. laganna kemur ný málsgrein sem hljóðar svo:

Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi. Þeir skulu vera lögráða, hafa óflekkað mannorð, vera fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld. Ríkisborgarar þeirra ríkja, sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eru undanþegnir búsetuskilyrðinu, enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki. Ráðherra er heimilt að veita þeim sem búsettir eru í öðrum ríkjum sömu undanþágu.

3. gr.

2. málsl. 1. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Rekstrarfélag verður eingöngu stofnað sem hlutafélag og skal hafa aðsetur hér á landi.

4. gr.

1. málsl. 13. gr. laganna orðast svo: Daglegur stjórnandi rekstrarfélags skal uppfylla sömu skilyrði og framkvæmdastjóri fjárfestingarfyrirtækis samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti.

5. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein er hljóðar svo:

Vörslufyrirtæki ber ábyrgð gagnvart rekstrarfélagi og eigendum hlutdeildarskírteina vegna tjóns sem þeir kunna að verða fyrir og rekja má til ásetnings eða gáleysis starfsmanna vörslufyrirtækis við framkvæmd verkefna þess skv. 1. mgr.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðast svo: Gefa skal út verðbréf í formi hlutdeildarskírteina til þeirra sem fá verðbréfasjóði fjármuni til ávöxtunar og óska eftir því.
b. Við bætist ný málsgrein er hljóðar svo:
   Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða eru undanþegin stimpilgjöldum.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Verðbréfasjóði, eða einstökum deildum hans, er eingöngu heimilt að fjárfesta með eftirfarandi hætti:
   1. Í framseljanlegum verðbréfum sem skráð hafa verið á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfaviðskipti.
   2. Í nýútgefnum, framseljanlegum verðbréfum, enda sé í skilmálum vegna útgáfu þeirra skuldbinding um að sótt verði um skráningu verðbréfanna á skipulegum verðbréfamarkaði skv. 1. tölul. Skráning verðbréfa samkvæmt þessu ákvæði skal fara fram eigi síðar en einu ári frá útgáfu þeirra.
b. Ný málsgrein bætist við, svohljóðandi:
   Verðbréfasjóði er óheimilt að selja verðbréf sem ekki eru í eigu hans á þeim tíma sem sala þeirra fer fram.

8. gr.

1. mgr. 23. gr. laganna orðast svo:

Verðbréfasjóði eða einstökum deildum hans er óheimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða en þeirra sem uppfylla skilyrði laga þessara. Fjárfesting verðbréfasjóðs í öðrum verðbréfasjóðum má þó ekki fara yfir 5% af eignum hans eða einstakra deilda hans.

9. gr.

1. mgr. 26. gr. laganna orðast svo:

Verðbréfasjóði er óheimilt að fjárfesta í fasteignum eða lausafé.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Verðbréfasjóði er óheimilt að taka önnur lán en skammtímalán til að standa straum af innlausn hlutdeildarskírteina. Slík lán mega ekki nema meiru en sem svarar 10% af eignum sjóðsins eða einstakra deilda innan hans.

b. 2. mgr. fellur brott.

11. gr.

Á eftir 37. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist númeraröð annarra greina samkvæmt því:

Rekstrarfélag skal gefa út útboðslýsingu fyrir hvern verðbréfasjóð sem það annast rekstur á samkvæmt lögum þessum. Í útboðslýsingu skulu koma fram nauðsynlegar upplýsingar til að viðskiptavinum sé kleift að meta kosti fjárfestinga í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóðs.

Nánar skal kveðið á um útboðslýsingar verðbréfasjóða skv. 1. mgr. í reglum sem bankaeftirlitið setur.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með þátttöku sinni í Evrópska efnahagssvæðinu (EES) skuldbatt Ísland sig til að lögtaka meginefni ýmissa tilskipana Evrópusambandsins (ESB) á sviði fjármálaþjónustu. Með setningu laga nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, var löggjöf um starfsemi verðbréfasjóða samræmd gildandi reglum um verðbréfasjóði innan Evrópusambandsins, sbr. tilskipun Evrópusambandsins um verðbréfasjóði (85/611/EBE).

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur í samvinnu við viðskiptaráðuneytið og bankaeftirlit Seðlabanka Íslands yfirfarið lög nr. 10/1993 í því skyni að ganga úr skugga um að fullnægjandi samræming hafi náðst milli innlendrar löggjafar um verðbréfasjóði og fyrrnefndrar tilskipunar Evrópusambandsins um verðbréfasjóði. Athugun ESA leiddi í ljós að íslensk löggjöf um verðbréfasjóði telst í öllum helstu atriðum nægilega samræmd tilskipuninni. Hins vegar komu jafnframt í ljós einstök atriði sem skildu á milli. Settu fulltrúar ESA fram sjónarmið stofnunarinnar um þau atriði sem þeir töldu nauðsynlegt að bæta við eða breyta í gildandi lögum til að fullkominni samræmingu yrði náð. Bréf ESA

um þetta efni frá 11. nóvember 1994 er birt sem fylgiskjal I með frumvarpinu. Athugasemdir og ábendingar stofnunarinnar hafa verið yfirfarnar af hálfu viðskiptaráðuneytis og bankaeftirlits. Nokkrar þeirra eru þess eðlis að ekki er talin ástæða til breytinga á gildandi lögum. Aðrar eru hins vegar taldar eiga við rök að styðjast og að nauðsynlegt sé að taka tillit til þeirra með breytingum á lögum um verðbréfasjóði. Svar viðskiptaráðuneytisins við bréfi ESA er birt sem fylgiskjal II með frumvarpinu.

Auk framangreinds hefur vinnuhópur á vegum viðskiptaráðuneytis nú um nokkurt skeið unnið að athugun á nauðsynlegum breytingum á gildandi lögum um verðbréfaviðskipti vegna gildistöku tilskipunar um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta frá 10. maí 1993 innan EES-svæðisins (93/22/EBE). Að nokkru hefur verið tekið tillit til væntanlegra breytinga á skilgreiningum laga nr. 9/1993 í þessu frumvarpi. Er það nauðsynlegt vegna innbyrðis samræmis í löggjöf á verðbréfamarkaði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Breyting sú, sem hér er lögð til, felur fyrst og fremst í sér samræmingu við nýleg lög um hlutafélög og einkahlutafélög í því skyni að taka af vafa um félagsform verðbréfasjóða. Skv. 1. mgr. 133. gr. laga um einkahlutafélög ber í eldri lögum að líta svo á að tilgreining hlutafélaga feli einnig í sér einkahlutafélög. Þá er sérstaklega tekið fram í 2. mgr. sama ákvæðis að tiltekin starfsemi verði ekki rekin í formi einkahlutafélags. Þar er verðbréfasjóða ekki getið enda þótt telji verði eðlilegt að svo hefði verið gert. Þá leiðir sú breyting, sem hér er lögð til, af sér að felld er niður heimild til að stofna verðbréfasjóð í öðru félagsformi en sem hlutafélag.

Um 2. gr.

Sú breyting, sem hér er lögð til, er til samræmis við ákvæði gildandi laga um hlutafélög og einkahlutafélög auk þess sem sambærileg framsetning er ráðgerð í lögum um vátryggingastarfsemi. Þykir eðlilegt að slíks samræmis sé gætt í löggjöf um fjármagnsmarkað.

Um 3. gr.

Um skýringar við þetta ákvæði vísast til þess sem segir í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Í gildandi lögum um verðbréfasjóði er gert ráð fyrir að framkvæmdastjóri rekstrarfélags hafi leyfi til verðbréfamiðlunar. Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti er lagt til að horfið verði frá því að hér á landi starfi bæði verðbréfamiðlarar og verðbréfafyrirtæki en þess í stað gert ráð fyrir tvenns konar fjárfestingarfyrirtækjum, þ.e. verðbréfamiðlunarfyrirtækjum og verðbréfafyrirtækjum. Verði þessi tillaga að lögum munu einstaklingsbundin leyfi til verðbréfamiðlunar heyra sögunni til. Til að gæta samræmis er lagt til að framkvæmdastjóri rekstrarfélags verðbréfasjóðs verði að uppfylla sömu skilyrði og framkvæmdastjóri fjárfestingarfyrirtækis. Í 3. gr. fyrrgreinds frumvarps kemur fram að framkvæmdastjórar þurfa að vera búsettir hér á landi, vera lögráða og hafa óflekkað mannorð. Þá skal menntun þeirra eða starfsreynsla og starfsferill vera með þeim hætti að tryggt sé að þeir geti gegnt stöðu sinni á forsvaranlegan hátt.

Einnig verða þeir að uppfylla kröfur um þekkingu á verðbréfaviðskiptum samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur.

Um 5. gr.

Ákvæði þetta er tilkomið til samræmis við tilskipun Evrópusambandsins um verðbréfasjóði (85/611/EBE) og í framhaldi af ábendingum ESA. Að mati ESA er nauðsynlegt að kveðið sé á um ábyrgð vörslufyrirtækja með beinum hætti í lögum nema unnt sé að sýna fram á ótvíræða dómaframkvæmd í þessu sambandi. Eðli máls samkvæmt er ekki um dómaframkvæmd að ræða í þessum efnum hér á landi enn sem komið er og því var talið rétt að mæla fyrir um ábyrgð vörslufyrirtækja eins og hér er lagt til.

Um 6. gr.

Lagt er til að sú breyting verði á 1. mgr. 16. gr. laganna að einungis sé skylt að gefa út hlutdeildarskírteini til þeirra viðskiptavina verðbréfasjóða sem þess óska. Með þessu er möguleiki að auka hagræðingu í starfsemi verðbréfasjóða, enda er gert ráð fyrir því að í stað hlutdeildarskírteina fái viðskiptavinir kvittanir fyrir keyptum hlutdeildarskírteinum óski þeir ekki eftir formlegum hlutdeildarskírteinum. Viðskiptavinir geta hins vegar hvenær sem er óskað eftir að skírteini séu gefin út þeim til handa. Þessi háttur er almennt hafður á við kaup á hlutdeildarskírteinum erlendra verðbréfasjóða og er því verið að samræma framkvæmd að vissu leyti. Þessi háttur yrði væntanlega einnig hafður á komi til pappírslausra verðbréfaviðskipta hér á landi.

Lagt er til að við 16. gr. bætist ný málsgrein þess efnis að hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða verði undanþegin stimpilgjöldum. Víðast hvar erlendis hafa stimpilgjöld verið felld niður á peningamarkaði. Með því að leggja til niðurfellingu stimpilgjalda á hlutdeildarskírteinum er því stefnt að því að jafna samkeppnisstöðu innlendra verðbréfasjóða gagnvart erlendum verðbréfasjóðum sem heimilt er að markaðssetja sig hér á landi. Þá má einnig benda á að stimpilgjöld af hlutdeildarskírteinum kunna að vissu leyti að fela í sér tvísköttun þar sem ýmsar eignir verðbréfasjóða eru stimpilgjaldsskyldar. Auk þess kann stimpilgjaldsskylda hlutdeildarskírteina að vera óþarflega íþyngjandi fyrir viðskiptamenn verðbréfasjóða.

Um 7. gr.

Samkvæmt gildandi lögum um verðbréfasjóði er meginreglan sú að sjóðirnir skuli fjárfesta í verðbréfum sem skráð eru á „opinberum verðbréfamarkaði eða ganga kaupum og sölum á öðrum skipulegum markaði". Samkvæmt frumvarpi til nýrra laga um verðbréfaviðskipti, sem lagt er fram á Alþingi samhliða þessu frumvarpi, er gert ráð fyrir að breyting verði á skilgreiningum að þessu leyti þannig að hugtakið skipulegur markaður nái yfir Verðbréfaþing Íslands og sambærilegar kauphallir erlendis og aðra verðbréfamarkaði innan eða utan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem verðbréf ganga kaupum og sölum og sem viðurkenndir hafa verið með lögmætum hætti. Er sú breyting, sem lögð er til í a-lið þessarar greinar, eðlileg til að samræmis sé gætt í löggjöf á verðbréfasviði.

Tilskipun Evrópusambandsins um verðbréfasjóði bannar þeim að stunda það sem þar er nefnt „uncovered sales of transferable securities", einnig nefnt „short sale". Átt er við að verðbréfasjóði sé óheimilt að selja verðbréf sem ekki eru í eigu sjóðsins á þeim tíma sem salan fer fram, þ.e. verðbréfasjóði er óheimilt að taka verðbréf að láni tímabundið til að selja þau. Eru viðskipti af þessu tagi talin fela í sér of mikla áhættu til að réttlætanlegt sé að verðbréfasjóðir, sem afla sér fjármagns frá almenningi, stundi þau. Vegna

mistaka var ákvæði af þessu tagi ekki í frumvarpinu sem varð að gildandi lögum um verðbréfasjóði. Í b-lið þessarar greinar er lagt til að úr þessu verði bætt og lögin fyllilega samræmd tilskipun Evrópusambandsins að þessu leyti.

Um 8. gr.

Komið hefur í ljós að í ákvæði 1. mgr. 23. gr. laga um verðbréfasjóði vantar efnisþætti sem er að finna í sambærilegu ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins um verðbréfasjóði. Samkvæmt tilskipuninni er tekið fram að verðbréfasjóðum sé óheimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum, þ.e. verðbréfasjóða, nema þeir uppfylli ákvæði tilskipunarinnar. Gildandi ákvæði 1. mgr. 23. gr. laga um verðbréfasjóði hefur hins vegar ekki að geyma þessa takmörkun á fjárfestingum verðbréfasjóða og er því ekki að fullu í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins. Með þeirri breytingu, sem hér er lögð til, eru gildandi lagaákvæði samræmd tilskipuninni. Eftir sem áður er fjárfesting samkvæmt ákvæðinu bundin við 5% af eignum verðbréfasjóðs eða einstakra deilda hans.

Um 9. gr.

ESA hefur bent á að tilskipun Evrópusambandsins um verðbréfasjóði heimili almennt ekki að fjármunir, sem verðbréfasjóðir afla frá almenningi, séu festir í fasteignum. Undantekning sé gerð frá þessu samkvæmt tilskipuninni að því er varðar svonefnd fjárfestingarfélög (invest companies) en þar sem gildandi löggjöf hér á landi geri ekki ráð fyrir slíkum félögum eigi undantekning tilskipunarinnar ekki við. Af skilgreiningu laga nr. 9/1993 á hugtakinu verðbréf, sem einnig á við um túlkun laga um verðbréfasjóði, leiðir að ekki hefur verið um almenna heimild verðbréfasjóða að ræða til að fjárfesta í fasteignum samkvæmt gildandi lögum. Því var talið eðlilegt að fallast á sjónarmið ESA í þessu sambandi og taka af allan vafa um heimildir verðbréfasjóða að þessu leyti. Verður enda ekki séð, að teknu tilliti til rekstrarfyrirkomulags verðbréfasjóða samkvæmt gildandi lögum, að hagsmunir þeirra krefjist þess að þeir fjárfesti í fasteignum til nota í starfsemi sinni.

Um 10. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að hér er um að ræða breytingu sem leiðir af breytingum sem gerð er grein fyrir í athugasemdum við 9. gr. frumvarpsins.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að rekstrarfélögum verði gert að gefa út útboðslýsingar vegna hvers verðbréfasjóðs sem þau annast rekstur á samkvæmt lögum nr. 10/1993. Í gildandi lögum um verðbréfasjóði er ekki að finna nein ákvæði um útboðslýsingar verðbréfasjóða, enda þótt gert sé ráð fyrir tilvist útboðslýsinga í fjölmörgum ákvæðum tilskipunar Evrópusambandsins um verðbréfasjóði. Af hálfu ESA var rík áhersla lögð á nauðsyn þess að ákvæði laga nr. 10/1993 yrðu samræmd tilskipuninni um þetta atriði. Eðlilegt og nauðsynlegt væri að tryggja viðskiptavinum aðgang að upplýsingum um starfsemi verðbréfasjóða á hverjum tíma þannig að viðskiptavinir sjóðanna gætu á hverjum tíma metið þá fjárfestingarkosti sem þeim stæðu til boða af hálfu verðbréfasjóða. Fallast verður á þessi almennu sjónarmið enda eðlilegt að sambærilegar kröfur séu gerðar til verðbréfa-

sjóða að þessu leyti við þær sem gerðar eru til annarra útgefenda verðbréfa sem boðin eru almenningi.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að nánar verði kveðið á um útboðslýsingar verðbréfasjóða í reglum sem settar verði af bankaeftirlitinu. Við útfærslu reglna samkvæmt ákvæðinu verður stuðst við þær leiðbeiningar um útboðslýsingar verðbréfasjóða sem er að finna í tilskipun Evrópusambandsins um verðbréfasjóði. Þá kynni einnig að verða höfð hliðsjón af reglum Verðbréfaþings Íslands um útboðslýsingar, eftir því sem við getur átt. Eðlilegt þykir að kveðið sé á um þessi efni í reglum fremur en settum lögum enda heppilegt að hafa sveigjanleika til breytinga á reglum af þessu tagi, verði talin ástæða til, án þess að til lagabreytingar þurfi að koma.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Fylgiskjal I.

Bréf frá eftirlitsstofnun EFTA til íslenskra stjórnvalda með athugasemdum við ýmis lagaákvæði á sviði fjármálaþjónustu.

(11. nóvember 1994.)

Efni: Breytingar á löggjöf og reglugerðum innan lands til að tryggja fullt samræmi við tilskipanir þær sem til umræðu voru á „pakkafundi" í Reykjavík dagana 24.–25. október 1994.

Ágæti viðtakandi:

Í kjölfar fundarins, sem getið er hér að framan, hefur skrifstofa fjármagnsflutninga og fjármálaþjónustu farið yfir niðurstöður viðræðna við fulltrúa íslenskra stjórnvalda að því er varðar eftirfarandi tilskipanir:

1. Fyrstu tilskipun um bankamál (77/780/EEC).
2. Aðra tilskipun um bankamál (89/646/EEC).
3. Tilskipun um peningaþvott (91/308/EEC).
4. Tilskipun um verðbréfasjóði (UCITS) (86/611/EEC).
5. Fyrstu tilskipun um bifreiðatryggingar (72/166/EEC).
6. Aðra tilskipun um bifreiðatryggingar (84/5/EEC).
7. Þriðju tilskipun um bifreiðatryggingar (90/232/EEC).
8. Tilskipun um tryggingamiðlun (77/92/EEC).

Að lokinni þessari yfirferð hefur stofnunin komist að þeirri niðurstöðu að til þess að ríkisstjórn yðar uppfylli að fullu skilyrði þessara tilskipana þurfi að gera ýmsar breytingar á íslenskri löggjöf.

Ákvæði þau, sem Ísland á eftir að taka upp, eru talin upp í viðaukum við bréf þetta.

Til að auðvelda vinnu við breytingarnar mun stofnunin senda stjórnvöldum yðar bæklinga af því tagi sem sýndir voru á fundinum. Yfirleitt verður um að ræða fimm bæklinga, einn fyrir hvert EFTA-ríki fyrir hverja tilskipun sem um ræðir. Í hverjum bæklingi er sett fram endurskoðuð samanburðartafla fyrir upptöku tilskipunarinnar svo og

texti þeirra ráðstafana sem gerðar eru til þess að taka viðkomandi ákvæði upp í landsrétt.

Bæklingarnir lýsa að sjálfsögðu aðstæðum eins og þær eru nú í hinum einstöku EFTA-ríkjum, áður en breytingar hafa verið gerðar á lögum í því skyni að tryggja fullt samræmi við tilskipanirnar eins og farið er fram á í þessu bréfi og sambærilegum bréfum til hinna EFTA-ríkjanna. Bæklingarnir ættu engu að síður að gera upptöku tilskipananna gegnsærri og veita raunhæf og nytsamleg dæmi um það hvernig hin einstöku ríki EFTA hafa framkvæmt ákvæði þeirra.

Að því er varðar ráðstafanir til breytinga á landsrétti vil ég bjóða stjórnvöldum yðar að veita Eftirlitsstofnuninni, að því er varðar sérhvern lið (eða undirlið þegar við á) sem tilgreindur er í viðaukum með þessu bréfi, eftirfarandi upplýsingar:

1. Í því tilviki að ríkisstjórn yðar hyggist samþykkja eða sé í þann veginn að samþykkja breytingar í því skyni að taka upp viðkomandi ákvæði:
   a. tímasetningu þegar breytingin eða breytingarnar verða samþykktar,
   b. tímasetningu þegar breytingin eða breytingarnar taka gildi,
   c. lögin, reglugerðir eða stjórnsýsluákvæði þar sem breytingin eða breytingarnar verða teknar upp.
2. Í því tilviki að ríkisstjórn hyggist ekki gera ráðstafanir til breytinga, þá rökin fyrir þeirri ákvörðun.

Þessar upplýsingar eru nauðsynlegar til þess að stofnunin geti tekið formlega afstöðu til þess hvort og þá hvenær tryggt verði að fyrrnefndar tilskipanir muni taka fullt gildi á ljósan og ótvíræðan hátt að íslenskum lögum. Þessar upplýsingar skulu berast stofnuninni fyrir 12. desember 1994.

Virðingarfyllst,

Hannu von Hertzen
framkvæmdastjóri.

Ákvæði sem Íslandi er boðið að taka upp að loknum „pakkafundi" í Reykjavík dagana 24.–25. október 1994.

Fyrsta tilskipun um bankamál (77/780/EEC)(FBD).
Önnur tilskipun um bankamál (89/646/EEC)(SBD).

A. Umsókn um leyfi (3. gr. FBD).

1. Ráðstafanir til að tryggja að upplýsingar um starfsáætlun, þ.m.t. um tegund viðskipta og skipurit lánastofnunarinnar fylgi umsókn um leyfi (3(4)(1/) og 3(4)(2/) FBD).

B. Samstarf/samvinna milli lögbærra aðila.

2. Ráðstafanir til að tryggja möguleika á samráði/samstarfi milli lögbærra aðila aðildarríkjanna í eftirfarandi tilvikum:
   a. Samstarf milli lögbærra yfirvalda til þess að hafa eftirlit með starfsemi lánastofnana (7(1)FBD),
   b. samráð samkvæmt 7. gr. SBD milli lögbærra stjórnvalda áður en leyfi er veitt,
   c. samráð samkvæmt SBD 11(2) þegar virkur eignarhluti er keyptur eða aukinn,
   d. samstarf um eftirlit með lausafjárstöðu útibúa (14(2(1/)SBD),
   e. samstarf um eftirlit með áhættu sem skapast vegna opinnar stöðu á markaði (14(3)SBD),
   f. upplýsingar til stjórnvalda í heimaríkjum frá íslenskum stjórnvöldum þegar erlend lánastofnun, sem opnar útibú á Íslandi, hlítir ekki kröfum íslenskra stjórnvalda (21(3)1/)SBD), og upplýsingar til stjórnvalda í heimaríkjum, varðandi þær ráðstafanir sem íslensk stjórnvöld hafa gert (21(3)(3/) og 21(4)(1/)SBD).

(Frekari upplýsingar er að finna í meðfylgjandi eintaki af 15. og 16. gr. austurrísku bankalaganna.)

3. Ráðstafanir til að tryggja að hægt sé að birta aðilum lagaleg skjöl sem eru nauðsynleg til aðgerða varðandi lánastofnanir (21(4)(2/)SBD).

C. Tilefni til leyfissviptinga (8. gr. FBD).

4. Ráðstafanir til að tryggja að unnt sé að afturkalla leyfi:
   a. ef það er ekki nýtt innan 12 mánaða (8(1)(a)(1/)FBD),
   b. ef lánastofnun hefur hætt starfsemi í sex mánuði (8(1)(a)(2/)FBD).

D. Þagnarskylda (12. gr. FBD).

5. Ráðstafanir sem aflétta trúnaði af upplýsingum sem veittar eru vegna málshöfðunar eða kröfumála þegar lánastofnun hefur verið lýst gjaldþrota.
6. Reglur sem kveða á um takmarkanir á notkun fenginna upplýsinga (12(4)FBD).
7. Reglur um upplýsingaskipti milli lögbærra stjórnvalda á Íslandi (12(5)FBD).

E. Réttur til að leita til dómstóla.

8. Reglur sem tryggja rétt til að leita til dómstóla ef sótt er um starfsleyfi og ákvörðun hefur ekki verið tekin innan sex mánaða eftir að allar upplýsingar hafa verið lagðar fram (13(2/)FBD).
9. Reglur sem tryggja rétt til að leita til dómstóla ef lögbær stjórnvöld á Íslandi veita ekki þær upplýsingar sem getið er um í 19. gr. SBD (19(3).3(2/)SBD).
10. Reglur sem tryggja að leita megi til dómstóla vegna ráðstafana sem gerðar eru skv. 3., 4., og 5. lið 21. gr. SBD (21(6)(2/)SBD).

F. Um eignarhlut lánastofnana (12. gr. SBD).

11. Ráðstafanir sem tryggja að þegar farið er fram úr báðum takmörkunum í 1. og 2. lið 12. gr. SBD sé sú upphæð sem eigið fé skal ná yfir hærri talan af upphæðunum tveimur (12(8)(2/)SBD).

G. Sannprófun á staðnum (2. mgr. 15. gr. SBD).

12. Ráðstafanir er tryggja stjórnvöldum gistiríkis möguleika á að sannreyna upplýsingar varðandi lánastofnun sem staðsett er í öðru aðildarríki að beiðni stjórnvalda heimaríkis innan ESB í samræmi við 7. mgr. 7. gr. tilskipunar EB um eftirlit á samstarfsgrundvelli nr. 92/30/EEC.

H. Starfsemi sem fer fram í gistiríki innan ESB (2. mgr. 18. gr. SBD).

13. Ráðstafanir sem tryggja
    a. að fjármálastofnanir, sem eru dótturfyrirtæki annarrar lánastofnunar eða annarra fjármálastofnana og uppfylla skilyrði skv. 2. mgr. 18. gr. SBD, geti stofnað útibú í öðrum aðildarríkjum (18(2)SBD),
    b. að fjármálastofnanir, sem eru dótturfyrirtæki fjármálafyrirtækis sem getið er um í a-lið hér að framan og uppfylla skilyrði 2. mgr. 18. gr., geti stofnað útibú í öðrum aðildarríkjum (18(2)4 SBD).

Ráðstafanir sem Íslandi er boðið að grípa til í kjölfar „pakkafundar" í Reykjavík dagana 24. og 25. október 1994.

Tilskipun um peningaþvætti (91/308/EEC).

Að forðast grunsamleg viðskipti (7. gr.).

Ráðstafanir til að tryggja að stjórnvöld einstakra ríkja sem vinna gegn peningaþvætti geti, í samræmi við skilyrði í íslenskum lögum, beint þeim fyrirmælum til fjármálastofnana að ljúka ekki tilteknum grunsamlegum viðskiptum ((2/)7. gr. tilskipunarinnar).

Ráðstafanir sem Íslandi er boðið að gera í kjölfar „pakkafundar" í Reykjavík dagana 24.–25. október 1994.

Tilskipun um verðbréfasjóði („UCITS") (85/611/EEC) (UCD).

A. Skyldur varðandi uppbyggingu verðbréfasjóða (2. mgr. 7. gr. og 9. gr.).

1. Ráðstafanir til að tryggja ábyrgð vörslufyrirtækis gagnvart rekstrarfélagi og handhafa hlutdeildarskírteinis fyrir skaða sem þau verða fyrir vegna óréttlætanlegrar vanrækslu eða ófullnægjandi efnda á skyldum sínum.
   Að öðrum kosti skal leggja gögn fyrir eftirlitsstofnun EFTA til sönnunar þess að íslenskur fordæmisréttur tryggi hið framansagða.

B. Skyldur varðandi fjárfestingarstefnu verðbréfasjóða (UCITS).

2. Breytingar á 26. og 27. gr. íslenskra laga um verðbréfasjóði (UCITS) þannig að þeim sé óheimilt að fjárfesta í fasteignum eins og nú er.
   Þetta er nauðsynlegt þar sem reglur varðandi fjárfestingarstefnu verðbréfasjóða (UCITS), eins og þær eru skilgreindar í 19.–26. gr. UCD, heimila ekki að fé, sem aflað er hjá almenningi, sé fest í fasteignum. Eina undantekningin sem er veitt er skv. c-lið 2. mgr. 19. gr. UCD, og hún á einungis við um fjárfestingarfyrirtæki sem eru ekki til á Íslandi skv. 1. og 2. gr. íslenskra laga um verðbréfasjóði, sbr. 12. gr. sömu laga.
3. Ráðstafanir til að tryggja fulla upptöku heimildar til verðbréfasjóða til að fjárfesta allt að 25% eignar sinnar í tilteknum skuldabréfum sem gefin eru út af lánastofnun sem hefur skráða skrifstofu í aðildarríki og lýtur samkvæmt lögum opinberu eftirliti sem hefur það markmið að vernda eigendur skuldabréfanna og tryggja að fé, sem aflast af útgáfu þeirra, sé fest í eignum sem nægja til þess að mæta kröfum er tengjast bréfunum og sem notaðar yrðu á forgangsgrundvelli til þess að endurgreiða höfuðstól og uppsafnaða vexti ef til gjaldþrots útgefanda kæmi (1. liður 4. mgr. 22 gr. UCD).
4. Ráðstafanir ber að gera til þess að taka upp skyldu til þess að geta í sjóðsreglum um þau ríki, stjórnvöld eða alþjóðlegar opinberar stofnanir sem gefa út eða ábyrgjast verðbréfin sem verðbréfasjóðurinn hyggst fjárfesta meira en 35% af eignum sínum í (2. mgr. 23 gr. UCD).
5. Ráðstafanir til þess að tryggja að verðbréfasjóðir megi aðeins eignast verðbréf í öðrum verðbréfasjóðum ef hinir síðarnefndu falla undir UCD og að slíkar fjárfestingar megi aldrei vera umfram 5% af eignum sjóðsins (1. og 2. mgr. 24. gr. UCD).
6. Ráðstafanir til að tryggja að fjárfestingar verðbréfasjóðs í verðbréfum annars verðbréfasjóðs, sem lýtur sama eða mjög skyldu rekstrarfélagi, eða í verðbréfum mjög skylds fjárfestingarfyrirtækis séu því aðeins heimilar að um sé að ræða verðbréfasjóð sem sérhæfir sig í fjárfestingum á tilteknu landsvæði eða í tiltekinni atvinnugrein (1. tölul. 3. mgr. 24. gr. og 2. tölul. 4. mgr. 24. gr. UCD).

C. Skyldur varðandi upplýsingar sem veita skal eigendum verðbréfa.

7. Ráðstafanir til þess að tryggja fullt samræmi við 23., 27., 28., 29., 30., 32., 33. og 35. gr. UCD varðandi þá skyldu verðbréfasjóðs að gefa út útboðslýsingu og skyldur um efni slíkra útboðslýsinga.

D. Almennar skyldur verðbréfasjóða (42. gr.).

8. Ráðstafanir til að tryggja að verðbréfasjóðir ráðist ekki í sölu framseljanlegra verðbréfa sem þeir hafa enn ekki eignast.

Fylgiskjal II.

Svar viðskiptaráðuneytis til eftirlitsstofnunar EFTA vegna athugasemda stofnunarinnar við ýmis lagaákvæði á sviði fjármálaþjónustu.
(12. desember 1994.)

Ráðuneytið vísar til bréfs yðar frá 11. nóvember 1994 (skjal yðar nr. 94-16553 D) þar sem þér teljið upp ákvæði átta tilskipana á sviði fjármálaþjónustu sem að yðar mati hafa ekki verið teknar upp á Íslandi. Þetta ráðuneyti ber ábyrgð á upptöku fjögurra af tilskipununum átta:

Fyrstu tilskipun um bankamál (77/780/EEC),
annarri tilskipun um bankamál (89/646/EEC),
tilskipun um peningaþvætti (91/308/EEC),
tilskipun um verðbréfasjóði (UCITS) (85/611/EEC).

Hér á eftir fer svar ráðuneytisins við sérhverju þeirra atriða sem upp eru talin í viðaukanum við bréf yðar.

Fyrsta og önnur tilskipun um banka (77/780/EEC og 89/646/EEC).

A.1 Gerð verður ráðstöfun til breytinga í breytingarfrumvarpi við lög nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði, er tekur mið af ákvæðum í tilskipuninni um eiginfjárkröfu og tilskipuninni um innstæðutryggingu sem nú er verið að semja. Frumvörpin verða lögð fyrir Alþingi 1994–1995 og verða væntanlega að lögum á því þingi.

B.2 Gerðar verða ráðstafanir varðandi liði (a)–(f) með breytingu á reglugerð fyrir Seðlabanka Íslands. Þetta er hægt að gera fyrir janúarlok 1995.

B.3 Gerð verður ráðstöfun til breytinga, sbr. A.1.

C.4 Gerð verður ráðstöfun til breytinga, sbr. A.1.

D.5–7 Gerð verður ráðstöfun til breytinga. Ákvæðin ættu að komast inn í lög um Seðlabanka Íslands. Frumvarp til nýrra laga um Seðlabanka Íslands hefur verið samið og verður það væntanlega lagt fyrir Alþingi í nánustu framtíð.

E.8–10 Gerð verður ráðstöfun til breytinga, sbr. A.1.
F.11 Gerð verður ráðstöfun til breytinga, sbr. A.1.
G.12 Gerð verður ráðstöfun til breytinga, sbr. B.2.
H.13 Gerð verður ráðstöfun til breytinga, sbr. A.1.

Tilskipun um peningaþvætti (91/308/EEC).

Fulltrúar þessa ráðuneytis og Seðlabanka Íslands skýrðu Eftirlitsstofnun EFTA frá því á „pakkafundinum" í Reykjavík að það væri mat þeirra að 7. gr. hefði verið tekin upp með fullnægjandi hætti í 7. gr. laga nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti. Ráðuneytið er enn þeirrar skoðunar að annar málsliður 7. gr. tilskipunarinnar skyldi ekki aðildarríki til þess að veita stjórnvöldum einstakra landa sem vinna gegn peningaþvætti vald til þess að gefa fjármálastofnunum fyrirmæli um að ljúka ekki grunsamlegum viðskiptum. Ráðuneytið telur enn fremur að slík skylda sé í raun gefin í skyn í 2. og 7. gr. laganna. Ef saksóknari upplýsir fjármálastofnun um grun um peningaþvætti væri þeirri stofnun skylt að ljúka ekki viðskiptunum skv. 2. gr. og 2. mgr. 7. gr. laganna. Ráðuneytið hyggst því ekki gera ráðstafanir til breytinga á þessu.

Tilskipun um verðbréfasjóði (UCITS) (85/611/EEC).

A.1 Gerð verður ráðstöfun til breytingar. Frumvarp til breytinga á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði (UCITS), er nú í smíðum. Frumvarpið verður lagt fyrir Alþingi 1994–1995 og verður væntanlega afgreitt sem lög á því þingi.
B.2 Gerð verður ráðstöfun til breytinga, sbr. A.1.
B.3 Íslensk stjórnvöld og eftirlitsstofnun EFTA virðast sammála um að ákvæðið í 1. lið 4. mgr. 1. gr. sé heimildarákvæði. Ráðuneytið staðhæfir að þessari heimild megi beita hvenær sem er. Ákveði íslensk stjórnvöld að beita þessari heimild verður það gert með því að beita reglum sem Seðlabanki Íslands gefur út (sbr. 3. mgr. 21. gr. laga nr. 10/1993, um verðbréfasjóði). Þar til þessar reglur hafa verið gefnar út verður heimildinni einfaldlega ekki beitt. Ráðuneytið hyggst því ekki gera ráðstafanir til breytinga.
B.4 Ekki verður gerð ráðstöfun til breytinga, með sömu rökum og í B.3.
B.5 Gerð verður ráðstöfun til breytinga, sbr. A.1.
B.6 Ekki verður gerð ráðstöfun til breytinga, með sömu rökum og í B.3.
C.7 Gerð verður ráðstöfun til breytinga, sbr. A.1.
D.8 Gerð verður ráðstöfun til breytinga, sbr. A.1.

Virðingarfyllst,

Finnur Sveinbjörnsson
skrifstofustjóri

Gunnar Viðar
lögfræðingur

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði.

Frumvarp þetta er lagt fram um leið og fjögur önnur frumvörp er öll varða peningastofnanir og verðbréfaviðskipti. Eins og hin frumvörpin fjögur miða breytingar þessa frumvarps að því að aðlaga íslensk lög gildandi rétti á Evrópska efnahagssvæðinu, auk þess sem nokkrar breytingar eru lagðar til í ljósi reynslunnar af núverandi lögum.

Ekkert þeirra breytingarákvæða sem er að finna í frumvarpi þessu kemur ríkissjóði sérstaklega við og því verður ekki séð að samþykkt frumvarpsins valdi ríkissjóði kostnaði.

104. Frumvarp til laga [99. mál]

um breytingu á lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Lokamálsliður 1. mgr. fellur brott.

b. 2. mgr. orðast svo:

Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg. Henni skulu fylgja samþykktir fyrir lánastofnunina, lýsing á starfseminni þar sem fram kemur, meðal annars, hvaða starfsemi ætlunin er að stunda og lýsing á innra skipulagi lánastofnunarinnar. Jafnframt skulu fylgja upplýsingar um stofnendur, hlutafé, hluthafa og hlut hvers um sig, auk annarra upplýsinga og gagna sem viðskiptaráðherra ákveður.

c. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvörðun um umsókn um starfsleyfi skal ávallt liggja fyrir innan sex mánaða frá því að fullbúin umsókn barst ráðherra.

2. gr.

Í stað orðanna „11. maí 1993“ í 5. gr. laganna kemur: 27. maí 1993.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Eigið fé lánastofnunar skal á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar til 8% af áhættugrunni. Áhættugrunnur stofnunar skal metinn með tilliti til heildareigna, liða utan efnahagsreiknings, gengisáhættu og áhættu annarra liða með markaðsáhættu samkvæmt nánari reglum um mat á áhættugrunni til útreiknings á eiginfjárhlutfalli lánastofnana sem Seðlabankinn setur. Eiginfjárkrafan skv. 1. málsl. skal einnig gilda um samstæðureikning.

b. Ný málsgrein bætist við, svohljóðandi:

Ákvæði laga um Seðlabanka Íslands, svo og reglur settar samkvæmt þeim um laust fé, bindiskyldu og gengisbundnar eignir og skuldir innlánsstofnana, skulu einnig gilda fyrir aðrar lánastofnanir, eftir því sem við getur átt.

4. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Ársreikningur lánastofnunar skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Þó skal ársreikningur lánastofnunar, sem rekin er á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkissjóður á að hálfu eða meira, endurskoðaður af Ríkisendurskoðun, sbr. lög um Ríkisendurskoðun. Ráðherra sá, sem fer með málefni lánastofnunar í eigu ríkissjóðs, staðfestir ársreikning hennar.

Um ársreikning og endurskoðun að öðru leyti, svo og samstæðureikningsskil, fer samkvæmt ákvæðum VII. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

5. gr.

Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Um heimildir dótturfyrirtækja erlendra lánastofnana til starfsemi hér á landi fer samkvæmt ákvæðum XII. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

6. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Um heimildir dótturfyrirtækja innlendra lánastofnana til starfsemi erlendis fer samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

7. gr.

Við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú gerist hérlend lánastofnun, sem stundar starfsemi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, brotleg við lög þess ríkis, og lögbær yfirvöld þess ríkis grípa til ráðstafana sambærilegra þeim sem greinir í 1. mgr., og skal þá bankaeftirlitið aðstoða þarlend lögbær yfirvöld við samskipti þeirra við yfirstjórn hlutaðeigandi lánastofnunar.

8. gr.

Á eftir 18. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist greinatala samkvæmt því:

Ákvæði 96. gr. A laga um viðskiptabanka og sparisjóði um rétt til að leita til dómstóla gilda einnig um lánastofnanir.

9. gr.

a. Orðin „2. mgr. 3. gr.“ í 2. tölul. 24. gr. laganna falla brott.
b. 3. gr. laga nr. 48/1966 um Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja (verslunarlánasjóð) orðist svo:

Fjáröflun stofnlánadeildarinnar er sem hér segir:

1. Fé sem fengið er með útgáfu vaxtabréfa, að fengnu samþykki Seðlabanka Íslands.
2. Vextir.
3. Fé sem fengið kann að vera að láni til endurlána.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 45/1972, um Stofnlánadeild samvinnufélaga, með áorðnum breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Víkjandi lán, sem lánastofnun hefur tekið fyrir gildistöku laga þessara og greiðast skal niður með afborgunum, er undanþegið ákvæði um endurgreiðslu víkjandi lána sem teljast til eiginfjárþáttar B í 3. málsl. 4. mgr. 54. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði. Samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) skulu sömu reglur gilda um aðrar lánastofnanir og gilda um viðskiptabanka og sparisjóði. Vegna ákvörðunar um að ýmsar tilskipanir Evrópusambandsins (ESB) er varða

lánastofnanir skuli einnig gilda innan Evrópska efnahagssvæðisins er nauðsynlegt að breyta hér á landi bæði lögum um viðskiptabanka og sparisjóði og lögum um aðrar lánastofnanir. Einnig hefur Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) farið yfir gildandi lög og reglur hér á landi um viðskiptabanka og sparisjóði og aðrar lánastofnanir og í framhaldi af því bent á ýmis atriði sem betur mættu fara. Bréfaskipti ESA og íslenskra stjórnvalda eru birt sem fylgiskjöl með frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði, sem lagt er fram á Alþingi samhliða þessu frumvarpi. Í athugasemdum við það frumvarp er einnig að finna ítarlegar upplýsingar um þær nýju tilskipanir ESB sem ákveðið hefur verið að gildi einnig innan EES.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er um að ræða sömu breytingu og lagt er til að gerð verði á 4. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur bent á að í bankalögum og lögum um aðrar lánastofnanir sé ekki ótvírætt ákvæði eins og í hlutaðeigandi tilskipun um að starfsleyfi falli úr gildi ef stofnun hefur ekki starfsemi innan tólf mánaða frá því að leyfi var veitt. Einnig hefur komið í ljós að ákvæði vantar úr hlutaðeigandi tilskipun um að með umsókn um starfsleyfi skuli fylgja lýsing á því hvaða starfsemi ætlunin er að stunda og á innra skipulagi viðskiptabanka eða sparisjóðs. Þá hefur komið í ljós að ákvæði vantar um að jákvæð ákvörðun um afgreiðslu skuli liggja fyrir innan tilskilins frests. Með þeim breytingum, sem lagðar eru til í þessari grein frumvarpsins, er bætt úr þessum atriðum.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. 5. gr. laganna er kveðið á um að hlutafé lánastofnunar megi hvorki við stofnun né síðar vera lægra en 400 milljónir króna. Þessi fjárhæð er síðan bundin við gengi evrópsku mynteiningarinnar ECU. Í lögunum er gengistryggingin miðuð við kaupgengi ECU 11. maí 1993. Þessi dagsetning var valin með hliðsjón af samsvarandi ákvæði í lögum nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði, enda eiga sömu reglur að gilda um allar lánastofnanir. Í lögum nr. 43/1993 er gengistryggingin miðuð við gengi ECU á útgáfudegi laganna. Hann var 27. maí 1993. 11. maí 1993 er hins vegar staðfestingardagur laganna. Vegna mistaka var síðarnefnda dagsetningin í frumvarpinu sem varð að lögum um aðrar lánastofnanir. Hér er lagt til að úr þessu verði bætt.

Um 3. gr.

Hér er um að ræða hliðstæða breytingu þeirri sem lögð er til á 1. mgr. 54. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði í frumvarpi um breytingu á þeim. Er breytingin nauðsynleg vegna nýrra eiginfjárkrafna vegna verðbréfaviðskipta fjárfestingarfyrirtækja (verðbréfafyrirtækja) og lánastofnana í nýrri tilskipun ESB þar að lútandi (93/6/EBE).

Um 4. gr.

Með þeirri breytingu, sem hér er lögð til, eru tekin af öll tvímæli um að endurskoðun og áritun ársreikninga lánastofnana í eigu ríkisins skuli vera með sama hætti og hingað til. Ríkisendurskoðun annast endurskoðun og ráðherra sá, sem fer með málefni hlutaðeigandi lánastofnunar, undirritar ársreikninginn. Sé þetta ákvæði ekki til staðar má færa að því rök að um endurskoðun og undirritun ársreiknings lánastofnunar í eigu ríkisins skuli gilda nákvæmlega sömu ákvæði og um ríkisviðskiptabanka.

Um 5. og 6. gr.

ESA hefur réttilega bent á að í íslenska löggjöf vanti ákvæði um starfsheimildir dótturfyrirtækja lánastofnana. Úr þessu er bætt í 15. og 17. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði og 4. og 5. gr. þessa frumvarps.

Um 7. gr.

Hér er um að ræða efnisatriði sem vantar í íslenska löggjöf að mati ESA. Úr þessu er bætt í 19. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði og þessari grein þessa frumvarps.

Um 8. gr.

Hér er um að ræða efnisatriði sem einnig er í 20. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Í athugasemdum við þá grein segir: „Í hlutaðeigandi tilskipun er ákvæði þess efnis að umsækjandi um starfsleyfi viðskiptabanka eða sparisjóðs eigi að geta áfrýjað til dómstóla ef umsókn er hafnað eða hún ekki afgreidd innan þess sex mánaða frests sem lögbær yfirvöld hafa. Samkvæmt almennum reglum hér á landi getur umsækjandi leitað til dómstóla ef ráðherra synjar umsókn. Hins vegar vantar í lögin ákvæði sem tryggir umsækjendum rétt til að leita til dómstóla ef ráðherra afgreiðir ekki umsóknina innan sex mánaða.“ Sama gildir um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Hér er lagt til að úr þessu verði bætt.

Um 9. gr.

Við samningu frumvarps þess, sem varð að lögum um aðrar lánastofnanir, urðu þau mistök að felld voru brott röng ákvæði laga um verslunarlánasjóð og laga um Stofnlánadeild samvinnufélaga. Ákvæðin sem felld voru niður heimila þessum aðilum lántöku. Þessi ákvæði eru forsenda fyrir því að þessir aðilar teljist til lánastofnana. Hér er lagt til að úr þessu verði bætt varðandi verslunarlánasjóð. Í 10. gr. frumvarpsins er hins vegar lagt til að lögin um Stofnlánadeild samvinnufélaga falli brott þannig að ekki er þörf á að leiðrétta fyrri mistök við breytingu á þeim.

Um 10. gr.

Landsbanki Íslands eignaðist Stofnlánadeild samvinnufélaga 1990 með kaupum sínum á Samvinnubanka Íslands hf. Starfsemi deildarinnar hefur legið niðri um hríð og í fyrra voru allar skuldbindingar deildarinnar að undanskilinni málamyndafjárhæð færðar yfir til Landsbankans. Í samræmi við ákvæði hlutaðeigandi tilskipunar, sbr. 18. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði, þar sem kveðið er á um að lánastofnun sem ekki starfar samfellt í sex mánuði eða meira skuli missa starfsleyfið, er lagt til að deildin verði formlega lögð niður. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er um að ræða efnisatriði sem einnig er í ákvæði til bráðabirgða í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Ákvæðið er nauðsynlegt þar sem í nýjum ákvæðum um eiginfjárþátt B í ákvæðum um eigið fé er gert ráð fyrir þrengri reglum varðandi víkjandi lán sem greidd eru niður með afborgunum en gilt hafa hingað til hér á landi. Þessi breyting er nauðsynleg til samræmis við túlkun annarra ríkja á til-

svarandi ákvæði tilskipunarinnar um eiginfjárhlutfall lánastofnana. Þar sem hér er um þrengingu á eldri reglum að ræða þykir eðlilegt að hún gildi ekki fyrir víkjandi lán sem tekin eru fyrir gildistöku laganna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

Frumvarp þetta er lagt fram um leið og fjögur önnur frumvörp er öll varða peningastofnanir og verðbréfaviðskipti. Breytingar þær sem hér eru lagðar til eru hliðstæðar við sumar þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi um viðskiptabanka og sparisjóði. Þá eru breytingarnar einnig ætlaðar til að aðlaga íslenska löggjöf að breytingum á Evrópska efnahagssvæðinu.

Ekki verður séð að samþykkt frumvarps þessa valdi kostnaði fyrir ríkissjóð.

105. Frumvarp til laga [100. mál]

um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi ná til vöru sem boðin er hér á landi í atvinnuskyni eða er flutt út til annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Lögin taka einnig til þjónustu sem veitt er í tengslum við vöruviðskipti. Lög þessi gilda jafnt um vörur sem boðnar eru gegn gjaldi eða endurgjaldslaust.

Lög þessi taka ekki til fornmuna eða notaðra lausafjármuna sem þarfnast lagfæringar áður en notkun þeirra hefst enda sé viðtakanda gerð grein fyrir því áður en viðskiptin fara fram eða honum má vera það ljóst.

Ákvæði laga þessara taka til vöru sem boðin er neytendum en ná ekki til vöru eða þjónustu, sem nær eingöngu er framleidd eða unnin til frekari framleiðslu eða notkunar í atvinnurekstri.

Lög þessi taka ekki til vöru sem um gilda sérstök lög eða reglur um öryggi vöru, svo sem löggjöf um öryggi matvæla, lyfja, eiturefna eða hættulegra efna, sbr. þó ákvæði V. og VI. kafla laga þessara, eftir því sem við getur átt.

2. gr.

Framleiðendum er skylt að markaðssetja einungis örugga vöru.

Vörur, sem ætlaðar eru til sölu, leigu eða hvers kyns annarrar afhendingar í atvinnuskyni á markaði, skulu vera þannig úr garði gerðar að þær fullnægi kröfum sem vegna almannahagsmuna eru gerðar til þeirra í lögum og reglugerðum eða stöðlum um öryggi vöru og vernd heilsu og umhverfis.

Með opinberri markaðsgæslu er leitast við að tryggja að vörur á markaði uppfylli settar reglur að þessu leyti.

II. KAFLI
Skilgreiningar.
Hugtakið vara.

3. gr.

Orðið vara merkir í lögum þessum hvers kyns lausafjármuni, svo sem allar framleiðsluvörur og hráefni. Til vöru teljast einnig munir sem orðnir eru hluti annarra lausafjármuna.

Framleiðandi og dreifingaraðili.

4. gr.

Framleiðandi telst vera sá sem býr til fullunna vöru, býr til hluta vöru eða lætur af hendi hráefni og vinnur eða aflar afurða úr náttúrunni að því tilskildu að hann hafi staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu og sérhver annar einstaklingur sem kemur fram sem framleiðandi með því að merkja framleiðsluvöruna með nafni sínu, vörumerki eða öðru kennimarki eða einstaklingurinn sem endurgerir vöruna. Framleiðandi telst einnig vera fulltrúi framleiðanda ef framleiðandi hefur ekki staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu eða, ef ekki er um að ræða fulltrúa með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu, innflytjandi vörunnar. Aðrir fagmenn í aðfangakeðjunni, að því leyti sem starfsemi þeirra snertir öryggiseiginleika framleiðsluvöru sem er markaðssett, teljast og til framleiðanda.

Dreifingaraðili telst hver sá í aðfangakeðjunni sem stundar starfsemi er hefur ekki áhrif á öryggiseiginleika framleiðsluvöru.

Opinber markaðsgæsla og markaðseftirlit.

5. gr.

Opinber markaðsgæsla merkir skipulagða viðleitni stjórnvalda til að tryggja að vörur á markaði uppfylli settar reglur um öryggi og heilsu- og umhverfisvernd. Opinber markaðsgæsla greinist í markaðseftirlit og töku stjórnvaldsákvarðana til að framfylgja reglum um vöruöryggi.

Markaðseftirlit merkir skipulagt eftirlit með vörum á markaði. Það greinist í skoðun vöru annars vegar og skipulagða öflun upplýsinga um vörur á markaði hins vegar, m.a. með því að taka á móti ábendingum um vörur sem taldar eru hættulegar. Með skoðun vöru er átt við rannsókn á vöru og ákvörðun um hvort hún samræmist sérstökum eða almennum kröfum.

Eftirlitsstjórnvald.

6. gr.

Eftirlitsstjórnvald samkvæmt lögum þessum merkir stjórnvald sem hefur samkvæmt lögum þessum eða sérstökum lögum sem gilda um öryggi tiltekinnar vöru eða vöruflokka heimild eða skyldu til eftirlits og stjórnvaldsákvarðana hér á landi.

Skoðunarstofur.

7. gr.

Skoðunarstofa er aðili sem uppfyllir hlutleysi þriðja aðila og sem hlotið hefur faggildingu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir um starfsemi faggiltra óháðra skoðunarstofa. Löggildingarstofan annast faggildingu skoðunarstofa fyrir hönd íslenskra stjórnvalda í samræmi við lög og reglugerðir sem í gildi eru hverju sinni.

Örugg vara.

8. gr.

Örugg vara merkir sérhverja vöru sem við eðlilega eða fyrirsjáanlega notkun telst vera án sérstakrar áhættu fyrir einstaklinga og eignir þeirra, eða áhættan er í lágmarki miðað við eðlilega notkun vörunnar enda fullnægi hún almennum kröfum sem gerðar eru vegna almannahagsmuna um öryggi og vernd heilsu, svo og umhverfis.

Vara skal ekki vera sjálfkrafa talin hættuleg við það eitt að til er á markaði önnur vara sem er talin fullkomnari með tilliti til öryggis eða unnt er að auka öryggi hennar.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga við um þjónustu sem veitt er í tengslum við vöruviðskipti eftir því sem við getur átt.

9. gr.

Framleiðsla og dreifing vöru, svo og þjónusta sem veitt er í tengslum við vöruviðskipti, skulu ávallt vera í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og annarra stjórnvaldsfyrirmæla sem gilda hverju sinni um öryggi vörunnar.

Í þeim tilvikum þar sem lög kveða ekki sérstaklega á um öryggi vörunnar skal öryggi vörunnar metið með hliðsjón af eftirfarandi:

1. Eðli hennar, þar með talið samsetningu, umbúðum, samsetningarleiðbeiningum og viðhaldi.
2. Áhrifum hennar á aðrar vörur er ljóst þykir að hún verði notuð með.
3. Almennum leiðbeiningum sem henni fylgja, svo sem merkingum á henni, leiðbeiningum um notkun og förgun og öðrum upplýsingum sem framleiðandi lætur í té.
4. Öryggi hennar gagnvart viðkvæmum notendum, svo sem börnum.

10. gr.

Í þeim tilvikum þar sem ekki gilda sérstök lög eða reglur er setja sérreglur um öryggi vöru er ráðherra heimilt, að fenginni umsögn eftirlitsstjórnvalds, að ákveða eftirfarandi í reglugerð:

1. Kröfur sem vara verður að uppfylla til að teljast örugg.
2. Aðferðir sem framleiðandi getur beitt til að sýna fram á samræmi vöru við settar reglur, t.d. með merkingu, vottorði, yfirlýsingu um samræmi, prófunarskýrslu, skjali með tæknilegum upplýsingum o.fl.
3. Merkingar, leiðbeiningar og upplýsingar um notkun og förgun vöru, viðvaranir um hugsanlega hættu við notkun hennar og aðra þætti er varða upplýsingar til neytenda. Heimilt er að áskilja að varúðarmerkingar og notkunarleiðbeiningar vöru til dreifingar hér á landi skuli vera á íslensku.

Heimilt er í reglugerð um framangreint efni að vísa til staðla sem gilda um öryggi vöru á sameiginlegum markaði ríkja Evrópska efnahagssvæðisins.

IV. KAFLI
Markaðseftirlit og markaðsgæsla.
Markaðsgæsla.

11. gr.

Löggildingarstofan og viðeigandi eftirlitsstjórnvöld skulu hafa eftirlit með því að vörur á markaði hverju sinni uppfylli settar reglur um öryggi.

Löggildingarstofan og önnur eftirlitsstjórnvöld fara með opinbera markaðsgæslu í samræmi við ákvæði 14. og 15. gr. laga þessara og taka stjórnvaldsákvarðanir í samræmi við V. og VI. kafla laga þessara um málsmeðferð og réttarúrræði eftirlitsstjórnvalda, svo og ákvæði sérlaga eftir því sem við getur átt.

12. gr.

Framleiðendum og dreifingaraðilum samkvæmt lögum þessum er skylt að halda skrá með upplýsingum um birgja og þá er hafa vörur þeirra á boðstólum.

Markaðseftirlit.

13. gr.

Skoðunarstofur.

Heimilt er að fela faggiltri skoðunarstofu markaðseftirlit. Skoðunarstofa annast skoðun þeirra vörutegunda sem hún hefur faggildingu fyrir og annast auk þess skipulega öflun upplýsinga um vörur á markaði, svo sem með því að taka á móti ábendingum eða kvörtunum um vörur sem taldar eru hættulegar.

Skoðunarstofu er heimilt að skoða vörur hjá framleiðendum og dreifingaraðilum, taka sýnishorn vöru til rannsóknar, svo og krefja þá um allar nauðsynlegar upplýsingar, svo sem aðgang að skrá yfir þá sem vöruna hafa á boðstólum, vottorð, yfirlýsingar um samræmi vöru við reglur og staðla, prófunarskýrslur, tæknilegar upplýsingar og aðrar nauðsynlegar upplýsingar til að sannreyna öryggi vöru.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um eftirlit og framkvæmd eftirlits skoðunarstofu á markaði.

14. gr.

Löggildingarstofan.

Hlutverk Löggildingarstofunnar í opinberri markaðsgæslu er:

1. Að vera eftirlitsstjórnvald fyrir alla vöruflokka sem ekki eru á ábyrgð annarra eftirlitsstjórnvalda samkvæmt sérstökum lögum.
2. Að annast heildarskipulag opinberrar markaðsgæslu í samvinnu við önnur eftirlitsstjórnvöld með það að markmiði að tryggja hagkvæmni og samhæfingu.
3. Að hafa í samstarfi við önnur eftirlitsstjórnvöld umsjón með samningum við skoðunarstofur og útbúa samningsgögn eftir því sem við á.
4. Að samhæfa aðgerðir eftirlitsstjórnvalda ef eiginleikar vöru eða vöruflokks eru slíkir að ábyrgð á markaðseftirliti sé í höndum fleiri en eins eftirlitsstjórnvalds.
5. Að taka stjórnvaldsákvarðanir í samræmi við ákvæði laga þessara, sbr. og V. og VI. kafla þessara laga um málsmeðferð og réttarúrræði eftirlitsstjórnvalda.
6. Að skoða vöru, taka við kvörtunum eða ábendingum frá einstaklingum eða fyrirtækjum, svo og að afla á skipulegan hátt upplýsinga um vörur á markaði, eftir því sem við getur átt.

7. Að gefa út tilkynningar og vara við hættulegum vörum á markaði ef nauðsyn ber til og annast samskipti við eftirlitsstofnun EFTA og tilkynningarskyldu í samræmi við ákvæði tilskipunar ráðs Evrópusambandsins (83/189/EBE).

15. gr.

Önnur eftirlitsstjórnvöld.

Hlutverk annarra eftirlitsstjórnvalda en Löggildingarstofu í opinberri markaðsgæslu er sem hér greinir:

1. Að starfa að eftirliti sem þeim er falið samkvæmt ákvæðum sérlaga og fjalla um reglur um þá vöruflokka sem þau bera ábyrgð á samkvæmt sérlögum. Slíkar reglur taka að lágmarki til öryggis og verndar heilsu og umhverfis en geta einnig tekið til fleiri eiginleika.
2. Að móta meginstefnu um áherslur í markaðsgæslu og umfang eftirlits með þeim vöruflokkum sem þau bera ábyrgð á.
3. Að taka þátt í samningsgerð Löggildingarstofunnar við skoðunarstofur um eftirlit með þeim vöruflokkum sem undir þau heyra samkvæmt sérlögum og greiða þann kostnað vegna eftirlitsins sem ekki er greiddur af gjöldum skv. 24. gr. og 27. gr. laga þessara.
4. Að taka stjórnvaldsákvarðanir í samræmi við ákvæði V. og VI. kafla laga þessara um málsmeðferð og réttarúrræði eftirlitsstjórnvalda, svo og ákvæði sérlaga er gilda hér á landi um tilteknar vörur eða vöruflokka hverju sinni.
5. Að skoða vöru, taka við kvörtunum eða ábendingum frá einstaklingum eða fyrirtækjum, svo og að afla á skipulegan hátt upplýsinga um vörur á markaði, eftir því sem við getur átt.

16. gr.

Samvinnunefndir.

Löggildingarstofu er heimilt að setja á fót samvinnunefnd um samstarf við önnur eftirlitsstjórnvöld og skoðunarstofur.

Samvinnunefnd fjallar um starfsáætlanir í markaðseftirliti, athugasemdir sem gerðar eru við einstakar vörur og vöruflokka og gerir tillögur til Löggildingarstofu og eftirlitsstjórnvalda sem taka endanlega stjórnvaldsákvörðun samkvæmt lögum þessum.

Að jafnaði skulu þó aldrei starfa fleiri en ein samvinnunefnd á verksviði hvers eftirlitsstjórnvalds en heimilt er þó að ákveða aðra skipan, einkum ef vöruflokkar eru ólíkir. Jafnframt er heimilt að hafa sameiginlega samvinnunefnd tveggja eða fleiri eftirlitsstjórnvalda.

Löggildingarstofa ákveður fjölda fulltrúa í samvinnunefnd. Samvinnunefnd velur formann úr hópi nefndarmanna.

Viðskiptaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um skipan og starfsemi samvinnunefnda.

V. KAFLI
Málsmeðferð eftirlitsstjórnvalds.

17. gr.

Ákvæði þessa kafla eiga við um málsmeðferð sem gilda skal við beitingu réttarúrræða Löggildingarstofu og annarra eftirlitsstjórnvalda.

18. gr.

Eftirlitsstjórnvöld skulu að eigin frumkvæði eða eftir ábendingu taka til meðferðar mál er varða öryggi vöru og heyra undir eftirlit þeirra.

Lögregla skal vera eftirlitsstjórnvöldum til aðstoðar ef nauðsyn krefur vegna rannsóknar mála og við framkvæmd þeirra réttarúrræða sem kveðið er á um í lögum þessum.

19. gr.

Eftirlitsstjórnvöld skulu ávallt gæta þess að málsmeðferð, rannsókn, ákvarðanir og úrskurðir þeirra samkvæmt lögum þessum séu í samræmi við meginreglur stjórnsýslulaga.

Ákvæði stjórnsýslulaga, svo sem um andmælarétt málsaðila, málsmeðferð og töku ákvarðana og uppkvaðningu úrskurða samkvæmt lögum þessum, eiga við eftir því sem við getur átt. Í þeim tilvikum sem eftirlitsstjórnvöld kunna að taka ákvarðanir vegna bráðrar eða yfirvofandi hættu skal stjórnvaldsákvörðun tekin til bráðabirgða.

Endanlega ákvörðun skal eftirlitsstjórnvald taka eins fljótt og unnt er og skal við þá ákvörðun gætt ákvæða stjórnsýslulaga.

Eftirlitsstjórnvöld skulu tilkynna um rökstuddar ákvarðanir sínar svo fljótt sem unnt er ásamt upplýsingum um áfrýjunarleiðir og áfrýjunarfresti.

VI. KAFLI
Réttarúrræði eftirlitsstjórnvalda. Afturköllun og bann við sölu vöru.

20. gr.

Eftirlitsstjórnvald getur bannað sölu eða afhendingu vöru ef vara uppfyllir ekki formleg skilyrði, svo sem um merkingar, leiðbeiningar, vottorð, yfirlýsingar um samræmi eða prófunarskýrslur.

Torveldi framleiðandi eða dreifingaraðili rannsókn eftirlitsstjórnvalda og skoðun vöru eða hefur ekki tiltæk fullnægjandi gögn um öryggi hennar getur eftirlitsstjórnvald bannað sölu eða afhendingu hennar.

Eftirlitsstjórnvald getur, ef rökstuddur grunur leikur á að vara uppfylli ekki reglur sem gilda um öryggi vöru, ákveðið tímabundið bann við sölu eða afhendingu hennar á meðan rannsókn, sem ekki skal standa lengur en fjórar vikur, fer fram. Þó er heimilt að framlengja bannið um allt að fjórar vikur ef sérstakar ástæður vegna rannsóknarinnar krefjast að bannið verði framlengt.

Telji eftirlitsstjórnvald að vara sé sérstaklega hættuleg getur það krafist tafarlausrar afturköllunar allra eintaka vörunnar.

21. gr.

Eftirlitsstjórnvöld skulu banna sölu eða afhendingu vöru ef ljóst þykir að hún uppfylli ekki reglur og kröfur sem gerðar eru um öryggi vöru enda sé ekki unnt að beita öðrum og vægari úrræðum.

22. gr.

Eftirlitsstjórnvaldi er heimilt í tengslum við bann sem það leggur við dreifingu og sölu vöru samkvæmt þessu ákvæði að skylda framleiðendur og dreifingaraðila til að eyðileggja öll eintök vörunnar með öruggum hætti, ef nauðsyn þykir af eðli máls.

Eftirlitsstjórnvaldi er heimilt í tengslum við bann sem það leggur við dreifingu eða sölu vöru samkvæmt þessu ákvæði að skylda framleiðanda eða dreifingaraðila, eftir því sem við getur átt, til að lagfæra vöruna þannig að hún uppfylli settar reglur, afhenda kaupendum sams konar vöru, en hættulausa, eða greiða kaupendum andvirði vörunnar.

Eftirlitsstjórnvald getur jafnframt ákveðið að óheimilt sé að lagfæra vöru eða endurnýta hana á annan hátt ef það telst hættulegt eða varhugavert að mati þess.

23. gr.

Eftirlitsstjórnvald skal, eftir því sem unnt er, hafa samvinnu við framleiðendur eða dreifingaraðila um málsmeðferð, svo sem öflun gagna, skoðun og prófun vöru, svo og undirbúning og töku ákvarðana eins og um stöðvun sölu og afturköllun vöru.

Hafi eftirlitsstjórnvald bannað sölu vöru á grundvelli þess að hún uppfylli ekki öryggiskröfur er framleiðanda og dreifingaraðila heimilt að krefjast þess að varan skuli prófuð af faggiltri prófunarstofu. Slík prófun frestar ekki framkvæmd ákvörðunar eftirlitsstjórnvalds.

Eftirlitsstjórnvaldi ber að endurskoða ákvörðun ef breyttar aðstæður eru fyrir hendi.

Kostnaður vegna skoðunar, dagsektir o.fl.

24. gr.

Framleiðandi eða fulltrúi hans ber kostnað vegna þeirra sýnishorna vöru sem tekin eru til rannsóknar. Að lokinni rannsókn skal sýnishornum skilað eða þau eyðilögð með öruggum hætti eftir atvikum.

Framleiðandi eða fulltrúi hans ber allan kostnað af afturköllun vöru. Sé vara ekki í samræmi við settar reglur skal hann bera þann kostnað sem hlýst af skoðun, rannsókn og prófun, svo og annan kostnað.

25. gr.

Sé fyrirmælum eftirlitsstjórnvalds við framkvæmd laga þessara ekki hlýtt má fylgja þeim eftir með ákvörðun viðkomandi ráðherra um dagsektir sem lagðar skulu á framleiðanda, dreifingaraðila eða fyrirsvarsmenn hans. Slíkar dagsektir mega nema allt að 50.000 krónum á sólarhring samkvæmt nánari ákvörðun viðkomandi ráðherra. Er ákvörðunin aðfararhæf.

Ef mikil hætta er á að vara valdi verulegu tjóni og fyrirmælum eftirlitsstjórnvalds skv. 20. gr. hefur ekki verið hlýtt skal viðkomandi eftirlitsstjórnvald leitast við að koma í veg fyrir tjónið með tiltækum aðgerðum og getur það kvatt til lögreglu sér til aðstoðar í því sambandi.

VII. KAFLI

Almenn ákvæði.

Þagnarskylda og birting upplýsinga.

26. gr.

Starfsmenn skoðunarstofu, Löggildingarstofu og eftirlitsstjórnvalda, eru bundnir þagnarskyldu um atriði er viðskiptaleynd hvílir yfir og fram koma við rannsókn og meðferð máls.

Gjaldtaka.

27. gr.

Heimilt er að leggja sérstakt markaðsgæslugjald á framleiðendur og fulltrúa framleiðanda til að standa straum af greiðslum til skoðunarstofa, kostnaði samvinnunefnda og kostnaði Löggildingarstofunnar vegna almenns vöruöryggis. Gjaldið skal miðast við umfang eftirlits, fjölda vöruflokka og vörueintaka og stöðu vöru í framleiðslu- og dreifingarkeðju, svo og áhættumat. Gjald þetta skal þó aldrei verða hærra en sem nemur 0,1% af framleiðsluverði innlendrar vöru og 0,1% af cif-verði innfluttrar vöru.

Heimilt er að ákveða gjöld skv. 1. mgr. þessarar greinar, svo og gjöld fyrir einstaka þætti í skoðun vöru, með sérstakri gjaldskrá, sem staðfest er af ráðherra. Í gjaldskrá skal kveðið nánar á um innheimtu gjaldsins.

VIII. KAFLI

Gildistaka o.fl.

28. gr.

Framkvæmd laga þessara og almenn mál er varða öryggi vöru, markaðsgæslu og markaðseftirlit heyra undir viðskiptaráðherra.

Dagleg framkvæmd laga þessara er í höndum Löggildingarstofunnar og annarra eftirlitsstjórnvalda.

Viðskiptaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

29. gr.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsa með sektum eða varðhaldi liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum.

30. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 24 frá 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, ásamt síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Frumvarp til laga um öryggi vöru hefur verið í undirbúningi í nokkur ár og var síðast lagt fram frumvarp um þetta efni á 118. löggjafarþingi. Það varð ekki útrætt. Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis beitti sér hins vegar fyrir því að bætt var nýju ákvæði við lög nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, sem gerði ráðherra kleift að setja reglugerð um öryggi leikfanga og hættulegra eftirlíkinga og eftirlit með þeim. Lagasetning um þetta efni var orðin sérstaklega brýn til þess að unnt væri að standa við skuldbindingar samkvæmt EES-samningnum. Á grundvelli sömu lagaheimildar var sett reglugerð um viðskipti með byggingarvörur.

Frumvarp þetta um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu hefur nú verið yfirfarið og hefur verið höfð hliðsjón af tilskipun ráðs Evrópusambandsins (92/59/EBE) um öryggi framleiðsluvöru. Tilskipunin setur nýjar og ítarlegri reglur en áður hafa gilt um þetta efni. Í samræmi við danska löggjöf nær frumvarpið til viðskipta með vöru, svo og þjónustu sem veitt er í tengslum við vöruviðskipti. Svo er hins vegar ekki í tilskipun EB um öryggi framleiðsluvöru. Í frumvarpinu er að finna ítarleg ákvæði um opinbera markaðsgæslu og hlutverk eftirlitsaðila í því sambandi. Enn fremur eru þar ákvæði um málsmeð-

ferð og hvaða réttarúrræðum er unnt að beita ef hætta er á því að vörur, sem geta reynst neytendum hættulegar, berist inn á markaðinn.

Ákvæðum þessa frumvarps, ef að lögum verður, er ætlað að tryggja að til séu almenn lög um öryggi vöru eins og lagt er til í tilskipun ráðs Evrópusambandsins (92/59/EBE). Í gildi eru ýmis sérlög um eftirlit með einstökum vöruflokkum og ýmis sérákvæði um framkvæmd eftirlits með vörutegundum. Ákvæðum þessa frumvarps er ekki ætlað að breyta fyrirkomulagi eftirlits að þessu leyti en skorti ákvæði í sérlög eiga ákvæði þessa frumvarps við, eftir því sem við á.

Reglur um öryggi vöru á Evrópska efnahagssvæðinu.

Frumvarp þetta er samið í tengslum við aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. lög nr. 2/1993. Skv. 23. gr. og II. viðauka EES-samningsins skal samræma löggjöf aðildarríkjanna með tilliti til þeirra krafna sem gerðar eru til margvíslegra vöruflokka. Skv. 72. gr. og XIX. kafla. II. viðauka EES-samningsins skal samræma löggjöf ríkja efnahagssvæðisins á sviði neytendamála. Tilgangur þessarar samræmingar er tvíþættur:

1. að sömu kröfur séu gerðar til vöru í öllum aðildarríkjum EES-samningsins í því skyni að tryggja frjálsa vöruflutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins og koma í veg fyrir tæknilegar viðskiptahindranir,
2. að vörur uppfylli samræmdar kröfur um öryggi, svo að þær valdi ekki hættu fyrir neytendur, heilsutjóni eða skaða á umhverfi,

Segja má að reglur um öryggi vöru á Evrópsku efnahagssvæði séu þrenns konar.

Í fyrsta lagi eru nákvæmar reglur um einstakar vörur eða vöruflokka. Undir þennan flokk fellur fjöldi tilskipana og annarra gerða. Þær byggjast oftast á ítarlegum tæknilegum kröfum og lýsingum og eru því bæði umfangsmiklar og flóknar. Eftirlitskerfi og eftirlitsaðferðir, sem gert er ráð fyrir í gerðunum, eru af ýmsu tagi og samræming er takmörkuð. Oft hefur tekið mjög langan tíma að semja þessar tilskipanir og aðildarríki EB hafa þurft að samþykkja þær samhljóða.

Í öðru lagi eru tilskipanir samkvæmt hinni „nýju aðferð“ („New Approach“). Vegna þess hve ákvarðanataka við setningu tilskipana var seinvirk var í tengslum við undirbúning innri markaðar EB ákveðið að taka upp „nýja aðferð“ við gerð og setningu tilskipana. Meginþættir aðferðarinnar eru að aðeins eru settar grundvallarkröfur vegna heilbrigðis, öryggis og umhverfis en um allar tæknilegar kröfur er vísað til staðla. Hægt er að samþykkja tilskipanirnar með auknum meiri hluta og því er ákvarðanataka skjótvirkari.

Gerðar eru samræmdar kröfur um eftirlit í öllum tilskipunum. Samkvæmt svonefndri einingaaðferð eru skilgreindar átta aðferðir sem framleiðendur geta notað til að sýna fram á að vara uppfylli settar reglur. Þessar aðferðir geta verið yfirlýsing framleiðanda, prófun, vottun, gæðastjórnun við framleiðslu o.fl. Í sérhverri tilskipun er gerð krafa um að framleiðendur noti eina eða fleiri af þessum aðferðum. Gerðar eru sömu kröfur til eftirlitsaðila (prófunarstofa, vottunarstofa og skoðunarstofa) í öllum ríkjunum og skulu þeir vera faggiltir. Allar vörur sem falla undir tilskipanirnar skulu merktar með svonefndu CE-merki sem staðfestir að vara uppfylli ákvæði viðkomandi tilskipunar.

Auk þeirra krafna sem gerðar eru til framleiðenda eru gerðar kröfur um að opinber stjórnvöld í hverju ríki standi fyrir eftirliti með vörunum á markaði. Þau skulu fylgjast með að vörur á markaði uppfylli sett skilyrði (séu merktar með CE-merki) og séu óruggar. Finnist hættulegar vörur skal banna þær og senda tilkynningar um það til stofnana Evrópska efnahagssvæðisins (framkvæmdastjórnar EB og eftirlitsstofnunar EFTA).

Ef rannsókn þessara aðila staðfestir úrskurð einstakra ríkja skal vara tekin af markaði á öllu svæðinu.

Í þriðja lagi er um að ræða almenna tilskipun um öryggi vöru. Ekki er ætlunin að sérhæfðar tilskipanir verði settar um alla vöruflokka, enda er slíkt tæpast mögulegt. Því hefur verið talið nauðsynlegt að hafa almennt eftirlit með öryggi vöru og setja almennar öryggisreglur sem verða að gilda um allar vörur. Margir vöruflokkar eru þess eðlis að þó að hætta af þeim sé í sjálfu sér takmörkuð er ekki hægt að útiloka að einstakar vörur geti verið hættulegar. Auk þess koma sífellt nýjar vörur á markað og um þær þurfa að gilda almennar öryggisreglur. Því samþykkti EB-ráðið 29. júní 1992 tilskipun um öryggi framleiðsluvöru (92/59/EBE). Tilskipunin á að taka gildi 29. júní 1994 í Evrópubandalaginu og 1. júlí 1994 í öðrum aðildarríkjum EES.

Tilgangur laganna.

Tilgangur með lagafrumvarpinu er þríþættur:

1. að setja almenn lög um öryggi vöru,
2. að mynda lagalegan grunn fyrir tilskipanir um öryggi vöru sem ekki falla undir sérlög,
3. að setja í lög ákvæði um opinbera markaðsgæslu í samræmi við eftirlitsreglur samkvæmt nýju aðferðinni og almenna tilskipun um öryggi framleiðsluvöru.

Almenn ákvæði um öryggi vöru.

Hér á landi hafa ekki verið í gildi sérstök lög um öryggi vöru. Hins vegar hafa ákvæði laga nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, náð til þess að hluta og gilda þau enn. Í athugasemdum með frumvarpi til þeirra laga segir að þau séu sett til þess að „ekki séu hafðar á boðstólum eða seldar sviknar matvörur og aðrar neyslu- og nauðsynjavörur er fyrir það skorti aðallega hollustu eða séu beinlínis skaðlegar heilbrigði manna, enda megi svo heita að til þessa hafi hér á landi ekkert opinbert eftirlit verið haft með slíku". Frá gildistöku þeirra laga hafa þeir aðilar hér á landi sem annast hafa matvælaeftirlit jafnframt sinnt í einhverjum mæli eftirliti með öðrum neyslu- og nauðsynjavörum hvað öryggi snertir. Hins vegar er nú þörf á miklu víðtækari heimildum í lögum til þess að sinna þessu hlutverki á þann hátt sem aðstæður á markaði krefjast.

Í tengslum við endurskoðun matvælalaga, sbr. nú lög nr. 93/1995, svo og samningu þessa frumvarps, er gert ráð fyrir að fyrrnefnd lög, nr. 24/1936, verði felld úr gildi. Nauðsynlegt var því að setja sérstakar reglur um öryggi annarrar vöru en matvæla. Í því efni er að sjálfsögðu eðlilegt að litið sé til tilskipunar EB um öryggi framleiðsluvöru enda er hún í viðbótarpakka vegna EES sem gildi tók 1. júlí 1994. Ákvæði hennar þarf því að taka í íslenskan rétt. Þess má geta að á undanförnum árum hafa verið lögfest almenn lög í öðrum EES-ríkjum um öryggi vöru.

Aðrar reglur um öryggi vöru.

Auk almennra ákvæða um öryggi vöru er sértæk ákvæði um einstaka vöruflokka að finna í mörgum lögum hér á landi. Ábyrgð á framkvæmd laganna er í höndum ýmissa stjórnvalda sem hvert um sig ber ábyrgð á eftirliti með tilteknum vöruflokkum. Sem dæmi um vöruflokka sem fullnægja þurfa lögboðnum lágmarkskröfum um öryggi vöru samkvæmt ákvæðum núgildandi laga hér á landi má nefna eftirfarandi:

Vöruflokkur	Stjórnvald	Lög
1. Vélar, vinnuvélar, katlar, þrýstikútar o.fl.	Vinnueftirlit ríkisins.	Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980.
2. Eiturefni.	Heilbrigis- og tryggingamálaráðuneyti og eiturefnanefnd.	Lög um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988.
3. Matvæli og aðrar neysluvörur.	Hollustuvernd ríkisins.	Lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, og lög um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, nr. 24/1936.
4. Búnaður sem gefur frá sér jónandi geisla (m.a. örbylgjuofnar og lækningatæki).	Geislavarnir ríkisins.	Lög um geislavarnir, nr. 117/1985.
5. Ökutæki, barnabílstólar, hjólreiðahjálmar o.fl.	Dómsmálaráðuneyti.	Umferðarlög, nr. 50/1987.
6. Byggingarvörur.	Umhverfisráðuneyti, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.	Lög um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, og byggingarreglugerð sett skv. byggingarlögum, nr. 54/1984.
7. Notendabúnaður síma- og fjarskiptakerfis.	Fjarskiptaeftirlit ríkisins.	Fjarskiptalög nr. 73/1984, sbr. lög nr. 32/1993.
8. Skotvopn, sprengiefni og skoteldar.	Dómsmálaráðuneytið.	Lög um skotvopn, sprengiefni og skotelda, nr. 46/1977.
9. Rafföng.	Rafmagnseftirlit ríkisins.	Lög um Rafmagnseftirlit ríkisins, nr. 60/1979.
10. Vogir og önnur mælitæki.	Löggildingarstofan.	Lög um vog, mál og faggildingu, nr. 100/1992.

Samkvæmt þessum lögum hafa stjórnvöld ýmist heimild til eða er gert skylt að hafa eftirlit með vörum á markaði. Ákvæði um það hvernig eftirlitið fer fram eru í flestum tilfellum mjög takmörkuð.

Ákvæði um eftirlit með vörum á markaði er að finna í mörgum tilskipunum sem samkvæmt EES-samningnum ber að festa í íslenskum rétti. Mikilvægastar eru tilskipanir samkvæmt hinni nýju aðferð, hér á eftir nefndar nýtilskipanir. Sem dæmi um þær má nefna:

1. Tilskipun um notendabúnað til fjarskipta.
2. Tilskipun um leikföng.
3. Tilskipun um einföld þrýstihylki.
4. Tilskipun um ósjálfvirkan vogarbúnað.
5. Tilskipun um rafföng sem notuð eru innan ákveðinna spennumarka.
6. Tilskipun um tæki sem orsaka segulsvið.
7. Tilskipun um ígræðanleg lækningatæki.

8. Tilskipun um búnað véla.
9. Tilskipun um tæki sem brenna gasi.

Einnig má nefna tilskipun EB-ráðsins frá 25. júní 1987 (87/357/EBE) um vörur sem reynst gætu hættulegar heilsu og öryggi neytenda þar eð þær virðast aðrar en þær eru, oft nefndar hættulegar eftirlíkingar.

Að auki eru væntanlegar nýaðferðartilskipanir um fleiri vöruflokka. Meðal annars má nefna:

1. Tilskipun um lyftur og lyftubúnað.
2. Tilskipun um lækningatæki.
3. Tilskipun um bólstruð húsgögn.
4. Tilskipun um tæki á leikvöllum.
5. Tilskipun um tæki í skemmtigörðum.
6. Tilskipun um búnað skipa.
7. Tilskipun um togbrautabúnað.
8. Tilskipun um sjúkdómsgreiningarbúnað.
9. Tilskipun um þrýstigeyma.
10. Tilskipun um vélar.
11. Tilskipun um skemmtibáta.

Í nokkrum tilvikum er þegar kveðið á um öryggi framangreindra vöruflokka og eftirlit með þeim í gildandi lögum (t.d. notendabúnaðar til fjarskipta og raffanga) en í öðrum tilvikum skortir lagaheimildir. Þetta á t.d. við um leikföng. Það hefur valdið því að ekki hefur reynst unnt að hrinda í framkvæmd ákvæðum EES-samningsins er lúta að öryggi leikfanga þótt Ísland hafi verið skuldbundið til þess þegar við gildistöku samningsins 1. janúar 1994.

Með frumvarpi þessu er lagt til að úr þessu verði bætt þannig að viðskiptaráðherra verði falið að setja fram kröfur um öryggi vöru í þeim tilvikum þegar ekki er sérstaklega kveðið á um slíkt í öðrum lögum.

Ákvæði um opinbera markaðsgæslu.

Með gagnkvæmri viðurkenningu á vottunum og prófunum á Evrópska efnahagssvæðinu fellur niður það eftirlit sem haft hefur verið með vöru í einstökum ríkjum áður en hún kemur á markað. Slíkt eftirlit hefur gjarnan verið við landamæri aðildarríkjanna eða falist í endurprófunum og vottunum í einstökum ríkjum. Í stað þessa eftirlits er nauðsynlegt að haft sé eftirlit á markaði með því að varan uppfylli sett skilyrði og gildandi öryggiskröfur.

Í núgildandi lögum eru mjög takmörkuð ákvæði um hvernig staðið skuli að eftirliti á markaði, þ.e. hvernig eftirlit skuli framkvæmt og hvaða aðgerða stjórnvöld geti gripið til í einstökum tilfellum. Ákvæðin eru ekki í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til markaðsgæslu samkvæmt nýaðferðartilskipunum. Oft er um að ræða óljósa heimild eða skyldu til að hafa eftirlit með því að vörur á markaði séu öruggar. Framkvæmdin er síðan útfærð í reglugerðum eða í ákvörðunum viðkomandi stjórnvalds.

Við núverandi aðstæður er öryggi í raun takmarkað þar sem ekki er unnið með skipulögðum hætti að eftirliti með vörum á markaði. Mikil hætta er á að falboðnar séu vörur sem ekki uppfylla settar reglur um öryggi. Í skýrum reglum felst einnig réttarbót fyrir þá aðila sem framleiða, flytja inn og selja vörur. Ljóst verður hvaða kröfur eru gerðar til þeirra og eftirlit opinberra aðila lýtur skilgreindum reglum. Aðgerðir, t.d. bann við sölu á vöru, verða að byggja á fullnægjandi rannsókn.

Eins og áður er nefnt er í mörgum tilskipunum gerð krafa um að einstök ríki komi á fót opinberri markaðsgæslu og því þykir nauðsynlegt að settar séu skýrar reglur um hana hér á landi. Opinber markaðsgæsla skiptist í markaðseftirlit annars vegar og stjórnvaldsaðgerðir gegn brotum hins vegar.

Markaðseftirlit byggist á markaðsskoðunum, þ.e. vörur eru skoðaðar á markaði af hæfum aðila. Skoðanir geta verið úrtaksskoðanir eða skoðanir vegna sérstaks átaks og ábendinga. Sá aðili sem annast markaðseftirlit tekur á móti ábendingum frá almenningi og öðrum aðilum um vöru sem grunur leikur á að uppfylli ekki settar reglur. Skoðunaraðili skoðar vöru, metur hvort hún uppfyllir forkröfur um merkingar og leiðbeiningar og hvort hún uppfyllir settar öryggiskröfur.

Stjórnvaldsaðgerðir geta verið af ýmsu tagi. Stjórnvöld geta veitt leiðbeiningar, komið með ábendingar um úrbætur eða tekið ákvarðanir, svo sem bannað sölu vöru annaðhvort tímabundið eða varanlega eða krafist innköllunar vörunnar af markaði og frá neytendum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að markaðseftirliti verði sinnt af óháðum faggiltum skoðunarstofum, einni eða fleiri. Gert er ráð fyrir að skoðunarstofur verði í flestum tilfellum reknar af einkaaðilum. Kostir þess að skoðunarstofur vinni að markaðseftirliti fremur en hefðbundnar opinberar stofnanir eru margvíslegir.

Nauðsynlegt er að skoðunaraðili sé faglega hæfur. Með faggildingu er tryggt að skoðunarstofa hafi á að skipa faglegri hæfni til að annast markaðseftirlit. Þetta er sérstaklega mikilvægt þar sem ekki verður mögulegt að koma upp prófunarstofum á þeim fjölmörgu sviðum sem eftirlit beinist að.

Með því að fela skoðunarstofu markaðseftirlit eru hefðbundin stjórnsýsluverkefni skilin frá framkvæmd eftirlits. Náin tengsl stjórnsýslu og eftirlits eru óæskileg. Í eftirliti fer fram margháttað tæknilegt mat. Óheppilegt er að aðili, sem tekur ákvarðanir, beri beina ábyrgð á hinu tæknilega mati og mikilvægt er að skýr skil séu milli tæknilegs mats og stjórnsýsluákvarðana. Að sjálfsögðu er í nokkrum mæli hægt að skilja þessa þætti að innan opinberra stofnana en reynslan sýnir að í fámennum stofnunum eins og á Íslandi er slíkur aðskilnaður yfirleitt vandkvæðum bundinn.

Skoðunarstofa þarf ekki aðeins að sýna fram á hæfni, heldur einnig að unnið sé eftir skýrum og skjalfestum reglum og gætt hlutleysis og jafnræðis í markaðseftirliti.

Sama skoðunarstofan getur unnið að markaðseftirliti fyrir mörg stjórnvöld. Með því fæst mikilvæg samþætting eftirlits með ýmsum vöruflokkum. Það segir sig sjálft að engin skynsemi er í því að margar stofnanir hafi eftirlitsmenn á sínum vegum sem hafa meira og minna eftirlit með vörum hjá sömu aðilum. Með samþættingu má lækka kostnað og einfalda mjög öll samskipti stjórnvalda og seljenda almennrar neysluvöru.

Þess skal getið í þessu sambandi að viðskiptaráðuneytið gerði síðari hluta ársins 1992 samning við Bifreiðaskoðun Íslands hf. um þróunarverkefni á sviði markaðseftirlits með rafföngum. Þetta verkefni hefur gengið að óskum og að mati ráðuneytisins liggur nú að mestu ljóst fyrir hvaða verklagsreglum þurfi að fylgja við markaðseftirlit, hvernig háttað skuli verksamningum við þá aðila sem taka að sér markaðseftirlit og hvernig skipuleggja skuli samstarf stjórnvalds og skoðunarstofu.

Gert er ráð fyrir því að samstarf stjórnvalds og skoðunarstofu fari fram í sérstakri samvinnunefnd. Þar er fjallað um starfsáætlanir og áherslur í eftirliti, rætt um athugasemdir sem gerðar eru um einstakar vörur og tillögur gerðar til stjórnvalds um aðgerðir. Stjórnvald tekur í öllum tilfellum endanlega ákvörðun um aðgerðir.

Verkaskipting stjórnvalda.

Þegar setja á almenn lög á sviði þar sem fyrir eru mörg sérlög þarf að ákveða hvar mörkin milli sérlaga og almennra laga eiga að liggja. Í þessu tilfelli þarf að móta hvaða þættir varðandi öryggi vöru eiga að vera í höndum Löggildingarstofunnar og hvaða þættir eiga að vera í höndum annarra stjórnvalda. Við undirbúning frumvarpsins voru nokkrar leiðir kannaðar.

Einfaldasta leiðin er e.t.v. að allt eftirlit með öryggi almenns neysluvarnings sé á ábyrgð sama aðila. Þessi aðferð hefur ýmsa kosti, svo sem samhæfingu og möguleika á hagkvæmni í eftirliti. Gallar hennar eru að hætt er við að farið verði á mis við mikilvæga sérþekkingu einstakra stjórnvalda sem þau hafa hvert á sínu sviði. Auk þess er ábyrgð þeirra á tilteknum vöruflokkum oft tengd öðrum viðfangsefnum þeirra.

Í frumvarpinu er því farin sú leið að eftirliti mun sinnt af þeim stjórnvöldum sem fyrir eru en Löggildingarstofunni verður falið almennt eftirlit með vöruöryggi þar sem engin sérlög eru til sem kveða á um eftirlit.

Ljóst er að þörf fyrir samhæfingu er af ýmsu tagi. Mikilvægt er að markaðseftirlit sé framkvæmt eftir samræmdum reglum og að reglurnar séu túlkaðar á samræmdan hátt. Í mörgum tilfellum er ekki ljóst undir hvaða stjórnvald tiltekin vara fellur og í öðrum tilvikum fellur vara undir fleiri en eitt stjórnvald. Einhver aðili verður að skera úr þegar ábyrgð skarast og samræma aðgerðir stjórnvalda í slíkum tilvikum. Samkvæmt tilskipun um öryggi framleiðsluvöru er gert ráð fyrir að einn aðili annist samskipti við stofnanir EES vegna skipta á upplýsingum um hættulegar vörur. Því er nauðsynlegt að hér á landi sé einn aðili sem hefur yfirumsjón með eftirliti með öryggi vöru. Auk þess má nefna að það eru augljósir hagsmunir þeirra sem framleiða, dreifa og selja vöru að einn aðili beri ábyrgð á öllu markaðseftirliti.

Eins og að framan greinir er mikil hagkvæmni fólgin í því að samþætta markaðseftirlit. Eitt samræmt eftirlitskerfi starfar í stað margra ósamhæfðra. Óskynsamlegt er að margir eftirlitsaðilar hafi eftirlit með sömu versluninni. Með samþættu eftirliti má ná mun meiri árangri fyrir minna fé.

Í ljósi þessa er gert ráð fyrir að tekin verði upp ákveðin verkaskipting milli Löggildingarstofunnar og ráðuneyta eða stofnana sem bera ábyrgð á eftirliti vöru samkvæmt sérlögum (nefnd eftirlitsstjórnvöld í frumvarpinu). Verkaskiptingin er í stuttu máli sú að eftirlitsstjórnvöld (og viðkomandi ráðuneyti) setja reglur um þá vöruflokka sem undir þau heyra, móta meginstefnu um áherslur í markaðseftirliti, taka ákvarðanir um umfang eftirlits og fella úrskurði í einstökum málum.

Löggildingarstofan annast heildarskipulag opinberrar markaðsgæslu, annast eftirlit með vöru í samvinnu við önnur stjórnvöld, er eftirlitsstjórnvald leiki vafi á því hvort vöruflokkur falli undir eftirlit samkvæmt ákvæðum sérlaga og sér um samhæfingu þegar vara heyrir undir fleiri en eitt eftirlitsstjórnvald. Löggildingarstofan er eftirlitsstjórnvald fyrir þá vöruflokka sem ekki eru á ábyrgð annarra eftirlitsstjórnvalda samkvæmt sérlögum. Samningsgerð við skoðunarstofur annast eftirlitsstjórnvöld og Löggildingarstofan í sameiningu. Samvinna Löggildingarstofunnar, eftirlitsstjórnvalds og skoðunarstofu fer fyrst og fremst fram í samvinnunefnd.

Kostnaður og fjármögnun.

Fjármögnun markaðseftirlits er nokkrum vandkvæðum bundin. Með niðurfellingu tæknilegra viðskiptahindrana næst umtalsverður sparnaður fyrir framleiðendur og innflytjendur og kostnaður við markaðseftirlit mun aðeins nema hluta af þessum sparnaði.

Eftirlit með vöru á markaði er að vissu leyti eðlilegur kostnaðarþáttur vöru og því eðlilegt að kostnaðurinn komi að sem mestu leyti fram í verði vöru sem er þess eðlis að eftirlit með henni er talið nauðsynlegt. Að auki virðast engin rök hníga að því að kostnaður við markaðseftirlit sé borinn af hefðbundnum skatttekjum ríkissjóðs. Kannaðar hafa verið leiðir til að leggja gjald á þær vörur sem haft verður eftirlit með. Þessi leið er ekki fær þar sem ekki er hægt að finna gjaldstofn sem hentar til þess. Lagt er til að fjármögnun markaðseftirlits verði einkum með þrennu móti:

1. Gert er ráð fyrir að þeir aðilar sem bera ábyrgð á vöru sem ekki er samkvæmt settum reglum greiði þann kostnað sem hlýst af skoðun, prófun og öðrum nauðsynlegum þáttum vegna rannsóknar og aðgerða eftirlitsstjórnvalds.
2. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að innheimta sérstakt markaðseftirlitsgjald sem lagt verði á þá aðila sem framleiða, dreifa og selja þær vörur sem eftirlit er haft með. Gjaldið verður breytilegt eftir því hve umsvif hvers aðila eru mikil og eftir skoðanatíðni sem m.a. ræðst af niðurstöðum fyrri skoðana hjá viðkomandi aðila. Til að byrja með er áætlað að aflað verði um 20 m.kr. með þessum hætti og að gjaldið geti verið frá nokkrum þúsundum króna til nokkurra tuga þúsunda króna á hvern aðila. Þessu gjaldi er einkum ætlað að standa undir kostnaði vegna þeirra vöruflokka sem nú er ekki haft eftirlit með. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að gjaldtaka geti aldrei numið hærri fjárhæð en sem nemur 0,1% af framleiðsluverði innlendrar vöru eða 0,1% af cif-verði innfluttrar vöru.
3. Þá er einnig gert ráð fyrir því að eftirlitsstjórnvöld greiði þann kostnað sem ekki er greiddur af gjöldum vegna markaðseftirlits. Eftirlitsstjórnvöld eiga nú þegar að hafa eftirlit með vörum á markaði og geta því með núverandi fjárveitingum staðið fyrir markaðseftirliti. Hversu mikið eftirlitsstjórnvöld leggja til markaðseftirlits fer að sjálfsögðu eftir forgangsröðun þeirra og áherslum.

Auk beins kostnaðar opinberra aðila mun nokkur kostnaður lenda á fyrirtækjum. Erfitt er að meta hversu hár slíkur kostnaður er, en hann ætti ekki að vera umtalsverður. Vert er að vekja athygli á því að sá kostnaður, sem hér er gert ráð fyrir að lagt verði í, er bein afleiðing af skuldbindingum okkar samkvæmt EES-samningnum og er hluti af áætlun sem ætlað er að draga úr kostnaði fyrirtækja við að koma vörum á markað. Þá er einnig rétt að minna á að markaðseftirlit er í eðli sínu fyrirbyggjandi starfsemi. Ekki þarf að koma í veg fyrir mörg slys á ári til að kostnaður við markaðseftirlit sparist í heilbrigðiskerfinu og annars staðar í þjóðfélaginu, en ákvæðum þessa frumvarps, ef að lögum verður, er einmitt ætlað að hafa varnaðaráhrif þannig að ekki þurfi að koma til þess að lögum nr. 25/1992, um skaðsemisábyrgð, verði beitt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að lögin nái bæði til vöru og þjónustu sem veitt er í tengslum við viðskipti. Oft og tíðum eru skilin milli vöru og þjónustu óglögg og því þykir ekki rétt að afmarka gildissvið laganna við vöru eingöngu. Gott dæmi um tengsl vöru og þjónustu eru viðgerðir. Það skiptir miklu máli fyrir öryggi þeirrar vöru sem í hlut á að varahlutir séu í lagi og að viðgerðarþjónusta sé það einnig. Því þykir eðlilegt að spyrða þetta tvennt saman. Lögin ná hins vegar ekki til þjónustu sem veitt er ein og sér, t.d. bankaþjónustu og rekstrarráðgjafar. Rétt er að taka fram að í tilskipun EB um öryggi framleiðsluvöru frá 1992 (59/92/EBE) er eingöngu fjallað um vöru en ekki þjónustu.

Lagt er til að lögin nái jafnt til öryggis vara sem seldar eru hér á landi og vara sem settar eru á markað á Evrópska efnahagssvæðinu af aðilum sem hér hafa staðfestu í skilningi samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993. Gera verður ráð fyrir að vörur sem hér eru framleiddar geti einnig farið á markað í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins enda um sameiginlegan markað að ræða. Verður því að gera sömu kröfur til útfluttra vara og þeirra sem ætlaðar eru fyrir innlendan markað.

Ekki er gert ráð fyrir að lögin nái til matvæla eða lyfja. Um lyf gilda mjög sérhæfðar reglur og eftirlit með þeim er mun nákvæmara en það eftirlit sem lög þessi mæla fyrir um. Á 119. löggjafarþingi voru samþykkt ný almenn lög um matvæli, sbr. lög nr. 93 frá 28. júní 1995, og því þykir ekki þörf á að ákvæði þessara laga taki til matvæla. Eftirlit með matvælum á markaði er í höndum heilbrigðisfulltrúa og ekki er ástæða til að breyta því fyrirkomulagi með þessu frumvarpi.

Þá er heldur ekki gert ráð fyrir að lögin nái til vöru sem nær eingögnu er notuð í atvinnurekstri. Í þessu felst að hráefni, tæki og aðrar vörur sem eru framleidd og seld til nota í atvinnurekstri og nær eingöngu notuð þar falla ekki undir gildissvið laganna. Slíkar vörur falla þá einungis undir sérlöggjöf eftir því sem við á, t.d. lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og lög um eftirlit með skipum. Ef vara er hins vegar bæði notuð í atvinnurekstri og af neytendum fellur hún undir gildissvið laganna. Þetta á t.d. við um skrifstofuhúsgögn, almennan tölvubúnað, handverkfæri, byggingarvörur og bifreiðar. Vert er að vekja athygli á því að skv. 2. gr. frumvarpsins taka lögin einnig til leigu og annarra afnota vöru. Lögin ná þannig til vöru sem notuð er í atvinnurekstri ef hún er leigð neytendum eða ef þeir nota hana á annan hátt í tengslum við viðskipti við eiganda hennar.

Um 2. gr.

Framleiðendum og dreifingaraðilum er skylt að stuðla að því í samræmi við góðar viðskiptavenjur að einungis séu markaðssettar öruggar vörur, sbr. 1. mgr.

Hér er fjallað um þá meginreglu að vörur, sem ætlaðar eru til hvers konar sölu, leigu eða annarrar afhendingar á markaði í atvinnuskyni, verði að fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra vegna almannahagsmuna í reglugerðum eða viðurkenndum stöðlum um öryggi og vernd heilsu og umhverfis. Í 2. mgr. er ákvæði um að komið skuli á fót opinberri markaðsgæslu sem er nauðsynleg forsenda þess að farið verði að settum reglum um öryggi vöru.

Um 3.–4. gr.

Nauðsynlegt er að engin tvímæli séu um til hvaða hluta ákvæðum þessa frumvarps er ætlað að ná en eins og fram kemur í 3. gr. tekur hugtakið vara til alls kyns lausafjármuna. Í daglegu máli er yfirleitt notað orðið framleiðsluvörur og er ljóst að sú orðanotkun fellur undir vöruhugtakið. Í 4. gr. er skilgreint til hverra hugtökin „framleiðandi“ og „dreifingaraðili“ taka. Í greininni er byggt á hugtökum sem er að finna í tilskipun ráðsins 92/59/EBE frá 29. júní 1992 um öryggi framleiðsluvöru. Mikilvægt er að enginn vafi leiki á því til hverra lögum þessum er ætlað að taka. Af greininni má ráða að undir hugtakið framleiðandi falla allir framleiðendur sem staðfestu hafa hér á landi eða annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu. Lög þessi, svo og ákvæði tilskipunar ráðsins 92/59/EBE um öryggi vöru, ná ekki til annarra framleiðenda en þeirra sem hafa staðfestu á hinu Evrópska efnahagssvæði. Fyrir framleiðanda sem staðfestu hefur utan þess gilda ákvæði þessa frumvarps um fulltrúa hans, sbr. nánar ákvæði 4. gr. Dreifingaraðili

telst vera sérhver sá sem stundar starfsemi í aðfangakeðjunni en hefur ekki með starfsemi sinni nein áhrif á öryggiseiginleika vörunnar.

Um 5. gr.

Opinber markaðsgæsla er í höndum Löggildingarstofu og annarra eftirlitsstjórnvalda, en eins og getur í 1. mgr. er hér átt við þá starfsemi stjórnvalda að tryggja að vörur á markaði uppfylli settar reglur um öryggi vöru. Greina má opinbera markaðsgæslu í tvennt, þ.e. annars vegar markaðseftirlit og hins vegar heimild og skyldu stjórnvalda til að taka ákvarðanir eða gera ráðstafanir, lögum samkvæmt. Nánar vísast til 14. og 15. gr. frumvarpsins um hlutverk stjórnvalda að þessu leyti.

Í 2. mgr. er útskýrt hvað átt er við með markaðseftirliti en fyrst og fremst er átt við skoðun og rannsókn á vörum og skipulega öflun upplýsinga um öryggi vöru. Við framkvæmd markaðseftirlits er skylt að taka við ábendingum og kvörtunum yfir vörum sem taldar eru hættulegar.

Um 6. gr.

Í þessari grein er útskýrt hugtakið eftirlitsstjórnvöld. Eins og getið hefur verið um í almennum athugasemdum með frumvarpinu eru í gildi í ýmsum lögum sértæk ákvæði um einstaka vöruflokka. Ábyrgð á framkvæmd slíkra laga er í höndum ýmissa stjórnvalda sem hvert um sig ber ábyrgð á eftirliti með nefndum vöruflokkum í samræmi við slík sérlög hverju sinni og vísast nánar um þetta atriði til athugasemda og töflu í almennum athugasemdum við þetta frumvarp. Með frumvarpi þessu er stefnt að setningu almennrar löggjafar um öryggi vöru sem tekur til vöruflokka sem engin sérlög eru til um. Í frumvarpinu er lagt til að Löggildingarstofunni verði falið að vera eftirlitsstjórnvald með þeirri almennu löggjöf um vöruöryggi sem tillaga er gerð um í frumvarpinu. Nánar er kveðið á um hlutverk viðeigandi eftirlitsstjórnvalda í 14. og 15. gr. þessa frumvarps.

Um 7. gr.

Löggildingarstofan, er starfar samkvæmt lögum nr. 100/1992, ásamt síðari breytingum, annast faggildingu óháðra skoðunarstofa, sbr. reglugerð nr. 346/1993 um þetta efni. Löggildingarstofan annast einnig samningsgerð við faggiltar stofur, þar með talda gerð útboða um markaðseftirlit þeirra en semur auk þess nánari skilmála um framkvæmd eftirlitsins, svo sem greiðslu kostnaðar, tímalengd samnings og önnur atriði sem máli kunna að skipta. Þessir aðilar koma á sinn hátt til liðs við Löggildingarstofuna og önnur eftirlitsstjórnvöld við markaðseftirlitið, sbr. nánar um það í IV. kafla frumvarpsins um markaðseftirlit og markaðsgæslu.

Um 8.–10. gr.

Í 8.–10. gr. er að finna ákvæði um með hvaða hætti metið skuli hvort vara telst örugg. Ljóst er að vara getur ekki talist vera varasöm eða hættuleg ef hún er ekki notuð á eðlilegan eða réttan hátt. Einstaklingar og eignir þeirra njóta verndar samkvæmt ákvæði 8. gr. og við mat á öryggi vöru skal fylgt þeim viðurkenndu stöðlum sem í gildi eru hverju sinni. Vörur, sem uppfylla allar lágmarkskröfur um öryggi sem gerðar eru á hverjum tíma, geta verið misjafnlega öruggar. Vara verður þó aldrei talin verða hættuleg við það eitt að á markaði séu til aðrar vörur sem telja má að séu á einhvern hátt öruggari.

Í 9. gr. kemur fram að framleiðsluvörur, sem framleiddar eru í samræmi við gildandi staðla eða venjur sem um framleiðsluna gilda hverju sinni, teljast almennt öruggar vörur.

Eins og áður hefur komið fram í athugasemdum við frumvarpið er ekki ætlunin að breyting verði á verkaskiptingu ráðuneyta varðandi setningu reglna um öryggi vöru verði frumvarp þetta að lögum. Þvert á móti er gert ráð fyrir því að viðskiptaráðherra setji aðeins fram kröfur um öryggi vöru ef öðrum er ekki falið það verkefni með lögum. Í 10. gr. er þannig lagt til að ráðherra hafi heimild til að setja reglugerðir um öryggi vöru þegar sérlögum er ekki til að dreifa. Þannig mun t.d. setning reglna um öryggi barnabílstóla áfram heyra undir dómsmálaráðuneytið á grundvelli umferðarlaga en hins vegar mun viðskiptaráðherra setja reglur um öryggi leikfanga á grundvelli ákvæða í þessu frumvarpi.

Skv. 10. gr. er ráðherra heimilað að kveða í reglugerð á um kröfur sem gerðar eru til öruggrar vöru, aðferðir til að sýna fram á öryggi hennar og merkingar og leiðbeiningar sem vöru eiga að fylgja. Í slíkri reglugerð er heimilt að vísa til viðurkenndra staðla um öryggi vöru sem ætlað er að gilda á sameiginlegum markaði EES-ríkja. Slíkir staðlar eru jafnóðum gerðir að íslenskum stöðlum, sbr. lög nr. 97/1992, um staðla, og athugasemdir við frumvarp til þeirra laga sem lagt var fram á 116. löggjafarþingi.

Um 11. gr.

Hér er fjallað um hvaða aðilar skuli hverju sinni gæta þess að hættulegar vörur berist ekki á markaðinn. Frumskyldan til eftirlits hvílir hjá stjórnvöldum, sbr. 1. og 2. mgr. þessarar greinar. Löggildingarstofan og önnur eftirlitsstjórnvöld fara með opinbera markaðsgæslu samkvæmt lögum þessum. Með opinberri markaðsgæslu er átt við markaðsgæsluhlutverk stjórnvalda eins og því er lýst í 13. og 14. gr. þessa frumvarps. Í því felst jafnframt eins og tekið er fram í greininni að framangreind stjórnvöld taka stjórnvaldsákvarðanir sem heimilaðar eru í lögum. Stjórnvaldsákvarðanir, sem hér um ræðir, eru ákvarðanir um að ekki séu markaðssettar hættulegar vörur og geta stjórnvöld gripið til ýmissa réttarúrræða til að tryggja að markmið laga náist að þessu leyti. Nefna má að stjórnvöld geta lagt bann við sölu eða afhendingu vöru uppfylli hún ekki kröfur um öryggi vöru samkvæmt ákvæðum sérlaga eða reglum sem er að finna í frumvarpi þessu eða ef formlegar upplýsingar um vöru liggja ekki fyrir, t.d. ef vottorð um að varan sé í samræmi við staðla liggur ekki fyrir eða upplýsingum sem fylgja eiga vöru er að öðru leyti ábótavant. Nánar er fjallað um þessar stjórnvaldsákvarðanir í V. og VI. kafla frumvarpsins.

Markaðseftirlit er heimilt að fela skoðunarstofum, sbr. ákvæði 13. gr. frumvarpsins. Stjórnvöldum er heimilt að faggilda aðila til að athuga öryggi vöru. Með faggildingu er átt við formlega viðurkenningu er stjórnvöld veita á því að aðili teljist hæfur til að vinna nánar tilgreind verkefni sem faggildingin tekur til, þar á meðal að skoða á vöru o.s.frv. Yfirleitt er faggilding veitt aðilum til að annast skoðun á nánar tilgreindum vöruflokkum eða vörutegundum. Um þetta efni vísast nánar til ákvæða laga nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, svo og reglugerða samkvæmt þeim lögum, sbr. reglugerð nr. 346/1993 um starfsemi faggiltra óháðra skoðunarstofa, reglugerð nr. 350/1993 um starfsemi faggiltra vottunarstofa og reglugerð nr. 351/1993 um starfsemi faggiltra prófunarstofa.

Um 12. gr.

Í 12. gr. er rætt um skyldu til að halda skrá yfir alla þá sem hafa vörur á boðstólum. Í greininni er lagt til að skyldan til að halda slíka skrá hvíli á framleiðendum og dreifingaraðilum, þó ekki smásölum.

Um 13. gr.

Heimilt er að semja við eina eða fleiri skoðunarstofur um framkvæmd markaðseftirlits samkvæmt þessari grein.

Löggildingarstofan annast útboð og samningsgerð í samstarfi við önnur eftirlitsstjórnvöld, eftir því sem við getur átt.

Með hugtakinu „skoðun" er átt við þá starfsemi sem skoðunarstofum er ætlað að stunda samkvæmt reglugerð nr. 346/1993. Almennt fer um starfsemi þeirra samkvæmt lögum nr. 100/1992 og framangreindri reglugerð nr. 346/1993. Í þessu frumvarpi er að auki lagt til að skoðunarstofum sé skylt að annast skipulega öflun upplýsinga um vörur á markaði og jafnframt að taka á móti kvörtunum og ábendingum frá almenningi (vegna þeirra vöruflokka sem faggilding þeirra tekur til). Að öðru leyti vísast til þess kafla frumvarps þessa sem fjallar um skilgreiningar, svo og laga og reglugerða sem um málefni skoðunarstofu gilda, sbr. einkum lög nr. 100/1992, svo og reglugerð nr. 346/1993.

Viðskiptaráðherra er veitt heimild til að setja nánari ákvæði um framkvæmd eftirlits skoðunarstofa sem nauðsynlegt kann að vera vegna ákvæða frumvarpsins um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

Um 14. gr.

Hér er lagt til að Löggildingarstofan annist samhæfingarhlutverk í opinberri markaðsgæslu, auk þess að vera eftirlitsstjórnvald fyrir þá vöruflokka sem samkvæmt sérlögum falla ekki undir önnur eftirlitsstjórnvöld.

Sú tillaga að fela Löggildingarstofunni þetta verkefni er þáttur í áætlun iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta um að stofnuninni verði falið víðtækara hlutverk en verið hefur. Nú annast Löggildingarstofan mælifræðileg verkefni og faggildingu. Gert er ráð fyrir að eftir breytingar muni stofnunin auk þess annast mál sem snerta öryggi vöru í samræmi við frumvarp þetta. Þá þykir eðlilegt að beinlínis sé kveðið á um það í frumvarpinu að þau samskipti við eftirlitsstofnun EFTA (ESA) sem snúa að því að senda og taka við tilkynningum um hættulegar vörur verði í höndum Löggildingarstofunnar. Yfirstjórn þessara mála er eftir sem áður í höndum viðskiptaráðuneytisins en í því felst m.a. að afrit tilkynninga skuli send ráðuneytinu. Verkaskipting milli ráðuneytis og Löggildingarstofu mun að öðru leyti vafalaust þurfa að þróast á grundvelli þeirrar reynslu sem fást mun við beitingu þessara laga, ef þau verða samþykkt.

Í greininni er jafnframt að finna nánari útlistun á hlutverki Löggildingarstofu sem eftirlitsstjórnvalds samkvæmt þessu frumvarpi, svo sem að taka þær stjórnvaldsákvarðanir sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmdar á ákvæðum frumvarpsins varðandi þá vöruflokka er falla undir gildissvið þessa frumvarps.

Um 15. gr.

Áður hefur verið vikið að þætti annarra eftirlitsstjórnvalda en Löggildingarstofunnar í opinberri markaðsgæslu. Enn fremur hefur komið fram að ekki er stefnt að því á nokkurn hátt að hafa áhrif á störf eftirlitsstjórnvalda er starfa samkvæmt sérstökum ákvæðum í hinum ýmsu sérlögum sem gilda um einstakar vörur eða vöruflokka. Í 1.

tölul. þessarar greinar frumvarpsins er að finna skýrt ákvæði um þetta efni. Rétt er að minna á að það er eftirlitsstjórnvald sem annast hinn raunverulega stjórnvaldsþátt opinberrar markaðsgæslu, þ.e. ákveður umfang og áherslur og tekur ákvarðanir um vöru sem ekki uppfyllir settar reglur. Í sérlögum er oft að finna ýmis ákvæði er varða réttarúrræði sem eftirlitsstjórnvöldum er heimilt að beita ef vara uppfyllir ekki þau skilyrði sem lög eða reglur kveða á um. Eftirlitsstjórnvöld munu þá grundvalla aðgerðir sínar á slíkum lagaheimildum sem finna má í sérlögum. Í því tilviki að ekki eru úrræði fyrir eftirlitsstjórnvöld í sérlögum, eða þau úrræði sem þar er að finna eru ófullnægjandi og ganga skemmra en ákvæði V. og VI. kafla þessa frumvarps mæla fyrir um, er í 4. tölul. 15. gr. mælt fyrir um heimild til þess að eftirlitsstjórnvöld geti stutt aðgerðir sínar og ákvarðanir, svo sem um afturköllun og bann á vörum, með ákvæðum þessara kafla. Einnig má nefna að einstök eftirlitsstjórnvöld ákveða hvort markaðseftirlit fari fram. Hafi þau t.d. heimildir samkvæmt lögum eða reglugerðum til að samþykkja vöru eða skrá hana áður en hún fer á markað er e.t.v. ekki þörf á markaðseftirliti.

Um 16. gr.

Hér er fjallað um starfsemi samvinnunefndar. Gert er ráð fyrir að meginreglan verði sú að á starfssviði hvers eftirlitsstjórnvalds starfi ein samvinnunefnd. Þó er heimilt að víkja frá þessu, t.d. ef eftirlitsstjórnvald ber ábyrgð á vöruflokkum sem eru mjög ólíkir og kalla á ólíka sérþekkingu fulltrúa eftirlitsstjórnvalds og skoðunarstofu í samvinnunefnd. Einnig geta eftirlitsstjórnvöld sameinast um samvinnunefnd sé slíkt talið henta. Með þessu móti er unnt að tryggja að verkefni hverrar samvinnunefndar séu hæfilega umfangsmikil og að fagleg sérþekking nefndarmanna sé tryggð.

Um 17.–19. gr.

Í 17.–19. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði sem varða málsmeðferð stjórnvalda þegar beita skal ýmsum réttarúrræðum er þau hafa yfir að ráða til að hindra að skaðlegar vörur berist á markaðinn. Sett hafa verið ítarleg lög um stjórnsýsluna, sbr. lög nr. 37/1993, og er þar að finna ákvæði sem máli skipta við undirbúning og framkvæmd stjórnsýsluákvarðana. Ákvæði stjórnsýslulaga eiga við um stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru samkvæmt þessum lögum, verði þau samþykkt, og einnig um ákvarðanir stjórnvalda sem þau taka á grundvelli þeirra sérlaga sem sett hafa verið um einstakar vörutegundir. Í þessu frumvarpi er þetta ítrekað en jafnframt er viðeigandi stjórnvöldum í 19. gr. veitt heimild til þess að taka ákvörðun til bráðabirgða ef brýna nauðsyn ber til. Slíkar ákvarðanir verða stjórnvöld að staðfesta síðar með töku endanlegrar ákvörðunar og við þá ákvörðun ber að öllu leyti að fara eftir ákvæðum stjórnsýslulaga.

Um 20. gr.

Ef vara uppfyllir ekki formleg skilyrði um merkingar, leiðbeiningar, vottorð, yfirlýsingar um samræmi, prófunarskýrslur o.s.frv. getur eftirlitsstjórnvald bannað sölu hennar. Ef ábyrgðaraðili torveldar skoðun eða rannsókn vöru eða hefur ekki tiltæk fullnægjandi gögn um öryggi hennar getur eftirlitsstjórnvald bannað sölu hennar. Ef rökstuddur grunur leikur á að vara uppfylli ekki settar öryggisreglur getur eftirlitsstjórnvald ákveðið tímabundið bann við sölu hennar á meðan rannsókn fer fram í málinu. Ef vara er álitin sérstaklega hættuleg getur eftirlitsstjórnvald krafist tafarlausrar afturköllunar allra eintaka vörunnar.

Um 21. gr.

Þyki ljóst að vara uppfylli ekki settar öryggisreglur getur eftirlitsstjórnvald lagt algert bann við sölu hennar enda verði ekki öðrum og vægari úrræðum beitt.

Um 22. gr.

Framleiðandi, eða eftir atvikum dreifingaraðili, skal lagfæra vöruna þannig að hún uppfylli settar reglur, afhenda kaupendum sams konar vöru en hættulausa eða greiða kaupendum andvirði vörunnar. Eftirlitsstjórnvald getur þó ákveðið að óheimilt sé að lagfæra vöru eða endurnýta hana á annan hátt ef það telst hættulegt eða varhugavert að mati þess. Hægt er að leggja þá skyldu á aðila að eyðileggja öll eintök vörunnar með öruggum hætti ef nauðsyn þykir af eðli máls.

Um 23. gr.

Áhersla er lögð á að við framkvæmd laga þessara, ef frumvarpið verður að lögum, verði unnið að eftirliti með ákvæðum þeirra í góðri samvinnu við framleiðendur og innflytjendur vöru og að ávallt sé gætt að meginreglum stjórnsýsluréttarins við töku ákvarðana í þágu eftirlits með öryggi vöru. Enn fremur er stjórnvöldum heimilt að endurskoða ákvörðun sína á grundvelli nýrra gagna.

Um 24. gr.

Í þessari grein er fjallað um kostnað vegna þeirra sýnishorna vöru sem tekin eru til rannsóknar. Að lokinni rannsókn skal sýnishornum skilað eða þau eyðilögð með öruggum hætti eftir atvikum.

Framleiðandi, eða fulltrúi hans, ber allan kostnað af afturköllun vöru. Sé vara ekki í samræmi við settar reglur skal framleiðandi, eða fulltrúi hans þegar það á við, bera þann kostnað sem hlýst af skoðun, rannsókn og prófun, svo og annan kostnað. Lendi kostnaður vegna þessarar greinar á öðrum aðilum en hér eru nefndir, t.d. kostnaður vegna töku sýnishorna, er ljóst af greininni að það er framleiðandi sem bera á slíkan kostnað. Hér mundi því eftir atvikum reyna á endurkröfurétt aðila málsins. Heimilt er að ákveða gjöld fyrir einstaka þætti í rannsókn vöru með sérstakri gjaldskrá sem staðfest er af ráðherra, sbr. nánar um það atriði í 27. gr.

Um 25. gr.

Sé fyrirmælum eftirlitsstjórnvalds við framkvæmd laga þessara ekki hlýtt má fylgja þeim eftir með ákvörðun viðkomandi ráðherra um dagsektir sem lagðar skulu á framleiðanda, dreifingaraðila eða fyrirsvarsmenn hans. Slíkar dagsektir mega nema allt að 50.000 krónum á sólarhring samkvæmt nánari ákvörðun viðkomandi ráðherra. Er ákvörðunin aðfararhæf.

Ef mikil hætta er á að vara valdi verulegu tjóni og fyrirmælum eftirlitsstjórnvalds skv. 20. gr. hefur ekki verið hlýtt skal viðkomandi eftirlitsstjórnvald leitast við að koma í veg fyrir tjónið með tiltækum aðgerðum og getur það kvatt lögreglu sér til aðstoðar í því sambandi.

Um 26. gr.

Í ákvæðinu er rætt um þagnarskyldu þeirra aðila sem framkvæma markaðseftirlit, svo og þeirra sem starfa að opinberri markaðsgæslu. Ljóst er að þeir aðilar, sem starfa að framkvæmd þessara laga, kunna að fá upplýsingar sem samkvæmt eðli máls eru við-

skiptaupplýsingar og mikilvægt er að leynt fari og því þykir eðlilegt að setja ákvæði um þetta efni í frumvarpið.

Um 27. gr.

Í þessari grein er lagt til að heimilt verði að leggja sérstakt markaðsgæslugjald á framleiðendur, og fulltrúa framleiðanda ef það á við, til að standa straum af greiðslum til skoðunarstofa, kostnaði samvinnunefnda og kostnaði Löggildingarstofunnar vegna almenns vöruöryggis.

Gjaldið skal miðast við umfang eftirlits með hverjum aðila sem ræðst af fjölda vöruflokka, vörutegunda og vörueintaka, stöðu í framleiðslu- og dreifingarkeðju og áhættumati. Gjaldið skal ákveðið í sérstakri gjaldskrá sem staðfest er af ráðherra. Lagt er til að gjaldtaka samkvæmt þessari heimild geti aldrei orðið hærri en sem nemur 0,1% af framleiðsluverði innlendrar vöru eða 0,1% af cif-verði innfluttrar vöru. Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að í gjaldskrárreglugerð verði sett nánari ákvæði um gjöld þessi, þar á meðal með hvaða hætti þau skulu innheimt og önnur þau atriði sem þykja nauðsynleg og snerta framkvæmdina að þessu leyti.

Um 28. gr.

Almenn framkvæmd laganna er í höndum viðskiptaráðherra en dagleg framkvæmd er í höndum Löggildingarstofunnar og eftirlitsstjórnvalda. Um verkaskiptingu Löggildingarstofunnar og annarra eftirlitsstjórnvalda vísast til almennra athugasemda við frumvarp þetta, svo og athugasemda um 14. og 15. gr. þessa frumvarps.

Um 29.–30. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga
um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

Með frumvarpi þessu er miðað að því að hér á landi verði komið á kröfum um öryggi vöru og eftirlit með þeim sem er sambærilegt við það sem gildir í EES-ríkjum. Frumvarp um þetta efni hefur verið flutt á undanförnum þingum en ekki verið útrætt, síðast á 118. löggjafarþingi. Eins og kemur fram í athugasemdum við frumvarpið hefur það nú verið yfirfarið með hliðsjón af tilskipun ráðs Evrópusambandsins (92/59/EBE) um öryggi framleiðslu vöru. Tilskipunin setur nýjar og ítarlegri reglur en áður hafa gilt um þetta efni. Ákvæðum þessa frumvarps, ef að lögum verður, er ætlað að tryggja að til séu lög um öryggi vöru eins og lagt er til í fyrrnefndri tilskipun ráðs Evrópusambandsins (92/59/EBE). Í gildi eru ýmis sérlög um eftirlit með einstökum vöruflokkum og ýmis sérákvæði um framkvæmd eftirlits með ýmsum vörutegundum. Ákvæðum þessa frumvarps er ekki ætlað að breyta fyrirkomulagi eftirlits að þessu leyti en skorti ákvæði í sérlög þá

eiga ákvæði þessa frumvarps við. Þegar er fyrir hendi víðtækt eftirlit með vörum þar sem almannahagur krefst öryggis, svo sem með matvöru, við byggingar, vélar og raftæki. Lögfesting þessa frumvarps mun því ekki hafa í för með sér stórfellt viðbótareftirlit við það sem nú er, og í mörgum tilfellum verður það einfaldara en áður, t.d. eftirlit með raftækjum. Á móti verður komið á eftirliti með ýmsum vörum sem til þessa hafa ekki verið háðar eftirliti (t.d. leikföng) eða aðeins að hluta (t.d. sjúkdómsgreiningartæki). Á 117. löggjafarþingi (1993–94) bætti Alþingi nýju ákvæði við lög nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, sem gerði ráðherra kleift að setja reglugerð um öryggi leikfanga og hættulegar eftirlíkingar og eftirlit með þeim. Var þetta brýn lagasetning til þess að unnt væri að standa við skuldbindingar samkvæmt EES-samningnum. Gildistími þessa ákvæðis var til 1. júní 1995.

Samkvæmt IV. kafla frumvarpsins ber Löggildingarstofu að annast heildarskipulag opinberrar markaðsgæslu, bæði þess þáttar sem heyrir undir viðskiptaráðuneytið, svo og að annast samræmingu við þá eftirlitsþætti sem heyra undir önnur ráðuneyti. Áætlað er að Löggildingarstofan verði að bæta við einu til tveimur störfum til að gegna þessu hlutverki, auk þess sem hún verður að koma sér upp gagnagrunni í þessum tilgangi. Í heild er talið að þessi kostnaður geti numið um 10 m.kr. á ári tvö fyrstu árin meðan verið er að koma markaðsgæslukerfinu í gang, en þaðan í frá verði þessi kostnaður greiddur af markaðsgæslugjaldi sem ætlað er að leggja á skv. 27. gr. Gjaldið skal lagt á framleiðendur og fulltrúa framleiðenda til að standa straum af greiðslum til skoðunarstofa, samvinnunefnda og kostnaði Löggildingarstofunnar vegna almenns vöruöryggis. Gjaldið skal ákveða í sérstakri gjaldskrá sem ráðherra staðfestir. Ekki er ljóst hversu mikið sjálf markaðsgæslan muni kosta og reglur um gjöld skv. 27. gr. eru ekki að fullu mótaðar. Það er nýmæli í þessari grein miðað við ákvæði í fyrri frumvörpum að gjaldið skuli aldrei vera hærra en sem nemur 0,1% af framleiðsluverði innlendrar vöru og 0,1% af cif-verði innfluttrar vöru. Umrætt markaðsgæslugjald á að fjármagna að fullu þá markaðsgæslu sem höfð verður uppi og standa undir greiðslum til skoðunarstofu, samvinnunefnda og kostnað Löggildingarstofu sjálfrar af þessum starfsþætti hennar. Ekki er ætlað að til sérstakrar fjárveitingar úr ríkissjóði þurfi að koma vegna þessa. Á þessu stigi er ekki unnt að fullyrða hve mikil hámarksfjárhæð kemur út úr nefndum prósentutölum af framleiðsluverði innlendrar vöru og verði innfluttrar vöru. Sé miðað við cif-verð innflutnings 1994 á vörum sem falla undir 85. kafla tollskrárinnar (rafbúnaður, upptöku- og hljómflutningstæki, mynda- og hljóðflutningstæki fyrir sjónvörp o.fl.) og 95. kaflann (leikföng, leikspil, íþróttabúnaður o.fl.) hefði 0,1% numið um 11 m.kr. Þessi fjárhæð mun að sjálfsögðu hækka verði markaðsgæslugjaldið látið ná til fleiri vöruflokka og þyrfti þá ekki að nota álagningarheimildina (0,1%) nema að hluta.

106. Frumvarp til laga [101. mál]

um breytingu á lögum nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „febrúarmánaðar“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: aprílmánaðar.

b. Við bætist ný málsgrein, sem verður 2. mgr., og hljóðar svo:
Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, vera lögráða, hafa óflekkað mannorð og vera fjár síns ráðandi. Þeir mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld.
c. Í stað orðins „febrúarmánaðar“ í 2. mgr. kemur: aprílmánaðar.

2. gr.

Í stað orðsins „febrúarlok“ í 1. málsl. 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: apríllok.

3. gr.

Í stað orðsins „verðbréfafyrirtæki“ í 2. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: fjárfestingarfyrirtæki skv. 8. gr. laga um verðbréfaviðskipti.

4. gr.

Við 9. gr. laganna bætist nýr töluliður, 1. tölul., svohljóðandi, og breytist röð annarra töluliða samkvæmt því: að uppfylla kröfur um eigið fé sem gerðar eru til hlutaðeigandi lögum samkvæmt.

5. gr.

5. mgr. 17. gr. laganna hljóðar svo:
Birta skal endurskoðaðan ársreikning í B-deild Stjórnartíðinda.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til nýrra laga í stað laga nr. 9/1993, um verðbréfaviðskipti. Breytingarnar eru nauðsynlegar eftir að ákveðið var að tilskipun Evrópusambandsins um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta frá 10. maí 1993 (93/22/EBE) skyldi einnig gilda innan Evrópska efnahagssvæðisins. Sú tilskipun og fyrirsjáanlegar breytingar á lögum um verðbréfaviðskipti leiða til þess að nauðsynlegt er að breyta gildandi ákvæðum laga nr. 11/1993 um aðild að Verðbréfaþingi Íslands.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að miðað verði við aprílok varðandi kjör stjórnarmanna Verðbréfaþings í 1. mgr. 3. gr. laganna. Breytingin er til samræmis við breytingu sem lögð er til á tímasetningu aðalfundar Verðbréfaþings í 2. gr. frumvarpsins og vísast þangað um frekari skýringar.

Lagt er til að við lögin bætist ný 2. mgr. 3. gr. þar sem fram komi almenn hæfisskilyrði stjórnarmanna Verðbréfaþings Íslands. Eðlilegt þykir að kveðið sé á um almenn hæfisskilyrði stjórnarmanna Verðbréfaþings í lögum um þingið en slík ákvæði eru ekki fyrir hendi í gildandi lögum. Ákvæðið er að mestu í samræmi við hæfisskilyrði nýlegra laga um hlutafélög og einkahlutafélög. Sams konar ákvæði eru ráðgerð í löggjöf á vátryggingarsviði og öðrum lögum á verðbréfasviðinu.

Þá breytingu sem lögð er til á 2. mgr. laganna leiðir af breytingum á 5. gr. laganna, sbr. 2. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að aðalfundartími Verðbréfaþingsins verði færður til loka apríl í stað febrúar eins og gert er ráð fyrir í gildandi lögum. Að mati stjórnar Verðbréfaþingsins hefur núverandi skipan ekki gefist vel vegna þess að að tímamörk eru of þröng. Þykir því eðlilegt að verða við tilmælum þingsins um rýmkun að þessu leyti.

Um 3. gr.

Þá breytingu sem hér er lögð til, leiðir af breyttri hugtakanotkun samkvæmt frumvarpi til breytinga á lögum um verðbréfaviðskipti sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu. Í fyrrnefnda frumvarpinu er notað hugtakið fjárfestingarfyrirtæki sem heildarhugtak yfir verðbréfafyrirtæki annars vegar og svonefnd verðbréfamiðlunarfyrirtæki hins vegar. Þykir því rétt að nota sama hugtak í lögum um Verðbréfaþing Íslands. Tilvísun til fjárfestingarfyrirtækja í lögunum hefur hins vegar ekki efnislega breytingu í för með sér að því er varðar aðild að Verðbréfaþinginu þar sem einungis verðbréfafyrirtæki með alhliða starfsleyfi samkvæmt frumvarpi til laga um verðbréfaviðskipti er ætlaður aðgangur að þinginu.

Um 4. gr.

Breyting sú, sem hér er lögð til, er tilkomin vegna ákvæðis í tilskipun Evrópusambandsins um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta sem mælir fyrir um að réttur fjárfestingarfyrirtækja samkvæmt tilskipuninni til aðildar að skipulegum verðbréfamarkaði sé háður því skilyrði að hlutaðeigandi fyrirtæki uppfylli ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins um eigið fé fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana frá 15. mars 1993 (93/6/ EBE). Slíkar eiginfjárkröfur munu koma fram í lögum sem gilda um starfsemi hlutaðeigandi stofnana og þykir því nægilegt að vísa til þeirra á þann hátt sem hér er gerð tillaga um.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að felld verði brott kvöð um að birta ársskýrslu Verðbréfaþings Íslands í B-deild Stjórnartíðinda. Er slík kvöð talin óþarflega íþyngjandi og kostnaðarsöm. Nægilegt ætti að vera að birta ársreikning þingsins opinberlega með þessum hætti.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands.

Frumvarp þetta er lagt fram um leið og fjögur önnur frumvörp er öll varða peningastofnanir og verðbréfaviðskipti. Lagðar eru til minni háttar breytingar á núverandi lögum til að aðlaga lögin gildandi rétti á Evrópska efnahagssvæðinu.

Ekki verður séð að umræddar breytingar valdi kostnaði fyrir ríkissjóð.

107. Frumvarp til laga [102. mál]

um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

Lög þessi taka til eftirtalinna starfsheita:

1. verkfræðinga,
2. tæknifræðinga,
3. arkitekta (húsameistara),
4. byggingafræðinga,
5. húsgagna- og innanhússhönnuða,
6. iðnfræðinga,
7. landslagshönnuða og
8. skipulagsfræðinga.

2. gr.

Rétt til að nota starfsheiti þau sem lög þessi taka til eða orð sem fela í sér þau heiti hafa þeir menn einir sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra, sbr. 3. gr., eða þeir sem fengið hafa staðfestingu ráðherra á leyfi til að bera samsvarandi starfsheiti sem veitt hefur verið í ríki sem er aðili að samningi um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. 4. gr.

3. gr.

Engum má veita leyfi það er um ræðir í 2. gr. nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í viðkomandi starfsgrein.

Fagfélög þeirra starfsgreina sem lög þessi taka til skulu setja sér reglur um hvaða nám teljist leiða til fullnaðarprófs í viðkomandi starfsgrein. Þær reglur skulu taka gildi þegar þær hafa verið staðfestar af ráðherra og birtar í Stjórnartíðindum. Rétt til að öðlast leyfi hafa þeir sem lokið hafa námi samkvæmt greindum reglum að mati ráðherra að fenginni umsögn viðkomandi fagfélags.

4. gr.

Ráðherra skal staðfesta leyfi til að bera starfsheiti sem lög þessi taka til samkvæmt umsókn ríkisborgara frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins ef viðkomandi leggur fram vottorð frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins sem uppfyllir skilyrði:

1. tilskipunar 85/384/EBE ef um arkitekt er að ræða.
2. tilskipunar 89/48/EBE ef um aðrar starfsstéttir er að ræða.

5. gr.

Ráðherra sker úr ágreiningi sem rísa kann um notkun starfsheita.

6. gr.

Ráðherra skal halda skrá um þá sem fengið hafa leyfi til að bera starfsheiti samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um rétt manna til að bera starfsheiti samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum.

9. gr.

EES-gerðir sem vísað er til í lögum þessum eru birtar í sérritinu EES-gerðir, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993, nr. S 34 á bls. 1–8 og bls. 125–140.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 62 5. september 1986, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, landslagshönnuði, húsgagna- og innanhússhönnuði, tæknifræðinga eða byggingafræðinga, og lög nr. 46 11. maí 1982, um rétt manna til að kalla sig iðnfræðinga.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði laga þessara breyta ekki rétti þeim sem menn hafa öðlast til að nota starfsheiti þau sem lög þessi taka til fyrir gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Hinn 3. maí 1994 skipaði iðnaðarráðherra starfshóp vegna breytinga sem nauðsynlegar eru á lögum nr. 62/1986, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, landslagshönnuði, húsgagna- og innanhússhönnuði, tæknifræðinga eða byggingafræðinga.

Í starfshópinn voru skipuð Gunnar Viðar, lögfræðingur í iðnaðarráðuneytinu, sem jafnframt var formaður hópsins, Hörður Lárusson, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, Hólmfríður Snæbjörnsdóttir, deildarstjóri í umhverfisráðuneytinu, og Vífill Oddsson verkfræðingur. Jafnframt tóku Jakob Líndal arkitekt, Páll Á. Jónsson tæknifræðingur og Guðleifur M. Kristmundsson verkfræðingur þátt í störfum starfshópsins og sátu nokkra fundi hans.

Starfshópurinn skilaði drögum að frumvarpi hinn 22. nóvember 1994.

Frumvarpið var lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994 en varð eigi útrætt. Það er nú lagt fram með þeirri einu breytingu að 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins er felld niður, sbr. athugasemdir við 4. gr. hér á eftir.

II.

Frumvarpi því sem hér er lagt fram er ætlað að koma í stað laga nr. 62/1986, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, landslagshönnuði, húsgagna- og innanhússhönnuði, tæknifræðinga eða byggingafræðinga, og laga nr. 46 11. maí 1982, um rétt manna til að kalla sig iðnfræðinga, en þessi tvenn lög fjalla um starfsheiti sem falla undir svið iðnaðarráðuneytisins. Núgildandi lög um þau starfsheiti hafa verið í stöðugri þróun frá 1937 þegar lög nr. 24/1937, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga, voru sett. Þeim lögum var breytt 1963 með lögum nr. 44/1963. Sú breyting fólst í því að í stað starfsheitisins iðnfræðingur var starfsheitið tæknifræðingur tekið upp. Lögunum var aftur breytt 1968, sbr. lög nr. 73/1968, og starfsheitið byggingafræðingur tekið upp. Það starfsheiti hafði fallið undir starfsheitið iðnfræðingur en var ekki talið falla undir starfsheitið tæknifræðingur. Lögunum var enn breytt 1986 og 1989 og upp voru tekin starfsheitin húsgagna- og innahússhönnuður og landslagshönnuður, sbr. lög nr. 62/1986 og lög nr. 44/1989. Sérlög voru sett 1982 um starfsheitið iðnfræðingur og skyldi það starfsheiti koma í stað starfsheitisins iðntæknir sem ekki hafði verið lögverndað, sbr. lög nr. 46/1982.

Ástæða þess að ráðuneytið telur þörf á nýjum lögum um starfsheiti þau sem undir það falla er margþætt. Í fyrsta lagi hefur borist ósk frá Félagi skipulagsfræðinga um að starfsheitið skipulagsfræðingur verði lögverndað. Í öðru lagi óskuðu samtök verkfræðinga, tæknifræðinga og arkitekta eftir endurskoðun á lögum nr. 62/1986, aðallega vegna þess mikla kostnaðar sem féll á einstaklinga sem þurftu að sækja um leyfi til að bera starfsheitin verkfræðingur, tæknifræðingur og arkitekt skv. 10. gr. laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, eins og hún hljóðaði fyrir breytingu með 1. gr. laga nr. 50/1994. Þótti sá kostnaður óeðlilegur í ljósi þess að ekki er um starfsréttindi að ræða heldur eingöngu rétt til að bera ákveðið starfsheiti. Í þriðja lagi hefur ríkt ágreiningur um það hver hafi endanlegt úrskurðarvald um það hverjir hafi rétt samkvæmt núgildandi lögum til að bera ákveðin starfsheiti. Síðast en ekki síst hafa tvær tilskipanir ESB áhrif á þær reglur sem nú eru í gildi og gera breytingar nauðsynlegar. Nánar tiltekið er hér um að ræða tilskipun nr. 89/48/EBE um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum sem veitt eru að lokinni sérfræðimenntun og starfsþjálfun á æðra skólastigi sem staðið hefur að minnsta kosti í þrjú ár og tilskipun nr. 85/384 um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi í byggingarlist, að meðtöldum ráðstöfunum er auðvelda að staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu sé neytt.

Eitt meginmarkmið frumvarpsins er þannig að tryggja að samræmdar reglur gildi um hver hafi rétt til að nota starfsheiti sem falla undir svið iðnaðarráðuneytisins, auk þess að gæta þeirra skuldbindinga sem Ísland hefur tekið á sig með þátttöku í samningi um hið Evrópska efnahagssvæði. Þannig er gert ráð fyrir að réttur til starfsheitis geti stofnast á tvennan máta, við útgáfu leyfis af hálfu ráðherra eða við staðfestingu ráðherra á sams konar leyfi sem gefið hefur verið út erlendis. Viðkomandi fagfélögum er falið að setja skýrar reglur um hvaða nám teljist uppfylla kröfur þær sem gerðar eru hér á landi

og þær reglur skulu staðfestar af ráðherra. Ráðherra hefur síðan úrskurðarvald ef til ágreinings kemur um hvort einstaklingur uppfylli skilyrði laganna um rétt til að bera ákveðið starfsheiti.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að lögin taki til allra starfsheita sem ráðuneytið hefur umsjón með, þ.e. bæði starfsheita sem nú er kveðið á um í lögum nr. 62/1986 og lögum nr. 46/1982. Enn fremur er lagt til að starfsheitið skipulagsfræðingur verði lögverndað en svo hefur ekki verið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er talið upp til hvaða starfsstétta lögin taki. Er hér um að ræða sömu starfsstéttir og nú eru lögverndaðar, svo sem að framan greinir, en jafnframt er lagt til að starfsheitið skipulagsfræðingur verði lögverndað. Fallið er frá því að hafa dönsk eða önnur erlend heiti á viðkomandi starfsstéttum inni í frumvarpstextanum, en ekki er um neina efnislega breytingu að ræða. Þykir óþarfi og fremur til lýta að hafa erlend heiti inni í lagatexta. Að því er varðar arkitekta eru hér nefnd tvö heiti á þeirri starfstétt sem bæði verður að telja íslensk. Orðið húsameistari er notað í núgildandi lögum en er vart að finna annars staðar í íslenskum lögum. Þvert á móti hefur orðið arkitekt orðið ofan á til dæmis í byggingarlögum, skipulagslögum og reglugerðum um þau málefni. Sama má segja um starfandi arkitekta að undantekning er ef þeir nota orðið húsameistari um starfsheiti sitt. Loks má nefna að fagfélag þeirra kallast Arkitektafélag Íslands. Ástæðu þessa má ef til vill rekja til þess að hætta kann að vera á að menn rugli saman orðunum húsameistari annars vegar og húsasmíðameistari hins vegar. Hér er því verið að viðurkenna þá málþróun sem orðið hefur, en heitinu húsameistari er engu að síður haldið í frumvarpinu þannig að mönnum verður áfram frjálst að nota það heiti sem það kjósa.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um lögverndun þeirra starfsheita sem frumvarpið nær til. Svo sem fram kemur í greininni geta menn öðlast rétt til að bera starfsheiti eftir tveimur leiðum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að ráðherra gefi út leyfi ef menn uppfylla þau skilyrði sem fram koma í 3. gr. frumvarpsins og er þar gert ráð fyrir sömu framkvæmd og er að finna í núgildandi lögum, nr. 62/1986. Hér er hins vegar um breytingu að ræða að því er varðar iðnfræðinga samkvæmt. lögum nr. 46/1982, en þar er gert ráð fyrir að þeir sem lokið hafa fullnaðarprófi í iðnfræði frá Tækniskóla Íslands hafi rétt til að kalla sig iðnfræðinga án sérstaks leyfis ráðherra. Rétt þykir að sama regla gildi um allar starfsstéttir sem lögin taka til. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að ráðherra staðfesti erlend leyfi ef menn uppfylla þau skilyrði sem fram koma í 4. gr. frumvarpsins. Þar er um nýjung að ræða en framkvæmdin er engu að síður svipuð því sem nú tíðkast.

Um 3. gr.

Hér er fjallað um leyfisveitingar ráðherra í 1. mgr. en skilyrði til að öðlast leyfi er að menn hafi lokið fullnaðarprófi í viðkomandi starfsgrein. Í 2. mgr. er síðan gert ráð fyrir að viðkomandi fagfélög setji sér reglur um hvaða nám, sem lokið hefur með prófgráðu, teljist vera fullnaðarmenntun í skilningi frumvarpsins. Ekki þótti rétt að tiltaka í lagatexta nöfn viðkomandi fagfélaga þar sem slíkt kann að vera breytingum háð. Þau fagfélög sem eiga við í dag eru Arkitektafélag Íslands, Verkfræðingafélag Íslands, Tæknifræðingafélag Íslands, Byggingafræðingafélag Íslands, Félag húsgagna- og innanhúss-

arkitekta, Iðnfræðingafélag Íslands, Félag íslenskra landslagsarkitekta og Félag skipulagsfræðinga. Gert er ráð fyrir að ráðherra staðfesti reglur félaganna og öðlast reglurnar ekki gildi fyrr en sú staðfesting hefur átt sér stað og reglurnar verið birtar.

Loks er kveðið á um að þeir sem hafa hlotið tilskilda menntun eigi rétt á leyfi til að bera starfsheiti. Er undir ráðherra komið hvenær þessu skilyrði telst fullnægt, en honum ber að leita umsagnar viðkomandi fagfélags áður en ákvörðun er tekin. Er hér um sömu reglu að ræða og er að finna í núgildandi lögum, nr. 62/1986, að því er flestar starfsstéttir varðar, en nefndarmenn voru sammála um að heppilegast væri að ráðuneytið hefði lokaorðið í þessu sambandi ef ágreiningur risi. Er slík regla enda í samræmi við reglur tilskipana ESB sem hér er verið að lögfesta.

Um 4. gr.

Regla sú sem hér er lagt til að verði lögfest felur í sér nýjung að því er þessar starfsstéttir varðar. Samkvæmt tilskipunum þeim sem nefndar eru í greininni ber að viðurkenna starfsréttindi manna sem koma frá öðrum ríkjum innan EES enda uppfylli menntun sú sem þeir hafa ákveðin lágmarksskilyrði sem nánar eru tilgreind í tilskipununum. Hlutverk ráðherra yrði hér að sannreyna gildi slíkra vottorða og kanna hvort öllum skilyrðum sé fullnægt. Ef svo er ber ráðherra að staðfesta leyfi. Gert er ráð fyrir að sett verði reglugerð þar sem nánar verði tilgreind þau vottorð sem leggja þarf fram og hvaða kröfur séu gerðar til menntunar og starfsreynslu til að hljóta staðfestingu á leyfi til að bera starfsheiti.

Felld er niður úr fyrra frumvarpi 2. mgr. þessarar greinar um að ráðherra skuli skylt í þessum tilvikum að leita umsagnar viðkomandi fagfélags þar eð slíkt er talið geta brotið í bága við EES-reglur. Engu að síður er gert ráð fyrir samráði við fagfélög ef nauðsyn krefur þar sem þar er að finna sérþekkingu á því námi og störfum sem í boði eru erlendis.

Um 5. gr.

Í núgildandi lögum er sambærilegt ákvæði við það sem hér er lagt til að verði lögfest, en þrengra að því leyti að það er bundið við ágreining um orðið „ingeniör“, sbr. 9. gr. laganna. Samkvæmt greinargerð sem fylgdi frumvarpi til laga nr. 44/1963, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða tæknifræðinga, þar sem ákvæði þetta kom fyrst fram, var tilgangurinn sá að koma í veg fyrir að tæknifræðingar gætu notað orðið „ingeniör“ þannig í samsettum starfsheitum að valdið gæti villu og ekki þannig að stæld væru þau heiti sem verkfræðingar einir mega bera.

Hér er lagt til að ákvæði þetta verði víkkað út þannig að ráðherra geti skorið úr um ágreining sem kann að rísa vegna notkunar annarra starfsheita eða samsetningar á orðum sem gefa ákveðin starfsheiti til kynna. Ágreiningur af þessu tagi hefur komið upp og ljóst er að fremur má búast við að þeim tilfellum fjölgi eftir því sem þjóðfélagið verður fjölbreyttara og leiðum til menntunar fjölgar. Eðlilegt þykir að ráðherra verði fengið vald til að skera úr ágreiningi af þessu tagi.

Um 6. gr.

Hér er gert ráð fyrir að haldin verði skrá yfir alla þá sem fá leyfi til að bera starfsheiti eftir gildistöku laganna. Skrá sem þessi hefur ekki verið haldin hingað til, en rétt þykir að taka upp slíkt verklag.

Um 7.–10. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ekki er ætlunin að breyta réttarstöðu þeirra manna sem hafa fullgild leyfi til að bera viðkomandi starfsheiti.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum.

Eins og kemur fram í athugasemdum við frumvarpið tekur það til allra starfsheita sem iðnaðarráðuneytið hefur umsjón með og kveðið er á um í lögum nr. 62/1986, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, landslagshönnuði, húsgagna- og innanhússhönnuði, tæknifræðinga eða byggingarfræðinga, og lögum nr. 46/1982, um rétt manna til að kalla sig iðnfræðinga. Auk þessara starfsheita er lagt til að við verði bætt starfsheitinu skipulagsfræðingur sem ekki hefur verið lögverndað fram að þessu.

Meginmarkmið þessarar lagasetningar er að samræma reglur um hver hafi rétt til að nota starfsheiti sem falla undir iðnaðarráðuneytið, taka af vafa um það hver hafi endanlegt úrskurðarvald um það hverjir hafi rétt til að bera ákveðin starfsheiti, en ágreiningur hefur verið um það. Þá eru breytingarnar nauðsynlegar til þess að taka tillit til tveggja tilskipana ESB sem hafa áhrif á þær reglur sem nú eru í gildi.

Ekki er að sjá að þessi lagabreyting hafi áhrif til kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

108. Fyrirspurn [103. mál]

til forsætisráðherra um endurskoðun á kosningalöggjöfinni.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Hvað líður framkvæmd á því ákvæði stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar sem segir markmið hennar vera „að endurskoða kosningalöggjöfina með það fyrir augum að hún verði einfaldari og tryggi jafnara vægi atkvæða milli kjördæma“?

109. Fyrirspurn [104. mál]

til landbúnaðarráðherra um Jarðasjóð.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hve margar jarðir keypti Jarðasjóður síðustu fimm ár? Hvert var heildarkaupverðið og hverjar eru skuldbindingar sjóðsins?
2. Hversu margar jarðir voru seldar síðustu fimm ár? Hvert var heildarsöluverðið?
3. Hversu margar bújarðir eru í eigu og umsjón ríkisins þar sem ekki er stundaður hefðbundinn búskapur? Hversu margar eru í útleigu?
4. Hversu mörgum þeirra fylgja hlunnindi, svo sem laxveiði eða dúntekja? Ef um hlunnindi er að ræða, hverjar eru tekjur sjóðsins af þeim?
5. Hver er fjöldi starfsmanna sjóðsins? Hvert er hlutverk hvers fyrir sig? Hverjar eru heildarlaunagreiðslur sjóðsins?

Skriflegt svar óskast.

110. Fyrirspurn [105. mál]

til landbúnaðarráðherra um úthlutanir úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hverjar voru úthlutanir úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins á síðustu fjórum árum, skipt niður á verkefni?
2. Hver er földi starfsmanna sjóðsins og hverjar voru launagreiðslur til þeirra á sama tímabili?

Skriflegt svar óskast.

111. Frumvarp til laga [106. mál]

um gatnagerðargjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að innheimta gatnagerðargjald af öllum lóðum í sveitarfélaginu og/eða mannvirkjum á þeim. Gatnagerðargjald er fyrst gjaldkræft við úthlutun lóðar, sem er í eigu sveitarfélagsins eða sveitarfélagið hefur ráðstöfunarrétt á, og við út-

gáfu byggingarleyfis á öðrum lóðum. Sveitarstjórn ákveður í gjaldskrá sinni hvenær gjaldið er innheimt.

Nú er lóðarúthlutun afturkölluð, lóð skilað, byggingarleyfi afturkallað eða ekki nýtt af lóðarhafa og ber sveitarfélagi að endurgreiða gatnagerðargjald af viðkomandi lóð eftir nánari ákvæðum reglugerðar sem félagsmálaráðherra setur.

2. gr.

Gatnagerðargjaldi skv. 1. gr. skal varið til gatnagerðar í sveitarfélaginu, svo sem til að undirbyggja götur með tilheyrandi lögnum og leggja bundið slitlag og gangstéttir þar sem gert er ráð fyrir þeim í skipulagi.

3. gr.

Við ákvörðun gatnagerðargjalds skal miða við lóðarstærð, rúmmál húss og/eða flatarmál húss samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð sem félagsmálaráðherra setur. Gjaldið má vera mismunandi eftir notkun lóðar, t.d. eftir því hvort um er að ræða lóð fyrir íbúðarhúsnæði, verslunarhúsnæði, iðnaðarhúsnæði o.s.frv. Þá má gjald af lóð fyrir íbúðarhúsnæði vera mismunandi eftir því hvort um er að ræða lóð fyrir einbýlishús, raðhús, fjölbýlishús o.s.frv.

Heimilt er að innheimta gatnagerðargjald ef reist er nýtt hús á áður byggðri lóð að því er stækkuninni nemur. Sama gildir ef eldra hús er stækkað.

Gatnagerðargjald, sem miðað er við stærð byggingar, getur af hverjum rúmmetra eða fermetra numið allt að 15% af heildarbyggingarkostnaði samsvarandi einingar í vísitöluhúsi fjölbýlis eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987. Fjárhæð gjaldsins má ákveða með tilliti til leyfilegrar stærðar byggingar samkvæmt því skipulagi sem gildir fyrir viðkomandi lóð. Gatnagerðargjald, sem miðað er við stærð lóðar, skal ekki vera hærra en ef það væri miðað við stærð byggingar samkvæmt gildandi aðal- eða deiliskipulagi.

4. gr.

Lóðarhafi ber ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds. Gatnagerðargjald samkvæmt lögum þessum er, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, tryggt með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

5. gr.

Aðili máls getur skotið ákvörðun sveitarstjórnar um álagningu gatnagerðargjalds til úrskurðar félagsmálaráðherra. Kærufrestur er þrír mánuðir frá því að aðili fékk vitneskju um álagningu gjaldsins. Kæruheimild þessi skerðir þó eigi rétt aðila til að höfða mál fyrir dómstólum.

6. gr.

Félagsmálaráðherra skal setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara og skal í reglugerðinni m.a. kveðið nánar á um álagningu gatnagerðargjalds o.fl.

Sveitarstjórn skal setja sér sérstaka gjaldskrá fyrir gatnagerðargjald þar sem kveðið er nánar á um álagningu og innheimtu gjalds samkvæmt lögum þessum og reglugerð um gatnagerðargjald. Sveitarstjórn skal auglýsa gjaldskrána og efnislegar breytingar á henni á þann hátt sem venja er að birta opinberar auglýsingar í sveitarfélaginu.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1996. Jafnframt falla úr gildi lög um gatnagerðargjöld, nr. 51/1974, og lög nr. 31/1975, um breytingu á þeim lögum. Enn fremur lög um gjöld til holræsa og gangstétta í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík og Akureyri, nr. 18/1920, 2. og 3. gr. laga um gjöld til holræsa og gangstétta í Reykjavík o.fl., nr. 42/1911, og 2. gr. laga um gjöld til holræsa, gangstétta og varanlegs slitlags á götum á Akureyri, nr. 87/1970.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Lög um gatnagerðargjöld, nr. 51/1974, sbr. lög nr. 31/1975, gilda um innheimtu og álagningu gatnagerðargjalda vegna framkvæmda á grundvelli 3. og 4. gr. laga nr. 51/1974 sem hafnar eru fyrir gildistöku laga þessara, enda verði þeim framkvæmdum lokið innan fimm ára frá gildistöku laga þessara. Ákvæði eldri laga um álagningu gjalda vegna slíkra framkvæmda gilda einungis um lóðir sem úthlutað hefur verið eða veitt hefur verið byggingarleyfi á fyrir gildistöku laga þessara.
2. Samningar um gatnagerðargjöld af tilteknum lóðum, sem lóðarhafar eða lóðareigendur hafa gert við sveitarstjórnir, svo og skilmálar varðandi gatnagerðargjöld sem sveitarstjórn hefur sett og lóðarhafi eða lóðareigandi hefur undirgengist, halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði laga þessara, nema aðilar séu um annað sáttir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 2. febrúar 1994 skipaði félagsmálaráðherra nefnd til að endurskoða lög nr. 51/1974, um gatnagerðargjöld, sbr. lög nr. 31/1975. Í nefndina voru skipuð Sesselja Árnadóttir, deildarsérfræðingur í félagsmálaráðuneytinu, formaður, Ágúst Jónsson, skrifstofustjóri borgarverkfræðingsins í Reykjavík, samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri í Borgarbyggð.

Lög nr. 51/1974 voru á sínum tíma sett til að tryggja sveitarfélögum fjármagn til gatnagerðar. Fyrir setningu laganna höfðu þau flest ekki slíkt fjármagn tryggt og sátu gatnagerðarmál því nokkuð á hakanum hjá sveitarfélögum. Þó voru í gildi lög sem tryggðu nokkrum sveitarfélögum fjármagn til slíkra framkvæmda, þ.e. lög um gjöld til holræsa og gangstétta í Reykjavík o.fl., nr. 42/1911, lög um gjöld til holræsa og gangstétta í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík og Akureyri, nr. 18/1920, og lög um gjöld til holræsa, gangstétta og varanlegs slitlags á götum á Akureyri, nr. 87/1970. Setning laga nr. 51/1974 varð því til þess að sveitarfélögin gátu gert átak í gatnagerð.

Frá gildistöku laga nr. 51/1974 hafa komið fram margs konar gallar á þeim og síauknir örðugleikar við framkvæmd þeirra, sbr. m.a. þann fjölda mála varðandi gatnagerðargjöld sem félagsmálaráðuneytið, umboðsmaður Alþingis og dómstólar hafa fjallað um.

Með hliðsjón af þessu var talin full ástæða til að endurskoða lögin og var því framangreind nefnd skipuð.

Nefndin kynnti sér þau ágreiningsmál sem orðið hafa vegna núgildandi laga og notfærði sér jafnframt ábendingar umboðsmanns Alþingis svo og reynslu sveitarfélaga af framkvæmd álagningar gatnagerðargjalda.

Niðurstaðan varð það frumvarp sem hér er lagt fram og eru gerðar tillögur um nokkrar breytingar frá gildandi lögum. Helstu nýmælin eru þessi:

1. Í gildandi lögum er um að ræða tvenns konar gatnagerðargjöld, sbr. 1. og 3. gr. laganna, þ.e. annars vegar gjald til að undirbyggja götur með tilheyrandi lögnum ásamt

slitlagi og hins vegar sérstakt gjald vegna bundins slitlags og gangstétta. Lagt er til að gatnagerðargjald verði framvegis ekki tvískipt með þessum hætti þar sem flest sveitarfélög hafa lagt bundið slitlag á meginhluta gatnakerfisins í þéttbýli. Því er fallin brott forsenda fyrir tvískiptingu gjaldsins. Heiti laganna breytist í samræmi við þetta.

2. Tilgreint er skýrara hámark gatnagerðargjalds, sbr. 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins.
3. Lagt er til í 5. gr. frumvarpsins að í lögunum verði skýr kæruheimild til félagsmálaráðuneytisins, en vafi hefur þótt leika á úrskurðarvaldi ráðuneytisins í málum þessum.
4. Fyrir allt landið gildi ein reglugerð um gatnagerðargjald, en ekki reglugerð eða samþykkt fyrir hvert sveitarfélag fyrir sig.

Nánar er fjallað um einstaka efnisþætti þessara nýmæla í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er almenn heimild til að innheimta hjá öllum lóðarhöfum eða lóðareigendum gjald sem sveitarstjórn nýtir til gatnagerðar í sveitarfélaginu, sbr. 2. gr.

Gjald skv. 1. mgr. má fyrst innheimta þegar sveitarstjórn hefur úthlutað byggingarrétti á tiltekinni lóð sem gert er ráð fyrir í skipulagi eða í tengslum við útgáfu byggingarleyfis á lóðum sem ekki eru í eigu sveitarfélagsins. Greinarmunur er gerður annars vegar á lóðum í eigu sveitarfélags eða sem sveitarfélagið hefur ráðstöfunarrétt á, þ.e. þegar sveitarstjórn ráðstafar byggingarrétti á viðkomandi lóð, og hins vegar öðrum byggingarlóðum að því er varðar þau tímamörk þegar fyrst má innheimta gatnagerðargjald af lóð. Er það vegna þess að lóðir geta verið í einkaeigu án þess að eigendurnir kjósi að nýta þær undir byggingar, jafnvel þótt skipulag geri ráð fyrir þeim sem byggingarlóðum.

Við samningu ákvæðis þessa var haft í huga ákvæði gr. 3.4.10. í byggingarreglugerð nr. 177/1992, en þar segir að þegar byggingarleyfi hafi verið gefið út fyrir nýbyggingu á skipulögðu svæði í þéttbýli sé sveitarstjórn skylt að sjá um að götur, rafmagn, vatn og holræsi séu fyrir hendi eftir því sem þörf er á, nema sérstakur fyrirvari hafi verið gerður í úthlutunar- eða byggingarskilmálum.

Í 1. mgr. segir jafnframt að sveitarstjórn ákveði með gjaldskrá hvenær gjaldið megi innheimta, en um gjaldskrána eru nánari ákvæði í 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er kveðið á um endurgreiðsluskyldu sveitarstjórnar í þeim tilfellum þegar sá sem fengið hefur lóð úthlutað kýs að skila henni eða þegar byggingarleyfi fellur úr gildi eða er fellt úr gildi þegar greitt hefur verið gatnagerðargjald í tengslum við útgáfu þess. Er hér um að ræða tæmandi talningu á þeim tilfellum þegar sveitarstjórn er skylt að endurgreiða gatnagerðargjald.

Um 2. gr.

Í grein þessari er kveðið á um að gatnagerðargjaldi skv. 1. gr. skuli varið til gatnagerðar í sveitarfélaginu, svo sem til að undirbyggja götur með tilheyrandi lögnum, leggja bundið slitlag, gangstéttir, umferðareyjar og þess háttar, þar sem gert er ráð fyrir því í skipulagi. Með ákvæði þessu er því lögð af sú skipting á gatnagerðargjöldum sem er í 1. og 3. gr. núgildandi laga, en um þetta atriði vísast til almennra athugasemda hér að framan.

Samkvæmt grein þessari er ráðstöfun gatnagerðargjaldsins ekki bundin við gerð gatna við þær lóðir sem gatnagerðargjald er innheimt af. Ekki er lengur talin þörf á eða eðlilegt að binda ráðstöfun gatnagerðargjalds við tilteknar götur í sveitarfélaginu.

Um 3. gr.

1. mgr. er efnislega eins og 5. gr. núgildandi laga um gatnagerðargjöld með þeirri undantekningu að hér er kveðið svo á að gatnagerðargjald megi miða við flatarmál húsbygginga.

Í 2. mgr. er áréttað að gatnagerðargjald megi innheimta í tilefni af stækkun bygginga, að því er stækkuninni nemur, hvort sem byggt er við eldra hús á lóð eða reist nýtt hús á lóð þar sem eldra hús hefur verið fjarlægt. Skilyrði þess er þó vitaskuld að ekki hafi áður verið innheimt gatnagerðargjald sem tekur til slíkrar stækkunar.

Loks er í 3. mgr. ákveðið hámark gatnagerðargjalds. Í núgildandi lögum er hámarksviðmiðunin skv. 2. gr. ekki nægilega skýr, þ.e. að gjaldið megi nema allt að áætluðum meðalkostnaði við að undirbyggja götu með tilheyrandi lögnum og slitlagi. Slík viðmiðun er til þess fallin að valda ágreiningi og hefur raunin orðið sú á undanförnum árum. Af þeim sökum er hér lagt til að gatnagerðargjald, sem miðað er við stærð bygginga, megi ekki af hverjum rúmmetra eða fermetra vera hærra en 15% af heildarbyggingarkostnaði samsvarandi einingar í vísitöluhúsi fjölbýlis samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987, um vísitölu byggingarkostnaðar. Jafnframt er tekið fram að fjárhæð gjaldsins megi ákveða með tilliti til leyfilegrar stærðar byggingar samkvæmt því skipulagi sem gildir fyrir viðkomandi lóð. Þar sem vísitala byggingarkostnaðar tekur ekki til lóðarstærðar á sama hátt og til flatarmáls og rúmmáls húsa þótti rétt að binda hámark gatnagerðargjalds, sem í gjaldskrá er að hluta eða öllu leyti miðað við stærð lóðar, með þeim hætti að það megi ekki vera hærra en það gæti hæst orðið ef miðað væri við rúmmál og/eða flatarmál byggingar á lóðinni samkvæmt gildandi aðal- eða deiliskipulagi.

Um 4. gr.

Eðlilegt þykir að lóðarhafi beri ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds, sbr. enn fremur ákvæði 1. gr. frumvarps þessa.

Jafnframt er lagt til að gatnagerðargjald verði áfram tryggt með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign, sbr. ákvæði 7. gr. gildandi laga.

Um 5. gr.

Í grein þessari er gert ráð fyrir að viðkomandi lóðarhafi, þ.e. sá sem ábyrgur er fyrir greiðslu gatnagerðargjalds skv. 4. gr., geti skotið ákvörðun sveitarstjórnar um álagningu gatnagerðargjalds til úrskurðar félagsmálaráðherra innan hins almenna kærufrests sem stjórnsýslulög ákveða. Ákvæði þetta er og í samræmi við 119. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986.

Áréttað skal að kæruheimildin tekur aðeins til lögmætis álagningar gjaldsins, þ.e. fjárhæðar gjaldsins og forsendna álagningarinnar, svo og hvenær gjaldsins verður fyrst krafist.

Um 6. gr.

Samkvæmt gildandi lögum um gatnagerðargjöld, nr. 51/1974, er sveitarstjórnum heimilt með sérstakri samþykkt sem ráðherra staðfestir að innheimta gatnagerðargjöld. Ann-

ars vegar er um að ræða gjald skv. 1. gr. laganna sem innheimt skal af hverri lóð áður en þar er veitt byggingarleyfi. Því gjaldi skal samkvæmt lögunum varið til „gatnagerðarframkvæmda í sveitarfélaginu". Hins vegar er um að ræða gjald skv. 3. gr. laganna sem ætlað er að mæta kostnaði við lagningu bundins slitlags og lagningu gangstétta.

Eins og áður segir er sveitarstjórnum heimilt að innheimta gjöld þessi með sérstakri samþykkt sem hljóta skal staðfestingu ráðherra. Hver sveitarstjórn þarf því að setja sérstaka samþykkt fyrir sitt sveitarfélag og senda hana til staðfestingar félagsmálaráðherra.

Þegar frumvarp þetta var samið voru í gildi 88 reglugerðir og samþykktir um gatnagerðargjöld fyrir 76 sveitarfélög. Slíkur fjöldi reglugerða og samþykkta verður óhjákvæmilega nokkuð sundurleitur.

Ætla má að núverandi fyrirkomulag geti leitt til mismununar manna eftir því hvar þeir eru í sveit settir. Til þess að auka líkur á því að meðferð þeirra mála, sem varða gatnagerðargjald, verði með sem líkustum hætti hvar á landi sem er er lagt til að félagsmálaráðherra setji eina reglugerð um gatnagerðargjald sem taki til landsins alls. Þar með yrði komið á sams konar fyrirkomulagi og nú er samkvæmt lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991.

Það að hafa einungis eina reglugerð fyrir allt landið einfaldar framkvæmdina til mikilla muna, jafnt hjá sveitarstjórnum sem og hjá félagsmálaráðuneytinu.

Lagt er til að í reglugerðinni verði kveðið nánar á um ýmsa þætti sem ekki þykir rétt að taka upp í frumvarp þetta. Á það t.d. við um útreikningsreglur við ákvörðun gatnagerðargjalds, undantekningar frá meginreglum, áhrif skipulagsbreytinga á upphæð gatnagerðargjalds, tilhögun endurgreiðslu o.fl. Nefndin hefur samið drög að slíkri reglugerð sem fylgja með frumvarpi þessu til kynningar.

Þrátt fyrir að sett verði reglugerð sem taki til landsins alls verður að veita sveitarstjórnum svigrúm til að kveða á um upphæð gatnagerðargjaldsins innan þess ramma sem settur er í 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins, greiðsluskilmála og þess háttar sem eðlilegt er að ákveðið verði með mismunandi hætti eftir aðstæðum. Er því í 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins kveðið á um að sveitarstjórn setji gjaldskrá fyrir gatnagerðargjald í viðkomandi sveitarfélagi þar sem fjalla skal um áðurgreind atriði. Er það fyrirkomulag enn fremur í samræmi við þá meginreglu sem fram kemur í 5. mgr. 6. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, en þar er kveðið á um sjálfsforræði sveitarstjórna á gjaldskrá eigin fyrirtækja og stofnana til að mæta kostnaði við framkvæmd þeirra verkefna sem þau annast.

Í lokamálslið 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins segir að sveitarstjórn skuli auglýsa gjaldskrána og efnislegar breytingar á henni á þann hátt sem venja er að birta opinberar auglýsingar í sveitarfélaginu. Er slík krafa gerð til að tryggja að þeir íbúar sveitarfélagsins, sem málið varðar, fái vitneskju um þær reglur sem gilda um álagningu gatnagerðargjalds.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að rétt er talið að sveitarstjórnir fái nokkurn aðlögunartíma að hinum nýju lögum frá því að þau eru samþykkt á Alþingi.

Um ákvæði til bráðabirgða.

1. Í ákvæði þessu er lagt til að um innheimtu og álagningu gatnagerðargjalda vegna framkvæmda á grundvelli 3. og 4. gr. laga nr. 51/1974, sbr. lög nr. 31/1975, þ.e. vegna lagningar bundins slitlags og gangstétta, skuli gilda þau lög. Fyrir því eru þó sett þau skilyrði í fyrsta lagi að framkvæmdirnar hefjist fyrir gildistöku nýrra laga um gatnagerðargjald og hins vegar að framkvæmdunum skuli lokið innan fimm ára

frá gildistöku nýrra laga um gatnagerðargjald, en það er í samræmi við þá fimm ára reglu sem fram kemur í 4. gr. gildandi laga. Enn fremur er tekið fram að ákvæði þetta gildi einungis vegna lóða sem úthlutað hefur verið eða veitt hefur verið byggingarleyfi á fyrir gildistöku laga þessara. Er það gert til að tryggja að um álagningu gatnagerðargjalds á lóðir, sem úthlutað er eða veitt byggingarleyfi á eftir gildistöku laga þessara, fari eftir ákvæðum hinna nýju laga.

2. Í ákvæði þessu er kveðið á um að þeir skilmálar um gatnagerðargjöld, sem sveitarstjórn hefur ákveðið við úthlutun lóðar og lóðarhafi eða lóðareigandi hefur fallist á, skuli ekki víkja fyrir ákvæðum nýju laganna ef þeir eru þeim ósamrýmanlegir. Sama gildir um gerða samninga um gatnagerðargjöld af tilteknum lóðum. Þannig yrði t.d. „viðbótargatnagerðargjald" reiknað af rúmmáli húss en ekki flatarmáli ef það hefur verið ákveðið í öndverðu. Einnig væri samningur á milli sveitarfélags og lóðarhafa eða lóðareiganda um að innheimta gatnagerðargjald í áföngum eftir því sem lóð byggðist eftir sem áður skuldbindandi fyrir sveitarstjórnina.

Fylgiskjal I.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um gatnagerðargjald

Frumvarpinu er ætlað að koma í stað laga nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld og laga nr.31/1975 um breyting á þeim lögum. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið eru helstu nýmæli þess eftirfarandi:

1. Tekið verði upp eitt gatnagerðargjald í stað þess tvískipta í núgildandi lögum, þ.e. annars vegar gjald til að undirbyggja götur með tilheyrandi lögnum og slitlagi og hins vegar sérstakt gjald vegna bundins slitlags og gangstétta.
2. Kveðið er á um hámark gatnagerðargjalds.
3. Tekin verða upp skýr ákvæði um kæruheimild til félagsmálaráðuneytisins.
4. Ein reglugerð um gatnagerðargjald gildi fyrir allt landið í stað reglugerðar eða samþykktar fyrir hvert sveitarfélag fyrir sig.

Ákvæði frumvarpsins eru öll um álagningu gjalda til sveitarfélaga og hafa engin áhrif á kostnað ríkissjóðs.

Fylgiskjal II.

Nefnd um endurskoðun laga um gatnagerðargjöld:

Drög að reglugerð um gatnagerðargjald.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að innheimta gatnagerðargjald af öllum lóðum í sveitarfélaginu og/eða mannvirkjum á þeim, hvort sem um er að ræða lóðir í eigu sveitarfélagsins eða aðrar lóðir.

2. gr.

Lóðarhafi ber ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds.

3. gr.

Sveitarstjórn ákveður í gjaldskrá sinni, sbr. 11. gr. reglugerðar þessarar, upphæð gjaldsins og hvenær það er innheimt. Gatnagerðargjald er þó fyrst gjaldkræft við úthlutun lóðar, sem er í eigu sveitarfélagsins eða sveitarfélagið hefur ráðstöfunarrétt á, og við útgáfu byggingarleyfis á öðrum lóðum.

4. gr.

Við ákvörðun gatnagerðargjalds skal miða við rúmmál byggingar, flatarmál hennar og/eða flatarmál lóðar. Heimilt er að hafa hverja þessara viðmiðana sem er, eina af þeim, tvær saman eða allar þrjár. Flatarmál og rúmmál byggingar skal reikna eftir ÍST 50 og miða við brúttóstærðir.

5. gr.

Hámark gatnagerðargjalds er 15% af heildarbyggingarkostnaði rúmmetra eða fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlis eins og hann er á hverjum tíma, eftir því hvor viðmiðunin á við, eða vegið meðaltal þessara stærða ef við á.

Gatnagerðargjald sem miðað er við stærð lóðar skal ekki vera hærra en ef það væri miðað við stærð byggingar á sömu lóð. Gildir það eins þó aðeins hluti gatnagerðargjalds sé miðaður við flatarmál lóðar.

Hámark gatnagerðargjalds skv. 1. mgr. gildir jafnt um einstaka byggingaráfanga eða húshluta eins og byggingar í heild.

6. gr.

Heimilt er að ákveða lágmark gatnagerðargjalds af lóð með hliðsjón af nýtingarmöguleikum lóðarinnar samkvæmt samþykktu skipulagi. Gatnagerðargjald verður ekki endurgreitt þó minna sé byggt en lágmarksgjaldið miðast við. Heimilt er í tengslum við útgáfu byggingarleyfis að innheimta viðbótargatnagerðargjald ef stærð byggingar er umfram viðmiðun lágmarksgatnagerðargjalds.

7. gr.

Nú greiðir lóðarhafi ekki gatnagerðargjald á tilskildum tíma og er sveitarstjórn þá heimilt að afturkalla byggingarleyfi og/eða lóðarúthlutun, enda sé kveðið á um það í úthlutunar- eða byggingarskilmálum.

8. gr.

Þegar hús er rifið eða fjarlægt af lóð og nýtt byggt í staðinn, er heimilt að innheimta gatnagerðargjald að því er stækkuninni nemur, nema lágmarksgatnagerðargjald skv. 5. gr. reglugerðar þessarar hafi verið greitt og ekki farið fram úr viðmiðun þess. Sama gildir ef hús brennur og byggt er nýtt hús á lóð.

9. gr.

Sveitarstjórn skal í eftirgreindum tilvikum endurgreiða gatnagerðargjald:

a. Ef lóðarhafi skilar úthlutaðri lóð eða ef lóðarúthlutun er afturkölluð.
b. Ef gatnagerðargjald hefur verið greitt í tengslum við útgáfu byggingarleyfis, en leyfið fellur úr gildi eða er fellt úr gildi. Á það jafnt við um gatnagerðargjald af eignarlóðum og viðbótargatnagerðargjald skv. 6. gr. reglugerðar þessarar.

Endurgreiðslu gatnagerðargjalds skv. a-lið 1. mgr. er heimilt að fresta þar til lóð er úthlutað að nýju, en þó ekki lengur en í 6 mánuði. Frestur til endurgreiðslu er í öðrum tilvikum 1 mánuður frá því að lóðarhafi krefst endurgreiðslu gatnagerðargjalds skv. b-lið 1. mgr.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt og verðbætt miðað við vísitölu byggingarkostnaðar eftir því sem kveðið er á um í gjaldskrá skv. 11. gr. reglugerðar þessarar.

10. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin færist í hærri gjaldflokk samkvæmt gjaldskrá sveitarfélagsins, þá skal húseigandi greiða gatnagerðargjald af hinu breytta húsnæði, sem nemur mismun á gjaldinu reiknuðu af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytinguna. Ef húseign færist í lægri gjaldflokk við slíkar breytingar greiðist ekki gatnagerðargjald og lóðarhafi á ekki rétt á endurgreiðslu.

11. gr.

Sveitarstjórn skal setja sér sérstaka gjaldskrá fyrir gatnagerðargjald. Í gjaldskránni skal m.a. kveðið á um eftirfarandi atriði:

a. Við hvaða þætti gatnagerðargjald skuli miðast, sbr. 3. gr. reglugerðar þessarar, og upphæð þess.
b. Hvort um er að ræða mismunandi gjaldflokka eftir notkun lóðar, t.d. eftir því hvort um er að ræða lóð fyrir íbúðarhúsnæði, verslunarhúsnæði, iðnaðarhúsnæði o.s.frv., eða mismunandi gjald af lóðum fyrir íbúðarhúsnæði eftir því hvort um er að ræða lóð fyrir einbýlishús, raðhús, fjölbýlishús o.s.frv.
c. Greiðsluskilmála gatnagerðargjalds.
d. Hvort ákveðin rými eða tilteknar tegundir bygginga skuli vera undanþegnar gatnagerðargjaldi að meira eða minna leyti.
e. Heimild til að uppreikna gatnagerðargjald reglulega.
f. Tilhögun endurgreiðslu gatnagerðargjalds, sbr. 9. gr. reglugerðar þessarar.

12. gr.

Sveitarstjórn skal auglýsa gjaldskrána og efnislegar breytingar á henni á þann hátt sem venja er að birta opinberar auglýsingar í sveitarfélaginu. Ekki þarf þó að auglýsa breytingar á gatnagerðargjaldi sem leiða af heimild til að uppreikna þau.

13. gr.

Leiðtogafundurinn í Reykjavík	í vinnslu	4.000

* Var breytt með bókun 13. desember 1987 í: Hljómleikar með léttri tónlist.

Úthlutanir til Ríkisútvarpsins, hljóðvarps.

9. apríl 1987	Athugasemdir	Þús. kr.
Íslenskt söngvasafn		2.000
Þættir úr sögu Íslands		960
Íslendingasögur		615
Menningarkvöldvökur		600
15. febrúar 1988		
Útvarp í íslensku þjóðlífi í 60 ár		520
Barna- og unglingaþættir í Íslendingasögum		900
Síldarárin á Siglufirði		400
21. mars 1988		
Þáttaröð um líf og starf sjómannsins í gegnum tíðina		550
Viðtöl við aldraða Íslendinga sem hafa dvalið langdvölum í Danmörku, Noregi og Svíþjóð		350
Frá aldarbyrjun		550
Heimildarþættir um Theodór Gunnarsson		500
Hljóðritun á leik norðlenskra tónlistarmanna		500
27. maí 1988		
Shakespeare		1.750
Fræðsluþættir fyrir börn og unglinga		650
Hljóðritanir á verkum íslenskra tónskálda		1.000
21. júlí 1988		
Fornleifarannsóknir		250
Þáttur um tónlistariðkun alþýðu á Íslandi fyrr og nú		500
Stjórnmálabarátta á Íslandi frá 1945		750
Sönghæf tónlist fyrir börn		500
13. desember 1988		
Keltnesk áhrif		500
21. febrúar 1990		
Útvarpið 60 ára		3.500
Hljóðritun á nýjum tónverkum eftir íslensk tónskáld		500
Leikverk eftir suður-ameríska höfunda		500
Pólitískar satírur		500
27. desember 1990		
Leikþættir fyrir börn og unglinga		1.200
Það er leikur að hlusta		400
Leikverk frá Austur-Evrópu		2.400
29. apríl 1991		
Jóhann Sigurjónsson		2.500
Búa tvær þjóðir í landinu?		1.000
Þjóðsögur í útvarpsbúningi		1.500
Götubarinn		1.200
Menning á Norðurheimskautinu		1.200
Íslandsverslun á tímum einokunar		800
Þjóðgarðar og friðlönd		200
2. febrúar 1992		
Hrafnkelssaga		500
Burleskur, frásagnarháttur í bókmenntum Frakka og Spánverja		500
Gamanleikur — til að láta semja handrit að íslenskum gamanleikjum		2.000
Íslensk framleiðsla — fréttaþáttur		450
Útvarpsleikrit á vegum Leikfélags Akureyrar		400
Austurland: Hvalveiðar við Austurland		140

20. mars 1993		
Rás 1:		
Skólakerfi á krossgötum	flutt	365
Sannar sögur	í vinnslu	400
Útvarpsþættir um norræna menn á Frakklandi	flutt	540
Balkanskagi og hrun kommúnismans	flutt	350
Don Giovanni í nútíð og fortíð	í vinnslu	290
Rás 2: Sögur úr kaupstaðarferð	í vinnslu	600
Ísafjörður: Gengið um Skutulsfjarðareyri	í vinnslu	100
Akureyri: Ingimar Eydal	flutt	200
Austurland: Byggð í Breiðuvík	flutt	100
3. október 1995		
Ísafjörður: Þar vex gras undir vængjum fugla		275
Rás 2: Íslensk sakamál		330
Rás 1:		
Trillukarlar nú og áður fyrr		540
Ég bið að heilsa		260
Heimur leikjanna		300
Ljóðár		1.500
Leiklistardeild: Íslenskir gamanleikir		800
Austurland: Vestur-íslenskir Austfirðingar		200

Úthlutanir til Ríkisútvarpsins, sjónvarps.

9. apríl 1987	**Athugasemdir**	**Þús. kr.**
Kaup á 4 kvikmyndum:		
Útlaginn		
Okkar á milli		
Skammdegi		
Eins og skepnan deyr	flutt	4.350
15. febrúar 1988		
Heimildarmynd um Þorlák helga	flutt	1.229
Næturganga	flutt	4.940
Refurinn	flutt	450
Hrafninn	flutt	450
21. mars 1988		
Þáttur um Nonna	flutt	2.000
Þáttur um Þingvelli	flutt	1.900
Þáttaröð um Ísland og umheiminn	flutt	4.500
27. maí 1988		
Dagur vonar	flutt	3.000
21. júlí 1988		
Blindingsleikur		1.000
13. desember 1988		
Blindingsleikur	var ekki gert	1.000
30. janúar 1990		
Marías, en að beiðni forráðamanna RÚV mun úthlutun hafa verið breytt þannig að Litbrigði jarðarinnar var styrkt	flutt	10.000
27. desember 1990		
Marías	flutt	4.000

29. apríl 1991		
Jóladagatal 1991	flutt	3.500
Sjóarinn	flutt	9.000
Hjartað	flutt	2.500
Jólasiðir	flutt	900
Skaftafell	flutt	700
1. febrúar 1992		
Sögustaðir (heimildarmynd)	flutt	4.000
Söngleikir — úr íslenskum söngleikjum	flutt	1.200
Hálendi Íslands (heimildarmynd)	flutt	1.000
Skólasaga (heimildarmynd)	flutt	1.000
Jónas Hallgrímsson (heimildarmynd)	flutt	3.000
Íslenskir vísindamenn (heimildarmynd)	flutt	3.000
20. mars 1993		
Og hún á þessum aldri (endurúthlutað)		6.500
Blái hatturinn	flutt	2.000
Heimildarmynd um Guðmund Hannesson lækni	flutt	1.500
Þið munið hann Jörund	flutt	7.000
3. október 1995		
Hreinn Sveinn		4.000
Björgunin (endurúthlutun)		2.500
Rondó (endurúthlutun)		2.000
Hreinn Sveinn (endurúthlutun)		2.000

Úthlutanir til ýmissa aðila.

	Athugasemdir	**Þús. kr.**
Eyfirska sjónvarpsfélagið hf.		
20. nóvember 1987: Heimildarmynd um Hjalteyri	uppl. vantar	400
29. apríl 1991: Fiskeldi í Eyjafirði	uppl. vantar	600
Aðalstöðin.		
29. október 1990: Undir regnboganum*	flutt	400
29. apríl 1991:		
Úr bókahillunni/Sígildir tónar*	uppl. vantar	2.100
Hljóðritun á verkum íslenskra tónlistarmanna*	uppl. vantar	400
Viðar Víkingsson.		
1. febrúar 1992: Á Stóra Hrauni		2.000
15. september 1992: Á Stóra Hrauni		1.000
20. mars 1993: Á Stóra Hrauni (útgreitt 29. maí 1995)	í vinnslu	10.000
Kvikmyndafélagið Nýja Bíó hf.		
1. febrúar 1992: Heimildarmynd um Stephan G. Stephansson	í vinnslu	1.000
Þorsteinn Helgason.		
1. febrúar 1992: Tyrkjaránið		1.000
15. september 1992: Tyrkjaránið		1.000
20. mars 1993: Tyrkjaránið	í vinnslu	2.000
idéfilm.		
1. febrúar 1992: Bjarkarlauf — saga lýðveldisins		2.000
15. september 1992: Bjarkarlauf		1.000
20. mars 1993: Bjarkarlauf	í vinnslu	1.000
Hringsjá.		
1. febrúar 1992: Þjóð í hlekkjum hugarfarsins		3.000
15. september 1992: Þjóð í hlekkjum hugarfarsins		3.500
20. mars 1993: Þjóð í hlekkjum hugarfarsins	flutt	2.400

Ásthildur Kjartansdóttir og Dagný Kristjánsdóttir.		
1. febrúar 1992: Draumur um draum (Mín liljan fríð)		2.500
15. september 1992: Draumur um draum (Mín liljan fríð)		3.500
20. mars 1993: Draumur um draum	flutt	2.400
Egill Eðvarðsson.		
1. febrúar 1992: Blóðskömm		1.000
15. september 1992: Blóðskömm		1.000
20. mars 1993: Blóðskömm (útgreitt 9. júní 1995)	í vinnslu	10.000
Páll Steingrímsson.		
1. febrúar 1992: Heimildarmynd um sögu tónlistar á Íslandi	í vinnslu	1.500
Hillingar (Lárus Ýmir Óskarsson).		
1. febrúar 1992: Maður í frakka	uppl. vantar	2.000
Aðalstöðin — þá Útvarp Reykjavík hf.		
1. febrúar 1992: Upphaf og uppruni skipulagðrar fjölmiðlunar á Íslandi'	uppl. vantar	900
20. mars 1992: Íslenska, það er málið'	flutt	1.500
Guðjón Arngrímsson.		
1. febrúar 1992: Heimildarmynd um erfðir og umhverfisáhrif — Worlds Apart	500	
15. september 1992: Worlds Apart		1.000
20. mars 1993: Worlds Apart	í vinnslu	2.500
Finnbogi Hermannsson.		
1. febrúar 1992: Menningarsaga Ísafjarðar	flutt	240
20. mars 1993: Snillingurinn í Hólmi	í vinnslu	800
Íslenska kvikmyndasamsteypan hf.		
15. september 1992: Sjónvarpsmynd eftir skáldsögum Einars Kárasonar		1.000
20. mars 1993: Sjónvarpsmynd eftir skáldsögum Einars Kárasonar	í vinnslu	2.000
Saga film hf.		
20. mars 1993: Jón Sigurðsson forseti	flutt	3.000
3. október 1995:		
Aldarteikn		800
Fornbókabúðin		900
Birgir Sigurðsson.		
20. mars 1993: Heimildarmynd um íslenskt almúgafólk	í vinnslu	3.500
Pegasus.		
20. mars 1993: Ljáðu mér vængi	í vinnslu	3.000
Þorvaldur Gylfason.		
20. mars 1993: Að byggja land	í vinnslu	4.000
Kvikmyndafélag Íslands hf.		
20. mars 1993: Heimildarmynd um Eggert V. Briem	í vinnslu	1.000
3. október 1995: Sjálfvirkinn		1.500
Valdimar Leifsson og Bryndís Kristjánsdóttir.		
20. mars 1993: Listakonan sem Ísland hafnaði	flutt	2.000
Rammsýn.		
20. mars 1993: Til þess eru vítin ...	í vinnslu	3.000
Hannes Hólmsteinn Gissurarson.		
20. mars 1993: Hugmyndaarfur Íslendinga á 20. öld	í vinnslu	1.100
Valur Ingimundarson og Árni Snævarr.		
20. mars 1993: Baráttan fyrir alþjóðaviðurkenningu	flutt	2.000

Jón Hermannsson.
20. mars 1993: Sjávarnýtingin ..... uppl. vantar 2.000

Þórunn Sigurðardóttir.
3. október 1995: Feigðarför 2.765

Aflvakinn hf.
3. október 1995:
Ljóð og lag 720
Íslenskt mál 1.200
Þjóðsögur 780
Piltur og stúlka 1.500

Útvarp FM hf.
3. október 1995:
Þjóðfélagsgagnrýnandinn 760
Bilið brúað 450

Kelvin myndir ehf.
3. október 1995: Uxi '95 ..... 1.000

Kvikmyndagerðin Alvís.
3. október 1995: Fjölmiðlabyltingin 1.500

Anna Th. Rögnvaldsdóttir.
3. október 1995: Kalt borð 1.000

Kristín Bergþóra Pálsdóttir.
3. október 1995: Þá riðu hetjur um héruð 2.000

Kjól & Anderson ehf.
3. október 1995:
Nautn nr. 1 ..... 1.000
Grúví sé lof og dýrð 1.000

Baldur kvikmyndagerð.
3. október 1995: Ráðagóða stelpan 1.000

Einar Magnús Magnússon.
3. október 1995: Heimildarmynd um fíkniefnaheiminn á Íslandi 1.000

Klassíski listdansskólinn hf.
3. október 1995: Lata stelpan 1.500

ILM hf.
3. október 1995: Þegar það gerist 1.500

Ingólfur Margeirsson.
3. október 1995: Sögur úr Hrísey 1.500

Hans Kristján Árnason.
3. október 1995: Tónlist fyrir alla 1.000

Oddný Sen.
3. október 1995: Kínverskir skuggar 1.500

* Styrkir hafa ekki verið greiddir út.

128. Nefndarálit [21. mál]

um frv. til l. um breyt. á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu Ragnhildi Arnljótsdóttur deildarstjóra og Rannveigu Gunnarsdóttur, skrifstofustjóra lyfjamála, Ingolf Petersen, Jón Þórðarson og Guðmund Reykjalín frá Apótekarafélagi Íslands, Örn Guðmundsson og Þorvald Árnason frá Stéttarfélagi íslenskra lyfjafræðinga og Róbert Melax lyfjafræðing.

Þar sem ekki er fyrirhugað að gera breytingar sem hverfa frá þeirri meginstefnu sem mörkuð er í gildandi lyfjalögum er nefndin sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins en þó með þeim breytingum að VII. kafli lyfjalaga, um stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfi, og XIV. kafli laganna, er fjallar um lyfjaverð, taki gildi 15. mars 1996 í stað 1. júlí 1996. Af þessum breytingum leiðir að breyta verður til samræmingar ákvæðum laganna um brottfall tiltekinna ákvæða eldri lyfjalaga, nr. 108/1984, og laga um lyfjadreifingu, nr. 76/1982. Þá breytast ákvæði til bráðabirgða um frest fyrir ákveðna aðila til að uppfylla skilyrði laganna. Einnig framlengjast lyfsöluleyfi lækna og sveitarfélaga í samræmi við breytinguna til 15. mars 1996. Ákvörðun þóknunar fyrir lyfjaafhendingu dýralækna, sem kveðið er á um í lyfjalögum, kemur af þessum sökum ekki til framkvæmda fyrr en 15. mars 1996.

Sigríður A. Þórðardóttir og Sólveig Pétursdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „1. júlí 1996“ í 3. gr. og a- og b-lið 4. gr. komi: 15. mars 1996.

Alþingi, 27. okt. 1995.

Össur Skarphéðinsson, form., frsm.	Siv Friðleifsdóttir.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Guðni Ágústsson.	Ásta R. Jóhannesdóttir.	Guðmundur Hallvarðsson.
	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.	

129. Frumvarp til laga [117. mál]

um erfðabreyttar lífverur.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

I. KAFLI
Markmið, gildissvið o.fl.

1. gr.

Markmið laga þessara er að vernda náttúru landsins, vistkerfi, plöntur og heilsu manna og dýra gegn skaðlegum og óæskilegum áhrifum erfðabreyttra lífvera.

2. gr.

Lögin taka til allrar notkunar og starfsemi með erfðabreyttar lífverur, þar með taldar eru rannsóknir, framleiðsla, geymsla, meðhöndlun úrgangs, slepping og dreifing, auk eftirlits með athafnasvæðum. Jafnframt taka lögin til innflutnings, markaðssetningar, sölu og annarrar afhendingar erfðabreyttra lífvera, svo og til vöru sem inniheldur þær að einhverju leyti. Enn fremur taka lögin til flutninga á erfðabreyttum lífverum og vöru sem inniheldur þær, á landi, sjó og í lofti.

Lögin gilda ekki um lífverur sem verða til með hefðbundnum kynbótum eða náttúrulegu erfðabreytingaferli.

3. gr.

Lögin gilda innan íslenska ríkisins og í efnahagslögsögunni.

II. KAFLI
Orðaskýringar.

4. gr.

Í lögum þessum er merking eftirtalinna orða og orðasambanda eins og hér segir:

Afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera táknar alla þá starfsemi þar sem litningum í lífverum er breytt eða þegar erfðabreyttar lífverur eru ræktaðar, geymdar, notaðar, fluttar eða þeim fargað, enda sé beitt tálmunum af hvaða toga sem er til að hindra að erfðabreyttar lífverur komist í snertingu við fólk, umhverfi eða aðrar lífverur.

Áhættumat fer úttekt á áhættu fyrir heilsu manna, annarra lífvera og umhverfi vegna afmarkaðrar notkunar, losunar og sleppingar og dreifingar erfðabreyttra lífvera, svo og vöru sem hefur erfðabreyttar lífverur að geyma.

Erfðabreytt lífvera er örvera, planta eða dýr þar sem erfðaefninu hefur verið breytt með erfðatæknilegum aðferðum.

Erfðatækni er tækni sem notuð er til þess að einangra, greina og umbreyta erfðaefni og flytja það inn í lifandi frumur eða veirur.

Lögbært yfirvald er það stjórnvald sem aðildarríki EES-samningsins tilnefna til að fara með leyfisveitingar í hverju landi og hafa umsjón og eftirlit með notkun erfðabreyttra lífvera.

Markaðssetning er hvers kyns afhending erfðabreyttra lífvera eða vöru sem hefur þær að geyma, hvort sem afhendingin er gegn gjaldi eða ekki.

Slepping eða dreifing merkir það þegar erfðabreyttum lífverum er sleppt út í umhverfið án þess að beitt sé tálmunum til að hindra að þær geti haft áhrif á fólk, aðrar lífverur eða umhverfi.

Slys er sérhvert það tilvik kallað þegar erfðabreyttar lífverur sleppa út og geta stefnt heilsu manna, annarra lífvera eða umhverfinu í hættu, þegar í stað eða síðar.

Vara er tilbúið efni eða framleiðsluvara sem sett er á markað og er að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum eða samsetningum þeirra.

Örvera er smásæ lífvera, þar með taldar veirur og veirungar.

III. KAFLI
Stjórnsýsla.

5. gr.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

Hollustuvernd ríkisins hefur yfirumsjón með framkvæmd laganna, veitir leyfi og stjórnar eftirliti með starfsemi samkvæmt lögum þessum.

Umhverfisráðherra getur með reglugerð, að fenginni umsögn félagsmála-, heilbrigðis-, menntamála- og landbúnaðarráðherra, falið öðrum stjórnvöldum að fara með hluta eftirlitsins í samræmi við lög sem um þau stjórnvöld gilda undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins.

Hollustuvernd ríkisins getur afturkallað leyfi sem hún hefur veitt samkvæmt lögum þessum ef áhætta af leyfðri starfsemi eykst, flokkun erfðabreyttra lífvera breytist, nýjar upplýsingar liggja fyrir um að áhætta af starfseminni hafi verið vanmetin, ný tækni gerir það að verkum að mögulegt er að takmarka frekar en gert er áhættu fyrir heilsu manna og umhverfi eða ef brotið er gegn lögum og reglum sem um starfsemina gilda.

Hollustuvernd ríkisins er óheimilt að veita leyfi ef slík leyfisveiting samræmist ekki markmiðum laga þessara.

6. gr.

Umhverfisráðherra skal skipa fimm manna ráðgjafanefnd sem hefur sérfræðiþekkingu á þessu sviði sem ætlað er að aðstoða við framkvæmd laga þessara. Skipa skal með sama hætti jafnmarga til vara. Nefndin skal veita umsagnir samkvæmt lögum þessum auk þess sem hún skal veita eftirlits- og framkvæmdaraðilum ráðgjöf um framkvæmd laganna. Þá skal nefndin hafa frumkvæði að endurskoðun laga þessara. Umhverfisráðherra setur nefndinni starfsreglur í reglugerð auk þess sem þar skal kveðið á um það hvenær skylt sé að leita umsagnar nefndarinnar áður en endanleg ákvörðun er tekin eða leyfi veitt. Kostnaður sem hlýst af starfsemi nefndarinnar skal greiddur úr ríkissjóði.

7. gr.

Auk reglugerða sem kveðið er á um í einstökum greinum skal umhverfisráðherra setja í reglugerð eða reglugerðir nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara að því er varðar eftirtalin atriði:

1. flokkun erfðabreyttra lífvera í áhættuflokka;
2. einangrunarráðstafanir í samræmi við flokkun erfðabreyttra lífvera í áhættuflokka;
3. sérákvæði, í samráði við félagsmálaráðherra, um aðbúnað starfsfólks, aðstöðu, búnað og tæki sem notuð eru við starfsemi með erfðabreyttar lífverur;
4. áhættumat;

5. skrár sem skylt er að halda vegna notkunar á erfðabreyttum lífverum;
6. skilyrði fyrir sleppingu og dreifingu erfðabreyttra lífvera;
7. flutning erfðabreyttra lífvera og vöru sem inniheldur þær;
8. markaðssetningu erfðabreyttra lífvera og vöru sem inniheldur þær;
9. mengunarvarnir, geymslu, losun og meðferð úrgangsefna;
10. rannsóknarsvæði;
11. efni umsókna og meðferð þeirra, tilkynningar til lögbærra yfirvalda á Evrópska efnahagssvæðinu og leyfisveitingar samkvæmt lögum þessum;
12. merkingar, vöruumbúðir og þess háttar;
13. neyðaráætlanir um slysavarnir;
14. önnur atriði sem nauðsynlegt er að setja reglur um í samræmi við alþjóðasamninga, viðbætur eða breytingar á þeim.

IV. KAFLI
Afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera.

8. gr.

Óheimilt er að hefja starfsemi þar sem fram á að fara afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera, nema að fengnu leyfi Hollustuverndar ríkisins. Sækja ber um leyfi til Hollustuverndar ríkisins fyrir hverja tegund erfðabreyttra lífvera sem fyrirhugað er að nota eða framleiða.

Umsækjandi skal meta fyrir fram þá áhættu sem hin afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera hefur eða getur haft í för með sér fyrir heilsu manna og umhverfi. Umsækjandi skal varðveita eintak af niðurstöðum áhættumatsins á starfsstöð sinni.

Umsókn skv. 1. mgr. skulu fylgja upplýsingar í samræmi við tegund starfsemi og flokkun erfðabreyttra lífvera, ásamt umsögnum eftirlitsaðila um aðstöðu, búnað og tæki og niðurstöðu áhættumats, eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.

Hollustuvernd ríkisins tilkynnir umsækjanda skriflega um móttöku umsóknar.

9. gr.

Afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera skal einungis fara fram á rannsóknarstofum eða athafnasvæðum sem Hollustuvernd ríkisins eða aðrir eftirlitsaðilar hafa samþykkt til slíkrar notkunar. Þá getur starfsemi með erfðabreyttar lífverur ekki hafist fyrr en eftirlitsaðilar hafa samþykkt þann búnað sem fyrirhugað er að nota við starfsemina og að farið sé að viðeigandi reglum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Þegar unnið er með erfðabreyttar lífverur þar sem sérstakrar varúðar er þörf skulu einangrunarráðstafanir og mengunarvarnir viðhafðar í samræmi við flokkun á erfðabreyttum lífverum og tegund starfsemi. Þeir sem bera ábyrgð á fyrrgreindri starfsemi skulu taka einangrunarráðstafanir og mengunarvarnir reglulega til endurskoðunar og hafa til hliðsjónar nýjungar á sviði vísinda og tækni.

10. gr.

Hollustuvernd ríkisins er heimilt að takmarka þann tíma sem starfsemi er heimil og binda leyfi öðrum skilyrðum. Stofnunin getur krafist þess að umsækjandi veiti frekari upplýsingar um aðstöðu og fyrirhugaða starfsemi en fram koma í umsókn. Þá getur Hollustuvernd ríkisins krafist þess að umsækjandi breyti aðstöðu sinni í samræmi við ákvæði laga og reglugerða áður en leyfi er veitt.

Hollustuvernd ríkisins skal tilkynna umsækjanda skriflega hvort fallist hafi verið á umsókn.

Tilkynna skal Hollustuvernd ríkisins þegar notkun eða framleiðsla erfðabreyttra lífvera hefst og halda skrá um starfsemina.

11. gr.

Ef afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera er fyrirhuguð sem þáttur í kennslu í skólum á háskólastigi er heimilt að víkja frá ákvæðum 8., 9. og 10. gr., enda hafi umhverfisráðherra gefið út sérstakt leyfi þar að lútandi að fenginni umsögn eftirlitsaðila. Umhverfisráðherra getur afturkallað leyfi sem hann hefur veitt samkvæmt þessari grein.

12. gr.

Ef aðstöðu, þar sem fram fer afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera, er breytt þannig að áhætta af starfseminni eykst skal leyfishafi tilkynna það Hollustuvernd ríkisins án tafar. Hið sama á við ef flokkun erfðabreyttra lífvera breytist. Skal Hollustuvernd ríkisins tilkynna leyfishafa skriflega svo skjótt sem auðið er hvort breytingarnar séu svo veigamiklar að afturkalla verði áður útgefið leyfi eða hvort leyfishafi skuli breyta starfsaðstöðu sinni til samræmis við reglur.

V. KAFLI
Slepping eða dreifing erfðabreyttra lífvera.

13. gr.

Óheimilt er að sleppa eða dreifa erfðabreyttum lífverum nema að fengnu leyfi Hollustuverndar ríkisins. Sækja skal um leyfi til Hollustuverndar ríkisins fyrir hverja einstaka sleppingu eða dreifingu. Sækja má um leyfi fyrir fleiri en eina sleppingu eða dreifingu í sömu umsókn. Stofnunin skal staðfesta móttöku umsókna skriflega.

Umsókn skulu fylgja nauðsynlegar upplýsingar um eiginleika og einkenni hinnar erfðabreyttu lífveru og áhættumat ásamt öðrum gögnum sem ráðherra kveður á um í reglugerð.

Hollustuvernd ríkisins skal leita umsagna um efni umsókna eins og kveðið er á um í reglugerð.

14. gr.

Hollustuvernd ríkisins skal tilkynna umsækjanda skriflega hvort fallist hafi verið á umsókn og hvaða skilyrðum leyfi sé bundið hafi það verið veitt. Stofnunin getur ákveðið áður en leyfi er veitt að framkvæmdar verði sérstakar prófanir og rannsóknir.

15. gr.

Ef leyfishafi telur nauðsynlegt að breyta heimilaðri tilhögun við sleppingu eða dreifingu skal hann tilkynna það Hollustuvernd ríkisins svo skjótt sem auðið er. Jafnframt skal hann gera grein fyrir þeim ráðstöfunum sem fyrirhugaðar eru vegna breytinganna. Skal stofnunin taka afstöðu til fyrirhugaðra breytinga og ráðstafana svo fljótt sem auðið er og tilkynna leyfishafa ákvörðun sína án tafar.

VI. KAFLI
Markaðssetning erfðabreyttra lífvera eða vöru sem inniheldur þær.

16. gr.

Óheimilt er að markaðssetja hér á landi erfðabreyttar lífverur eða vöru sem inniheldur þær nema að fengnu leyfi Hollustuverndar ríkisins. Umhverfisráðherra getur í reglugerð, að fengnum tillögum ráðgjafanefndar eða Hollustuverndar ríkisins, ákveðið að tilteknar afhendingar erfðabreyttra lífvera teljist ekki til markaðssetningar í skilningi laga þessara.

17. gr.

Umsókn um markaðssetningu skal beina til Hollustuverndar ríkisins sem staðfestir móttöku hennar skriflega. Áður en stofnunin gefur út leyfi skal hún leita umsagna um efni umsóknar eins og kveðið er á um í reglugerð.

Ef umsókn er ekki hafnað skal Hollustuvernd ríkisins senda útdrátt úr umsókn ásamt umsögn sinni til lögbærra yfirvalda á EES-svæðinu eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.

18. gr.

Komi fram nýjar upplýsingar um áhættu vegna markaðssetningar erfðabreyttra lífvera eða vöru sem inniheldur þær ber umsækjanda eða leyfishafa að tilkynna það án tafar til Hollustuverndar ríkisins. Hið sama á við ef flokkun erfðabreyttra lífvera breytist. Umsækjandi eða leyfishafi skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að vernda heilsu manna og umhverfi sé þess þörf með tilliti til þessara nýju upplýsinga.

Berist Hollustuvernd ríkisins tilkynning skv. 1. mgr. eða eftir öðrum leiðum skal hún svo skjótt sem auðið er taka afstöðu til þess hvort nauðsynlegt sé að endurskoða eða breyta áður útgefnu leyfi eða afturkalla það. Ákvörðun sína skal stofnunin tilkynna leyfishafa án tafar.

19. gr.

Ef fyrir liggur leyfi útgefið af lögbæru yfirvaldi í öðru landi á EES-svæðinu til markaðssetningar erfðabreyttra lífvera eða vöru sem inniheldur þær jafngildir sú leyfisveiting leyfi til markaðssetningar hér á landi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur umhverfisráðherra, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins og umsögn ráðgjafanefndar, bannað eða takmarkað hér á landi markaðssetningu tiltekinna erfðabreyttra lífvera eða vöru sem inniheldur þær ef hætta er á að markaðssetningin hafi í för með sér skaðleg áhrif á heilsu manna eða umhverfi eða ef leyfisveiting samræmist ekki markmiðum laga þessara.

Hollustuvernd ríkisins skal tilkynna án tafar öðrum lögbærum yfirvöldum á EES-svæðinu ákvörðun umhverfisráðherra skv. 2. mgr.

VII. KAFLI
Almenn ákvæði.

20. gr.

Hollustuvernd ríkisins eða öðrum eftirlitsaðilum er heimill óhindraður aðgangur að rannsóknarstofum eða svæðum þar sem notaðar eru, eða unnið er með, erfðabreyttar lífverur. Jafnframt geta eftirlitsaðilar krafist þess að fá aðgang að öllum skjölum og efni sem máli kann að skipta vegna eftirlitsins.

21. gr.

Sérhverjum þeim sem notar, framleiðir eða markaðssetur erfðabreyttar lífverur er skylt, án tillits til trúnaðarskyldu, að afhenda Hollustuvernd ríkisins eða öðrum opinberum eftirlitsaðilum nauðsynlegar upplýsingar svo að þeir geti sinnt verkefnum sem þeim eru falin samkvæmt lögum þessum. Öðrum opinberum stofnunum er einnig skylt, sé þess óskað, að afhenda eftirlitsaðilum sömu upplýsingar, án tillits til trúnaðarskyldu sem annars hvílir á stofnuninni og starfsmönnum hennar.

Starfsmönnum Hollustuverndar ríkisins, ráðgjafanefnd eða öðrum sem fjalla um umsóknir og tilkynningar samkvæmt lögum þessum er óheimilt að greina frá trúnaðarupplýsingum sem þeir kunna að komast að í starfi sínu. Óheimilt er að greina frá umsóknum sem dregnar hafa verið til baka. Trúnaðarskyldan helst þó að látið sé af starfi.

Umhverfisráðherra setur nánari ákvæði um meðferð upplýsinga í reglugerð og hvaða upplýsingar skuli ætíð undanþegnar trúnaðarskyldu.

22. gr.

Greiða skal sérstakt gjald vegna meðferðar umsókna samkvæmt lögum þessum og skal það gert við afhendingu umsóknar. Hollustuvernd ríkisins skal gera tillögu að gjaldskrá sem ráðherra staðfestir og birtir í Stjórnartíðindum. Þá er Hollustuvernd ríkisins heimilt að krefja umsækjanda um endurgreiðslu alls kostnaðar sem fellur til vegna sérstakra rannsókna eða úttekta, enda hafi verið haft samráð við umsækjanda um fyrirhugaðar rannsóknir eða úttektir og umsækjanda gefinn kostur á að draga umsókn sína til baka áður en til slíks kostnaðar er stofnað.

23. gr.

Ef slys valda því að erfðabreyttar lífverur sleppa út í umhverfið skal sá sem ábyrgð ber á starfseminni grípa til nauðsynlegra ráðstafana svo að koma megi í veg fyrir eða takmarka eins og kostur er tjón eða óþægindi sem af slysinu kunna að hljótast. Þá skal sá sem ábyrgð ber á starfsemi tilkynna um slysið án tafar til Hollustuverndar ríkisins og eftirlitsaðila sem málið varðar. Í tilkynningu skulu koma fram upplýsingar um tildrög slyss, tegund og magn erfðabreyttra lífvera sem sloppið hafa út í umhverfið, ásamt nauðsynlegum upplýsingum svo að unnt sé að meta áhrif slyssins. Jafnframt skulu fylgja upplýsingar um til hvaða ráðstafana hafi verið gripið vegna slyssins.

24. gr.

Sá sem ábyrgð ber á afmarkaðri notkun, sleppingu og dreifingu eða markaðssetningu erfðabreyttra lífvera samkvæmt lögum þessum er skaðabótaskyldur vegna tjóns sem af hlýst berist þær út í umhverfið, án tillits til þess hvort tjón verði rakið til saknæms hátternis eða ekki.

25. gr.

Telji umsækjandi, leyfishafi eða aðrir sem aðild eiga að máli rétti sínum hallað vegna ákvörðunar sem tekin hefur verið samkvæmt lögum þessum má kæra hana til umhverfisráðherra innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um hana.

26. gr.

Að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins og umsögn ráðgjafanefndar er umhverfisráðherra heimilt að ákveða með reglugerð að starfsemi með tilteknar erfðabreyttar lífverur hér á landi sé undanþegin ákvæðum IV., V. og VI. kafla laga þessara. Það skal þó ekki ákveðið fyrr en reynsla hefur fengist af starfsemi með erfðabreyttu lífverurnar og tryggt er að ekki stafi af þeim hætta fyrir heilsu manna, vistkerfið eða umhverfið. Þessa ákvörðun skal tilkynna lögbærum yfirvöldum á EES-svæðinu.

27. gr.

Umhverfisráðherra getur ákveðið með reglugerð að Hollustuvernd ríkisins skuli leita umsagna áður en leyfi fyrir starfsemi samkvæmt lögum þessum er veitt.

Ef umsókn er þess eðlis að leyfi fyrir starfsemi með erfðabreyttar lífverur getur haft veruleg áhrif á starfsemi og hagsmuni margra aðila er Hollustuvernd ríkisins heimilt að ákveða að efna til opinbers fundar áður en endanleg ákvörðun um leyfisveitingu er tekin. Ákvörðun um að halda opinberan fund skal auglýsa sérstaklega.

VIII. KAFLI
Þvingunarúrræði stjórnvalda, málsmeðferð og viðurlög.

28. gr.

Til þess að knýja á um framkvæmd ráðstafana sem eftirlitsaðilar hafa ákveðið á grundvelli laga þessara geta Hollustuvernd ríkisins eða önnur stjórnvöld sem falið hefur verið sérstakt eftirlit, í samráði við Hollustuvernd ríkisins, beitt eftirfarandi aðgerðum:

1. veitt áminningu,
2. veitt áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta,
3. stöðvað starfsemi eða notkun búnaðar að öllu leyti eða að hluta til, með aðstoð lögreglu ef með þarf.

Starfsemi skal því aðeins stöðvuð að um alvarlegt tilvik eða ítrekuð brot sé að ræða, eða ef aðilar sinna ekki kröfum um úrbætur innan tilskilins frests. Ef aðili vanrækir að vinna verk sem Hollustuvernd ríkisins eða önnur stjórnvöld hafa fyrirskipað honum að framkvæma á grundvelli laga þessara eða reglna settra samkvæmt þeim, innan tilskilins frests, er stjórnvöldum heimilt að láta vinna verkið á kostnað umrædds aðila. Kostnaður vegna slíkra aðgerða greiðist til bráðabirgða úr ríkissjóði sem innheimtir hann síðar hjá umræddum aðila.

Hollustuvernd ríkisins er heimilt að ákveða dagsektir, allt að 50.000 kr. á dag, til þess að knýja á um framkvæmdir. Ákvarðanir um greiðslu gjalda, kostnaðar og dagsekta samkvæmt þessari grein eru aðfararhæfar.

29. gr.

Með rannsókn á brotum samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim skal fara að hætti opinberra mála.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, ef sakir eru miklar. Hlutdeild í brotum á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, eða tilraun til slíkra brota, er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

30. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Umhverfisráðherra er heimilt að auglýsa gildistöku tilskipana ráðs EBE nr. 90/219 og 90/220 hér á landi auk annarra reglna ESB á þessu sviði tímabundið, í heild sinni eða að hluta þar til nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara hafa verið sett í reglugerð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almennar athugasemdir.

I.

Inngangur.

Umhverfisráðherra fól starfshópi, sem í áttu sæti Lúðvík Bergvinsson lögfræðingur, Franklín Georgsson, Msc. í matvælafræði og matvælaörverufræði og forstöðumaður rannsóknastofu Hollustuverndar ríkisins, dr. Guðmundur Eggertsson, prófessor í erfðafræði, og dr. Guðni Á. Alfreðsson, prófessor í örverufræði, að vinna þetta frumvarp. Starfshópurinn byggði að talsverðu leyti á gögnum sem nefnd á vegum umhverfisráðuneytisins um sama efni vann og skilaði af sér með skýrslu og frumvarpsdrögum á vordögum 1993. Í nefndinni áttu sæti Aðalheiður Jóhannsdóttir, deildarstjóri hjá umhverfisráðuneytinu, dr. Guðni Á. Alfreðsson, tilnefndur af menntamálaráðuneyti, Alfreð Árnason erfðafræðingur, tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingaráðuneyti, Jón Höskuldsson deildarstjóri, tilnefndur af landbúnaðarráðuneyti, og Víðir Kristjánsson, yfirdeildarstjóri hjá Vinnueftirliti ríkisins, tilnefndur af félagsmálaráðuneyti. Sú nefnd lagði m.a. mikla vinnu í að kynna sér stöðu þessara mála í öðrum löndum á EES-svæðinu.

Frumvarp þetta er samið til þess að uppfylla skyldur þær sem íslenska ríkið tekur á sig með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Í 74. gr. samningsins er vísað til XX. viðauka en í honum eru sérstök ákvæði um verndarráðstafanir sem gilda skulu skv. 73. gr. samningsins. Í XX. viðauka EES-samningsins eru tvær tilskipanir sem fjalla um erfðabreyttar lífverur, þ.e. tilskipun ráðsins frá 23. apríl 1990 um einangraða notkun erfðabreyttra örvera, nr. 90/219/EBE, og tilskipun ráðsins frá 23. apríl 1990 um þau tilvik er erfðabreyttum lífverum er sleppt af ásettu ráði út í umhverfið, nr. 90/220/EBE. Samkvæmt sérstakri bókun í XX. viðauka skulu nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessum tilskipunum koma til framkvæmda frá 1. janúar 1995. Jafnframt er 16. gr. tilskipunar 90/220/EBE breytt á eftirfarandi hátt:

„1. Hafi samningsaðili rökstuddar ástæður til að ætla að vara, sem tilkynnt hefur verið um á réttan hátt og fengið hefur skriflegt samþykki samkvæmt tilskipun þessari, sé hættuleg heilsu manna eða umhverfinu er honum heimilt að takmarka eða banna notkun og/eða sölu vörunnar á yfirráðasvæði sínu. Skal hann þegar í stað tilkynna öðrum samningsaðilum, í gegnum sameiginlegu EES-nefndina, um slíka aðgerð og rökstyðja ákvörðun sína.

2. Fari samningsaðili þess á leit skal sameiginlega EES-nefndin fjalla um réttmæti þeirra ráðstafana sem gerðar hafa verið."

Í 73. gr. EES-samningsins koma fram þau markmið sem aðgerðir samningsaðila byggjast á, en þau eru: Að varðveita, vernda og bæta umhverfið, að stuðla að heilsuvernd manna og að tryggja að auðlindir náttúrunnar séu nýttar af varúð og skynsemi. Í 73. gr. samningsins koma enn fremur fram þær meginreglur sem aðgerðir samningsaðila skulu byggjast á. Girða skal fyrir umhverfisspjöll, leggja skal áherslu á að bæta það tjón sem þegar hefur orðið og leggja skal greiðsluskyldu á þann sem mengun veldur. Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, byggist á fyrrgreindum meginreglum.

Vísað er til nokkurra þeirra meginreglna sem hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar byggist á, m.a. til reglunnar um að hver einstaklingur eigi rétt á umhverfi sem stuðlar að heilbrigði og farsæld, réttar sérhvers einstaklings varðandi ákvarðanir er snerta nánasta umhverfi hans og til mengunarbótareglunnar (polluter pays principle). Í frumvarpi því, sem hér er lagt fram, er byggt á nefndum meginreglum. Loks má nefna að í frumvarpinu er hlutlæg skaðabótaregla, en slíkri reglu er ætlað að reyna að draga úr óæskilegum áhrifum manna á náttúrulegt umhverfi og stuðla að því að sá sem mengar umhverfið eða veldur tjóni sem rekja má til notkunar erfðabreyttra lífvera skuli gerður greiðsluskyldur vegna þess tjóns.

Eins og fram kemur í 2. gr. frumvarpsins og í skýringum við greinina er frumvarpinu, ef að lögum verður, ætlað að gilda um alla notkun, starfsemi, rannsóknir, framleiðslu, geymslu, meðhöndlun úrgangs, innflutning, markaðssetningu, sölu og aðra afhendingu á erfðabreyttum lífverum, hvort sem afhendingin fer fram í vísindalegum tilgangi eða viðskiptalegum, sbr. gildissvið tilskipana nr. 90/219/EBE og nr. 90/220/EBE. Frumvarpið gildir einnig um flutninga á erfðabreyttum lífverum og veirum þó að það sé undanskilið gildissviði tilskipana nr. 90/219/EBE og nr. 90/220/EBE, og er það í samræmi við danska og norska lagaframkvæmd. Landfræðilega tekur frumvarpið til Íslands og efnahagslögsögu þess eins og fram kemur í 3. gr.

Markmið frumvarpsins er að vernda náttúru landsins, vistkerfi, plöntur og heilsu manna og dýra gegn óæskilegum áhrifum erfðabreyttra lífvera. Ráðstafanir samkvæmt frumvarpinu til að ná þeim markmiðum eru þessar helstar: Óheimilt er að hefja starfsemi þar sem fram á að fara afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera nema að fengnu leyfi Hollustuverndar ríkisins. Sækja ber um sérstakt leyfi fyrir hverja tegund sem fyrirhugað er að nota eða framleiða. Jafnframt ber að tilkynna sérstaklega þegar starfsemi hefst. Í öðru lagi er óheimilt að sleppa eða dreifa erfðabreyttum lífverum af ásettu ráði út í umhverfið eða markaðssetja þær nema að fengnu leyfi Hollustuverndar ríkisins. Í þriðja lagi ber að gera sérstakt áhættumat vegna notkunar, sleppingar, dreifingar og markaðssetningar erfðabreyttra lífvera. Í fjórða lagi ber að skrásetja þær tegundir erfðabreyttra lífvera sem unnið er með hverju sinni. Í fimmta lagi ber notendum að halda sérstakar skrár yfir notkunina. Loks má nefna að starfsemi með erfðabreyttar lífverur er háð eftirliti sem nánar verður útfært í reglugerð.

Rétt er að geta þess að skv. 2. og 3. mgr. 8. gr. EES-samningsins taka reglurnar um frjálsa vöruflutninga milli samningsaðila einungis til framleiðsluvara sem falla undir 25.–97. kafla í samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskránni, að frátöldum þeim framleiðsluvörum sem skráðar eru í bókun 2 og 3 með samningnum. Um þær framleiðsluvörur sem greindar eru í bókunum 2 og 3 gilda sérstakar reglur. Í framkvæmd merkir þetta að vörur sem falla undir 1.–24. kafla í samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskránni eru undanskildar gildissviði EES-samningsins. Í 1.–24. kafla er m.a. fjallað um

lifandi dýr og vörur úr dýraríkinu, vörur úr jurtaríkinu, t.d. lifandi tré og aðrar plöntur, fræ, plöntur til notkunar í iðnaði og til lyfja og unnin matvæli.

Rétt er að geta þess að í þeim starfshópi sem lagði lokahönd á frumvarpið var ekki, frekar en í fyrri nefndinni, tekið sérstaklega á siðferðlegum álitaefnum sem geta komið upp vegna starfsemi með erfðabreyttar lífverur. Slík tilvik verður að vega og meta hverju sinni þegar þau koma upp með þær reglur að bakhjarli sem þetta frumvarp hefur að geyma.

II.
Gildissvið.

Eins og fram kemur í 1. gr. frumvarpsins er markmið þess að vernda náttúru landsins og vistkerfi, plöntur og heilsu manna og dýra gegn skaðlegum eða óæskilegum áhrifum erfðabreyttra lífvera.

Víða í lögum er að finna ákvæði sem á einn eða annan hátt varða lífverur án þess þó að gerður sé greinarmunur á því hvort þær eru erfðabreyttar eða ekki. Hins vegar eru vandfundin ákvæði þar sem erfðabreyttar lífverur eru nefndar á nafn. Þó finnast slík ákvæði. Í reglugerð nr. 70/1993 um útflutningsleyfi o.fl. er að finna tilvísun til erfðabreyttra örvera sem notaðar eru í hernaðarlegum tilgangi eða við framleiðslu, þróun eða notkun á vörum til hernaðar. Útflutningur slíkra örvera er háður leyfisveitingum utanríkisráðuneytisins.

Nokkur dæmi verða nú rakin um lagaákvæði sem innihalda ákvæði um lífverur og örverur án tillits til þess hvort þær hafa sætt erfðabreytingum eða ekki.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 54/1990, um innflutning dýra, er óheimilt að flytja til landsins hvers konar dýr, tamin eða villt, svo og erfðaefni þeirra. Heimilt er að víkja frá banni þessu með tilteknum skilyrðum. Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, hefur ekki áhrif á gildissvið laga nr. 54/1990. Hugsanlegt er að ákvæði laga nr. 54/1990 og reglur frumvarpsins eigi við um sama tilvikið, t.d. um innflutning á erfðabreyttu dýri. Sérstök ástæða er til þess að benda á 5. gr. laga nr. 54/1990. Í greininni kemur fram að leita skuli umsagnar Náttúruverndarráðs áður en leyfi er veitt til innflutnings á nýjum dýrategundum eða erlendum stofnum tegunda sem hér eru fyrir. Ákvæði þetta heldur sjálfstæðu gildi sínu. Rétt er að taka fram að í 17. gr. EES-samningsins er vísað til viðauka I en í viðaukanum eru sett fram sérstök ákvæði um fyrirkomulag varðandi heilbrigði dýra og plantna. Ísland er undanþegið ákvæðum viðauka I sem varða heilbrigði dýra.

Samkvæmt lax- og silungsveiðilögum, nr. 76/1970, er óheimilt að flytja til landsins lifandi laxfiska eða annan fisk er lifir í ósöltu vatni. Þó er heimilt með sérstöku leyfi að flytja til landsins lifandi hrogn slíkra fiska með tilteknum skilyrðum. Ef um væri að ræða erfðabreyttar lífverur og ákvæði frumvarpsins ættu við yrði jafnframt að liggja fyrir leyfi Hollustuverndar ríkisins.

Í 3. mgr. 1. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, segir að lögunum sé ætlað að ná yfir alla starfsemi og framkvæmd sem hefur eða haft getur í för með sér mengun lofts, láðs og lagar. Í 4. mgr. sömu greinar kemur fram skilgreining á hugtakinu mengun. Mengun er þegar örverur, efni og efnasambönd valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til óþæginda vegna ólyktar, hvers konar hávaða og titrings og

varmaflæðis. Ákvæði laga nr. 81/1988 geta átt við ásamt ákvæðum frumvarpsins ef um erfðabreyttar örverur er að ræða. Sem dæmi má nefna reglur um framkvæmd mengunarvarna, starfsleyfi vegna mengandi starfsemi og eftirlit með mengandi starfsemi, sbr. 3. gr. laga nr. 81/1988.

Í lögum nr. 46/1980 eru ítarlegar reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Tilgangur tilskipana nr. 90/219/EBE og nr. 90/220/EBE er m.a. að tryggja öryggi og heilsu þeirra sem vinna með erfðabreyttar lífverur. Þess ber að geta að skv. VII. kafla laga nr. 46/1980 ber að skrá og skoða hvers konar vélar, tæki og búnað með tilliti til öryggis þeirra sem við hann starfa. Ákvæðum laga nr. 46/1980 og reglum frumvarpsins, verði þau að lögum, verður því beitt samhliða ákvæðum 2. og 7. gr. frumvarpsins sem fjalla um eftirlit með starfsemi með erfðabreyttar lífverur.

Samkvæmt IV. kafla laga nr. 93/1995, um matvæli, er óheimilt að dreifa og framleiða matvæli sem ætla má að skorti eðlilega hollustu eða séu skaðleg heilbrigði manna ef þeirra er neytt eða þau notuð á tilætlaðan eða tíðkanlegan hátt. Ef um er að ræða matvæli sem innihalda erfðabreyttar lífverur gætu ákvæði frumvarpsins og ákvæði laga nr. 93/1995 átt við.

Loks skal hér nefna lyfjalög nr. 93/1994 og lyfsölulög nr. 30/1963. Samkvæmt lyfjalögum er Lyfjaeftirliti ríkisins m.a. falið það hlutverk að hafa eftirlit með innflutningi lyfja og lyfjaefna og hráefna til lyfjagerðar. Samkvæmt lyfsölulögum er lyfjabúðum og viðurkenndum lyfjagerðum, svo og tilraunastofum, heimilt að flytja inn lyf og efni til lyfjagerðar til eigin nota. Ekki er óhugsandi að reynt gæti á reglur frumvarpsins og ákvæði fyrrgreindra laga og þá þyrfti að liggja fyrir leyfi frá Hollustuvernd ríkisins.

III.
Framkvæmdin hér á landi.

Vandfundin eru ákvæði í íslenskum lögum sem sérstaklega taka til erfðabreyttra lífvera. Hins vegar eru fjölmörg lagaákvæði sem taka til lífvera og örvera án tillits til þess hvort þær eru erfðabreyttar eða ekki.

Nefnd þeirri, sem vann upphaflega að gerð þessa frumvarps, þótti rétt að senda fyrirspurnir til nokkurra stofnana hér á landi sem líklegt var talið að störfuðu að rannsóknum sem tengst gætu efni frumvarpsins eða hefðu vitneskju um slíka rannsóknarstarfsemi. Fyrirspurnir voru sendar til eftirtalinna aðila:

1. Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum,
2. Líffræðistofnunar Háskólans, erfðafræðistofu,
3. Raunvísindastofnunar Háskólans, efnafræðistofu,
4. Iðntæknistofnunar, líftæknideildar,
5. Rannsóknarráðs ríkisins,
6. Bændaskólans að Hvanneyri, búvísindadeildar,
7. Rannsóknastofnunar landbúnaðarins,
8. Krabbameinsfélags Íslands.

Svör við fyrirspurn nefndarinnar bárust frá Iðntæknistofnun, Líffræðistofnun Háskólans, Bændaskólanum á Hvanneyri og Krabbameinsfélaginu. Einungis er um að ræða starfsemi með erfðabreyttar örverur hjá Líffræðistofnun Háskólans og hjá Iðntæknistofnun. Fyrrgreindir aðilar stunda einungis starfsemi með erfðabreyttar örverur í lægri áhættuflokknum, sbr. tilskipun 90/219. Auk þess er nefndinni kunnugt um að við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum er unnið með erfðabreyttar örverur.

IV.
Tilskipanir nr. 90/219/EBE og nr. 90/220/EBE.

Tilskipanir nr. 90/219/EBE og nr. 90/220/EBE eru settar samkvæmt mismunandi heimildum í Rómarsamningnum, enda er markmiðið með þeim ekki að öllu leyti hið sama. Tilskipun nr. 90/219/EBE er sett með stoð í 130. gr. Rómarsamningsins, en 1. og 2. mgr. þeirrar greinar eru að mestu leyti samhljóða 73. gr. EES-samningsins. Tilskipanir, sem settar eru skv. 130. gr. Rómarsamningsins innihalda lágmarksákvæði, þ.e. frjálst er að setja strangari reglur svo lengi sem þær stangast ekki á við önnur ákvæði Rómarsamningsins. Í 130. gr. t, sbr. 75. gr. EES-samningsins, er þetta áréttað. Hins vegar er tilskipun nr. 90/220/EBE sett með stoð í 100. gr. a í Rómarsamningnum. Samkvæmt því ákvæði er stefnt að samræmingu lagareglna og stjórnsýslureglna aðildarríkja EB sem varða stofnun og starfsemi innri markaðarins, þar með talið frjálsa vöruflutninga á milli aðildarríkjanna. Ákvæði tilskipunar nr. 90/220/EBE varða því frjálsa vöruflutninga á milli aðildarríkjanna, sbr. 8. gr. EES-samningsins, og umhverfismál. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir efnisinnihaldi tilskipananna.

Í stuttu máli má segja að tilskipun nr. 90/219/EBE feli í sér lýsingu á tilteknu aðgerðaferli. Í fyrsta lagi skulu erfðabreyttar örverur, sem falla undir gildissvið tilskipunarinnar, flokkaðar í tvo flokka í samræmi við þá áhættu sem talin er stafa af þeim. Einnig er starfsemin, þar sem áætlað er að nota örverurnar, flokkuð í tvo flokka, A og B. Til þess að tryggja öryggi til hins ýtrasta skal gera áhættumat fyrir hvert einstakt tilfelli, þ.e. fyrir áætlaða notkun erfðabreyttra örvera. Tilkynning um fyrirhugaða starfsemi skal send til yfirvalda. Í tilskipuninni er enn fremur fjallað um einangrunaraðgerðir, þ.e. til þess að vernda menn og umhverfi, og vinnureglur eftir því sem við á hverju sinni. Loks er þess krafist að gerðar séu áætlanir til þess að bregðast við slysum.

Áður en starfsemi hefst verður að semja slysavarnaáætlanir til þess að verja þá starfsmenn sem vinna með erfðabreyttar örverur og í nánasta umhverfi við þær. Eigi slys sér stað verður að tilkynna það til yfirvalda og gefa ítarlegar upplýsingar svo að hægt sé að meta áhrif slyssins.

Tilskipun nr. 90/220/EBE fjallar hins vegar um það þegar afmarkaðri notkun sleppir. Annars vegar er um það fjallað í B-hluta þegar erfðabreyttum lífverum er sleppt af ásettu ráði út í umhverfið í rannsóknar- og þróunarskyni eða hverju skyni öðru en til að setja þær á markað. Í B-hluta er lýsing á því sem umsækjandi þarf að leggja fram með tilkynningu til yfirvalda ef hann áætlar að sleppa erfðabreyttum lífverum út í umhverfið. Samkvæmt tilskipuninni er óheimilt að sleppa eða dreifa erfðabreyttum örverum nema að fengnu leyfi og önnur ESB-lönd hafi fengið tækifæri til að tjá sig um umsóknina. Hins vegar er í C-hluta tilskipunar nr. 90/220/EBE fjallað um afurðir sem hafa erfðabreyttar lífverur að geyma og settar eru á markað. Samkvæmt C-hluta þarf sérstakt leyfi, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, til að markaðssetja afurðir sem hafa erfðabreyttar lífverur að geyma. Leyfi, sem gefið er út í einu ESB-landi, gildir í þeim öllum. Þó er í 16. gr. tilskipunarinnar ákvæði þess efnis að telji aðildarríki að afurð, sem tilkynnt hefur verið um á réttan hátt og fengið hefur skriflegt samþykki, sé hættuleg heilsu manna eða umhverfi sé því heimilt að takmarka eða banna notkun hennar eða sölu innan lands um stundarsakir.

Áður en leyfi er gefið til markaðssetningar skal leita álits annarra EES-ríkja. Með þessu móti geta öll ríkin fylgst með því þegar eitt ríkið gefur leyfi, enda á það að gilda á sameiginlega markaðinum.

V.
Þróun á alþjóðavettvangi.

Í þúsundir ára hefur maðurinn reynt að auka afrakstur sinn af náttúrunni með því að nota þekkingu sína. Má þar nefna hreinræktun plantna og dýra og val á eiginleikum sem æskilegir hafa þótt hverju sinni. Snemma voru teknar í þjónustu mannsins örverur, t.d. við kæsingu matvæla og við víngerð. Enn fremur hefur verið reynt að minnka eða hindra áhrif sjúkdóma með ýmsum ráðum, m.a. með því að nota erfðabreyttar lífverur til framleiðslu lífsnauðsynlegra efna, svo sem insúlíns, blóðstorknunarefnis (faktor VIII) og vaxtarhormóns fyrir menn.

Óhætt er að segja að þróun í líftækni hafi verið hröð undanfarna áratugi. Fyrir rúmum 20 árum (1971) tókst að flytja erfðaefnisbúta milli lífvera og magna þá upp í hýslum. Um sama leyti og þetta gerðist fóru að heyrast viðvörunarraddir um þá hættu sem af þessu gæti stafað, einkum þá er snerti krabbagen er kynnu að fara í gang við þessi skilyrði. Af öllu þessu leiddi að í Bandaríkjunum varð til opinber nefnd sem setti reglur um þessi mál. Nefndin var kölluð „The Recombinant DNA Advisory Committee" (RAC). Samsvarandi nefndir urðu til í ýmsum Evrópuríkjum, t.d. í Bretlandi. Var sú nefnd kölluð „The Genetic Manipulation Advisory Group" (GMAG). Voru reglur þær sem þessar nefndir lögðu til nokkuð strangar, t.d. að erfðabreyttar örverur mætti aðeins rækta og geyma í tilraunaglösum. Sömuleiðis var bannað að rannsaka gen úr krabbaveirum með þessari aðferð.

Með aukinni reynslu og tilraunum varð smám saman ljóst að raunveruleg hætta af þessum tilraunum var mjög lítil. Þetta varð til þess að heilbrigðisstofnun Bandaríkjanna (NIH) dró úr hindrunum á þessu sviði og leyfðar voru tilraunir, t.d. með „veirugen".

Ekki er kunnugt um nein slys samfara þessum tilraunum. Nú er þessari tækni víða beitt, t.d. við framleiðslu á efnum til iðnaðar, framleiðslu á ýmsum efnum í lækningaskyni, við greiningu sjúkdóma o.fl.

Árið 1990 var vitað um a.m.k. 200 tilvik í heiminum þar sem erfðabreyttum lífverum hafði verið sleppt út í umhverfið í rannsóknarskyni. Þar af var þriðjungur í Evrópu. Oftast var um að ræða plöntur eða örverur.

VI.
Öryggis- og áhættumat.

Árið 1983 setti vísinda- og tækninefnd OECD á laggirnar sérfræðinefnd til að fjalla um öryggi við notkun erfðabreyttra (r-DNA) lífvera í iðnaði, landbúnaði og almennt í umhverfinu. Nefndin lauk störfum 1985 og ári seinna kom út skýrsla á vegum OECD sem bar heitið „Recombinant DNA-Safety Considerations" (oft kölluð bláa bókin). Í skýrslunni eru settar fram almennar viðmiðanir sem fara skal eftir við notkun erfðabreyttra lífvera. Skýrslan var eitt fyrsta alþjóðlega framtakið á þessu sviði.

Ný sérfræðinefnd var skipuð árið 1988 á vegum vísinda-, tækni- og iðnaðarstofnunar OECD í samvinnu við umhverfisstofnun OECD til að halda áfram starfi fyrri nefndar þar sem frá var horfið 1986. Nefndinni var ætlað að taka fram allar nýjungar á þessu sviði og þróa áfram þau öryggisatriði sem fjallað er um í skýrslunni frá 1986. Árið 1992 gaf nefndin út leiðbeiningar um öryggi (Safety Considerations for Biotechnology). Um miðbik níunda áratugarins töldu menn sig hafa komist að þeirri niðurstöðu að áhættan við notkun erfðabreyttra lífvera væri af sama toga og áhættan við notkun annarra lífvera.

Skiptar skoðanir eru á því hvort áhættugreining við notkun örvera og erfðabreyttra lífvera sé raunhæf. Reynsla manna bendir þó til þess að í flestum tilvikum sé hægt að nota

svipað áhættumat og við notkun eiturefna og hættulegra efna. Segja má að áhættan við efnanotkun hvað snertir heilsu manna sé háð bæði eiturvirkni efnisins og styrkleika mengunar. Þannig getur áhættan verið jafnmikil fyrir mjög eitruð efni og lítið eitruð efni ef mengunin er samsvarandi mikil eða lítil. Slíkt áhættumat vegna notkunar erfðabreyttra lífvera er hægt að framkvæma. Það er þó ekki einfalt þar sem erfðabreyttar lífverur geta fjölgað og dreift sér þegar réttu skilyrðin eru fyrir hendi og eru þær þá í grundvallaratriðum frábrugðnar hinum „dauðu“ eiturefnum.

Áhættugreiningu á notkun örvera og erfðabreyttra lífvera er því ekki hægt að grundvalla á nákvæmum tölum um líffræðilega áhættu og mengunarstig. Áhættugreiningin verður að byggjast á röð breytna sem geta verið mismunandi eftir aðstæðum. Áhættugreiningunni við notkun örvera og erfðabreyttra lífvera er yfirleitt skipt upp í nokkur stig þar sem eitt stigið er greining með tilliti til öryggis starfsmanna.

VII.
Vinnuvernd.

Sérstakar reglur verða settar í reglugerð, sbr. c-lið 7. gr., sem fjalla um notkun erfðabreyttra lífvera með tilliti til öryggis og heilsuverndar starfsmanna sem vinna með þær. Slíkar reglur munu m.a. verða settar til að uppfylla ákvæði tilskipunar nr. 90/679/EBE sem fjallar um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna líffræðilegra áhrifavalda á vinnustöðum. Í reglunum verða mismunandi ákvæði eftir því í hvaða flokki lífverurnar eru, annars vegar samkvæmt flokkun í samræmi við frumvarpið og hins vegar samkvæmt nánari flokkun í undirflokka, m.a. í samræmi við það hversu miklar líkur eru á því að lífverurnar valdi sjúkdómum í mönnum. Í reglunum verður auk þess fjallað um áhættumat, hvernig draga beri úr áhættu, hreinlæti, fræðslu og þjálfun starfsmanna, upplýsinga- og tilkynningaskyldu og heilsuvernd starfsmanna.

Í tilskipun nr. 90/679/EBE eru ýmsar skyldur lagðar á bæði stjórnendur og starfsmenn fyrirtækja þar sem unnið er með lífverur. Samkvæmt tilskipuninni skal vinnuveitandi sjá til þess að ekki séu notaðar hættumeiri lífverur en nauðsynlegt er við starfsemina. Vinnuveitandi skal einnig sjá til þess með tilteknum aðferðum, sem greindar eru í tilskipuninni, að áhættan sé í lágmarki við starfsemina. Jafnframt skal vinnuveitandi sjá starfsmönnum fyrir viðeigandi hlífðarfatnaði og hreinlætisaðstöðu, og enn fremur skal vinnuveitandi veita yfirvöldum nauðsynlegar upplýsingar, þar á meðal um áhættumat. Vinnuveitandi ber ábyrgð á því að starfsmenn fái viðeigandi fræðslu og þjálfun í því augnamiði að tryggja öryggi þeirra og heilsu.

VIII.
Löggjöf um erfðabreyttar lífverur.

Áður hefur verið gerð grein fyrir efnisinnihaldi tilskipana nr. 90/219/EBE og nr. 90/220/EBE. Samkvæmt ákvæðum í tilskipununum bar EB-löndunum að lögtaka efni þeirra fyrir 23. október 1991.

Mismunandi leiðir hafa verið valdar við lagasetningu um notkun erfðabreyttra lífvera. T.d. hafa Norðmenn valið að setja ítarlegri ákvæði í sín lög en gert var í dönsku lögunum frá 1991 sem eru mun almennari. Einnig er misjafnt hvaða stjórnvöld fara með málaflokkinn í einstökum löndum og hvernig samvinnu þeirra er háttað. Algengast virðist að málaflokkurinn sé á verksviði umhverfisráðuneytis eða þess ráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis ásamt félags- og atvinnumálaráðuneyti en í náinni samvinnu við önnur ráðuneyti. Einnig er algengt að starfandi séu ráðgefandi nefndir á þessu sviði.

Hér á eftir fer stutt yfirlit yfir löggjöf nokkurra landa sem varðar erfðabreyttar lífverur:

1. Bretland.

Allt frá árinu 1978 hafa verið í gildi reglur um erfðabreyttar lífverur auk þess sem ráðgefandi hópur (Genetic Manipulation Advisory Group) hefur verið starfandi frá 1976 og sérstök nefnd hefur starfað frá árinu 1984 (Advisory Committee on Genetic Manipulation). Hlutverk þessara aðila hefur fyrst og fremst verið leiðbeinandi.

2. Danmörk.

Eins og fyrr hefur verið komið að gilda nú í Danmörku lög nr. 356/1991, „Lov om miljø og genteknologi". Lögin frá 1991 komu í stað laga frá 1986 um sama efni. Með gildistöku tilskipana nr. 90/219/EBE og nr. 90/220/EBE var lögunum frá 1986 breytt til þess að lögtaka ákvæði tilskipananna. Dönsku lögin frá 1991 eru almennari en það frumvarp sem hér er lagt fram, en ítarlegar skýringar fylgja danska frumvarpinu.

3. Finnland.

Nýlokið er við að laga finnska löggjöf að efni tilskipana nr. 90/219/EBE og nr. 90/220/EBE.

4. Holland.

Í Hollandi eru reglur um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera og reglur um losun erfðabreyttra lífvera út í umhverfið í tveimur lagabálkum.

5. Noregur.

Um þetta efni gilda lög nr. 38/1993, „Lov om framstilling og bruk av genmodifiserte organismer (genteknologiloven)".

6. Svíþjóð.

Um þetta efni gilda „Lag om genetiskt modifierade organisme nr. 1994:198".

7. Þýskaland.

Árið 1990 tóku gildi lög um erfðabreyttar lífverur og uppfylla þær kröfur EB um sama efni. Tilgangurinn með lagasetningunni var einnig sá að lögfesta leiðbeinandi reglur sem birtar voru árið 1986 um notkun erfðabreyttra lífvera. Jafnframt er starfandi sérstök ráðgefandi nefnd (Zentrale Kommission für die Biologische Sicherheit) um málefni sem varða erfðabreyttar lífverur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni koma fram markmið laganna.

Um 2. gr.

Lögin taka til allrar notkunar og starfsemi með erfðabreyttar lífverur. Þau taka því til rannsókna, framleiðslu, geymslu, meðhöndlunar og úrgangsmeðhöndlunar erfðabreyttra lífvera, enn fremur til innflutnings, markaðssetningar, sölu og allrar annarrar afhendingar erfðabreyttra lífvera og vöru sem inniheldur þær. Vert er að benda á að lögin taka til vöru þótt hún innihaldi lítið magn erfðabreyttra lífvera. Lögin ná þó ekki til afurða erfðabreyttra lífvera. Þá er lögunum ætlað að ná yfir flutning á erfðabreyttum lífverum. Vert er þó að benda á að samkvæmt lögunum er umhverfisráðherra heimilt, í samráði við félagsmálaráðherra, að setja í reglugerð sérákvæði um aðbúnað starfsfólks, aðstöðu, búnað og tæki sem notuð eru við starfsemi með erfðabreyttar lífverur. Enn fremur taka lögin til flutninga á erfðabreyttum lífverum og vöru sem inniheldur þær á landi, sjó og í lofti.

Lögin gilda ekki um lífverur sem verða til með hefðbundnum kynbótum eða öðru náttúrulegu erfðabreytingarferli.

Um 3. gr.

Í greininni kemur fram að lögunum er ætlað að gilda á yfirráðasvæði íslenska ríkisins og í mengunarlögsögu þess eins og hún er skilgreind í lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, og í loftrýminu þar yfir. Í tilvitnuðum lögum er svohljóðandi skilgreining: „Mengunarlögsaga Íslands er það hafsvæði sem nær yfir innsævi, landhelgi og efnahagslögsögu Íslands og landgrunn Íslands."

Um 4. gr.

Í greininni eru skýrð orð og orðasambönd sem notuð eru í lögunum. Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 5. gr.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

Hollustuvernd ríkisins hefur yfirumsjón með framkvæmd laganna og leyfisveitingum, auk þess sem hún hefur yfirumsjón með öllu eftirliti er varðar notkun og starfsemi með erfðabreyttar lífverur. Þá er Hollustuvernd ætlað að fjalla um og afgreiða umsóknir og tilkynningar og veita leyfi og umsagnir samkvæmt lögum þessum.

Í 3. mgr. kemur fram að umhverfisráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að fenginni umsögn félagsmála-, heilbrigðis-, menntamála- og landbúnaðarráðherra að öðrum stjórnvöldum en Hollustuvernd ríkisins verði falið að sinna eftirliti með tilteknum þáttum í starfsemi með erfðabreyttar lífverur undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins. Að baki þessari reglugerðarheimild liggja hagkvæmnissjónarmið um skipulag og framkvæmd á eftirliti þar sem nú er til staðar þekking hjá öðrum stjórnvöldum á þessu sviði sem hægt væri að nýta við framkvæmd þess. Má í þessu sambandi benda á lög 46/1980 um Vinnueftirlit ríkisins og starfsemi þess.

Samkvæmt 4. mgr. er Hollustuvernd ríkisins heimilt að afturkalla leyfi sem hún hefur þegar gefið út samkvæmt lögum þessum.

Í 5. mgr. er kveðið á um að Hollustuvernd ríkisins sé óheimilt að veita leyfi ef sú leyfisveiting samræmist ekki markmiðum laganna.

Um 6. gr.

Í 6. gr. er kveðið á um að umhverfisráðherra skipi fimm manna ráðgjafanefnd. Henni er ætlað að vera stjórnvöldum til ráðgjafar um framkvæmd laganna. Umhverfisráðherra setur nefndinni starfsreglur, auk þess sem hann kveður nánar á um í reglugerð hvenær skylt sé að leita umsagnar nefndarinnar áður en ákvörðun er tekin eða leyfi er veitt. Þá er nefndinni ætlað að eiga frumkvæði að endurskoðun laganna í ljósi nýrra upplýsinga og breytinga sem kunna að verða á starfsemi með erfðabreyttar lífverur. Mjög mikilvægt er að einum tilteknum aðila sé falið það hlutverk að fylgjast náið með þróuninni erlendis.

Um 7. gr.

Í greininni er umhverfisráðherra falið að setja nánari reglur um atriði sem þar eru tiltekin og varða starfsemi með erfðabreyttar lífverur.

Sú leið, sem hér hefur verið valin og endurspeglast í þessari grein, felur í sér að stjórnvöldum eru fengnar rúmar heimildir til að setja lagaframkvæmdarreglugerðir um

frekari útfærslu laganna. Þetta er sama leið og Danir og Norðmenn fóru í sinni löggjöf. Þróun í starfsemi með erfðabreyttar lífverur er hröð og starfsemin flókin. Því er nauðsynlegt að stjórnvöld hafi svigrúm til að laga framkvæmd laganna að þeirri þróun eins og kostur er innan þeirra marka sem lögin setja. Að öðru leyti skýrir ákvæðið sig sjálft.

Um IV. kafla.

Kaflinn fjallar um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera. Með afmarkaðri notkun er átt við alla starfsemi með lífverur þar sem litningum hefur verið breytt með aðferðum erfðatækni, enda sé komið í veg fyrir að erfðabreyttar lífverur komist í snertingu við fólk, umhverfi eða aðrar lífverur.

Um 8. gr.

Samkvæmt 1. mgr. skal sækja um leyfi til Hollustuverndar ríkisins áður en starfsemi með erfðabreyttar lífverur hefst. Sækja skal um sérstakt leyfi fyrir notkun hverrar tegundar fyrir sig. Hollustuvernd ríkisins skal hafa eftirlit með og skrásetja þær tegundir erfðabreyttra lífvera sem unnið er með hverju sinni.

Umsækjandi skal meta fyrir fram þá áhættu sem fyrirhuguð notkun erfðabreyttra lífvera kann að hafa í för með sér fyrir heilsu manna, vistkerfi og umhverfi. Varðveita skal eintak af því áhættumati á starfsstöð umsækjanda eftir að leyfi hefur verið veitt þar sem nauðsynlegt kann að reynast að hafa það við höndina ef slys verður. Umhverfisráðherra setur nánari reglur um framkvæmd áhættumats og flokkun erfðabreyttra lífvera í áhættuflokka.

Í 3. mgr. er að finna ákvæði um hvaða upplýsingar og gögn skuli fylgja umsókn, auk þess sem umhverfisráðherra er ætlað að setja um það frekari ákvæði í reglugerð. Hollustuvernd ríkisins er síðan ætlað að staðfesta skriflega að stofnunin hafi móttekið umsókn.

Um 9. gr.

Greinin kveður á um að afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera skuli einungis fara fram á rannsóknarstofum og/eða athafnasvæðum sem Hollustuvernd ríkisins og aðrir eftirlitsaðilar hafa samþykkt til slíkrar notkunar. Jafnframt verða eftirlitsaðilar að hafa samþykkt þann búnað sem fyrirhugað er að nota við starfsemina áður en hún hefst.

Samkvæmt 2. mgr. skal beita sérstökum öryggisráðstöfunum til viðbótar almennum reglum ef unnið er með erfðabreyttar lífverur, sbr. 2.tölul. 7. gr. Í IV. viðauka við tilskipun nr. 90/219 er nánar fjallað um einangrunarráðstafanir þegar unnið er með erfðabreyttar örverur. Helstu ráðstafanirnar, sem getið er um þar eru þessar: Lífvænlegar lífverur (örverur) skulu einangraðar í kerfi sem er þannig úr garði gert að það er áþreifanlega aðgreint frá umhverfinu (lokað kerfi). Enn fremur eru ákvæði um þéttibúnað, öryggissvæði, meðferð frárennslis o.fl. Þá er kveðið á um að sá sem ábyrgð ber á starfsemi skuli taka einangrunarráðstafanir og mengunarvarnir reglulega til endurskoðunar og hafa til hliðsjónar við þá endurskoðun nýjungar á sviði vísinda og tækni.

Um 10. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er Hollustuvernd ríkisins heimilt að takmarka þann tíma sem starfsemi með erfðabreyttar lífverur er heimil og binda leyfið öðrum skilyrðum ef nauðsyn krefur. Hollustuvernd ríkisins getur krafist þess að umsækjandi veiti frekari upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi áður en stofnunin tekur afstöðu til þess hvort leyfi skuli veitt

eða ekki. Þá getur Hollustuvernd ríkisins gert það að skilyrði fyrir leyfisveitingu að umsækjandi breyti aðstöðu sinni áður, enda er stofnuninni óheimilt að veita leyfi nema að uppfylltum skilyrðum sem fram koma í 1. mgr. 9. gr.

Í 2. mgr. er Hollustuvernd ríkisins falið að tilkynna umsækjanda um það skriflega hvort fallist hafi verið á umsókn hans.

Samkvæmt 3. mgr. er leyfishafa skylt að tilkynna Hollustuvernd ríkisins um það þegar starfsemi með erfðabreyttar lífverur hefst og að halda skrá eða dagbók um starfsemina.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Efni greinarinnar er í samræmi við 1. og 2. mgr. 12. gr. tilskipunar nr. 90/219/EBE.

Til þess að tryggja öryggi til hins ýtrasta ber skv. 1. mgr. að tilkynna Hollustuvernd ríkisins ef aðstæðum við afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera er breytt, einnig ef starfsemi eða flokkun er breytt. Tilkynningarskyldan er lögð á þann sem ábyrgð ber á aðstöðu eða starfsemi hverju sinni. Hollustuvernd ríkisins ber að taka afstöðu til þess hvort og þá hverra breytinga er þörf og einnig hvort breytingar séu að mati stofnunarinnar svo veigamiklar að sækja þurfi um að nýju. Þá ákvörðun sína skal stofnunin tilkynna leyfishafa svo skjótt sem auðið er.

Um V. kafla.

V. kafli fjallar um sleppingu eða dreifingu erfðabreyttra lífvera. Hér er fyrst og fremst átt við tilvik þegar slepping og dreifing á sér stað í rannsóknar- og þróunarskyni eða í hverju öðru skyni en til markaðssetningar. Hugtakið er skilgreint í 4. gr. en þar kemur fram að þegar erfðabreyttum lífverum er sleppt út í umhverfið óhindrað þannig að þær geta haft áhrif á umhverfi eða fólk er um að ræða sleppingu eða dreifingu.

Um 13. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er óheimilt að sleppa eða dreifa erfðabreyttum lífverum út í umhverfið nema að fengnu leyfi Hollustuverndar ríkisins.

Í 2. mgr. kemur fram að sækja þarf um sérstakt leyfi fyrir hverja einstaka sleppingu eða dreifingu erfðabreyttra lífvera. Þó má sækja um leyfi fyrir fleiri en eina sleppingu eða dreifingu í sömu umsókn. Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um hvaða upplýsingar og gögn skuli fylgja umsókn.

Hollustuvernd ríkisins leitar umsagna og aðstoðar ráðgjafanefndar eins og kveðið er á um í reglugerð.

Um 14. gr.

Hollustuvernd ríkisins skal tilkynna umsækjanda skriflega hvort fallist hafi verið á umsókn og hvaða skilyrðum leyfi til sleppingar eða dreifingar sé bundið hafi það verið veitt. Áður en stofnunin tekur ákvörðun um hvort veita skuli leyfi getur hún ákveðið að áður skuli fara fram ákveðnar prófanir og/eða rannsóknir vegna fyrirliggjandi umsóknar. Í tilskipunum nr. 90/219 og 90/220 er að finna ítarlegar reglur um málsmeðferð að því er varðar frest á afgreiðslu umsókna, tilkynningar til lögbærra yfirvalda á Evrópska efnahagssvæðinu o.s.frv. Í þessu frumvarpi hefur sú leið verið farin að fela umhverfisráð-

herra að mæla frekar fyrir um það í reglugerð hvernig farið skuli með umsóknir og málsmeðferð að öðru leyti, sbr. 11. tölul. 7. gr.

Um 15. gr.

Ef einhverjar ófyrirsjáanlegar ástæður gera það að verkum að nauðsynlegt reynist að breyta heimilaðri tilhögun við sleppingu eða dreifingu frá því sem kveðið er á um í leyfisbréfi skal leyfishafi tilkynna Hollustuvernd um það sem fyrst eða a.m.k. áður en sleppping fer fram. Hollustuvernd ríkisins tekur afstöðu til þess svo skjótt sem auðið er hvort og þá hverra breytinga er þörf svo að slepping eða dreifing geti farið fram. Þá ákvörðun skal stofnunin tilkynna leyfishafa við fyrsta tækifæri.

Um VI. kafla.

Í kaflanum er fjallað um markaðssetningu erfðabreyttra lífvera. Sá sem óskar eftir leyfi hér á landi til þess að markaðssetja erfðabreyttar lífverur á EES-svæðinu verður að sækja um það til Hollustuverndar ríkisins og sæta þeim skilyrðum sem kunna að verða sett.

Um 16. gr.

Samkvæmt greininni er óheimilt að markaðssetja erfðabreyttar lífverur eða vörur sem innihalda erfðabreyttar lífverur án leyfis Hollustuverndar ríkisins.

Skilgreining á hugtakinu markaðssetning er mjög víðtæk eins og hún er sett fram í 4. gr. Þrátt fyrir það er ekki ætlunin að öll afhending erfðabreyttra lífvera falli undir hugtakið, sbr. efni tilskipana EB. Því er lagt til hér að umhverfisráðherra geti ákveðið, að fengnum tillögum, að tilteknar afhendingar erfðabreyttra lífvera teljist ekki til markaðssetningar í skilningi laga þessara. Afhendingin má þó ekki vera í viðskiptaskyni, og móttakandinn verður að uppfylla skilyrði sem kveðið er á um í lögunum. Sem dæmi má nefna að umhverfisráðherra getur ákveðið að afhending vöru sem inniheldur erfðabreyttar lífverur og framleidd er sérstaklega fyrir ákveðinn aðila teljist ekki til markaðssetningar uppfylli móttakandi kröfur sem fram koma í IV. kafla laganna. Þá má nefna að ef rannsóknastofnanir skiptast á erfðabreyttum lífverum, enda sé það ekki gert í viðskiptaskyni, telst sú afhending ekki til markaðssetningar.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að áður en endanlegt leyfi er gefið út skal Hollustuvernd ríkisins sjá til þess framkvæmdastjórn ESB hafi verið gefið tækifæri að gera athugasemdir við fyrirliggjandi umsókn í samræmi við B-hluta tilskipunar nr. 90/220 um samræmdar reglur innan ESB landanna, sbr. og 11.tölul. 7. gr. laganna sem kveður á um að umhverfisráðherra eigi að setja nánari reglur um þessa framkvæmd hér á landi. Sjá einnig athugasemdir við 19. gr. laga þessara.

Um 18. gr.

Samkvæmt 1. mgr. ber leyfishafa að tilkynna Hollustuvernd ríkisins svo skjótt sem auðið er ef fram koma nýjar upplýsingar um áhættu sem ekki lágu fyrir þegar leyfi var veitt. Hið sama á við ef opinber flokkun erfðabreyttra lífvera breytist frá því að leyfi er veitt þar til markaðssetning hefst. Leyfishafa er skylt að tilkynna um breyttar forsendur til Hollustuverndar ríkisins án tafar. Jafnframt er umsækjanda eða leyfishafa skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að vernda heilsu manna og umhverfi gerist þess þörf með tilliti til hinna nýju upplýsinga.

Í 2. mgr. er kveðið á um skyldu Hollustuverndar ríkisins til að bregðast við hinum nýju upplýsingum svo skjótt sem auðið er og taka afstöðu til þess hvort nauðsynlegt sé að endurskoða eða breyta áður útgefnu leyfi eða jafnvel afturkalla það. Ákvörðun sína skal stofnunin tilkynna leyfishafa án tafar.

Um 19. gr.

Meginreglan sem fram kemur í 1. mgr. er í samræmi við markmið sem fram koma í tilskipun ráðsins nr. 90/220 um að koma á samræmdu kerfi fyrir veitingu leyfa á Evrópska efnahagssvæðinu til að setja á markað afurðir sem hafa erfðabreyttar lífverur að geyma eða samanstanda af þeim. Samkvæmt tilskipun nr. 90/220/EBE er gert ráð fyrir að komið sé á samræmdu kerfi allra ESB-landanna þannig að vara, sem fengið hefur viðurkenningu í einu ESB-landi, geti óhindrað farið á markað í öðru ESB-landi. Eftir gildistöku samnings um Evrópska efnahagssvæðið gildir sama regla í viðskiptum allra EES-landanna. Í samræmi við þessa reglu þarf ekki sérstakt leyfi til markaðssetningar hér á landi hafi það áður verið veitt í öðru EES-landi. Með vísun til þess segir í 1. mgr. að liggi fyrir leyfi útgefið af lögbæru yfirvaldi í öðru landi á EES-svæðinu jafngildi sú leyfisveiting leyfi til markaðssetningar hér á landi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er umhverfisráðherra heimilt að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins og umsögn ráðgjafanefndar að banna eða takmarka hér á landi markaðssetningu tiltekinna erfðabreyttra lífvera eða vöru sem inniheldur þær ef hætta er á að markaðssetningin hafi í för með sér skaðleg áhrif á heilsu manna og umhverfi eða ef leyfisveiting samræmist ekki markmiðum laga þessara eða annarra laga. Eins og fram kemur í greininni er Hollustuvernd ríkisins ætlað að hafa frumkvæði að því að leggja tillögur fyrir umhverfisráðherra ef stofnunin telur nauðsynlegt að banna markaðssetningu tiltekinna erfðabreyttra lífvera, sem heimiluð hefur verið í öðru landi á EES-svæðinu, vegna hættu á því að markaðssetningin hafi skaðleg áhrif á heilsu manna og umhverfi. Ákvæði 2. mgr. er í samræmi við sérstakt ákvæði í XX. viðauka EES-samningsins en því er ætlað að koma í stað 16. gr. tilskipunar nr. 90/220/EBE. Ákvæðið hljóðar svo: „Hafi samningsaðili rökstuddar ástæður til að ætla að vara, sem tilkynnt hefur verið um á réttan hátt og fengið hefur skriflegt samþykki samkvæmt tilskipun þessari, sé hættuleg heilsu manna eða umhverfinu er honum heimilt að takmarka eða banna notkun og/eða sölu vörunnar á yfirráðasvæði sínu. Skal hann þegar í stað tilkynna öðrum samningsaðilum, í gegnum sameiginlegu EES-nefndina, um slíka aðgerð og rökstyðja ákvörðun sína."

Í 3. mgr. kemur fram að Hollustuvernd ríkisins er falið, sem lögbæru yfirvaldi, að tilkynna öðrum lögbærum yfirvöldum á EES-svæðinu um ákvörðun umhverfisráðherra.

Um 20. gr.

Til þess að Hollustuvernd ríkisins, eða aðrir eftirlitsaðilar sem falið hefur verið að sinna tilteknum þáttum eftirlitsins, geti sinnt hlutverki sínu er kveðið svo á um í greininni að þeim skuli vera heimill aðgangur að rannsóknarstofum og svæðum þar sem fram fer notkun eða starfsemi með erfðabreyttar lífverur. Enn fremur geta eftirlitsaðilarnir krafist þess að fá aðgang að öllum skjölum og efni sem máli kunna að skipta vegna eftirlitsins. Taki eftirlitsaðili ákvörðun um að beita þessari heimild getur hann leitað aðstoðar lögreglu, sbr. 28. gr. laganna, til að framfylgja þeirri ákvörðun.

Um 21. gr.

Greinin kveður á um skyldu leyfishafa til að afhenda Hollustuvernd ríkisins eða öðr-

um eftirlitsaðilum nauðsynlegar upplýsingar svo að þeir geti sinnt hlutverki sínu. Öðrum opinberum stofnunum er einnig skylt að afhenda nauðsynlegar upplýsingar í þessu skyni ef eftir því er leitað.

2. mgr. kveður á um trúnaðarskyldu sem hvílir á þeim aðilum sem fjalla um og fá í hendur upplýsingar, hvort sem er vegna eftirlits, umsókna eða tilkynninga. Trúnaðarskyldan helst þó að látið sé af starfi.

Í 3. mgr. kemur fram að ráðherra er ætlað að setja nánari ákvæði um meðferð upplýsinga um erfðabreyttar lífverur.

Um 22. gr.

Í greininni er að finna heimild til setningar gjaldskrár vegna meðferðar á umsóknum. Jafnframt er heimilt að krefja umsækjanda um endurgreiðslu alls kostnaðar sem fellur til ef nauðsyn ber til að fram fari sérstakar rannsóknir eða úttektir áður en afstaða er tekin til umsóknar. Áður en slíkar rannsóknir eða úttektir fara fram skal haft samráð við umsækjanda og honum gefinn kostur á að tjá sig um nauðsyn frekari úttekta eða rannsókna. Umsækjanda skal gefinn kostur á því að draga umsókn sína til baka vilji hann ekki leggja út í þann kostnað sem óhjákvæmilega hlýst af frekari rannsóknum og úttektum vegna umsóknarinnar.

Í greininni er lagt til að umsækjandi greiði sérstakt gjald vegna meðferðar hverrar umsóknar og að gjaldið sé greitt við afhendingu umsóknar til Hollustuverndar ríkisins. Gert er ráð fyrir að umsækjandi greiði gjaldið hvort sem leyfi er veitt eða ekki. Þó að umsókn sé dregin til baka er ekki ætlast til þess að gjaldið sé endurgreitt. Gjald það, sem greitt er til Hollustuverndar ríkisins, bætist við önnur lögboðin gjöld samkvæmt núgildandi lögum, t.d. vegna starfsleyfa eða viðurkenningar búnaðar.

Um 23. gr.

Í greininni er kveðið á um skyldu til að grípa til nauðsynlegra ráðstafana og tilkynningarskyldu ef hætta er á því að erfðabreyttar lífverur valdi tjóni á mönnum eða umhverfi. Í þessu sambandi er vert að benda á að í 13. tölul. 7. gr. er ráðherra ætlað að setja nánari ákvæði í reglugerð um neyðaráætlanir sem grípa megi til verði slys þar sem starfsemi með erfðabreyttar lífverur fer fram.

Um 24. gr.

Í greininni er kveðið á um hlutlæga ábyrgð þess sem ábyrgð ber á starfsemi með erfðabreyttar lífverur. Lagt er til að hlutlæg ábyrgðarregla gildi vegna skaðabótaskylds tjóns sem kann að hljótast af starfsemi með erfðabreyttar lífverur. Sá sem ábyrgð ber á starfseminni væri oftast sá einstaklingur eða lögaðili sem fengið hefði leyfi fyrir viðkomandi starfsemi. Önnur skilyrði skaðabótaréttar þurfa þó að vera fyrir hendi.

Um 25. gr.

Samkvæmt ákvæðinu er heimilt að kæra til umhverfisráðherra ákvarðanir sem teknar eru við framkvæmd laganna innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um hana.

Um 26. gr.

Í greininni er að finna reglugerðarheimild til handa umhverfisráðherra. Eins og fram kemur í henni er talið æskilegt að leggja það til að heimilt verði að víkja frá ákvæðum

IV., V. og VI. kafla þegar öruggt er í ljósi reynslunnar að engin hætta stafi af notkun erfðabreyttra lífvera. Slík heimild gæti stuðlað að framförum og spornað við óþarfa útgjöldum vegna umsókna sem fyrir fram er ljóst af reynslunni að verða samþykktar.

Um 27. gr.

Í 1. mgr. er að finna reglugerðarheimild til handa umhverfisráðherra til að ákveða hvenær og hvar Hollustuvernd ríkisins skuli leita umsagna áður en hún veitir leyfi samkvæmt lögum þessum.

2. mgr. er í samræmi við það markmið laganna að lögbær yfirvöld heimili ekki starfsemi með erfðabreyttar lífverur nema þau séu þess fullviss að heilsu manna og umhverfi stafi ekki hætta af. Þá kann rétt að vera í vissum tilvikum að leita álits almennings á því hvort heimila skuli starfsemi með erfðabreyttar lífverur eða ekki með því að efna til opinbers fundar um málið. Þau viðhorf og sjónarmið, sem koma fram á þeim fundum, eru á engan hátt bindandi fyrir stjórnvöld, aðeins leiðbeinandi.

Um 28.–30. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði til bráðabirgða felur í sér heimild fyrir umhverfisráðherra að auglýsa, í heild eða að hluta, gildistöku reglna EBE á því sviði sem lög þessi fjalla um, þar til settar hafa verið reglugerðir um þau atriði sem umhverfisráðherra er ætlað að setja nánari reglur um samkvæmt lögum þessum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa.

Umsögn um frumvarp til laga um erfðabreyttar lífverur.

Frumvarp þetta er samið til þess að uppfylla skyldur þær sem íslenska ríkið tekur á sig með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Markmiðið er að vernda náttúru landsins, vistkerfi, heilsu manna, dýra og plantna gegn skaðlegum og óæskilegum áhrifum erfðabreyttra lífvera og frumvarpið tekur til allrar notkunar og starfsemi með þær.

Í 5. gr. kemur fram að umhverfisráðherra fari með yfirstjórn þessara mála en að Hollustuvernd ríkisins hafi yfirumsjón með framkvæmd laganna. Stofnunin veitir leyfi og hefur yfirumsjón með eftirliti er varðar notkun og starfsemi með erfðabreyttar lífverur. Ætla má að þetta hafi í för með sér aukna vinnu við stofnunina en á móti kemur að samkvæmt 22. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að umsækjandi greiði sérstakt gjald vegna meðferðar umsókna. Gjaldið skal greitt óháð því hvort umsókn verði samþykkt eða ekki. Að auki er heimilt að krefja umsækjanda um endurgreiðslu alls kostnaðar sem fellur til ef nauðsynlegt reynist að framkvæma sérstakar rannsóknir eða úttektir áður en afstaða er tekin til umsóknar. Gjaldtaka þessi tekur ekki til eftirlitsþáttarins en ætla má að heildarkostnaður vegna eftirlits, samningu reglugerða og fleiri þátta nemi u.þ.b. launum eins

starfsmanns og kostnaði vegna hans, eða 3–4 m.kr. Heimilt er að fela öðrum stjórnvöldum en Hollustuvernd ríkisins eftirlit með tilteknum þáttum, t.d. Vinnueftirliti ríkisins, en kostnaðarauki ætti að verða lítill þar sem ákvæðið er sett með hagkvæmnissjónarmið í huga til að nýta þekkingu sem þegar er fyrir hendi.

Samkvæmt 16. gr. frumvarpsins skal umhverfisráðherra skipa ráðgjafanefnd með fimm aðalmenn og fimm varamenn sem skal aðstoða við framkvæmd laganna, veita eftirlits- og framkvæmdaraðilum ráðgjöf og hafa frumkvæði að endurskoðun laganna. Kostnaður skal greiddur úr ríkissjóði. Enn sem komið er, er lítil starfsemi á þessu sviði hér á landi og er því ekki gert ráð fyrir miklu starfi hjá þessari nefnd. Ekki er hægt að meta hve mikill kostnaður hlýst af starfi hennar en gert er ráð fyrir að hann verði ekki meiri en 100–500 þús. kr. á ári.

Í 7. gr. er kveðið á um að umhverfisráðherra setji í reglugerðum nánari ákvæði um framkvæmd laganna sem geta haft áhrif á starfsemi ýmissa aðila, þ.á m. ríkisstofnana. Þar má nefna einangrunarráðstafanir, aðbúnað starfsfólks, mengunarvarnir o.fl. Ljóst er að slík ákvæði geta aukið kostnað stofnana lítillega en að öllu jöfnu ætti það að rúmast innan óbreyttra fjárveitinga viðkomandi stofnana.

Þróun á líftæknisviði er mjög hröð og framtíðarkostnaður því óljós. Að öllu samanlögðu er það mat fjármálaráðuneytis að kostnaðarauki ríkissjóðs, verði frumvarp þetta óbreytt að lögum, verði 3–5 m. kr. hið lægsta. Þess ber þó að geta að þetta er rammalöggjöf og setning reglugerða getur haft töluverð áhrif á kostnað. Ákvæði um gjaldtöku fyrir veitta þjónustu og beiting þess gæti aftur á móti dregið úr kostnaði ríkissjóðs.

130. Frumvarp til laga [118. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Sléttuhreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu skal sameinaður Ísafjarðarkaupstað.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sléttuhreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu er eina sveitarfélagið á Íslandi sem er í eyði, þ.e. þar eru engir íbúar. Sléttuhreppur fór í eyði á sjötta áratugnum eins og Grunnavíkurhreppur, en Grunnavíkurhreppur var sameinaður Snæfjallahreppi árið 1963 samkvæmt heimild í þágildandi sveitarstjórnarlögum, nr. 58/1961.

Í Sléttuhreppi er friðland og svæði á náttúruminjaskrá og einnig eru þar hús sem notuð eru sem sumarbústaðir. Jafnframt hefur komið fram hjá embætti skipulagsstjóra ríkisins að nokkrir landeigendur í Sléttuhreppi hyggja á byggingu fleiri sumarbústaða.

Enginn íbúi er í Sléttuhreppi og þar af leiðandi engin sveitarstjórn. Af þeim sökum hafa skapast ýmis vandamál er varða stjórnsýslulega meðferð mála á svæðinu, m.a. varðandi umsóknir um byggingarleyfi.

Í sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, með síðari breytingum, er ekki gert ráð fyrir úrræðum varðandi sameiningu sveitarfélags við annað eða önnur sveitarfélög ef sveitarfélag hefur enga íbúa. Af þeim sökum hefur félagsmálaráðuneytið ekki haft augljósar lagaheimildir til að leysa framangreint mál eftir venjulegu sameiningarferli samkvæmt gildandi sveitarstjórnarlögum.

Nú er að störfum samstarfsnefnd um sameiningu Ísafjarðarkaupstaðar, Þingeyrarhrepps, Mosvallahrepps, Mýrahrepps, Flateyrarhrepps og Suðureyrarhrepps. Samkvæmt upplýsingum frá samstarfsnefndinni eru miklar líkur á að samkomulag náist um sameiningu þessara sveitarfélaga í kjölfar þeirra stórfelldu samgöngubóta sem fyrirsjáanlegar eru með tilkomu jarðganganna.

Á árinu 1994 var gengið frá sameiningu Snæfjallahrepps við Ísafjarðarkaupstað en fyrir sameininguna voru aðeins þrír bæir í byggð í Snæfjallahreppi. Var sú sameining staðfest m.a. vegna þess að íbúarnir óskuðu eindregið eftir henni.

Vegna sameiningar þessarar eru Ísafjarðarkaupstaður og Sléttuhreppur samliggjandi og allt bendir til þess að í Sléttuhreppi og fyrrum Snæfjallahreppi verði í framtíðinni mjög vinsælt útivistar- og ferðamannasvæði. Mjög mikilvægt er að þetta svæði tengist stjórnskipulega Ísafjarðarkaupstað þannig að tryggt sé að við nýtingu þess verði hafðir í huga sameiginlegir hagsmunir byggðanna á norðanverðum Vestfjörðum.

Jafnframt skal þess getið að nú liggja fyrir tillögur hjá Skipulagi ríkisins um stefnumörkun í skipulags- og byggingarmálum Sléttuhrepps og fyrrum Grunnavíkur- og Snæfjallahreppa 1995–2015.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um að Sléttuhreppur skuli sameinaður Ísafjarðarkaupstað. Bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hefur lýst yfir stuðningi við þá tillögu að sameina þessi tvö sveitarfélög. Landeigendafélag Sléttu- og Grunnavíkurhrepps hefur einnig fjallað um málið. Á aðalfundi félagsins sl. vor var samþykkt með 2/3 atkvæða að styðja sameiningu sveitarfélaganna og veita stjórn félagsins umboð til að ganga til viðræðna við bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar um málefni svæðisins.

Gert er ráð fyrir að félagsmálaráðuneytið auglýsi sameininguna í samræmi við ákvæði 112. gr. sveitarstjórnarlaga.

Að öðru leyti er vísað til almennra athugasemda hér að framan.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, með síðari breytingum.

Efni frumvarpsins er að bæta inn í ákvæði til bráðabirgða í sveitarstjórnarlög nr. 8/1986 ákvæði um að Sléttuhreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu skuli sameinaður Ísafjarðarkaupstað.

Ástæðan fyrir lagasetningunni er sú að þar sem engir íbúar eru í Sléttuhreppi og sveitarfélagið þar með í eyði er ekki unnt að sameina það öðru sveitarfélagi með venjulegum hætti en í sveitarstjórnarlögum eru ekki ákvæði sem taka á tilviki sem þessu. Í athugasemdum við frumvarpið er getið um nauðsyn þess að tengja þetta svæði stjórnskipulega Ísafjarðarkaupstað þannig að tryggt sé að við nýtingu þess verði hafðir í huga sameiginlegir hagsmunir byggðanna á norðanverðum Vestfjörðum. Frá sjónarmiði skipulagsmála er bent á að nokkrir landeigendur í Sléttuhreppi hafi reist sér sumarbústaði á svæðinu og reikna má með að fleiri hyggi á það sama.

Í 107. gr. laga nr. 8/1986 eru ákvæði um hvernig farið skuli með sameiningu sveitarfélaga, en gert er ráð fyrir að samstarfsnefnd þeirra sveitarfélaga sem ætla að sameinast skuli vinna að málinu og kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði. Þar sem af augljósum ástæðum verður ekki skipuð slík nefnd í þessu tilfelli verður ekki um annan kostnað úr ríkissjóði að ræða en kostnað við að auglýsa opinberlega sameininguna eftir að lögin hafa verið staðfest verði frumvarpið samþykkt á Alþingi.

131. Frumvarp til laga [119. mál]

um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Heimæðar, sem lagðar hafa verið fyrir gildistöku laga þessara og liggja yfir einkalóðir, verða ekki í eigu vatnsveitu sveitarfélags, nema samkvæmt sérstöku samkomulagi sveitarstjórnar við eiganda heimæðarinnar, sbr. nánar ákvæði 14. gr. laga þessara.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Eigandi eða rétthafi lóðar við veg eða opið svæði, þar sem götuæð liggur, á rétt á að fá eina heimæð lagða frá götuæð. Óski hann þess að fá fleiri en eina heimæð inn á lóðina af hagkvæmnisástæðum skal hann hlíta þeim reglum um tæknileg atriði sem sveitarstjórn setur og skal sú heimæð teljast hans einkaeign, nema sérstakt sam-

komulag hafi verið gert við sveitarstjórn um annað. Beiðni um lagningu heimæðar skal send til sveitarstjórnar. Eiganda ber að greiða gjald fyrir lagningu heimæðar. Sveitarstjórn ákveður fjárhæð heimæðargjalds og skal það miðað við rúmmál fasteignar. Gjalddagi þess skal ákveðinn í gjaldskrá, sbr. 11. gr., en heimæðargjald getur þó fyrst fallið í gjalddaga við útgáfu byggingarleyfis eða úthlutun lóðar sem er í eigu sveitarfélags.

b. Við bætist ný málsgrein er verður 5. mgr. og orðast svo:

Vatnsinntak skal almennt vera á götuhlið húss þar sem vatnslögn liggur, nema sveitarstjórn samþykki annars konar fyrirkomulag. Hönnuðir mannvirkja skulu hafa samráð við sveitarstjórn varðandi staðsetningu vatnsinntaks.

3. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Sveitarstjórn er heimilt að heimta vatnsgjald af öllum fasteignum er vatnsins geta notið og skal við það miðað að gjaldið ásamt öðrum tekjum standi straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu. Álagningarstofn vatnsgjalds skal vera afskrifað endurstofnverð húss og mannvirkis margfaldað með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins, sbr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995. Stofn til álagningar vatnsgjalds á aðrar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra.

Nú liggur matsverð fullfrágenginnar fasteignar eigi fyrir við álagningu vatnsgjalds, en fasteign getur notið vatns frá vatnsveitu sveitarfélagsins, sbr. 1. mgr., og er þá sveitarstjórn heimilt að ákveða upphæð vatnsgjaldsins með hliðsjón af því hver verður líklegur álagningarstofn fullfrágenginnar eignar og ber þá að taka mið af fasteignamati sambærilegra fasteigna í sveitarfélaginu.

Verði ágreiningur um gjaldstofn skv. 2. mgr. skal vísa honum til úrskurðar Fasteignamats ríkisins. Þeim úrskurði má skjóta til yfirfasteignamatsnefndar ríkisins. Úrskurðum nefndarinnar má skjóta til dómstóla.

Sveitarstjórn ákveður upphæð vatnsgjalds sem má nema allt að 0,3 hundraðshlutum af álagningarstofni. Sveitarstjórn er heimilt að ákveða hámark og lágmark vatnsgjalds miðað við rúmmál húseigna, enda verði álagning ekki hærri en segir í 1. málsl. þessarar málsgreinar. Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu vatnsgjalds hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts, sbr. 4. gr. laga nr. 4/1995.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 1. janúar 1992 tóku gildi lög um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991. Var frumvarp til þeirra laga að mestu leyti samið á grundvelli eldri laga um vatnsveitur, þ.e. vatnalaga, nr. 15/1923, og laga um aðstoð til vatnsveitna, nr. 93/1947.

Frá því að lög nr. 81/1991 tóku gildi og við framkvæmd þeirra hafa komið fram nokkur atriði varðandi lögin sem ástæða hefur þótt til að taka til endurskoðunar miðað við fengna reynslu. Atriði þessi varða aðallega heimæðar annars vegar og álagningu vatnsgjalds hins vegar. Með frumvarpi þessu er lagt til að breytt verði ákvæðum laga um vatnsveitur sveitarfélaga er varða nefnd atriði.

Frumvarp þetta er unnið að mestu í félagsmálaráðuneytinu en við samningu þess var haft samráð við fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga og jafnframt stuðst við ábendingar um úrbætur sem fram hafa komið m.a. frá Reykjavíkurborg.

Frumvarpið er samhljóða frumvarpi sem lagt var fram á 118. löggjafarþingi og náði ekki fram að ganga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með ákvæði þessu er leitast við að skýra nánar ákvæði 2. mgr. 14. gr. laganna, þ.e. að sveitarstjórnir verði ekki sjálfkrafa eigendur heimæða sem lagðar voru fyrir gildistöku laga nr. 81/1991, heldur verður eigandi heimæðar að gera sérstakt samkomulag um það við sveitarstjórn.

Um 2. gr.

Í a-lið er lagt til að breytt verði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna og jafnframt bætt við nýju ákvæði. Enn fremur er lagt til að breytt verði lokamálslið 1. mgr. 6. gr. varðandi gjalddaga heimæðargjalds.

Lagt er til að eigandi eða rétthafi lóðar við veg eða opið svæði, þar sem götuæð liggur, eigi rétt á að fá eina heimæð lagða frá götuæð. Ekki er talið rétt að skylda sveitarfélög (vatnsveitur sveitarfélaga) til að leggja nema eina heimæð að hverri fasteign eða lóð. Ef óskað er eftir fleiri heimæðum að fasteign eða lóð verður að semja um það sérstaklega við sveitarstjórn. Í því sambandi er talið rétt að taka fram að ef óskað er eftir fleiri en einni heimæð inn á lóð af hagkvæmnisástæðum, t.d. að sjúkrahúsum og öðrum þjónustubyggingum, skuli eigandi eða rétthafi lóðar hlíta þeim reglum um tæknileg atriði sem sveitarstjórn (vatnsveita sveitarfélags) setur. Jafnframt þykir eðlilegt að sú heimæð teljist hans einkaeign, nema sérstakt samkomulag hafi verið gert við sveitarstjórn (vatnsveitu sveitarfélags) um annað.

Rétt þykir að veita sveitarstjórnum (vatnsveitum sveitarfélaga) svigrúm til að ákveða gjalddaga heimæðargjalds, en í núgildandi lögum er gjalddagi bundinn við ákveðið tímamark, þ.e. 30 dögum eftir lagningu heimæðar. Lagt er til að gjalddagi verði tilgreindur í gjaldskrá viðkomandi sveitarfélags. Hins vegar þykir rétt að tilgreina í lögunum hvenær fyrst má krefjast heimæðargjaldsins og þykir eðlilegt að miða þar við útgáfu byggingarleyfis eða úthlutun lóðar sem er í eigu sveitarfélags.

Í b-lið er lagt til að við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 5. mgr. Tillagan er efnislega á þá leið að vatnsinntak á húsi skuli almennt vera á götuhlið þess þar sem vatnslögn liggur, nema sveitarstjórn (vatnsveita viðkomandi sveitarfélags) samþykki annars konar fyrirkomulag.

Ákvæði þetta er nýmæli og er með því leitast við að greiða fyrir starfsemi vatnsveitna sveitarfélaga að því leyti að auðvelda viðhald á heimæðum. Algengt hefur verið að kaldavatnsheimæðar væru teknar upp úr gólfi, t.d. í þvottaherbergi, á þeirri hlið húss sem snýr frá götu. Auðsætt er að slíkt getur skapað mikil vandamál við viðhald á heimæðum þar sem mjög erfitt hefur verið að komast að þeim.

Jafnframt er lagt til að hönnuðir mannvirkja skuli hafa samráð við sveitarstjórn (vatnsveitu sveitarfélags) varðandi staðsetningu vatnsinntaks. Gert er ráð fyrir því í 4. gr. laganna að sveitarstjórn sé eigandi m.a. heimæða og skuli annast og kosta viðhald þeirra. Með hliðsjón af því verður að telja eðlilegt að gera þá kröfu til hönnuða mannvirkja að þeir hafi viðkomandi sveitarstjórn (vatnsveitu sveitarfélags) með í ráðum þegar ákveðið er hvar vatnsinntak skuli vera á húsi.

Um 3. gr.

Hér eru gerðar tillögur um nokkrar breytingar á 7. gr. núgildandi laga sem varða álagningu vatnsgjalds á fasteignaeigendur, sem vatns geta notið frá vatnsveitu sveitarfélags.

Í 1. mgr. er gerð tillaga um breytingu á 1. málsl. 1. mgr. 7. gr. núgildandi laga á þá leið að miða skuli við að vatnsgjald ásamt öðrum tekjum standi straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu. Í núgildandi lögum er einungis tilgreint að vatnsgjald skuli standa straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu. Hins vegar hafa sveitarfélög aðrar tekjur af vatnsveitu, m.a. aukavatnsgjald, sem ásamt vatnsgjaldi skulu standa straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu. Með þessari breytingartillögu er því nánar tilgreint hvaða tekjur skulu standa undir stofn- og rekstrarkostnaði vatnsveitu sveitarfélags.

Í 2. mgr. er gerð tillaga um að sett verði í lögin heimild til að innheimta vatnsgjald af fasteignum sem geta notið vatns frá vatnsveitu sveitarfélags, en matsverð þeirra fullfrágenginna liggur ekki fyrir. Í 3. mgr. 9. gr. reglugerðar fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 421/1992, sem sett var á grundvelli laga nr. 81/1991, var heimild til að innheimta vatnsgjald í þessum tilfellum og samkvæmt því ákvæði var heimilt að miða gjaldið við líklegan álagningarstofn fullfrágenginnar fasteignar.

Umboðsmaður Alþingis sendi 6. janúar 1994 frá sér álit þar sem fjallað var um álagningu vatnsgjalds á fasteign sem ekki hafði verið metin fasteignamati samkvæmt framangreindu ákvæði reglugerðarinnar. Umboðsmaður Alþingis komst að þeirri niðurstöðu að lagastoð umrædds reglugerðarákvæðis væri vefengjanleg.

Í framhaldi af þeirri niðurstöðu umboðsmanns Alþingis taldi félagsmálaráðuneytið rétt að fella úr gildi ákvæði 3. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 421/1992 og var það gert með reglugerð nr. 175/1994.

Það er hins vegar talið nauðsynlegt, m.a. af sveitarfélögum, að fyrir hendi sé heimild í lögum til að innheimta vatnsgjald af fasteignum sem ekki hafa verið metnar fasteignamati ef þær geta notið vatns frá vatnsveitu sveitarfélags. Með hliðsjón af því er lagt til að 2. mgr. 7. gr. laganna verði á þá leið að slík álagning og innheimta verði heimil og að við álagningu verði heimilt að miða við hver verður líklegur álagningarstofn fullfrágenginnar eignar. Í þeim tilfellum ber að miða við fasteignamat sambærilegra fasteigna í viðkomandi sveitarfélagi.

Slík viðmiðun við líklegan álagningarstofn fullfrágenginnar fasteignar getur verið vandmeðfarin í framkvæmd. Af þeim sökum er talið rétt að opna ákveðna kæruleið ef til ágreinings kemur milli gjaldanda og sveitarstjórnar. Sú leið, sem valin er í 3. mgr., er sú að verði ágreiningur um gjaldstofn skv. 2. mgr. skuli vísa honum til úrskurðar Fasteignamats ríkisins. Þeim úrskurði má skjóta til yfirfasteignamatsnefndar ríkisins og úrskurðum nefndarinnar má síðan skjóta til dómstóla. Þessi kæruleið er sú sama og tilgreind er í 3. mgr. 4. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, en í því ákvæði er fjallað um ágreining sem upp getur komið við álagningu fasteignaskatts.

Í 4. mgr. er lögð til sú viðbót, miðað við 2. mgr. 7. gr. gildandi laga, að sveitarstjórn verði heimilt að ákveða hámark og lágmark vatnsgjalds miðað við rúmmál húseigna, enda verði álagning ekki hærri en segir í 1. málsl. þeirrar málsgreinar. Komið hafa fram spurningar um hvort samskonar ákvæði í 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 421/1992 standist lögin. Rétt þykir, til að taka af allan vafa, að tilgreina þessa heimild í lögunum.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991.

Í frumvarpinu er lagt til að breytt verði ákvæðum laga um vatnsveitur sveitarfélaga er varða heimæðar annars vegar og álagningu vatnsgjalds hins vegar.

Helstu nýmæli varðandi heimæðar eru þau að eigandi eða rétthafi lóðar við veg eða opið svæði, þar sem götuæð liggur, á rétt á að fá eina heimæð lagða frá götuæð. Um annað verður að semja sérstaklega við sveitarfélag. Jafnframt er lagt til að veita sveitarstjórnum svigrúm til að ákveða gjalddaga heimæðargjalds og skal hann tilgreindur í gjaldskrá viðkomandi sveitarfélags.

Helstu nýmæli varðandi álagningu vatnsgjalds á fasteignaeigendur eru þau að miða skuli við að vatnsgjald ásamt öðrum tekjum standi straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu. Jafnframt er lagt til að heimilt sé að innheimta vatnsgjald af fasteignum sem ekki hafa verið metnar fasteignamati ef þær geta notið vatns frá vatnsveitu sveitarfélags. Að lokum er lagt til að sveitarstjórn verði heimilt að ákveða hámark og lágmark vatnsgjalds miðað við rúmmál húseigna en með ákveðnum takmörkunum þó.

Ekki verður séð að frumvarpinu fylgi kostnaðarauki fyrir ríkissjóð.

132. Frumvarp til laga [120. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Í stað „1. nóvember 1995“ í A-lið ákvæðis til bráðabirgða með lögunum, sbr. 2. gr. laga nr. 99/1995, kemur: 1. desember 1995.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að heimild landbúnaðarráðherra til að fresta ákvörðun um heildargreiðslumark sauðfjárafurða fyrir verðlagsárið 1996–97 verði framlengd til 1. desember 1995, en samkvæmt lögum nr. 99/1995, sem samþykkt voru á vorþinginu, náði þessi frestunarheimild til 1. nóvember. Samkomulag hefur orðið í landbúnaðarnefnd um að flytja frumvarpið að höfðu samráði við ráðherra. Frestunin er talin óhjákvæmileg þar sem enn hefur ekki verið afgreitt frumvarp til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum, 96. mál (þskj. 100). Það frumvarp var lagt fram í því skyni að lögfesta nauðsynlegar breytingar vegna ákvæða í samningi um sauðfjárframleiðslu milli landbúnaðarráðherra, f.h. ríkisstjórnar Íslands, og Bændasamtaka Íslands frá 1. október síðastliðnum og er það nú til umræðu í landbúnaðarnefnd.

133. Svar [18. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um aðstoð við ættleiðingar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða fjárhagsaðstoð veitir almannatryggingakerfið foreldrum í tengslum við ættleiðingar:

a. á Íslandi,

b. annars staðar á Norðurlöndum?

Ísland: Með lögum nr. 57/1987, um fæðingarorlof, er mörkuð sú meginregla að frá 1. janúar 1990 skuli fæðingarorlof vera sex mánuðir. Í 5. gr. laganna er sérákvæði um rétt ættleiðandi foreldra og uppeldis- eða fósturforeldra til fæðingarorlofs. Þar er ákveðið að fæðingarorlof vegna ættleiðingar eða fósturráðstöfunar barns að fimm ára aldri skuli vera fimm mánuðir frá 1. janúar 1990. Töku fæðingarorlofs vegna ættleiðingar eða fósturs má hefja er fyrir liggur staðfesting barnaverndarnefndar eða sveitarfélags um fósturráðstöfun eða leyfi til ættleiðingar. Í 16.–17. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1994, er fjallað um greiðslur almannatrygginga vegna fæðingarorlofs. Allar reglur um greiðslur til foreldra í fæðingarorlofi eru hinar sömu hvort sem um er að ræða fæðingarorlof vegna fæðingar barns eða vegna ættleiðingar eða fósturráðstöfunar barns upp að fimm ára aldri að öðru leyti en því að fæðingarorlof er einum mánuði skemmra ef um er að ræða ættleiðingu eða fóstur. Fæðingarstyrkur, 26.294 kr. á mánuði, er greiddur í fimm mánuði til ættleiðandi móður. Fæðingardagpeningar, ýmist hálfir eða fullir eftir atvinnuþátttöku móður síðustu tólf mánuði fyrir ættleiðingu, 1.102 kr. eða 551 kr. á dag, eru og greiddir í fimm mánuði til móður sem uppfyllir skilyrði fyrir greiðslu þeirra.

Danmörk: Lengd fæðingarorlofs eftir fæðingu eða vegna ættleiðingar er hin sama, þ.e. 24 vikur. Skilyrði greiðslu er að hin verðandi móðir hafi unnið í a.m.k. 13 vikur fyrir fæðingu a.m.k. 120 klst. Dagpeningar eru 90% af launum viðkomandi, þó að hámarki 2.556 DKR á viku. Upphaf greiðslu fæðingarorlofs vegna ættleiðingar miðast við þann tíma þegar barnið kemur á heimilið. Til viðbótar greiðslu almannatrygginga er greidd vegna ættleiðingar barns frá útlöndum eingreiðsla sem 1. júlí 1995 var 31.457 DKR. Greiðsla þessi byggist á ákvæðum í lögum um barnabætur.

Noregur: Tímalengd fæðingarorlofs er mismunandi eftir því hvort um er að ræða fæðingu barns eða ættleiðingu. Vegna ættleiðingar barns yngra en 15 ára eru greiddir dagpeningar í 37 vikur (185 virka daga). Fjárhæð dagpeninga er hin sama og dagpeninga í fæðingarorlofi. Unnt er að lengja tímann í 46 vikur (230 virka daga) og fá þá greidd 80% dagpeninga allan tímann. Báðir foreldrar verða að uppfylla skilyrði sem sett eru fyrir greiðslu fæðingardagpeninga, þ.e. að hafa unnið sex af síðustu tíu mánuðum fyrir ættleiðingu. Ættleiðandi foreldrar geta skipt orlofstímanum milli sín eftir vild. Þó verður hvort þeirra að nýta a.m.k. fjórar vikur tímans. Foreldrar, sem ættleiða barn og uppfylla ekki skilyrði fyrir greiðslu dagpeninga, eiga rétt á eingreiðslu sem frá 1. janúar 1995 er 26.625 NOK. Þá fá foreldrar sem ættleiða barn frá útlöndum eingreiðslu sem ákveðin er á fjárlögum 30.000 NOK (1. janúar 1994).

Lengd fæðingarorlofs vegna fæðingar er 42 vikur (210 virkir dagar) á fullum dagpeningum eða 52 vikur (260 virkir dagar) á skertum dagpeningum. A.m.k. þrjár vikur fæðingarorlofsins verður að taka fyrir fæðingu barnsins. Móðirin verður að taka a.m.k. sex vikna fæðingarorlof strax eftir fæðingu. Fjórar vikur fæðingarorlofsins tilheyra föðurnum. Greiðsla dagpeninga til hans þann tíma er háð sömu skilyrðum og móðirin verður að uppfylla, þ.e. að hafa unnið í sex mánuði á síðustu tíu mánuðum fyrir fæðingu.

Dagpeningar miðast við tekjur viðkomandi en eru ekki greiddir vegna tekna sem eru hærri en sexföld grunnupphæð almannatrygginga. Þessi fjárhæð var 223.800 NOK á ári 1. janúar 1994.

Svíþjóð: Tímalengd foreldragreiðslu er hin sama eftir því hvort um er að ræða fæðingu barns eða ættleiðingu. Vegna fæðingar eða ættleiðingar barns yngra en tíu ára eru greiddir dagpeningar í samtals 450 daga. Ljúka skal töku þessara daga innan átta ára frá því að barn fæddist eða kom á heimilið. Aldrei er þó greitt lengur vegna ættleiðingar en til 10 ára aldurs barnsins. Dagpeningar eru aldrei lægri en 60 SEK á dag hjá þeim sem ekki hafa stundað vinnu. Þeir sem hafa unnið tryggingaskylda vinnu í 240 daga fyrir fæðingu eða ættleiðingu fá hlutfall launa. Fæðingardagpeningar eru hjá þessum hópi 90% af viðmiðunartekjum sjúkradagpeninga fyrstu 30 dagana í fæðingarorlofi og síðan 80% af sömu viðmiðun í 330 daga. Síðustu 90 dagana eru dagpeningarnir hinir sömu og lágmarksupphæðin, þ.e. 60 SEK á dag. 1. janúar 1996 munu þær breytingar verða að fæðingardagpeningar verða 85% af viðmiðun fyrstu 30 dagana og síðan 75% af viðmiðun næstu 330 daga.

Í Svíþjóð er greidd eingreiðsla vegna ættleiðingar barns frá útlöndum. Greiðslan miðast við helming ættleiðingarkostnaðar, þó að hámarki 24.000 SEK.

Finnland: Foreldrar, sem ættleiða börn undir sex ára aldri, eiga rétt á greiðslu dagpeninga, enda séu foreldrarnir tryggðir í Finnlandi. Upphaf greiðslu miðast við þann dag sem foreldrarnir fá barnið í hendur með ættleiðingu í huga. Dagpeningar eru greiddir 234 virka daga frá fæðingu þess. Ef foreldrarnir taka við barninu þegar meira en 134 virkir dagar eru liðnir frá fæðingu þess fá þeir greidda dagpeninga í 100 virka daga að hámarki. Vegna fæðingar eru á hinn bóginn greiddir dagpeningar í 105 virka daga til móð-

ur og síðan í 158 virka daga til annars hvors foreldris. Fjárhæð dagpeninga miðast við fjárhæð sjúkradagpeninga, en þeir miðast við tekjur. Í Finnlandi eru engar reglur um greiðslu ættleiðingarkostnaðar.

134. Fyrirspurn [121. mál]

til samgönguráðherra um þjónustu og kynningu Egilsstaðaflugvallar.

Frá Jóni Kristjánssyni.

1. Eru fyrirhugaðar ráðstafanir til að tryggja auknar birgðir af flugvélaeldsneyti á Egilsstaðaflugvelli til að hann þjóni hlutverki sem varavöllur í millilandaflugi?
2. Hvernig hefur verið staðið að kynningu Egilsstaðaflugvallar sem varavallar?

135. Frumvarp til laga [21. mál]

um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 30. okt.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Umsögn til ráðherra um umsóknir um markaðsleyfi“ í 2. tölul. 3. mgr. kemur: Útgáfu markaðsleyfa.
b. Í stað orðanna „Umsögn til ráðherra um umsóknir“ í 3. tölul. 3. mgr. kemur: Afgreiðslu umsókna.
c. Í stað orðanna „Umsögn til ráðherra um leyfi“ í 4. tölul. 3. mgr. kemur: Útgáfu leyfa.
d. Við bætist ný málsgrein, er verður 4. mgr., svohljóðandi:
   Ákvarðanir lyfjanefndar ríkisins má kæra til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

2. gr.

Í stað orðanna „gefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið út“ í fyrri málslið 10. gr. laganna kemur: annast heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið útgáfu á.

3. gr.

Í stað orðanna „1. nóvember 1995“ í 4. málsl. 2. mgr. 45. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 112/1994, sbr. 1. gr. laga nr. 122/1994, kemur: 15. mars 1996.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða í lögunum:

a. Í stað orðanna „1. júní 1995“ í 2. og 3. málsl. 2. tölul. kemur: 15. mars 1996.
b. Í stað orðanna „1. nóvember 1995“ í 3. tölul. kemur: 15. mars 1996.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

136. Lög [21. mál]

um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 30. okt.)

Samhljóða þskj. 135.

137. Lög [120. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 30. okt.)

Samhljóða þskj. 132.

138. Fyrirspurn [122. mál]

til viðskiptaráðherra um rekstrarskilyrði smáfyrirtækja.

Frá Hjálmari Árnasyni.

Hyggst ráðherra gera tillögur um bætt rekstrarskilyrði lítilla og meðalstórra fyrirtækja á Íslandi líkt og nágrannaþjóðir okkar hafa gert?

139. Fyrirspurn [123. mál]

til viðskiptaráðherra um eftirlit með viðskiptum bankastofnana.

Frá Vilhjálmi Inga Árnasyni.

1. Hvernig er háttað eftirliti viðskiptaráðuneytisins með framkvæmd laga um viðskiptabanka og hver er verkaskipting þess og bankaeftirlitsins í því sambandi?
2. Hefur ráðuneytið rannsakað eða hlutast til um rannsókn bankaeftirlitsins á viðskiptum Íslandsbanka hf. við fyrirtækið A. Finnsson hf. á Akureyri með tilliti til þess hvort um er að ræða brot á lögum um viðskiptabanka? Sé svo ekki, mun þá ráðuneytið rannsaka eða hlutast til um að viðskipti bankans og fyrirtækisins verði rannsökuð?

140. Tillaga til þingsályktunar [124. mál]

um stofnun úrskurðarnefnda í málefnum neytenda.

Flm.: Vilhjálmur Ingi Árnason, Ágúst Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma á fót tveimur úrskurðarnefndum í málefnum neytenda:

a. nefnd sem fjalli um ágreiningsmál neytenda og opinberra þjónustufyrirtækja; nefndin verði skipuð þremur fulltrúum, einum tilnefndum af viðskiptaráðherra, öðrum tilnefndum af Neytendasamtökunum og þeim þriðja tilnefndum af því opinbera þjónustufyrirtæki sem mál varðar hverju sinni,
b. nefnd sem fjalli um ágreiningsmál neytenda og sjálfstætt starfandi sérfræðinga; nefndin verði skipuð þremur fulltrúum, einum tilnefndum af viðskiptaráðherra, öðrum tilnefndum af Neytendasamtökunum og þeim þriðja tilnefndum af því fagfélagi sérfræðinga sem mál varðar hverju sinni.

Greinargerð.

Í þingsályktunartillögu þessari er lagt til að ríkisstjórnin komi á fót úrskurðarnefndum til að fjalla um ágreiningsmál neytenda og opinberra þjónustufyrirtækja annars vegar og neytenda og sjálfstætt starfandi sérfræðinga á ýmsum sviðum hins vegar.

Fram til þessa hafa íslensk stjórnvöld ekki sinnt málefnum neytenda í neinu samræmi við það sem tíðkast hjá nágrannaþjóðum okkar. Þannig hafa íslensk stjórnvöld, ein stjórnvalda á Norðurlöndum, ekki átt frumkvæði að því að auðvelda neytendum aðgang að ódýrum og aðgengilegum valkostum til að fá niðurstöðu í ágreiningsmál sín og seljenda eða veitenda.

Árið 1974 flutti Bragi Sigurjónsson alþingismaður þingsályktunartillögu um þjónustu héraðsdómstóla við neytendur. Sú tillaga hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu. Í ráðherratíð Vilmundar Gylfasonar sem dómsmálaráðherra var unnið að undirbúningi frumvarps um þetta málefni en það var ekki lagt fram og ekkert gerðist frekar í málinu. Nokkrum sinnum hafa verið fluttar fyrirspurnir um málið á Alþingi og jafnan verið látið í veðri vaka af hálfu stjórnvalda að innan tíðar mætti vænta aðgerða án þess að nokkuð hafi gerst.

Stofnun sérstaks smámáladómstóls eða auðveldari meðferð minni háttar mála fyrir héraðsdómi hefur ætíð verið sérstakt áhugamál samtaka neytenda. Þau hafa hvað eftir annað ítrekað stuðning sinn við að smámáladómstóll yrði settur á fót en án árangurs.

Á sama tíma og áhugi íslenskra stjórnvalda á neytendamálum hefur verið takmarkaður og einkennst af andvaraleysi hefur ríkur skilningur verið á því annars staðar á Norðurlöndum að mikilvægt sé fyrir neytendur að eiga kost á að fá niðurstöðu í ágreiningsmál sínum við seljendur og veitendur á hraðvirkan og ódýran hátt. Þar hafa stjórnvöld stofnað sérstök embætti umboðsmanna neytenda, komið á fót úrskurðarnefndum, auðveldað aðgengi neytenda og samtaka þeirra að dómstólum og sett sérstaka löggjöf til hagsbóta fyrir neytendur. Hér á landi er hins vegar enginn umboðsmaður neytenda þótt stundum sé forstöðumaður Samkeppnisstofnunar fyrir misskilning nefndur umboðsmaður neytenda en hann gegnir engum sambærilegum störfum og umboðsmenn neytenda á Norðurlöndunum. Embætti umboðsmanns íslenskra neytenda er einfaldlega ekki til.

Íslensk stjórnvöld hafa eins og fyrr segir ekki átt frumkvæði að setningu neytendalöggjafar umfram það sem þau hafa orðið að gera í tengslum við EES-samninginn. Í skýrslu frá viðskiptaráðuneytinu til EFTA árið 1991 er það sérstaklega tekið fram að engin umræða hafi farið fram nýlega um stofnun smámáladómstóls hér á landi og að í næstu framtíð séu ekki áformaðar neinar breytingar þar að lútandi.

Afskipti stjórnvalda annars staðar á Norðurlöndum af ágreiningsmálum neytenda og veitenda þjónustu eru víðtæk. Í Svíþjóð og Finnlandi eru starfandi sérstakir umboðsmenn neytenda og úrskurðarnefndir í ýmsum málaflokkum sem kostaðar eru af ríkinu. Í Noregi og Danmörku eru einnig sérstakir umboðsmenn neytenda auk þess sem úrskurðarnefndir eru starfandi í fjölmörgum málaflokkum. Ljóst er að stjórnvöld annars staðar á Norðurlöndum láta sig neytendamál meira máli skipta en íslensk og veita umtalsvert meiri fjármuni miðað við höfðatölu til að tryggja þegnum sínum skjóta og ódýra úrlausn mála sinna.

Þegar ljóst var að aðgerða var ekki að vænta af hálfu íslenskra stjórnvalda til að auðvelda neytendum leið að réttlátri, ódýrri og fljótvirkri málsmeðferð og hugmyndin um smámáladómstól virtist endanlega sofnuð gripu Neytendasamtökin til þess ráðs að gera samstarfssamninga við tiltekin þjónustusvið um starfrækslu sérstakra kvörtunar- eða úrskurðarnefnda sem gætu á einfaldan og ódýran hátt úrskurðað í ágreiningsmálum milli neytenda og veitenda í viðkomandi málaflokkum. Frá upphafi hefur þess verið gætt að stjórnvöld skipuðu formann hverrar nefndar og hafa þau þannig með þátttöku sinni í raun viðurkennt þörfina fyrir starfsemi nefndanna þótt frumkvæðið hafi ekki verið þeirra. Starfandi kvörtunar- og úrskurðarnefndir eru nú sex talsins. Þær eru eftirfarandi:

— nefnd um ágreiningsmál neytenda og seljenda og þjónustuaðila í byggingariðnaði,
— nefnd um ágreiningsmál neytenda og ferðaskrifstofa um skipulagningu og framkvæmd ferða erlendis,
— nefnd um ágreiningsmál vegna fatahreinsunar,
— nefnd um ágreiningsmál neytenda og félaga í Kaupmannasamtökunum og Samtökum samvinnuverslana vegna kaupa á vöru og þjónustu,
— nefnd um ágreiningsmál neytenda og vátryggingarfélaga um sök og sakarskiptingu í slíkum málum,
— nefnd um viðskipti neytenda við fjármálafyrirtæki.

Nefndirnar gegna því mikilvæga hlutverki að tryggja neytendum ódýra og skjóta úrlausn og um leið minnkar þörfin á að leitað sé til dómstóla með tilheyrandi biðtíma og kostnaði. Þótt úrskurðir nefndanna séu ekki bindandi hefur reynslan hérlendis og erlendis sýnt að aðilar hlíta úrskurðum í 70–80% tilfella.

Tvær síðasttöldu nefndirnar voru stofnaðar með virkari atbeina stjórnvalda en áður. Þannig höfðu stjórnvöld bein áhrif á orðalag endanlegs texta samþykktra starfsreglna nefndanna og voru þær auglýstar í B-deild Stjórnartíðinda. Raunverulegir stofnendur þessara mikilvægu úrskurðarnefnda voru því viðkomandi fagráðherrar á þeim tíma þó að frumkvæðið kæmi frá neytendum og samtökum seljenda.

Eðlilegt er að spurt sé hvers vegna samtök neytenda haldi ekki áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið og gangist fyrir stofnun fleiri úrskurðarnefnda og fái stjórnvöld til samstarfs á síðari stigum. Í sjálfu sér er ekki loku fyrir slíkt skotið jafnvel þó að stjórnvöld taki það frumkvæði í málinu sem þessi tillaga gerir ráð fyrir. Hvað varðar úrskurðarnefnd um viðskipti neytenda við opinber þjónustufyrirtæki er eðlilegt að stjórnvöld eigi þar atbeina frá byrjun. Hins vegar má varðandi félög sérfræðinga benda á að þau eru mjög mörg og mismunandi. Ólíklegt er að úrskurðarnefnd, sem máli skiptir varð-

andi þjónustu þessara mörgu ólíku sérfræðigreina, verði sett á stofn nema að stjórnvöld eigi þar beint frumkvæði.

Miðað við þá þróun sem orðið hefur í nágrannalöndum okkar og þá reynslu sem fengist hefur af starfsemi úrskurðarnefnda verður að telja rétt að stjórnvöld beiti sér fyrir stofnun slíkra nefnda. Reglulega berast fjölmargar kvartanir varðandi starfsemi opinberra fyrirtækja til Neytendasamtakanna og hefur neytendum reynst erfitt að fá leiðréttingu mála. Þeir sem sinna þessum málaflokki á vegum Neytendasamtakanna segja að yfirleitt sé erfiðara að fá fram réttmætar leiðréttingar hjá opinberu þjónustufyrirtæki en hjá einkafyrirtæki. Það er því ljóst að brýn þörf er á stofnun úrskurðarnefndar um viðskipti neytenda við opinber þjónustufyrirtæki eins og þessi tillaga gerir ráð fyrir. Nægir þar að nefna fyrirtæki eins og Póst og síma auk veitustofnana.

Það er álit flutningsmanna að úrskurðarnefnd um viðskipti neytenda við opinber þjónustufyrirtæki ætti að vera fastanefnd skipuð þremur mönnum þar sem ráðherra veldi formann nefndarinnar og annan til vara, báða úr hópi starfandi dómara, en Neytendasamtökin veldu einn fulltrúa og annan til vara. Einn fulltrúi yrði valinn frá hverju þjónustusviði hins opinbera fyrir sig og tæki hann sæti í nefndinni þegar fjallað væri um mál sem vörðuðu hans svið eða málaflokk þannig að nefndarmenn, sem tækju þátt í úrskurði máls, væru jafnan þrír.

Þá er það skoðun flutningsmanna að úrskurðarnefnd um viðskipti neytenda og sjálfstætt starfandi sérfræðinga ætti að vera fastanefnd skipuð þremur mönnum. Ráðherra veldi formann nefndarinnar og einn til vara, báða úr hópi starfandi dómara, Neytendasamtökin veldu einn fulltrúa og annan til vara, einn fulltrúi væri valinn frá hverju félagi sérfræðinga fyrir sig og settist hann í nefndina þegar mál sem varðaði hans fagfélag væri til meðferðar hjá nefndinni.

Flutningsmenn telja að kostnaður af störfum þessara nefnda eigi að greiðast þannig að neytandi greiði ákveðið málskotsgjald þegar hann kemur kvörtun á framfæri við viðkomandi nefnd. Hámark slíks gjalds gæti verið um 5.000 kr. en það er í samræmi við það sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndum. Þetta gjald fengi neytandinn endurgreitt ef hann ynni mál sitt að hluta eða öllu leyti.

Hvað varðar kostnað við úrskurðarnefnd um kvartanir yfir þjónustu opinberra fyrirtækja er eðlilegt að ríkið greiði hann að öllu leyti. Hins vegar verður að telja eðlilegt hvað varðar úrskurðarnefnd um viðskipti neytenda við sjálfstætt starfandi sérfræðinga að félög þeirra taki að einhverju leyti þátt í kostnaði. Ástæða þess að ekki er talið rétt að Neytendasamtökin greiði kostnað af störfum nefndarinnar er sú að þau eru frjáls áhugamannasamtök neytenda sem hafa lítið annað aflafé en félagsgjöld. Ekki getur talist eðlilegt að félagsgjöld samtakanna renni til greiðslu kostnaðar við opinbera nefnd sem allir landsmenn eiga aðgang að. Einnig ber að hafa í huga að kostnaður sambærilegra nefnda erlendis er yfirleitt borinn af opinberum aðilum.

Úrskurðarnefndir sem fjalla um ágreiningsmál milli neytenda og seljenda eða veitenda hafa ýmsa ótvíræða kosti. Í fyrsta lagi auðvelda þær neytendum aðgang að fljótvirkri, hlutlægri og ódýrri meðferð ágreiningsmála sinna við seljendur eða veitendur. Í öðru lagi ítreka neytendur kröfur sínar í auknum mæli við seljendur og veitendur ef auðveldlega má nálgast þá. Í þriðja lagi sparar þessi leið umtalsverð útgjöld í dómskerfinu þar sem mörg mál, sem annars kæmu til kasta dómstóla, hljóta meðferð hjá úrskurðarnefndunum og er þar með lokið. Þessi málsmeðferð yrði jafnan mun ódýrari en meðferð fyrir dómstóli. Það er því hægt fullyrða að starfsemi úrskurðarnefnda hafi í för með sér þjóðfélagslegan sparnað og aukið réttlæti.

141. Svar [77. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um húsnæðismál sýslumannsembættisins á Seyðisfirði.

1. *Hver er staða undirbúnings að úrbótum í húsnæðismálum embættis sýslumannsins á Seyðisfirði?*

Haustið 1994 fór dómsmálaráðuneytið þess á leit við Framkvæmdasýsluna að gerð yrði úttekt á Bjólfsgötu 7 sem hýsir skrifstofu sýslumannsins á Seyðisfirði. Áætlaður kostnaður við endurbætur hússins er mikill þar sem lítið viðhald hefur farið fram á undanförnum árum. Ríkissjóður keypti efri hæð hússins fyrir fimm árum, en neðri hæð hússins hefur verið í eigu ríkissjóðs síðan árið 1951.

Framkvæmdasýslan áætlar að kostnaður við einangrun og endurnýjun járns á þaki og útveggjum, ásamt endurnýjun glugga og hurða, geti verið allt að 11 millj. kr. Ástand burðarvirkis er óþekkt, svo og ástand lagna í og við húsið. Vegna aldurs hússins, en það er byggt árið 1908, má búast við að húsafriðunarnefnd muni vilja hafa afskipti af endurbótum.

Áætla má að heildarkostnaður við endurbætur hússins gæti orðið á bilinu 20–30 millj. kr. Framkvæmdasýslan mælir því með að húsið verði selt og embættinu útvegað annað húsnæði.

2. *Hvaða möguleikar eru á að nýta núverandi húsnæði í þágu embættisins til frambúðar með endurbótum á því?*

Góðir möguleikar eru á að nýta núverandi húsnæði, en til þess þarf að kosta miklum fjármunum, sbr. framangreint.

3. *Hvenær reiknar ráðuneytið með að framkvæmdir við endurbætur eða nýbyggingu fyrir embættið hefjist?*

Í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1995 er heimild (nr. 3.24) til að selja skrifstofuhúsnæði sýslumannsins á Seyðisfirði og kaupa annað hentugra. Ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um hvort ráðist verður í endurbætur á núverandi húsnæði eða annað húsnæði fundið. Ákveðið hefur verið að kanna á næstunni möguleika á kaupum og sölu húsnæðis í samræmi við heimild í 6. gr. fjárlaga.

142. Svar [70. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um tekjur ríkissjóðs af skráningu flugvéla og kaupskipa á Íslandi.

1. *Hverjar voru tekjur ríkissjóðs vegna stimpilgjalda af afsölum og veðböndum við nýskráningu eða sölu þeirra farþegaflugvéla sem Flugleiðir og Atlanta hafa skráð hér á landi frá ársbyrjun 1994 til þessa dags, sundurgreindar á vélar?*

Aldrei hafa verið heimildir í íslenskum lögum um stimpilskyldu afsalsbréfa fyrir flugvélum. Sala þeirra er því ekki stimpilskyld samkvæmt lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald. Afsalsbréf fyrir skipum er hins vegar stimpilskylt skv. 16. gr. sömu laga.

Skuldabréf og tryggingabréf, sem tryggð eru með veði í flugvélum, eru hins vegar stimpilskyld á sama hátt og önnur veðskulda- og tryggingabréf. Stimpilgjöld af veðskuldum sem tengjast skráningu flugvéla á vegum Atlanta hf. og Flugleiða hf. hafa hins vegar verið felld niður með heimild í fjárlögum.

Í fjárlögum fyrir árið 1994 voru engar heimildir vegna flugvéla og hefur því ekkert verið fellt niður á því ári. Hins vegar er í fjárlögum fyrir árið 1995 heimild til niðurfellingar stimpilgjalda vegna veðskulda sem hvíldu á Boeing 737-400 flugvélum sem Flugleiðir hf. tóku á leigu. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1996 eru lagðar til sambærilegar heimildir vegna Atlanta hf. og Flugleiða hf.

Frá árinu 1994 eru heimildir þessar nánar tiltekið sem hér segir:

Fjárlög fyrir árið 1994: Engin heimild.

Fjárlög fyrir árið 1995:

Flugleiðir hf.:

Veitt er heimild til þess að fella niður stimpilgjöld vegna leigu Flugleiða hf. á Boeing 737-400 flugvélum (TF-FIA og TF-FIB), sbr. lið 2.8 í 6. gr.

Fellt var niður stimpilgjald vegna veðskulda sem hvíldu á flugvélinni TF-FIB, en gjaldið hefði numið 29.520.000 kr.

Fjárlagafrumvarp fyrir árið 1996:

Atlanta hf.:

a. Leiguvél Boeing 747-100. Lagt er til að heimilt verði að fella niður stimpilgjöld vegna veðskulda sem hvíldu á vélinni við skráningu en stimpilgjaldið nemur 6.317.500 kr., sbr. lið 2.7 í 6. gr.
b. Leiguvél Lockheed Tristar L1011 (TF-ABP). Um er að ræða sams konar heimild og getið er um í a-lið, en stimpilgjaldið nemur 22.700.000 kr.

Atlanta hf. hefur lagt fram víxla til greiðslu á stimpilgjaldinu. Verði heimildin ekki veitt munu þeir gjaldfalla 1. febrúar 1996.

Flugleiðir hf.:

Lagt er til að heimilt verði að fella niður stimpilgjöld vegna leigu á Boeing 737-400 (TF-FIA og TF-FIB). Hér er um að ræða sömu heimild og er í fjárlögum fyrir árið 1995 en á þessu ári var hún eingöngu nýtt vegna TF-FIB, sbr. lið 2.6 í 6. gr.

2. *Hverjar voru tekjur ríkissjóðs vegna stimpilgjalda af afsölum og veðböndum við nýskráningu kaupskipanna ms. Brúarfoss, ms. Laxfoss og ms. Helgafells?*

Samkvæmt upplýsingum frá sýslumanninum í Reykjavík voru stimpilgjöld vegna afsals- og veðbanda við nýskráningu kaupskipanna ms. Helgafells, ms. Brúarfoss og ms. Laxfoss sem hér segir:

Stimpilgjöld vegna Helgafellsins:

Kaupverð skipsins var 8.250.000 þýsk mörk, miðað við sölugengi 1. september 1988 205.876.275 íslenskar kr. Innheimt stimpilgjald var 0,4% eða samtals 823.508 kr.

Vegna kaupanna voru gefin út tvö tryggingabréf á árunum 1988 og 1990, samtals að fjárhæð 13.250.000 þýsk mörk. Innheimt stimpilgjald vegna þeirra var samtals 1.950.650 íslenskar kr.

Stimpilgjöld vegna Brúarfoss:

Kaupverð skipsins var 8.150.000 Bandaríkjadalir, miðað við sölugengi 15. nóvember 1988 373.514.000 íslenskar kr. Innheimt stimpilgjald var 0,4% eða samtals 1.494.060 kr.

Stimpilgjöld vegna Laxfoss:
Kaupverð skipsins var 8.150.000 Bandaríkjadalir, miðað við sölugengi 15. nóvember 1988 373.514.000 íslenskar kr. Innheimt stimpilgjald var 0,4% eða samtals 1.494.060 kr.

3. *Hve mörg kaupskip skipafélaganna eru skráð hérlendis og hve mörg erlendis?*
Samkvæmt upplýsingum frá Siglingamálastofnun eru fimm kaupskip skráð á Íslandi, samtals 18.852 brl., 37.101 bt. Stofnunin hefur ekki upplýsingar um hve mörg kaupskip íslenskra skipafélaga eru skráð erlendis.

4. *Hvaða ástæðu telur ráðherra vera fyrir því að svo fá kaupskip í eigu Íslendinga eru skráð hér á landi sem raun ber vitni?*
Telja verður að ástæður þess séu margvíslegar. Í skýrslu nefndar á vegum samgönguráðherra frá árinu 1993 um skráningu kaupskipa er m.a. fjallað um ástæður útflöggunar. Í 2. kafla skýrslunnar kemur fram að atriði, sem eru óhagstæð skráningu hérlendis, séu einkum eftirfarandi:
„1. Laun skipverja.
2. Mönnunarreglur.
3. Opinber gjaldtaka, stimpilgjöld o.s.frv.
4. Sérákvæði kjarasamninga, vinnutilhögun um borð o.fl.
5. Reglur um hámarksaldur innfluttra skipa. Samkvæmt lögum nr. 35/1993, um eftirlit með skipum, er ákvæði um hámarksaldur kaupskipa fellt niður.
6. Íslenskar reglur um fjármögnun skipakaupa.
7. Þjónusta hins opinbera (skipaskoðun).
8. Íslenskar sérreglur um búnað og byggingu skipa."
Framangreindur kafli úr skýrslunni er fylgiskjal með svari þessu.

Fylgiskjal.

Samgönguráðuneytið:

Úr skýrslu nefndar um skráningarreglur íslenskra kaupskipa (1993).

Tillögur nefndarinnar.

Í samræmi við það verkefni nefndarinnar að koma kaupskipum undir íslenskan fána og hvetja jafnframt til ráðningar á íslenskum sjómönnum álítur nefndin að grípa þurfi til eftirfarandi aðgerða til þess að bæta samkeppnisaðstöðu íslenskra sjómanna og kaupskipaútgerða gagnvart samkeppni erlendis frá:

1. *Lagt verði fram frumvarp til laga um íslenska alþjóðlega skipaskrá sem verði starfrækt samhliða almennu skipaskránni (sjá bls. 37).*
2. *Lagt verði fram frumvarp til laga um skattamál skipverja og útgerða í íslensku alþjóðlegu skipaskránni (sjá bls. 36).*
3. *Felld verði niður stimpilgjöld vegna íslenskra kaupskipa í íslenskri alþjóðlegri skipaskrá.*
4. *Mönnunarreglum íslenskra kaupskipa verði breytt til samræmis við framkvæmd alþjóðlegrar samþykktar um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna, STCW og tengdrar ályktunar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um öryggismönnun kaupskipa, hliðstætt því sem gert hefur verið í næstu nágrannalöndum okkar, t.d. í Danmörku og Noregi (sjá bls. 33).*
5. *Fyrirkomulagi á skoðun kaupskipa í íslenskri alþjóðlegri skipaskrá verði breytt til samræmis við það sem tíðkast í öðrum alþjóðlegum skipaskrám þannig að flokkunarfélög geti séð um stærri hluta skoðunar en nú tíðkast (sjá bls. 31).*

Nefndarmenn eru sammála um að með ofangreindum aðgerðum hafi íslensk stjórnvöld gripið til ráðstafana til að tryggja, eins og unnt er, að íslensk kaupskip í eigu og á vegum íslensku kaupskipaútgerðanna sigli undir íslenskum fána og hafi jafnframt skapað forsendur fyrir atvinnuöryggi farmanna, að minnsta kosti að því marki sem stjórnvöld í nágrannalöndunum hafa þegar framkvæmt eða eru að undirbúa.

Með hliðsjón af fenginni reynslu nágrannalandanna er nefndarmönnum enn fremur ljóst að samhliða fyrrgreindum aðgerðum stjórnvalda eru hagsmunaaðilar knúnir til að leggja sitt af mörkum til að tryggja atvinnuöryggi íslenskra farmanna með hagkvæmari vinnutilhögun á skipunum og við að nýta reynslu og þekkingu íslenskra farmanna á staðháttum á siglingaleiðum íslenskra kaupskipa.

Nefndarmenn vekja athygli á því að fórnarkostnaður stjórnvalda vegna fyrrgreindra aðgerða yrði sennilega lítill ef umrædd markmið næst, enda verður ríkissjóður af tekjum við það að útgerðir skrá skip sín erlendis.

2.1. Lagafrumvörp.

Nefndin leggur til að frumvarp til laga um íslenska alþjóðlega skipaskrá verði lagt fram á Alþingi. Tillögu að frumvarpinu er að finna í viðauka I. Lagt er til að skýrsla nefndarinnar verði fylgiskjal með frumvarpinu og hluti þess. Lagafrumvarpið er að miklu leyti sniðið eftir dönskum og norskum lögum um alþjóðlega skipaskrá.

Til þess að bæta samkeppnisaðstöðu íslenskra sjómanna um störf á íslenskum kaupskipum leggur nefndin til að lagt verði fram sérstakt lagafrumvarp um skattamál sjómanna á kaupskipum í íslenskri alþjóðlegri skipaskrá, hliðstætt því sem gert hefur verið í næstu nágrannalöndum okkar. Með þessu frumvarpi, sem sniðið yrði að dönskum lögum, lækkar launakostnaður vegna íslenskra sjómanna nokkuð og yrðu þeir samkeppnishæfari við erlent vinnuafl en þeir eru um þessar mundir. Nánar er fjallað um einstök atriði er varða slíkt frumvarp í kafla 6.3.

2.2. Reglugerðir.

Þar sem hagstæðari mönnunarreglur, lægri skráningar- og afskráningarkostnaður og alþjóðlega samræmdar kröfur og eftirlit með kaupskipum undir erlendum skráningarfánum eru meðvirkandi orsakir erlendrar skráningar er lagt til að settar verði reglugerðir þar að lútandi á grundvelli laga um alþjóðlega skipaskrá. Nefndin leggur til að settar verði reglur um eftirfarandi atriði:

Rekstur íslensku alþjóðlegu skipaskrárinnar.

Skoðun skipa í íslenskri alþjóðlegri skipaskrá.

Mönnunarreglur kaupskipa í íslenskri alþjóðlegri skipaskrá.

2.3. Ástæður útflöggunar.

Ýmis kostnaður útgerðanna við skráningu kaupskipanna á Íslandi er hærri en víða erlendis og er það ein meginástæða útflöggunar. Atriðin, sem óhagstæð eru varðandi skráningu hérlendis, eru einkum eftirfarandi:

1. *Laun skipverja.*
2. *Mönnunarreglur.*
3. *Opinber gjaldtaka, stimpilgjöld o.s.frv.*
4. *Sérákvæði kjarasamninga, vinnutilhögun um borð o.fl.*
5. *Reglur um hámarksaldur innfluttra skipa. Samkvæmt lögum nr. 35/1993, um eftirlit með skipum, er ákvæði um hámarksaldur kaupskipa fellt niður.*
6. *Íslenskar reglur um fjármögnun skipakaupa.*
7. *Þjónusta hins opinbera (skipaskoðun).*
8. *Íslenskar sérreglur um búnað og byggingu skipa.*

Tillögur nefndarinnar miða að því að koma til móts við þessi atriði eftir því sem kostur er. Nefndin telur að með tillögum hennar séu sköpuð hliðstæð skilyrði og í Danmörku og með framkvæmd þeirra sé lagður grunnur að því að skipin geti siglt undir íslenskum fána og séu mönnuð Íslendingum. Fulltrúar SÍK og stéttarfélaga farmanna í nefndinni héldu saman fundi til þess að ná samkomulagi um hvort mætti hagræða vinnu um borð í skipunum þannig að sparnaður hlytist af. Þarna er meðal annars um að ræða heimahafnarfrí og aukna samvinnu starfsmanna um borð í skipunum við lausn ýmissa verkefna. Fjallað er um niðurstöður þessara viðræðna í kafla 6.1.

143. Frumvarp til laga [125. mál]

um Bjargráðasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

Bjargráðasjóður er sjálfstæð stofnun, sameign ríkisins, sveitarfélaganna og Bændasamtaka Íslands. Eignaraðilar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins umfram árleg, óafturkræf framlög sín til hans skv. 5. gr. laga þessara.

Heimili og varnarþing Bjargráðasjóðs er í Reykjavík.

2. gr.

Félagsmálaráðherra skipar fimm manna stjórn Bjargráðasjóðs í lok þess árs sem kosið er til sveitarstjórna. Félagsmálaráðherra skipar formann stjórnar, en Samband íslenskra sveitarfélaga og Bændasamtök Íslands tilnefna hvort um sig tvo fulltrúa í stjórnina. Varamenn eru jafnmargir og valdir af sömu aðilum.

3. gr.

Stjórn sjóðsins hefur á hendi stjórn hans, metur og tekur ákvarðanir um afgreiðslu umsókna og styrkveitinga úr báðum deildum sjóðsins.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra og annað starfslið sjóðsins og ákveður kaup þess og kjör í samræmi við launakerfi opinberra starfsmanna. Heimilt er þó stjórninni að semja við Lánasjóð sveitarfélaga eða aðra stofnun, sem henta þykir, um sameiginlega framkvæmdastjórn, skrifstofuhald og rekstur sjóðsins.

4. gr.

Bjargráðasjóður skiptist í tvær deildir, almenna deild og búnaðardeild. Halda skal bókhaldi hvorrar deildar um sig aðgreindu. Rekstrarkostnaður sjóðsins greiðist úr almennu deild hans.

5. gr.

Árlegar tekjur Bjargráðasjóðs eru:

a. Framlög sveitarfélaga, sem nema skulu 85,28 kr. fyrir hvern íbúa sveitarfélags miðað við 1. desember undanfarið ár. Fjárhæð þessi er miðuð við framfærsluvísitölu 1. janúar 1995 og skal síðan breytast árlega miðað við framfærsluvísitölu 1. janúar ár hvert.
b. Allt að 1% af söluvörum landbúnaðarins, sbr. 2. gr. laga nr. 41 1990, um Búnaðarmálasjóð. Hlutfall þetta getur verið mismunandi eftir búgreinum og skal það ákveðið í reglugerð til eins árs í senn. Skal stjórn sjóðsins gera tillögu til ráðherra að fengnu áliti Bændasamtaka Íslands.
c. Framlag ríkissjóðs allt að 80 millj. kr. á ári eftir því sem nánar er kveðið á um í fjárlögum.
d. Vextir af fé sjóðsins.

6. gr.

Tekjur sjóðsins skiptast þannig milli deilda:

a. Í almennu deild sjóðsins renna 75% af framlögum sveitarfélaga skv. a-lið 5. gr. og jafnhá fjárhæð af framlagi ríkissjóðs skv. c-lið 5. gr., svo og vaxtatekjur sjóðsins.
b. Í búnaðardeild rennur allt framlag skv. b-lið 5. gr., 25% af framlögum sveitarfélaga skv. a-lið 5. gr. og sá hluti af framlagi ríkissjóðs skv. c-lið 5. gr. sem ekki rennur til almennu deildar sjóðsins skv. a-lið þessarar greinar.

7. gr.

Framlög sveitarfélaganna innheimtir félagsmálaráðuneytið með því að draga þau frá úthlutun til þeirra úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Bjargráðasjóður annast innheimtu hjá þeim sveitarfélögum er ekki fá greiðslur úr Jöfnunarsjóði.

Framlag ríkissjóðs greiðist með jöfnum, mánaðarlegum greiðslum.

Framleiðsluráð landbúnaðarins innheimtir búnaðarmálasjóðsgjald skv. 2. gr. laga nr. 41 1990 og greiðir Bjargráðasjóði hluta hans af gjaldinu skv. b-lið 5. gr. eftir því sem gjaldið innheimtist.

8. gr.

Hlutverk almennu deildar sjóðsins er að veita einstaklingum, félögum og sveitarfélögum fjárhagsaðstoð til að bæta meiri háttar bein tjón af völdum náttúruhamfara:

a. Á gjaldskyldum fasteignum samkvæmt skilgreiningu laga um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. lög um Fasteignamat ríkisins, landsvæðum, götum og gangstéttum sveitarfélaga og girðingum, túnum og rafmagnslínum er tengjast landbúnaði.
b. Á vélum, tækjum, heyi og áhöldum sem notuð eru við landbúnaðarframleiðslu og/eða við starfsemi sveitarfélaga.
c. Vegna grasbrests, óvenjulegra kulda, þurrka, óþurrka og kals.

Ekki eru bætt tjón sem njóta almennrar tryggingaverndar eða hægt er að fá bætt með öðrum hætti, sbr. ákvæði laga um Viðlagatryggingu Íslands.

Ekki verður veitt fjárhagsaðstoð vegna tjóns ef ásetningi eða gáleysi eiganda eða umsjónarmanns verður um kennt, eðlilegar varnir ekki við hafðar og ef staðsetning hluta er óeðlileg með tilliti til tjónahættu.

Ekki verður veitt fjárhagsaðstoð vegna tjóna á stærri mannvirkjum svo sem orku- og hafnamannvirkjum, sjóvarnagörðum, fiskeldismannvirkjum og skipasmíðastöðvum.

9. gr.

Hlutverk búnaðardeildar er að bæta meiri háttar tjón hjá einstaklingum og félögum vegna sjúkdóma, óvenjulegs veðurfars og slysa þegar ásetningi eða gáleysi eiganda eða umsjónarmanns verður eigi um kennt og eðlilegar varnir hafa verið við hafðar. Ekki eru bætt tjón sem almennt er tryggt fyrir innan búgreinar eða hægt er að fá bætt með öðrum hætti, sbr. ákvæði laga um Viðlagatryggingu Íslands. Bætt eru:

a. tjón á búfé og afurðum búfjár,
b. uppskerutjón á garðávöxtum.

Stjórn sjóðsins er enn fremur heimilt að styrkja fyrirbyggjandi aðgerðir til að koma í veg fyrir tjón sem Bjargráðasjóði ber að bæta. Hámark fyrirbyggjandi styrkja er 10% af ráðstöfunarfé hvers árs.

10. gr.

Fjárhagsaðstoð beggja deilda sjóðsins er fólgin í veitingu styrkja sem stjórn sjóðsins ákveður hverju sinni í samræmi við fjárhag og stöðu sjóðsins. Stjórn sjóðsins leggur mat

á styrkhæfni tjóna, ákveður styrkhlutfall og eigin áhættu tjónþola í tjóni. Styrkhlutfall og eigin áhættu er stjórn sjóðsins heimilt að ákveða mismunandi eftir búgreinum og tegundum eigna og taka í því efni m.a. mið af tekjuskiptingu sjóðsins og rekstraráhættu hverrar búgreinar. Stjórn sjóðsins er heimilt að setja sér nánari vinnureglur um veitingu styrkja samkvæmt þessari grein.

Forsenda styrkveitinga úr búnaðardeild sjóðsins er að skil hafi verið gerð á búnaðarmálasjóðsgjaldi og að búgrein hafi eigi verið undanþegin greiðslu bjargráðasjóðsgjalds, sbr. 6. gr. laga nr. 41/1990.

11. gr.

Nú er um að tefla almenn bótaskyld tjón í einu byggðarlagi eða fleirum og getur þá stjórn Bjargráðasjóðs skipað nefnd til þess að rannsaka tjónin og gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðstoð vegna þeirra.

Kostnaður vegna slíkra nefndarstarfa greiðist úr þeirri deild sjóðsins sem veitir aðstoð vegna tjónanna.

12. gr.

Ársreikningar sjóðsins skulu fullgerðir fyrir febrúarlok ár hvert. Sjóðstjórn felur löggiltum endurskoðanda að endurskoða reikninga sjóðsins og skal endurskoðun að jafnaði lokið fyrir 30. apríl ár hvert.

Að endurskoðun lokinni skal birta reikninga sjóðsins í B-deild Stjórnartíðinda.

13. gr.

Fé Bjargráðasjóðs, sem ekki hefur verið ráðstafað skv. 8.–11. gr. laga þessara, skal ávaxtað með sem tryggustum og hagkvæmustum hætti samkvæmt nánari ákvörðun stjórnarinnar.

Nú hrekkur fé annarrar hvorrar deildar sjóðsins eigi til að veita þá aðstoð sem nauðsyn krefur samkvæmt lögunum og að mati sjóðstjórnar og er þá sjóðstjórninni heimilt að lána fé milli deilda án vaxta. Einnig er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast nauðsynleg lán fyrir sjóðinn eða veita honum lán úr ríkissjóði gegn veði í eignum og tekjum sjóðsins. Stjórn sjóðsins er ekki heimilt að taka lán með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings.

14. gr.

Skuldabréf fyrir lánum, sem Bjargráðasjóður tekur samkvæmt ákvæðum laga þessara, skulu undanþegin stimpilgjöldum og ríkisábyrgðargjöldum.

15. gr.

Í reglugerð, sem stjórnin semur og ráðherra staðfestir, skal setja nánari reglur um sjóðinn og starfsemi hans.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1996 og falla þá úr gildi lög nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Stjórn sjóðsins samkvæmt lögum þessum skal fyrst skipuð frá og með 1. janúar 1996. Frá sama tíma fellur niður umboð og skipun fyrri stjórnar sjóðsins.

Séreignir sýslufélaga skulu við gildistöku laga þessara falla í almenna deild sjóðsins. Séreignir sveitarfélaga skulu greiddar út til viðkomandi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd er skipuð var af félagsmálaráðherra 2. mars 1993. Samkvæmt skipunarbréfinu var nefndinni ætlað að endurskoða lög um Bjargráðasjóð, nr. 51/1972, einkum með tilliti til þess að kostnaður við tryggingar í landbúnaði gæti lækkað. Í nefndinni voru Haukur Halldórsson, formaður Stéttarsambands bænda, tilnefndur af stjórn Bjargráðasjóðs, Ingimar Jóhannsson fiskifræðingur, tilnefndur af landbúnaðarráðuneyti, og Berglind Ásgeirsdóttir ráðuneytisstjóri sem var skipuð formaður nefndarinnar. Ritari nefndarinnar var Birgir Blöndal, aðstoðarframkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Nefndin fjallaði rækilega um þann kost að leggja sjóðinn niður og að almenna deild hans yrði hluti af Viðlagasjóði og að samtök bænda tækju við rekstri búnaðardeildar sjóðsins.

Leitað var álits heilbrigðisráðuneytis, en Viðlagatrygging Íslands heyrði stjórnsýslulega undir það ráðuneyti fram til 1995. Það leit svo á að ekki væri æskilegt að flytja yfir á Viðlagasjóð þau tjón sem almenn deild Bjargráðasjóðs bætir í dag.

Leitað var eftir afstöðu Sambands íslenskra sveitarfélaga til þess hvort leggja ætti niður Bjargráðasjóð. Eftirfarandi bókun var gerð á fundi stjórnar Sambandsins 21. október 1994:

„Hugmyndin hefur komið fram í nefnd er skipuð var í mars 1993 til að endurskoða lög um Bjargráðasjóð, einkum með tilliti til þess að kostnaður við tryggingar í landbúnaði geti lækkað. Hugmyndin gengur út á að Viðlagatrygging taki við hlutverki A-deildar sjóðsins og að B-deild sjóðsins verði vistuð í sérstökum sjóði fyrir landbúnaðinn. Fyrir lá minnisblað frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, dags. 29. apríl 1994, þar sem fram kemur að ráðuneytið telur óæskilegt að verkefni A-deildar Bjargráðasjóðs verði færð til Viðlagatryggingar. Ekki er ljóst hvort framlög sveitarfélaga til A-deildarinnar féllu niður þó starfsemi hennar færðist annað.

Sveitarfélögin greiða árlega framlög til sjóðsins er nema á þessu ári 22,2 millj. kr. Framlögin renna að 75% hluta til A-deildar sjóðsins og 25% hluta til B-deildar. Auk þess fær A-deildin vaxtatekjur af eigin fé sjóðsins en allur rekstrarkostnaður hans er greiddur af tekjum A-deildarinnar. A-deild sjóðsins gegnir því hlutverki að veita bætur vegna margvíslegra tjóna vegna náttúruhamfara sem ekki fást bætt með öðrum hætti.

Af afstöðu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins má ráða að litlar líkur eru til að Viðlagatrygging taki við hlutverki Bjargráðasjóðs. Einnig er með öllu óljóst hvort framlög sveitarfélaganna féllu niður ef sjóðurinn yrði vistaður annars staðar. Með vísan til þess leggst stjórn sambandsins á þessu stigi gegn því að Bjargráðasjóður verði lagður niður í núverandi mynd. Stjórnin er þó reiðubúin til frekari viðræðna um breytingar á hlutverki Bjargráðasjóðs sjái ráðuneytið ástæðu til þess."

Frumvarpsdrögin voru send iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti til umsagnar en Viðlagatrygging hefur verið flutt undir það ráðuneyti. Athugasemdir voru gerðar við eina grein frumvarpsins og hefur verið tekið tillit til þeirrar ábendingar.

Af hálfu bændasamtaka var mikill vilji til að lækka þann hluta búnaðarmálasjóðsgjalds sem rennur til Bjargráðasjóðs. Á árunum 1994 og 1995 hefur með lagasetningu í tengslum við fjárlagagerð sá hluti búnaðarmálasjóðsgjalds, sem á að renna í Bjargráðasjóð, verið lækkaður úr 0,6% niður í 0,3%.

Í ljósi þessarar afstöðu var ákveðið að byggja á því að Bjargráðasjóður yrði áfram starfræktur en verulegar breytingar yrðu gerðar á honum. Helstu breytingar sem lagðar eru til á sjóðnum eru þessar:

1. Gjöld til sjóðsins geti verið á bilinu 0–1% af söluvörum landbúnaðarins. Hlutfallið getur verið mismunandi eftir búgreinum og skal það ákveðið til eins árs í senn. Í fylgiskjali kemur fram yfirlit yfir síðustu ár um þær greiðslur sem einstakar búgreinar hafa lagt til sjóðsins og hversu miklar greiðslur hafa farið til einstakra búgreina.
2. Hlutverk almennu deildarinnar er skilgreint mun skýrar en áður og er þar höfð hliðsjón af þeim bótum sem Viðlagatrygging getur innt af hendi, en lög um Viðlagatryggingu voru samþykkt 1975 og frá þeim tíma hefur ekki farið fram heildarendurskoðun á lögum um Bjargráðasjóð. Nákvæmlega er skilgreint hvað fellur utan við hlutverk sjóðsins, svo sem orku- og hafnamannvirki, sjávargarðar og fiskeldismannvirki og veiðarfæri í sjó.
3. Hlutverk búnaðardeildar er skilgreint betur en áður þannig að einungis er bætt tjón á búfé og afurðum búfjár og uppskerutjón á garðávöxtum. Enn fremur er opnuð heimild til þess að styrkja fyrirbyggjandi aðgerðir sem ætlað er að koma í veg fyrir tjón.
4. Kveðið er á um það með skýrum hætti að einungis eru veittir styrkir en ekki lán úr sjóðnum. Jafnframt að styrkhlutfall geti verið breytilegt eftir búgreinum og einnig eigin áhætta og er þá horft til þess að Bjargráðasjóður hefur mismunandi tekjur af einstökum búgreinum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Breytingin byggir á því að Stéttarsamband bænda og Búnaðarfélag Íslands hafa verið sameinuð.

Um 2. gr.

Lagt er til að stjórnin sé skipuð fimm fulltrúum og að það sé ekki bundið við tilteknir embætti heldur velji viðkomandi samtök sjálf sína fulltrúa.

Um 3. gr.

Lagt er til að sjóðurinn hafi ekki heimild til styrk- og lánveitinga en einungis talað um afgreiðslur. Sjóðurinn hefur engar lánveitingar stundað sl. sjö ár.

Um 4. gr.

Greinin óbreytt frá gildandi lögum.

Um 5. gr.

Meginbreytingin er sú að framlag af söluvörum landbúnaðarins getur verið allt að 1% í stað 0,6% sem nú er. Miðað er við að hlutfallið sé breytilegt eftir því um hvaða búgrein er að ræða. Þá er Bjargráðasjóður bundinn af því að stjórn sjóðsins er skylt, sbr. 6. gr. laga nr. 41/1990, um Búnaðarmálasjóð, að fallast á tillögu Bændasamtakanna um að undanþiggja framleiðsluvörur einstakra búgreina greiðsluskyldu að hluta eða öllu leyti. Það er því ljóst að sumar búgreinar þurfa ekki að greiða neitt í Bjargráðasjóð og eiga þar með engan rétt á bótum, aðrar búgreinar geta þurft að greiða allt að 1%. Ákvörðun um gjaldið skal birtast í reglugerð útgefinni af félagsmálaráðherra og mun væntanlega yfirleitt byggjast á þeirri afstöðu sem Bændasamtökin láta í ljós til stjórnar Bjargráðasjóðs.

Um 6. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Lagt er til grundvallar að unnt sé að sækja um styrk úr almennu deildinni ef ekki er hægt að kaupa tryggingu samkvæmt almennum tryggingaskilmálum. Þá er lagt til að tjón af völdum grasbrests flokkist með náttúruhamförum.

Samkvæmt 6. gr. frumvarpsins bætir almenna deild sjóðsins bein tjón sem eru verulega fjárhagsleg tjón á fasteignum, tækjum og áhöldum af völdum náttúruhamfara, m.a. snjóflóða, skriðufalla, jarðskjálfta, eldgosa, snjóþunga, fárviðris, sjávargangs og sandfoks. Afnumið er með öllu að bætt séu afleidd tjón.

a. Í a-lið felst sú meginbreyting að hugtakið fasteign er notað í þrengri merkingu en í gildandi lögum og nær aðeins til fasteigna sem eru gjaldskyldur tekjustofn sveitarfélaga við álagningu fasteignagjalda. Landsvæði, götur og gangstéttir í eigu sveitarfélaga og girðingar, tún og raflínur er tengjast landbúnaði falla undir bótaskyldu þrátt fyrir að hluti af þeim sé undanþeginn fasteignagjöldum.
b. Í b-lið felst sú breyting að í stað þess að bæta lausafé er tilgreint nákvæmlega hvað bætt sé er tengist starfsemi sveitarfélaga eða landbúnaðarframleiðslu. Þetta er gert til að þrengja bótasvið sjóðsins, enda miklir möguleikar til að tryggja lausafé.
c. Í c-lið felst sú breyting að grasbrestur, sem ekki er mögulegt að tryggja gegn og tengist náttúruhamförum og veðurfari, bætist af almennu deildinni. Grasbrestur var áður bættur úr búnaðardeild sjóðsins, en með breyttu hlutverki búnaðardeildar, þar sem tjónbætur eru bundnar við bústofn og uppskeru og því skilyrði að greitt sé gjald af söluvörum, er bótaskylda flutt á milli deilda. Slíkt tengist enn fremur a-lið um tjón á túnum og því betur komið í almennu deildinni. Bótaskylda a, b og c-liðar er tengd fjármögnunaraðilum sjóðsins.

Fyrirvari er gerður á bótaskyldu sjóðsins ef orsaka tjóna má rekja til ásetnings eða gáleysis eiganda eða umsjónarmanns, bæði hvað varðar varnir og staðsetningu þess hlutar er tjón verður á. Enn fremur er gerður fyrirvari um bótaskyldu ef tjónþolar geta notið almennrar tryggingaverndar gegn tjóni.

Ekki er veitt fjárhagsaðstoð vegna tjóna á stærri mannvirkjum svo sem á orku- og hafnamannvirkjum, dráttarbrautum, þurrkvíum svo og öðrum mannvirkjum til viðgerða og smíði skipa, sjóvarnargörðum og fiskeldismannvirkjum, enda hluti af þeim fasteignum undanþeginn fasteignagjöldum og fasteignamati. Þá eru verðmæti eigna það mikil að það er ofviða fjárhag sjóðsins miðað við þá fjármögnun sem frumvarpið gerir ráð fyrir að bæta tjón á þeim.

Um 9. gr.

Búnaðardeild sjóðsins bætir þeim sem greiða til sjóðsins meiri háttar tjón á búfé, búfjárafurðum og uppskerubrest á garðávöxtum af völdum sjúkdóma, óvenjulegs veðurfars og slysa, þegar ásetningur eða gáleysi eiganda eða umsjónarmanns verður eigi um kennt og eðlilegar varnir hafa verið við hafðar. Ef hægt er að kaupa tryggingar fyrir tjónum og búgreinafélög leggja til við félagsmenn að kaupa þær tryggingar bætir sjóðurinn ekki þau tjón. Búgreinar hafa val um greiðsluhlutfall af söluverðmætum sínum til sjóðsins innan ramma laganna og geta því valið um að kaupa tryggingar eða greiða hærra gjald til sjóðsins. Heimilt er að verja hluta af tekjum ársins til að fyrirbyggja tjón er hefðu orðið bótaskyld úr sjóðnum og er hér um nýmæli að ræða, en svipað ákvæði er í lögunum um Viðlagatryggingu.

Um 10. gr.

Fjárhagsaðstoð beggja deilda sjóðsins er fólgin í veitingu styrkja samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins á hverju tímabili og geta því verið breytilegar frá ári til árs. Stjórn sjóðsins leggur mat á af hvaða orsökum tjón eru bætt úr sjóðnum og ákveður hlutfall eigin áhættu og styrkja.

Stjórn sjóðsins getur skipt tekjum almennu deildar sjóðsins milli tjónaflokka og taka tjónastyrkir mið af þeirri flokkun.

Í búnaðardeild geta tjónabætur tekið mið af tekjum sjóðsins frá hverri búgrein og þeirri áhættu sem felst í rekstri búgreinar. Tjónabætur úr búnaðardeild sjóðsins eru bundnar því skilyrði að greitt hafi verið búnaðarmálasjóðsgjald af söluvöru og að búgrein hafi ekki verið undanþegin greiðslu á gjaldi til Bjargráðasjóðs. Útreikningur tjóna getur tekið mið af því framleiðslumagni sem búnaðarmálasjóðsgjald var greitt af á árunum áður en tjón varð.

Um 11. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 12. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 13. gr.

Ekki er lengur kveðið á um ávöxtun í Lánasjóði sveitarfélaga og er þessi breyting gerð samkvæmt ábendingu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis með hliðsjón af samkeppnislögum.

Um 14. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að fellt er niður ákvæði um stimpilgjald af lánum sjóðsins þar sem þau eru ekki lengur veitt.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Bjargráðasjóður.

Yfirlit yfir styrkveitingar, búvörugjald og framlag sveitarfélaga 1987–94.

(Í þús. kr. á verðlagi hvers árs.)

	Bjargrsj. styrkur	Búvöru-gjald	Bjargrsj. styrkur	Búvöru-gjald	Bjargrsj. styrkir	Búvöru-gjald	Bjargrsj. styrkir	Búvöru-gjald	Bjargrsj. styrkir	Búvöru-gjald	Bjargrsj. styrkir	Búvöru-gjald	Bjargrsj. styrkir	Búvöru-gjald	Bjargrsj. styrkir	Búvöru-gjald	Samtals styrkir	Samtals gjald
	1987	**1987**	**1988**	**1988**	**1989**	**1989**	**1990**	**1990**	**1991**	**1991**	**1992**	**1992**	**1993**	**1993**	**1994**	**1994**		
Búnaðardeild																		
Sauðfé	10.850	28.387	12.228	7.500	17.700	21.228	18.221	23.156	20.189	15.496	6.487	25.395	6.072	33.052	17.523	17.862	109.270	172.076
Nautgripir	28.500	25.785	25.603	17.443	30.854	27.533	31.339	34.098	18.353	35.916	19.756	36.059	23.326	38.660	4.420	24.866	182.151	240.360
Hross	300	770	954	445		590		1.192	680	0	0	0				0	1.934	2.997
Grasbrestur	830		15.549		7.922		14.488		7.327		1.058		875		24.383		72.432	0
Samt. sauðfé - grasbr.	40.480	54.942	54.334	25.388	56.476	49.351	64.048	58.446	46.549	51.412	27.301	61.454	30.273	71.712	46.326	42.728	365.787	415.433
Svín	970	3.011	2.151	1.918		3.565	6.100	3.852	1.115	4.362	340	4.287		4.756	601	1.967	11.277	27.718
Alifuglar	12.790	6.836	2.131	1.956	1.028	3.955		5.534	2.087	4.004	3.950	5.235	1.096	3.914	1.341	1.465	24.423	32.899
Dúnn	0	328	0	151	0	458	0	431	0	853	0	269	590	215	268	141	858	2.846
Loðdýr	4.180	1.371	19.812	975	2.205	1.121	24.106	415	9.346	1.651	466	408	3.769	1.573	4.017	261	67.901	7.775
Kartöflur *)	48.285	886	5.835	670	1.109	885	3.595	1.700	17.053	716	9.912	1.378	424	3.735	5.587	-338	91.800	9.632
Gróðurhúsarækt		2.805	4.625	2.483	5.765	3.117	5.711	3.266	4.595	3.312	61	0	3.438		0		24.195	14.983
Annað		79		448	2.204	798		864	0	321	0	-41	0	158	0	38	2.204	2.665
Samtals Búnaðardeild	106.705	70.258	88.888	33.989	68.787	63.250	103.560	74.508	80.745	66.631	42.030	72.990	39.590	86.063	58.140	46.262	588.445	513.951
Tekjufært búnaðardeild																		
Búvörugjald		54.536		60.573		68.877		70.932		79.735		61.242		79.398		42.523	0	517.816
Framlag sveitarfélaga 25%		2.210		2.758		3.445		4.261		4.736		5.151		5.330		5.556	0	33.447
Framlag ríkissjóðs										32.793				0		0	0	32.793
Framlag ríkisins v/loðdýrab.									21.436	21.000							21.436	21.000
Samtals tekjufært		56.746		63.331		72.322		75.193		117.264		66.393		84.728		48.079	0	584.056
Mismunur búvörugjalds		15.722		-26.584		-5.627		3.576		-13.104		11.748		6.665		3.739	0	-3.865
Almenn deild																		
Styrkir	2.305		2.729		9.677		6.224		13.764		2.212		3.656		25.052		65.619	0
Framlög sveitarfélaga 75%		6.629		8.274		10.335		12.784		14.207		15.454		15.989		16.669	0	100.341
Framlag ríkissjóðs										14.207							0	14.207
Samtals almenn deild	2.305	6.629	2.729	8.274	9.677	10.335	6.224	12.784	13.764	28.414	2.212	15.454	3.656	15.989	25.052	16.669	65.619	114.548

*) Styrkveiting 1987 er vegna þess að hluti af lánum 1984 var breytt í styrki.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Bjargráðasjóð.

Frumvarpið er samið af nefnd sem þáverandi félagsmálaráðherra skipaði í mars 1993. Nefndinni var ætlað að endurskoða lög um Bjargráðasjóð, nr. 51/1972, einkum með tilliti til þess að lækka kostnað við tryggingar í landbúnaði.

Í a-lið 5. gr. frumvarpsins segir að framlög sveitarfélaga skuli nema 85,28 kr. fyrir hvern íbúa sveitarfélags og er sú tala miðuð við framfærsluvísitölu 1. janúar 1995. Samtals gerir þetta 22,8 m.kr. ef miðað er við fólksfjölda 1. desember 1994. Í gildandi lögum um Bjargráðasjóð er framlag sveitarfélaga hið sama og kveðið er á um í frumvarpinu og helst því óbreytt.

Í b-lið 5. gr. frumvarpsins segir að til Bjargráðasjóðs skulu renna allt að 1% af söluvörum landbúnaðarins, sbr. 2. gr. laga nr. 41/1990, um Búnaðarmálasjóð. Einnig er sagt að hlutfall þetta geti verið mismunandi eftir búgreinum og skal það ákveðið í reglugerð til eins árs í senn. Í greinargerðinni með frumvarpinu segir að búgreinar hafi val um greiðsluhlutfall af söluverðmætum sínum til sjóðsins innan ramma laganna og geti því valið um að kaupa tryggingar eða greiða hærra gjald til sjóðsins. Með þessu er verið að heimila hækkun á því hlutfalli söluvara landbúnaðarins sem rennur til Bjargráðasjóðs um 0,7 prósentustig frá því sem tilgreint er í lögum nr. 148/1994, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995. Samhliða er heimiluð lækkun niður í 0%. Ef allar búgreinar nýta heimild sína að fullu eykur hækkun hlutfalls söluvara landbúnaðarins tekjur sjóðsins um allt að 122 m.kr. miðað við lög nr. 148/1994. Ef hins vegar allar búgreinar velja að kaupa tryggingar annars staðar og greiða 0% af söluverðmæti sínu til sjóðsins lækka tekjur hans um 48 m.kr.

Í c-lið 5. gr. frumvarpins er gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs skuli vera allt að 80 m.kr. eftir því sem nánar er kveðið á um í fjárlögum en áður var miðað við að það gæti ekki orðið lægra en samanlagðar tekjur sjóðsins skv. a- og b- lið 5. gr. Tekjur sjóðsins geta hækkað um 145 m.kr. samkvæmt a- og b-liðum ef allar heimildir eru nýttar til fulls. Með þessari breytingu er verið að hverfa frá sjálfvirkni í útgjöldum ríkissjóðs en í stað þess verður framlag ríkisins til Bjargráðasjóðs háð mati við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Hvað varðar aðrar breytingartillögur frumvarpsins miða þær að því að takmarka og skýra betur hlutverk almennu deildarinnar og skilgreina betur, og ef til vill að auka hlutverk búnaðardeildarinnar frekar en gert er í gildandi lögum. Einnig er kveðið með skýrum hætti á um að einungis eru veittir styrkir en ekki lán úr sjóðnum og að styrkhlutfall ásamt eigin áhættu geti verið breytilegt eftir búgreinum. Ástæða þessa er sú að rekstraráhætta og tekjur eru mismunandi eftir búgreinum.

144. Frumvarp til laga [126. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 109. gr. laganna, sbr. lög nr. 20/1994, skal um atkvæðagreiðslu um sameiningu sex sveitarfélaga á Vestfjörðum hinn 11. nóvember 1995 gilda eftirfarandi:

Hljóti tillaga samstarfsnefndar skv. 108. gr. ekki samþykki í öllum hlutaðeigandi sveitarfélögum, en þó meiri hluta greiddra atkvæða í a.m.k. ⅔ þeirra og í þeim sveitarfélögum búi a.m.k. ⅔ íbúa á svæðinu, er viðkomandi sveitarstjórnum heimilt að ákveða sameiningu þeirra sveitarfélaga sem samþykkt hafa sameininguna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að við sveitarstjórnarlög, nr. 8/1986, bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða. Frumvarp þetta er samið og lagt fram að frumkvæði samstarfsnefndar um sameiningu Flateyrarhrepps, Mosvallahrepps, Mýrahrepps, Suðureyrarhrepps, Þingeyrarhrepps og Ísafjarðarkaupstaðar. Sveitarstjórnir þessara sveitarfélaga hafa samþykkt að láta fara fram almenna atkvæðagreiðslu um sameiningu þeirra og hefur verið unnið að málinu á grundvelli 108. gr. sveitarstjórnarlaga. Atkvæðagreiðslan mun fara fram 11. nóvember 1995.

Í áskorun nefndarinnar til félagsmálaráðherra er tekið fram nefndin sé sammála um nauðsyn þess að af sameiningu umræddra sveitarfélaga geti orðið og það sem fyrst. Fjárhagur, íbúaþróun, bættar samgöngur og ótal fleiri þættir knýja mjög á um að um þetta mál náist góð samstaða. Samstarfsnefndin telur að sá möguleiki sé fyrir hendi að íbúar eins eða tveggja sveitarfélaga geti fellt tillögu nefndarinnar og að óbreyttum lögum yrði þá að hefja nýja tillögugerð og efna til nýrra kosninga. Jafnframt tekur hún fram að flest bendi til að verulegur dráttur yrði á því að kosið yrði um nýja tillögu og vafamál að umboð samstarfsnefndarinnar yrði framlengt af viðkomandi sveitarstjórnum.

Ljóst er að aðstæður munu breytast verulega á þessu svæði með tilkomu jarðganga. Þá aukast til muna möguleikar á samnýtingu þjónustu og samvinnu að öðru leyti.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða. Ákvæðið er á þá leið að hljóti tillaga samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaganna sex ekki samþykki í öllum hlutaðeigandi sveitarfélögum, en þó meiri hluta greiddra atkvæða í a.m.k. ⅔ þeirra og í þeim sveitarfélögum búi a.m.k. ⅔ íbúa á svæðinu, er viðkomandi sveitarstjórnum heimilt að ákveða sameiningu þeirra sveitarfélaga sem samþykkt hafa sameininguna.

Ákvæði þetta er sams konar og 3. mgr. 2. tölul. 1. gr. laga nr. 75/1993, um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, með þeirri viðbót þó að gert er að skilyrði að í þeim sveitarfélögum sem samþykkja tillöguna búi a.m.k. ⅔ íbúa á svæðinu. Með lögum nr. 75/1993 voru sett ákvæði til bráðabirgða við sveitarstjórnarlögin sem fjölluðu um sérstakt átak í sameiningu sveitarfélaga á árunum 1993 og 1994. Í athugasemdum við frumvarp það sem varð að lögum nr. 75/1993 var tekið fram að ekki þætti rétt þótt kjósendur í miklum minni hluta hlutaðeigandi sveitarfélaga felli tillögu um sameiningu sveitarfélaga að það komi í veg fyrir sameiningu þeirra sveitarfélaga sem samþykkja sameininguna.

Á árunum 1993 og 1994 ákváðu nokkrar sveitarstjórnir að nýta sér þetta heimildarákvæði í framhaldi af atkvæðagreiðslum um sameiningu sveitarfélaga. Hefur þetta ákvæði því reynst vel og í raun auðveldað sameiningu sveitarfélaga.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, með síðari breytingum.

Frumvarpið miðar að því að breyta ákvæðunum í sveitarstjórnarlögum um sameiningu sveitarfélaga þannig að hljóti tillaga samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaga (sbr. 108. gr. laga nr. 8/1986) ekki samþykki í öllum hlutaðeigandi sveitarfélögum, en þó meiri hluta greiddra atkvæða í a.m.k. ⅔ hluta þeirra, er viðkomandi sveitarstjórnum heimilt að ákveða sameiningu þeirra sveitarfélaga sem hafa samþykkt hana. Eins og er þurfa öll sveitarfélögin að samþykkja sameiningu eigi að verða af henni. Ekki verður séð að þessi lagabreyting leiði til kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

145. Breytingartillaga [84. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um þingfararkaup og þingfararkostnað, nr. 88/1995.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Við bætist ný grein er verði 1. gr. og orðist svo:
2. málsl. 2. mgr. 9. gr. laganna fellur brott.

146. Svar [36. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um Sogsvirkjanir.

1. *Hve stóran hluta árs hefur Steingrímsstöð verið í notkun:*
   a. að hluta,
   b. að öllu leyti,
   síðustu fimm ár?

Steingrímsstöð hefur verið í stöðugri notkun allt árið á því tímabili sem fyrirspurnin tekur til. Á árinu 1993 varð bilun í öðrum vélarspenni virkjunarinnar og hefur eftir það ekki verið unnt að reka virkjunina á fullum afköstum. Þegar spennirinn bilaði var sú ákvörðun tekin að ráðast ekki í endurnýjun hans strax heldur yrði það gert samtímis öðrum nauðsynlegum endurbótum á búnaði stöðvarinnar. Á árunum 1994 og 1995 hefur verið unnið að því að endurnýja ýmsan búnað í annarri vélasamstæðu stöðvarinnar og því hefur orkuvinnsla aðeins verið í einni vél stöðvarinnar á því tímabili.

Orkuvinnsla í Steingrímsstöð undanfarin ár hefur verið sem hér segir:

Ár	Vinnsla í vél 1 MWst	Vinnsla í vél 2 MWst	Heildar-vinnsla MWst
1990	71.672	71.143	142.815
1991	77.110	75.305	152.415
1992	84.773	82.997	167.770
1993	36.340	94.428	130.768
1994	0	98.312	98.312

Ef miðað er við að meðalvinnsla í Steingrímsstöð sé um 155.000 MWst á ári var vinnsla árið 1993 um 84% af meðalvinnslu og vinnsla 1994 um 63%. Áætlað er að stöðin verði komin í eðlilegan rekstur að nýju á árinu 1997.

2. *Eru áætlaðar meiri háttar viðgerðir eða endurbætur á virkjunum í Soginu? Ef svo er, hverjar eru þær í stórum dráttum og hver er áætlaður framkvæmdatími þeirra?*

Mannvirki öll og búnaður Sogsstöðva eru komin vel til ára sinna og ber víða á einkennum öldrunar sem ekki er unnt að bæta lengur með venjubundnu varnarviðhaldi. Bilanir hafa farið vaxandi á undanförnum árum og því er orðið nauðsynlegt að endurnýja og endurbæta búnað og mannvirki. Með tilliti til þessa hefur Landsvirkjun gert áætlanir um víðtækar endurbætur á stöðvunum á komandi árum í þeim tilgangi að lengja líftíma þeirra og tryggja öruggan rekstur þeirra til næstu 30–40 ára. Meðal helstu framkvæmda sem ráðast þarf í er að lagfæra stíflur og styrkja stöðvarhús ásamt því að endurnýja eða endurbæta lokur, ristar, rofabúnað, aflspenna og ýmsan hjálparbúnað. Undirbúningur og hönnun er þegar hafin en gert er ráð fyrir að ljúka verkinu fyrir árið 2000.

3. *Hver er áætlaður kostnaður framkvæmdanna við hverja virkjun fyrir sig?*

Gert er ráð fyrir að framkvæmdakostnaður endurnýjunar Ljósafossstöðvar verði um 530 millj. kr., Írafossstöðvar um 390 millj. kr. og Steingrímsstöðvar um 220 millj. kr., allt á verðlagi í desember 1994.

147. Svar [49. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um félagslegar íbúðir á landsbyggðinni.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða sveitarfélög, sem sótt hafa um félagslegar íbúðir til Húsnæðisstofnunar, sitja uppi með óráðstafaðar eða óseldar félagslegar íbúðir?*
2. *Hve margar félagslegar íbúðir sóttu þau sveitarfélög um til Húsnæðisstofnunar á hverju ári tvö síðustu kjörtímabil?*
3. *Hve mörgum íbúðum var úthlutað til hvers þeirra hvert ár á sama tímabili?*
4. *Hve margar umsóknir um íbúð lágu fyrir hjá viðkomandi húsnæðisnefnd á hverjum tíma?*

Leitað var til Húsnæðisstofnunar ríkisins sem tók saman yfirlit yfir félagslegar íbúðir á landsbyggðinni.

Tafla 1 nær yfir fjölda íbúða sem hafa verið auðar í tvo mánuði eða lengur. Samtals er um 102 íbúðir að ræða. Félagslegar eignaríbúðir, sem ekki hefur tekist að selja en heimilað hefur verið að leigja út, eru 172 talsins.

Fram kemur fjöldi félagslegra íbúða sem ekki hefur tekist að ráðstafa, þ.e. hvorki selja né leigja, skipt eftir sveitarfélögum. Leitað var upplýsinga hjá 59 sveitarfélögum og reyndust 19 þeirra vera með auðar íbúðir. Athugað var hversu margar íbúðir höfðu staðið auðar lengur en tvo mánuði, sex mánuði og eitt ár.

Tafla 1. Óráðstafaðar félagslegar íbúðir.

Sveitarfélag	Íbúðir auðar lengur en tvo mánuði	Íbúðir auðar lengur en sex mánuði	Íbúðir auðar lengur en eitt ár
Reykjavík	6	4	4
Kópavogur	1	0	0
Akranes	2	0	0
Snæfellsbær	3	2	1
Ísafjörður	6	1	0
Vesturbyggð	11	7	3
Bolungarvík	27	11	1
Suðureyri	9	7	3
Höfðahreppur	2	1	0
Árskógshreppur	5	4	2
Egilsstaðir	2	0	0
Reyðarfjörður	1	0	0
Fellahreppur	1	1	0
Seyðisfjörður	3	2	0
Stöðvarfjörður	6	5	5
Borgarjörður eystri	1	0	0
Vestmannaeyjar	12	6	6
Hvolhreppur	2	1	0
Vík í Mýrdal	2	1	0
Samtals	**102**	**53**	**25**

Tafla 2 sýnir þörf fyrir félagslegar íbúðir í sveitarfélögum, að mati viðkomandi sveitarstjórna, umsóknir þeirra um íbúðir og úthlutuð framkvæmdalán á árunum 1988–96. Mat á þörf fyrir félagslegar íbúðir er oftast byggt á umsóknum sem liggja fyrir hjá húsnæðisnefndum sveitarfélaga.

Tafla 2. Þörf fyrir félagslegar íbúðir og framkvæmdalán 1988–96.

Sveitarfélag	1988			1989			1990			1991			1992			1993			1994			1995			1996		
	Þörf	Ums	Úth.	Þörf	Ums	Úth.	Þörf	Ums	Úth.	Þörf	Ums	Úth.	Þörf	Ums	Úth.	Þörf	Ums	Úth.	Þörf	Ums	Úth.	Þörf	Ums	Úth.	Þörf	Ums	Úth.
Reykjavík	394	132	132	641	160	150	1765	210	210	1347	316	216	1091	266	165	1041	218	152	911	194	174	1258	200	136	1348	180	
Kópavogur	85	53	53	80	40	40	450	110	65	415	75	35	285	151	45	267	139	55	178	120	54	181	75	40	119	30	
Akranes	21	10	9	26	25	6	30	20	10	18	15	4	22	16	3	0	3	0	0	4	0	25	4	2	1	1	
Snæfellsbær	18	18	10	40	16	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	6	6	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
Ísafjörður	130	60	23	77	30	0	38	30	10	0	0	0	37	12	0	51	22	4	0	0	0	0	0	0	0	0	
Vesturbyggð	6	4	4	10	6	0	10	7	3	36	36	8	2	2	0	8	8	2	0	0	0	0	0	0	0	0	
Bolungarvík	28	22	22	24	19	7	4	6	2	0	0	0	0	0	0	8	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
Suðureyri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
Höfðahr.	10	10	5	4	4	0	0	0	0	4	4	1	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
Árskógshr.	9	8	8	5	5	0	6	4	2	5	4	1	6	6	2	2	2	2	5	5	1	0	0	0	0	0	
Egilsstaðir	5	5	5	10	5	0	17	7	4	10	10	3	8	8	4	8	6	4	7	6	2	3	2	2	2	2	
Reyðarfj.	3	3	3	0	0	0	3	4	2	10	6	2	6	4	2	6	6	2	4	8	0	0	0	0	0	0	
Fellahr.	2	2	2	4	4	0	5	2	2	4	4	1	0	2	0	0	4	0	2	0	0	0	0	0	0	0	
Seyðisfj.	7	7	7	8	8	2	20	10	6	19	12	4	0	4	3	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
Stöðvarf.	3	3	3	0	0	0	2	2	0	5	4	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
Borgarfj. e.	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
Vestm.eyjar	40	27	21	32	24	4	22	9	9	23	9	3	22	6	0	22	6	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
Hvolhreppur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	6	6	6	0	2	0	0	0	0	0	2	0	0	2	0	0	0	
Vík í Mýrdal	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	

Úthlutun fer fram 1996

148. Svar [50. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um fjölda félagslegra íbúða.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver er heildarfjöldi íbúða í hverju sveitarfélagi?*
2. *Hver er fjöldi félagslegra íbúða í hverju sveitarfélagi?*
3. *Hvert er hlutfall félagslegra íbúða af heildaríbúðafjölda hvers sveitarfélags?*

Leitað var til Húsnæðisstofnunar ríkisins sem tók saman eftirfarandi töflu um fjölda félagslegra íbúða. Upplýsingar um fjölda íbúða í landinu koma frá Fasteignamati ríkisins og eru þær frá byrjun árs 1994. Nýrri upplýsingar um skiptingu íbúða milli sveitarfélaga liggja ekki fyrir.

Félagslegar íbúðir sem hlutfall af heild, skipt eftir sveitarfélögum.

Sveitarfélag	Félagslegar íbúðir	Allar íbúðir	Hlutfall
Reykjavík	**4.478**	**39.871**	**11,23%**
		88	
Kópavogur	624	5.917	10,55%
Seltjarnarnes	41	1.446	2,84%
Garðabær	75	2.267	3,31%
Hafnarfjörður	728	5.389	13,51%
Bessastaðahreppur	22	317	6,94%
Mosfellsbær	79	1.428	5,53%
Kjalarneshreppur	2	162	1,23%
Reykjanes I	**1.571**	**17.014**	**9,23%**
Reykjanesbær	303	3.668	8,26%
Grindavík	36	665	5,41%
Sandgerði	37	419	8,83%
Gerðahreppur	20	342	5,85%
Vatnsleysustrandarhreppur	3	228	1,32%
Reykjanes II	**399**	**5.322**	**7,50%**
		859	
Akranes	117	1.776	6,59%
Hvalfjarðarstrandarhreppur	4	62	6,45%
Andakílshreppur	12	130	9,23%
Skorradalshreppur	1	113	0,88%
Lundarreykjadalshreppur	1	36	2,78%
Reykholtsdalshreppur	3	110	2,73%
Hálsahreppur	2	36	5,56%
Borgarbyggð	94	736	12,77%
Eyrarsveit	14	260	5,38%
Stykkishólmur	47	408	11,52%
Snæfellsbær	48	545	8,81%
Dalabyggð	12	146	8,22%
Vesturland	**355**	**5.217**	**6,80%**

		304	
Ísafjörður	205	1.175	17,45%
Bolungarvík	67	394	17,01%
Reykhólahreppur	8	171	4,68%
Tálknafjörður	10	112	8,93%
Vesturbyggð	92	572	16,08%
Þingeyri	24	179	13,41%
Flateyri	22	163	13,50%
Suðureyri	28	139	20,14%
Súðavík	31	79	39,24%
Kaldrananeshreppur	2	88	2,27%
Hólmavík	33	154	21,43%
Bæjarhreppur	2	65	3,08%
Vestfirðir	**524**	**3.595**	**14,58%**
		839	
Siglufjörður	98	668	14,67%
Sauðárkrókur	164	886	18,51%
Staðarhreppur	1	43	2,33%
Hvammstangahreppur	40	241	16,60%
Blönduós	75	361	20,78%
Höfðahreppur	46	223	20,63%
Seyluhreppur	10	98	10,20%
Lýtingsstaðahreppur	1	88	1,14%
Hólahreppur	10	51	19,61%
Hofshreppur	9	171	5,26%
Fljótahreppur	3	73	4,11%
Norðurland vestra	**457**	**3.742**	**12,21%**
		670	
Akureyri	738	5.179	14,25%
Húsavík	138	843	16,37%
Ólafsfjörður	55	416	13,22%
Dalvík	100	476	21,01%
Grímsey	7	39	17,95%
Hrísey	11	101	10,89%
Árskógshreppur	25	125	20,00%
Eyjafjarðarsveit	5	303	1,65%
Svalbarðsstrandarhreppur	6	109	5,50%
Grenivík	10	134	7,46%
Ljósavatnshreppur	4	89	4,49%
Skútustaðahreppur	7	165	4,24%
Reykdælahreppur	2	49	4,08%
Aðaldælahreppur	1	131	0,76%
Reykjahreppur	5	42	11,90%
Öxarfjarðarhreppur	8	138	5,80%
Raufarhöfn	19	145	13,10%
Þórshöfn	37	148	25,00%
Norðurland eystra	**1.178**	**9.302**	**12,66%**

		524	
Seyðisfjörður	76	337	22,55%
Neskaupstaður	56	555	10,09%
Eskifjörður	42	359	11,70%
Skeggjastaðahreppur	10	63	15,87%
Vopnafjörður	24	318	7,55%
Hlíðarhreppur	1	35	2,86%
Fellahreppur	16	148	10,81%
Borgarfjarðarhreppur	11	86	12,79%
Vallahreppur	5	76	6,58%
Egilsstaðir	68	549	12,39%
Eiðahreppur	1	47	2,13%
Reyðarfjörður	42	238	17,65%
Fáskrúðsfjörður	47	244	19,26%
Stöðvarfjörður	12	112	10,71%
Breiðdalsvík	14	119	11,76%
Djúpivogur	27	143	18,88%
Höfn	86	660	13,03%
Austurland	**538**	**4.613**	**11,66%**
		595	
Vestmannaeyjar	128	1.600	8,00%
Selfoss	126	1.378	9,14%
Mýrdalshreppur	10	197	5,08%
Skaftárhreppur	4	213	1,88%
Austur-Eyjafjallahreppur	1	67	1,49%
Austur-Landeyjahreppur	2	58	3,45%
Hvolsvöllur	14	267	5,24%
Hella	16	282	5,67%
Stokkseyri	16	190	8,42%
Eyrarbakki	10	207	4,83%
Hraungerðishreppur	1	59	1,69%
Villingaholtshreppur	1	64	1,56%
Skeiðahreppur	5	71	7,04%
Gnúpverjahreppur	4	111	3,60%
Hrunamannahreppur	10	208	4,81%
Biskupstungnahreppur	14	165	8,48%
Laugardalshreppur	2	90	2,22%
Grímsneshreppur	22	111	19,82%
Hveragerði	32	625	5,12%
Þorlákshöfn	35	524	6,68%
Suðurland	**453**	**7.082**	**6,40%**
Samtals	**9.953**	**95.758**	**10,39%**

149. Svar [108. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um mengunarvarnir í flotkvíum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða kröfur eru gerðar til mengunarvarna í flotkvíum sem eru í Akureyrarhöfn og Hafnarfjarðarhöfn?

Samkvæmt 1. gr. reglna um varnir gegn mengun sjávar frá skipum, nr. 520/1984, er skip skilgreint sem *fljótandi far, þar með talin skíðaskip, svifskip, kafbátar og fastir eða fljótandi pallar.* Siglingamálastofnun ríkisins hefur gefið þær upplýsingar að umræddar flotkvíar séu skráðar sem fljótandi för og falla þær því undir skilgreininguna og eru háð-

ar reglum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar. Á þessum forsendum er mengunarvörnum skipt í tvennt:

Í fyrsta lagi er um að ræða mengunarvarnir vegna eigin vélabúnaðar eins og kveðið er á um í reglugerð um varnir gegn mengun sjávar frá skipum sem gildir fyrir skip stærri en 400 brúttótonn. Þetta hefur í för með sér að flotkví þarf að hafa þann mengunarvarnabúnað sem þar er krafist, m.a. olíuskilju og soratank til að taka við olíuúrgangi eða búnað sem yfirvöld telja jafngildan. Jafnframt er krafist alþjóðlegs olíumengunarvarnaskírteinis og að til staðar sé neyðaráætlun vegna mengunaróhappa.

Í öðru lagi er um að ræða mengunarvarnir sem snúa að starfsemi um borð samkvæmt lögum um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986, og reglugerð um varnir gegn sorpmengun frá skipum, nr. 124/1994. Þar kemur fram að bannað er að losa eða farga óvinnsluhæfum rekstrarúrgangi í hafið innan þriggja sjómílna frá landi sem þýðir að öllum úrgangi, föstum og fljótandi, sem til fellur við vinnu í flotkví, skal safna saman og farga á viðurkenndan hátt.

Nánari útfærsla á einstökum atriðum, svo sem loft- og hávaðamengun, svo og nánari meðferð úrgangs, kemur fram í rekstrarleyfi/starfsleyfi flotkvía.

Þrátt fyrir að flotkvíar séu skráðar sem skip er ekkert því til fyrirstöðu að beita einnig ákvæðum mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994 þar sem það á við eins og gert hefur verið varðandi flotkví í Hafnarfjarðarhöfn. Sú flotkví hefur fengið bráðabirgðastarfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðarsvæðis.

150. Beiðni um skýrslu [127. mál]

frá fjármálaráðherra um áhrif 14% virðisaukaskatts á bóka-, blaða- og tímaritaútgáfu.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur, Össuri Skarphéðinssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Guðrúnu Helgadóttur, Kristínu Halldórsdóttur, Ástu R. Jóhannesdóttur, Ögmundi Jónassyni, Guðnýju Guðbjörnsdóttur og Bryndísi Hlöðversdóttur.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er óskað eftir skýrslu frá fjármálaráðherra um þau áhrif sem álagning 14% virðisaukaskatts frá árinu 1993 hefur haft á útgáfu bóka, blaða og tímarita í samanburði við það tímabil er slík útgáfa var skattlaus.

Í skýrslunni verði leitast við að svara eftirtöldum spurningum:

1. Hversu miklu fé skilaði 14% virðisaukaskattur á bækur, blöð og tímarit í ríkissjóð árlega á tímabilinu 1993–95?
2. Hvaða áhrif hefur álagning 14% virðisaukaskatts haft á afkomu útgáfufyrirtækja og prentsmiðja?
3. Hvaða áhrif hefur 14% virðisaukaskattur haft á sölu og framboð bóka, blaða og tímarita frá 1993?
4. Hver var árlegur fjöldi útgefinna bóka, blaða og tímarita (eintök og titlar) á tímabilinu 1990–94?
5. Hversu mikið hefur störfum, sem tengjast útgáfu og prentiðnaði, fækkað frá 1993?
6. Hversu mörg bókaforlög og blaðaútgáfur hafa orðið gjaldþrota eða sætt nauðasamningum og greiðslustöðvun frá 1993?
7. Hvaða áhrif hefur álagning virðisaukaskatts á bækur haft á afkomu rithöfunda?
8. Hversu mikið er um að verkefni tengd bóka- og blaðaútgáfu hafi flust úr landi?

9. Hversu miklu fé hefur ríkissjóður hugsanlega tapað vegna samdráttar í sölu og útgáfu bóka, blaða og tímarita frá 1993, m.a. vegna minni veltu fyrirtækja, fækkunar starfa o.fl.?
10. Hver er talin samkeppnisstaða íslenskra tímarita miðað við erlend tímarit sem hér eru á markaði?

151. Lög [84. mál]

um breytingu á lögum um þingfararkaup og þingfararkostnað, nr. 88/1995.

(Afgreidd frá Alþingi 2. nóv.)

Samhljóða þskj. 85.

152. Svar [67. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um stuðning Landsvirkjunar við fiskirækt.

1. *Hvaða framkvæmdir hefur Landsvirkjun ráðist í, eða stutt fjárhagslega, til að efla fiskigengd á vatnasvæðum sem tengjast virkjunum á hennar vegum annars staðar en í Soginu?*

Blönduvirkjun.

Yfirgripsmiklar rannsóknir hafa farið fram á lífríki vatnakerfis Blöndu og Svartár allt frá árinu 1982 í því skyni að fylgjast með breytingum sem kynnu að verða á lífríki ánna af völdum Blönduvirkjunar. Eftir að virkjunin var tekin í rekstur árið 1991 urðu töluverðar rennslisbreytingar í Blöndu og í framhaldi af því voru gerðar úrbætur á laxastiga við Ennisflúðir. Jafnframt hefur seiðum verið sleppt í árnar til að forðast óeðlileg afföll á gönguseiðum og göngufiski vegna rasks og annarra áhrifa virkjunarframkvæmdanna. Alls hefur verið varið 107 millj. kr. til veiðimála í Blöndu og Svartá, en þar af er langstærstur hluti eða 101 millj. kr. til rannsókna á lífríki áa og vatna í vatnakerfinu.

Laxárvirkjun.

Í samningi stjórnar Laxárvirkjunar, Landeigendafélags Laxár og Mývatns og forsætisráðherra, f.h. ríkisstjórnar Íslands, frá árinu 1973 var ákvæði um að Laxárvirkjun skyldi greiða árlega 0,2% af tekjum sínum af orkuverum við ána til eflingar fiskiræktar í Laxá. Greiðslur samkvæmt þessari grein skyldi endurskoða að 10 árum liðnum í samræmi við nánari ákvæði í samningnum. Gjald þetta hefur verið greitt að fullu til ársloka 1993 og er samkomulag milli aðila um að Landsvirkjun beri ekki skylda til að greiða slíkt gjald eftir þann tíma.

Þjórsársvæðið.

Landsvirkjun og fjórir hreppar austan Þjórsár, þ.e. Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahreppur, gerðu árið 1981 með sér samning um umhverfismál og bætur fyrir skerðingu hagsmuna á afréttum hreppanna, þ.e. Holtamannaafrétti og Landmannaafrétti. Í þessum samningi voru m.a. ákvæði um byggingu klak- og seiðaeldisstöðvar og var hún reist í landi Fellsmúla árið 1987. Var stærð fiskeldisstöðvarinnar miðuð við þarfir seiðasleppinga í ár og vötn í Rangárvallasýslu auk sölu nokkurs magns seiða til útlanda sem þá var talið hagkvæmt. Í samningnum skuldbatt Landsvirkjun sig jafnframt til að stuðla að laxgengd um fossinn Búða í Þjórsá með gerð laxastiga eða sprengingum ef þess yrði óskað af þar til bærum aðilum, sbr. lög um lax- og silungsveiði. Að undangengnum athugunum á aðstæðum var ráðist í gerð stiga í Árnesi við Búðafoss og lauk smíði hans árið 1992. Stiginn hefur enn ekki verið formlega afhentur Veiðifélagi Þjórsár. Hefur Landsvirkjun því síðustu ár haft eftirlit með göngum laxa upp stigann og hefur fyrirtækið jafnframt keypt af fiskeldisstöðinni í Fellsmúla seiði til sleppinga í Þjórsá ofan Búðafoss. Landsvirkjun hefur auk þess veitt nokkurn styrk til Veiðifélags Landmannaafréttar til rannsókna á fiskstofnum í Veiðivötnum, einkum vegna þess að fiskur þaðan var notaður í klak í fiskeldisstöðinni við Fellsmúla.

2. *Hvað kostuðu þær á verðlagi ársins 1994?*

Heildarkostnaður af framkvæmdum og stuðningi Landsvirkjunar til eflingar fiskigengd á áðurnefndum vatnasvæðum er eftirfarandi (í millj. kr.):

Blöndusvæðið	6
Laxársvæðið	7
Þjórsársvæðið	158
Samtals	**171**

153. Frumvarp til laga [128. mál]

um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1993.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

Ríkisreikningur fyrir árið 1993 samþykkist með eftirfarandi niðurstöðum í þús. kr.:

REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1993
A-HLUTI

	Reikningur 1993
Tekjur	
Beinir skattar	19.781.326
Óbeinir skattar	73.491.080
Fjármunatekjur	5.726.280
Aðrar tekjur	1.171.212
Tekjur samtals	**100.169.898**
Gjöld	
Launagjöld	35.977.246
Ýmis rekstrargjöld	25.540.938
Fjármagnskostnaður	13.351.483
Eignakaup	2.077.980
Tilfærslur	52.259.126
Sértekjur stofnana	-9.993.157
Gjöld samtals	**119.213.617**
Tekjur umfram gjöld	**-19.043.719**

	Reikningur 1993
Sundurliðun gjalda eftir ráðuneytum	
00 Æðsta stjórn ríkisins	1.110.545
01 Forsætisráðuneyti	373.745
02 Menntamálaráðuneyti	16.445.266
03 Utanríkisráðuneyti	1.592.381
04 Landbúnaðarráðuneyti	7.572.999
05 Sjávarútvegsráðuneyti	1.555.008
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	5.451.977
07 Félagsmálaráðuneyti	5.523.789
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	47.957.535
09 Fjármálaráðuneyti	20.127.687
10 Samgönguráðuneyti	9.491.791
11 Iðnaðarráðuneyti	1.063.772
12 Viðskiptaráðuneyti	162.665
13 Hagstofa Íslands	132.515
14 Umhverfisráðuneyti	651.941
Gjöld samtals	**119.213.617**

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1993
A-HLUTI

	Reikningur 1993
Eignir:	
Veltufjármunir	
Sjóður	**179.111**
Ríkisféhirðir	4.865
Aðrir ríkisaðilar	174.245
Bankainnstæður	**5.926.975**
Seðlabanki Íslands, aðalviðskiptareikningur	3.621.313
Seðlabanki Íslands, hlaupareikningar	265.733
Innlendar innlánsstofnanir	1.531.138
Erlendar innlánsstofnanir	508.790
Skammtímakröfur	
Óinnheimtar ríkistekjur og innheimtufé	**23.919.365**
Almennar ríkistekjur og skyldusparnaður	21.905.859
Markaðar ríkistekjur	1.784.784
Innheimtufé fyrir aðra	154.128
Fyrirfram greiddar geymdar markaðar tekjur	74.593
Skammtímakröfur, aðrar	**9.356.036**
Fyrirfram greidd gjöld	207.699
Áfallnar, ógreiddar vaxtatekjur	3.036.073
Viðskiptareikningar, bráðabirgðalán	5.723.234
Veitt stutt lán	389.030
Skammtímakröfur samtals	**33.275.400**
Vöru- og efnisbirgðir	**289.351**
Veltufjármunir samtals	**39.670.837**

	Reikningur 1993
Langtímakröfur og áhættufjármunir	
Langtímakröfur	
Veitt löng lán, innlend ógengisbundin	**26.015.385**
Stofnanir í A-hluta	50.698
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	18.888.372
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	3.317.719
Sveitarfélög	88.165
Lánastofnanir	929.178
Aðrir	2.741.252
Veitt löng lán, innlend gengisbundin	**20.460.501**
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	11.066.028
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	3.026.524
Sveitarfélög	3.533.575
Lánastofnanir	162.869
Aðrir	2.610.752
Gengisauki lána	60.753
Veitt löng lán, til erlendra aðila	**9.620**
Langtímakröfur samtals	**46.485.507**
Áhættufjármunir	**6.153.689**
Innlend hlutabréf og stofnfjárframlög	4.079.289
Erlend hlutabréf og stofnfjárframlög	2.074.400
Langtímakröfur og áhættufjármunir samtals	**52.639.196**
Eignir samtals	**92.310.033**

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1993
A-HLUTI

	Reikningur 1993
Skuldir:	
Skammtímaskuldir	
Bankareikningar, hlaupareikningsskuld	**285.065**
Seðlabanki Íslands, aðalviðskiptareikningur	-
Seðlabanki íslands, aðrir hlaupareikningar	194.244
Innlánsstofnanir	90.821
Krafa á óinnheimtar ríkistekjur, innheimt fé o.fl.	**343.252**
Markaðar ríkistekjur á teknaliði	189.124
Innheimtufé fyrir aðra	154.128
Geymdar markaðar ríkistekjur og innheimtufé	**460.841**
Markaðar ríkistekjur á teknaliði	433.583
Innheimtufé fyrir aðra	27.258
Skammtímaskuldir, aðrar	**31.951.021**
Ógreidd gjöld	2.431.257
Ógreidd gjöld, sérstakar skuldbindingar	5.820.859
Viðskiptareikningar, bráðabirgðaskuldir	5.737.260
Tekin stutt lán, Seðlabanki	-
Tekin stutt lán, ríkisvíxlar	17.648.923
Tekin stutt lán, innlend önnur	312.723
Skammtímaskuldir samtals	**33.040.179**

	Reikningur 1993
Langtímaskuldir	
Tekin löng lán, innlend ógengisbundin	**59.057.938**
Stofnanir í A-hluta	8.251
Seðlabanki Íslands	6.454
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	26.738
Innlánsstofnanir	6.297.269
Lánastofnanir, innlendar	1.248.359
Sveitarfélög	927.071
Aðrir	50.543.796
Tekin löng lán, innlend gengisbundin	**1.705.540**
Seðlabanki Íslands	-
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	8.867
Innlánsstofnanir	13.262
Lánastofnanir	1.678.144
Aðrir	5.267
Tekin löng lán, erlend	**102.304.726**
Tekin löng lán samtals	**163.068.204**
Ýmsar langtímaskuldbindingar	**14.538.508**
Langtímaskuldir samtals	**177.606.712**
Lífeyrisskuldbindingar	**60.142.967**
Skuldir samtals	**270.789.858**
Höfuðstóll	
Höfuðstóll í ársbyrjun	-149.888.162
Endurmat veltufjármuna/skammtímaskulda	731.699
Endurmat langtímakrafna/langtímaskulda	-10.279.639
Tekjur umfram gjöld	-19.043.719
Höfuðstóll í árslok samtals	**-178.479.825**
Skuldir og höfuðstóll samtals	**92.310.033**

2. gr.

Ríkisreikningur fyrir árið 1993 samþykkist með eftirfarandi niðurstöðum í þús. kr.:

REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1993
B-HLUTI

	Reikningur 1993
Rekstrartekjur	
Seldar vörur og þjónusta	38.983.048
Seldir happdrættismiðar	1.365.098
Aðrar rekstrartekjur	957.653
Rekstrartekjur samtals	**41.305.799**
Rekstrargjöld	
Hráefni og vörur til endursölu	10.198.044
Laun og launatengd gjöld	8.840.264
Happdrættisvinningar	903.436
Önnur rekstrargjöld	11.184.389
Afskriftir	2.790.229
Stofnkostnaðarviðfangsefni flutt á efnahag	-746.060
Rekstrargjöld samtals	**33.170.302**
Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	**8.135.497**
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	
Vaxtatekjur	12.531.505
Vaxtagjöld	-13.581.365
Arður af hlutabréfum	686
Endurmat, tekjufært	9.148.703
Endurmat, gjaldfært	-10.142.308
Reiknaðar tekjur vegna verðbreytinga	279.020
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	-1.507.910
Fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld	**-3.271.669**
Hagnaður af reglulegri starfsemi	**4.863.828**
Óreglulegar tekjur	**409.077**
Óregluleg gjöld	**-1.794.885**
Framlög (tekjur) og tilfærslur (gjöld)	**2.792.932**
Hagnaður til ráðstöfunar	**6.270.952**

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1993
B-HLUTI

	Reikningur 1993
Eignir:	
Veltufjármunir	
Sjóður og bankainnstæður	**7.588.421**
Sjóður	111.342
Banki	7.477.079
Skammtímakröfur	**24.614.145**
Fyrirframgreiddur kostnaður	1.271.468
Viðskiptareikningur	11.188.614
Veitt stutt lán	9.920.302
Áfallnar ógjaldfallnar tekjur	2.233.761
Vöru- og efnisbirgðir	**2.462.355**
Veltufjármunir samtals	**34.664.921**
Fastafjármunir	
Langtímakröfur og áhættufjármunir	**202.452.025**
Langtímakröfur/veitt löng lán	211.913.463
Hlutafé og stofnfjárframlög	451.461
Afskriftarreikningur útlána	-9.912.899
Varanlegir rekstrarfjármunir	**45.995.519**
Áhöld, húsgögn, skrifstofuvélar o.þ.h.	1.515.183
Rannsóknartæki	5.683
Farartæki og vélar	9.732.928
Fasteignir	24.584.457
Virkjanir, orku- og jarðvarmaveitur og jarðhitarannsóknir	9.942.191
Aðrar eignir	215.077
Fastafjármunir samtals	**248.447.544**
Eignir samtals	**283.112.465**

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1993
B-HLUTI

	Reikningur 1993
Skuldir:	
Skammtímaskuldir	
Bankareikningar, hlaupareikningsskuld	**438.006**
Aðrar skamtímaskuldir	**12.508.239**
Ógreidd gjöld	3.883.773
Viðskiptareikningar	5.349.099
Tekin stutt lán	3.275.367
Skammtímaskuldir samtals	**12.946.245**
Langtímaskuldir	
Langtímaskuldir/tekin löng lán samtals	**181.800.197**
Skuldir samtals	**194.746.442**
Eigið fé	
Ýmsir eiginfjárreikningar	1.127.313
Endurmatsreikningar	57.845.928
Höfuðstóll	29.392.782
Eigið fé í árslok samtals	**88.366.023**
Skuldir og eigið fé samtals	**283.112.465**

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1993 sem lagður var fyrir Alþingi með bréfi fjármálaráðherra til forseta Alþingis síðla árs 1994.

Helstu niðurstöður

Niðurstöður ríkisreiknings sýna gjöld umfram tekjur hjá A-hluta ríkissjóðs á árinu 1993 að fjárhæð 19.044 millj. kr., en hallinn nam 10.593 millj. kr. árið á undan. Tekjur námu 100.170 millj. kr. á árinu 1993 og er það lækkun frá fyrra ári um 5.869 millj. kr. eða um 5,5%. Heildargjöld ríkissjóðs urðu 119.214 millj. kr. á árinu 1993 og hækka um 2.583 millj. kr. á milli ára eða um 2,2%. Meðalhækkun vísitölu vöru og þjónustu á milli áranna 1992 og 1993 reyndist 4,9%. Á þann mælikvarða lækkuðu tekjur ríkissjóðs um 9,9% að raungildi og raunlækkun gjalda nam 2,6%.

Í millj. kr.	Ríkis-reikningur 1993	Ríkis-reikningur 1992	Mismunur	Greiðslu-uppgjör 1993
Tekjur	100.170	106.039	-5.869	103.233
Gjöld	119.214	116.631	2.582	112.863
Gjöld umfram tekjur	**19.044**	**10.593**	**8.453**	**9.643**
Hrein lánsfjárþörf	**12.516**	**7.628**	**4.888**	**10.698**

Lækkun tekna í ríkisreikningi á milli ára skýrist einkum af þremur þáttum. Í fyrsta lagi drógust skatttekjur saman vegna erfiðari stöðu atvinnufyrirtækja og minni atvinnutekna einstaklinga svo og lækkunar á aðflutningsgjöldum. Í öðru lagi námu afskriftir skattkrafna 4.162 millj. kr. hærri fjárhæð á árinu 1993 en árið á undan. Ef beitt hefði verið sömu aðferð við niðurfærslu eftirstöðva ríkissjóðstekna í árslok 1993 og árið á undan hefðu tekjur ríkissjóðs verið 2.711 millj. kr. hærri á árinu 1993. Loks voru tekjur af virðisaukaskatti oftaldar um 1.353 millj. kr. í ríkisreikningi 1992 og eru þær leiðréttar til lækkunar á árinu 1993.

Útgjöld einstakra ráðuneyta ýmist hækka eða lækka á milli áranna 1992 og 1993. Útgjöld samgönguráðuneytis hækka um 1.986 millj. kr. einkum vegna framkvæmda í vegagerð sem ákveðnar voru til að efla atvinnu. Þá hækka útgjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis um 1.717 millj. kr. og kemur sú hækkun að stærstum hluta fram hjá sjúkrastofnunum og heilsugæslustöðvum. Loks hækka útgjöld fjármálaráðuneytis um 1.181 millj. kr. aðallega vegna hækkunar á vaxtagjöldum og lífeyriskuldbindingum. Á móti þessu vegur lækkun á greiðslum til landbúnaðarmála um 3.033 millj. kr. á milli ára, en þessar greiðslur koma fram undir landbúnaðarráðuneyti og viðskiptaráðuneyti. Útgjöld annarra ráðuneyta breytast minna.

Lánsfjárþörf ríkissjóðs nam alls 12.516 millj. kr. á árinu 1993 og hækkaði um 4.888 millj. kr. á milli ára. Sem hlutfall af vergri landsframleiðslu nam lánsfjárþöfin 3,0% á árinu 1993. Lánsfjárþörfinni var mætt með 13.537 millj. kr. lántökum umfram afborganir, þarf af var 10.557 millj. kr. aflað á innlendum fjármagnsmarkaði og 2.980 millj. kr. erlendis.

Í töflunni eru einnig sýndar niðurstöður greiðsluuppgjörs ársins 1993. Samkvæmt því nemur halli ríkissjóðs 9.643 millj. kr. samanborið við 19.044 millj. kr. samkvæmt uppgjöri ríkisreiknings. Við reikningsuppgjörið lækkuðu tekjur ríkissjóðs um 3.063 millj. kr., en gjöldin hækkuðu um 6.351 millj. kr. Mismunurinn skýrist einkum af því að við frágang reikningsins þarf að taka tillit til ýmissa skuldbindinga og afskrifta sem ekki hafa greiðsluhreyfingar í för með sér og koma því ekki fram í greiðsluuppgjöri. Á gjaldahlið skýrist

mismunurinn að stórum hluta af því að lífeyrisskuldbindingar umfram lífeyrisgreiðslur ársins námu 3.524 millj. kr. og áfallnir ógreiddir vextir hækkuðu um 2.350 millj. kr.

Bókfærðar eignir ríkissjóðs námu alls 92.310 millj. kr. í árslok 1993 og hækkuðu um 5.584 millj. kr. frá árinu á undan. Hafa ber í huga að í efnahagsreikningi A-hluta ríkissjóðs eru aðeins færðar peningalegar eignir. Samkvæmt lögum um ríkisbókhald ber að gjaldfæra alla fjárfestingu um leið og til hennar er stofnað og kemur hún því ekki fram í efnahagsreikningi. Gjaldfærð fjárfesting ríkissjóðs nam alls 6.254 millj. kr. á árinu 1993. Lánveitingar ríkissjóðs til langs tíma jukust um 5.097 millj. kr. á milli ára og hlutafjár- og stofnfjárframlög hækkuðu um 3.598 millj. kr. Þar vegur þyngst 2.000 millj. kr. eiginfjárframlag ríkissjóðs til Landsbanka Íslands og uppfærsla á eignarhlut ríkissjóðs í Sementsverksmiðjunni að fjárhæð 1.000 millj. kr. þegar henni var breytt í hlutafélag. Á móti þessu vegur að skammtímakröfur lækka um 4.252 millj. kr. sem skýrist af betri innheimtu og afskrift á óinnheimtum skattkröfum. Loks batnaði staða sjóðs og bankainnstæða um 1.114 millj. kr. á milli ára.

Skuldir ríkissjóðs námu alls 270.790 millj. kr. í árslok 1993 og hækkuðu um 34.176 millj. kr. Tekin löng lán umfram afborganir námu 10.949 millj. kr., aðrar langtímaskuldbindingar 3.534 millj. kr. og endurmat vegna verðlags og gengisbreytinga 14.119 millj. kr. Skammtímaskuldir jukust um 6.165 millj. kr. einkum vegna aukinnar sölu ríkisvíxla og ríkisbréfa, en á móti lækkaði yfirdráttur á bankareikningum um 591 m. kr.

Breyttar uppgjörsaðferðir

Á síðustu árum hefur verið unnið að því markvisst að færa uppgjörsaðferðir ríkissjóðs nær þeim sem tíðkast á almennum markaði. Stærsta breytingin var gerð í uppgjöri ríkisreiknings 1989 þegar færðar voru ýmsar skuldbindingar ríkissjóðs sem höfðu áður legið utan reikningsins. Í uppgjörum undanfarinna ára hefur verið lögð áhersla á að endurmeta ýmsa efnahagsliði reikningsins í áföngum. Þannig voru í ríkisreikningi 1990 afskrifaðar verulegar fjárhæðir vegna ríkisábyrgða og veittra lána. Hvað varðar útistandandi skattkröfur hefur verið beitt þeirri aðferð að afskrifa að fullu kröfur á fyrirtæki þar sem gjaldþrotaskiptum er lokið, en kröfur hafa verið færðar niður um 75% hjá fyrirtækjum sem tekin hafa verið til gjaldþrotaskipta.

Í ríkisreikningi fyrir árið 1993 er gengið enn lengra og fjárhæðir lagðar í afskriftasjóð til að mæta hugsanlega töpum þó að fyrirtæki séu ekki endilega komin í gjaldþrotameðferð. Þetta þýðir að inn í reikninginn koma uppsafnaðar afskriftir margra ára. Af því leiðir að niðurstöðutölur reikningsins endurspegla ekki afkomu ársins 1993. Þá hefur á árinu 1994 verið unnið að mótun heildstæðra reglna um niðurfærslur á kröfum og framlögum í afskriftarsjóði. Þess er vænst að með uppgjöri ársins 1994 verði búið að móta samræmdar reglur um afskriftir útistandandi krafna sem taka til allra efnahagsliða, þannig að ekki þurfi að færa í einstaka reikninga uppsafnaðar fjárhæðir vegna endurmats krafna langt aftur í tímann.

Breyttar uppgjörsaðferðir á undanförnum árum fela í sér að niðurstöðutölur ríkisreiknings gefa ekki nákvæma mynd af afkomu einstakra ára. Þetta þarf að hafa í huga við samanburð á milli ára.

154. Frumvarp til laga [129. mál]

um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1994.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi.)

1. gr.

Ríkisreikningur fyrir árið 1994 samþykkist með eftirfarandi niðurstöðum í þús. kr.:

REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1994
A-HLUTI

	Reikningur 1994
Tekjur:	
Skatttekjur	
Skattar á tekjur einstaklinga	15.231.878
Skattar á tekjur lögaðila	3.264.802
Tryggingagjöld	10.689.838
Eignarskattar	3.722.836
Virðisaukaskattur	39.792.967
Tollar, vörugjöld og önnur gjöld af innflutningi	12.316.306
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	7.861.206
Skattar ótaldir annars staðar	6.877.330
Skatttekjur samtals	**99.757.163**
Rekstrartekjur	
Arðgreiðslur	2.781.538
Vaxtatekjur	5.010.312
Aðrar rekstrartekjur	2.676.745
Rekstrartekjur samtals	10.468.595
Sala eigna	**138.599**
Tekjur samtals	**110.364.357**
Gjöld:	
Æðsta stjórn ríkisins	1.179.483
Forsætisráðuneyti	2.580.630
Menntamálaráðuneyti	17.194.580
Utanríkisráðuneyti	1.682.908
Landbúnaðarráðuneyti	6.794.580

	Reikningur 1994
Sjávarútvegsráðuneyti	918.046
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	5.991.830
Félagsmálaráðuneyti	8.721.486
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	47.322.164
Fjármálaráðuneyti	21.961.461
Samgönguráðuneyti	9.348.753
Iðnaðarráðuneyti	1.259.777
Viðskiptaráðuneyti	243.064
Hagstofa Íslands	158.918
Umhverfisráðuneyti	581.126
Gjöld samtals	**125.938.805**
Tekjujöfnuður	**-15.574.448**

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1994
A-HLUTI

	Reikningur 1994
Eignir:	
Veltufjármunir	
Sjóður og bankareikningar	6.309.606
Óinnheimtar ríkistekjur	23.661.623
Skammtímakröfur, aðrar	4.668.427
Vöru- og efnisbirgðir	313.237
Veltufjármunir samtals	**34.952.893**
Langtímakröfur	
Veitt löng lán	55.383.018
Hlutabréf	3.056.611
Stofnfjárframlög	4.335.737
Langtímakröfur samtals	**62.775.366**
Eignir samtals	**97.728.259**
Skuldir:	
Skammtímaskuldir	
Bankareikningar, hlaupareikningsskuld	408.307
Krafa á ríkistekjur og innheimtufé	1.186.428
Ógreidd gjöld (án vaxta)	2.034.253
Áfallnir ógjaldfallnir vextir	6.185.692
Tekin stutt lán	15.361.488
Aðrar skammtímaskuldir	5.241.081
Skammtímaskuldir samtals	**30.417.249**
Langtímaskuldir	
Áfallnir ógjaldfallnir vextir	16.823.820
Tekin löng innlend lán	68.111.504
Tekin löng erlend lán	113.633.069

	Reikningur 1994
Langtímaskuldir og ógjaldfallnir vextir samtals	**198.568.393**
Lífeyrisskuldbindingar	**64.060.163**
Höfuðstóll:	
Höfuðstóll í ársbyrjun	-178.479.824
Endurmat	-1.263.274
Tekjujöfnuður	-15.574.448
Höfuðstóll í árslok	-195.317.546
Skuldir og höfuðstóll samtals	**97.728.259**

2. gr.

Ríkisreikningur fyrir árið 1994 samþykkist með eftirfarandi niðurstöðum í þús. kr.:

REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1994
B-HLUTI

	Reikningur 1994
Tekjur:	
Rekstrartekjur	39.740.013
Vaxtatekjur	15.803.297
Aðrar fjármunatekjur	138.863
Framlög samtals	11.145.608
Óreglulegar tekjur	481.961
Tekjur samtals	**67.309.742**
Gjöld:	
Rekstrargjöld	
Laun og launatengd gjöld	8.507.384
Hráefni og vörur til endursölu	9.431.387
Afskriftir	2.733.418
Önnur rekstrargjöld	11.194.212
Rekstrargjöld samtals	**31.866.401**
Vaxtagjöld	16.260.861
Önnur fjármagnsgjöld	670.944
Tilfærslur	8.742.775
Óregluleg gjöld	1.747.533
Gjöld samtals	**59.288.514**
Hagnaður til ráðstöfunar	**8.021.228**

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1994
B-HLUTI

	Reikningur 1994
Eignir:	
Veltufjármunir	
Sjóður og bankainnstæður:	8.602.628
Skammtímakröfur	18.955.589
Vöru- og efnisbirgðir	1.522.984
Veltufjármunir samtals	**29.081.201**
Langtímakröfur og áhættufjármunir	
Langtímakröfur/veitt löng lán	228.267.368
Afskriftarreikningur útlána	-9.908.467
Hlutafé og stofnfjárframlög	866.257
Langtímakröfur og áhættufjármunir samtals	**219.225.158**
Varanlegir rekstrarfjármunir	
Farartæki og vélar	10.370.287
Fasteignir	23.131.483
Orkumannvirki	10.135.285
Aðrar eignir	1.816.385
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals	**45.453.440**
Eignir samtals	**293.759.799**
Skuldir:	
Skammtímaskuldir	
Bankareikningar, hlaupareikningsskuld	209.018
Ógreidd gjöld	3.073.131
Viðskiptareikningar	6.779.124
Tekin stutt lán	1.121.753
Skammtímaskuldir samtals	**11.183.026**
Langtímaskuldir	
Langtímaskuldir/tekin löng lán samtals	196.083.112
Langtímaskuldir samtals	**196.083.112**
Eigið fé:	
Eigið fé í ársbyrjun	88.366.023
Tekjujöfnuður	-259.145
Aðrar breytingar	-1.613.217
Eigið fé í árslok samtals	**86.493.661**
Skuldir og eigið fé samtals	**293.759.799**

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1994 sem lagður var fyrir Alþingi með bréfi fjármálaráðherra til forseta í októberbyrjun 1995.

Helstu niðurstöður

Á árinu 1994 nam tekjuhalli ríkissjóðs 15,6 milljörðum króna eða um 14,1% af tekjum ársins. Árið á undan nam hallinn 19 milljörðum króna eða um 19% af tekjum þess árs. Hallinn lækkaði um tæpa 3,5 milljarða á milli ára. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóð nam 15,5 milljörðum króna á árinu 1994 sem jafngildir 3,6% af landsframleiðslu ársins, samanborið við 12,5 milljarð króna árið 1993 eða um 3,0% af landsframleiðslu þess árs.

Í millj. kr.	Reikningur 1994	Reikningur 1993	Breyting fjárhæð	Breyting %	Greiðslu-uppgjör 1994
Heildartekjur	110.364	100.170	10.194	10,2	109.600
Heildargjöld	125.939	119.214	6.725	5,6	116.986
Tekjujöfnuður	**-15.574**	**-19.044**	**3.470**	.	**-7.386**
Hrein lánsfjárþörf	**15.515**	**12.516**	**2.999**	.	**14.771**
Hlutfall af vergri landsframleiðslu, %					
Heildartekjur	25,5	24,4	.	.	25,3
Þar af skatttekjur	23,0	22,7	.	.	23,5
Heildargjöld	29,1	29,0	.	.	27,0
Tekjujöfnuður	**-3,6**	**-4,6**	.	.	**-1,7**
Hrein lánsfjárþörf	**3,6**	**3,0**	.	.	**3,4**

Tekjur ríkissjóðs námu alls 110,4 milljörðum króna á árinu 1994 eða um 25,5% af landsframleiðslu ársins. Frá árinu á undan hækkuðu þær um 10,2 milljarða króna eða um 10,2%. Tekjur ríkissjóðs af beinum sköttum hækkuðu um 2,9 milljarða króna, óbeinum sköttum um 3,6 milljarða króna og fjármunatekjur um 2,1 milljarð króna.

Tekjur ríkissjóðs á árinu 1994 skiptust þannig að beinir skattar námu 20,5%, óbeinir skattar 69,9%, fjármunatekjur 7,1% og aðrar tekjur 2,5%. Af beinum sköttum er tekjuskattur veigamestur eða um 16,8% af heildartekjum ríkissjóðs. Virðisaukaskattur var sem fyrr helsti tekjustofn ríkissjóðs eða 36,1% af heildartekjunum, en skattar af framleiðslu og innflutningi námu 9,6% og skattar af launagreiðslum 9,3%.

Gjöld ríkissjóðs námu alls 125,9 milljörðum króna á árinu 1994 eða um 29,1% af landsframleiðslu ársins. Gjöld ríkissjóðs hækkuðu um 6,7 milljarða króna eða um 5,6% á milli ára. Af einstökum liðum sem hækka á milli ára má nefna; yfirtöku á ýmsum skuldum Atvinnutryggingadeildar Byggðastofnunar 1,9 milljarðar króna, lífeyris- og sjúkratryggingar 1,1 milljarður króna, fjármagnskostnað ríkissjóðs 1,1 milljarður króna og framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs 0,6 milljarðar króna.

Árið 1994 námu rekstrar- og viðhaldsgjöld um 39,3% af heildarútgjöldum ríkissjóðs, lífeyrisskuldbindingar 2,9%, fjármagnskostnaður 11,5%, stofnkostnaður 5,4% og tilfærslur 41,0%. Af einstökum útgjaldaflokkum voru tryggingamál fjárfrekust eða um 21,8% af heildinni, heilbrigðismál 15,6% og mennta- og menningarmál 13,5%. Útgjöld til þessara málaflokka að viðbættum vaxtagjöldum af lánum námu 62,3% af heildargjöldum ríkissjóðs á árinu 1994. Er það ívið lægra hlutfall en árið á undan en þá nam það 63,0%.

Þrátt fyrir að tekjujöfnuður ríkissjóðs væri 3,5 milljörðum króna hagstæðari árið 1994 en árið á undan, þá jókst lánsfjárþörf hans um 3 milljarða á milli ára. Þessi breyting skýrist fyrst og fremst af því að ríkissjóður hafði milligöngu um að afla byggingarsjóðunum lánsfjár á árinu 1994.

Yfirlitið að framan sýnir einnig greiðsluuppgjör ársins 1994. Þar kemur fram að tekjuhalli ríkissjóðs eykst úr 7,4 milljörðum króna í greiðsluuppgjöri í 15,6 milljarða króna í reikningi eða um 8,2 milljarða króna. Í stuttu máli skýrast þessi frávik af því að við lokauppgjör þarf ávallt að taka tillit til ýmissa þátta sem hafa ekki greiðsluhreyfingar í för með sér en fela í sér skuldbindingar eða kröfur fyrir ríkissjóð. Stærstu liðir af þessu tagi í uppgjöri ársins 1994 eru lífeyrisskuldbindingar ársins að frátöldum greiðslum til lífeyrissjóða 2,8 milljarðar króna, yfirtekin lán Atvinnutryggingadeildar Byggðastofnunar 1,9 milljarðar króna og áfallnir ógreiddir vextir jukust um 3,1 milljarð króna á milli ára.

Yfirlitið hér að neðan gefur vísbendingu um umsvif ríkissjóðs á fjármagnsmarkaði á árinu 1994. Af heildarlántökum ríkissjóðs var um fjórðungs aflað á innlendum markaði. Húsnæðiskerfinu gekk treglega með sölu húsnæðisbréfa og tók ríkissjóður að sér að hafa milligöngu um öflun lánsfjár til að brúa fjárþörf byggingarsjóðanna. Í reikningsskilunum kemur þetta fram sem lántaka ríkissjóðs og jafnframt sem lánveiting hans til sjóðanna. Á árinu 1994 veitti ríkissjóður Byggingarsjóði ríkisins rösklega 7,8 milljarða króna langtímalán.

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun	Ný lán umfram afborganir	Endurmat ársins	Staða í árslok
Tekin lán				
Innlend lán	78.725	4.027	720	83.473
Erlend lán samtals	102.305	11.480	-151	113.634
Tekin lán samtals	**181.030**	**15.507**	**569**	**197.107**
Lánveitingar				
Veitt löng lán	46.486	8.335	563	55.383
Veitt stutt lán	389	-303	-	86
Skammtímakröfur umfram -skuldir	18.093	-4.286	-210	13.597
Lánveitingar samtals	**64.967**	**3.746**	**353**	**69.066**
Tekin lán umfram lánveitingar	**116.063**	**11.761**	**216**	**128.041**

Mismunur á teknum og veittum lánum gefur til kynna hver lánsfjárþörf ríkissjóðs er til eigin þarfa. Heildarskuldir ríkissjóðs í árslok 1994 námu 197 milljörðum króna, en að frádregnum lánveitingum voru þær rúmlega 128 milljarðar króna. Í hlutfalli við landsframleiðslu ársins námu heildarskuldir ríkissjóðs 45,5% í árslok 1994 samanborið við 44,1% árið 1993. Skuldir ríkissjóðs umfram lánveitingar námu hins vegar 29,4% af landsframleiðslu árið 1994 og 28,2% árið á undan.

Breytt framsetning ríkisreiknings

Útgáfa ríkisreiknings fyrir árið 1994 markar viss tímamót í reikningsskilum ríkissjóðs. Gerð ríkisreiknings hefur verið með líkum hætti undanfarin 30 ár þó svo að ársreikningar og reikningsskil fyrirtækja hafi tekið miklum breytingum. Uppbyggingu ríkisreiknings er nú breytt og hún færð mun nær því sem tíðkast í ársuppgjörum fyrirtækja eftir því sem við getur átt og innan marka laga nr. 52/1966 um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Markmiðið með þessum breytingum er að gera upplýsingar um fjármál ríkisins aðgengilegri fyrir skattgreiðendur og stjórnvöld.

Reikningurinn er tvískiptur. Annars vegar er *Ríkisreikningur 1994 - Heildaryfirlit* þar sem sýndar eru heildartölur fyrir afkomu A- og B-hluta ríkissjóðs. Hins vegar er *Ríkisreikningur 1994 - Sundurliðun reikninga,* en þar er ítarlegt yfirlit um fjármál A-hluta ríkissjóðs og einstakra stofnana í A- og B-hluta. Skiptingin er til þess gerð að mæta mismunandi þörfum þeirra sem vilja kynna sér ríkisfjármálin. Heildaryfirlitið er fyrst og fremst ætlað þeim sem vilja fá heilstæða mynd af fjármálum ríkisins. Sundurliðaði reikningurinn er ætlaður þeim sem þurfa á tilteknum eða nákvæmari upplýsingum að halda.

Breyting á ríkisreikningi nú á einkum við um heildaryfirlitið og er það snar þáttur í heildarendurskoðun á reikningsskilum ríkissjóðs og fjárlögum sem ríkisreikningsnefnd hefur lagt til að komið verði á. Nefndin birti tillögur sínar í skýrslunni *Fjárreiður ríkisins* sem kom út í nóvember 1994 og í kjölfar þess var efni hennar meðal annars kynnt fjölmiðlum.

Tillögum nefndarinnar má í grófum drættum skipta í tvennt. *Í fyrsta lagi* er skilgreint hvað teljist til ríkisrekstrar og ríkisaðila. Þannig hefur ýmis starfsemi, sem byggir á lögbundnum tekjum, fallið utan ríkisreiknings og niðurstaða reiknings því ekki gefið heildarmynd af afskiptum ríkisins af efnahagsstarfseminni. Nefna má sem dæmi ýmsa verðmiðlunarsjóði. Breytt flokkun ríkisaðila og ríkistekna fellur að alþjóðlegum skilgreiningum og gerir ríkisfjármálin hér á landi samanburðarhæfari við önnur lönd en verið hefur. *Í öðru lagi* á bókhaldið að vera virkt stjórntæki fyrir ríkisreksturinn og gefa skýra mynd af honum. Með vaxandi umsvifum ríkisins hafa kröfur aukist um lækkun ríkisútgjalda, hagræðingu og sparnað í ríkisrekstri. Meiri áhersla er lögð á að meta þann árangur sem ríkisreksturinn skilar miðað við þá fjármuni sem hann hefur til ráðstöfunar. Einnig þarf að vera mögulegt að bera saman rekstrarárangur ríkisstofnana og einkafyrirtæki.

Á þessu haustþingi mun fjármálaráðherra leggja fram frumvarp að nýjum lögum um fjárreiður ríkisins. Upplýsingar um ríkisfjármálin eru nauðsynleg forsenda fyrir efnislegri umræðu um stöðu ríkisfjármálanna og um leiðir til að draga úr ríkisútgjöldum. Breyting á framsetningu ríkisreiknings og fjárlaga er skref í þá átt.

Breyttar uppgjörsaðferðir

Á síðustu árum hefur verið unnið að því markvisst að færa uppgjörsaðferðir ríkissjóðs nær þeim sem tíðkast á almennum markaði. Stærsta breytingin var gerð í uppgjöri ríkisreiknings 1989 þegar færðar voru ýmsar skuldbindingar ríkissjóðs sem höfðu áður legið utan reikningsins. Í uppgjörum undanfarinna ára hefur verið lögð áhersla á að endurmeta ýmsa efnahagsliði reikningsins í áföngum. Þannig voru í ríkisreikningi 1990 afskrifaðar verulegar fjárhæðir vegna ríkisábyrgða og veittra lána. Hvað varðar útistandandi skattkröfur hefur verið beitt þeirri aðferð að afskrifa að fullu kröfur á fyrirtæki þar sem gjaldþrotaskiptum er lokið, en kröfur hafa verið færðar niður um 75% hjá fyrirtækjum sem tekin hafa verið til gjaldþrotaskipta.

Í ríkisreikningi fyrir árið 1993 er gengið enn lengra og fjárhæðir lagðar í afskriftasjóð til að mæta hugsanlega töpum þó að fyrirtæki séu ekki endilega komin í gjaldþrotameðferð. Þetta þýðir að inn í reikninginn koma uppsafnaðar afskriftir margra ára. Af því leiðir að

niðurstöðutölur reikningsins endurspegla ekki afkomu ársins 1993. Á árinu 1994 var lokið við mótun samræmdra reglna um niðurfærslur á kröfum og framlögum í afskriftarsjóði. Fram til þessa hafa veitt lán verið fær niður með beinni afskrift í ríkisreikningi, en í ríkisreikningi 1994 er gengið lengra og tekin upp óbein afskrift í fyrsta sinn af veittum lánum. Lagt var mat á kröfur sem voru til innheimtu og þeim skipt í áhættuflokka út frá upplýsingum um tryggingar fyrir kröfum og mati á greiðslugetu skuldara.

Breyttar uppgjörsaðferðir á undanförnum árum fela í sér að niðurstöðutölur ríkisreiknings gefa ekki nákvæma mynd af afkomu einstakra ára. Þetta þarf að hafa í huga við samanburð á milli ára.

155. Fyrirspurn [130. mál]

til heilbrigðisráðherra um greiðsluþátttöku foreldra í tannlækningum barna og unglinga.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hafa reglur um aukna þátttöku foreldra í tannlæknakostnaði barna og unglinga 6–15 ára haft áhrif á heimsóknir þessa aldurshóps til tannlæknis?
2. Hversu mörg börn 6–15 ára, miðað við heildarfjölda barna á þessum aldri:
   a. hafa nýtt sér þjónustu skólatannlækna í Reykjavík á ári frá því breytingin varð,
   b. nýttu sér þjónustu skólatannlækna í Reykjavík á ári áður en breytingin varð,
   c. nýta sér þjónustu einkatannlækna fyrir og eftir að reglum um greiðsluþátttöku var breytt 1992,
   d. nýta sér alls ekki þjónustu tannlækna? Óskað er eftir að getið sé fjölda fyrir og eftir umræddda breytingu.
3. Hver eru vanskil vegna tannlækninga þessa aldurshóps hjá skólatannlæknum?
4. Hafa heilbrigðisyfirvöld sambærilegar upplýsingar frá skólatannlæknum og einkatannlæknum um tannlæknaþjónustu við þennan hóp?

Skriflegt svar óskast.

156. Fyrirspurn [131. mál]

til sjávarútvegsráðherra um skiptingu aflaheimilda til jöfnunar.

Frá Guðjóni Guðmundssyni.

1. Hvernig skiptist sá hluti aflahámarks sem var til úthlutunar á síðasta fiskveiðiári skv. 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I í lögum nr. 83/1995 milli skipa og hvaða skip fengu enga úthlutun?
2. Hvernig skiptast þær 5.000 lestir sem eru til ráðstöfunar skv. 1. mgr. sama bráðabirgðaákvæðis milli skipa á yfirstandandi fiskveiðiári og hvaða skip fengu enga úthlutun?

Skriflegt svar óskast.

157. Fyrirspurn [132. mál]

til sjávarútvegsráðherra um skiptingu aflaheimilda krókabáta.

Frá Guðjóni Guðmundssyni.

Hve margir krókaleyfishafar völdu að stunda veiðar með þorskaflahámarki og hve margir með viðbótarbanndögum á yfirstandandi fiskveiðiári?

Hvernig skiptast aflaheimildir krókabáta (21.000 lestir) milli þessara tveggja hópa?

Skriflegt svar óskast.

158. Tillaga til þingsályktunar [133. mál]

um úttekt á hávaða- og hljóðmengun.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram víðtæka úttekt á hávaða- og hljóðmengun hérlendis og leggja fyrir næsta þing niðurstöður hennar og tillögur til úrbóta.

Greinargerð.

Hávaði og hljóðmengun af margvíslegu tagi fer vaxandi ár frá ári. Þar er ekki aðeins um að ræða hávaða frá umferð og atvinnurekstri heldur einnig tónlist og talað orð úr hátölurum á almannafæri, í almenningsfarartækjum, verslunum, veitinga- og samkomuhúsum, líkamsræktarstöðvum og á útivistarsvæðum ætluðum almenningi. Hljóðmengun yfir ákveðnum mörkum getur verið heilsuspillandi, valdið skemmdum á heyrn auk truflunar og margvíslegra sálrænna áhrifa sem valdið geta andlegri vanlíðan. Því er brýnt að af opinberri hálfu sé unnið skipulega gegn óþörfum og truflandi hávaða til verndar heilsu manna og til að tryggja rétt einstaklingsins til ómengaðs umhverfis. Hávaði frá tólum og tækjum er röskun sem halda ber í lágmarki og enginn á að þurfa að þola síbylju úr hátölurum í formi talaðs orðs eða hljómflutnings sem hann kærir sig ekki um. Þar sem margir koma saman á réttur minni hluta gagnvart hljóðmengun að vera jafn ríkur og meiri hluta, jafnt á vinnustað sem á almannafæri.

Samkvæmt upplýsingum frá Hollustuvernd ríkisins hefur aldrei verið gerð heildarúttekt á hávaða á Íslandi, en talið er víst að hérlendis búi margir við hávaða sem er langt yfir settum viðmiðunarmörkum. Telja verður mjög brýnt að gerð verði úttekt á hávaða þannig að unnt sé að leggja grunn að úrbótum. Þar við bætist þörfin á að settar verði reglur til að vernda fólk fyrir hávaða á almannafæri, en í því skyni getur einnig verið þörf á könnun á ríkjandi aðstæðum.

Um hávaðamengun hefur áður verið fjallað og ályktað á Alþingi. Á 110. löggjafarþingi var samþykkt þingsályktunartillaga flutt af Ragnari Arnalds og fleiri þingmönnum svohljóðandi: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta semja frumvarp til laga um varnir gegn hávaða- og hljóðmengun.“ Í greinargerð með tillögunni var vitnað til

blaðagreinar sem Steingrímur G. Kristjánsson ritaði í Morgunblaðið 24. september 1987.

Þann 30. apríl 1992 svaraði forsætisráðherra fyrirspurn á Alþingi um hvað liði samningu frumvarps um þetta efni. Í svarinu kom fram að ekki væri talin þörf á nýrri löggjöf á þessu sviði. Í því sambandi vísaði ráðherra til laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og mengunarvarnareglugerðar, nr. 386/1989, með síðari breytingum, sem og heilbrigðisreglugerðar, nr. 149/1990, með síðari breytingum.

Samkvæmt þessu hefur það verið mat framkvæmdarvaldsins að ekki skorti lagaheimildir til að bregðast við hávaða- og hljóðmengun. Það breytir ekki þeirri staðreynd að í íslenskum rétti er ekki að finna um þetta efni heildarlöggjöf sem kann að vera æskileg til að tryggja betur en nú er réttarstöðu manna gagnvart hávaða- og hljóðmengun og auðvelda um leið framkvæmdarvaldinu aðhald og eftirlit.

Flutningsmenn hafa látið kanna hvar er að finna helstu laga- og reglugerðarákvæði um hávaðamengun (sjá fylgiskjal).

Á þessu stigi er brýnast að aflað verði glöggra upplýsinga um ástand þessara mála hér á landi til að undirbúa aðgerðir og réttarbætur til að verjast óæskilegri og sívaxandi hávaða- og hljóðmengun á almannafæri.

Fylgiskjal.

Helstu reglur sem gilda um hávaðamengun samkvæmt íslenskum rétti.

Í lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, er að finna skilgreiningu á mengun. Þar kemur fram að til mengunar teljast m.a. óþægindi vegna hvers konar hávaða. Þá kemur einnig fram í lögunum að í heilbrigðisreglugerð skuli vera almenn ákvæði um hávaða, m.a. frá hvers konar starfsemi og farartækjum. Í lögunum eru einnig fyrirmæli um að setja skuli í mengunarvarnareglugerð ákvæði um hávaða og titring þar sem fram komi viðmiðunarmörk fyrir leyfilegan hávaða með hliðsjón af umhverfinu.

Í 7. kafla mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, sbr. reglugerð nr. 378/1994, er að finna ákvæði um varnir gegn hávaðamengun. Þar kemur fram að mengun af völdum hávaða skal vera undir ákveðnum viðmiðunarmörkum sem koma fram í 5. viðauka með reglugerðinni og að enn fremur skuli leitast við að uppfylla þau leiðbeiningarmörk sem fram koma í viðaukanum.

Þá kemur fram í reglugerðinni að forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða. Einnig ber eigendum vélknúinna ökutækja að sjá svo um að farartæki þeirra valdi ekki óþarfahávaða. Loks kemur fram að við allar framkvæmdir, svo sem byggingar, gröft og gatnagerð, skuli þess sérstaklega gætt að ekki verði óþægindi af völdum hávaða. Ef sérstakar óviðráðanlegar aðstæður eru fyrir hendi er mögulegt að fá leyfi fyrir því að hávaði sé yfir viðmiðunarmörkum.

Eins og áður segir koma viðmiðunarmörk fyrir hámarkshávaða fram í 5. viðauka mengunarvarnareglugerðarinnar, en þar er að finna reglur um hávaða utan húss. Var viðaukanum breytt með reglugerð nr. 378/1994. Í þessum reglum koma fram viðmiðunargildi og leiðbeiningargildi fyrir hljóðstig í og við íbúðarhúsnæði, kennslu- og sjúkrastofur, hljóðstig frá fyrirtækjum og annarri starfsemi og hljóðstig frá umferð. Við nýskipulag hverfa skal taka mið af þessum viðmiðunargildum, en ef um er að ræða svæði

þar sem skipulag eða starfsemi er fyrir má veita undanþágur varðandi umferðarhávaða. Ef upp koma tilvik sem reglurnar ná ekki yfir skal velja viðurkennda hávaðareglu sem stuðst er við í slíkum tilvikum á einhverju Norðurlandanna.

Í 22. kafla heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990 er að finna ákvæði um hávaða og titring. Þar kemur fram að forráðamönnum stofnana og fyrirtækja er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að draga úr eða koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða eða hávaða sem veldur óþægindum. Einnig kemur fram í sömu reglugerð að unnt er að krefjast sérstaks búnaðar á veitinga- og samkomuhúsum til að fyrirbyggja að gestir verði fyrir óþægindum eða heyrnarskaða af völdum hávaða.

Í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, er að finna ákvæði er stuðla eiga að öruggu og heilsusamlegu starfsumhverfi, m.a. er í lögunum mælt fyrir um setningu frekari reglna um varnir gegn hávaða á vinnustöðum. Frekari fyrirmæli um hávaðavarnir er að finna í ýmsum reglugerðum. Má þar nefna reglur nr. 500/1994, um hávaðavarnir á vinnustöðum og heyrnareftirlit starfsmanna, en þeim reglum er ætlað að koma í veg fyrir heyrnarskemmdir og skaðleg áhrif af völdum hávaða.

Í 35. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, kemur fram að ökumaður vélknúins ökutækis skuli haga meðferð þess og akstri þannig að frá því stafi ekki hávaði að óþörfu.

Þá er einnig að finna ákvæði í flestum lögreglusamþykktum sem banna hvers konar hávaða á almannafæri, sem líklegur er til að valda ónæði eða truflun.

159. Svar [105. mál]

landbúnaðarráðherrra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um úthlutanir úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjar voru úthlutanir úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins á síðustu fjórum árum, skipt niður á verkefni?*
2. *Hver er földi starfsmanna sjóðsins og hverjar voru launagreiðslur til þeirra á sama tímabili?*

Lög nr. 46/1985 mótuðu fjárhagsramma sjóðsins árin 1986–92. Þó skorti 300 millj. kr. á framlög til sjóðsins síðasta ár.

Í búvörusamningi frá 11. mars 1991 er sagt til um framlög til sjóðsins og til hvers eigi að nota fé, þ.e. „til atvinnuuppbyggingar til sveita og verkefna sem stuðla að aukinni framleiðni í íslenskum landbúnaði".

Aðgerðir til að laga kindakjöts- og mjólkurframleiðslu að stefnu búvörusamnings.

Framlög sjóðsins til að laga framleiðslu kindakjöts að stefnu búvörusamnings voru 21,5 millj. kr. og 43,2 millj. kr. vegna mjólkurframleiðslu.

Greitt var fyrir útflutning á kindakjöti vegna frestunar á niðurfærslu á framleiðsluréttí á svonefndum sauðfjársvæðum við aðlögun framleiðslunnar að innlendum markaði við upphaf búvörusamnings frá 1991. Greiðslur vegna mjólkur eru vegna niðurfærslu á

mjólkurrétti einstakra framleiðenda við að mjólkurréttur, sem leigður hafði verið sjóðnum, var tekinn í notkun á ný verðlagsárið 1992–93.

Beinar aðgerðir til að efla atvinnu í dreifbýli.

1. Til framkvæmda á lögbýlum (búháttabreytingar):

Hámarksframlag getur nú orðið 1.294.000 kr. eða 30% af viðurkenndum stofnkostnaði. Nokkuð jöfn eftirspurn er eftir stuðningi vegna framkvæmda sem snerta ferðamál, iðnþjónustu og starfsemi tengda hestum.

Veitt framlög	Umsóknir	Samþ. fjöldi framlaga
1991	42	26
1992	58	44
1993	60	33
1994	55	43

2. Til stofnunar og/eða eflingar fyrirtækja með aðild bænda:

Um að ræða framlög til heimaaðila, t.d. búnaðarfélaga, til að leggja fram sem hlutafé í viðkomandi fyrirtæki, en einnig getur verið um beinan stuðning að ræða.

Við ákvörðun framlags er þess krafist að a.m.k. jafnhátt framlag komi frá öðrum aðilum.

Ákvörðun um stuðning og upphæð framlags tekur mið af þýðingu hlutaðeigandi fyrirtækis fyrir atvinnu á svæðinu.

Veitt framlög	Aðilar alls	Millj. kr.
1991	14	80
1992	15	37
1993	15	58
1994	13	40

3. Smáverkefnasjóður landbúnaðarins:

Framleiðnisjóður hefur kostað atvinnumálafulltrúa á vegum bændasamtakanna frá árinu 1991 og jafnframt lagt Smáverkefnasjóði til fjármuni.

Smáverkefnasjóður hóf starfsemi í ársbyrjun 1991. Til ársloka 1994 nema samþykktir styrkir 37,2 millj. kr. til 236 aðila.

Smáverkefnasjóður hefur staðið fyrir fjölda atvinnumálaráðstefna víða um land og lagt sérstaka áherslu á að auka atvinnuþátttöku kvenna í dreifbýli.

Sérstök nefnd, samstarfsnefnd um atvinnu í sveitum, er jafnframt stjórn Smáverkefnasjóðs landbúnaðarins. Landbúnaðarráðherra skipar formann nefndarinnar. Þá hefur Framleiðnisjóður sérstaklega styrkt handverkshópa til að koma sér upp söluaðstöðu og sameiginlegri vinnuaðstöðu, til tækjakaupa og til að afla þekkingar. Sem dæmi má nefna Þingborg, Ullarselið á Hvanneyri, Gallerí Bardúsu, Goðafossmarkaðinn o.fl.

4. Loðdýrarækt:

Veitt framlög	Millj. kr.
1991	63,6
1992	70,3
1993	38,5
1994	34,6

Auk þessa hefur sjóðurinn veitt bakábyrgðir vegna afurðalána til loðdýrabænda.

Óbeinar aðgerðir.

1. Endurmenntun:

Árlega sækja 500–1.000 manns námskeið á búnaðarskólum sem Framleiðnisjóður styrkir. Meðalupphæð styrks er um 15.000 kr. Einnig hefur sjóðurinn veitt héraðsráðunautum styrki til endurmenntunar og búfræðikandídötum styrki til framhaldsnáms.

Veitt framlög	Millj. kr.
1991	10,9
1992	18,9
1993	16,9
1994	18,5

2. Rannsóknir og þróunarstarf:

Markmið Framleiðnisjóðs með stuðningi við rannsóknir er að auðvelda íslenskum landbúnaði að takast á við ný viðfangsefni og aðlagast breyttum aðstæðum.

Leitast er við að fylgja þeim áherslum sem samtök búgreina móta um val á viðfangsefnum. Einnig hefur sjóðurinn átt samstarf við Rannsóknarráð Íslands um samfjármögnun rannsóknaverkefna. Umfangsmestu verkefnin eru á sviði bleikjueldis og kynbóta.

Þá hefur Framleiðnisjóður lagt fram fé til að byggja upp og/eða endurnýja rannsóknaraðstöðu og tæki til rannsókna, oft í samvinnu við Rannsóknarráð og ríkissjóð.

Veitt hefur verið fé til margháttaðra þróunarverkefna, t.d. á vegum ferðaþjónustu bænda, bændasamtakanna, búgreinafélaga, yfirdýralæknisembættisins, markaðsnefndar landbúnaðarins og Upplýsingaþjónustu landbúnaðarins.

Veitt framlög	Rannsóknar- og þróunarverkefni m.kr.	Markaðsöflunar-verkefni m.kr.
1991	89,5	62,8
1992	64,3	52,7
1993	112,2	83,5
1994	75,9	78,5

Starfsmenn og launagreiðslur.

Hjá Framleiðnisjóði voru tvö til þrjú stöðugildi umrædd ár og voru launagreiðslur þessar:

	Millj. kr.
1991	3,8
1992	4,8
1993	4,9
1994	5,1

Í ársskýrslu Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er að finna reikninga sjóðsins ásamt ítarlegum upplýsingum um starfsemi og viðfangsefni.

Ársskýrsla fyrir árið 1994 verður gefin út ásamt ársskýrslu fyrir árið 1995 snemma á næsta ári.

160. Frumvarp til laga [134. mál]

um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verði 2. mgr., sem orðast svo:

Tryggingagjald samkvæmt lögum þessum er samsett af tveimur gjöldum, almennu tryggingagjaldi og atvinnutryggingagjaldi.

2. gr.

Í stað 1. mgr. 2. gr. laganna komi þrjár málsgreinar er orðast svo:

Atvinnutryggingagjald skal vera 1,5% af gjaldstofni skv. III. kafla.

Fyrir lok október ár hvert skal Atvinnuleysistryggingasjóður gefa fjármálaráðherra skýrslu um fjárhagslega stöðu sjóðsins, þar sem gerð verði grein fyrir fyrirsjáanlegum útgjöldum á næsta fjárhagsári með hliðsjón af fyrirliggjandi spá Þjóðhagsstofnunar um atvinnuleysi og öðrum atriðum sem áhrif hafa á fjárhagslega stöðu sjóðsins. Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta hundraðshluta atvinnutryggingagjalds skal fjármálaráðherra flytja frumvarp þar að lútandi á Alþingi.

Almennt tryggingagjald skal lagt á í tveimur gjaldflokkum, sérstökum og almennum. Í sérstökum gjaldflokki, sbr. 4. mgr., skal hundraðshluti gjaldsins vera 2,05% af gjaldstofni og í almennum gjaldflokki, sbr. 5. mgr., skal hundraðshluti gjaldsins vera 5,35% af gjaldstofni.

3. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Tekjur af atvinnutryggingagjaldi skulu renna til Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Tekjum af almennu tryggingagjaldi skal ráðstafað sem hér segir:

1. Vinnueftirlit ríkisins fái í sinn hlut sem nemi allt að 0,08% af gjaldstofni skv. III. kafla. Þetta hlutfall skal ákveðið með reglugerð sem félagsmálaráðuneytið setur í samráði við stjórn stofnunarinnar fyrir eitt ár í senn.
2. Tekjur af almennu tryggingagjaldi umfram það sem ákveðið er í 1. tölul. renni til Tryggingastofnunar ríkisins til að fjármagna lífeyris- og slysatryggingar almannatrygginga eftir reglum sem fjármálaráðherra setur með reglugerð.

Um hlutdeild opinberra byggingarsjóða í almennu tryggingagjaldi fer eftir ákvæðum laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, svo og ákvæðum lánsfjárlaga og fjárlaga hverju sinni.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 3. mgr. 6. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „720.000“ í 2. málsl. kemur: 748.224
b. 3. málsl. fellur brott.

5. gr.

Í stað orðsins „tryggingagjalds“ í viðauka I við lögin komi: almenns tryggingagjalds.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1996 og koma til framkvæmda við staðgreiðslu tryggingagjalds á árinu 1996 og álagningu á árinu 1997.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í þessu frumvarpi eru lagðar til breytingar á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum. Meginbreytingin sem hér er lögð til felst í því að lagt er til að tryggingagjaldi verði skipt upp í tvö gjöld, atvinnutryggingagjald og almennt tryggingagjald. Þannig verði í lögunum gerður skýr greinarmunur á tryggingagjaldinu eftir því hvort tekjurnar renna til Atvinnuleysistryggingasjóðs eða til annarra. Gert er ráð fyrir að hundraðshluti tryggingagjaldsins hækki um 0,5% til að mæta aukinni fjárþörf Atvinnuleysistryggingasjóðs. Jafnframt er gert ráð fyrir að lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð verði breytt á þann veg að fellt verði út ákvæði sem kveður á um að ríkissjóður leggi sjóðnum til jafnhátt framlag og nemur tekjum hans af tryggingagjaldi.

Þá eru lagðar til breytingar til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi til laga um tekjuskatt og eignarskatt sem fjármálaráðherra leggur fram. Þar er um að ræða afnám sjálfvirkrar verðbreytingar fjárhæðar í 3. mgr. 6. gr. og er lagt til að fest verði í lög sú fjárhæð sem lögð var til grundvallar við álagningu tryggingagjalds í ár.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að tryggingagjaldi verði skipt upp í tvö gjöld, þ.e. atvinnutryggingagjald og almennt tryggingagjald. Gert er ráð fyrir að tekjum af atvinnutryggingagjaldi verði að fullu ráðstafað til Atvinnuleysistryggingasjóðs en tekjum af almennu tryggingagjaldi verði ráðstafað til annarra sem fengið hafa tekjur af tryggingagjaldi hingað til. Breytingin hefur ekki í för með sér breytingar á innheimtu tryggingagjalds heldur snýr hún einungis að því að draga skýrar línur á milli þess hluta tryggingagjaldsins sem ráðstafað er til Atvinnuleysistryggingasjóðs og þess hluta sem ráðstafað er til annarra.

Um 2. gr.

Lagðar eru til breytingar á skatthlutföllum. Breytingar þessar fela annars vegar í sér þá skiptingu sem ákveðin er í 1. gr. frumvarpsins og hins vegar hækkun á hlutfalli tryggingagjaldsins sem skilar sér að fullu í atvinnutryggingagjaldinu til að mæta aukinni fjárþörf Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Það nýmæli er í greininni að gert er ráð fyrir að sú skylda verði lögð á fjármálaráðherra að flytja frumvarp til laga um breytingar á skatthlutfalli atvinnutryggingagjalds ef í ljós kemur að því þurfi að breyta sökum fjárhagslegrar stöðu sjóðsins eins og hún er í lok október ár hvert með hliðsjón af fyrirliggjandi spám um atvinnustig og öðrum þeim atriðum sem áhrif kunna að hafa á fjárhagslega stöðu sjóðsins á næsta fjárhagsári. Eðli máls samkvæmt getur þetta hvort heldur sem er leitt til hækkunar gjaldsins eða lækkunar.

Um 3. gr.

Lagðar eru til breytingar á 3. gr. laganna sem fjallar um ráðstöfun tryggingagjalds til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til í 1. og 2. gr. frumvarpsins. Þá er gert ráð fyrir að ráðherra geti með reglugerð sett reglur um með hvaða hætti tekjum af tryggingagjaldi skuli ráðstafað til að fjármagna lífeyris- og slysatryggingar almannatrygginga. Lagt er til að fjármálaráðherra geti með reglugerð sett reglur um hvernig tekjum af tryggingagjaldi skuli ráðstafað til að standa straum af lífeyris- og slysatryggingum almannatrygginga. Gert er ráð fyrir að við setningu slíkra reglna verði höfð hliðsjón af fjárhagslegri stöðu hvorrar tryggingagreinarinnar um sig.

Um 4. gr.

Í þessari grein er tekin úr sambandi sú sjálfvirka verðbreyting sem innbyggt hefur verið í lögin að gerð skuli árlega á fjárhæð þeirri sem tilgreind er í 3. mgr. 6. gr. laganna. Er þessi breyting af sama toga og þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi því sem fjármálaráðherra leggur fram um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Um 5. gr.

Í þessari grein er lögð til breyting á viðauka I við lögin til samræmis við skiptingu tryggingagjalds í atvinnutryggingagjalds og almennt tryggingagjald, sbr. 1. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

161. Frumvarp til laga [135. mál]

um breyting á lögum nr. 48/1992, um breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði laga þessara skulu þó ekki koma til framkvæmda um Iðnþróunarsjóð fyrr en við álagningu 1996 vegna tekna frá og með 9. mars 1995 til 31. desember 1995 og eigna í lok þess árs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma skulu falla niður tekjuskattur, eignarskattur og sérstakur eignarskattur sem lagður var á Iðnþróunarsjóð á árinu 1995 vegna tekna ársins 1994 og eigna í lok þess árs. Við ákvörðun á fyrirframgreiðslu þinggjalda Iðnþróunarsjóðs á árinu 1996 skal miða við 80% þeirra þinggjalda sem voru álögð á árinu 1995.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 48/1992, að því er varðar skattskyldu Iðnþróunarsjóðs. Með lögum þessum voru gerðar breytingar á lögum nr. 65/1982 þannig að opinberir fjárfestingarlánasjóðir voru gerðir skattskyldir. Sérákvæði var þó sett í bráðabirgðaákvæði sem gerði ráð fyrir að Iðnþróunarsjóður yrði ekki skattlagður fyrr en við álagningu ársins 1995. Var sú ráðstöfun byggð á því að fyrirheit höfðu verið gefin til annarra Norðurlandanna sem voru eignaraðilar að sjóðnum um að ekki yrði af skattlagningu hans fyrr en sjóðurinn yrði að fullu kominn í eigu íslenskra aðila sem skyldi verða þegar stofnfé hinna Norðurlandanna hefði verið að fullu endurgreitt. Þessi eignayfirfærsla varð ekki fyrr en 9. mars 1995 og var sjóðurinn gerður upp miðað við 8. mars 1995.

Með hliðsjón af þessu þykir eðlilegt með vísan til þeirra forsendna sem lágu að baki frestun skattskyldu Iðnþróunarsjóðs að ákvæðum laganna verði breytt á þann veg að skattskylda sjóðsins taki ekki gildi fyrr en við það tímamark er sjóðurinn varð að fullu í eigu íslenska ríkisins. Eru í frumvarpinu lagðar til breytingar á lögum til samræmis við þetta.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um athugasemdir vísast til almennra athugasemda.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist þegar gildi. Í ákvæðinu er jafnframt kveðið á um að felld verði niður þau gjöld sem lögð hafa verið á Iðnþróunarsjóð á grundvelli laga nr. 65/1982, um skattskyldu lánastofnana, með síðari breytingum. Eðlilegt þykir að sérstaklega sé kveðið á um fyrirframgreiðslu upp í væntanlega álagningu þinggjalda ársins 1996. Er þar tekið tillit til þess að skattskyldan tekur ekki gildi fyrr en frá og með 9. mars 1995.

162. Frumvarp til laga [136. mál]

um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

Síðari málsliður 6. mgr. 28. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

2. mgr. 34. gr. laganna orðast svo:

Að móttekinni álagningarskrá skv. 1. mgr. skal ríkisskattstjóri ákveða greiðslustöðu hvers gjaldanda með samanburði á álagningarskrá og skrá um staðgreiðslu á staðgreiðsluárinu, að teknu tilliti til álags skv. 121. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í framhaldi af áliti umboðsmanns Alþingis, í máli nr. 877/1993, þar sem umboðsmaður vekur athygli Alþingis og fjármálaráðherra á ákvæðum 6. mgr. 28. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sem kveður á um málskot til ríkisskattstjóra vegna álagsbeitingar á vanskilafé. Umboðsmaður telur nauðsynlegt að tekið verði til athugunar hvort ekki sé rétt að fela yfirskattanefnd með ótvíræðum hætti að fjalla um niðurfellingu álags skv. 6. mgr. 28. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Með hliðsjón af áliti umboðsmanns Alþingis er lagt til að ákvæði síðari málsliðar 6. mgr. 28. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, falli brott úr lögunum. Með því verður úrskurður skattstjóra um álag í staðgreiðslu kæranlegur til yfirskattanefndar og er það í samræmi við valdsvið sem nefndinni er afmarkað í lögum, sbr. 2. gr. laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, en þar er sérstaklega tekið fram að valdsvið yfirskattanefndar nái til ákvörðunar skatta og gjalda samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Þá eru í frumvarpinu lagðar til breytingar á 34. gr. með hliðsjón af breytingum sem lagðar eru til í frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Breytingin felst í því að lagt er til að í stað verðbóta á mismun álagningar og staðgreiðslu komi 2,5% álag.

163. Frumvarp til laga [137. mál]

um breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „5,62 kr.“ kemur: 5,86 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „3,65 kr.“ kemur: 3,80 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „2.870 kr.“ kemur: 2.993 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „18.136 kr.“ kemur: 18.915 kr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Orðin „en eindagi er síðasti dagur næsta mánaðar eftir gjalddaga“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er verður 2. málsl. og orðast svo: Eindagar bifreiðagjalds eru 31. janúar og 31. júlí ár hvert.
c. Í stað fjárhæðarinnar „500 kr.“ í 2. mgr. kemur: 523 kr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er verður 2. málsl. og orðast svo: Eiganda eða umráðmanni bifreiðar er þó ekki skylt að færa sönnur á að hafa greitt gjaldfallið bifreiðagjald fyrr en eftir eindaga.
b. 2. mgr. orðast svo:
   Óheimilt er að skrá eigendaskipti að bifreið nema gjaldfallið bifreiðagjald hafi áður verið greitt.

4. gr.

5. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Í stað orðanna „Bifreiðaeftirliti ríkisins“ í 7. gr. laganna kemur: skoðunarstöðvum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald. Samkvæmt lögunum er meginreglan sú að greiða ber bifreiðagjald af öllum bifreiðum sem skráðar eru hér á landi. Upphæð bifreiðagjalds, sem lagt er á tvisvar á ári, er í dag ákvörðuð með þeim hætti að í lögunum er kveðið á um grunnfjárhæðir sem fjármálaráðherra er svo heimilt að hækka í réttu hlutfalli við hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög 42/1987, með því að gefa út reglugerð. Lagt er til að upphæð bifreiðagjaldsins verði ákveðin í lögunum og felld niður heimild ráðherra til

að hækka gjaldið með reglugerð. Í stað þess verði tekin ákvörðun um það hvort hækka eigi gjaldið í tengslum við afgreiðslu fjárlaga ár hvert. Er hér um að ræða breytingu til samræmis við breytingar sem lagt er til að verði á lögum um tekjuskatt- og eignarskatt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum með þessu frumvarpi er lagt til að upphæð bifreiðagjalds verði ákveðin í lögunum. Til að gera þessa breytingu mögulega eru fjárhæðir þær sem fram koma í lögunum hækkaðar til samræmis við upphæð gjaldsins við álagningu 1. júlí 1995, sbr. auglýsingu nr. 344/1995 um hækkun bifreiðagjalds 1. júlí 1995. Ekki er gert ráð fyrir hækkun á gjaldinu. Í 5. gr. laganna er heimild ráðherra til að hækka bifreiðagjaldið með reglugerð í réttu hlutfalli við vísitölu byggingarkostnaðar og er lagt til að hún verði felld brott. Í framtíðinni verður það því hlutverk löggjafans að ákveða hækkun bifreiðagjalds í stað þess að lögin kveði á um vísitölubundna hækkun.

Um 2. gr.

Lagt er til að eindagar bifreiðagjalds verði færðir fram um einn mánuð. Eindagar gjaldsins verða því 31. janúar og 31. júlí ár hvert. Meginástæða þessarar breytingar er að gera breytinguna, sem lögð er til í 3. gr. frumvarpsins, mögulega. Þar er lagt til að heimilt verði að skoða bifreið fram að eindaga þrátt fyrir að bifreiðagjaldið sé gjaldfallið. Því að það er skilyrði fyrir árlegri aðalskoðun bifreiðar að gjaldfallið bifreiðagjald hafi verið greitt. Hafi gjaldfallið bifreiðagjald ekki verið greitt er aðila neitað um skoðun. Framkvæmdin hefur því verið sú að í tvo mánuði á ári hefur aðilum verið neitað um skoðun án þess að bifreiðagjaldið hafi verið fallið í eindaga. Hefur þessi framkvæmd mælst illa fyrir og verið bent á að þar sem ekki sé komið að eindaga sé bifreiðagjaldið ekki komið í vanskil og þess vegna ekki ástæða til þess að neita að skoða bifreiðina. Til þess að auðvelda innheimtu, minnka álag á skoðunarstöðvum og aðlaga innheimtu gjaldsins að þörfum gjaldenda er lagt til með frumvarpi þessu að styttur verði tíminn milli gjalddaga og eindaga og skoðunarstöðvum verði heimilað að skoða bifreiðar fyrir eindaga þrátt fyrir að bifreiðagjald hafi ekki verið greitt.

Í c-lið greinarinnar er lagt til að fjárhæðin 500 kr. verði hækkuð í 523 kr, en fjárhæðin 523 kr. er sú fjárhæð sem fram kemur í lögunum, reiknuð miðað við vísitölu október 1995. Um er að ræða lækkun í framkvæmd því að samkvæmt auglýsingu nr. 344/1995, um hækkun bifreiðagjalds 1. júlí 1995, var lágmarksgjaldið 1.183 kr. Er því ekki í lögum þessum um hækkun að ræða miðað við framkvæmdina í dag. Lágmarksgjald vegna nýskráningar hefur verið hækkað reglulega til samræmis við fjárhæðirnar í 1. gr. frumvarpsins og lögbundna vísitöluhækkun en var ekki hækkuð í lögum nr. 122/1993 eins og fjárhæðirnar í 1. gr. laganna. Lagt er til að í framtíðinni verði hækkun bifreiðagjalds háð ákvörðun löggjafans í tengslum við afgreiðslu fjárlaga ár hvert.

Um 3. gr.

Með þessari breytingu er tekin skýr afstaða til þess að óheimilt sé að skrá eigendaskipti að bifreið hafi gjaldfallið bifreiðagjald ekki verið greitt. Tilgangur þessarar breytingar er fyrst og fremst sá að tryggja betri innheimtu bifreiðagjalds og koma í veg fyrir að kaupendur bifreiða lendi í að þurfa að greiða bifreiðagjald sem lagt var á fyrri eiganda, en eins og fram hefur komið er það skilyrði fyrir skoðun að gjaldfallið bifreiðagjald hafi verið greitt. Gert er ráð fyrir að upplýsingar um þessa tilhögun muni koma fram

á sölutilkynningum sem Bifreiðaskoðun Íslands hf. lætur útbúa og notaðar eru við eigendaskipti almennt. Jafnframt er sett ákvæði um að heimilt sé að skoða bifreiðar þrátt fyrir að gjalddagi bifreiðagjalds sé liðinn sé eindagi gjaldsins ekki kominn. Átt er við þrjátíu daga tímabil frá 1. til 31. janúar og 1. til 31. júlí sem skapast við álagningu gjaldsins 1. janúar og 1. júlí ár hvert. Þessi breyting tengist breytingunni í 2. gr.

Um 4. gr.

Í 5. gr. laganna er ráðherra heimilað að hækka upphæð bifreiðagjalds með reglugerð í samræmi við hækkun vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 42/1987. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu er lagt til að felld verði niður heimild ráðherra til að hækka bifreiðagjaldið með reglugerð. Í samræmi við þá fyrirætlan er lagt til að 5. gr. laganna verði felld brott og þess í stað verði ákvörðun um það hvort hækka eigi gjaldið tekin í tengslum við afgreiðslu fjárlaga ár hvert.

Um 5. gr.

Hér er einungis um orðalagsbreytingu að ræða. Þegar lögin tóku gildi 20. maí 1988 sá Bifreiðaeftirlit ríkisins um skoðun bifreiða. Í dag eru nokkrar skoðunarstöðvar og hefur verið gerður samningur við þær um innheimtu gjaldsins fyrir ríkissjóð.

Um 6. gr.

Ákvæði þetta þarfnast ekki skýringa.

164. Fyrirspurn [138. mál]

til dómsmálaráðherra um rekstur neyðarsímsvörunar.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Við hverja hefur verið samið um rekstur neyðarsímsvörunar í landinu og hver er þáttur hvers aðila fyrir sig í því sambandi?
2. Hverjar voru forsendur hins faglega mats sem sagt var í frumvarpi til laga um neyðarsímsvörun að lagt yrði til grundvallar við val rekstraraðila og hvernig fór það fram?
3. Verður tryggt, hér eftir sem hingað til, að lögregla og slökkvilið annist fyrstu móttöku tilkynninga um ófarir, afbrot eða önnur neyðartilvik í landinu og hvaða áhrif kemur þessi nýja þjónusta til með að hafa á þjónustu þessara aðila?
4. Hver verður kostnaður af þessari þjónustu?

Skriflegt svar óskast.

165. Tillaga til þingsályktunar [139. mál]

um nýtt mat á jarðskjálftahættu og styrkleika mannvirkja á Suðurlandi.

Flm.: Guðni Ágústsson, Guðmundur Lárusson, Lúðvík Bergvinsson, Árni Johnsen, Ísólfur Gylfi Pálmason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera ítarlega úttekt á íbúðarhúsum, atvinnuhúsnæði og öðrum mannvirkjum á Suðurlandi með tilliti til jarðskjálftahættu. Í framhaldi af slíkri úttekt verði gerð áætlun um úrbætur til að styrkja eða úrelda mannvirki sem talin eru ótraust. Jarðskjálfta- og jarðfræðingum verði falið að kortleggja nákvæmlega svæði með tilliti til staðbundinnar jarðskjálftahættu, svo sem staði þar sem í jarðskjálftum er hætta á sprungum á yfirborði og staði þar sem laus yfirborðslög geta magnað upp áhrif jarðskjálfta. Að þessu verði unnið í samstarfi við sveitarfélög á Suðurlandi.

Greinargerð.

Þótt farið sé eftir byggingarstaðli við byggingu húsa er ekki öruggt að þau muni þola stóran jarðskjálfta. Þekkingunni sem byggingarstaðlar eru grundaðir á fleygir stöðugt fram og oft mundu menn hafa byggt öðruvísi hér áður fyrr ef þekkingin hefði verið meiri. Þá er ekki ólíklegt að stundum hafi reglugerðum ekki verið fylgt nægilega vel eftir við gerð húsa og undirstöðu þeirra. Einnig eru dæmi um að burðarvirki húsa hafi verið veikt með síðari tíma breytingum. Markmiðið með úttektinni er að finna veika hlekki eða slysagildrur út frá þeirri þekkingu sem best gerist nú. Með úrbótum á grundvelli slíkrar úttektar má draga úr því tjóni sem stór skjálfti gæti valdið.

Þekkingu á jarðskjálftasvæði Suðurlands hefur mjög fleygt fram á síðari árum. Gert hefur verið áhættumat sem byggist á reynslu og almennri þekkingu á eðli Suðurlandssvæðisins. Þetta áhættumat er gróft í þeim skilningi að það tekur ekki til staðbundinna frávika sem geta verið veruleg innan svæðisins. Sprungur hafa verið kortlagðar og um sumar er vitað að þær hafa breyst í stórum jarðskjálftum. Með nýrri tækni er unnt að meta staðbundin frávik frá almennu áhættunni á svæðinu. Með nýja jarðskjálftamælanetinu, svokölluðu SIL-kerfi, er unnt að rekja virkar sprungur neðan jarðar þótt þær sjáist ekki á yfirborði sem og að finna spennustefnu, hvort tveggja út frá mælingum á smáskjálftum. Þá er einnig unnt með staðbundnum mælingum og jarðfræðilegu mati að finna staði þar sem líkur eru á að jarðskjálftabylgjur frá stórum skjálftum magnist upp.

166. Svar [104. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um Jarðasjóð.

1. *Hve margar jarðir keypti Jarðasjóður síðustu fimm ár? Hvert var heildarkaupverðið og hverjar eru skuldbindingar sjóðsins?*

Frá 1. janúar 1990 til 1. nóvember sl. hefur Jarðasjóður keypt sex jarðir. Heildarkaupverð þeirra var 47.027.454 kr. Jarðasjóður ríkisins er starfræktur við jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins samkvæmt lögum um Jarðasjóð, nr. 34/1992 (áður VI. kafli jarða-

laga, nr. 65/1976, sbr. breytingu með lögum nr. 90/1984). Hlutverk sjóðsins er að kaupa jarðir bænda sem hafa afsalað sér framleiðslurétti og jarðir sem ekki seljast á frjálsum markaði og að aðstoða sveitarfélög með lánveitingum við eigendaskipti að jörðum. Ekki hefur verið litið svo á að Jarðasjóði bæri að annast málefni og skuldbindingar sem tengjast þeim jörðum sem sjóðurinn kaupir, heldur hafa Jarðeignir ríkisins tekið við jörðunum og þeim skuldbindingum sem Jarðasjóður tekst á hendur við jarðakaup. Er þá átt við yfirtekin veðlán sem áfram hvíla á jörðunum ef þau eru ekki greidd upp af Jarðasjóði á kaupárinu.

2. *Hversu margar jarðir voru seldar síðustu fimm ár? Hvert var heildarsöluverðið?*

Frá 1. janúar 1990 til 1. nóvember sl. hafa verið seldar 14 jarðir, þinglýstar eignir Jarðasjóðs (áður Jarðakaupasjóðs). Heildarsöluverð var 35.946.618 kr.

3. *Hversu margar bújarðir eru í eigu og umsjón ríkisins þar sem ekki er stundaður hefðbundinn búskapur? Hversu margar eru í útleigu?*

Í eigu og umsjón ríkisins eru 702 jarðir. Af þeim eru 520 í ábúð og 182 í eyði. Ekki eru fyrir hendi upplýsingar um á hve mörgum jörðum hefðbundinn búskapur er stundaður. Allar jarðir á vegum jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins eru í leiguafnotum, annaðhvort til ábúðar eða nytja án búsetu.

4. *Hversu mörgum þeirra fylgja hlunnindi, svo sem laxveiði eða dúntekja? Ef um hlunnindi er að ræða, hverjar eru tekjur sjóðsins af þeim?*

Ekki er til sérstök samantekt eða yfirlit yfir hlunnindi sem fylgja þeim jörðum sem Jarðasjóður og áður Jarðakaupasjóður hafa keypt á umliðnum árum og áratugum. Þess ber að geta að jarðir, sem ríkissjóður hefur eignast fyrir kaup sjóðsins, eru ekki sérgreindar að neinu leyti frá öðrum þjóðjörðum eða kirkjujörðum sem eru á forræði jarðadeildar ráðuneytisins. Skv. 10. tölul. 9. gr. reglugerðar nr. 96/1969 fer landbúnaðarráðuneytið með mál er varða þjóð- og kirkjujarðir og skv. 36. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, fer jarðadeild ráðuneytisins með málefni jarða í ríkiseign nema annað sé ákveðið í lögum. Fylgi hlunnindi jörðum eru þau sérmetin í fasteignamati og er árleg leiga af þeim og þar með tekjur sjóðsins þá yfirleitt 3% af fasteignamati viðkomandi hlunninda. Skv. 4. gr. áðurnefndra laga nr. 34/1992, um Jarðasjóð, eru tekjur sjóðsins þessar:

a. andvirði seldra ríkisjarða,
b. afgjald ríkisjarða sem eru á forræði ráðuneytisins og
c. framlag á fjárlögum ár hvert sem nauðsynlegt er talið til þess að sjóðurinn geti gegnt hlutverki sínu.

5. *Hver er fjöldi starfsmanna sjóðsins? Hvert er hlutverk hvers fyrir sig? Hverjar eru heildarlaunagreiðslur sjóðsins?*

Eins og áður er fram komið er Jarðasjóður starfræktur við jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins. Ekki er um það að ræða að sjóðurinn hafi sérstaka starfsmenn eða að ákveðinn starfsmaður sinni eingöngu málefnum sjóðsins. Framkvæmd laga nr. 34/1992, um Jarðasjóð, er í höndum starfsmanna á aðalskrifstofu ráðuneytisins, lögfræði- og eignasviðs. Bókhaldsvinna fyrir Jarðeignir ríkisins og Jarðasjóð er unnin af Ríkisbókhaldi. Í fjárlögum fyrir árið 1995 kemur fram að Jarðasjóði og Jarðeignum ríkisins er ætlað að greiða 5,5 millj. kr. í laun, en þar er um að ræða laun úttektarmanna sveitarfélaga sem

hafa það hlutverk að meta eignir fráfarandi ábúenda á ríkisjörðum (áætlað 1,5 millj. kr.), svo og laun og launakostnað fyrrverandi ráðuneytisstjóra í landbúnaðarráðuneytinu samkvæmt sérstöku starfssamkomulagi hans við fyrrverandi landbúnaðarráðherra sem undirritað var 18. janúar 1995 (áætlað 4 millj. kr.). Gert er ráð fyrir því í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1996 að sami háttur verði hafður á um launagreiðslur Jarðasjóðs og Jarðeigna ríkisins.

167. Tillaga til þingsályktunar [140. mál]

um staðfestingu Alþingis á samningum ríkisvaldsins um stofnframkvæmdir og viðhald heilbrigðisstofnana.

Flm.: Guðmundur Árni Stefánsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Lúðvík Bergvinsson, Össur Skarphéðinsson, Gísli S. Einarsson, Jón Baldvin Hannibalsson.

Alþingi ályktar að staðfesta eftirtalda samninga sem gerðir hafa verið af hálfu framkvæmdarvaldsins, heilbrigðisráðherra, með og án fjármálaráðherra, við sveitarstjórnir og forsvarsmenn viðkomandi stofnana um nýframkvæmdir og endurbætur á heilbrigðisstofnunum:

1. samning um byggingu hjúkrunarheimilis fyrir aldraða á Fáskrúðsfirði,
2. samning um byggingu D-álmu við Sjúkrahús Suðurnesja í Keflavík (nú Reykjanesbæ),
3. samning um endurbætur á sjúkrahúsi St. Fransiskussystra í Stykkishólmi,
4. samning um byggingu hjúkrunarheimilis á Höfn í Hornafirði,
5. samning um byggingu heilsugæslustöðvar í Laugarási,
6. samning um byggingu þjónustuhúss við dvalar- og hjúkrunarheimilið á Hvammstanga,
7. samning um byggingu legudeildarálmu við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri,
8. samning um viðgerðir og klæðningu Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði,
9. samning um heilsugæslustöð og hjúkrunarheimili á Þingeyri,
10. samning um verklok framkvæmda við Sjúkrahúsið á Blönduósi,
11. samning um byggingu heilsugæslustöðvar í Kópavogi.

Greinargerð.

Í lýðræðisríki er mikilvægt að allur almenningur hafi glöggan skilning og traustar upplýsingar um ákvarðanir stjórnvalda; átti sig á því hver hefur heimild til ákvarðana sem varðar líf og framtíð fólks og hvernig þær eru teknar. Nokkur misbrestur er á því að þannig sé um hnúta búið í okkar stjórnkerfi. Þekkt eru álitamál um „grá svæði“ milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds og með réttu hefur það verið gagnrýnt að í of ríkum mæli hafa framkvæmdarvald, ráðuneyti og ríkisstjórn tekið ákvarðanir sem þingi og þjóð er lítt kunnugt um og lagaheimildir þar að lútandi oft æði óljósar. Í þessu samhengi er einnig ástæða til að benda á beitingu bráðabirgðalaga.

Þingsályktunartillagan sem hér flutt er ekki síst til þess fallin að eyða óvissu í þessu efni. Lagt er til að Alþingi taki af öll tvímæli um samninga ríkis, sveitarfélaga og forsvarsmanna tiltekinna ríkisstofnana á vettvangi heilbrigðismála hvað varðar framtíðaruppbyggingu þeirra.

Ekki síst er það nauðsyn í ljósi umræðu síðustu vikna og mánaða þar sem heilbrigðisráðherra hefur látið þau viðhorf í ljós að ekki sé stefnt að því að hálfu heilbrigðisráðuneytisins að standa við alla þá samninga sem viðkomandi ráðuneyti hefur á umliðnum árum gert við sveitarstjórnir og stjórnendur stofnana. Þekkt er sú viðmiðun í nefndum samningum að allar skuldbindingar ríkisvaldsins séu háðar fjárveitingum Alþingis. Eðlilega hefur verið litið svo á að þar sem viðkomandi ráðherrar, í þessu tilfelli heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra, starfa í umboði meiri hluta Alþingis hverju sinni sé um skuldbindandi samkomulag að ræða. Ef á því er orðin grundvallarbreyting, þ.e. að samkomulag sem ráðherrar undirrita er ekki lengur samkomulag sem hægt er að treysta, er nauðsynlegt að það liggi skýrt fyrir.

Með þingsályktunartillögunni er hins vegar leitað eftir staðfestingu á því þannig að enginn vafi leiki á því lengur að Alþingi styður og staðfestir þá samninga sem ráðherrar hafa gert. Með samþykkt þessarar tillögu er tryggilega frá því gengið að Alþingi, löggjafarvaldið og fjárveitingavaldið, hefur tekið skýra afstöðu til þeirra mála sem hér um ræðir. Rétt er þó að undirstrika að Alþingi hefur áður tekið efnislega afstöðu til þeirra verkefna sem hér eru nefnd; það hefur þingið gert við fjárlagagerð með „eyrnamerktum" framlögum til viðkomandi samninga. Því er íhugunarefni hvort ráðherrar hverju sinni hafi heimild til þess að ganga á svig við vilja þingsins í þessum efnum. Það er álitamál sem nauðsynlegt er að ræða mun nánar.

Með samþykkt tillögunnar yrði allri óvissu eytt. Málsmeðferðin er hliðstæð því verklagi og þeim vinnubrögðum sem þekkt eru á Alþingi t.d. hvað varðar meðferð milliríkjasamninga þar sem Alþingi staðfestir eftir á með þingsályktunartillögu gjörninga framkvæmdarvaldsins. Með afgreiðslu málsins fengju samningsaðilar heima í héraði hreinar línur, ráðherrar gerðu sér grein fyrir rétti sínum og skyldu og Alþingi markaði skýra stefnu hvað varðar framtíðarskipan þeirra mála sem hér um ræðir.

Ljóst er af því frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1996 sem nú liggur fyrir þinginu að langur vegur er frá því að fjárveitingar dugi til þeirra verkefna sem ríkisvaldið hefur skuldbundið sig til að framkvæma. Svo virðist sem aðeins 27,2 millj. kr. sé varið til fjárfestinga tilgreindra verkefna í frumvarpinu, sbr. fjárlagalið 08-381, Stofnkostnaður, 690, Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða. Auk þess er lagt til að varið sé 35 millj. kr. til nýbyggingar Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri (08-358, Stofnkostnaður, 650 Nýbygging). Þetta eru samtals 62,2 millj. kr. en fyrirliggjandi samningar um þessi sömu verkefni kalla hins vegar á um 156,5 millj. kr. 94,3 millj. kr. vantar til að unnt sé að uppfylla þessa samninga. Þessi misvísun og óljósar yfirlýsingar heilbrigðisráðherra hafa skapað óþolandi óvissu í þessu sambandi. Sjö af þeim ellefu viðfangsefnum, sem hér er gerð tillaga um að Alþingi staðfesti, eru þegar á framkvæmdastigi og ljóst að ef ekki verður um snuðulaust framhald á viðkomandi verkefnum að ræða mun hugsanlega hljótast af skaðabótakrafa á hendur ríkisvaldinu.

Algengt ákvæði í þeim samningum sem hér um ræðir er að kveðið sé á um að greiðslur ríkissjóðs séu háðar fjárveitingum Alþingis. Að sumu leyti er hér um eðlilegan fyrirvara að ræða. Vissulega er þekkt að ákvæði laga sem Alþingi hefur samþykkt hafi ekki komið til framkvæmda við samþykkt fjárlaga. Nægir þar að nefna grunnskólalög og það sem beinast liggur við að nefna í þessu sambandi, þ.e. vegáætlun. Það er mjög til umhugsunar í bráð og lengd hvort það sæmi virðingu Alþingis og nauðsynlegu réttaröryggi að lög stangist á við önnur, þ.e. að tiltekin lagasetning fái ekki staðfestingu þegar til afgreiðslu fjárlaga kemur.

Hvað sem því líður er þessi þingsályktunartillaga flutt í þeim tilgangi að eyða óvissu í þessum efnum og skapa nauðsynlegan trúnað og traust milli ríkisvaldsins, undirstofnana þess, sveitarfélaga, Alþingis og fólksins í landinu.

Álitamál í þessu sambandi er hvort ekki sé rétt þegar til framtíðar er litið að samningar á borð við þá sem hér um ræðir komi til umfjöllunar og ákvörðunar Alþingis hverju sinni um það leyti sem þeir eru gerðir. Um það er þó engu slegið föstu í þessari tillögu.

Meðfylgjandi eru eftirfarandi gögn:

1. Skrá yfir þá samninga sem heilbrigðisráðuneytið, með eða án aðildar fjármálaráðuneytisins, hefur gert um nýbyggingar á vettvangi heilbrigðismála eða um meiri háttar viðhald á mannvirkjum sem notuð eru til heilbrigðisþjónustu.

2. Greinargerð frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu um verkstöðu þessara samninga, verktíma og fjármálalega stöðu þeirra.

3. Afrit af greindum samningum eins og þau bárust 1. flutningsmanni frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

4. Þrjár blaðsíður (134, 139 og 246) úr fjárlögum fyrir árið 1995 þar sem fram koma fjárveitingar til þeirra verkefna sem hér er um að ræða.

Fylgiskjal I.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið:

Bréf til Guðmundar Árna Stefánssonar.

(6. nóvember 1995.)

Ráðuneytið vísar til bréfs frá 26. október sl. þar sem beðið er um skrá yfir þá samninga sem heilbrigðisráðuneytið, með eða án aðildar fjármálaráðuneytisins, hefur gert um nýbyggingar á vettvangi heilbrigðismála eða um meiri háttar viðhald á mannvirkjum sem notuð eru til heilbrigðisþjónustu.

Þá er beðið um verkstöðu allra þessara samninga, verktíma og fjármálalega stöðu þeirra og loks er óskað eftir afritum af greindum samningum.

Í ráðuneytinu hefur verið tekin saman skýrsla í samræmi við það sem um er beðið og sendist hér með eftirfarandi:

1. Upplýsingar um framkvæmdir þar sem samningar við sveitarfélög hafa verið gerðir ásamt verksamningum við verktaka.
2. Upplýsingar um samninga við sveitarfélög þar sem framkvæmdir eru ekki hafnar.
3. Samningur um byggingu hjúkrunarheimilis fyrir aldraða á Fáskrúðsfirði.
4. Samningur um byggingu D-álmu við Sjúkrahús Suðurnesja í Keflavík.
5. Samningur um endurbætur á sjúkrahúsi St. Fransiskussystra í Stykkishólmi.
6. Samningur um byggingu hjúkrunarheimilis á Höfn í Hornafirði.
7. Samningur um byggingu heilsugæslustöðvar í Laugarási.
8. Samningur um byggingu þjónustuhúss við dvalar- og hjúkrunarheimilið á Hvammstanga.
9. Samningur um byggingu legudeildarálmu við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.
10. Samningur um viðgerðir og klæðningu Fjórðungsjúkrahússins á Ísafirði.
11. Samningur um heilsugæslustöð og hjúkrunarheimili á Þingeyri.
12. Samningur um verklok framkvæmda við Sjúkrahúsið á Blönduósi.

Ráðuneytið væntir þess að þessar upplýsingar séu í samræmi við það sem um var beðið og fullnægjandi fyrir þá umfjöllun sem fyrirhuguð er á Alþingi.

F.h.r.
Páll Sigurðsson.

Upplýsingar um framkvæmdir þar sem samningar við sveitarfélög hafa verið gerðir ásamt verksamningum við verktaka:

Heilsugæslustöð og hjúkrunarheimili að Þingeyri:
Samningur undirritaður 22-11-1993 af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og fulltrúa sveitarfélags.
Samningurinn er um innréttingu á heilsugæslustöð og hjúkrunarheimili á Þingeyri, áætluð samningsupphæð er kr. 86.274.190 á vísitölu 188.8. Þar af er hluti ríkissjóðs áætlaður kr. 49.360.000.- Verksamningur við Bræðrasmiðjuna hf. á 2. áfanga verksins að upphæð kr. 32.505.054.- var undirritaður 09-02-1995.

Áfallinn kostnaður 27-07-1995		25.722.850.-
Áætluð framlög ríkissjóðs 1996	7.200.000.-	
Áætluð framlög ríkissjóðs 1997	7.200.000.-	
Áætluð framlög ríkissjóðs 1998	7.200.000.-	
Áætluð framlög ríkissjóðs 1999	7.360.000.-	

Verkstaða.
Af hluta sveitarfélags eru nú ógreiddar um 11.0 m.kr. sem, samkvæmt samningi, áttu að greiðast til verksins á árinu 1994 og 1995. Verkið var því stöðvað í maí á þessu ári með samningi við verktaka. Ennfremur fór 1. áfangi verksins mjög verulega fram úr áætlun. Fundur um stöðu mála var haldinn á Ísafirði þann 17-10-1995 og er verið að leita leiða til að leysa úr málinu. 2. áfanga verksins, sem er heilsugæslustöð og hjúkrunarheimili, átti að ljúka á þessu ári en nú er ljóst, eins og áður segir, að ekki verður unnt að ljúka þessu verki. Samkvæmt samningi milli sveitarfélags og Heilbrigðisráðuneytis átti öllum framkvæmdum að ljúka á árinu 1997.

Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði:
Samningur undirritaður 27-07-1994 af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fjármálaráðherra og fulltrúum sveitarfélaga.
Samningurinn er um utanhússviðgerðir og klæðningu á sjúkrahúsinu og er áætluð samningsupphæð alls 107.9 m.kr. Hluti ríkissjóðs er áætlaður kr. 91.715.000.-
Verksamningur við Múr- og málningarþjónustan Höfn hf. að upphæð kr. 85.020.280 var undirritaður 12-10-1994.

Áfallinn kostnaður 24-10-1995:		51.702.927.-
Áætluð framlög ríkissjóðs 1996	20.000.000.-	
Áætluð framlög ríkissjóðs 1997	8.840.000.-	
Áætluð framlög ríkissjóðs 1998	6.960.000.-	
Áætluð framlög ríkissjóðs 1999	6.915.000.-	

Verkstaða:
Verkáætlun 1994 stóðst að mestu leiti en verkið er eitthvað á eftir áætlun samkvæmt áðurnefndum samningi milli sveitarfélags og ríkissjóðs. Verkinu á að ljúka árið 1997.

Hjúkrunarheimilið Hvammstanga:
Samningur undirritaður 10-06-1994 af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og fulltrúa sveitarfélags.
Samningurinn er um byggingu eldhúss, borðstofu og fleiri stoðrýma við Sjúkrahúsið á Hvammstanga. Áætlaður heildarkostnaður er 64.6 m.kr. á vísitölu 196.0. Þar af er hluti ríkissjóðs áætlaður 37.3 m.kr. Verksamningur við Ástré hf. Hveragerði var undirritaður 07-11-1994 og er samningsupphæð kr: 66.587.405.- Verkinu á að ljúka árið 1997 samkvæmt áðurnefndum samningi milli sveitarfélags og Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.
Ljóst er að kostnaður verður hærri en áætlun gerði ráð fyrir.

Áfallinn kostnaður 27-07-1995		18.654.952.-
Áætluð framlög ríkissjóðs 1996	5.000.000.-	
Áætluð framlög ríkissjóðs 1997	5.790.000.-	
Áætluð framlög ríkissjóðs 1998	4.623.600.-	

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri:
Samningur undirritaður í byrjun árs 1994 af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fjármálaráðherra og fulltrúa sveitarfélags.
Samningurinn er um byggingu legudeildarálmu við sjúkrahúsið og innréttingu barnadeildar. Samningsupphæð er alls 290.4 m.kr. Hluti ríkissjóðs er áætlaður 246.8 m.kr.
Verksamningur um fyrsta áfanga að upphæð kr. 142.478.125 var undirritaður í júlí 1994.

Áfallinn kostnaður 27-07-1995		126.093.567
Áætluð framlög ríkissjóðs 1996	35.000.000.-	
Áætluð framlög ríkissjóðs 1997	34.000.000.-	
Áætluð framlög ríkissjóðs 1998	34.000.000.-	
Áætluð framlög ríkissjóðs 1999	25.840.000.-	

Verkstaða:
Verkið gengur samkvæmt áætlun og á þessu ári lýkur uppsteypu hússins en 1. áfanga á að ljúka á árinu 1996. Innréttingu á barnadeild á að framkvæma á árunum 1997 og 1998 samkvæmt áðurnefndum samningi milli sveitarfélags og ríkissjóðs.

Hjúkrunarheimili Höfn Hornafirði:
Samningur undirritaður 1993 af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, fjámálaráðherra og fulltrúa sveitarfélags.
Samningurinn er um byggingu hjúkrunarheimilis á Höfn í Hornafirði. Áætlaður heildarkostnaður er 125.0 m.kr. á vísitölu 189.3. Þar af er hluti ríkissjóðs áætlaður um 56.3 m.kr. og hluti Framkvæmdasjóðs aldraðra 50.0 m.kr.
Verksamningur við Hilmar Hafsteinsson Njarðvík var undirritaður í nóvember 1993 og er samningsupphæð kr: 83.446.940.-

Áfallinn kostnaður 27-07-1995		70.220.921.-
Áætluð framlög ríkissjóðs 1996	5.000.000.-	
Áætluð framlög ríkissjóðs 1997	5.153.000.-	

Verkstaða:
Verkið gengur samkvæmt áætlun og lýkur um n.k. áramót.

Heilsugæslustöðin Laugarási:
Samningur undirritaður 08-02-1995 af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, fjármálaráðherra og fulltrúum sveitarfélaga.
Samningurinn er um bygging heilsugæslustöðvar í Laugarási Biskupstungum. Áætlaður heildarkostnaður er 74.0 m.kr. á vísitölu 196.0. Þar af er hluti ríkissjóðs áætlaður 62.9 m.kr. Samningur við Þröst og Gísla, Flúðum var undirritaður 02-08-1995 og er samningsupphæð kr: 52.288.581.- Verkinu á að ljúka árið 1997.

Áfallinn kostnaður 27-07-1995		12.573.972.-
Áætluð framlög ríkissjóðs 1996	13.000.000.-	
Áætluð framlög ríkissjóðs 1997	13.400.000.-	
Áætluð framlög ríkissjóðs 1998	8.500.000.-	

Verkstaða:
Verið er að slá upp fyrir hæðinni og mun verða steypt fyrri hluta nóvembermánaðar. Gert er ráð fyrir að húsið verði fokhelt á þessu ári.

Heilsugæslustöð í Kópavogi:
Samningur var undirritaður í mars 1995 af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, fjámálaráðherra og fulltrúa sveitarfélags.
Samningurinn er um byggingu heilsugæslustöðvar við Smárahvamm í Kópavogi. Áætlaður heildarkostnaður er 119.0 m.kr. á vísitölu 199.1. Þar af er hluti ríkissjóðs áætlaður um 101.2 m.kr. Samningurinn nær aðeins til 1. áfanga hússins sem er fokhelt hús fullfrágengið að utan ásamt lóð.
Verksamningur við Byggð hf. var undirritaður 27-09-1995 og er samningsupphæð kr: 49.115.000.- Þessum áfanga á að ljúka árið 1996.

Áfallinn kostnaður 27-07-1995		19.267.384.-
Áætluð fjárveiting 1996	13.200.000.-	

Verkstaða:
Verkið gengur samkvæmt áætlun.

Upplýsingar um samninga við sveitarfélög þar sem framkvæmdir eru ekki hafnar.

Hjúkrunarheimili Fáskrúðsfirði:
Samningur við sveitarfélög var undirritaður í mars 1995. Samningurinn er um byggingu hjúkrunarheimilis á Fáskrúðsfirði og er áætlaður heildarkostnaður á vísitölu 199.1 99.5 m.kr.
Samningurinn tekur til 1. áfanga verksins sem er fokhelt hús fullfrágengið að utan. Áætlaður kostnaður 1. áfanga er um 50.0 m.kr. Þar af er hluti ríkissjóðs áætlaður 37.4 m.kr. og Framkvæmdasjóðs aldraðra 5.1 m.kr.

Áfallinn kostnaður		1.269.826.-
Fjárveiting 1995	15.000.000.-	
Áætluð fjárveiting 1996	19.900.000.-	

Fjárveiting 1993 ásamt greiðslu úr Framkvæmdasjóði aldraðra var greidd sveitarfélagi sem greiddi hönnunarkostnað.

Sjúkrahús Suðurnesja D-álma:
Samningur við sveitarfélög annars vegar, heilbrigðis-og tryggingamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis hins vegar var undirritaður í mars 1995. Samningurinn er um byggingu svokallaðrar D-álmu við Sjúkrahús Suðurnesja og er áætlaður heildarkostnaður á vísitölu 199.1 335.0 m.kr.
Samningurinn tekur til 1. áfanga verksins sem er fokhelt hús fullfrágengið að utan ásamt frágangi lóðar. Áætlaður kostnaður 1. áfanga er um 130.0 m.kr. Þar af er hluti ríkissjóðs áætlaður 110.5 m.kr.
Hönnunarkostnaður til 31-10-1995 er nú orðinn um um 14.4 m.kr. á verðlagi hvers árs en framreiknaður kostnaður alls 20.5 m.kr.

Áfallinn kostnaður 1995		1.430.532.-
Fjárveiting 1995	20.000.000.-	
Áætluð fjárveiting 1996	20.000.000.-	
Áætluð framlög 1997	18.731.000.-	
Áætluð framlög 1998	15.250.000.-	
Áætluð framlög 1999	15.250.000.-	

Engar framkvæmdir eru hafnar en samningur hefur verið gerður við arkitekt hússins, Samningsupphæð er kr. 4.640.000.- Hluti þeirrar upphæðar hefur verið greiddur.

Sjúkrahús St. Franciskussystra í Stykkishólmi:
Á árinu 1991 var gerður samningur á milli St. Franciskussystra annars vegar, ráðuneyta heilbrigðis- og fjármála og Stykkishólmsbæjar hins vegar um endurbætur á eldri hluta sjúkrahússins.
Heildarkostnaður við endurbætur var áætlaður 93.3 m.kr. og var hluti ríkissjóðs áætlaður 44.5 m.kr. Hluti Stykkishólmsbæjar er áætlaður 19.1 m.kr. og greiða systurnar mismuninn sem er 29.7 m.kr.
Ríkissjóður hefur greitt 33.4 m.kr. til verksins og er því eftir að greiða 11.1 m.kr.

Heildarkostnaður vegna endurbóta er nú kr. 58.733.640.-

Héraðssjúkrahús A-Húnvetninga Blönduósi:
Á árinu 1994 var gerður samningur á milli Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis annars vegar og Héraðsráðs A-Húnvetninga hinsvegar um lok framkvæmda við sjúkrahúsið á Blönduósi.
Heildarkostnaður var áætlaður 83.3 m.kr. og var hluti ríkissjóðs áætlaður 65.8 m.kr.
Á árinu 1995 var fjárveiting 12.0 m.kr. til verksins en á byggingarreikningi voru tiltækar um 11.0 m.kr.
Verkinu var skipt upp í verkáfanga og var fyrsti verkáfangi boðinn út á árinu 1994. Þessum verkáfanga er nú lokið og er skuld ríkissjóðs vegna verksins nú um 3.0 m.kr.

Áfallinn kostnaður 1995		23.019.922.-
Áætluð fjárveiting 1996	12.000.000.-	
Áætluð fjárveiting 1997	12.500.000.-	
Áætluð fjárveiting 1998	12.600.000.-	
Áætluð fjárveiting 1999	7.700.000.-	

Á næstu tveim árum var áætlað að innrétta 3. hæð sjúkrahússins sem er ætlað að mestu sem legudeild fyrir langlegusjúklinga.

Samningur um byggingu hjúkrunarheimilis fyrir aldraða á Fáskúðsfirði.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og fjármálaráðuneytið annars vegar og Búðarhreppur, Fáskrúðsfjarðarhreppur og Stöðvarhreppur hins vegar, gera með sér svofelldan samning um byggingu hjúkrunarheimilis á Fáskrúðsfirði.

1. grein:

Verkið er unnið samkvæmt teikningum og verklýsingu Helga Hjálmarssonar arkitekts Teiknistofunni Óðinstorgi, Verkfræðistofu Austurlands (burðarþolshönnn) og Verkfræðistofunnar Umsjár (vatns- hita og raflagnir) og Verkfræðiþjónustu Gunnars D. Lárussonar (loftræsilagnir).

Samningur þessi tekur til 1. áfanga framkvæmda, það er uppsteypu á húsi hjúkrunarheimilisins og frágangs þess að utan ásamt frágangi lóðar.

2. grein:

Áætlaður heildarkostnaður þeirra framkvæmda sem samningur þessi tekur til er 99,5 m.kr. miðað við byggingarvísitölu 199.1. Kostnaðaráætlun felur í sér byggingarkostnað húss, auk kostnaðar við útboð, kostnað við hönnun, eftirlit og annan kostnað (opinber gjöld), en án búnaðar.

Áætlaður kostnaður við 1. útboðsáfanga er 50 m.kr.

3. grein:

Tiltækt fjármagn til framkvæmdanna er sem hér segir:

Fjárveiting á fjárlögum 1993	2.500.000
Framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra	1.100.000
Fjárveiting á fjárlögum 1995	15.000.000
Framlög sveitarfélaga	3.282.300
Samtals kr:	**21.882.300**

Sveitarfélögin hafa samið sérstaklega með samningi dags. 19.05.1993 um innbyrðis skiptingu á kostnaðarhluta.

4. grein:

Samþykkt verkáætlun fyrir 1. verkáfanga er sem hér segir:

1995 Undirstöður og gólfplata.
1996 Fokhelt hús fullfrágengið að utan.

Áætlun um framlög m.v. vísitölu byggingarkostnaðar 199.1, samkvæmt ofanrituðu í þús. kr.:

	Ríkissjóður:	Framkvæmda-sjóður aldraðra:	Sveitarfélög:
Framlög 1993	2.500	1.100	635
Framlög 1995	15.000	0	2.647
Framlög 1996	19.900	4.000	4.218
	37.400	5.100	7.500

Framlög hvers árs breytast í hlutfalli við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar frá 199.1.

Framlög ríkissjóðs eru háð fjárveitingum Alþingis hverju sinni.

5. grein:

Verði ekki staðið við lok verkáfanga samkvæmt 4. grein er samningurinn uppsegjanlegur af beggja hálfu.

6. grein:

Um þau atriði er varða þessar framkvæmdir og sem ekki eru sérstaklega nefnd í samningi þessum gilda ákvæði laga um skipan opinberra framkvæmda nr. 63/1970.

Samningur þessi mun verða endurskoðaður verði gerðar breytingar á þeim lögum og reglum sem hann styðst við meðan á framkvæmdum stendur.

7. grein:

Öll skjöl sem nefnd eru í samningi þessum eru fylgiskjöl hans og hluti af honum.

SAMNINGUR UM BYGGINGU D-ÁLMU VIÐ SJÚKRAHÚS SUÐURNESJA Í KEFLAVÍK

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið annars vegar og Sveitarfélögin á Suðurnesjum, gera með sér svofelldan samning um framkvæmdir á byggingu D-álmu við Sjúkrahús Suðurnesja. Þessi bygging er byggð samkvæmt lögum nr. 97/1990 og áorðnum breytingum sbr. III. kafla laga um breytingu á lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga nr. 87/1989.

1. grein

Mannvirkið verður byggt samkvæmt teikningum Arkitektastofu Ormars Þórs Guðmundssonar og Örnólfs Hall og annarra þeirra hönnuða sem ráðnir verða til verksins.
Heildargrunnflötur álmunnar er áætlaður sem hér segir:

Kjallari	843.0 m²
1. hæð	880.0 m²
2. hæð	875.0 m²
Laufskáli á 2. hæð	69.0 m²
Samtals	**2.667.0 m²**

Samningur þessi tekur til 1. áfanga byggingarinnar sem er uppsteypa húss og fullgerður frágangur þess að utan ásamt frágangi lóðar. Verði breytingar á stærðum, og/eða fyrirkomulagi byggingarinnar skulu þær rúmast innan þess fjárhagsramma sem 2. grein þessa samnings gerir ráð fyrir.

2. grein

Áætlaður heildarkostnaður við byggingu og frágang hússins alls, ásamt frágangi lóðar, er 335.0 m.kr. miðað við byggingarvísitölu 200.0. Áætlaður kostnaður við 1. áfanga er 130.0 m.kr.

3. grein

Tiltækt fjármagn til framkvæmdanna er sem hér segir:

Eftirstöðvar eldri fjárveitinga 15.02.1995	1.492.778
Geymd fjárveiting frá 1994	20.000.000
Fjárveiting á fjárlögum 1995	20.000.000
Framlag sveitarfélags 1994 og 1995	7.058.823
Samtals fjármagn til ráðstöfunar	**48.551.601**

4. grein

Áætluð skipting þeirra verkáfanga sem samningur þessi nær til er sem hér segir:

1995: Hönnun og undirbúningi lokið.

1996: Verk boðið út og byrjað á uppsteypu húss.

1997: Lokið við uppsteypu og frágang húss að utan ásamt frágangi lóðar.

Áætlun um framlög miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 200,0, skv. ofanrituðu, í þús. kr.:

	Ríkissjóður:	Sveitarfélög:
Framlög til 31.12.1995	41.269	7.282
Framlög 1996	20.000	3.530
Framlög 1997	18.731	39.188
	80.000	**50.000**
Framlög 1998	**15.250**	**-15.250**
Framlög 1999	**15.250**	**-15.250**
Alls í þús. kr.:	**110.500**	**19.500**

Framlög hvers árs breytast í hlutfalli við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar frá **200.0** Samkvæmt samningi þessum eru verklok áætluð **1. október 1997**.

5. grein

Sveitarfélög á Suðurnesjum skuldbinda sig til að greiða á byggingartímanum allt að 30,5 m.kr. umfram lögboðin framlög sveitarfélaga. Hér er miðað við áætlað verð 1. áfanga samkvæmt 2. grein og á að tryggja að verkáætlun samkvæmt 4. grein geti staðist.

Eins og að ofan greinir er stefnt að því að endurgreiðsla á framlagi sveitarfélaganna, umfram það sem lögboðið er, fari fram á árunum 1998 og 1999.

Sveitarfélögunum skulu greiddar verðbætur í hlutfalli við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar af fyrirfram greiddum framlögum en engir vextir. Allar greiðslur ríkissjóðs eru háðar fjárveitingum Alþingis.

6. grein

Verði ekki staðið við lok verkáfanga samkvæmt 4. grein er samningurinn uppsegjanlegur af beggja hálfu.

7. grein

Um þau atriði er varða þessar framkvæmdir, og sem ekki eru sérstaklega nefnd í samningi þessum, gilda ákvæði laga um skipan opinberra framkvæmda nr. 63/1970.

Samningur þessi mun verða endurskoðaður ef gerðar verða breytingar á þeim lögum og reglum sem hann styðst við meðan á framkvæmdum stendur.

8. grein

Öll skjöl, sem nefnd eru í samningi þessum, eru fylgiskjöl hans og hluti af honum.

SAMNINGUR

um endurbætur á Sjúkrahúsi St. Franciskusystra í Stykkishólmi.

1. grein:

Heilbrigðisráðherra f.h. heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, fjármálaráðherra f.h. fjármálaráðuneytis, St. Franciskusreglan í Stykkishólmi og Bæjarsjóður Stykkishólms f.h. sveitarfélaga á þjónustusvæði sjúkrahússins gera með sér svofelldan samning.

2. grein:

Aðilar munu greiða samkvæmt samningi þessum endurbætur við þann hluta sjúkrahússins sem byggður var 1935 samkvæmt teikningum Sigurðar Guðmundssonar arkitekts.

Flatarmál þessa rýmis er sem hér segir:

1.	Kjallari	103 ferm.
2,	1. hæð	400 ferm.
3.	2. hæð	357 ferm.
4.	3. hæð	357 ferm.
5.	4. hæð	312 ferm.
	Samtals	1.529 ferm.

Endurbyggingin er framkvæmd samkvæmt teikningum Jes Einars Þorsteinssonar arkitekts, Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og Rafhönnunar hf.. Gera skal samning um fullnaðarhönnun verksins og er hann fylgiskjal þessa samnings.

3. grein:

Gera skal ráð fyrir sömu nýtingu rýma og verið hefur á árinu 1991. Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneytið áskilur sér þó rétt til breytinga á nýtingu rýma í samvinnu við eigendur sjúkrahússins.

4. grein:

Almennt um fyrirhugaðar endurbætur:
Endurbætur eru í því fólgnar að endurnýja allt rými innanhúss. Í fyrsta áfanga verksins fer fram rif og hreinsun. Að því loknu telst byggingin tilbúin til endurbyggingar. Aðrir verkáfangar eru, sbr. kostnaðarkerfi R.b.

Frágangur yfirbyggingar:
Útveggir, innveggir, gólf, stigar, loft.

Innréttingar:
Innréttingar og innihurðir.

Búnaður:
Hreinlætisbúnaður, frárennslislagnir, neysluvatnslagnir, hitalagnir, loftræsilagnir og annar búnaður.

Helstu verkþættir: Allir útveggir verða einangraðir og klæddir að nýju. Gert er ráð fyrir að endurnýja allar pípu- og raflagnir.

Lýsing rýma:

Kjallari:
Kyndiklefi og grænmetisgeymslur.
Helstu verkþættir: Lagfæringar, endurbætur á pípulögn og málun.

1. hæð:
Slysastofa, gibsherbergi, skrifstofur framkvæmdastjórnar, röntgenstofa og eldhús.
Helstu verkþættir: Endurbótum lokið í slysastofu gibsherbergi og í skrifstofum framkvæmdastjórnar.
Fyrirhugað er að stækka röntgenstofu og endurnýja lagnir, gólf og tæki að hluta í eldhúsi.

2. hæð:
Legudeild.
Helstu verkþættir: Endurnýjun pípulagna, raflagna, loftræsilagna og gólfefna. Setja upp niðurhengd loft. Málun.

3. hæð:
Legudeild.
Helstu verkþættir: Endurnýjun pípulagna, raflagna, loftræsilagna og gólfefna. Setja upp niðurhengd loft. Málun.

4. hæð (þakhæð):
Geymslur, verkstæði og óráðstafað rými.
Helstu verkþættir: Endurnýjun pípulagna, raflagna og loftræsilagna. Einangrun þaks.

Endurbætur utanhúss:
Helstu verkþættir: Þétting veggja og glugga, viðgerðir, einangrun og klæðning veggja.

Lóðaframkvæmdir:
Helstu verkþættir: Akbrautir, bílastæði, garðar og garðhús. (Fyllt hefur verið undir bílastæði að mestu.)

5. grein:

Stefnt skal að því að þeim endurbótum sem þessi samningur tekur til skuli lokið á næstu 4 árum. Aðilar þessa samnings eru sammála um að haga framkvæmdum á eftirfarandi hátt:

1992:
Viðgerðir og klæðning utanhúss, Fæðingardeild á 3. hæð.

1993:
Röntgendeild á 1. hæð. Legudeild á 2. hæð.
Unnið við lóð, bílastæði og garða. Gengið frá aðkomu í kjallara.

1994:
Lokið við legudeild á 2. hæð. Unnið að viðgerðum á 3. hæð.

1995:
Unnið að viðgerðum á 4. hæð. Endurnýjun eldhúss.

6. grein:

Reikningslegt uppgjör hefur farið fram á þeim hluta endurbóta sem unnar voru á árinu 1990 og 1991. Heildarkostnaður þeirra framkvæmda er 13.4 m.kr. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið mun leggja til, að við afgreiðslu fjárlaga fyrir árin 1992 og 1993 verði St. Franciskusreglunni greiddar 4.0 m.kr. hvort ár samtals 8.0 m.kr. að viðbættum verðbótum miðað við byggingarvísitölu 181.6.
Greiðslur þessar eru styrkur til reglunnar vegna áfallins kostnaðar við endurbætur áranna 1990 og 1991.

7. grein:

Áætlaður heildarkostnaður við fyrirhugaðar endurbætur ásamt framkvæmdum við lóð er áætlaður 93.3 m.kr.
Systraregla St. Franciskusar kostar endurbæturnar að öllu leyti en sveitarfélögin á þjónustusvæði sjúkrahússins munu taka að sér að greiða allan kostnað við lóðaframkvæmdir sem eru áætlaðar 19.1 m.kr. og er hluti áætlaðs heildarkostnaðar.
Ríkissjóður mun, á næstu 4 árum veita St. Franciskusreglunni styrk sem sem nemur 60 % af áætluðum kostnaði við endurbætur á byggingu samkv. 2. grein þessa samnings og sem áætlaðar eru 74.2 m.kr. Styrkur ríkissjóðs mun því nema 44.5 m.kr. Verðlag áætlana miðast við byggingarvísitölu eins og hún var í júní 1991 eða 181.6 stig.

8. grein:
Styrkur ríkissjóðs greiðist til Sjúkrahúss St. Francisuskarreglunnar með jöfnum greiðslum, eða 11.1 m.kr. árlega fyrstu þrjú árin, miðað við framkvæmdahraða samkv. 4. grein þessa samnings.
Á árinu 1994 skal fara fram uppgjör á framkvæmdum og framlög síðustu þriggja ára verðbætt. Miða skal verðbætur styrksins við meðalvísitölu hvers árs án tillits til framkvæmdakostnaðar. Verðbætur skulu greiddar á 4. og síðasta ári framkvæmda ásamt eftirstöðvum styrksins.
Samningur þessi tekur ekki til þess kostnaðar sem kann að verða umfram það sem áætlun samkv. 7. grein gerir ráð fyrir.

9. grein:

Komi til þess að Systraregla St. Franciskusar hætti rekstri sjúkrahússins og samningar takist um kaup ríkisins á því skal andvirði endurbótastyrkja ekki leiða til hækkunar á heildarsöluverði sjúkrahússins.ü

10. grein:

Samningur þessi er gerður með hliðsjón af samningi um stækkun sjúkrahúss Systrareglu St. Franciskusar og byggingu heilsugæslustöðvar í Stykkishólmi, dags. 21. júlí 1980.
Öll skjöl sem nefnd eru í samningi þessum eru fylgiskjöl hans og hluti af honum.

11. grein:

Af samningi þessum eru gerð fjögur samhljóða frumrit, eitt fyrir hvorn aðila samkv. 1. grein.

12. grein:

Allar greiðslur ríkissjóðs eru háðar samþykki alþingis hverju sinni.

SAMNINGUR UM BYGGINGU HJÚKRUNARHEIMILIS Á HÖFN Í HORNAFIRÐI.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og fjármálaráðuneytið annars vegar og Sýslunefnd A-Skaftafellssýslu hins vegar gera með sér svofelldan samning um framkvæmdir við byggingu hjúkrunarheimilis á Höfn í Hornafirði. Hjúkrunarheimilið er byggt samkvæmt lögum nr. 59/1983 og áorðnum breytingum sbr. III. kafla laga um breytingu á lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga frá 17.05.1989.

1. grein:

Mannvirkið er byggt samkvæmt teikningum Árna Kjartanssonar arkitekts Verkfræðistofuunni Fjarhitun hf. og Rafteiknistofunni hf.
Heildargrunnflötur 1. áfanga sem samningur þessi tekur til er eftirfarandi:

Kjallari	164.3 ferm.
Jarðhæð.....	828.1 ferm.
**Samtals ..... **	**992.4 ferm.**

2. grein:

Áætlaður heildarkostnaður miðað við byggingarvísitölu 189.3 er sem hér segir:

1. Byggingarkostnaður	119.000.000
2. Laus búnaður	6.000.000
Alls	**125.000.000**

3. grein:

Samkvæmt bókhaldi Innkaupastofnunar ríkisins er staða framkvæmda þann 31.12.1992 sem hér segir:

Framkvæmdakostnaður 1989	1.533.421	
Framkvæmdakostnaður 1990	4.349.742	
Framkvæmdakostnaður 1991	496	
Framkvæmdakostnaður 1992	16.067	
Endurgreiddur virðisaukaskattur 1992	-615.984	
Greitt úr ríkissjóði 1989		6.097.000
Greitt úr ríkissjóði 1990		0
Greitt úr ríkissjóði 1991		0
Greiðslur sveitarfélaga 1992		1.020.047
Samtals	5.283.742	7.117.047
Inneign 31.12.1992	1.833.305	
	7.117.047	**7.117.000**

Fjármagn til ráðstöfunar 1993:

Inneign á byggingarreikningi 31.12.1992	1.833.305
Inneign sveitarfélags 31.12.1992	-92.398
Fjárveiting á fjárlögum 1993	12.000.000
Framlag Framkvæmdasjóðs aldraða 1993	8.000.000
Mótframlag sveitarfélags 1993	3.540.000
Samtals fjármagn til ráðstöfunar 1993	**25.280.907**

4. grein:

Samþykkt framkvæmdaáætlun fyrir verkið er sem hér segir:

1993:	Jarðvinna, undirstöður og kjallari.
1994:	Uppsteypt hæð og frágengin að utan.
1995:	Frágangur innanhúss. Verklok.

5. grein:

Samkvæmt samningi þessum er áætlað að verklok verði um áramótin 1995-1996.

Sýslunefnd A-Skaftafellssýslu skuldbindur sig til að greiða á árinu 1995 allt að 32.0 m.kr. til verksins miðað við heildarverð samkvæmt 2. grein og tryggja með því að verkáætlun samkvæmt 4. grein geti staðist.

Miðað við framanritað mun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið leggja til við Alþingi að á árunum 1994-1997 verði framlög ríkissjóðs samkvæmt neðangreindri áætlun.

Áætlun um framlög eignaraðila samkvæmt ofanrituðu:

	Ríkissjóður:	Framkvæmda-sjóður aldraðra:	Sýslunefnd A-Skaftafellssýslu:
Framlög til 31.12.1992	6.097.000	0	1.020.000
Framlög 1993	12.000.000	8.000.000	3.540.000
Framlög 1994	14.000.000	12.000.000	4.590.000
Framlög 1995	14.000.000	12.000.000	32.000.000
Samtals kr:	46.097.000	32.000.000	41.150.000
Framlög 1996	5.000.000	9.000.000	-8.247.000
Framlög 1997	5.153.000	9.000.000	-14.153.000
Alls kr:	**56.250.000**	**50.000.000**	**18.750.000**

Eins og að ofan greinir er stefnt að því að endurgreiðsla á framlagi sýslunefndar umfram það sem lögboðið er, fari fram á árunum 1996 og 1997 miðað við áætlað heildarverð.

Verðbætur skulu greiddar af fyrirfram greiddum framlögum sveitarfélags en engir vextir. Allar greiðslur ríkissjóðs eru háðar fjárveitingum Alþingis.

6. grein:

Verði ekki staðið við lok verkáfanga samkvæmt 4. grein er samningurinn uppsegjanlegur af beggja hálfu.

7. grein:

Um þau atriði er varða þessar framkvæmdir og sem ekki eru sérstaklega nefnd í samningi þessum gilda ákvæði laga um skipan opinberra framkvæmda nr. 63/1970.

Samningur þessi mun verða endurskoðaður verði gerðar breytingar á þeim lögum og reglum sem hann styðst við meðan á framkvæmdum stendur.

8. grein:

Öll skjöl sem nefnd eru í samningi þessum eru fylgiskjöl hans og hluti af honum.

SAMNINGUR UM BYGGINGU HEILSUGÆSLUSTÖÐVAR AÐ LAUGARÁSI.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og fjármálaráðuneytið annars vegar og Oddvitanefnd Laugarásslæknishéraðs, f.h. sveitarfélaga í heilsugæsluumdæmi Laugaráss hins vegar, gera með sér svofelldan samning um byggingu heilsugæslustöðvar að Laugarási Biskupstungum.

1. grein:

Verkið er unnið samkvæmt teikningum og verklýsingum arkitekts hússins Geirharðs Þorsteinssonar og verkfræðistofanna Rafhönnunar hf og Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf.

Samningur þessi tekur til uppsteypu á húsi heilsugæslustöðvarinnar, frágangs þess utan og innan, ásamt og frágangs lóðar.

2. grein:

Áætlaður heildarkostnaður sem samningur þessi tekur til er er **74.0 mkr.** miðað við byggingarvísitölu **196.0.** Kostnaðaráætlun felur í sér auk kostnaðar við útboð, kostnað við hönnun, eftirlit og annan kostnað (opinber gjöld).

3. grein:

Tiltækt fjármagn til framkvæmdanna er sem hér segir:

Fjárveiting á fjárlögum 1993	3.000.000
Fjárveiting á fjárlögum 1994	10.000.000
Framlög sveitarfélaga 1994	2.294.000
Samtals kr:	**15.294.000**

4. grein:

Samþykkt verkáætlun er sem hér segir:

1995:	Húsið steypt upp og gert fokhelt og gengið frá þaki.
1996:	Gengið að fullu frá húsinu að utan og lóð umhverfis húsið. Einnig unnið við lagnir og innréttingar.
1997:	Innréttingu hússins lokið, verklok.

Áætlun um framlög, m.v. vísitölu byggingarkostnaðar 196.0 samkvæmt ofanrituðu í þús. kr.:

	Ríkissjóður:	Sveitarfélög:
Framlög til 31.12.1994	13.000	2.294
Framlög 1995	15.000	2.646
Framlög 1996	13.000	8,295
Framlög 1997	13,400	6.365
Samtals kr:	**54.400**	**19.600**
Framlög 1998	8.500	-8.500
Alls þús.kr:	**62.900**	**11.100**

Framlöghvers árs breytast í hlutfalli við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar frá 196.0 Samkvæmt samningi þessum er áætlað að verklok verði 1. apríl 1997.

5. grein

Oddvitanefndin, fyrir hönd viðkomandi sveitarsjóða, heitir að greiða á árunum 1996 og 1997 allt að 10.0 m.kr. umfram lögboðið framlag sveitarfélaga miðað við áætlaðan heildarkostnað samkvæmt 2. grein. Verði tekið tilboði sem er lægra en kostnaðaráætlun lækka árleg framlög í hlutfalli við það. Verði tekið tilboði sem er hærra en kostnaðaráætlun hækkar framlag ríkisins ekki að raungildi en greiðslutími lengist. Til að verklok haldist óbreytt samkv 4. grein, skuldbinda sveitarfélögin sig til að leggja fram það viðbótarfé umfram lögbundið framlag og fyrrgreint 10 m.kr. lán sem til þess þarf.

Endurgreiðsla á framlagi sveitarfálaganna umfram það sem lögboðið er fari fram með jöfnum greiðslum á næsta ári eftir að framkvæmd lýkur, þ.e. samkv. 4. gr. þessa samnings á árinu 1998 og á árinu 1999 fari raunkostnaður verulega fram úr áætlun.

Verðbætur skulu greiddar af fyrirfram greiddum framlögum sveitarfélags í hlutfalli við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar á lanstímanum, en engir vextir.

Framlög ríkissjóðs eru háð fjárveitingum í fjárlögum hverju sinni.

6. grein:

Verði ekki staðið við lok verkáfanga samkvæmt 4. grein er samningurinn uppsegjanlegur af beggja hálfu.

7. grein:

Um þau atriði er varða þessar framkvæmdir og sem ekki eru sérstaklega nefnd í samningi þessum gilda ákvæði laga um skipan opinberra framkvæmda nr. 63/1970.

Samningur þessi mun verða endurskoðaður verði gerðar breytingar á þeim lögum og reglum sem hann styðst við meðan á framkvæmdum stendur.

8. grein:

Öll skjöl sem nefnd eru í samningi þessum eru fylgiskjöl hans og hluti af honum.

SAMNINGUR UM BYGGINGU ÞJÓNUSTUHÚSS VIÐ DVALAR- OG HJÚKRUNARHEIMILIÐ Á HVAMMSTANGA.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið annars vegar og Heilsugæslusamlag Hvammstangaumdæmis hins vegar gera með sér svofelldan samning um framkvæmdir við byggingu þjónustuhúss við Dvalar- og hjúkrunarheimilið á Hvammstanga. Mannvirkið er reist samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 og síðari breytingum.

1. grein:

Mannvirkið er byggt samkvæmt teikningum Teiknistofunnar Óðinstorgi og Verkfræðistofunnar Umsjá hf. Samningur þessi tekur til uppsteypu hússins og innréttingu 1. hæðar.

Heildargrunnflötur hússins er eftirfarandi:

Kjallari	330.0 m^2
1. hæð	343.0 m^2
2. hæð	149.0 m^2
Samtals	**822.0 m^2**

2. grein:

Áætlaður heildarkostnaður 2. áfanga sem samningur þessi tekur til er er **64.6 m.kr.** miðað við byggingarvísitölu **196.0.** Gert er ráð fyrir einu útboðsverki sem er **"Uppsteypt hús frágengið að utan og innrétting 1. hæðar."** Kostnaðaráætlun felur í sér auk kostnaðar við útboð, kostnað við eftirlit. Hönnunarkostnaður hefur verið greiddur af Heilsugæslusamlagi Hvammstangahéraðs og verður hluti ríkissjóðs endurgreiddur að 2. áfanga loknum.

3. grein:

Tiltækt fjármagn til framkvæmdanna er sem hér segir:

Fjárveiting á fjárlögum 1994	6.000.000
Framlag sveitarfélaga 1994	8.000.000
Samtals kr:	**14.000.000**

4. grein:

Samþykkt verkáætlun er sem hér segir:

1994:	Jarðvinna, undirstöður, uppsteypt 0 hæð.
1995:	Uppsteypt +1 hæð og +2 hæð.
1996:	Fokhelt hús, frágengið að utan ásamt einangrun og lögnum
1997:	Innrétting 1. hæðar.

Áætlun um framlög samkvæmt ofanrituðu í þús. kr.:

	Ríkissjóður:	Sveitarfélög:
Framlög ríkissjóðs til 31.12.1994	6.000.000	8.000.000
Framlög ríkissjóðs 1995	5.000.000	6.000.000
Framlög ríkissjóðs 1996	5.860.000	5.300.000
Framlag Framkvæmdasjóðs aldraðra 1995	5.000.000	3.000.000
Framlag Framkvæmdasjóðs aldraðra 1996	5.000.000	
Framlag Framkvæmdasjóðs aldraðra 1997	5.790.000	5.026.400
Framlag Framkvæmdasjóðs aldraðra 1998	4.623.600	
Samtals kr:	**37.273.600**	**27.326.400**

Samkvæmt samningi þessum er áætlað að verklok verði um áramótin 1997-1998. Ákvörðun um gerð samnings fyrir síðari áfanga verður tekin að 1. áfanga loknum.

5. grein

Heilsugæslusamlag Hvammstangaumdæmis skuldbindur sig til að greiða 42.3 % af heildarframkvæmdakostnaði. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra mun leggja til við Alþingi að á fjárlögum áranna 1995-1998 verði fjárveitingar til framkvæmdanna samkvæmt 4. grein þessa samnings.

Framlög ríkissjóðs eru háð fjárveitingum Alþingis hverju sinni.

6. grein:

Verði ekki staðið við lok verkáfanga samkvæmt 4. grein er samningurinn uppsegjanlegur af beggja hálfu.

7. grein:

Um þau atriði er varða þessar framkvæmdir og sem ekki eru sérstaklega nefnd í samningi þessum gilda ákvæði laga um skipan opinberra framkvæmda nr. 63/1970.

Samningur þessi mun verða endurskoðaður verði gerðar breytingar á þeim lögum og reglum sem hann styðst við meðan á framkvæmdum stendur.

8. grein:

Öll skjöl sem nefnd eru í samningi þessum eru fylgiskjöl hans og hluti af honum.

SAMNINGUR UM BYGGINGU LEGUDEILDARÁLMU VIÐ FJÓRÐUNGSSJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og fjármálaráðuneytið annars vegar og Akureyrarbær hins vegar, gera með sér svofelldan samning um byggingu legudeildarálmu við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Mannvirkið er reist samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 og síðari breytingum.

1. grein:

Verkið er unnið samkvæmt teikningum embættis Húsameistara ríkisins, Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og Raftákn hf.

Samningur þessi tekur til uppsteypu hússins og innréttingu á Barnadeild 4. hæðar sem er 1. áfangi framkvæmdar við byggingu legudeildar við FSA.

Heildargrunnflötur hússins er eftirfarandi:

-1. hæð	808.5 m^2
0. hæð	790.6 m^2
+1. hæð	798.0 m^2
+2. hæð	798.0 m^2
+3. hæð	846.0 m^2
+4. hæð (Þakhýsi)	118.0 m^2
Samtals	**4.159.5 m^2**

2. grein:

Áætlaður heildarkostnaður 1. áfanga sem samningur þessi tekur til er er **290.4 m.kr.** miðað við byggingarvísitölu **196.0.** Gert er ráð fyrir tveimur útboðsverkum sem er **a) Uppsteypt hús frágengið að utan og b) Innrétting barnadeildar.** Kostnaðaráætlun felur í sér auk kostnaðar við útboð, kostnað við hönnun, eftirlit og annan kostnað (opinber gjöld).

3. grein:

Tiltækt fjármagn til framkvæmdanna er sem hér segir:

Eftirstöðvar fjárveitinga frá röntgendeild	3.000.000
Fjárveiting á fjárlögum 1992	30.000.000
Fjárveiting á fjárlögum 1993	20.000.000
Fjárveiting á fjárlögum 1994	30.000.000
Framlög sveitarfélags 1992 - 1994	14.647.000
Hönnunarkostnaður 06.04.1994	-9.713.592
Samtals kr:	**87.933.408**

4. grein:

Samþykkt verkáætlun er sem hér segir:

1994:	Jarðvinna, undirstöður og -1. hæð
1995:	Uppsteypt 0 hæð og +1 hæð og +2 hæð.
1996:	Fokhelt hús, frágengið að utan.
1997:	Einangrun og lagnir. Innrétting Barnadeildar
1998:	Verklok 1.áfanga.

Áætlun um framlög samkvæmt ofanrituðu í þús. kr.:

	Ríkissjóður:	Akureyrarbær:
Framlög til 31.12.1994	83.000.000	14.647.000
Framlög 1995	35.000.000	6.176.500
Framlög 1996	35.000.000	6.176.500
Framlög 1997	34.000.000	26.200.000
Framlög 1998	34.000.000	16.200.000
Samtals kr:	**221.000.000**	**69.400.000**
Framlög 1999	**25.840.000**	**-25.840.000**
Alls kr:	**246.840.000**	**43.560.000**

Samkvæmt samningi þessum er áætlað að verklok verði um áramótin 1997-1998. Ákvörðun um gerð samnings fyrir síðari áfanga verður tekin að 1. áfanga loknum.

5. grein

Akureyrarbær skuldbindur sig til að greiða á árunum 1997 og 1998 allt að 30.0 m.kr. umfram lögboðið framlag sveitarfélags miðað við heildarkostnað 1. áfanga samkvæmt 2. grein og tryggja með því að verkáætlun samkvæmt 4. grein geti staðist..

Endurgreiðsla á framlagi Akureyrarbæjar umfram það sem lögboðið er fari fram á árinu 1999 miðað við áætlaðan heildarkostnað 1. áfanga.

Verðbætur skulu greiddar af fyrirfram greiddum framlögum sveitarfélags en engir vextir.

Framlög ríkissjóðs eru háð fjárveitingum í fjárlögum hverju sinni.

6. grein:

Verði ekki staðið við lok verkáfanga samkvæmt 4. grein er samningurinn uppsegjanlegur af beggja hálfu.

7. grein:

Um þau atriði er varða þessar framkvæmdir og sem ekki eru sérstaklega nefnd í samningi þessum gilda ákvæði laga um skipan opinberra framkvæmda nr. 63/1970.

Samningur þessi mun verða endurskoðaður verði gerðar breytingar á þeim lögum og reglum sem hann styðst við meðan á framkvæmdum stendur.

8. grein:

Öll skjöl sem nefnd eru í samningi þessum eru fylgiskjöl hans og hluti af honum.

SAMNINGUR UM VIÐGERÐIR OG KLÆÐNINGU FJÓRÐUNGSSJÚKRAHÚSSINS Á ÍSAFIRÐI.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og fjármálaráðuneytið annars vegar og Bæjarsjóður Ísafjarðar, Bæjarsjóður Bolungarvíkur ásamt Héraðsnefnd Ísafjarðarsýslu hins vegar, gera með sér svofelldan samning um viðgerðir og klæðningu utanhúss á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði ásamt byggingu bílgeymslu.

1. grein:

Verkið er unnið samkvæmt teikningum arkitekts hússins Jes Einars Þorsteinssonar og Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen.

Samningur þessi tekur til viðgerða á steypuflötum utanhúss, einangrun og múrklæðningu, múrhúðun og steiningu, klæðningu steyptara flata með loftræstri klæðningu úr Alucobond eða sambærilegu efni og endurnýjun opnanlegra glugga úr áli. Til verksins telst ennfremur niðurrif "rampa", bygging steinsteyptrar bifreiðageymslu, endurgerð á inntaksháfi loftræsingar og viðgerð á stoðveggjum á lóð.

2. grein:

Áætlaður heildarkostnaður sem samningur þessi tekur til er er **107.9 m.kr.** miðað við byggingarvísitölu **196.0.** Kostnaðaráætlun felur í sér auk kostnaðar við útboð, kostnað við hönnun, eftirlit og annan kostnað (opinber gjöld).

3. grein:

Tiltækt fjármagn til framkvæmdanna er sem hér segir:

Fjárveiting á fjárlögum 1992	9.000.000
Geymd fjárveiting á fjárlögum 1993	10.000.000
Fjárveiting á fjárlögum 1994	10.000.000
Framlög sveitarfélags 1992 - 1994	5.118.000
Hönnunarkostnaður 18.07.1994	-4.411.780
Samtals kr:	**29.706.220**

4. grein:

Samþykkt verkáætlun er sem hér segir:

1994:	"Rampi" rifinn og bílskýli steypt upp og því lokað.
1995:	Gert við múrskemmdir utanhúss og unnið við þá veggfleti sem verða múrhúðaðir og múrklæddir. Unnið að viðgerð á tréverki og endurnýjun og þéttingu glugga. Klæðning með loftræstri klæðningu verði undirbúin og efni keypt.

1996: Unnið að klæðningu með og endurnýjun á opnanlegum fögum. Gengið að fullu frá húsinu að utan.

1997: Lokið gerð bílskýlis og viðgerð á stoðveggjum. Verklok.

Áætlun um framlög, m.v. vísitölu byggingarkostnaðar 196.0, samkvæmt ofanrituðu í þús. kr.:

	Ríkissjóður:	Sveitarfélög:
Framlög til 31.12.1994	29.000	5.118
Framlög 1995	20.000	10.282
Framlög 1996	20.000	13.100
Framlög 1997	8.840	1.560
Samtals kr:	**77.840**	**30.060**
Framlög 1998	**6.960**	**-6.960**
Framlög 1999	**6.915**	**-6.915**
Alls þús.kr:	**91.715**	**16.185**

Samkvæmt samningi þessum er áætlað að verklok verði 1. ágúst 1997.

5. grein

Undirrituð sveitarfélög skuldbinda sig til að greiða á árunum 1995 og 1996 allt að 16.3 m.kr. umfram lögboðið framlag sveitarfélaga miðað við áætlaðan heildarkostnað samkvæmt 2. grein.

Vegna ýmissa óvissuþátta í viðgerðarverkum sem þessum skuldbinda sveitarfélög sig ennfremur til að greiða allt að 13.7 m.kr.á árinu 1997 umfram lögboðið framlag, eða alls 30.0 m.kr. á verktímanum, og tryggja með því að verkáætlun samkvæmt 4. grein geti staðist.

Endurgreiðsla á framlagi sveitarfélaga umfram það sem lögboðið er fari fram með jöfnum greiðslum á tveim næstu árum eftir að framkvæmd lýkur, þ.e. samkv. 4. gr. þessa samnings á árunum 1998 og 1999.

Verðbætur skulu greiddar af fyrirfram greiddum framlögum sveitarfélags en engir vextir.

Framlög ríkissjóðs eru háð fjárveitingum í fjárlögum hverju sinni.

6. grein:

Verði ekki staðið við lok verkáfanga samkvæmt 4. grein er samningurinn uppsegjanlegur af beggja hálfu.

7. grein:

Um þau atriði er varða þessar framkvæmdir og sem ekki eru sérstaklega nefnd í samningi þessum gilda ákvæði laga um skipan opinberra framkvæmda nr. 63/1970.

Samningur þessi mun verða endurskoðaður verði gerðar breytingar á þeim lögum og reglum sem hann styðst við meðan á framkvæmdum stendur.

8. grein:

Öll skjöl sem nefnd eru í samningi þessum eru fylgiskjöl hans og hluti af honum.

SAMNINGUR UM HEILSUGÆSLUSTÖÐ OG HJÚKRUNARHEIMILI Á ÞINGEYRI.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið annars vegar og Þingeyrarhreppur hins vegar gera með sér svofelldan samning um nýtingu á nýbyggingu Hjúkrunar- og dvalarheimilis á Þingeyri.

1. grein:

Mannvirkið er byggt samkvæmt teikningum Helga Hjálmarssonar arkitekts og Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen. Heildargrunnflötur hússins er 1229.8 fermetrar.

2. grein:

Áætlaður heildarkostnaður án búnaðar miðað við byggingarvísitölu 188.8 er sem hér segir:

	Flatarmál:	**Áætlaður kostnður:**
1. Dvalarheimili	521.4	55.268.400
2. Hjúkrunarheimili	310.5	37.881.000
3. Heilsugæslustöð	288.0	38.016.000
4. Dagvistun	109.9	12.089.000
Samtals	**1229.8**	**143.254.400**
Áfallinn kostnaður 31.12.1992 skv. fylgiskj. 2		**68.048.655**
Eftirstöðvar framkvæmda skv. áætlun		**75.205.745**

Hluti ríkissjóðs í áætluðum kostnaði skv. fylgiskjali 1:

1. Dvalarheimili	0
2. Hjúkrunarheimili (37.881.000*0.45)	17.046.450
3. Heilsugæslustöð (38.016.000 x 0.85)	32.313.600
4. Dagvistun	0
Samtals	**49.360.050**
Þar af á fjárlögum 1993	**6.000.000**
Ógreiddur hluti ríkissjóðs skv. áætlun	**43.360.050**

Hluti Framkvæmdasjóðs aldraðra í áætluðum kostnaði skv. fylgiskjali 1:

1. Dvalarheimili (55.268.400*0.35)	19.343.940
2. Hjúkrunarheimili (37.881.000*0.40)	15.152.400
3. Heilsugæslustöð	0
4. Dagvistun (12.089.000*.0.20)	2.417.800
Samtals	**36.914.140**
Þar af greitt 31.12.1992 (samkvæmt fylgiskjali 2)	**26.882.240**
Ógreiddur hluti Framkvsj. aldraðra (skv. fylgiskj. 1)	**10.031.900**

Hluti sveitarfélags í áætluðum kostnaði samkvæmt fylgiskjali 1:

1. Dvalarheimili (55.268.400*0.65)	35..924.460
2. Hjúkrunarheimili (37.881.000*0.15)	5.682.150
3. Heilsugæslustöð (38.016.000*0.15)	5.702.400
4. Dagvistun (12.089.000*.0.80)	9.671.200
Samtals	**56.980.210**
Þar af greitt 31.12.1992	**41.166.415**
Ógreiddur hluti sveitarfélags (skv. fylgiskjali 1)	**15.813.795**

3. grein:

Aðilar þessa samnings eru sammála um eftirfarandi röðun framkvæmda:
Á árinu 1993 verði lokið við eftirtalda verkþætti: Kostnaður samkvæmt áætlun Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen.

a) Breytingar í V-álmu og lokið við múrverk og lagnavinnu

b) Hönnun vegna breytinga og innréttinga

Áætlaður kostnaður---------- 12.240.000

Á árinu 1994 verði unnið við eftirtalda verkþætti og þeim lokið árið 1995:

c) Hjúkrunardeild
d) Heilsugæsla
e) Eldhús
f) Þvottahús, geymslur o.fl.
g) Loftræsiklefi og tækjaklefi

Áætlaður kostnaður---------- 33.090.000

Á árinu 1996 verði lokið við eftirtalda verkþætti:

h) Innrétting íbúða
I) Stigagangur og hluti þjónustu í kjallara

Áætlaður kostnaður---------- 14.550.000

Á árinu 1997 verði framkvæmdum lokið.

Áætlaður kostnaður---------- 15.325.745

Alls ---------- **75.205.745**

4. grein:

Hreppsnefnd Þingeyrarhrepps lýsir því hér með yfir að hann skuldbindur sig til að fjármagna framkvæmdir til að framkvæmdahraði samkvæmt 3. grein verði haldinn.
Miðað við framanritað mun Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti leggja til við Alþingi að á árunum 1993 - 1999 verði framlög ríkissjóðs samkvæmt neðangreindri áætlun og við það miðað að heilsugæslustöðin geti tekið til starfa á síðari hluta árs 1995.

Áætlun um greiðslur ríkissjóðs og Þingeyrarhrepps samkvæmt ofanrituðu:

	Ríkissjóður:	**Þingeyrarhreppur:**
Framlög til 31.12.1993	6.000.000	6.240.000
Framlög ríkissjóðs 1994	7.200.000	7.500.000
Framlög ríkissjóðs 1995	7.200.000	6.190.000
Framlög 1996	7.200.000	4.850.000
Framlög 1997	7.200.000	5.594.000
Framlög 1998	7.200.000	-7.200.000
Framlög 1999	7.360.000	-7.360.000
Samtals	**49.360.000**	**15.814.000**

Áætlun um greiðslur Framkvæmdasjóðs aldraðra skv. fylgiskj. 1:

Framlög til 31.12.1992	26.882.240
Framlag F. A. 1994	2.500.000
Framlag F. A. 1995	2.500.000
Framlag F. A. 1996	2.500.000
Framlag F. A. 1997	2.531.900
Samtals	**36.914.140**

Uppgjör á framlagi Þingeyrarhrepps verður gert í lok árs 1999 og skal endurgreiðsla til sveitarfélags umfram lögboðið framlag þess fara fram sama ár.
Verðbætur skulu greiddar af fyrirfram greiddum framlögum sveitarfélags en engir vextir.
Allar fjárveitingar ríkissjóðs eru háðar samþykki Alþingis.

6. grein:

Um þau atriði er varða þessar framkvæmdir og sem ekki eru sérstaklega nefnd í samningi þessum gilda, eftir því sem við á, ákvæði laga um skipan opinberra framkvæmda nr. 63/1970 og lög um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
Samningur þessi mun verða endurskoðaður verði gerðar breytingar á þeim lögum og reglum sem hann styðst við meðan á framkvæmdum stendur.

7. grein:

Öll skjöl sem nefnd eru í samningi þessum eru fylgiskjöl hans og hluti af honum.

SAMNINGUR UM VERKLOK FRAMKVÆMDA VIÐ SJÚKRAHÚSIÐ Á BLÖNDUÓSI.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið annars vegar og Héraðsnefnd A-Húnavatnssýslu hins vegar gera með sér svofelldan samning um verklok framkvæmda við Héraðshæli A-Húnvetninga á Blönduósi. Mannvirkið er reist samkvæmt lögum nr. 97/1990 og síðari breytingum.

1. grein:

Mannvirkið er byggt samkvæmt teikningum Arkitektastofunnar sf., Fjarhitun hf. og Rafteikningu hf.

Samningur þessi tekur til innréttingu á 2. og 3. hæð hússins og hluta kjallara. Heildargrunnflötur hússins er eftirfarandi:

Kjallari	640.0 m^2
2. hæð	640.0 m^2
3. hæð	640.0 m^2
Samtals	**1.920.0 m^2**

2. grein:

Áætlaður heildarkostnaður vegna þeirra framkvæmda sem samningur þessi tekur til er 83.3 m.kr. miðað við byggingarvísitölu 196.0. Gert er ráð fyrir þrem útboðsverkum sem eru: a) Innréttíng 2. hæðar, b) Innrétting 3. hæðar og c) Frágangur á hluta kjallara.

Kostnaðaráætlun felur í sér auk kostnaðar við útboð, kostnað við hönnun, eftirlit og annan kostnað.

Verklok á sundlaugarsvæði og nánari útfærsla þess verða ákveðin að loknum áðurnefndum útboðsverkum.

3. grein:

Tiltækt fjármagn til framkvæmdanna er sem hér segir:

Fjárveiting á fjárlögum 1994	12.000.000
Framlög sveitarfélags 1994	2.115.000
Skuld frá fyrra ári	-3.188.680
Samtals kr:	**10.926.320**

4. grein:

Samþykkt verkáætlun er sem hér segir:

1994:	Innrétting 2. hæðar.
1995:	Verklok á innréttingu 2. hæðar
1996:	Innrétting 3. hæðar
1997:	Verklok á innréttingu 3. hæðar
1998:	Innrétting kjallara
1999:	Verklok á innréttingu kjallara.

Áætlun um framlög samkvæmt ofanrituðu í þús. kr:

	Ríkissjóður:	Héraðsnefnd A-Hún.
Framlög til 31.12.1994	8.998.146	1.928.174
Framlög 1995	12.000.000	2.120.000
Framlög 1996	12.000.000	2.120.000
Framlög 1997	12.500.000	2.205.000
Framlög 1998	12.600.000	2.224.000
Framlög 1999	7.700.000	1.372.176
Samtals kr:	**65.798.146**	**11.969.350**

Samkvæmt samningi þessum er áætlað að verklok verði um áramótin 1998-1999.

Framlög ríkissjóðs eru háð fjárveitingum í fjárlögum hverju sinni.

5. grein:

Um þau atriði er varða þessar framkvæmdir og sem ekki eru sérstaklega nefnd í samningi þessum gilda ákvæði laga um skipan opinberra framkvæmda nr. 63/1970.

Samningur þessi mun verða endurskoðaður verði gerðar breytingar á þeim lögum og reglum sem hann styðst við meðan á framkvæmdum stendur.

6. grein:

Öll skjöl sem nefnd eru í samningi þessum eru fylgiskjöl hans og hluti af honum.

SAMNINGUR UM BYGGINGU HEILSUGÆSLUSTÖÐVAR Í KÓPAVOGI

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið annars vegar og Kópavogsbær hins vegar, gera með sér svofelldan samning um byggingu heilsugæslustöðvar að Smárahvammi í Kópavogi. Mannvirkið er reist samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 og áorðnum breytingum sbr III kafla laga um breytingu á lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga nr 87/1989.

1. grein

Verkið er unnið samkvæmt teikningum og verklýsingum arkitekts hússins, Helga Hjálmarssyni, og Verkfræðistofunnar Byggð hf.

Samningur þessi tekur til uppsteypu á húsi heilsugæslustöðvarinnar, frágangs þess utan og innan, ásamt frágangi lóðar og búnaðar.

Heildargrunnflötur hússins er 850 m^2 á jarðhæð.

2. grein

Áætlaður heildarkostnaður, sem samningur þessi tekur til, er er **119 mkr.** miðað við byggingarvísitölu **199.1.** Kostnaðaráætlunin felur í sér byggingarkostnað húss, auk kostnaðar við útboð, hönnun, eftirlit, frágang lóðar og búnað svo og annan kostnað (opinber gjöld).

Sundurliðuð kostnaðaráætlun er eftirfarandi í þús. kr:

Byggingarkostnaður	90.000
Hönnunarkostnaður	9.700
Frágangur lóðar	6.300
Búnaður	13,000
Samtals þús kr:	**119.000**

Áætlaður kostnaður við fyrsta útboðsáfanga, sem er uppsteypa hússins, fullnaðarfrágangur þess að utan og frágangur lóðar er kr **72 Mkr**

3. grein

Tiltækt fjármagn til framkvæmdanna er sem hér segir í þús. kr.:

Fjárveiting á fjárlögum 1993	8.000
Fjárveiting á fjárlögum 1994	20.000
Fjárveiting á fjárlögum 1995	20.000
Framlög sveitarfélags 1993, 1994 og 1995	8.471
Samtals í þús. kr:	**56.472**

4. grein

Samþykkt verkáætlun er sem hér segir:

1. Útboðsáfangi 1995: Húsið steypt upp og gert fokhelt og gengið frá þaki.

1996: Gengið að fullu frá húsinu að utan, ásamt lóð umhverfis húsið.

Aðrir útboðsáfangar verða ákveðnir síðar.

Áætlun um framlög miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 199.1, skv. ofanrituðu, í þús. kr.:

	Ríkissjóður:	Sveitarfélög:
Framlög til 31.12.1995	48.000	8.471
Framlög 1996	13.200	2.330
	61.200	**10.800**

Framlög ríkissjóðs eru háð fjárveitingum í fjárlögum hverju sinni.

Framlög hvers árs breytast í hlutfalli við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar frá **199.1**

Samkvæmt samningi þessum eru verklok 1. útboðsáfanga áætluð 1. september 1996.

5. grein

Um þau atriði, er varða þessar framkvæmdir og sem ekki eru sérstaklega nefnd í samningi þessum, gilda ákvæði laga um skipan opinberra framkvæmda nr. 63/1970.

Samningur þessi verður endurskoðaður ef gerðar verða breytingar á þeim lögum og reglum sem hann styðst við meðan á framkvæmdum stendur.

6. grein

Verði ekki staðið við lok verkáfanga samkvæmt 4. grein er samningurinn uppsegjanlegur af beggja hálfu.

7. grein

Öll skjöl, sem nefnd eru í samningi þessum, eru fylgiskjöl hans og hluti af honum.

Fylgiskjal II.

Úr fjárlögum fyrir árið 1995.
(Bls. 134, 139 og 246.)

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–357	**Sjúkrahúsið Siglufirði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			133 100
1 01	Sjúkrahúsið Siglufirði	133 100	
	Gjöld samtals		133 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	90 200	
52–58	Önnur gjöld	42 900	
5	Gjöld samtals	133 100	
4	Sértekjur	8 400	
	Mismunur		**124 700**
08–358	**Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 281 300
1 01	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	1 281 300	
Viðhaldsverkefni:			20 800
5 01	Fasteign	20 800	
Stofnkostnaður:			45 000
6 01	Tæki og búnaður	10 000	
6 50	Nýbygging	35 000	
	Gjöld samtals		1 347 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	872 100	
52–58	Önnur gjöld	475 000	
5	Gjöld samtals	1 347 100	
4	Sértekjur	152 000	
	Mismunur		**1 195 100**
08–359	**Sjúkrahúsið Húsavík**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			249 900
1 01	Sjúkrahúsið Húsavík	249 900	
	Gjöld samtals		249 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–378 Læknishéraðasjóður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 500
1 01	Læknishéraðasjóður	2 500	
	Gjöld samtals		2 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	2 500	
5	Gjöld samtals		**2 500**
08–381 Sjúkrahús og læknisbústaðir			
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			25 000
5 50	Viðhald sjúkrahúsa, óskipt	25 000	
Stofnkostnaður:			285 600
6 60	Tækjakaup, óskipt	17 400	
6 90	Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	268 200	
	Gjöld samtals		310 600
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	310 600	
5	Gjöld samtals		**310 600**
08–385 Framkvæmdasjóður aldraðra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			251 000
1 01	Kostnaður skv. 3.- 5. tölul. 12. gr. laga um málefni aldraðra	251 000	
Stofnkostnaður:			229 000
6 01	Stofnkostnaður og endurbætur	229 000	
	Gjöld samtals		480 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	480 000	
5	Gjöld samtals		**480 000**

16. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 690).

	Þús. kr.	Þús. kr.
a. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar:		
1. Akranes, sjúkrahús	20.500	
2. Grundarfjörður, H1	15.000	
3. Stykkishólmur, sjúkrahús	7.200	
4. Stykkishólmur, H2	4.800	
5. Þingeyri, H1	7.200	
6. Ísafjörður, sjúkrahús og H2	30.000	
7. Hvammstangi, sjúkrahús	9.000	
8. Blönduós, sjúkrahús og H2	12.000	
9. Akureyri, H2	7.000	
10. Húsavík, sjúkrahús og H2	4.000	
11. Vopnafjörður	4.500	
12. Eskifjörður, H2	12.000	
13. Laugarás, H2	15.000	
14. Keflavík, sjúkrahús, D-álma	20.000	
15. Kópavogur, H2	20.000	
16. Reykjavík, heilsugæslustöðvar	25.000	
		213.200
b. Hjúkrunarheimili aldraðra:		
1. Höfn í Hornafirði	14.000	
2. Hjúkrunarheimili Eskifirði	3.000	
3. Hjúkrunarheimili Fáskrúðsfirði	15.000	
4. Kirkjubæjarklaustur	6.000	
5. Hella	7.000	
6. Hjúkrunarheimilið Víðihlíð	10.000	
		55.000

17. Heilbrigðismál, ýmis framlög (08-399 190).

1. Alnæmisssamtökin á Íslandi	500	
2. Spoex	1.000	
3. Landssamtök áhugafólks um flogaveiki	400	
4. Gigtarfélag Íslands	1.000	
5. Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna	300	
6. SEM	2.000	
7. Náttúrulækningafélag Akureyrar	500	
8. Heilsugæslustöðin Akureyri, þróunarverkefnið „Nýja barnið“	1.000	
Óráðstafað	1.300	
		8.000

18. Áfengisvarnir og bindindismál, annað (08-621 190).

1. Líknarfélagið Skjöldur	1.000	
2. Líknarfélagið Konan	1.000	
3. Stöðvun unglingadrykkju	1.000	
4. Stórstúka Íslands	2.000	
5. Fræðslumiðstöð í fíknivörnum	3.000	

168. Fyrirspurn [141. mál]

til iðnaðarráðherra um aukna raforkuframleiðslu Hitaveitu Suðurnesja og Landsvirkjunar.

Frá Árna M. Mathiesen.

1. Hversu mikið geta orkufyrirtækin Hitaveita Suðurnesja og Landsvirkjun aukið raforkuframleiðslu sína til þess að mæta aukinni orkuþörf vegna stækkunar álversins í Straumsvík án þess að byggja nýtt stórt vatnsaflsorkuver?
2. Hversu langan tíma tekur að auka raforkuframleiðsluna?
3. Hver yrði kostnaðurinn á orkueiningu?

169. Fyrirspurn [142. mál]

til heilbrigðisráðherra um málefni glasafrjóvgunardeildar.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni.

1. Hvað er áætlað að hækka mikið gjöld á sjúklinga sem leita aðstoðar glasafrjóvgunardeildar Ríkisspítalanna með hliðsjón af áætlaðri hækkun sértekna af starfsemi deildarinnar samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1996? Sundurliðunar er óskað.
2. Hvers vegna hefur framlagi að upphæð 25 millj. kr., sem samþykkt var í febrúar 1995 af þáverandi ríkisstjórn og verja átti til stækkunar og endurbóta á glasafrjóvgunardeild, ekki verið ráðstafað?
3. Má draga þá ályktun af fjárlagafrumvarpinu að ráðherra hafi skipt um skoðun á starfsemi glasafrjóvgunardeildar, sbr. þingsályktunartillögu hans á 118. löggjafarþingi (þskj. 623) um „eflingu glasafrjóvgunardeildar Landspítalans“?
4. Er á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar að tilteknir sjúklingahópar greiði nánast að fullu fyrir alla þá þjónustu sem þeir þurfa á að halda? Ef svo er, hvaða hópar eru það og hvernig og af hverjum eru þeir valdir?

170. Fyrirspurn [143. mál]

til heilbrigðisráðherra um rekstur leikskóla á vegum sjúkrahúsa.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hver hefur verið árlegur kostnaður sjúkrahúsanna í landinu af rekstri leikskóla fyrir börn og af vistun barna hjá dagmæðrum frá árinu 1990, reiknað á núgildandi verðlagi?
2. Hversu margir leikskólar eru nú reknir af sjúkrahúsunum í landinu og í hvaða sveitarfélögum eru þeir staðsettir?

3. Hefur verið stofnað til nýrra leikskóla á vegum sjúkrahúsanna frá árinu 1990 og ef svo er hvar og hvenær?
4. Eiga allar starfsstéttir sjúkrahúsanna jafnan rétt á leikskólaplássi fyrir börn sín á leikskólum sjúkrahúsanna?

Skriflegt svar óskast.

171. Frumvarp til laga [144. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 82/1969, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Geir H. Haarde,
Siv Friðleifsdóttir, Lúðvík Bergvinsson.

1. gr.

Í stað „20 ára“ í 2. mgr. 16. gr. laganna kemur: 18 ára.

2. gr.

Í stað „20 ára“ í 1. og 3. málsl. lokamálsgreinar 19. gr. laganna kemur: 18 ára.

3. gr.

Í stað „20 ára“ í e-lið 34. gr. laganna kemur: 18 ára.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1996.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að aldursmörk til kaupa og neyslu á áfengi verði færð úr 20 ára aldri niður í 18 ára aldur. Í ljósi umræðna um vaxandi vímuefna- og áfengisnotkun ungmenna gæti slík breyting á áfengislögunum virst mótsagnakennd. Ástæða er hins vegar til að ætla að ákvæði áfengislöggjafarinnar um 20 ára aldursmörk séu í reynd óvirk því að þeim sem ætla sér að neyta áfengis og eru undir 20 ára aldri eru yfirleitt opnar leiðir til að ná sér í áfengi þegar þeim hentar. Engin vörn er því í umræddu ákvæði. Þvert á móti ýta þessi ákvæði, sem fólk virðir ekki, undir ólöglegan innflutning á áfengi, aukna neyslu á bruggi og landasölu og jafnvel fíkniefnaneyslu unglinga.

Athyglisvert er að fram hefur komið hjá SÁÁ að undanfarin þrjú ár hafi ólögleg framleiðsla og sala á landa aukist verulega. Neytendur þessa ólöglega áfengis eru einkum unglingar. Á sama tíma og þessi umsvif virðast aukast dregur verulega úr kannabisneyslu og nokkuð úr amfetamínneyslu hjá þessum aldurshópi. Orðrétt segir um þetta efni í blaði SÁÁ:

„Mikil umræða hefur verið í þjóðfélaginu um ólöglega framleiðslu og sölu á landa. Þessi sala hefur einkum beinst að unglingum. Á sama tíma og hægt er að ganga að því sem vísu að ólögleg áfengisneysla hafi aukist meðal unglinga sést að ólögleg kannabis- og amfetamínneysla hefur dregist saman meðal unga fólksins á Íslandi undanfarin tvö ár.“

Af framansögðu er ljóst að þetta ákvæði áfengislaganna er lýsandi dæmi um lagafyrirmæli sem eru úrelt og fólk virðir ekki. Út frá siðferðissjónarmiði vaknar spurning um áhrif þess að ungt fólk alist upp við að það sé ekkert mál að brjóta lög. Af þessari reynslu má einnig draga þá ályktun að úr því að dregið hefur úr neyslu ólöglegra fíkniefna með aukinni landasölu megi ætla að ef aldursmörkin í áfengislögunum yrðu færð niður í 18 ár leiddi það til þess að draga mundi úr ólöglegri sölu og neyslu landa sem getur verið miklu skaðlegri og hættulegri ungu fólki en neysla t.d. á bjór eða öðru löglegu áfengi.

Ákvæðið um 20 ára aldursmörk til neyslu og kaupa á áfengi hefur heldur ekki verið í takt við þá þróun sem orðið hefur varðandi önnur réttindi unga fólksins. Má þar nefna að lögræðislögunum var breytt 1979 og lögræðisaldur lækkaður úr 20 árum í 18 ár. Rökin fyrir því voru m.a. þau að óeðlilegt væri með öllu að kosningaaldur yrði lækkaður án þess að lögræðisaldur yrði lækkaður að sama skapi. Að auki var bent á eftirfarandi í greinargerð með frumvarpinu um lækkun lögræðisaldurs frá árinu 1979: „Hitt er ótvírætt almenn skoðun á síðari árum og sérstaklega á síðustu áratugum að aukinni skólagöngu og menntun ásamt aukinni hagsæld hafi fylgt skjótari þroski æskulýðs þannig að eðlilegt sé að skjótari forráð eigin mála fylgi. Þetta hefur m.a. komið fram í því að fjölskyldustofnun verður á síðustu árum oft fyrr en almennt tíðkaðist til skamms tíma. Einnig hefur sjálfstæð tekjuöflun og eignaumsvif ungmenna aukist til muna. Er þess því að vænta að vart muni um það deilt að breytingar á þessu löggjafarsviði séu tímabærar. Með lögum frá 1972 var heimill aldur til hjúskaparstofnunar alfarið lækkaður í 18 ár. Þótt hjúskaparstofnun fylgi að lögum sjálfkrafa lögræði er sú ákvörðun aldursmarka enn ein staðfesting umræddrar þróunar."

Í greinargerðinni með frumvarpinu frá 1979 var einnig kveðið á um að aðrar breytingar mundu fylgja í kjölfarið þar sem lagaákvæðum um aldursskilyrði yrði breytt, t.d. hjúskaparlögum og ættleiðingarlögum.

Í júní 1984 tóku gildi lög um kosningar til Alþingis þar sem kosningaaldur var lækkaður úr 20 ára í 18 ára aldur. Ákvæðið um 20 ára aldursmörk í áfengislögunum hefur hins vegar staðið óbreytt frá 1969. Flestir gera sér þó grein fyrir að það er hvorki í samræmi við önnur réttindi sem fela í sér mikla ábyrgð og skyldu og unga fólkið hefur fengið viðurkennd með lögum, eins og lækkun lögræðis- og kosningaaldurs, né felst í þessu ákvæði nokkur vörn gegn áfengisneyslu fólks undir tvítugu.

Mikil þversögn felst í því að við 18 ára aldur getur fólk ráðið sjálft öllum persónulegum högum sínum, hefur jafnt sjálfræði sem fjárræði. Þannig getur 18 ára einstaklingur tekið bankalán, orðið sjálfskuldarábyrgðarmaður vegna þriðja aðila eða handhafi greiðslukorta. Honum er treyst fyrir þeirri miklu ábyrgð sem fylgir giftingu og uppeldi barna, að hafa kosningarrétt og kjörgengi til Alþingis og sveitarstjórna en ekki að sjá fótum sínum forráð og bera ábyrgð á meðferð og neyslu áfengis eins og aðrir. 18 ára einstaklingur getur líka haft rétt til að kjósa um hvort opna skuli áfengisútsölu í tilteknu bæjarfélagi. Við 16 ára aldur ræður hann hvort hann flytur að heiman, heldur áfram skólagöngu o.s.frv.

Að auki má benda á að flest lönd, sem við berum okkur saman við, hafa aldursmörkin í áfengislögum við 18 ára aldur.

Hér er nokkur dæmi:

Í Danmörku er miðað við 18 ára aldur, jafnt í búð sem á vínveitingastöðum (létt og sterk vín).

Í Noregi er miðað við 18 ára aldur til kaupa á léttum bjór og léttvíni en 20 ára aldur til kaupa á sterkum vínum og sterkum bjór.

Í Þýskalandi er 16 ára aldurstakmark fyrir léttan bjór og léttvín en 18 ár fyrir alla sterkari drykki. Sé barn hins vegar í fylgd með forráðamanni sínum má veita því bjór eða léttvín, óháð aldri.

Í Bretlandi er 18 ára aldurstakmark (var 16 ár áður).

Í Bandaríkjunum er 18 ára aldurstakmark.

Í Frakklandi er 18 ára aldurstakmark.

Ekkert liggur þó fyrir um að áfengisvandamál þessara aldurshópa séu meiri í þessum löndum en hér. Benda má á að mikil drykkja sumra unglinga á götum úti í Reykjavík um helgar hefur vakið undrun ferðamanna sem hingað koma og orðið tilefni til skrifa í erlendum blöðum.

Margt bendir einmitt til þess að ein af orsökum svokallaðs „miðbæjarvandamáls unglinga“ um helgar megi rekja til þessa umrædda ákvæðis í áfengislögunum. Vínveitingastaðir mega í raun hleypa inn 18 ára og eldri en hins vegar má ekki selja þeim áfengi sem eru undir tvítugu. Til að losna við vandræði af þessum sökum setja allmargir þessara staða aldursmörkin við tvítugt. Jafnvel þekkist að miðað sé við 25 ára aldur. Þannig er ungu fólki undir tvítugu oft vísað frá skemmtistöðunum vegna þessara ákvæða í áfengislögunum, jafnvel þótt það ætli ekki inn þeirra erinda að kaupa sér áfengi. Styður það einmitt það umkvörtunarefni ungs fólks að það komist ekki inn á skemmtistaðina sem það telur veigamikla ástæðu fyrir því að unga fólkið safnast saman í miðbænum. Jafnvel eru sum kaffihús, sem hafa áfengisleyfi, lokuð þessum aldurshópi.

Þegar litið er til þeirrar aldursviðmiðunar sem ungt fólk býr við varðandi réttindi og skyldur vaknar sú spurning hvort samhliða þessu frumvarpi væri ekki rétt að skoða aðrar aldursviðmiðanir til samræmis, þ.e. hvort hækka beri sjálfræðisaldurinn úr 16 árum í 18 ár, en í flestum nágrannalöndum okkar er sjálfræðisaldurinn 18 ár. Ástæða er einnig til að vekja athygli á því að ökuleyfisaldurinn er miðaður við 18 ára aldur annars staðar á Norðurlöndum en hér á landi er hann 17 ár.

Varðandi sjálfræðisaldurinn er rétt að vitna í skýrslu samráðsnefndar um málefni barna og ungmenna sem gerð var af hálfu félagsmálaráðuneytisins og kom út í október 1992: „Það er álit samráðsnefndarinnar að fyrst á annað borð var farið að framkvæma víðtæka endurskoðun á barnaverndarlögunum hefði verið eðlilegt að hækka sjálfræðisaldur í 18 ár eins og tíðkast í nágrannalöndum okkar. Nú á tímum dveljast langflestir unglingar á Íslandi í heimahúsum fram að og jafnvel fram yfir tvítugt og lúta þar almennum húsaga og handleiðslu foreldra sinna og sjálfræði þeirra hefur því einungis táknrænt gildi. Einu tilvikin, þar sem sjálfræðisaldurinn hefur einhverja verulega þýðingu, eru gagnvart unglingum í alvarlegum vanda. Þegar skjólstæðingurinn verður 16 ára og þar af leiðandi sjálfráða standa þeir sem starfa að meðferðarmálum unglinga oft frammi fyrir því að það meðferðarstarf sem hafið er ónýtist.“

Með því að lækka áfengiskaupaaldurinn niður í 18 ár er verið að breyta lögum sem ekki er farið eftir og erfitt er að framfylgja.

Lög, sem ekki er farið eftir, mörgum finnst óréttlát og óskynsamleg og örðugt er að framfylgja, eru ekki góð lög. Hvað sem lögunum líður hefur ungt fólk tiltölulega greiðan aðgang að áfengi. Núverandi fyrirkomulag, sérstaklega með hliðsjón af því að 18 ára ungmennum finnst það óréttlátt og óskynsamlegt, getur gert áfengið meira spennandi, þ.e. aukið aðdráttarafl þess.

Erfitt er að sjá að áfengisvandinn liggi í því hvort 18, 19 eða 20 ára ungmenni hafa lagalega heimild til neyslu áfengis. Orsakir áfengisvandans eiga sér oftast dýpri rætur og tengjast meira því þjóðfélagslega umhverfi sem unga fólkinu er búið. Ástæða er fremur til að brjóta þann þátt til mergjar en að skella skuldinni á einhver óskilgreind unglingavandamál og skýla sér bak við úrelta löggjöf til að koma í veg fyrir óhóflega áfengisnotkun ungs fólks.

Þessi breyting á áfengislögunum felur í sér traust til unga fólksins í því að það umgangist áfengi af skynsemi og að því sé sjálfu treyst til að gera sér grein fyrir þeirri hættu sem ofnotkun þess fylgir. Slík viðhorfsbreyting löggjafans til unga fólksins gæti þýtt breytt viðhorf þeirra til umgengni við áfengið.

Eftir slíka breytingu væri auðveldara að framfylgja áfengislögunum og einbeita sér frekar að þeim sem eru yngri en 18 ára. Þá væri þessu samfara hægt að koma af stað lögbundinni, markvissri og skynsamlegri áfengisstefnu, t.d. þar sem reynt yrði að draga úr áfengisneyslunni með öðrum aðferðum en aðeins boðum og bönnum. Slíkt hefur ekki gefist nægilega vel, enda eru óteljandi möguleikar til að komast fram hjá því.

Móta þarf opinbera stefnu í áfengismálum þar sem markvisst verði unnið að því að fólk umgangist áfengi með öðru hugarfari en verið hefur og að fólk sé vel meðvitað um hættur samfara áfengisneyslunni þannig að það finni til meiri ábyrgðar á eigin gjörðum. Það er ekki nægilegt að leggja fram þá stefnumörkun í áfengismálum að draga eigi svo og svo mikið úr áfengisneyslu, heldur þarf að byggja upp markvissa og faglega baráttu gegn áfengisbölinu. Í því efni þarf einnig að efla allar forvarnir, en samhliða þessu frumvarpi verður lögð fram á Alþingi tillaga um að efla forvarnir í áfengismálum og auka framlög til forvarnarmála í því skyni.

172. Frumvarp til laga [145. mál]

um breytingu á jarðalögum, nr. 65 31 maí 1976, með síðari breytingum.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Gísli S. Einarsson.

1. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Í hverri sýslu skal starfa jarðanefnd skipuð þremur aðalmönnum og jafnmörgum til vara. Viðkomandi héraðsnefnd tilnefnir tvo aðalmenn og jafnmarga varamenn og Búnaðarsamband viðkomandi sýslu tilnefnir þriðja aðalmanninn og varamann hans. Ráðherra skipar formann nefndarinnar úr hópi tilnefndra aðalmanna.

Jarðanefnd skal skipuð til fjögurra ára í senn.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Orðin „gjöf“ og „fyrirframgreiðslu arfs“ í 1. mgr. falla brott.
b. 2. og 3. mgr. orðast svo:

Nú eru sveitarstjórn og jarðanefnd sammála um að ráðstöfun fasteignar sé andstæð hagsmunum sveitarfélagsins og er þá heimilt að synja um áformaða ráðstöfun eignarinnar, enda séu lagðar fram skriflega rökstuddar ástæður, sbr. ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Rísi ágreiningur milli viðkomandi sveitarstjórnar og jarðanefndar getur hvor um sig vísað ágreiningnum til ráðherra á grundvelli rökstuddrar greinargerðar. Ráðherra fellir úrskurð að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Úrskurður skal felldur innan eins mánaðar frá því erindið barst ráðherra. Um slíka úrskurði skulu eiga við ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

c. 6. tölul. 4. mgr. orðast svo: Þegar fyrir liggur yfirlýsing um að jörðin verði tekin til skógræktar og/eða landgræðslu og yfirlýsingin hefur verið staðfest af Skógrækt ríkisins og/eða Landgræðslu Íslands.

d. 6. mgr. fellur brott.

e. Í stað orðanna „eða afsala fasteigninni til aðila sem fullnægir skilyrðunum“ í 1. málsl. 7. mgr. kemur: og skal þá taka fram í tilkynningunni um frestinn nákvæmlega hvaða skilyrði það eru sem á skortir að uppfyllt séu.

3. gr.

Síðari málsliður 7. gr. laganna orðast svo: Hafi svar þá ekki borist er hin áformaða ráðstöfun heimil.

4. gr.

Á eftir orðunum „áformaða sölu fasteignar“ í l. málsl. 8. gr. laganna kemur: á grundvelli rökstudds álits.

5. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Eiganda eða forráðamanni jarðar, sbr. ákvæði 3. gr., er heimilt að uppfylltum ákvæðum skipulagslaga, nr. 19/1964, með síðari breytingum, og byggingarlaga, nr. 54/1978, að reisa á landi sínu gistiaðstöðu fyrir ferðamenn, svo sem veiðihús eða sumarbústaði, án þess að afla þurfi leyfis jarðanefndar.

6. gr.

11. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. 1. mgr. fellur brott.

b. 2. mgr. orðast svo:

Óski félagasamtök, svo sem stéttarfélög, eftir landi til reksturs orlofshúsa fyrir félagsmenn er jarðanefnd rétt að heimila það enda liggi fyrir samþykki jarðeiganda. Sama gildir ef félagasamtök eða einstaklingar óska eftir landi til skógræktar eða landgræðslu.

8. gr.

20. gr. laganna orðast svo:

Kostnaður við störf jarðanefnda greiðist af viðkomandi sveitarsjóðum samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur.

9. gr.

2. málsl. 2. mgr. 37. gr. laganna fellur brott.

10. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða:

Fyrir 1. október 1996 skal ráðherra hafa lokið við að láta endurskoða ákvæði jarðalaga, einkum og sér í lagi ákvæði IV. kafla laganna, um forkaupsrétt. Frumvarp þess efnis skal lagt fyrir Alþingi sama haust.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1996.

Greinargerð.

Markmiðið með frumvarpi þessu er tvíþætt. Annars vegar á það að auðvelda kaup og sölu jarða þannig að sannvirði geti fengist fyrir bújarðir bænda en eins og jarðalög, nr. 65/1976, eru nú úr garði gerð, ekki síst eftir breytingar þær sem gerðar voru á sl. vori, eru miklar hindranir lagðar í veg fyrir viðskipti með bújarðir þannig að möguleikar bænda til jarðasölu eru stórlega skertir og verðmæti eigna þeirra rýrð að sama skapi. Hitt meginmarkmiðið með breytingum þeim sem frumvarpið gerir ráð fyrir er að auðvelda bændum sem landbúnað stunda að nýta jarðir sínar jafnframt til tekjusköpunar vegna annarrar starfsemi, svo sem til byggingar og útleigu á sumarbústöðum og til útleigu eða eigin framkvæmda vegna landgræðslu og skógræktar. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir ýmsum öðrum breytingum á gildandi lögum, svo sem þeim að breyta nokkuð skipan jarðanefnda, draga úr völdum þeirra, sem verið hafa óhemju mikil og oft hindrað eðlileg viðskipti með jarðnæði, og leggja þeim þá skyldu á herðar að rökstyðja skriflega ákvarðanir sínar ef þær leggjast gegn eigendaskiptum en það hafa þær ekki þurft að gera og skapar það hættu á geðþóttaákvörðunum. Þá hefur komið fram að álitamál kunni að vera hvort ákvarðanir jarðanefnda og/eða sveitarstjórna samkvæmt jarðalögum falli undir ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Flutningsmenn telja að allan vafa eigi að taka af um að stjórnsýslulögin eigi hér við og í frumvarpinu er lagt til að svo sé gert.

Þegar jarðalögin voru sett á sínum tíma var umhverfi landbúnaðarins allt annað en það er nú orðið. Þá var uppgangur í landbúnaði og mikil ásókn í jarðir, ekki síst hlunnindajarðir. Þótti því nauðsyn bera til að takmarka rétt jarðeigenda til þess að ráðstafa jörðum sínum, en slík takmörkun á eignarrétti hefur ávallt í för með sér að lægra verð fæst fyrir eignirnar. Jarðalögin eru því lög um takmarkanir á ráðstöfunarrétti eigna og valda verðlækkun viðkomandi eigna, geta jafnvel gert þær hartnær óseljanlegar. Með þeim breytingum, sem gerðar voru á lögunum á sl. vori, t.d. með ákvæðum 6. mgr. 6. gr. gildandi laga þar sem heimilt er að binda samþykki fyrir jarðakaupum því skilyrði að væntanlegur kaupandi hafi haft í allt að tvö ár fasta búsetu á eigninni eða í næsta nágrenni hennar og skuldbindi sig jafnframt til þess að eignin verði nýtt til landbúnaðar, hafa slíkar hindranir verið lagðar í veg fyrir eðlileg viðskipti með jarðir að segja má að bújarðir bænda hafi verið gerðar verðlausar. Þetta ákvæði var sett í lög vegna ótta manna við að aðild Íslendinga að Evrópska efnahagssvæðinu kynni að valda því að útlendingar keyptu upp bújarðir á Íslandi í stórum stíl í því skyni að taka þær úr byggð. Reynslan hefur sýnt að fáar eða engar fyrirspurnir hafa borist frá útlöndum um kaup á íslenskum bújörðum og því hafa umræddd ákvæði eingöngu torveldað viðskipti milli landsmanna sjálfra. Þá er það einnig andi jarðalaganna eins og þau eru nú úr garði gerð að tryggja m.a. með viðskiptahindrunum að allar jarðir á Íslandi, sem nýttar voru til hefðbundins landbúnaðar árið 1976, verði nýttar með slíkum hætti um ókominn tíma. Slíkt markmið stang-

ast að sjálfsögðu algerlega á við umhverfið eins og það er orðið þar sem feikimiklum fjármunum skal nú varið úr ríkissjóði til þess að draga úr landbúnaðarframleiðslu, einkum sauðfjárrækt, með uppkaupum og öðrum aðgerðum sem beinast að því að draga úr eða hætta hefðbundnum landbúnaði á bújörðum.

Jafnhliða því sem slíkt er gert má auðvitað ekki leggja björg í götu bænda sem vilja selja bújarðir sínar og fá sem hæst verð fyrir eða nýta þær til annarrar tekjuöflunar samfara því sem dregið verður úr hefðbundinni landbúnaðarnýtingu þeirra. Jarðalögin í núverandi mynd eru slíkt bjarg í vegi bænda og valda mikilli og óeðlilegri verðrýrnun á eignum þeirra sem er í hæsta máta óeðlilegt eins og nú er komið fyrir íslenskri bændastétt. Breytingar þær, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, yrðu því til stóraukins hagræðis fyrir bændur landsins og mundu auðvelda þeim til mikilla muna að takast á við þá erfiðleika sem þeir standa nú frammi fyrir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

4. gr. gildandi laga kveður á um skipan jarðanefnda. Þar er gert ráð fyrir að búnaðarsamband viðkomandi sýslu skipi meiri hluta nefndarinnar, þ.e. tvo nefndarmenn og varamenn þeirra, en í upphaflegum lögum var gert ráð fyrir að sýslunefnd skipaði einn nefndarmann. Þegar sýslunefndir voru lagðar niður með lögum, en héraðsnefndir komu í þeirra stað, var lögunum breytt þannig að héraðsnefnd skipaði einn fulltrúa í stað sýslunefndar.

Sýslunefndirnar voru skipaðar fulltrúum dreifbýlissveitarfélaga í viðkomandi sýslu (engir fulltrúar kaupstaða) en að héraðsnefndunum eiga öll sveitarfélög sýslunnar aðild. Koma þannig fram í héraðsnefndunum viðhorf allra sveitarfélaga sýslunnar, þar á meðal þéttbýlissveitarfélaga. M.a. af þeim ástæðum þykir flutningsmönnum eðlilegt að héraðsnefndirnar með aðild allra sveitarfélaga viðkomandi sýslu skipi meiri hluta jarðanefnda, tvo fulltrúa af þremur, en viðkomandi búnaðarsamband einn fulltrúa. Til samræmis við það er svo ráð fyrir því gert í 8. gr. frumvarpsins að sveitarfélögin greiði allan kostnað við störf jarðanefndanna.

Þá er einnig gerð tillaga um það í 1. gr. frumvarpsins að fella niður ákvæði 4. gr. gildandi laga um að áskilja að þeir sem sæti taka í jarðanefnd skuli kunna góð skil á byggð og búháttum í sýslunni og vera þar búsettir. Óþarfi er að taka slíkt sérstaklega fram í lögum þar sem gert er ráð fyrir að jarðanefndarmenn séu skipaðir af fulltrúum heimamanna sjálfra, búnaðarsambandi og héraðsnefnd.

Um 2. gr.

6. gr. gildandi laga er meginefnisgrein þeirra þar sem miklar kvaðir eru reistar gegn ráðstöfun eiganda bújarðar á eign sinni og mjög mikil völd lögð í hendur jarðanefnda í því skyni. Með þeim breytingum, sem lagðar eru til í 2. gr. frumvarpsins, eru völd nefndanna takmörkuð og að sama skapi ráðstöfunarréttur jarðeiganda á eign sinni aukinn.

Í 1. mgr. 6. gr. eru taldar upp þær ráðstafanir eiganda jarðnæðis á fasteign sinni sem honum eru óheimilar, nema með samþykki jarðanefndar. Þar með talið er að eigandi má ekki gefa eign sína, t.d. til góðgerðastarfsemi, nema samþykki jarðanefndar fáist. Eigi má heldur jarðeigandi ráðstafa fasteign sinni til barna sinna sem fyrirframgreiðslu arfs nema samþykki nefndarinnar komi til. Þetta eru að áliti flutningsmanna allsendis óhæfilegar kvaðir á ráðstöfunarrétti jarðeiganda á eign sinni og er því lagt til í a-lið 2. gr. frumvarpsins að ekki þurfi að afla samþykkis jarðanefndar til slíkra ráðstafana.

Í 2. mgr. 6. gr. gildandi laga eru ákvæði sem heimila sveitarstjórn og jarðanefnd að synja um áformaða ráðstöfun fasteignar telji þessir aðilar hana andstæða hagsmunum sveitarfélagins og í 3. mgr. 6. gr. eru ákvæði um að greini þessa aðila á felli ráðherra úrskurð. Athyglisvert er að engin ákvæði eru um það í lagatextanum að færa þurfi rök fyrir synjuninni. Dæmi eru til um það að jarðanefnd hafi hafnað kaupum á þeim forsendum að nefndarmönnum hafi ekki litist á væntanlegan kaupanda. Þeir starfshættir að ekki þurfi að leggja fram rökstuddar ástæður fyrir synjun valda því einnig að grunsemdir geta vaknað um að jarðanefndarmenn eða viðkomandi sveitarstjórnir vilji með afstöðu sinni ráða því að einhver tiltekinn einstaklingur fái jarðnæðið fremur en annar hvað sem líður vilja eiganda. Mörg mál hafa risið vegna deilna af þessu tagi og er umhugsunarvert hversu mikið skortir á að greinargóð rök séu færð fyrir synjunum jarðanefnda og sveitarstjórna. Nægir í því sambandi að vitna til dóms héraðsdóms Rangárvallasýslu frá 20. júní 1989 í aukadómþingsmálinu nr. 1/1989, en þar eru raktir málavextir þar sem, að áliti flutningsmanna, ekki hefur verið tekið nægilegt tillit til eðlilegra og nútímalegra sjónarmiða í stjórnsýslu og samskiptum opinberra valdsaðila við borgara. Synji jarðanefnd, sveitarstjórn og/eða ráðherra eiganda jarðnæðis um þá ráðstöfun eigna sinna sem hann sjálfur kýs verða synjunaraðilar að rökstyðja synjun sína skriflega og á greinargóðan hátt þannig að aðilar málsins geti gengið úr skugga um ástæður og gætt réttar síns í framhaldi af úrskurðinum. Breytingar þær, sem b-liður 2. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir, eru einmitt þess eðlis að gera skuli kröfu um rökstuðning fyrir synjunum jarðanefnda og/eða sveitarstjórna á ráðstöfun eigenda jarðnæðis og rísi ágreiningur skuli ráðherra skera úr á grundvelli slíkra gagna og skuli úrskuður falla ekki síðar en 30 dögum eftir að ágreiningsmálið barst ráðuneytinu. Þá er einnig lagt til að sú breyting verði gerð að ráðherra leiti umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga áður en hann kveður upp úrskurð sinn sem ekki er áskilið í gildandi lögum, svo og að annar umsagnaraðili skuli vera Bændasamtök Íslands en ekki Búnaðarfélag Íslands sem sameinað hefur verið Stéttasambandi bænda í hinum nýju samtökum, Bændasamtökum Íslands. Víðar í gildandi lögum er vísað í Búnaðarfélag Íslands þar sem nú skal vísa til Bændasamtaka Íslands og gera flutningsmenn ráð fyrir að sú leiðrétting verði gerð í nefnd þeirri sem fær frumvarp þetta til meðferðar þegar frumvarpið kemur til annarrar umæðu. Þá er loks rétt að geta þess að með vísan til stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, sem gerð er tillaga um, eru tekin af öll tvímæli um réttarstöðu þeirra aðila sem þurfa að sækja með mál sín undir jarðanefndir og sveitarstjórnir samkvæmt jarðalögum, svo sem áfrýjunarrétt vegna úrskurða og rétt til upplýsinga. Með tilvísuninni er tekinn af allur vafi um að ákvarðanir jarðanefnda, sveitarstjórna og ráðherra samkvæmt jarðalögum falla undir ákvæði stjórnsýslulaganna.

Í c-lið 2. gr. frumvarpsins er lagt til að 6. tölul. 4. mgr. 6. gr. falli brott, enda er í þeim tölulið vísað til 1. mgr. 12. gr. laganna sem í 7. gr. frumvarpsins er lagt til að verði felld brott. Þess í stað er lagt til að 6. tölul. orðist eins og segir í c-lið, þ.e. að samþykkis jarðanefndar þurfi ekki að afla ef jörð er tekin til landgræðslu eða skógræktar og það hefur verið staðfest af Landgræðslu ríkisins eða Skógrækt ríkisins að svo sé.

Í d-lið 2. gr. frumvarpsins er lagt til að 6. mgr. 6. gr. laganna falli alveg niður. Í þessari málsgrein, sem kom inn í lögin á sl. vori, eru ákvæði um heimild til þess að binda samþykki jarðanefnda og sveitarstjórna fyrir eigendaskiptum á bújörðum því að væntanlegur kaupandi hafi í allt að tvö ár haft búsetu á eigninni eða „innan eðlilegrar fjarlægðar frá henni“. Með sama hætti sé heimilt að binda skilyrðum að eignin verði nýtt til landbúnaðar eða annarrar atvinnustarfsemi í samræmi við tiltekin áform og verði slíkum skilyrðum þinglýst sem kvöð á eigninni. Umrædd ákvæði gera bújarðir því sem næst

óseljanlegar og stríða auk þess gegn þeirri stefnu stjórnvalda að draga úr hefðbundinni landbúnaðarframleiðslu á bújörðum og stuðla að því að bændur geti snúið sér að annarri atvinnustarfsemi. Því er lagt til að umrædd ákvæði verði afnumin.

Í e-lið 2. gr. frumvarpsins er felld brott sú heimild sveitarstjórna að skylda jarðeiganda til þess að afsala jörð sinni til aðila sem að mati sveitarstjórnar fullnægir skilyrðum hennar til þess að eignast jarðnæðið hafi hún ekki fallist á þá ráðstöfun sem jarðeigandinn sjálfur kaus. Þess í stað er lagt til að ef sveitarstjórn með samþykki ráðherra veitir væntanlegum kaupanda jarðnæðis frest til þess að uppfylla þau skilyrði sem hún telur á skorta til þess að vilja samþykkja kaupin skuli hún greina nákvæmlega frá því hvaða skilyrði hún telur vera óuppfyllt. Geti væntanlegur kaupandi ekki uppfyllt þau skilyrði, enda séu þau í samræmi við ákvæði laganna, sé það seljanda að finna nýjan en sveitarstjórn hafi ekki heimild til þess að fyrirskipa honum að selja aðila sem sveitarstjórnin telur henta sem ábúanda.

Um 3. gr.

Í ákvæðum 7. gr. gildandi laga er svo kveðið á að hafi sveitarstjórn eða jarðanefnd ekki afgreitt erindi um jarðakaup innan 30 daga sé hin áformaða ráðstöfun heimiluð í næstu sex mánuði. Með öðrum orðum geta kaup hafa farið fram og eigendaskipti hafa orðið og bæði kaupandi og seljandi verið í góðri trú en allt að sex mánuðum síðar kemur þriðji aðili og riftir kaupunum. Þetta er að áliti flutningsmanna óviðunandi bæði fyrir kaupendur og seljendur og er því lagt til að sú breyting verði gerð að hafi jarðanefnd og sveitarstjórn ekki hafnað eigendaskiptum innan þess 30 daga frests sem lögin setja skuli hin áformaða ráðstöfun teljast vera heimil.

Um 4. gr.

Hér er gerð tillaga um að kveðið verði á um að neitun sveitarstjórnar og/eða jarðanefndar við áformaðri sölu fasteignar þurfi að byggjast á rökstuddu áliti og er það til samræmis við tillögur frumvarpsins hér að framan.

Um 5. gr.

Í 10. gr. laganna eru ákvæði sem banna eiganda bújarðar þar sem stundaður er hefðbundinn búskapur að reisa sumarbústað(i) á landi sínu nema samþykki jarðanefndar komi til. Í 5. gr. er lagt til að sú breyting verði gerð að samþykki jarðanefndar þurfi ekki til að koma vilji bóndi, sem stundar hefðbundinn búskap á jörð sinni, byggja þar sumarbústað(i) eða veiðihús til sölu eða leigu og er þetta m.a. til þess að auðvelda bændum, sem stunda hefðbundinn búskap, að auka tekjur sínar með annarri starfsemi án kvaða annarra en þeirra sem kveður á um í skipulagslögum, nr. 19/1964, og byggingarlögum, nr. 54/1978.

Um 6. gr.

Í 11. gr. laganna eru ákvæði um að samþykki skuli ekki veitt fyrir sölu fasteignar til landbúnaðar nema væntanlegur kaupandi hafi starfað við landbúnað í tvö ár hér á landi, en ráðherra geti veitt undanþágu frá þessu ákvæði að fenginni umsögn sveitarstjórnar og jarðanefndar. Að áliti flutningsmanna er hér enn um að ræða hömlur á sölu jarðnæðis sem leiða til verðrýrnunar á eignum bænda. Flutningsmenn telja þessar hindranir óþarfar og óæskilegar og leggja til að greinin verði felld brott.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. 12. gr. gildandi laga eru ákvæði um að óheimilt sé að taka það land, sem nýtt var til landbúnaðar við gildistöku laganna (árið 1976), til annarra nota nema með lagaheimild eða samþykki ráðherra að tilskildu samþykki viðkomandi jarðanefndar og sveitarstjórnar og að fenginni umsögn Skipulags ríkisins og Búnaðarfélags Íslands. Sé slíkt samþykki veitt beri að þinglýsa því. Að áliti flutningsmanna eru þessar hindranir á því að taka jarðnæði til annarra nota en til hefðbundins landbúnaðar í hrópandi ósamræmi við það sem nú er að gerast í íslenskum landbúnaði þar sem stjórnvöld stuðla af fremsta megni að því að hefðbundinn landbúnaður, fyrst og fremst sauðfjárrækt, dragist saman. Tími er því kominn til þess að auðvelda bændum að taka land til annarra nota en til hefðbundins landbúnaðar og er það best gert með því að fella umrædda 1. mgr. 12. gr. brott.

Þá er í b-lið lagt til að 2. mgr. 12. gr. verði umorðuð, m.a. þannig að til greina geti komið að heimila fleiri félagasamtökum en stéttarfélögum að öðlast land til reksturs orlofshúsa, svo og að samþykki landeiganda sé áskilið eins og eðlilegt er.

Um 8. gr.

Í 20. gr. gildandi laga er kveðið á um að kostnaður við störf jarðanefnda greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr viðkomandi sveitarsjóði. Þar sem héraðsnefndir hafa komið í stað sýslunefnda eins og var í upphaflegri gerð laganna og í héraðsnefndum sitja, öfugt við það sem átti við um sýslunefndirnar, fulltrúar þéttbýlissveitarfélaga viðkomandi sýslu ásamt fulltrúum dreifbýlissveitarfélaganna er óeðlilegt að ríkissjóður þurfi að bera helming kostnaðar við störf jarðanefnda enda er meginhlutverk þeirra að gæta hagsmuna sveitarfélaganna og íbúa þeirra. Hér er því lögð til sú breyting að viðkomandi sveitarfélög greiði að fullu kostnað við störf jarðanefnda samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur.

Um 9. gr.

Í 37. gr. gildandi laga eru m.a. ákvæði um að heimilt sé að leigja ríkisjarðir, sem ekki byggjast samkvæmt ábúðarlögum og ekki eru teknar til nota af hálfu hins opinbera, til allt að 10 ára í senn. Síðan segir í 2. málsl. 2. mgr. að sé sótt um jörð til fastrar ábúðar, sem leigð hafi verið með slíkri leigu, sé hægt að segja slíkum leigusamningi upp fyrir áramót miðað við næstu fardaga þar á eftir.

Nú liggur fyrir að aðili, einstaklingur eða samtök, sem leigt hefur ríkisjörð t.d. til skógræktar eða til annarra nytja og fengið samning til allt að 10 ára, kann að hafa gert ýmsar fjárhagslega skuldbindandi ráðstafanir og lagt í verulegan kostnað vegna nytjanna. Óeðlilegt er að ríkið geti einhliða rift samningnum með þeim hætti sem 2. málsl. 2. mgr. gerir ráð fyrir. Flutningsmenn leggja því til að ákvæði 2. málsl. 2. mgr. um einhliða riftun á leigusamningi verði afnumin.

Um 10. gr.

Rík ástæða er til þess að endurskoða ýmsa aðra þætti jarðalaganna og færa í frjálsræðisátt en þá sem í frumvarpi þessu hefur verið gerð tillaga um breytingar á. Það á ekki síst við um IV. kafla laganna sem fjalla um forkaupsrétt. Þar er hins vegar um að ræða ýmis stór lögfræðileg álitamál sem vandlega þarf að huga að í samráði við ýmsa aðila, svo sem Samband íslenskra sveitarfélaga. Því er lagt til að í ákvæði til bráðabirgða verði

landbúnaðarráðherra falið að láta fara fram slíka endurskoðun og að leggja fram frumvarp að endurskoðuðum lögum á næsta hausti.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

173. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [146. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Siv Friðleifsdóttir.

1. gr.

51. gr. stjórnarskrárinnar orðast svo:

Ráðherrar mega ekki eiga sæti á Alþingi. Þó eiga þeir rétt á að taka þátt í umræðum eins oft og þeir vilja og svara fyrirspurnum, en gæta verða þeir þingskapa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Íslenskt réttarríki byggist á hugmyndum franskra umbótasinna á 18. öld um greiningu ríkisvaldsins í þrjá þætti, löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald, sbr. 2. gr. stjórnarskrárinnar. Hugsunin með slíkri skiptingu var að hver valdhafi um sig takmarkaði vald hins, en hver hluti ríkisvaldsins fyrir sig átti þó að vera sem sjálfstæðastur. Þó að stjórnarskrá okkar byggist á þessum hugmyndum gerir hún samt ráð fyrir að ráðherrar geti jafnframt verið alþingismenn. Aðskilnaður löggjafarvalds og framkvæmdarvalds er því í raun ekki eins mikill og 2. gr. stjórnarskrárinnar áskilur.

Sagt er að stærsti hluti hinnar eiginlegu vinnu við þingmál fari fram í þingnefndum. Sú hefð hefur hins vegar skapast að ráðherrar eiga ekki sæti í nefndum þingsins. Núverandi fyrirkomulag leiðir því til þess að um sjötti hluti þingheims er ekki nema að litlu leyti virkur í þingstarfinu. Með þessu frumvarpi til stjórnarskipunarlaga er lagt til að ráðherrar geti ekki átt sæti á þingi þann tíma er þeir gegna ráðherradómi. Jafnhliða þeirri breytingu, sem frumvarpið mælir fyrir um, telur flutningsmaður rétt að skoða hvort ástæða sé til að fækka þingmönnum. Gert er ráð fyrir að framkvæmdin verði sú að um leið og forseti hefur skipað alþingismann ráðherra taki varamaður sæti ráðherrans á þingi. Ráðherra á hins vegar rétt á þingsæti sínu aftur jafnskjótt og hann lætur af ráðherradómi ef þing hefur ekki verið rofið og boðað til nýrra kosninga. Með þessu móti munu allir sem sæti eiga á Alþingi hverju sinni geta sinnt þeim skyldum sem á þeim hvíla. Hins vegar er áfram gert ráð fyrir að ráðherrar geti tekið þátt í umræðum á þingi og svarað fyrirspurnum samkvæmt nánari reglum sem settar yrðu þar um í þingsköpum. Sú breyting á stjórnarskránni, sem hér er lögð til, á sér hliðstæðu bæði í Noregi og Svíþjóð þar sem slíkt fyrirkomulag þykir hafa gefist mjög vel.

Breytingar á stjórnarskránni eru ávallt vandmeðfarin mál. Flutningsmaður þessa frumvarps gerir ekki ráð fyrir að þær breytingar, sem hér eru lagðar til, verði samþykktar á þessu þingi. Það er samt löngu kominn tími til að þetta mál sé rætt af alvöru af þingmönnum sjálfum.

174. Frumvarp til laga [147. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. tölul. orðast svo: Hér með teljast þeir menn sem atvinnu stunda hér á landi, eða um borð í loftfari eða skipi sem skráð er hér á landi, þar með talið á grundvelli samninga um útleigu á vinnuafli, þótt dvöl þeirra eða starf vari 183 daga samtals eða skemur á sérhverju 12 mánaða tímabili.
b. 9. tölul. orðast svo: Allir aðilar sem eiga eignir hér á landi skv. 4.–8. tölul. skulu greiða eignarskatt af þeim eignum.

2. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „328.500“ í 2. málsl. 3. mgr. 17. gr. laganna kemur: 341.377.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. 4. tölul. A-liðar 1. mgr. fellur brott.
b. Í stað fjárhæðanna „126.000“ og „252.000“ í 1. málsl. 2. tölul. B-liðar 1. mgr. kemur:130.939 og 261.878.
c. Í stað fjárhæðanna „100.000“ og „200.000“ í 1. mgr. 4. tölul. 1. mgr. B-liðar kemur: 103.920 og 207.840.
d. Í stað fjárhæðanna „21.000.000“ og „42.000.000“ í 2. mgr. kemur: 21.823.200 og 43.646.400.
e. Í stað fjárhæðarinnar „25.000“ í 4. mgr. kemur: 25.980.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 68. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „282.264“ í 1. mgr. A-liðar kemur: 294.528.
b. Í stað fjárhæðarinnar „660“ í 4. mgr. B-liðar kemur: 689.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 69. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðanna „8.886“, „27.564“ og „28.917“ í 1. mgr. A-liðar kemur: 9.272, 28.768 og 30.176.
b. Í stað fjárhæðanna „66.723“, „70.941“ og „28.917“ í 2. mgr. A-liðar kemur: 69.624, 74.024 og 30.176.

c. 8. mgr. A-liðar fellur brott.
d. Í stað fjárhæðanna „89.284“ og „96.784“ í 2. mgr. B-liðar kemur: 93.164 og 100.990.
e. 3. mgr. B-liðar orðast svo:
Barnabótaauki skv. 2. mgr. skerðist í jöfnu hlutfalli við tekjuskattsstofn umfram 1.141.042 kr. hjá hjónum og umfram 570.521 kr. hjá einstæðu foreldri. Frá tekjuskattsstofni í þessu sambandi er eigi heimilt að draga tekjur skv. 2. og 3. tölul. A-liðar og 2., 3. og 4. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. Skerðingarhlutfallið skal vera 6% með einu barni, 11% með tveimur börnum og 15% með þremur börnum eða fleiri.
f. Í stað fjárhæðanna „4.017.000“ og „6.026.000“ í 4. mgr. B-liðar kemur: 4.174.466 og 6.262.219.
g. Í stað fjárhæðanna „359.698“, „519.467“ og „643.235“ í 3. mgr. C-liðar kemur: 411.209, 539.830 og 668.450.
h. Í stað 1. málsl. 4. mgr. C-liðar koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Vaxtabætur skal ákvarða þannig að frá vaxtagjöldum, eins og þau eru skilgreind í 3. mgr., skal draga fjárhæð sem svarar til 6% af tekjuskattsstofni. Frá tekjuskattsstofni í þessu sambandi er eigi heimilt að draga tekjur skv. 2. og 3. tölul. A-liðar og 2., 3. og 4. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr.
i. Í stað fjárhæðanna „2.976.267“ og „4.933.677“ í 3. málsl. 4. mgr. C-liðar kemur: 3.092.937 og 5.127.077.
j. Í stað fjárhæðanna „135.035“, „173.664“ og „223.310“ í 5. málsl. 4. mgr. C-liðar kemur: 140.903, 181.212 og 233.015.
k. Í stað fjárhæðarinnar „500“ í lokamálsl. 4. mgr. C-liðar kemur: 520.

6. gr.

Við 2. mgr. 3. tölul. 74. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Þó skal ár hvert heimilt að færa niður verð bifreiða um 10% af því verði sem þær voru taldar til eignar hjá framteljanda árið áður.

7. gr.

Í stað fjárhæðanna „1.183.000“ og „2.366.000“ í 1. mgr. 78. gr. laganna kemur: 1.229.374 og 2.458.748.

8. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „3.514.000“ í 83. gr. laganna kemur: 3.651.749.

9. gr.

Orðið „skriflega“ í 1. mgr. 91. gr. laganna fellur brott.

10. gr.

Í stað orðsins „nafnnúmers“ í 4. mgr. 92. gr. laganna kemur: kennitölu.

11. gr.

Í stað 4. mgr. 96. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar er orðast svo:

Sé gerð breyting á framtali eða sköttum eftir álagningu eða fari fram ný skattákvörðun, sbr. 1. og 2. mgr. þessarar greinar, skal skattstjóri gera skattaðila eða þeim, sem framtalsskyldan hvílir á, viðvart um fyrirhugaðar breytingar og af hvaða ástæðum þær eru gerðar, og senda tilkynningu um það skriflega. Skattstjóri skal veita skattaðila a.m.k.

15 daga, frest frá póstlagningu tilkynningar um fyrirhugaðar breytingar, til að tjá sig skriflega um efni máls og leggja fram viðbótargögn áður en úrskurður er kveðinn upp.

Skattstjóri skal innan tveggja mánaða að jafnaði kveða upp rökstuddan úrskurð um endurákvörðun álagningar og senda hann í ábyrgðarbréfi til skattaðila eða þess sem framtalsskyldan hvílir á. Tilkynning um skattbreytingu skal send viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs við uppkvaðningu úrskurðar. Samrit úrskurðar skal samtímis sent ríkisskattstjóra.

Úrskurði skattstjóra um endurákvörðun skv. 5. mgr. má skjóta til yfirskattanefndar, eftir ákvæðum laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

12. gr.

Orðin „eða innan 30 daga frá póstlagningardegi tilkynningar um endurákvörðun“ í 1. málsl. 1. mgr. 99. gr. laganna falla brott.

13. gr.

Á eftir orðinu „gjalda“ í 4. mgr. 110. gr. laganna kemur: að frádregnum bótum samkvæmt 69. gr.

14. gr.

Í stað „4. tölul.“ í 120. gr. laganna kemur: 3. tölul.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 121. gr. laganna:

a. 1. og 2. mgr. falla brott.
b. 3. mgr. orðast svo:

Við mismun, sem í ljós kemur á álögðum tekjuskatti manna og staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 34. gr. þeirra laga, og stafar af of lágri staðgreiðslu, skal bæta 2,5% álagi. Við mismun, sem rætur á að rekja til of hárrar staðgreiðslu, skal með sama hætti bæta 2,5% álagi.

16. gr.

122. gr. laganna fellur brott.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda sem hér segir:

a. 9., 10., 14., 15. og 16. gr. koma til framkvæmda þegar í stað.
b. a-liður 3. gr. kemur til framkvæmda 1. janúar 1996.
c. 1. gr. kemur til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1997 vegna tekna á árinu 1996 og eigna í lok þess árs.
d. 2. gr., b-, c-, d- og e-liður 3. gr., 4., 5., 6., 7., 8. og 13. gr. koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts á árinu 1996 vegna tekna á árinu 1995 og eigna í lok þess árs og við ákvörðun bóta á árinu 1996.
e. 11. og 12. gr. koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 1997. Þó skulu mál þar sem skattstjóri hefur boðað breytingar á grundvelli 4. mgr. 96. gr., eins og sú málsgrein hljóðaði fyrir það tímamark, fara eftir eldri reglum.

18. gr.

Við lögin bætast fimm ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

I.
Sérstakur tekjuskattur manna.

Á tekjuskattsstofn manna vegna tekna á árinu 1996, skal á árinu 1997 leggja sérstakan tekjuskatt eins og nánar greinir í ákvæði þessu.

Á tekjuskattsstofn einstaklinga umfram 2.805.840 kr., eða tekjuskattsstofn hjóna umfram 5.611.680 kr., skal reikna sérstakan 5% tekjuskatt.

Ef hjón hafa bæði tekjuskattsstofn umfram 2.805.840 kr. reiknast þeim sinn hlutinn hvoru hins sérstaka tekjuskatts. Sé tekjuskattsstofn annars hjóna lægri en 2.805.840 kr. reiknast hinu hjóna allur sérstaki tekjuskatturinn.

Sérstakur tekjuskattur samkvæmt ákvæði þessu skal ekki innheimtur með staðgreiðslu opinberra gjalda.

II.
Fyrirframgreiðsla manna á sérstökum tekjuskatti.

Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 1997 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst til desember 1996. Fyrirframgreiðslan skal vera 5% af tekjuskattsstofni samkvæmt skattframtali ársins 1996 vegna tekna á árinu 1995 umfram 2.805.840 kr. hjá einstaklingi og umfram 5.611.680 kr. hjá hjónum.

Gjalddagar fyrirframgreiðslu skv. 1. mgr. skulu vera fyrsti dagur mánaðanna ágúst til og með desember. Um framkvæmd fyrirframgreiðslunnar skal kveða nánar á í reglugerð.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á fyrirframgreiðslu sem honum hefur verið gert að greiða skv. 1. mgr. Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema hann geti sýnt fram á að veruleg tekjulækkun hafi orðið hjá honum milli ára. Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um þetta atriði.

Nú kemur í ljós við álagningu á sérstökum tekjuskatti að fyrirframgreiðsla samkvæmt ákvæði þessu hefur verið of há, og skal við mismuninn bæta 2,5% álagi.

III.

Um sérstakan tekjuskatt, samkvæmt bráðabirgðaákvæði I og II, skulu ákvæði VIII.–XIII. kafla laganna gilda eftir því sem við getur átt.

IV.
Niðurfærsla bifreiða.

Við niðurfærslu á verði bifreiða sem ekki eru notaðar í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, sbr. 2. mgr. 3. tölul. 74. gr. skal við gerð skattframtals 1996 vegna eigna í árslok 1995 heimilt til viðbótar að færa niður verð bifreiða sem hér segir:

a. Bifreiðar keyptar 1993 um 5% af kaupverði.
b. Bifreiðar keyptar 1992 eða fyrr um 10% af kaupverði.

V.
Frádráttur vegna greiðslna úr lífeyrissjóðum.

Við ákvörðun tekjuskattsstofns vegna álagningar tekjuskatts á árinu 1997 vegna tekna á árinu 1996 hjá mönnum sem eru 70 ára eða eldri má draga 7,5% af greiddum lífeyri úr lífeyrissjóðum skv. 2. gr. laga nr. 55/1980. Frádráttur þessi gildir með sama hætti við ákvörðun staðgreiðslu opinberra gjalda vegna staðgreiðsluskyldra greiðslna sem inntar eru af hendi á árinu 1996.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Yfirlit.

Fjögur atriði ber hæst á sviði skattamála á haustþingi.

Í fyrsta lagi eru skattbreytingar sem tengjast ákvörðun Alþingis síðastliðið vor um að framlag launþega í lífeyrissjóði verði undanþegið tekjuskatti. Þessi ákvörðun var í samræmi við yfirlýsingu fyrri ríkisstjórnar til þess að greiða fyrir gerð kjarasamninga ASÍ og VSÍ í febrúar. Skattfrelsi lífeyrisiðgjalda er afar viðamikil og kostnaðarsöm aðgerð og í yfirlýsingunni kom fram að hún kallaði á sérstakar viðnámsaðgerðir á tekju- eða gjaldahlið til þess að koma í veg fyrir aukinn hallarekstur ríkissjóðs.

Í öðru lagi er sú mikilvæga stefnumörkun ríkisstjórnarinnar að afnema sjálfvirkni eða sjálfvirka tengingu skatta, útgjalda, afsláttar- og bótagreiðslna við verð- eða launavísitölur.

Í þriðja lagi er áformað að breyta og treysta fjármögnun Atvinnuleysistryggingasjóðs með því að skipta því tryggingagjaldi sem nú er lagt á atvinnureksturinn í tvennt og láta stærri hluta þess renna til sjóðsins þannig að gjaldið standi að fullu undir fjármögnun hans.

Í fjórða lagi er fyrirhugað að taka upp fjármagnstekjuskatt á næsta ári.

Fjármögnun skattfrelsis lífeyrisiðgjalda launþega.

Talið er að skattfrelsi lífeyrisiðgjalda launþega leiði til 1.600 m.kr. tekjulækkunar ríkissjóðs þegar upp er staðið. Ríkisstjórnin ákvað að tekjuöflun vegna þessa skiptist milli fyrirtækja og einstaklinga. Hvað fyrirtækin snertir er áformað að hækka tryggingagjald af atvinnurekstri um 0,5%, en það skilar um 1 milljarði króna í tekjum. Um þá breytingu er fjallað í sérstöku frumvarpi.

Samhliða því að sjálfvirk uppfærsla ýmissa liða á tekju- og gjaldahlið fjárlaga verður afnumin verða afsláttar- og bótafjárhæðir í tekjuskattskerfinu ekki hækkaðar á næsta ári. Á móti vega breytingar á greiðslum barnabótaauka sem fela í sér lækkun tekjuskerðingar, en þessi aðgerð kemur einkum tekjulágum barnafjölskyldum til góða. Nettóáhrif þessara tveggja aðgerða á afkomu ríkissjóðs eru nálægt hálfum milljarði króna. Einnig er áformað að framlengja álagningu 5% sérstaks tekjuskatts í eitt ár, en það skilar um 300 m.kr. tekjuauka á næsta ári.

Þar sem hér er eingöngu gert ráð fyrir tekjuöflun til að vega upp tekjutap vegna skattfrelsis lífeyrisiðgjalda verður heildarskattbyrði ríkissjóðs óbreytt eða lítillega lægri milli áranna 1995 og 1996. Skattbyrði einstaklinga lækkar vegna áhrifa skattfrelsis lífeyrisiðgjalda og fyrirhugaðra breytinga á útreikningi og greiðslu barnabótaauka. Skattbyrði atvinnurekstrar mun hins vegar þyngjast vegna hækkunar tryggingagjalds.

Hér á eftir er í stuttu máli fjallað um einstaka þætti þessara breytinga, en um nánari skýringar vísast til athugasemda við einstakar greinar.

Afnám sjálfvirkni í skattkerfinu.

Ein veigamesta breyting samkvæmt þessu frumvarpi felst í afnámi sjálfvirkrar uppfærslu ýmissa afsláttar- og bótaliða í takt við verð- eða launavísitölur. Þessi tillaga er í samræmi við þá almennu stefnumörkun ríkisstjórnarinnar að hverfa frá slíkum viðmiðunum á sem flestum sviðum. Þess í stað verða breytingar á þessum liðum að sjálfstæðri ákvörðun við fjárlagagerð hverju sinni líkt og tíðkast í öðrum löndum.

Sjálfvirk verðuppfærsla ýmissa liða í skattkerfinu hefur verið við lýði í mörg ár. Rökin fyrir þessari sjálfvirkni voru þau að á tímum mikillar verðbólgu væri nauðsynlegt að beita ákvæðum af þessu tagi til þess að koma í veg fyrir að skattbyrði breyttist verulega af völdum verðbólgu frá því sem stjórnvöld hefðu ákveðið við samþykkt fjárlaga. Þessi rök voru skiljanleg með hliðsjón af því að verðbólgan var allt frá 20% þegar best lét og upp í 80–90% á ári. Án verðuppfærslu hefðu innbyrðis skatthlutföll raskast verulega.

Þessar aðstæður hafa nú breyst. Verðbólgan er nú komin á svipað stig og í helstu nágrannaríkjum okkar og því eru ekki lengur rök fyrir sjálfvirkri verðuppfærslu. Af þessum sökum er eðlilegt að taka upp svipað fyrirkomulag og gildir í öðrum ríkjum og gera breytingar á hinum ýmsu þáttum skattkerfisins að sjálfstæðri ákvörðun stjórnvalda við fjárlagagerð hverju sinni. Það er megininntak þeirrar tillögu sem hér er gerð.

Sú viðbótartillaga að afsláttar- og bótafjárhæðir haldist óbreyttar á næsta ári er gerð til þess að vega upp á móti fyrrnefndu tekjutapi vegna skattfrelsis lífeyrisiðgjalda. Til þess að styrkja stöðu barnafjölskyldna með þunga framfærslubyrði og jafnframt draga úr jaðaráhrifum tekjuskattskerfisins er hins vegar samhliða gert ráð fyrir að draga úr tekjuskerðingu barnabótaauka.

Barnabótakerfið er tvíþætt, annars vegar almennar barnabætur óháðar tekjum og hins vegar barnabótaauki sem er tekjutengdur. Samkvæmt gildandi lögum lækkar barnabótaauki hlutfallslega í takt við hækkandi tekjur. Þannig lendir þriggja barna fjölskylda með tekjur undir meðallagi í 18% „jaðarskatti“ og fjögurra barna fjölskylda í 22% „jaðarskatti“ til viðbótar við 42% tekjuskatt og útsvar miðað við gildandi lög, eða í 60–64% jaðaráhrifum samtals.

Samkvæmt þessum tillögum lækka skerðingarhlutföllin um 3% með fyrstu þremur börnunum, þ.e. um 1% með hverju barni. Jafnframt er gert ráð fyrir að setja hámark á jaðaráhrifin sem miðist við 15%. Þetta jafngildir því að fella alfarið niður skerðingu barnabótaauka með fjórða barni og þar umfram. Jaðarskattur fyrrnefndra fjölskyldna lækkar þannig í 57% í báðum tilvikum og barnabæturnar hækka umtalsvert, eða úr 4.400 í 7.500 krónur á mánuði vegna þriggja barna og úr tæplega 8.000 krónum í rúmlega 15.000 krónur á mánuði vegna fjögurra barna, eða um 3–7 þúsund krónur á mánuði sé miðað við 200 þúsund króna mánaðartekjur. Áætlað er að ákvörðun um óbreyttar bótafjárhæðir á næsta ári spari ríkissjóði um 1.000 m.kr. frá því sem almenn verðuppfærsla hefði kostað. Á móti vegur hækkun barnabótaaukans sem kostar um 500 m.kr. Þegar upp er staðið styrkir þessi ákvörðun afkomu ríkissjóðs um 500 m.kr. á ári frá því sem ella hefði orðið.

Þótt hér sé gerð tillaga um óbreyttan persónuafslátt í krónum talið á næsta ári munu skattleysismörkin engu að síður hækka. Ástæðan er sú að skattfrelsi lífeyrisiðgjalda jafngildir í reynd lækkun tekjuskattshlutfallsins um rúmlega 1½%. Jafnframt er rétt að hafa í huga að markmiðið með því að undanþiggja greiðslur einstaklinga í lífeyrissjóði skattskyldu er ekki að lækka almenna skattbyrði í sjálfu sér heldur að efla lífeyrissparnað, styrkja lífeyrissjóðakerfið og koma varanlega í veg fyrir tvísköttun þar sem lífeyrisgreiðslur eru skattlagðar við útborgun þeirra. Skattleysismörkin munu því hækka úr

59.700 krónum í dag í rúmlega 60.300 krónur á síðari hluta næsta árs. Til samanburðar má nefna að ef persónuafsláttur hefði fylgt almennri verðlagsþróun á þessu tímabili án tillits til áhrifa skattfrelsis lífeyrisiðgjalda hefðu skattleysismörkin orðið heldur lægri á næsta ári en þessar tillögur gera ráð fyrir.

Enn fremur er rétt að vekja athygli á því að afnám sjálfvirkrar verðuppfærslu birtist ekki einungis í tekjuskattskerfinu heldur víðar. Þannig mun bensíngjald haldast óbreytt á næsta ári, en það hefur til þessa verið tengt byggingarvísitölu. Sömu sögu er að segja af bifreiðagjaldi sem hefur breyst tvisvar á ári í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu. Loks má nefna sérstakt gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra sem einnig hefur hækkað sjálfvirkt í takt við vísitölur, en verður nú óbreytt á milli ára. Þannig er fylgt samræmdri stefnu hvað varðar afnám sjálfvirkni jafnt á tekju- og gjaldahlið fjárlagafrumvarps.

Framlenging sérstaks 5% tekjuskatts.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að skipa nefnd til þess að endurskoða tekjuskattskerfið, meðal annars í ljósi jaðaráhrifa þess o.fl. Nefndin verður skipuð fulltrúum flokkanna og aðila vinnumarkaðarins og er ætlað að ljúka störfum á síðari hluta árs 1996. Álagning sérstaks 5% tekjuskatts hefur verið umdeild, ekki síst með hliðsjón af hækkun á jaðarhlutfalli tekjuskatts, en álagning hans var á sínum tíma ákveðin til tveggja ára. Þessi skattlagning kemur því óhjákvæmilega til umræðu í fyrrgreindri nefnd. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að framlengja þessa skattlagningu í eitt ár, eða til loka árs 1996.

Skattfrelsi lífeyrisgreiðslna.

Fyrir síðustu áramót voru lögfestar breytingar sem ætlað var að mæta tvísköttun lífeyrissparnaðar. Þessar breytingar gerðu ráð fyrir að hluti (15%) útgreidds lífeyris til einstaklinga 70 ára og eldri yrði undanþeginn tekjuskatti. Með fyrrnefndri ákvörðun um almennt skattfrelsi lífeyrisiðgjalda eru ekki lengur forsendur fyrir þessari tilhögun. Lagt er til að þessi regla verði afnumin í tveimur jöfnum áföngum á árunum 1996 og 1997. Þessi ákvörðun hefur ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs þar sem þær fjárhæðir sem sparast renna til lífeyristrygginga.

Rýmri afskriftareglur bifreiða.

Samkvæmt gildandi lögum eru bifreiðar taldar fram til eignarskatts á kaup- og kostnaðarverði án heimildar til niðurfærslu. Þessi regla var ekki ósanngjörn þegar verðbólga var mikil hér á landi. Í kjölfar minni verðbólgu er hins vegar eðlilegt að endurskoða þessa reglu þar sem almennar verðbreytingar vega engan veginn upp á móti verðfalli bifreiða ár hvert. Hér er lagt til að heimila 10% afskrift bifreiða á ári. Jafnframt er gert ráð fyrir allt að 10% viðbótarafskrift eldri bifreiða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagðar eru til tvær breytingar á 3. gr. laganna, sem fjallar um takmarkaða skattskyldu.

Annars vegar eru lagðar til breytingar á 1. tölul. greinarinnar. Um langt skeið hefur alþjóðleg útleiga vinnuafls leitt til ýmissa vandkvæða í skattframkvæmd. Hér er um það að ræða að rekstraraðili sem óskar eftir því að ráða erlent vinnuafl í skemmri tíma en 183 daga ræður starfskraft í gegnum erlendan millilið. Milliliðurinn gefur sig út fyrir að

vera vinnuveitandi og leigir út vinnuaflið til rekstraraðilans. Með breytingunni er gert ráð fyrir að launþegi sem þannig hagar til um verði skattskyldur hér á landi á grundvelli 3. gr. Launagreiðandi hans (hinn innlendi rekstraraðili) ber ábyrgð á staðgreiðslu af launum hans eins og annarra launamanna sem hér starfa tímabundið. Þetta er í samræmi við sambærileg ákvæði tvísköttunarsamninga og er lagt til að tekin verði af tvímæli um að menn sem svo háttar um sem að framan er lýst verði ótvírætt taldir skattskyldir hér á landi. Sú regla er í samræmi við gildandi framkvæmd og því ekki breyting að því leyti.

Hins vegar eru lagðar til breytingar á 9. tölul. greinarinnar, en samkvæmt þeim tölulið greiða aðilar (bæði einstaklingar og lögaðilar) sem búsettir eru erlendis en eiga eignir hér á landi ekki af þeim eignarskatt, nema eignirnar gefi af sér skattskyldar tekjur. Með því að hafa lögheimili erlendis hafa menn ekki þurft að greiða eignarskatt af eignum sínum hér á landi, nema um arðberandi eignir sé að ræða. Breytingin hefur það í för með sér að eignarskattur greiðist af skattskyldum eignum óháð því hvort eignirnar gefa af sér tekjur eða ekki. Hingað til hafa allar þessar eignir verið framtalsskyldar og því hefur breytingin ekki í för með sér neinar breytingar á framtalsskilum. Eignarskattur þeirra sem falla undir takmarkaða skattskyldu reiknast þannig að frá þessum eignum má draga þær skuldir sem hvíla á þeim, sbr. 3. mgr. 76. gr. laganna. Á hinn bóginn virkar fríeignamark laganna ekki í þessum tilvikum.

Með þessari breytingu er stefnt að því að rétta af ákveðið misræmi og mismunun í skattlagningu á þessu sviði. Þeir erlendis búsettir aðilar sem koma til með að þurfa að greiða eignarskatt hér á landi vegna hins nýja ákvæðis gætu, m.a. vegna ákvæða í tvísköttunarsamningum heimalands þeirra við Ísland, hafa þurft að greiða eignarskatta til heimalandsins einmitt á þeim grundvelli að skattinum væri ekki til að dreifa hér á landi. Þannig breytti hin nýja skipan óverulega skattlagningu hjá þeim. Í ljósi þess hvernig háttað er skráningu þeirra eigna sem hér um ræðir er erfitt að áætla tekjuauka ríkissjóðs, en ljóst er að hann er einhver.

Um 2. gr.

Í þessari grein eru lagðar til breytingar á fjárhæðum í 17. gr. laganna í samræmi við aðrar breytingar á fjárhæðum í frumvarpinu. Þannig er lagt til að festar verði í lögunum þær fjárhæðir sem lagðar voru til grundvallar við álagningu tekjuskatts í ár. Um forsendur þessa vísast til almennra athugasemda.

Um 3. gr.

Lagðar eru til tvær breytingar á 30. gr. laganna sem fjallar um frádrátt frá tekjum manna sem ekki stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

Annars vegar er í a-lið gert ráð fyrir að 15% frádráttur af greiddum lífeyri til manna sem eru 70 ára og eldri falli niður þann 1. janúar 1996. Þá er í bráðabirgðaákvæði V gert ráð fyrir að frádrátturinn eins og hann er samkvæmt gildandi lögum verði lækkaður niður í 7,5% frá og með 1. janúar 1996 og verði þannig við staðgreiðslu á árinu 1996 og við álagningu tekjuskatts á árinu 1997. Þetta byggir á því að þegar frádráttur þessi var settur í lög var það gert í þeim tilgangi að afnema meinta tvísköttun lífeyrissparnaðar. Síðan þessi regla var lögfest hafa verið sett í lögin ákvæði sem heimila frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna iðgjalda í lífeyrissjóði. Með hliðsjón af því að sá frádráttur er ekki að fullu kominn til framkvæmda þykir eðlilegt að 15% frádrátturinn sé felldur niður í tveimur áföngum eins og að framan er lýst.

Hins vegar eru í b-, c-, d- og e-lið greinarinnar lagðar til breytingar á fjárhæðum í samræmi við aðrar sambærilegar breytingar á fjárhæðum í frumvarpinu. Þannig er lagt til að festar verði í lögunum sömu fjárhæðir og lagðar voru til grundvallar við álagningu í ár. Um forsendur þessa vísast til almennra athugasemda.

Um 4. gr.

Í þessari grein eru lagðar til breytingar á fjárhæðum persónu- og sjómannaafsláttar í samræmi við aðrar breytingar á fjárhæðum í lögunum. Lagt er til að fjárhæðirnar verði þær sömu og á síðari hluta ársins 1995. Um forsendur vísast til almennra athugasemda.

Um 5. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á 69. gr. sem hefur að geyma bótaákvæði laganna. Þær breytingar sem lagðar eru til í a-, b-, d-, f-, g-, i- og j-liðum eru allt breytingar á fjárhæðum og er þar um að ræða breytingar sem eru sambærilegar við aðrar breytingar á fjárhæðum í frumvarpinu. Þannig er ekki verið að hækka eða lækka þær fjárhæðir sem notaðar voru við síðustu útgreiðslu bóta, heldur lagt til að þær fjárhæðir verði festar inn í lögunum. Um forsendur vísast til almennra athugasemda.

Í c-lið er lagt til að felld verði niður 8. mgr. A-liðar, en í því ákvæði er kveðið á um skuldajöfnun á móti barnabótum. Með lögum nr. 147/1994 voru gerðar nokkrar breytingar á skuldajöfnunarákvæðum 69. gr., sem höfðu það í för með sér að rýmkaðar voru heimildir til skuldajöfnunar frá því sem verið hafði. Við þær breytingar láðist að fella brott 8. mgr. A-liðar, þannig að í 8. og 11. mgr. gildandi ákvæðis A-liðar eru misvísandi ákvæði um skuldajöfnuð. Í samræmi við lagabreytinguna sem gerð var með lögum nr. 147/1994 er því lagt til að felld verði niður 8. mgr. A-liðar.

Í e-lið er lögð til breyting á þeim reglum sem gilda um ákvörðun á barnabótaauka. Í gildandi lögum er kveðið á um að barnabótaauki skerðist miðað við tekjur þannig að með fyrsta barni sé skerðingarhlutfallið 7%, með öðru barni 6%, með þriðja barni 5% og 4% með börnum umfram þrjú. Til að slá á þessi jaðaráhrif er lögð til breyting á þessu ákvæði laganna. Þannig er gert ráð fyrir að skerðingarhlutfallið með einu barni verði 6%, með tveimur börnum verði skerðingarhlutfallið 11% og með þremur börnum eða fleiri verði skerðingarhlutfallið 15%. Þannig getur skerðingarhlutfallið hæst orðið 15%, en ekkert þak er sem fyrr segir á skerðingarhlutfallinu samkvæmt gildandi reglum.

Að lokum eru í h-lið lagðar til breytingar á framsetningu tekjutengingarreglu vaxtabótaákvæðisins. Þannig er gert ráð fyrir að í stað þess að telja upp í greininni þá frádráttarliði sem er heimilt að draga frá við ákvörðun tekjuskerðingarstofns verði taldir verði upp þeir frádráttarliðir sem ekki er heimilt að draga frá, en sú framsetning er viðhöfð í sambærilegu ákvæði barnabótaaukaákvæðisins. Ekki er hér um að ræða efnislega breytingu heldur einungis breyting á framsetningu til samræmis við barnabótaaukaákvæðið í B-lið greinarinnar.

Um 6. gr.

Samhliða þeirri lágu verðbólgu sem verið hefur hér á landi á undanförnum árum hafa reglur um verðmat bifreiða einstaklinga til eignarskatts sætt gagnrýni. Samkvæmt gildandi reglum skal telja bifreiðar til eignar á kaup- og kostnaðarverði. Staðreyndin er sú að við lága verðbólgu er slík regla ósanngjörn, þar sem verðfall bifreiða er umtalsvert á hverju ári. Þannig endurspeglar það verð bifreiðar sem fært er á framtali engan veginn markaðsverð þeirra, nema í þeim tilvikum þegar bifreið er nýkeypt. Í ljósi þess er

lögð til breyting á 2. mgr. 3. tölul. 74. gr. þannig að heimilt verður að færa niður verðmæti bifreiðar með 10% árlegri niðurfærslu. Þessi breyting tekur gildi frá og með næstu áramótum vegna bifreiðareignar í lok þessa árs. Í bráðabirgðaákvæði eru sérreglur um eldri bifreiðar og niðurfærslu á þeim, en samkvæmt því verður heimilt að færa verð þeirra niður með hærra hlutfalli í eitt skipti það er við framtal ársins 1996.

Regla sú sem hér er lögð til er að bifreiðaeigendur skuli færa á framtali sínu niður verð bifreiða sinna um 10% af því verði sem fært var í framtali fyrra árs. Þannig er gert ráð fyrir að niðurfærslugrunnurinn verði alltaf það verð sem var á framtali fyrra árs. Þessi regla hefur það í för með sér að bifreiðar sem keyptar eru á tekjuári verður ekki heimilt að niðurfæra í framtali vegna þess árs, enda þykja rök ekki standa til þess þar sem að líklega er um óverulega verðrýrnun að ræða. Tekið skal fram að regla þessi á að sjálfsögðu einungis við um þær bifreiðar sem ekki eru notaðar í atvinnurekstri.

Um 7. og 8. gr.

Í þessari grein eru lagðar til breytingar á viðmiðunarfjárhæðum við ákvörðun á eignarskatti í samræmi við aðrar sambærilegar breytingar í frumvarpinu. Lagt er til að festar verði í lögunum þær fjárhæðir sem voru lagðar til grundvallar við álagningu í ár. Um forsendur vísast til almennra athugasemda.

Um 9. gr.

Í þessari grein er lagt til að fellt verði niður orðið „skriflega“ í 1. mgr. 91. gr. Með því er verið að skapa grundvöll undir breytt framtalsskil með hliðsjón af þeirri tækni sem hefur verið að ryðja sér til rúms og kennd hefur verið við pappírslaus viðskipti.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 11. og 12. gr.

Við álagningu skattstjóra verða ákveðin þáttaskil í málsmeðferð. Með þeim breytingum sem lagðar eru til í 11. og 12. gr. er gert ráð fyrir að aðgreind verði betur málsmeðferð fyrir og eftir álagningu opinberra gjalda. Lagt er til að í 4.–6. mgr. 96. gr. verði ítarlega kveðið á um málsmeðferð eftir álagningu. Tilgangur þessara breytinga er að stytta feril málsmeðferðar hjá skattstjóra eftir álagningu. Engin breyting er lögð til varðandi málsmeðferð fyrir álagningu né meðferð skattframtals sem berst eigi á réttum tíma. Breytingarnar miða að því að auka skilvirkni skattstjórnsýslu, en án þess þó að skerða réttaröryggi skattborgara. Engar breytingar verða á rannsóknar- eða rökstuðningsskyldu skattstjóra né andmælarétti skattborgara. Breytingarnar eiga að leiða til tíma- og vinnusparnaðar bæði hjá skattstjórum og skattaðilum. Í framkvæmd hefur verið talið að mál séu nokkuð þung í vöfum eftir álagningu. Við kæruúrskurð skattstjóra verða sjaldnast miklar breytingar, þar sem allar málsástæður, lagarök og gögn hafa að jafnaði komið fram þegar endurákvörðun álagningar hefur verið boðuð. Tekið skal fram að þegar skattaðila eru tilkynntar fyrirhugaðar breytingar á skattframtali hans eru þær breytingar rökstuddar og sama gildir um endurákvörðun álagningar.

Ferill mála samkvæmt gildandi reglum er eftirfarandi:

— fyrirspurn skattstjóra,

— svar skattaðila,

— tilkynning skattstjóra um fyrirhugaðar breytingar,
— viðbótargögn og andmæli skattaðila,
— endurákvörðun skattstjóra á opinberum gjöldum,
— kæra skattaðila,
— úrskurður skattstjóra sem síðan er kæranlegur til yfirskattanefndar.

Verði þær breytingar sem hér eru lagðar til að lögum verður ferill máls þessi:
— fyrirspurn skattstjóra,
— svar skattaðila,
— tilkynning skattstjóra um fyrirhugaðar breytingar,
— viðbótargögn og andmæli skattaðila,
— úrskurður skattstjóra um endurákvörðun á opinberum gjöldum sem er þá kæranlegur til yfirskattanefndar.

Frestur til að andmæla fyrirhuguðum breytingum er hér ákveðinn að lágmarki 15 dagar, en í framkvæmd hefur frestur þessi að jafnaði verið 7–15 dagar. Til samanburðar má geta þess að í Danmörku er frestur þessi 15 dagar.

Endurákvörðun skattstjóra verður því gerð með formlegum úrskurði sem er kæranlegur til yfirskattanefndar.

Um 13. gr.

Í 110. gr. laganna er kveðið á um gjalddaga. Nú er það svo að þann 1. ágúst ár hvert er fyrsti gjalddagi álagningar opinberra gjalda, en hún er samkvæmt lagagreininni innheimt á fimm gjalddögum. Þann 1. ágúst eru jafnframt greiddar út barnabætur, vaxtabætur, barnabótaauki og inneign vegna ofgreiddrar staðgreiðslu. Í mörgum tilvikum eru þessar greiðslur hærri í krónum talið en sá hluti álagningar sem í gjalddaga fellur 1. ágúst. Staðan er þá þannig að ríkissjóður borgar út 1. ágúst mismun bóta og gjaldfallinnar álagningar, en innheimtir síðan á fjórum gjalddögum eftirstöðvar álagningarinnar. Með hliðsjón af þessu er hér lögð til breyting á 110. gr. laganna, þannig að bótum verði jafnað upp í álagningu þann 1. ágúst ár hvert áður en eftirstöðvum er dreift á gjalddaga. Þannig mun fækka til muna þeim tilvikum þar sem verið er að dreifa á fimm gjalddaga tiltölulega lágum fjárhæðum.

Um 14. gr.

Hér er lögð til lagfæring á lagatilvísun í 120. gr., en gerð var breyting á þessari grein með lögum nr. 147/1994. Í frumvarpi til þeirra laga voru lagðar til breytingar á 30. gr. sem ekki náðu fram að ganga, en þá láðist í meðförum Alþingis að gera lagfæringar á greinatilvísun í 120. gr. til samræmis við það.

Um 15. gr.

Lagðar eru til breytingar á 121. gr. laganna, en í því ákvæði er annars vegar kveðið á um verðuppfærslu bóta- og afsláttarfjárhæða og hins vegar verðbætur á ofgreidda eða vangreidda staðgreiðslu. Í a-lið er gert er ráð fyrir að afnumin verði sjálfvirk vísitölubinding bóta- og afsláttarfjárhæða. Um forsendur vísast til almennra athugasemda. Varðandi mismun staðgreiðslu og álagningar er gert ráð í b-lið fyrir að við hann bætist 2,5% álag hvort heldur um er að ræða skuld eða inneign. En samkvæmt gildandi lögum er þessi mismunur verðbættur samkvæmt lánskjaravísitölu.

Um 16. gr.

Í þessari grein er lagt til að 122. gr. laganna, þar sem kveðið er á um skattvísitölu, verði felld niður í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til á fjárhæðum laganna. Um forsendur vísast til almennra athugasemda.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Um bráðabirgðaákvæði I, II og III.

Samkvæmt þessum ákvæðum er gert ráð fyrir að sérstaki tekjuskatturinn verði framlengdur um eitt ár. Gert er ráð fyrir að fjárhæðir ákvæðanna verði þær sömu og verða við álagningu sérstaks tekjuskatts á næsta ári og eru ákvæðin sambærileg og núgildandi ákvæði um sérstaka tekjuskattinn.

Um bráðabirgðaákvæði IV.

Í þessu ákvæði er kveðið á um niðurfærslu bifreiða sem keyptar voru á árinu 1993 og fyrr. Í 6. gr. frumvarpsins er kveðið á um niðurfærslu bifreiða. Það ákvæði kemur til framkvæmda við álagningu á næsta ári vegna bifreiðaeignar í lok þessa árs. Með hliðsjón af því að bifreiðar hafa verið færðar til eignar á kaup- og kostnaðarverði eru margar bifreiðar sem keyptar hafa verið á liðnum árum eignfærðar í framtali á verði sem er talsvert yfir markaðsverði, því verðmæti bifreiða rýrnar eðli máls samkvæmt með tímanum. Í bráðabirgðaákvæði þessu er gert ráð fyrir að við framtal næsta árs verði auk niðurfærslu samkvæmt þeirri reglu sem lögð er til í 6. gr. frumvarpsins heimilt að færa niður verð eldri bifreiða með hærra hlutfalli, þannig að til viðbótar við 10% niðurfærsluna megi færa niður verð bifreiða sem keyptar voru á árinu 1993 um 5% og verð bifreiða sem keyptar voru á árinu 1992 eða fyrr um 10%.

Um bráðabirgðaákvæði V.

Í þessu ákvæði er lagt til að frádráttur sem lífeyrisþegar fá vegna lífeyris sem þeir fá greiddan úr lífeyrissjóðum skuli á árinu 1996 lækka úr 15%, sem nú er, í 7,5% af greiddum lífeyri. Samkvæmt a-lið 3. gr. fellur þessi 15% frádráttarheimild úr lögum frá og með 1. janúar 1996.

175. Svar [90. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Halldórsdóttur, Ögmundar Jónassonar og Jóns Baldvins Hannibalssonar um heildarlaun tekjuhæstu starfsmanna ríkisins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver eru heildarlaun 250 tekjuhæstu starfsmanna ríkisins hvers um sig?

Óskað er eftir að tilgreind verði starfsheiti og kyn viðkomandi starfsmanna og upphæðir sundurgreindar í laun og starfskostnað.

Fjármálaráðuneytið annast gerð kjarasamninga við starfsmenn ríkisins og hefur yfirumsjón með rekstri reikniforrits launa sem er sameign ríkis og Reykjavíkurborgar og vistað hjá SKÝRR. Af því leiðir skil ýmiss konar skatta og launatengdra útgjalda, t.d. staðgreiðslu skatta, lífeyrissjóðsiðgjöld, tryggingagjöld, félagsgjöld o.fl. Einnig er um að ræða frágang og skil launamiða til einstaklinga og síðan skattyfirvalda. Óskað hefur verið upplýsinga úr launaskrá ríkisins. Fjármálaráðuneytið hefur bent á að birting einstaklingsupplýsinga sé því óheimil en hefur þegar eftir hefur verið leitað birt almennar tölulegar upplýsingar úr launaskránni. Dæmi um slíka birtingu vegna fyrirspurna á Alþingi eru:

a. Fyrirspurn á 116. löggjafarþingi um launagreiðslur ríkisins, mál 431, þskj. 731 og 843.
b. Fyrirspurn á 117. löggjafarþingi um umfang ómældrar yfirvinnu, mál 99, þskj. 102, umræða 25. október 1993.
c. Fyrirspurn á 117. löggjafarþingi um launagreiðslur til starfsmanna ráðuneyta, mál 110, þskj. 114 og 158.
d. Fyrirspurn á 117. löggjafarþingi um biðlaun opinberra starfsmanna, mál 161, þskj. 179 og 250.
e. Fyrirspurn á 117. löggjafarþingi um atvinnuleysi í röðum opinberra starfsmanna, mál 159, þskj. 177 og 249.
f. Fyrirspurn á 118. löggjafarþingi um laun og önnur starfskjör forstöðumanna opinberra stofnana, mál 168, þskj. 182 og 809.
g. Fyrirspurn á 118. löggjafarþingi um launaflokka og yfirvinnu starfsmanna ríkisins, mál 300, þskj. 392 og 810.

Þá er rétt að minna á störf kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna sem birtir ársfjórðungslega ítarlegar upplýsingar um launakjör starfsmanna ríkis og sveitarfélaga, þar með talin dagvinnulaun, yfirvinnulaun, önnur laun, heildarlaun og kaupmáttartölur.

Fjármálaráðuneytið birti í fréttatilkynningu nr. 28/1995 upplýsingar um launagreiðslur árið 1994, þ.e. heildarupphæð, fjölda einstaklinga, dreifingu greiðslna sem og meðalárslaun. Þá birtust í sömu fréttatilkynningu nánari upplýsingar um þá sem höfðu yfir 4 millj. kr. í árslaun, en þar var einstaklingum (221) raðað í hópa miðað við eðli starfs.

Í fyrirspurn þeirri er hér ræðir er spurt um heildarlaun 250 tekjuhæstu starfsmanna ríkisins hvers um sig þar sem tilgreind verði starfsheiti og kjör viðkomandi starfsmanna og upphæðir sundurgreindar í laun og starfskostnað.

Sem svar við fyrirspurninni eru hér birtar upplýsingar um hæstu og lægstu árslaun einstakra hópa, auk upplýsinga um meðallaun og skiptingu hópsins í karla og konur. Þar sem ekki liggur ljóst fyrir við hvað er átt með orðinu starfskostnaður, t.d. hvort um er að ræða launatengd gjöld, er þeim hluta látið ósvarað hér.

Eðli starfs	Fjöldi starfsmanna	Þar af konur	Meðal-árslaun	Lægstu árslaun	Hæstu árslaun	Miðgildi árslauna
Forseti Íslands	1	1	4.011.828			
Starfsmenn er heyra undir Alþingi og stofnanir þess	4		4.615.433	3.970.059	5.995.573	4.248.049
Ráðherrar og fyrrverandi ráðherrar	5	1	4.202.695	3.971.140	4.432.721	4.160.888
Aðrir	5	1	4.100.737	3.913.068	4.432.342	4.013.045
Starfsmenn HÍ, þ.m.t. prófessorar sem eru jafnframt yfirlæknar	15	1	4.570.014	3.955.492	6.010.123	4.330.417
Flugmálastarfsmenn, þ.m.t. flugmenn/flugvirkjar	17		4.538.526	3.977.534	5.676.005	4.398.853
Ráðuneytisstjórar og aðrir starfsmenn Stjórnarráðs	24	2	4.499.590	3.967.759	5.390.405	4.488.656
Forstjórar/forstöðumenn	40		4.414.635	3.921.228	6.268.173	4.200.624
Dómarar/sýslumenn	45	7	4.368.579	3.949.466	5.363.653	4.278.365
Læknar (forstöðulæknar, yfirlæknar sem ekki eru jafnframt prófessorar, sérfræðingar)	47	3	4.601.861	3.936.370	5.838.893	4.469.559
Flugumferðarstjórar	47	1	4.504.486	3.909.574	5.565.290	4.440.823
Samtals	**250**	**17**				

176. Frumvarp til laga [148. mál]

um köfun.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

Enginn má stunda atvinnuköfun í ám eða vötnum við strendur landsins eða frá íslenskum skipum hér við land nema viðkomandi fullnægi þeim skilyrðum sem sett eru í lögum þessum.

Óheimilt er að ráða til köfunarstarfa aðra en handhafa atvinnuköfunarskírteina.

2. gr.

Atvinnuköfun merkir í lögum þessum allar þær athafnir sem falla undir og eru liður í atvinnustarfsemi kafarans eða annarra aðila. Einnig telst það vera atvinnuköfun ef athöfnin er liður í skipulagðri þjónustustarfsemi til verndunar almannahagsmunum.

Áhugaköfun merkir í lögum þessum allar þær athafnir sem teljast til köfunar samkvæmt lögum þessum en falla ekki undir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar um atvinnuköfun.

Köfun merkir í lögum þessum þær athafnir manna sem fara fram undir yfirborði vatns eða sjávar þar sem líkaminn er undir meiri þrýstingi en sem nemur 50 hektópaskölum (50 mbar) yfir loftþrýstingi á yfirborði jarðar og notast er við tæki sem eru hluti af viðurkenndum köfunarbúnaði.

Köfunarbúnaður merkir í lögum þessum allan þann búnað sem notaður er við köfun.

3. gr.

Hver sem vill stunda atvinnuköfun skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. vera fullra 20 ára,
2. standast með fullnægjandi hætti heilbrigðiskröfur sem settar verða í reglugerð,
3. uppfylla menntunar- og hæfniskröfur,
4. hafa gilt atvinnuköfunarskírteini útgefið af Siglingamálastofnun ríkisins.

Sá sem stundar áhugaköfun skal uppfylla skilyrði 2. tölul. þessarar greinar og vera 17 ára eða eldri.

4. gr.

Siglingamálastofnun ríkisins gefur út skírteini samkvæmt lögum þessum og skulu þau rituð á þar til gerð eyðublöð.

Kafaraskírteini gildir til fimm ára í senn. Samgönguráðherra setur reglur um skilyrði til endurnýjunar kafaraskírteina, svo sem um viðhald réttinda og heilsufar.

Hver sá sem fullnægir skilyrðum þeim sem sett eru í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim á rétt á að fá skírteini sem veitir viðeigandi atvinnuréttindi.

Siglingamálastofnun ríkisins skal halda nákvæma skrá um handhafa atvinnuskírteina.

5. gr.

Allur köfunarbúnaður skal vera viðurkenndur af Siglingamálastofnun ríkisins og merktur eftir því sem nauðsyn krefur. Siglingamálastofnun skal viðurkenna búnað sem hlotið hefur formlega viðurkenningu annars aðildarríkis EES.

Eigandi köfunarbúnaðar ber ábyrgð á því að búnaðurinn fullnægi skilyrðum 1. mgr.

6. gr.

Siglingamálastofnun ríkisins hefur umsjón og eftirlit með framkvæmd laga þessara.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Rannsóknarnefnd sjóslysa skal sjá um að fram fari rannsókn á slysum og óhöppum er verða við köfun.

Við rannsókn einstakra köfunarslysa er nefndinni heimilt að tilnefna menn með sérþekkingu á sviði köfunar.

8. gr.

Brot á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum og/eða sviptingu réttinda nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 12/1976, um kafarastörf.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á 118. löggjafarþingi 1994 en varð eigi útrætt.

Frumvarpið var samið á vegum samgönguráðuneytis. Leitað var umsagnar hagsmunaaðila, þar á meðal Félags íslenskra kafara og Félags sportkafara, og auk þess var frumvarpið tekið til umfjöllunar á fundum siglingamálaráðs. Ábendingar þessara aðila voru hafðar til hliðsjónar við gerð frumvarpsins.

Með gildandi lögum nr. 12/1976, um kafarastörf, var þeim mönnum sem stunda atvinnuköfun í fyrsta skipti tryggður ákveðinn starfsgrundvöllur. Jafnframt voru settar ákveðnar reglur um réttindi og skyldur þessara manna í starfi. Með lögunum var einnig verið að tryggja verkkaupanda hæfan og ábyrgan kafara og tryggja eftir föngum að kafari sakir vanhæfni eða kunnáttuleysis færi sjálfum sér eða öðrum ekki að voða. Voru lög þessi enn fremur viðleitni löggjafans til að samræma íslensk lög stefnu annarra norðlægra strandríkja í köfunarmálum. Hins vegar hafa ákveðnir annmarkar á núgildandi lögum um kafarastörf frá 1976 komið í ljós á undanförnum árum, m.a. vegna mismunandi túlkunar á hugtakinu atvinnuköfun.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar kemur fram sú meginregla að þeir sem stunda atvinnuköfun verða að uppfylla þau skilyrði sem 3. gr. kveður á um.

Í greininni er lögð sú skylda á herðar vinnuveitenda að ráða ekki til kafarastarfa aðra en handhafa atvinnuköfunarskírteina. Er tilgangur þessa ákvæðis augljós, fyrst og fremst sá að sporna við því að réttindalausir einstaklingar taki að sér slíka vinnu og skapi hættu.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er hugtakið atvinnuköfun skilgreint. Á undanförnum árum hefur það verið miklum vafa undirorpið hvernig skilgreina beri atvinnuköfun og hefur verið mikið ósamræmi í túlkun þess. Vafi hefur t.d. leikið á því hvort athafnir kafara í skipulagðri sjálfboðavinnu eða annarri þjónustustarfsemi, svo sem kafanir björgunarsveita, lögreglu eða slökkviliðs, falli undir umrætt hugtak.

Enn fremur má nefna dæmi um söfnun ígulkera, ljósmyndaköfun, leiðbeinendur við köfun og fleira. Söfnun ígulkera hefur verið talin atvinnuköfun ef kafarinn selur vinnu sína sem kafari en annar aðili selur ígulkerin. Hins vegar hefur það verið talin áhugaköfun ef kafarinn kafar eftir ígulkerunum og fær síðan sjálfur andvirði ígulkeranna.

Hér er valin sú leið að hafa skilgreiningu á atvinnuköfun rúma svo að það ráði ekki úrslitum með hvaða hætti greiðsla kemur fyrir köfun. Hins vegar er gert ráð fyrir að gera megi mismunandi menntunar- og hæfniskröfur eftir eðli starfsins. Þannig á að vera tryggt að þeir sem stunda köfun hljóti ákveðna lágmarksþjálfun.

Þessi skilgreining er einnig til þess fallin að eyða þeim mikla vafa sem verið hefur á túlkun hugtaksins atvinnuköfun og hvatt til ósamræmis. Með mismunandi menntunar- og hæfniskröfum í reglugerð verður síðan unnt að koma til móts við þarfir t.d. neyðarþjónustunnar (lögreglu, slökkviliðs og björgunarsveita).

Hugtakið áhugaköfun (sportköfun) er skilgreint í 2. mgr. sem allar athafnir sem teljast köfun skv. 3. mgr. en er ekki atvinnuköfun í skilningi 1. mgr. Er ljóst að þörf er á því að greina að atvinnuköfun annars vegar og áhugaköfun hins vegar.

Í 3. mgr. er hugtakið köfun skilgreint. Samkvæmt orðalagi 2. gr. núgildandi laga um kafarastörf má ætla að áhafnir kafbáta og aðilar sem nota reykköfunarbúnað falli undir lögin. Af þessum sökum og vegna eðlis þeirrar hættu sem fólgin er í þeim eðlisfræðilegu breytingum í umhverfi kafarans er þrýstingur eykst við aukið dýpi er í skilgreiningunni skírskotað til ákveðins þrýstings sem verður að vera fyrir hendi svo að athafnir viðkomandi aðila falli undir lögin. Einnig er það hugtaksskilyrði að viðkomandi noti tæki þau sem eru hluti af viðurkenndum köfunarbúnaði skv. 3. mgr. Er með þessu verið að tryggja að lögin taki einungis til kafara.

Í 4. mgr. er hugtakið köfunarbúnaður skilgreint.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. koma fram þau skilyrði sem aðili, er áformar að stunda atvinnuköfun í skilningi 1. mgr. 2. gr., þarf að uppfylla. Í fyrsta lagi þarf viðkomandi að vera fullra 20 ára. Í öðru lagi þarf hann að hafa með fullnægjandi árangri gengist undir læknisskoðun þar sem athugað hefur verið líkamlegt ástand viðkomandi með tilliti til athafna undir yfirborði sjávar. Í þriðja lagi er kveðið á um að hann þurfi að uppfylla menntunar- og hæfniskröfur þær sem Siglingamálastofnun ríkisins setur fram. Í fjórða lagi gefur Siglingamálastofnun út svokallað atvinnuköfunarskírteini um að viðkomandi sé hæfur til að stunda atvinnuköfun.

Í 2. mgr. eru sett fram skilyrði sem áhugafólk (sportkafarar) verður að uppfylla til þess að mega stunda köfun. Hættueiginleikar köfunar kalla á aukið aðhald með þeim aðilum er stunda köfun sér til ánægju og yndisauka. Er þess krafist samkvæmt þessu ákvæði að áhugakafarar fullnægi skilyrðum 2. tölul. 1. mgr. um læknisskoðun og séu orðnir 17 ára. Ber m.a. leiðbeinendum og öðrum þeim aðilum er sjá um kennslu að athuga hvort viðkomandi áhugamaður fullnægi þessum skilyrðum.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. kemur fram að Siglingamálastofnun ríkisins viðurkennir köfunarbúnað. Samkvæmt skilgreiningu 4. mgr. 2. gr. á köfunarbúnaði er þar átt við öll þau tæki sem notuð eru við köfun. Þessi tæki gegna því hlutverki að halda kafaranum á lífi í súrefnislausu umhverfi.

Í 2. mgr. er lögð sú ábyrgð á eigendur köfunarbúnaðar að sjá til þess að búnaðurinn uppfylli skilyrði 1. mgr. um viðurkenningu.

Um 6. gr.

Samkvæmt 11. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 20/1986 annast Siglingamálastofnun ríkisins framkvæmd laga og reglugerða um kafarastörf. Þykir samt sem áður nauðsynlegt að tilgreina sérstaklega í frumvarpi þessu eftirlits- og umsjónarhlutverk stofnunarinnar. Eðli málsins samkvæmt telst það heppilegur kostur að láta Siglingamálastofnun ríkisins hafa eftirlit með því að farið sé eftir ákvæðum þessara laga sem fjalla um mjög svo sérhæft svið. Stofnunin hefur yfir þeirri sérfræðiþekkingu að ráða sem nauðsynleg er til að faglegt og öflugt eftirlit sé viðhaft. Samgönguráðuneytið mun hins vegar hafa yfirumsjón með þeim málum er falla undir gildissvið laga þessara.

Í 2. mgr. er heimild fyrir ráðherra samgöngumála til að setja nánari reglur um framkvæmd laganna í reglugerð.

Um 7. gr.

Tilgangur þessarar greinar er að færa rannsókn slysa frá hinum opinbera eftirlitsaðila, Siglingamálastofnun ríkisins, til óháðs aðila. Jafnframt er miðað við að ávallt sé til staðar aðili með sérþekkingu í köfun. Rannsókn köfunarslyss er mjög sérhæfð þar sem rannsóknargögn tapast og eyðast mjög fljótt, oft á 12 klukkustundum, þannig að ekki er nægilegt að tilnefna mann eftir að slys hafa orðið.

Um 8. gr.

Ljóst þykir að öryggissjónarmið krefjast þess að hart verði tekið á brotum samkvæmt lögum þessum. Í þessari grein kemur fram heimild til þess að sekta og/eða svipta menn réttindum gerist þeir brotlegir við ákvæði laganna eða reglugerða settra samkvæmt þeim.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um köfun.

Í frumvarpinu er kveðið á um nýja heildarlöggjöf um köfunarstarfsemi sem kemur í stað laga nr. 12/1976, um kafarastörf.

Frumvarpið hefur ekki í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

177. Fyrirspurn [149. mál]

til sjávarútvegsráðherra um togveiðar.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Er fyrirhuguð einhver endurskoðun lagaákvæða um togveiðisvæði innan efnahagslögsögu Íslands með það fyrir augum að færa togaraflotann utar í lögsöguna og ef svo er hvenær má þá vænta aðgerða í því efni?

Skriflegt svar óskast.

178. Svar [113. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Hjálmars Árnasonar um sjóvarnargarða í Hafnarfirði.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Er áætlað að reisa sjóvarnargarða í Hafnarfirði í kjölfar aukinnar umferðar um höfnina og þar með takmarkaðs athafnarýmis?

Í tillögu Vita- og hafnamálastofnunar um hafnaáætlun áranna 1996–99 er ekki gert ráð fyrir að ríkissjóður taki þátt í kostnaði við byggingu sjóvarnargarða eða brimvarnargarða við Hafnarfjarðarhöfn næstu fjögur árin.

Við gerð áætlunarinnar lágu fyrir óskir hafnarstjórnarinnar í Hafnarfirði um að hafnar yrðu rannsóknir og hönnun brimvarnargarðs frá Hvaleyrarhöfða út í Helgasker ásamt garði í norður frá Helgaskeri. Einnig voru settar fram óskir um að ríkissjóður tæki þátt í byggingu nýs 120 metra langs viðlegukants, Háabakka, milli Suðurbakka og Óseyrarbryggju. Hvorug þessara framkvæmda komst inn á hafnaáætlun 1996–99. Væntanlega verður ráðist í framkvæmdir við Háabakka og/eða endurbyggingu Suðurgarðs áður en umgjörð hafnarinnar verður stækkuð með nýjum brimvarnargörðum.

179. Fyrirspurn [150. mál]

til dómsmálaráðherra um áætlun í umferðaröryggismálum.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Hvenær hyggst ráðherra leggja tillögu um áætlun í umferðaröryggismálum fyrir Alþingi?

180. Fyrirspurn [151. mál]

til heilbrigðisráðherra um kostnað við læknisaðgerðir erlendis á íslenskum börnum.

Frá Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

1. Hve mörg íslensk börn hafa árlega verið send í læknisaðgerðir til annarra landa sl. fimm ár?
2. Um hvers konar læknisaðgerðir var að ræða og hve lengi voru börnin og aðstandendur erlendis?
3. Hvaða reglur gilda um kostnaðarhlutdeild í
   a. læknismeðferð erlendis og á ferðum milli landa,
   b. ferðakostnaði, uppihaldi og vinnutapi aðstandenda í slíkum tilfellum?
4. Hafa reglur um kostnaðarhlutdeild breyst sl. fimm ár og þá hvernig?
5. Hver var meðalkostnaður við einstök börn sl. fimm ár sem kom í hlut
   a. íslenska heilbrigðiskerfisins,
   b. foreldra?
6. Er fyrirhugaður aukinn stuðningur við aðstandendur sem fara með börn sín í læknisaðgerðir til útlanda?

Skriflegt svar óskast.

181. Svar [42. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um innheimtu á opinberum gjöldum.

1. *Hve mikið hefur verið afskrifað af opinberum gjöldum hjá annars vegar einstaklingum og hins vegar lögaðilum árlega sl. fimm ár og hve mikill hefur kostnaður ríkissjóðs verið vegna þessa?*

Á árunum 1990–94 hafa þinggjöld einstaklinga og félaga verið afskrifuð sem hér greinir (upphæðir eru í þús. kr.). Aðeins er um að ræða þann hluta opinberra gjalda sem tilheyrir ríkissjóði.

	1990	1991	1992	1993	1994
Þinggjöld einstaklinga:					
Þinggjöld	732.066	455.051	892.712	1.581.984	979.644
Dráttarvextir	227.014	560.341	509.299	854.372	541.978
Samtals	**959.080**	**1.015.392**	**1.402.011**	**2.436.356**	**1.521.622**
Þinggjöld lögaðila:					
Þinggjöld	687.493	338.623	954.621	784.847	727.413
Dráttarvextir	386.550	353.062	719.577	715.364	576.218
Samtals	**1.074.043**	**691.685**	**1.674.198**	**1.500.211**	**1.303.631**

Taflan sýnir opinber gjöld til ríkissjóðs í þröngum skilningi, þ.e. hlut ríkissjóðs í þinggjöldum einstaklinga og félaga. Hvað varðar afskriftir og niðurfærslu í öðrum skattteg undum er vísað til yfirlita á blaðsíðum 19–21 í ríkisreikningi 1993 og sams konar yfirlits fyrir árið 1994 sem fylgir svari þessu. Rétt þykir að vekja athygli á eftirfarandi atriðum.

Yfirlitið sýnir annars vegar beinar afskriftir á kröfum á gjaldendur sem úrskurðaðir hafa verið gjaldþrota eða að innheimtuaðgerðum hefur verið hætt þar sem fullreynt þykir að þær beri ekki árangur. Hins vegar sýnir yfirlitið óbeinar afskriftir sem er bókhaldsleg niðurfærsla í ríkisreikningi á kröfum á gjaldendur sem ekki er búið að ljúka innheimtuaðgerðum hjá. Á það skal bent að kröfur á einstaklinga vegna vangoldins virðisaukaskatts hafa ekki enn verið afskrifaðar, þó svo að gjaldþrotaskiptum sé lokið.

Framangreindar tölur og yfirlit gefa vísbendingar um það tekjutap sem ríkissjóður hefur orðið fyrir á þessum árum vegna þess að ekki reynist unnt að innheimta álögð gjöld að fullu. Þar sem áætlanir skattstjóra á gjaldendur, sem ekki hafa skilað framtölum, eru inni í þessum tölum gefa þær ekki rétta mynd af tekjutapi ríkissjóðs. Eins skal bent á að í þeim eru einnig dráttarvextir af álagningu samkvæmt framtölum og áætlunum.

Auk tekjutaps verður ríkissjóður fyrir beinum kostnaði af innheimtuaðgerðum sem ekki bera árangur. Til upplýsinga um það fylgja hér tölur sem sýna kostnað af sérstökum innheimtuaðgerðum hjá sýslumönnum og tollstjóranum í Reykjavík á tímabilinu 1. júlí 1992 til 31. desember 1994. Sambærilegar tölur fyrir gjaldheimtu liggja ekki fyrir í ríkisbókhaldi. Um er að ræða kostnað sem færður hefur verið á ríkissjóð á viðkomandi ári því að ekki hefur tekist að innheimta hann af gerðarþolum. Ekki liggja fyrir upplýsingar um þennan kostnað áður en aðskilnaður var gerður á dómsvaldi og framkvæmdarvaldi á miðju ári 1992.

Innheimtukostnaður (í þús. kr.):	1. júlí til 31. desember 1992	1993	1994
Aðfarargjald	24.633	30.738	18.159
Gjald vegna beiðni um nauðungarsölu	2.417	4.272	4.726
Annar innheimtukostnaður samkvæmt aukatekjulögum	7.869	17.651	11.454
Kostnaður vegna búskipta	5.315	2.328	34.366
Samtals	**40.234**	**54.989**	**68.705**

Rétt er að benda á að kostnaður af búskiptum var áður hluti af rekstrarkostnaði sýslumannsembætta. Skv. 75. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti, sem tóku gildi á miðju árinu 1992 skipar héraðsdómari alltaf bústjóra í kjölfar uppkvaðningar úrskurðar um gjaldþrotaskipti. Kostnaður vegna búskiptanna er greiddur af þrotabúinu. Ef eignir búsins hrökkva ekki fyrir skiptakostnaðinum er hann greiddur af 150.000 kr. tryggingarfé sem gerðarbeiðandi leggur fram þegar hann óskar eftir gjaldþrotaskiptum. Þegar ríkissjóður leggur fram tryggingarfé er það viðskiptafært en skiptakostnaðurinn gjaldfærist fyrst við skiptalok og er þá færður á þennan kostnaðarlið. Gjaldfærður kostnaður endurspeglar því ekki endilega fjölda þeirra búa sem óskað er eftir skiptum á, viðkomandi ár. Skiptum á fjölda gjaldþrotabúa, sem innheimtumenn ríkissjóðs óskuðu eftir í lok ársins 1992 og árið 1993, lauk fyrst á árinu 1994. Þetta skýrir hvers vegna kostnaður vegna búskipta eykst um 32 millj. kr. milli áranna 1993 og 1994.

2. *Hversu oft hefur lögaðili, sem ekki hefur verið mögulegt að innheimta opinber gjöld af, orðið gjaldþrota og hafið að nýju sama eða svipaðan atvinnurekstur undir öðru heiti?*

Samkvæmt 72. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti, hættir lögaðili sem fer í skiptameðferð að vera til um leið og úrskurður um gjaldþrotaskipti er kveðinn upp en nýr lögaðili, þrotabú skuldarans, verður til. Þessi lögaðili (þ.e. þrotabúið) tekur við fjárhagslegum réttindum og skyldum þrotamanns, nýtur réttarhæfis til að öðlast réttindi og bakar sér skyldur meðan á skiptum stendur, sbr. 1.–3. mgr. 72. gr. laganna.

Samkvæmt ákvæðum XXII. kafla sömu laga geta málalok við gjaldþrotaskipti orðið með fernum hætti. Á hvaða veg sem skiptalok verða leiða þau til þess að tilvist þrotabúsins sem lögaðila lýkur. Þrotabúinu er slitið líkt og ef um félag væri að ræða og nýtur ekki upp frá því neinna réttinda og ber ekki lengur skyldur.

Gjaldþrotaskiptin hafa þannig í för með sér að tilvist lögaðilans (þrotamannsins) lýkur og nýtur hann ekki upp frá því neinna réttinda og ber ekki lengur skyldur. Þessi lögaðili getur því ekki hafið rekstur að nýju með nýrri kennitölu eða undir öðru heiti.

Þótt lögaðili sem orðið hefur gjaldþrota geti ekki hafið starfsemi að nýju er nokkuð um að einstaklingar sem standa að baki rekstri lögaðila setja fyrirtækið í þrot með vanskilum á sköttum og stofna nýtt fyrirtæki sem annast sömu þjónustuna, í sömu húsakynnum og með sama starfsfólki. Oft fá þessir einstaklingar aðra til þess að skrá sig fyrir rekstrinum þannig að á pappírunum koma þeir hvergi nærri. Ekki hefur verið gerð talning á fjölda slíkra tilvika og erfitt kann að vera að staðreyna þau þar sem hinum raunverulegu forsvarsmönnum er gjarna í mun að dylja aðild sína að rekstrinum.

3. *Hyggst ráðherra grípa til sérstakra aðgerða til að sporna við afskriftum opinberra gjalda?*

Sú afskrift sem vísað er til í fyrirspurninni er bókhaldsleg aðgerð sem felst í því að kröfur, sem taldar eru sannanlega tapaðar og ekki er fyrirsjáanlegt að muni innheimtast, eru færðar niður í bókhaldi. Byggist þetta á góðum reikningsskilavenjum og í reynd sömu lögmálum og afskriftir fyrirtækja á töpuðum kröfum. Reynist forsendur afskriftarinnar rangar, þannig að eignir eru fyrir hendi í viðkomandi búi eða gjaldandi verður gjaldfær, er viðkomandi afskrift bakfærð. Eðli máls samkvæmt verður að gera ráð fyrir því að afskrifa þurfi einhvern hluta opinberra gjald og annarra skatta. Hve stór sá hluti er ræðst af ýmsu, m.a. af því hvernig álagningu er háttað og hvernig staðið er að innheimtu.

Á síðustu árum hefur ráðuneytið unnið að samræmingu á innheimtu skatta hjá innheimtumönnum ríkissjóðs og auknu aðhaldi í því efni. Á tveggja mánaða fresti lætur ráðuneytið vinna sérstaka skuldalista þar sem fram koma allar þær skattskuldir þar sem hægt er að stöðva rekstur til að knýja á um greiðslu. Listar þessir eru sendir innheimtumönnum um allt land. Þetta er annars vegar gert til þess að tryggja jafnræði gjaldenda, hvar á landinu sem þeir búa, og hins vegar til þess að reyna að koma í veg fyrir að skattskuldir geti safnast upp hjá einstökum gjaldendum án þess að viðurlögum sé beitt.

Ráðuneytið stendur fyrir sameiginlegri auglýsingu á greiðsluáskorun fjórum sinnum á ári og sérstökum innheimtuaðgerðum í kjölfar hennar beri hún ekki árangur. Með þessu er reynt að auka samræmi innheimtuaðgerða milli innheimtuembætta og einnig er þetta til þess að innheimtumenn ríkissjóðs fari fyrr af stað með innheimtuaðgerðir, svo sem fjárnám, uppboð og kröfur um gjaldþrotaskipti.

Á sama tíma hafa innheimtumenn ríkissjóðs hert mjög innheimtuaðgerðir á vangoldnum opinberum gjöldum. Sem dæmi má nefna að þeir hafa aukið eftirlit með því að launagreiðendur sinni afdrætti af launum gjaldenda sem eru í vanskilum með opinber gjöld. Enn fremur hafa heimildir til skuldajafnaðar verið nýttar í ríkara mæli en áður var.

Loks má geta þess að ráðuneytið hefur lagt aukna áherslu á úrvinnslu talna um innheimtuárangur, þannig að ráðuneytið og innheimtumenn ríkissjóðs geti betur fylgst með stöðu mála og gripið til aðgerða ef innheimta hjá einstökum embættum versnar.

Með þessum aðgerðum hefur ráðuneytið reynt að draga úr þörf á að afskrifa kröfur vegna vangoldinna opinberra gjalda. Óhjákvæmilegt er hins vegar að afskrifa kröfur sem eru sannanlega tapaðar þannig að ríkisbókhald sýni á hverjum tíma sem réttasta mynd að þessu leyti og að innheimtumenn ríkissjóðs geti beint kröftum sínum að þeim kröfum sem mögulegt er að innheimta.

RÍKISREIKNINGUR 1994
A-HLUTI

AFSKRIFTIR OG NIÐURFÆRSLA EFTIRSTÖÐVA SUNDURLIÐUN

Í þús. kr.

Ríkistekjur ásamt innheimtufé og gjöldum til frádráttar tekjum	Árslok 1992	Árslok 1993	Árslok 1994
Óinnheimt í árslok skv. efnahagsr. án sértekna stofnana, án afsl	**35.799.244**	**36.819.378**	**30.489.367**
Beinar afskriftir á árinu	**4.597.621**	**4.382.861**	**3.861.818**
Óbeinar afskriftir á árinu vegna niðurfærslu eftirstöðva	**105.245**	**4.481.627**	**2.637.987**
Óinnheimt í árslok skv. efnahagsreikningi, án sértekna stofnana	**31.096.378**	**27.954.890**	**23.989.562**

		Árið 1992	Árið 1993	Árið 1994
BEINAR AFSKRIFTIR:				
	BEINIR SKATTAR	**1.633.879**	**996.012**	**916.131**
	Eignarskattar	**66.543**	**57.094**	**64.373**
40510	Eignarskattur, einstaklingar	9.946	7.473	12.997
40512	Eignarskattsauki, einstaklingar	67	14	34
40515	Sérstakur eignarskattur 1987-1989, einstaklingar	638	215	836
40516	Sérstakur eignarskattur 1990-1994, einstaklingar	556	747	1.201
40521	Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, einstaklingar	1.457	1.243	2.801
40611	Eignarskattur, félög	30.835	22.377	26.379
40612	Eignarskattsauki, félög	294	299	178
40615	Sérstakur eignarskattur 1987-1989, félög	4.243	1.881	1.981
40616	Sérstakur eignarskattur 1990-1994, félög	9.538	2.884	3.579
40621	Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, félög	8.969	19.961	14.387
	Tekjuskattar, nettó	**1.564.866**	**936.717**	**848.693**
40101	Sérstakur tekjuskattur	-	50	3.344
401	Tekjuskattur og staðgreiðsla, einstaklingar	937.642	416.416	422.747
40210	Tekjuskattur, félög	625.816	519.704	421.181
41091	Sjúkratryggingagjald	1.408	547	1.421
	Persónuskattar	**2.470**	**2.201**	**3.065**
41021	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraða 1990-1994	1.105	1.676	2.375
41025	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraða 1981-1987	1.365	525	690
	ÓBEINIR SKATTAR	**759.271**	**1.406.687**	**1.122.679**
	Skattar af framleiðslu	**13.101**	**14.986**	**42.911**
42313	Vörugjald af innlendri framleiðslu	13.101	14.986	42.911
	Virðisaukaskattur	**133.106**	**591.330**	**725.131**
42512-44	Virðisaukaskattur	133.106	591.330	725.131
	Söluskattur	**334.079**	**261.538**	**78.327**
42591-9	Söluskattur af vörusölu og þjónustu	334.079	261.538	78.327
	Skattar af launagreiðslum	**240.142**	**292.549**	**206.218**
41001-8	Tryggingagjald	39	52.004	67.204
41031	Slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa	36	27	51
41041-9	Launaskattur, eftirstöðvar	114.712	145.423	65.487
41051	Lífeyristryggingagjald með þinggjöldum, einstaklingar	6.170	2.736	7.487
41052	Lífeyristryggingagjald með þinggjöldum, félög	89.970	61.064	48.672
41061	Slysatryggingagjald með þinggjöldum, einstaklingar	1.462	639	1.810

41062	Slysatryggingagjald með þinggjöldum, félög	11.794	8.622	5.702
41063	Slysatryggingagjald utan þinggjalda	574	12.038	522
41071	Atvinnuleysistryggingagjald með þinggjöldum, einstaklng	1.751	637	1.695
41072	Atvinnuleysistryggingagjald með þinggjöldum félög	13.607	9.295	7.588
41073	Atvinnuleysistryggingagjald utan þinggjalda	27	64	-
	Ýmsir óbeinir skattar	**6.321**	**203.170**	**23.941**
43111	Bifreiðagjald	4.051	121.702	12.795
43121	Þungaskattur af díselbifreiðum skv. ökumælum	1.019	43.355	6.317
43122	Þungaskattur af díselbifreiðum, fast árgjald	757	36.185	2.541
43211	Vitagjald	-	137	154
43221	Skipagjald	85	1.306	1.528
43709	Lögtakskostnaður	409	463	606
43714	Gjöld fyrir ýmsar skráningar	-	22	-
	Innheimtufé fyrir aðra	**32.522**	**43.114**	**46.151**
43931	Iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, einstaklingar	2.175	1.538	3.026
43932	Iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, félög	28.360	34.835	29.405
43933	Iðnlánasjóðsgjald, einstaklingar	-	-	55
43934	Iðnlánasjóðsgjald, félög	-	-	1.956
43961	Útflutningsráðsgjald, einstaklingar	43	20	163
43962	Útflutningsráðsgjald, félög	1.944	6.721	5.085
43965	Markaðsgjald, einstaklingar	-	-	3
43966	Markaðsgjald, félög	-	-	375
43994	Skilagjald á einnota umbúðir	-	-	6.083
	FJÁRMUNATEKJUR	**2.198.467**	**1.951.770**	**1.754.502**
48010	Dráttarvextir af þinggjöldum einstaklinga	259.804	128.342	265.481
48011	Dráttarvextir af þinggjöldum félaga	686.138	425.175	541.804
48012-4	Dráttarvextir af staðgreiðslu	388.613	141.419	141.322
48015	Dráttarvextir af gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra	95	1.087	4.541
48018	Dráttarvextir og álag af ógreiddri skilagrein	-	-	1.997
48031-3	Dráttarvextir af tryggingagjaldi	-	4.137	26.300
48039	Dráttarvextir af launaskatti	219.039	305.974	139.817
48042	Dráttarvextir af vörugjaldi af innlendri framleiðslu	19.568	36.300	37.096
48045	Dráttarvextir af virðisaukaskatti	52.038	262.586	377.359
48046	Dráttarvextir af greiðslufresti í tolli	-	-	616
48049	Dráttarvextir af söluskatti	570.600	601.294	191.772
48051	Dráttarvextir af bifreiðagjaldi	2.032	19.614	11.002
48052	Dráttarvextir af þungaskatti skv. ökumælum	321	17.891	7.143
48053	Dráttarvextir af þungaskatti, fast árgjald	138	3.637	2.101
48055	Dráttarvextir af skipagjaldi	-	146	644
48081	Dráttarvextir af skipulagsgjaldi	72	3.633	1.023
48082	Dráttarvextir af jarðarafgjaldi	-	-	4
48083	Dráttarvextir af vinnueftirlitsgjaldi	9	535	381
48091	Dráttarvextir af skilagjaldi einnota umbúða	-	-	4.099
	AÐRAR TEKJUR	**1.175**	**6.163**	**42.881**
49901	Lögreglustjórasektir	-	815	36.821
49902	Dómsektir	1.175	5.286	6.060
49903	Landhelgissektir	-	62	-

		Árið 1992	Árið 1993	Árið 1994
	TEKJUR TIL FRÁDRÁTTAR GJÖLDUM	**4.829**	**22.229**	**25.625**
45481	Endurgreiddur málskostnaður	-	7.015	18.642
45482-4	Endurgreiddur innheimtukostnaður	219	6.262	2.920
45485	Skipulagsgjald	239	4.417	600
45631	Vinnueftirlitsgjald, einstaklingar	509	224	690
45632	Vinnueftirlitsgjald, félög	3.837	2.893	2.115
45633	Vinnueftirlitsgjald utan þinggjalda	25	1.418	658
		4.597.621	**4.382.861**	**3.861.818**

		Niðurfært 31.12.1991	Árið 1992	Árið 1993	Árið 1994	Niðurfært 31.12.1994
ÓBEINAR AFSKRIFTIR:						
	BEINIR SKATTAR	**1.540.844**	**120.653**	**1.292.502**	**749.626**	**3.703.625**
	Eignarskattar	**322.819**	**136.969**	**414.510**	**187.446**	**1.061.744**
40510	Eignarskattur, einstaklingar	92.147	34.191	259.499	118.855	504.692
40512	Eignarskattsauki, einstaklingar	30	-6	29	-16	37
40515	Sérstakur eignarskattur 1987-1989, einstaklir	2.365	-303	2.286	-635	3.713
40516	Sérstakur eignarskattur 1990-1994, einstaklir	5.972	3.731	22.020	11.208	42.931
40521	Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, ein	7.832	2.764	20.044	-5.961	24.679
40611	Eignarskattur, félög	130.871	62.401	71.549	67.300	332.121
40612	Eignarskattsauki, félög	665	-39	-36	-112	478
40615	Sérstakur eignarskattur 1987-1989, félög	7.885	-956	-233	-845	5.851
40616	Sérstakur eignarskattur 1990-1994, félög	19.630	11.736	15.021	14.994	61.381
40621	Skattur á skrifst.- og verslunarhúsnæði, félög	55.422	23.450	24.331	-17.342	85.861
	Tekjuskattar, nettó	**1.217.639**	**-16.251**	**877.629**	**562.420**	**2.641.437**
401	Tekjuskattur og staðgreiðsla, einstaklingar	909.349	-109.010	829.507	393.063	2.022.909
40210	Tekjuskattur, félög	307.644	92.917	47.674	169.947	618.182
41091	Sjúkratryggingagjald	646	-158	448	-590	346
	Persónuskattar	**386**	**-65**	**363**	**-240**	**444**
41021	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra 1990-199	386	-65	363	-240	444
	ÓBEINIR SKATTAR	**1.373.191**	**113.683**	**1.585.541**	**1.114.463**	**4.186.878**
	Skattar af framleiðslu	**25.998**	**-7.582**	**5.353**	**22.222**	**45.991**
42313	Vörugjald af innlendri framleiðslu	25.998	-7.582	5.353	22.222	45.991
	Virðisaukaskattur	**419.787**	**304.688**	**1.478.405**	**1.106.233**	**3.309.113**
42511-44	Virðisaukaskattur	419.787	304.688	1.478.405	1.106.233	3.309.113
	Söluskattur	**482.609**	**-168.058**	**-95.176**	**-3.862**	**215.513**
42591-9	Söluskattur af vörusölu og þjónustu	482.609	-168.058	-95.176	-3.862	215.513
	Skattar af launagreiðslum	**412.559**	**-38.727**	**680**	**25.518**	**400.030**
41001-8	Tryggingagjald	32.659	5.203	62.761	93.761	194.384
41031	Slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa	985	405	3.300	3.388	8.078
41041-9	Launaskattur, eftirstöðvar	162.694	-11.941	-65.778	-20.856	64.119
41051	Lífeyristr.gjald með þinggjöldum, einstakling	8.825	-1.694	7.220	-3.860	10.491
41052	Lífeyristr.gjald með þinggjöldum, félög	161.401	-23.188	-15.027	-28.498	94.688
41061	Slysatryggingagjald með þinggjöldum, einsta	3.044	-423	2.911	-1.599	3.933
41062	Slysatryggingagjald með þinggjöldum, félög	23.736	-3.334	-2.153	-3.843	14.406

41063	Slysatryggingagjald utan þinggjalda	-	-	8.400	-8.400	-
41071	Atvinnuleysistr.gjald með þinggjöldum, eins	1.668	-323	1.412	-740	2.017
41072	Atvinnuleysistr.gjald með þinggjöldum, félög	17.547	-3.432	-2.366	-3.835	7.914
	Ýmsir óbeinir skattar	**-**	**-**	**177.386**	**-11.154**	**166.232**
43111	Bifreiðagjald	-	-	64.517	12.085	76.602
43121	Þungaskattur af díselbifreiðum skv. ökumælu	-	-	80.803	-11.438	69.365
43122	Þungaskattur, fast árgjald	-	-	32.066	-11.801	20.265
	Innheimtufé fyrir aðra	**32.238**	**23.362**	**18.893**	**-24.494**	**49.999**
43931	Iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, einstaklir	2.760	992	6.994	-2.657	8.089
43932	Iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, félög	29.478	9.834	6.161	-17.115	28.358
43961	Útflutningsráðsgjald, einstaklingar	-	762	1.742	-489	2.015
43962	Útflutningsráðsgjald, félög	-	11.774	3.996	-4.233	11.537
	FJÁRMUNATEKJUR	**2.547.219**	**-127.944**	**1.502.178**	**819.217**	**4.740.670**
48010	Dráttarvextir af þinggjöldum einstaklinga	180.822	60.134	519.516	90.613	851.085
48011	Dráttarvextir af þinggjöldum félaga	617.683	33.439	290.189	34.414	975.725
48012-4	Dráttarvextir af staðgreiðslu	485.315	-199.252	65.095	44.562	395.720
48031-3	Dráttarvextir af tryggingagjaldi	4.548	5.151	18.707	43.595	72.001
48039	Dráttarvextir af launaskatti	289.953	-4.093	-118.339	-26.759	140.762
48042	Dráttarvextir af vörugjaldi af innlendri framl	35.652	-4.826	-15.700	-4.322	10.804
48045	Dráttarvextir af virðisaukaskatti	186.651	159.588	722.909	669.533	1.738.681
48049	Dráttarvextir af söluskatti	746.595	-178.085	-106.131	43.549	505.928
48051	Dráttarvextir af bifreiðagjaldi	-	-	54.346	-34.198	20.148
48052	Dráttarvextir af þungaskatti skv. ökumælum	-	-	50.016	-27.225	22.791
48053	Dráttarvextir af þungaskatti, fast árgjald	-	-	21.570	-14.545	7.025
	AÐRAR TEKJUR	**-**	**-**	**34.259**	**-30.687**	**3.572**
49901	Lögreglustjórasektir	-	-	24.071	-23.963	108
49902	Dómsektir	-	-	10.188	-6.724	3.464
	TEKJUR TIL FRÁDRÁTTAR GJÖLDUM	**8.257**	**-1.146**	**67.147**	**-14.632**	**59.626**
45481	Endurgreiddur málskostnaður	-	-	67.055	-12.932	54.123
45631	Vinnueftirlitsgjald, einstaklingar	906	-166	728	-409	1.059
45632	Vinnueftirlitsgjald, félög	7.351	-980	-636	-1.291	4.444
		5.469.511	**105.246**	**4.481.627**	**2.637.987**	**12.694.371**

182. Frumvarp til laga [152. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

Flm.: Lára Margrét Ragnarsdóttir, Árni Johnsen, Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðni Ágústsson, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Hallvarðsson, Kristín Halldórsdóttir, Pétur H. Blöndal, Sigríður A. Þórðardóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

72. gr. a laganna orðast svo:

Börn 14 ára og yngri skulu bera viðurkenndan hlífðarhjálm á höfði við hjólreiðar.

2. gr.

Á eftir 2. mgr. 100. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Eigi skal heldur refsa fyrir brot gegn 72. gr. a nema barn hafi ítrekað brotið gegn ákvæðinu og haldi því áfram þrátt fyrir skrifleg tilmæli lögreglu til þeirra sem fara með forsjá barnsins um að þeir sjái til þess að það fari að ákvæði laganna. Í þeim tilfellum er heimilt að sekta hlutaðeigandi forráðamann.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1996. Eigi skal þó refsa fyrir brot framin gegn 1. gr. fyrr en 1. júní 1998.

Greinargerð.

Svipuð frumvörp voru áður flutt á 111., 113. og 117. löggjafarþingi en urðu þá eigi útrædd.

Síðastliðin tíu ár hafa verið lagðar fram slysaskýrslur hér á landi er sýna að höfuðslys við hjólreiðar meðal barna og ungmenna eru mjög tíð og að slík slys hafa jafnan alvarlegar afleiðingar. Þessum slysum hefur þó fækkað aðeins á síðastliðnum árum samhliða því sem notkun sérhannaðra hjólreiðahjálma hefur aukist hratt. Samkvæmt könnun, er Umferðarráð stóð fyrir í júlí 1993, var hjálmanotkun við hjólreiðar í þéttbýli hérlendis þá um 20% en sambærileg könnun á þessu ári sýndi að þetta hlutfall var komið upp í 30%. Víða erlendis hafa verið gerðar athuganir er sýna að langflest börn, sem slasast alvarlega eða deyja vegna höfuðáverka er hlýst við hjólreiðar, hafa ekki borið hjálm á höfði. Sama niðurstaða kemur í ljós þegar skoðuð er slysaskráning á sjúkrahúsum hér á landi síðustu árin.

Árið 1990 voru sett lög um skyldunotkun hjólreiðahjálma í Ástralíu og í kjölfarið fækkaði alvarlegum höfuðmeiðslum hjólreiðamanna um 60–70% þar í landi. Sömu sögu er að segja frá nokkrum fylkjum Bandaríkjanna þar sem slík lög hafa verið sett. Fá lönd í Evrópu hafa hins vegar enn sem komið er sett slík ákvæði í löggjöf sína en samtök um öryggi evrópskra neytenda (ECOSA) ákváðu á fundi í Stokkhólmi í apríl 1992 að stefna að því að árið 2010 yrði hjálmanotkun orðin sem útbreiddust í öllum löndum Evrópubandalagsins og Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Skylda til bílbeltanotkunar var leidd í lög á Íslandi árið 1987, tíu árum eftir að fyrstu tillögur voru lagðar fram í því efni. Margir voru þá efins um ágæti þeirrar skyldu en í dag efast fáir enda hefur slysum af völdum árekstra fækkað um nálægt 50% og framrúðuslys eru nánast algerlega horfin. Stjórnvöld hljóta að leitast við að tryggja öryggi

borgaranna eftir fremsta megni og lögleiðing bílbeltanotkunar var heillavænlegt spor í þá átt. Nú er tækifæri til að halda áfram á sömu braut og huga þá í upphafi sérstaklega að yngstu vegfarendunum.

Á síðasta þingi var samþykkt sú viðbót við umferðarlögin að dómsmálaráðherra gæti sett reglur um notkun hlífðarhjálms við hjólreiðar. Hér er hins vegar lagt til að gengið verði lengra og slík skylda lögleidd og því er gert ráð fyrir að framangreind breyting verði felld brott. Börn undir 15 ára aldri teljast ósakhæf og verður því ekki refsað. Þó er gert ráð fyrir að lögreglu sé heimilt að sekta forráðamenn barns sem brýtur ítrekað gegn ákvæðinu, þó aðeins að undangenginni áminningu um að forráðamenn, þ.e. þeir sem fara með forsjá barnsins samkvæmt lögræðislögum, sjái til þess að barnið fari að lögunum. Flutningsmenn telja nauðsynlegt að brot gegn lögunum sé refsivert að einhverju marki. Refsilaus lagatilmæli slæva réttarvitund almennings og síst er það vilji löggjafans að draga úr virðingu fyrir lögum hjá æsku landsins. Þó er ekki gert ráð fyrir að farið verði að sekta fyrir brot gegn lögunum fyrr en tveimur árum eftir gildistöku þeirra. Er þar farin svipuð leið og þegar bílbelti voru lögleidd á níunda áratugnum.

Gert er ráð fyrir að lögin sjálf taki gildi 1. júní 1996.

Loks skal bent á að þó að með þessu frumvarpi sé aðeins ætlað að lögleiða notkun hlífðarhjálma hjá ungum hjólreiðamönnum geta slíkir hjálmar bjargað miklu og komið í veg fyrir höfuðmeiðsl þeirra sem detta á hjólabrettum, hjólaskautum, línuskautum, skautum, skíðum og snjóþotum.

Fylgiskjal I.

Landlæknisembættið:

Fjöldi innlagðra barna 0–14 ára með höfuðáverka á Borgarspítala 1987–1991.
(Rúm 50% slasast á reiðhjóli.)

Heilahristingur	259
Heilamar, tættur heili	17
Blæðingar	18
Annar áverki	3
Aðrir spítalar	62
Alls	**359**

Fylgiskjal II.

Umferðarráð:

Könnun á notkun hjálma við hjólreiðar í þéttbýli í júlí 1993 og í júlí 1995.

	Fjöldi á reiðhjóli	Þar af með hjálm	
1993:			
Reykjavík	831	187	22,5%
Seltjarnarnes	292	52	17,8%
Kópavogur	259	50	19,3%
Garðabær	290	84	29,0%
Mosfellsbær	300	57	19,0%
Dalvík	278	33	11,9%
Öll bæjarfélögin	**2.250**	**463**	**20,6%**
1995:			
Reykjavík	394	184	46,7%
Seltjarnarnes	386	105	27,2%
Hafnarfjörður	532	160	30,1%
Akureyri	1.059	290	27,4%
Dalvík	316	56	17,7%
Öll bæjarfélögin	**2.687**	**795**	**29,6%**

183. Frumvarp til laga [153. mál]

um breytingu á lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Í stað 4. málsl. 2. mgr. koma tveir málsliðir sem orðast svo: Stofnendur skulu vera lögráða, hafa óflekkað mannorð og mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld, svo og löggjöf um vátryggingastarfsemi. Stofnandi má hvorki hafa farið fram á eða vera í greiðslustöðvun né bú hans vera undir gjaldþrotaskiptum.

b. 4. mgr. orðast svo:

Ríkisborgarar og lögaðilar þeirra ríkja, sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eru undanþegnir búsetuskilyrðum 2. mgr. enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki eða lögaðilarnir með aðsetur þar. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá búsetuskilyrðum.

2. gr.

1.–3. málsl. 2. mgr. 43. gr. laganna orðast svo: Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu vera búsettir hér á landi, vera lögráða, fjár síns ráðandi, hafa óflekkað mannorð og mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld, svo og löggjöf um vátryggingastarfsemi. Ríkisborgarar þeirra ríkja, sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eru undanþegnir búsetuskilyrðum enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá búsetuskilyrðum.

3. gr.

2. málsl. 3. mgr. 71. gr. laganna orðast svo: Hann skal vera búsettur hér á landi, vera lögráða, fjár síns ráðandi, hafa óflekkað mannorð og má ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld, svo og löggjöf um vátryggingastarfsemi.

4. gr.

2. mgr. 81. gr. laganna orðast svo:

Skilyrði starfsleyfis er búseta hér á landi, að menn séu lögráða, fjár síns ráðandi, hafi óflekkað mannorð og hafi ekki á síðustu þremur árum í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld, svo og löggjöf um vátryggingastarfsemi. Þá er það skilyrði að menn búi yfir þeirri þekkingu sem nauðsynleg er til starfans, hafi engin fjárhagsleg tengsl af neinu tagi við vátryggingafélög vegna eignaraðildar eða hagsmuna, annarra en tengjast þeim vátryggingasamningum sem komið er á, og teljist að öðru leyti hæfir til þess að reka þessa starfsemi á viðhlítandi hátt. Þeir skulu einnig leggja fram vottorð um gilda starfsábyrgðartryggingu til að bæta tjón sem kann að hljótast af starfa þeirra og þeir eru bótaskyldir fyrir. Ríkisborgarar þeirra ríkja, sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eru undanþegnir búsetuskilyrðum enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá búsetuskilyrðum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, sem samið er í viðskiptaráðuneytinu, felur í sér breytingar á ákvæðum laga nr. 60 11. maí 1994 um vátryggingastarfsemi að fenginni reynslu af framkvæmd laganna. Einkum þykja ákvæði um fjárforræði of ströng. Er því lagt til að reglum um fjárforræði stofnenda, stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, aðalumboðsmanna og vátryggingamiðlara sé breytt með hliðsjón af hlutafélagalöggjöf þeirri sem afgreidd var frá Alþingi í árslok 1994. Jafnframt eru gerðar nokkrar breytingar á öðrum hæfisskilyrðum og búsetuskilyrðum til samræmis við hlutafélagalöggjöfina en búsetuskilyrðin snerta m.a. EES-samninginn. Refsidómsákvæði hlutafélagalöggjafarinnar er tekið upp í tengslum við hæfisskilyrði en tilvísun í löggjöf um vátryggingastarfsemi alls staðar bætt við.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

A-liður. Hér er gerð krafa um lögræði stofnanda en ekki tuttugu ára aldur og að hann sé fjár síns ráðandi en ekki er lengur gerð sú krafa að hann hafi aldrei verið sviptur forræði á búi sínu. Þetta er gert til samræmis við breytingu á hlutafélagalöggjöfinni, sbr. einkum 4. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 66. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Refsidómsákvæðið er úr hlutafélagalöggjöfinni.

B-liður. Hér er búsetuskilyrðum breytt til samræmis við 2. mgr. 3. gr. hlutafélagalaganna og það gert að skilyrði að um búsetu eða aðsetur í EES-ríki sé að ræða.

Um 2. gr.

Hér er gerð krafa um lögræði en ekki 20 ára aldur. Einnig er slakað á kröfum um fjárforræði og ekki gerðar svo strangar kröfur að stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar megi aldrei hafa verið sviptir forræði á búi sínu. Er þetta til samræmis við 2. mgr. 66. gr. hlutafélagalaganna en auk þess er bætt við ákvæði úr þeirri grein sem herðir hæfisskilyrði, m.ö.o. refsidómsákvæði hlutafélagalaganna. Búsetuskilyrðum er hér breytt eins og í 1. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Hér er breytt ákvæði um aðalumboðsmann. Gerð er krafa um lögræði en ekki 20 ára aldur og að hann sé fjár síns ráðandi. Ekki er lengur gerð sú krafa að hann hafi aldrei verið sviptur forræði á búi sínu. Þá er refsidómsákvæði hlutafélagalaganna tekið upp.

Um 4. gr.

Hér er einnig gerð krafa um lögræði og samsvarandi breyting á fjárforræðisákvæðinu og í 1.–3. gr. frumvarpsins en refsidómsákvæði 66. gr. hlutafélagalaganna er bætt við eins og í 2.–4. gr. Búsetuskilyrðum er breytt á sama hátt og í fyrri greinum frumvarpsins.

Um 5. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi.

Frumvarpið miðar að því að breyta reglum um fjárforræði stofnenda, stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og vátryggingarmiðlara til samræmis við ákvæði hlutafélagalaga sem samþykkt voru á Alþingi 1994, en ákvæði laga um vátryggingastarfsemi um þetta efni þóttu of ströng. Jafnframt eru gerðar nokkrar breytingar á öðrum hæfisskilyrðum og búsetuskilyrðum til samræmis við hlutafélagalöggjöfina, en búsetuskilyrðin snerta m.a. EES-samninginn. Verði frumvarpið að lögum er ekki að sjá að það valdi ríkissjóði auknum kostnaði.

184. Frumvarp til laga [154. mál]

um tæknifrjóvgun.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

Skilgreiningar.

1. gr.

Tæknifrjóvgun: Getnaður sem verður í framhaldi af tæknisæðingu eða glasafrjóvgun.

Tæknisæðing: Aðgerð þegar sæði er komið fyrir í eða nærri kynfærum konu á annan hátt en með samförum.

Glasafrjóvgun: Aðgerð þegar eggfruma, sem numin hefur verið úr líkama konu, er frjóvguð með sæðisfrumu utan líkamans.

Kynfrumur: Eggfrumur og sæðisfrumur.

Fósturvísir: Frjóvgað egg á öllum þroskastigum þess, allt frá því að það er frjóvgað og þar til það kemst á fósturstig.

Gjafi: Einstaklingur sem leggur öðrum til kynfrumur.

Staðgöngumæðrun: Tæknifrjóvgun framkvæmd á konu sem hyggst ganga með barn fyrir aðra konu og hefur fallist á það fyrir meðgönguna að láta barnið af hendi strax eftir fæðingu.

Almenn ákvæði.

2. gr.

Tæknifrjóvgun má eingöngu framkvæma á heilbrigðisstofnun sem fengið hefur til þess leyfi ráðherra og undir eftirliti sérfræðinga í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp.

3. gr.

Tæknifrjóvgun má því aðeins framkvæma að:

a. konan, sem undirgengst aðgerðina, sé samvistum við karlmann, í hjúskap eða óvígðri sambúð, sem staðið hafa samfellt í þrjú ár hið skemmsta og að þau hafi bæði samþykkt aðgerðina skriflega og við votta,
b. aldur parsins megi teljast eðlilegur, m.a. með tilliti til velferðar barnsins á uppvaxtarárum,
c. andleg og líkamleg heilsa og félagslegar aðstæður parsins séu góðar og
d. aðrar aðgerðir til að sigrast á ófrjósemi hafi brugðist eða séu ekki tiltækar.

Áður en tæknifrjóvgun fer fram og samþykki skv. a-lið 1. mgr. er veitt skal gefa parinu upplýsingar um meðferðina og þau læknisfræðilegu og lögfræðilegu áhrif sem hún kann að hafa.

Læknir ákveður hvort tæknifrjóvgun fer fram. Synjun má kæra til landlæknis sem sendir kæruna tafarlaust til meðferðar sérstakrar nefndar sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Í nefndinni skulu eiga sæti þrír fulltrúar og jafnmargir til vara, einn lögfræðingur, einn læknir og einn félagsráðgjafi. Ákvörðun nefndarinnar er endanleg.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd ákvæðis þessa, m.a. um heimild til að leita umsagnar barnaverndarnefndar um félagslegar aðstæður parsins.

4. gr.

Læknir, sem annast meðferð, skal velja viðeigandi gjafa.

Heilbrigðisstarfsfólki er skylt að tryggja gjafa nafnleynd.

Hvorki má veita gjafa upplýsingar um parið sem fær gjafakynfrumur né um barnið.

Tæknisæðing með gjafasæði.

5. gr.

Tæknisæðingu með gjafasæði má því aðeins framkvæma að frjósemi karlmannsins sé skert, hann haldinn alvarlegum erfðasjúkdómi eða aðrar læknisfræðilegar ástæður mæli með notkun gjafasæðis.

Glasafrjóvgun.

6. gr.

Glasafrjóvgun má því aðeins framkvæma að notaðar séu kynfrumur parsins. Þó skal heimilt að nota gjafakynfrumur ef frjósemi karlsins eða konunnar er skert, annað þeirra haldið alvarlegum erfðasjúkdómi eða aðrar læknisfræðilegar ástæður mæla með notkun gjafakynfrumna.

Gjöf fósturvísa er óheimil.

Staðgöngumæðrun er óheimil.

Geymsla kynfrumna og fósturvísa.

7. gr.

Geymsla kynfrumna og fósturvísa er eingöngu heimil á heilbrigðisstofnun sem fengið hefur leyfi ráðherra til að framkvæma tæknifrjóvgun, sbr. 2. gr.

8. gr.

Kynfrumur má því aðeins geyma að tilgangurinn sé:

a. eigin notkun síðar,
b. gjöf í rannsóknarskyni eða
c. gjöf kynfrumna til notkunar við tæknifrjóvgun.

Sá sem leggur kynfrumur til skal veita skriflegt samþykki fyrir geymslunni í samræmi við tilgang hennar, enda hafi honum áður verið veittar upplýsingar um áhrif geymslunnar á kynfrumurnar og hin almennu skilyrði sem sett eru fyrir geymslu kynfrumna í lögum þessum og reglum samkvæmt þeim.

9. gr.

Fósturvísa má geyma í þeim tilgangi að koma þeim fyrir í konu þeirri sem lagði eggfrumurnar til eða eiginkonu eða sambýliskonu karlmannsins sem lagði til sæðisfrumur. Geymsla fósturvísa í öðrum tilgangi er óheimil.

Geymsla fósturvísa er háð því skilyrði að karlmaður sá og kona, sem leggja kynfrumurnar til, veiti skriflegt samþykki fyrir geymslunni í samræmi við tilgang hennar, enda hafi þeim áður verið veittar upplýsingar um áhrif geymslunnar á fósturvísana og hin almennu skilyrði sem sett eru fyrir geymslu kynfrumna og fósturvísa í lögum þessum og reglum samkvæmt þeim.

Fósturvísa má eingöngu nota í samræmi við samþykki þeirra sem lögðu kynfrumurnar til.

10. gr.

Ráðherra skal setja reglur um hve lengi má geyma kynfrumur og fósturvísa í samræmi við bestu læknisfræðilega þekkingu á hverjum tíma.

Að hámarksgeymslutíma liðnum skal eyða ónotuðum kynfrumum og fósturvísum.

Nú er hámarksgeymslutími kynfrumna ekki liðinn en sá sem lagði til kynfrumur andast og skal þá eyða ónotuðum kynfrumum nema tilgangur geymslunnar hafi verið gjöf kynfrumna til notkunar við tæknifrjóvgun.

Nú er hámarksgeymslutími fósturvísa ekki liðinn en karlmaður sá og kona, sem lögðu kynfrumurnar til, slíta hjúskap eða sambúð og skal þá eyða fósturvísunum. Sama gildir ef annað þeirra andast nema um gjöf kynfrumna til notkunar við tæknifrjóvgun hafi verið að ræða.

Rannsóknir á fósturvísum.

11. gr.

Hvers konar rannsóknir, tilraunir og aðgerðir á fósturvísum skulu vera óheimilar.

Þó skal heimilt að gera rannsóknir á fósturvísum:

a. ef þær eru liður í glasafrjóvgunarmeðferð,
b. ef þær miða að framförum í meðferð vegna ófrjósemi,
c. ef þær eru ætlaðar til aukins skilnings á orsökum meðfæddra sjúkdóma og fósturláta eða
d. ef þeim er ætlað að greina arfgenga sjúkdóma í fósturvísunum sjálfum.

12. gr.

Óheimilt er:

a. að rækta eða framleiða fósturvísa eingöngu í þeim tilgangi að gera á þeim rannsóknir,
b. að rækta fósturvísa lengur en í 14 daga utan líkamans eða eftir að frumrákin kemur fram,
c. að koma mannlegum fósturvísum fyrir í dýrum og
d. að framkvæma einræktun.

Lokaákvæði.

13. gr.

Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að þremur mánuðum.

Fyrir hlutdeild í broti skal refsa á sama hátt.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1996.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lagafrumvarpi þessu eru settar fram tillögur um hvaða lagaákvæði skuli gilda hér á landi um tæknifrjóvgun, þ.e. tæknisæðingu og glasafrjóvgun. Tæknisæðing hefur verið framkvæmd hér á landi frá árinu 1980 og glasafrjóvgun frá 1991. Um báðar meðferðirnar voru í upphafi settar reglur um framkvæmd án þess að löggjöf um efnið væri til að dreifa. Tillögurnar taka í öllum megindráttum mið af þeim reglum sem verið hafa í gildi um framkvæmd tæknifrjóvgunar. Þá er gert ráð fyrir að eggfrumugjöf verði leyfð. Jafnframt eru gerðar tillögur að reglum um geymslu kynfrumna og fósturvísa og um rannsóknir á fósturvísum.

Í tengslum við tæknifrjóvgun er einkum álitaefni hvort heimila skuli gjöf kynfrumna, einkum eggfrumna. Nefnd sú sem samdi frumvarpið (tæknifrjóvgunarnefnd) var sammála um að gjöf sæðisfrumna skyldi leyfð, hvort heldur er við tæknisæðingu eða glasafrjóvgun, enda hefur slík framkvæmd verið hér á landi við tæknisæðingu á annan áratug. Meira álitaefni væri hins vegar hvort heimila ætti eggfrumugjöf. Nefndin taldi ekki ástæðu til að taka beina afstöðu til þess álitaefnis. Hins vegar gekk nefndin þannig frá málinu að hvor kosturinn sem er gæti verið valinn og samdi því tvær útgáfur af frumvarpi, aðra þar sem eggfrumugjöf var bönnuð og hina þar sem hún var leyfð.

Tæknifrjóvgunarnefnd skilaði tillögum sínum í nóvember 1994. Voru tillögurnar fljótlega sendar ýmsum aðilum til kynningar og fróðleiks. Umsagnir bárust frá Barnaverndarráði, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Jafnréttisráði, Kvenfélagasambandi Íslands, Kvenréttindafélagi Íslands, Landspítalanum (forstöðulækni kvennadeildar og sérfræðingum á glasafrjóvgunardeild), Ljósmæðrafélagi Íslands, Lögmannafélagi Íslands, Siðfræðistofnun Háskóla Íslands og umboðsmanni barna.

Frumvarp þetta er byggt á þeirri frumvarpsgerð tæknifrjóvgunarnefndar þar sem gert var ráð fyrir því að eggfrumugjöf væri heimil. Með hliðsjón af framkomnum umsögnum hafa nokkrar minni háttar breytingar verið gerðar á athugasemdum við frumvarpið eins og það kom upphaflega frá nefndinni.

I. Inngangur.

Árið 1986 samþykkti Alþingi þingsályktun um skipun nefndar til að kanna réttaráhrif tæknifrjóvgunar og gera tillögur um hvernig réttarstaða aðila yrði tryggð. Í samræmi við þingsályktunina skipaði dómsmálaráðherra nefnd þessa í júlí 1986 og tóku sæti í nefndinni Ólafur W. Stefánsson, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu, formaður, Jón Hilmar Alfreðsson yfirlæknir, tilnefndur af læknadeild Háskólans, Ásta Kr. Ragnarsdóttir forstöðumaður námsráðgjafar HÍ, tilnefnd af Barnaverndarráði, og hæstaréttarlögmennirnir Ólafur Axelsson og Þórður S. Gunnarsson, tilnefndir af Lögmannafélagi Íslands. Drífa Pálsdóttir, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu var ritari nefndarinnar. Í september 1992 tilnefndi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið að ósk dómsmálaráðuneytisins Dögg Pálsdóttur skrifstofustjóra í nefndina.

Í árslok 1989 samþykkti Alþingi þingsályktun er fól í sér að fyrir Alþingi skyldi lagt frumvarp til laga um tæknifrjóvganir, m.a. að því er varðar réttarstöðu og tryggingamál þeirra sem hlut eiga að máli. Þessari ályktun var vísað til nefndarinnar.

Nefndin hefur kynnt sér og fylgst með þróun mála er varða tæknifrjóvgun hér á landi og í nágrannalöndunum. Nefndin hefur og kynnt sér lagasetningu um efnið erlendis, einkum á Norðurlöndum og í Bretlandi. Þá tóku fulltrúar nefndarinnar þátt í starfi sérfræðinganefndar Evrópuráðsins á sviði tæknifrjóvgunar, en sú nefnd skilaði tillögum til ráðherranefndar Evrópuráðsins 1987.

II. Skilgreiningar.

Á síðustu árum hafa komið fram ýmsar tæknilegar aðgerðir til getnaðar og þungunar. Þar sem árangur þeirra hefur verið talsverður hafa þær náð umtalsverðri útbreiðslu. Samheiti þessara aðgerða er tæknifrjóvgun. Við tæknifrjóvgun er um að ræða tvær meginaðgerðir, tæknisæðingu og glasafrjóvgun. Við tæknisæðingu verður frjóvgun í líkama konunnar en við glasafrjóvgun verður frjóvgunin í frumuræktunarglasi.

Tæknisæðing verður við það að sæði er komið fyrir, á annan hátt en með samförum, í eða nærri kynfærum konunnar. Ýmist er notað sæði eiginmanns eða sambýlismanns konunnar eða gjafasæði.

Glasafrjóvgun verður við það þegar eggfruma er frjóvguð með sæðisfrumu í frumuræktunarglasi. Ýmsir möguleikar varðandi uppruna kynfrumnanna koma til greina við glasafrjóvgun. Unnt er að nota eggfrumu frá konunni sem síðan gengur með og elur barnið en sæði annaðhvort frá eiginmanni eða sambýlismanni konunnar eða frá sæðisgjafa. Einnig er hugsanlegt að egg sé fengið frá annarri konu en þeirri sem gengur með og elur barnið en sæðið annaðhvort frá eiginmanni eða sambýlismanni konunnar sem gengur með eða frá sæðisgjafa.

III. Tæknifrjóvgun á Íslandi.

1. Tæknisæðing.

Á áttunda áratugnum fór það mjög í vöxt að konur leituðu til útlanda til meðferðar vegna barnleysis sem stafaði af ófrjósemi eiginmanns eða sambýlismanns. Notkun á frystu gjafasæði sem meðferð í slíkum tilvikum var þá orðin viðtekin og algeng. Kvensjúkdómalæknar beittu sér fyrir því að meðferðin var tekin upp hér á landi. Tæknisæðing með frystu gjafasæði hófst skipulega hér álandi í byrjun árs 1980 og hefur frá upphafi eingöngu verið framkvæmd á kvennadeild Landspítalans. Af ýmsum ástæðum, m.a. vegna kostnaðar og fámennis, var talið æskilegt að afla sæðis frá erlendum sæðisbanka og hefur það verið gert frá upphafi.

Meðferðin hefur í engu verið frábrugðin því sem gerist annars staðar. Forrannsókn kvenna er í höndum kvensjúkdómalækna, en sérfræðingar í ófrjósemi karla hafa annast þann þátt forrannsóknar. Ástæða fyrir meðferð hefur verið ófrjósemi eiginmanns, en tilskilið hefur verið að konan sé metin frjósöm. Aðrar ástæður koma sjaldan til álita, en þær eru:

a. eiginmaður ber arfgengan sjúkdóm,
b. misræmi í ónæmisþáttum milli hjóna eða
c. taugasjúkdómar (lömun) eiginmanns.

Vegna langs biðlista og takmarkaðra aðfanga sæðis hefur þurft að takmarka fjölda meðferðartilrauna sem hver kona hefur átt kost á. Einnig hefur meðferðin verið takmörkuð við hjón sem ekki eiga barn saman.

Við árslok 1993 höfðu 217 konur gengist undir tæknisæðingu. Alls urðu 106 konur þungaðar en af þeim misstu sex konur fóstur. Þannig hafa 100 konur fætt alls 103 börn. Þessi árangur stenst vel samanburð við önnur Norðurlönd. Á það má benda að engin frjósemismeðferð er jafnárangursrík og jafnkostnaðarlítil og tæknisæðing. Meðgöngur og fæðingar hafa verið eðlilegar og börnin heilbrigð. Foreldrar virðast hafa verið ánægðir og margir látið í ljós ósk um að eignast annað barn með þessum hætti, en ekki hefur reynst unnt að verða við þeim óskum, einkum vegna langs biðlista.

Í samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið voru í upphafi settar þær reglur um tæknisæðingu með gjafasæði að meðferðin skyldi eingöngu heimil giftum konum, að fengnu samþykki konunnar og eiginmanns hennar. Hjónin hafa skrifað undir vottorð þess efnis að þau samþykki að gangast undir meðferðina, geri sér ljósar hættur henni samfara og feli lækni að velja sæðisgjafa. Jafnframt heitir eiginmaðurinn því að ganga barninu í föður stað á allan hátt. Þessi vottorð eru undirrituð í viðurvist læknis og varðveitt í sérstakri sjúkraskrá sem samin er um þessa meðferð og sérstaklega varðveitt.

Eftir að barnalögum var breytt árið 1992 varð sú breyting á að ógift par hefur getað fengið meðferð að fullnægðum öðrum skilyrðum.

Hér á landi hefur eingöngu verið notað sæði innflutt frá Danmörku en þar í landi ríkir nafnleynd um sæðisgjafa. Notað hefur verið sæði frá sæðisbanka í Kaupmannahöfn sem þjónar yfir 20 sjúkrahúsum í Danmörku. Sæðisbanki þessi hefur einnig þjónað stofnunum í Noregi og Færeyjum sem framkvæma tæknisæðingu.

Á síðari árum hefur færst í vöxt að framkvæma tæknisæðingu með sæði frá eiginmanni eða sambýlismanni. Þetta er gert þegar um er að ræða skerta frjósemi sæðisins. Er sæðið þá meðhöndlað sérstaklega fyrir sæðinguna þannig að t.d. hreyfanleiki þess verði virkari. Þá er sæðisfrumunum komið fyrir, ekki efst í leggöngum eða leghálsi eins og venja var, heldur lengst inni í legholinu. Samhliða eru konunni gefin frjósemisörvandi lyf. Þessi meðferð þykir lofa góðu sem ráð við skertri frjósemi karla og ætti að einhverju

leyti að geta dregið úr þörf fyrir gjafasæði. Þessi nýjung hefur síðan orðið til þess að tæknisæðing með gjafasæði er nú í vaxandi mæli framkvæmd með sama hætti, þ.e. aðgerðin er orðin mun flóknari en áður, og þykir það skila betri árangri.

2. Glasafrjóvgun.

Glasafrjóvgun var fyrst framkvæmd með árangri í Englandi 1978. Meðferðin felst í frjóvgun á eggfrumu með sæðisfrumu utan líkama í þar til gerðu umhverfi þar sem þættir eins og ætisvökvi, hitastig, sýrustig og loftþrýstingur skipta máli. Meðferðina má greina í þrennt:

a. eggþroskun með hormónagjöf og eggheimtu,
b. frjóvgun utan líkamans sem tekur yfirleitt um tvo sólarhringa,
c. fósturfærslu, en þá er fósturvísi eða fósturvísum, sem aðeins eru nokkrar frumur, komið upp í leg konunnar til að festast þar og þroskast áfram.

Á árinu 1987 hófust skipulegar utanferðir Íslendinga vegna glasafrjóvgunar, einkum til Englands. Á því ári voru settar reglur um greiðslu læknishjálpar við glasafrjóvgun erlendis.

Á árunum 1987–1991 munu u.þ.b. 260 pör hafa farið til glasafrjóvgunarmeðferðar í Englandi, einnar tilraunar eða fleiri, og af þeim eignuðust 65 barn eða börn vegna meðferðarinnar, eða fjórða hvert par.

Glasafrjóvgun hófst á kvennadeild Landspítalans í október 1991, en þá hafði stjórnarnefnd Ríkisspítala samþykkt reglur fyrir starfsemina. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið staðfesti þessar reglur í ársbyrjun 1992. Samkvæmt reglunum skal par sem gengst undir meðferð hafa verið í hjúskap eða óvígðri sambúð a.m.k. þrjú ár áður en meðferð hefst. Konan skal ekki vera eldri en 42 ára. Ef parið á barn saman fyrir fær það ekki aðgang að meðferðinni. Notkun gjafakynfrumna, þ.e. bæði sæðisfrumna og eggfrumna, hefur verið óheimil samkvæmt þessum reglum. Auk þess hefur frysting fósturvísa verið óheimil. Nú hefur verið óskað eftir heimild af hálfu kvennadeildarinnar til að framkvæma glasafrjóvgun með gjafasæði. Því erindi hefur verið vísað til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

Nokkur óvissa var um árangur við upphaf glasafrjóvgunar hér á landi því vitað er að brugðið getur til beggja vona og ræður þá stundum einber óheppni ef illa tekst til. Svo varð þó ekki og hefur árangur glasafrjóvgunardeildar Landspítalans verið góður alveg frá byrjun. Um mitt ár 1994 höfðu yfir 600 glasafrjóvgunaraðgerðir verið framkvæmdar á deildinni. Yfir 200 börn höfðu fæðst en auk þess má telja að um 70–80 konur gangi með barn á hverjum tíma.

IV. Barnalög.

Með gildistöku barnalaga, nr. 20 22. maí 1992, 1. júlí 1992 voru lögfestar reglur um feðrun barna sem getin eru með gjafasæði.

Samkvæmt 3. gr. laganna telst eiginmaður eða sambúðarmaður, sem samþykkt hefur skriflega og við votta að tæknifrjóvgun fari fram á eiginkonu eða sambúðarkonu sinni með sæði úr öðrum manni, faðir barns sem þannig er getið. Með 55. gr. laganna er tryggt að maður, sem samþykkt hefur tæknifrjóvgun á eiginkonu sinni eða sambúðarkonu með þessum hætti, geti því aðeins fengið faðerni barnsins vefengt að ljóst sé að það sé ekki getið við tæknifrjóvgun.

V. Almannatryggingar og tæknifrjóvgun.

Tæknisæðing hefur frá upphafi verið framkvæmd með þeim hætti að kostnaður við hana hefur talist til reksturskostnaðar Ríkisspítala. Framan af var meðferðin innt af hendi án sérstakrar greiðsluhlutdeildar aðila. Á síðari árum hafa komið til greiðslur í samræmi við almennar reglur um greiðsluhlutdeild sjúkratryggðra vegna göngudeildarmeðferðar og rannsókna.

Með reglugerð um greiðslu læknishjálpar við glasafrjóvgun erlendis, nr. 218 15. maí 1987, var ákveðið að sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins væri heimilt að greiða kostnað vegna glasafrjóvgunar íslenskra kvenna erlendis eftir þeim reglum sem gilda um greiðslu almannatrygginga fyrir nauðsynlega læknishjálp erlendis. Skilyrði greiðslu var að við glasafrjóvgun væri egg konu frjóvgað með sæði manns hennar og að læknisfræðilegar ástæður hömluðu frjóvgun með venjulegum hætti. Ákvæði reglugerðarinnar voru afturvirk og var þannig heimilt að greiða kostnað sem til hafði verið stofnað eftir 1. júní 1986.

Í framhaldi af setningu þessarar reglugerðar setti siglinganefnd, sem starfar samkvæmt lögum um almannatryggingar, verklagsreglur um val á fólki til glasafrjóvgunarmeðferðar erlendis. Þar var sett sem skilyrði að parið hefði verið samvistum, gift eða í sambúð, í a.m.k. tvö ár samfleytt, konan væri ekki eldri en 38 ára og að meðferðin færi fram á Bourn Hall Clinic í Englandi. Kysi parið að leita meðferðar annars staðar var það heimilt en aldrei var greitt meira fyrir meðferð en sem nam kostnaði samkvæmt samningi við Bourn Hall Clinic. Barnlaus hjón gengu að öðru jöfnu fyrir. Sjúkratryggingarnar greiddu meðferðina á Bourn Hall Clinic en parið stóð sjálft straum af ferðakostnaði og uppihaldskostnaði utan sjúkrahússins auk aðstoðar túlks væri hún nauðsynleg. Að hámarki var greitt fyrir þrjár meðferðartilraunir hjá hverju pari.

Eftir að starfsemi glasafrjóvgunardeildar kvennadeildar Landspítalans hófst í árslok 1991 voru í reglugerð um greiðslu sjúkratryggðra fyrir læknishjálp sett ákvæði um greiðslu fyrir glasafrjóvgunarmeðferð, sbr. nú reglugerð nr. 14 12. janúar 1993. Samkvæmt reglugerðinni skal greiða 105 þús. kr. fyrir fyrstu glasafrjóvgunartilraun. Þurfi fleiri tilraunir skal greiða 60 þús. kr. fyrir hverja, þó aldrei fleiri en fjórar tilraunir samtals. Fyrir tilraunir umfram fjórar greiða sjúkratryggðir fullt verð, 200 þús. kr.

VI. Framkvæmd og löggjöf um tæknifrjóvgun í nokkrum nágrannalöndum.

Ör þróun hefur verið á sviði tæknifrjóvgunar á síðustu 15 árum. Nágrannalönd okkar hafa brugðist við með mismunandi hætti. Sum lönd settu fljótt ströng lagaákvæði um þessi efni en önnur ákváðu að bíða átekta og létu ólögbundnar reglur duga meðan séð yrði hvert stefndi. Hér á landi var síðari leiðin valin. Verður nú vikið að framkvæmd og löggjöf um tæknifrjóvgun í nokkrum nágrannalöndum.

Í *Svíþjóð* voru sett lög um tæknisæðingu árið 1985. Á árinu 1988 voru sett lög um frjóvgun utan líkama. Meðferð er bundin við konu í hjúskap eða sambúð. Tæknisæðing með sæði annars en eiginmanns eða sambúðarmanns má aðeins fara fram á almennu sjúkrahúsi. Frjóvgun utan líkama skal að jafnaði fara fram á almennu sjúkrahúsi. Slík frjóvgun er einungis heimil með sæði eiginmanns eða sambúðarmanns. Barn, sem orðið hefur til með tæknisæðingu með gjafasæði, á rétt á að fá upplýsingar um sæðisgjafa þegar það hefur þroska til. Maki eða sambúðarmaður konu telst faðir barns hennar sem getið er með tæknisæðingu sem hann hefur samþykkt.

Í *Noregi* voru fyrst sett lög um tæknifrjóvgun árið 1987. Þau tóku bæði til frjóvgunar í líkama konu og utan líkama. Einungis giftar konur áttu rétt á meðferð í þessu skyni. Tæknifrjóvgun mátti einungis fara fram á viðurkenndri stofnun. Frjóvgun utan líkama var bundin við kynfrumur parsins og frjóvguð egg mátti einungis flytja í þá konu sem eggin voru úr. Ákvæði voru um nafnleynd sæðisgjafa. Sæðisgjafanum mátti heldur ekki veita upplýsingar um par eða barn. Bannað var að frysta ófrjóvguð egg. Hins vegar var heimilt að frysta frjóvguð egg, eingöngu í þeim tilgangi að setja þau aftur í konuna. Frjóvguð egg mátti þó ekki geyma lengur en í 12 mánuði. Tilraunir á frjóvguðu eggi voru bannaðar. Eiginmaður taldist faðir barns sem getið var með tæknisæðingu sem hann hafði samþykkt að fram færi á eiginkonunni.

Fyrri hluta árs 1993 var lögð fram í norska stórþinginu greinargerð nr. 25 (1992–93) um menn og líftækni. Greinargerðin hlaut ítarlega umfjöllun í þinginu og í framhaldi hennar var í apríl 1994 lagt fram og síðan samþykkt lagafrumvarp um læknisfræðilega notkun líftækni. Lögin gengu í gildi 1. september 1994. Þau eru mun víðtækari en lögin um tæknifrjóvgun frá 1987 því þau ná einnig til rannsókna. Nýju lögin veita bæði hjónum og sambýlisfólki aðgang að tæknifrjóvgun. Sæðisgjöf er heimil við tæknisæðingu. Gjöf eggfrumna og fósturvísa er bönnuð. Fósturvísa má eingöngu geyma til síðari nota konunnar sem lagði eggfrumurnar til. Geymsla fósturvísa er takmörkuð við þrjú ár. Geymsla eggfrumna er bönnuð. Rannsóknir á fósturvísum eru bannaðar. Á hinn bóginn er heimilt að skoða fósturvísa með tilliti til arfgengra sjúkdóma. Lögin hafa að geyma ítarlegar reglur um erfðafræðilega skoðun á fósturvísum og fóstrum. Jafnframt geyma lögin reglur um erfðafræðilega skoðun á börnum.

Í *Danmörku* hafa ekki verið sett lög um tæknifrjóvgun. Tæknisæðing og glasafrjóvgun hafa þó verið framkvæmdar í Danmörku um alllangt skeið. Hins vegar voru á árinu 1987 samþykkt lög um þriggja ára bann við rannsóknum á frjóvguðum eggfrumum. Lögin tryggðu að glasafrjóvgun var áfram heimil en allar umframeggfrumur, hvort sem þær voru frjóvgaðar eða ekki, skyldi eyðileggja þegar búið væri að koma frjóvguðu eggi fyrir eða eftir að meðferð var hætt. Lögin leyfðu ekki frystingu fósturvísa sem ekki þurfti að nota. Á grundvelli sömu laga var sérstakt siðaráð sett á fót. Hlutverk þess var m.a. að gera tillögur til þingsins um fyrirkomulag tæknifrjóvgunar. Tillögur ráðsins skyldu byggðar á því að mannslíf hefjist við frjóvgun.

Árið 1989 skilaði ráðið tillögum sínum. Meiri hluti ráðsmanna var fylgjandi því að glasafrjóvgunarmeðferð yrði fram haldið en engar ákveðnar tillögur voru gerðar um önnur álitaefni á þessu sviði. Til að tryggja opinbera umræðu um málið var lagasetningu um þetta efni frestað. Árið 1992 voru samþykktar breytingar á lögunum og á grundvelli þeirra breytinga voru settar reglur um frystingu og gjöf eggfrumna. Samkvæmt reglunum er frysting ófrjóvgaðra eggfrumna heimil, sem og frysting fósturvísa. Þá er gjöf fósturvísa óheimil en á hinn bóginn er heimilt að gefa eggfrumur. Enda þótt bæði notkun gjafasæðis og eggfrumugjöf sé heimil eru ekki í barnalögum sérstök ákvæði er taka til barna sem getin eru við tæknifrjóvgun með gjafakynfrumum.

Í *Finnlandi* er tæknifrjóvgun heimil. Þar hefur löggjöf um tæknifrjóvgun verið í undirbúningi. Starfshópur skilaði áliti árið 1988 og lagði til að lög skyldu sett um tæknisæðingu og frjóvgun utan líkamans og að meðferðin skyldi einungis heimil hjónum og fólki í sambúð. Lagafrumvarp um þetta efni hefur hins vegar ekki verið lagt fram.

Í *Bretlandi* voru sett lög um tæknifrjóvgun árið 1990. Samkvæmt þeim var sérstök stofnun sett á laggirnar til að hafa eftirlit með framkvæmd laganna. Samkvæmt lögunum þurfa stofnanir sem framkvæma tæknifrjóvgun, geyma kynfrumur og fósturvísa og framkvæma rannsóknir á fóstrum sérstakt leyfi eftirlitsstofnunarinnar.

Börn, sem fæðast eftir tæknifrjóvgun með gjafakynfrumum, eiga rétt á því að fá tilteknar upplýsingar um kynforeldra sína, þó þannig að nafnleynd er virt. Samkvæmt lögunum má ekki geyma fósturvísa lengur en í fimm ár og kynfrumur ekki lengur en í 10 ár. Geymslutíminn getur þó orðið styttri samkvæmt ósk hlutaðeigandi. Strangar reglur gilda um rannsóknir á fósturvísum. Stofnanir, sem fengið hafa rannsóknaleyfi, mega gera rannsóknir á fósturvísum í þeim tilgangi að stuðla að framförum í meðferð við ófrjósemi, efla þekkingu á orsökum meðfæddra sjúkdóma og fósturláta, þróa árangursríkari aðgerðir til frjóvgunar og þróa tækni til að greina erfðasjúkdóma í fósturvísum áður en þeim er komið fyrir í konu.

Samkvæmt lögum telst móðir ætíð sú kona sem gengur með barn án tillits til uppruna eggfrumnanna. Eiginmaður konu eða sambýlismaður telst ætíð faðir barnsins nema unnt sé að sanna að hann hafi ekki samþykkt meðferðina.

Tæknifrjóvgun hefur verið til umfjöllunar í Norðurlandaráði. Árið 1986 samþykkti ráðið ályktun þess efnis að á Norðurlöndunum yrði leitast við að hafa reglur um þetta efni eins líkar og unnt væri.

Á árunum 1985–1987 starfaði á vegum Evrópuráðsins sérfræðinganefnd (CAHBI) er fjallaði um tæknifrjóvgun, bæði tæknisæðingu og glasafrjóvgun, gjöf sæðis, eggfrumna eða fósturvísa og um meðferð fósturvísa við notkun þessarar tækni. Nefndin lauk störfum á árinu 1987 og skilaði ítarlegum tillögum að meginreglum um tæknifrjóvgun til ráðherranefndar Evrópuráðsins. Þessar meginreglur hafa hins vegar ekki hlotið staðfestingu ráðherranefndarinnar og eru því ekki bindandi fyrir aðildarríkin. Meginreglurnar hafa verið þýddar á íslensku, „Meginreglur er varða mannlega æxlun með tilgerðum ráðum“, og birtar í Læknablaðinu — Fréttabréfi lækna (5. tbl., 8. árg. 1990).

VII. Á að setja lög um tæknifrjóvgun?

Tæknisæðing hefur verið framkvæmd skipulega hér á landi frá árinu 1980 án löggjafar um það efni. Eins og áður er vikið að lögfestu barnalögin frá 1992 reglur um faðerni barna sem getin eru með tæknifrjóvgun. Glasafrjóvgun hefur verið framkvæmd síðan í árslok 1991. Ekki hafa komið upp vandkvæði vegna faðernis eða móðernis barna þar sem reglur sem kvennadeild Landspítalans starfar eftir taka skýrt fram að eingöngu er heimilt að nota kynfrumur parsins sem hlut á að máli.

Þegar litið er til framkvæmdarinnar hér á landi, svo og í nágrannaríkjum okkar þar sem tæknifrjóvgun er ýmist heimil án löggjafar eða á grundvelli löggjafar, þykir ekki fært að mæla gegn því að tæknifrjóvgun sem meðferð við ófrjósemi sé viðurkennd. Sýnist þá rétt að lög verði sett um efnið og skýrar línur markaðar um ýmis atriði er það varða, svo sem framkvæmdina sjálfa, skilyrði sem þeir sem fá heimild til meðferðar þurfa að uppfylla, réttarstöðu barns o.fl.

Tilgangur tæknifrjóvgunar er einkum sá að hjálpa barnlausu pari að eignast barn. Í því sambandi þarf að gera þá kröfu að siðferðilegra sjónarmiða sé gætt í hvívetna. Við setningu laga um tæknifrjóvgun ber og að líta á málið frá hinum ýmsu sjónarhornum og kunna þámismunandi hagsmunir að rekast á. Meta verður hagsmuni barns þess sem til verður með þessum hætti, hagsmuni hins barnlausa pars og margvíslega þjóðfélagslega hagsmuni. Þyngst hljóta að vega hagsmunir barnsins og það að því verði tryggð proska-

vænleg uppvaxtarskilyrði. Enn fremur verður að treysta hina þjóðfélagslegu hagsmuni, m.a. með því að koma í veg fyrir að kynfrumur verði nýttar í hagnaðarskyni og að tæknifrjóvgun verði beitt til að ná fram tilteknum eiginleikum hjá barni.

VIII. Ýmis álitamál.

1. Tæknisæðing með sæði eiginmanns eða sambýlismanns.

Við tæknisæðingu með sæði eiginmanns eða sambýlismanns koma ekki upp álitamál um réttarstöðu aðila þar sem barn það, sem getið er með þessum hætti, er líffræðilega barn parsins. Ástæða fyrir slíkri meðferð er einkum skert frjósemi annars aðilans. Þá er meðferðinni stundum beitt þegar engar skýringar finnast á barnleysi pars.

Líta verður svo á að tæknisæðing með sæði eiginmanns eða sambýlismanns sé almennt heimil án sérstakrar lagaheimildar.

2. Tæknisæðing með gjafasæði.

Við tæknisæðingu með gjafasæði koma upp álitamál er varða réttarstöðu barns, móður, eiginmanns eða sambúðarmanns hennar og sæðisgjafans. Meðferðinni fylgja og ýmis siðferðileg álitamál. Veigamestu rökin fyrir tæknisæðingu með gjafasæði eru þau að þannig er unnt að bæta úr barnleysi pars sem ekki getur eignast barn vegna ófrjósemi mannsins eða af öðrum ástæðum. Þarf ekki að orðlengja mikilvægi þess fyrir barnlaust fólk að hægt sé að veita því hjálp sem bætt getur úr barnleysi þess. Enn fremur hefur verið bent á að bann gegn meðferð þessari getur komið illa við þau börn sem þegar hafa fæðst hér á landi eftir slíka meðferð. Loks má benda á að bann gegn tæknisæðingu með gjafasæði yrði í raun haldlítið þar sem þeir sem fjárhagslegt bolmagn hefðu ættu greiðan aðgang að slíkri meðferð erlendis.

Rök gegn tæknisæðingu með gjafasæði eru hins vegar m.a. þau að barnið er ekki kynbarn eiginmanns eða sambýlismanns móður. Sú staðreynd getur orðið fólki erfið að horfast í augu við og skapað ýmsar tilfinningaflækjur í fjölskyldunni, þótt síðar verði. Hér vegur einnig þungt þörf barnsins til að þekkja uppruna sinn. Telja verður yfirgnæfandi líkur á að barn, sem getið er við tæknisæðingu með gjafasæði erlendis frá, eigi þess engan kost að afla sér vitneskju um kynföður. Sá möguleiki er þó fyrir hendi ef sæði er flutt inn frá sæðisbanka í landi þar sem ekki ríkir nafnleynd gagnvart sæðisgjafa, t.d. Svíþjóð. Enn fremur má benda á að sú hætta er til staðar, þótt lítil sé talin, að barn beri með sér arfgengan sjúkdóm frá kynföður. Fáar eða engar læknisfræðilegar og félagslegar rannsóknir hafa verið gerðar á börnum sem getin hafa verið með þessum hætti, enda erfitt um vik að framkvæma þær.

Eins og áður hefur verið vikið að eru nú í barnalögum ákvæði er tryggja faðerni barna sem getin eru við tæknisæðingu með gjafasæði.

3. Glasafrjóvgun.

Við glasafrjóvgun koma upp ýmis siðfræðileg álitamál. Er eðlilegt að grípa fram fyrir hendur náttúrunnar með þessum hætti? Hversu langt á að ganga varðandi heimild til notkunar gjafakynfrumna? Á að takmarka meðferðina við notkun kynfrumna parsins? Á að leyfa notkun gjafasæðis? Á að leyfa notkun gjafaeggfrumna? Á að leyfa gjöf fósturvísa?

Glasafrjóvgun hefur verið framkvæmd hér á landi frá árinu 1991. Fyrir þann tíma leituðu íslenskrar konur glasafrjóvgunarmeðferðar erlendis, aðallega í Englandi. Frá upphafi hefur meðferðin verið bundin við að kynfrumur parsins væru notaðar. Við setningu löggjafar um tæknifrjóvgun er því eðlilegt að glasafrjóvgun verði mælt heimil, að fullnægðum vissum skilyrðum og með ákveðnum takmörkunum.

Meginskilyrði glasafrjóvgunarmeðferðar hlýtur að vera að henni sé eingöngu beitt í þeim tilgangi að bæta úr barnleysi pars að uppfylltum tilteknum læknisfræðilegum skilyrðum. Læknir þarf því að vera ábyrgur fyrir meðferðinni og þar með því að velja par til meðferðar.

Annað skilyrði, sem telja verður að uppfylla þurfi, lýtur að aðbúnaði væntanlegs barns. Tryggja verður eins vel og kostur er að allar aðstæður séu barninu hagstæðar. Hér kemur til álita andleg og líkamleg heilsa væntanlegra foreldra og félagslegar aðstæður þeirra. Það er því hugsanlegt að á þessum forsendum þurfi að neita fólki um meðferð.

Til að tryggja að barn alist upp við hefðbundnar fjöskylduaðstæður með móður og föður þykir rétt að takmarka þessa meðferð við hjón eða sambýlisfólk sem búið hefur saman í a.m.k. þrjú ár í hjúskap eða óvígðri sambúð. Samkvæmt því mundu einhleypar konur og sambýliskonur ekki eiga aðgang að þessari meðferð.

Þá er lagt til að meginreglan verði sú að kynfrumur parsins verði notaðar við glasafrjóvgun. Þó er gert ráð fyrir að heimilt verði að nota gjafakynfrumur ef frjósemi annaðhvort karlsins eða konunnar er skert, annað þeirra haldið alvarlegum erfðasjúkdómi eða svo hagar að aðrar læknisfræðilegar ástæður mæla með notkun gjafakynfrumu. Skilyrðið verði þó ætíð að annað þeirra leggi til kynfrumur.

Rökin fyrir því að heimila bæði sæðisgjöf eða eggfrumugjöf við glasafrjóvgunarmeðferð eru einkum þau að mismuna ekki pörum eftir því hvort þess á við skerta frjósemi að stríða. Einnig kemur til að sá möguleiki er fyrir hendi að íslenskar konur sæki þessa meðferð til annarra landa þar sem hún er heimil.

Loks er gert ráð fyrir að fósturvísum megi eingöngu koma fyrir í legi þeirrar konu sem lagði til eggfrumur eða konu þess manns sem lagði til sæðisfrumurnar. Þannig er gert ráð fyrir að gjöf fósturvísa verði bönnuð.

Að framan var vikið að ákvæðum barnalaga um tæknifrjóvgun og feðrunarreglum í því sambandi. Með því að hugtakið tæknifrjóvgun er samheiti fyrir tæknisæðingu og glasafrjóvgun gilda þær feðrunarreglur hvort sem notuð er aðferð tæknisæðingar eða glasafrjóvgun.

Við eggfrumugjöf koma til álita reglur um ákvörðun móðernis. Erlendis hafa ekki, svo kunnugt sé, verið lögfestar móðernisreglur jafnvel þótt eggfrumugjöf sé heimil. Er þá á því byggt að sú almenna regla gildi að kona sem fæðir barn teljist ætíð móðir þess án tillits til uppruna eggfrumnanna.

Af því meginskilyrði að glasafrjóvgunarmeðferð skuli beitt til að bæta úr barnleysi leiðir að ekki ber að heimila þessa meðferð í vísindalegum tilgangi. Því ber að hafna slíkri meðferð á siðfræðilegum forsendum.

4. Er tæknifrjóvgunarmeðferð réttur einstaklings?

Ef ákveðið er að tæknifrjóvgun skuli heimil samkvæmt lögum kemur upp það álitaefni hvort meðferðin skuli vera réttur þeirra einstaklinga sem í hlut eiga og ef svo er ekki hvernig staðið skuli að ákvörðun um framkvæmd og þá hvaða kröfur beri að gera til þeirra einstaklinga er hlut eiga að máli.

Hafa ber í huga að einstaklingur á almennt ekki skilyrðislausan rétt á læknismeðferð eða innlögn ásjúkrahús. Nauðsyn læknismeðferðar eða innlagnar ásjúkrahús ákvarðast af lækni í ljósi ástands einstaklings. Í þessu sambandi ber einnig að líta til niðurröðunar forgangsverkefna innan heilbrigðisþjónustu, nýtingar sjúkrahúsa og þess að tæknifrjóvgunarmeðferð er ekki lífsnauðsynleg.

Eðlilegt er að skipa reglum þannig að réttur konunnar eða parsins víki fyrir þeim hagsmunum er varða uppeldisaðstæður barnsins og þjóðfélagslegri stjórnun þessara mála og að ákvörðun um hvort tæknifrjóvgun skuli fara fram verði endanlega tekin af til þess bærum aðila.

Í fljótu bragði mætti ætla að þversögn sé fólgin í því að gera kröfur til þeirra sem óska eftir að verða foreldrar við tæknifrjóvgun meðan engar kröfur eru gerðar til þeirra sem eignast barn með venjulegum hætti. Málið horfir hér þó á annan veg við þar sem gert er ráð fyrir að tæknifrjóvgun verði framkvæmd á heilbrigðisstofnun. Því er eðlilegt að barninu verði tryggð þroskavænleg uppeldiskjör eftir því sem unnt er. Er hér einkum litið til þess að barnið eigi kost á að alast upp í skjóli bæði móður og föður, við lagalega og félagslega trygg kjör og að öðru leyti heppilegar uppeldisaðstæður.

5. Hver tekur ákvörðun um að tæknifrjóvgun skuli heimiluð?

Af þeirri niðurstöðu að tæknifrjóvgun skuli ekki vera skilyrðislaus réttur einstaklingsins leiðir að nauðsynlegt er að fela einhverjum, einstaklingi, stofnun eða nefnd, að taka ákvörðun um það hvort meðferð skuli heimiluð. Koma hér einkum tveir möguleikar til álita, þ.e. að lögfesta núverandi framkvæmd um að matið skuli vera í höndum þeirra lækna sem annast meðferð eða í valdi fjölskipaðrar nefndar.

Ætla má að framkvæmd öll verði þyngri í vöfum ef ákvörðunarvald í þessum efnum verður fengið fjölskipaðri nefnd. Einnig má benda á að hér er um ákaflega persónuleg og viðkvæm mál að ræða sem rétt er að séu á fárra vitorði. Þó má e.t.v. ætla að nefnd hefði meiri möguleika til að velja hæfa foreldra.

Að athuguðu máli þykir rétt að viðhalda núverandi framkvæmd og fela læknum þeim er meðferð annast að taka hverja beiðni til athugunar og ákvörðunar um hvort meðferð verði reynd. Þó er rétt að setja ákveðnar reglur sem læknir hefur til viðmiðunar til viðbótar við læknisfræðileg skilyrði. Ákvörðunarvald læknis nær til tæknifrjóvgunar almennt og skiptir í því sambandi ekki máli hvaða meðferð verður beitt.

Þótt miðað sé við að læknir taki ákvörðun um það hvort tæknifrjóvgun fari fram þykir rétt að gera ráð fyrir að upp komi ágreiningur vegna synjunar. Er í því sambandi rétt að gera ráð fyrir sérstakri kærunefnd er fjalli um kærur.

6. Skilyrði tæknifrjóvgunarmeðferðar.

Í ljósi þess sem að framan er rakið um að einstaklingur eigi ekki rétt eða kröfu til að gangast undir tæknifrjóvgun þykir eðlilegt að lögfesta nokkur skilyrði fyrir meðferð til viðbótar læknisfræðilegum skilyrðum.

Meginskilyrði fyrir tæknifrjóvgun verður að aðrar aðgerðir til að sigrast á ófrjósemi hafi brugðist eða séu ekki tiltæknar. Við notkun gjafasæðis verði það skilyrði að maðurinn sé ófrjór eða haldinn alvarlegum erfðasjúkdómi eða að aðrar læknisfræðilegar ástæður mæli með notkun gjafasæðis. Til viðbótar hinum lögfestu skilyrðum verði settar nánari reglur um framkvæmd tæknifrjóvgunar.

Hin lögfestu skilyrði lúta einkum að því að tryggja hagsmuni barnsins. Skal nú vikið að þeim skilyrðum sem talið er nauðsynlegt að lögfesta:

1. Nauðsynlegt þykir að barn eigi þess kost að alast upp bæði með móður og föður. Einhleypar konur og samkynhneigðar verði þannig útilokaðar frá tæknifrjóvgunarmeðferð. Er það í samræmi við meginreglur sérfræðinganefndar Evrópuráðsins um tæknifrjóvgun þar sem gert er ráð fyrir að einungis gagnkynhneigð pör geti gengist undir tæknifrjóvgunarmeðferð.
2. Nauðsynlegt þykir að tryggja að samband verðandi foreldra byggi á traustum grunni. Því þykir rétt að ákveða að hjúskapur eða sambúð parsins hafi staðið a.m.k. þrjú ár samfellt áður en meðferð hefst.
3. Nauðsynlegt þykir að verðandi foreldrar séu að mati læknis við góða líkamlega og andlega heilsu og geti boðið barni góð uppvaxtarskilyrði. Við mat á þessum atriðum mundi læknir styðjast við upplýsingar og mat annarra sérfræðinga, svo sem geðlækna, sálfræðinga og félagsráðgjafa, svo og barnaverndaryfirvalda eftir atvikum.

Rétt þykir að settar verði reglur til viðmiðunar um aldur umsækjenda, bæði lágmarksaldur og hámarksaldur, en að þær reglur verði ekki lögfestar. Við setningu slíkra reglna væri rétt að hafa að nokkru hliðsjón af aldursmörkum er gilda við ættleiðingu barna. Verður þannig að telja eðlilegt að miða lágmarksaldur parsins við 25 ár þar sem ætla megi að viðkomandi hafi þá öðlast nauðsynlegan þroska til að gangast undir meðferð og ala upp barn. Hámarksaldur konu miðist við 42 ár, einkum með tilliti til þess að frjósemi hennar minnkar verulega með aldrinum, en mannsins við 50 ár. Reglum um hámarksaldur mannsins er ætlað að tryggja að barnið njóti föður í uppvextinum. Reglum um aldursmörk er ekki ætlað að binda hendur læknis heldur vera honum til leiðbeiningar við ákvörðun um hvort tæknifrjóvgun skuli heimiluð.

Til greina kemur að áskilja ákveðinn biðtíma frá því umsókn er lögð fram og þar til meðferð hefst. Verður slík regla ekki talin nauðsynleg þar sem viðkomandi læknir hefur í hendi sér að fresta meðferð ef hann telur þess þörf.

Rétt þykir að setja það skilyrði fyrir því að meðferð megi hefjast að fyrir liggi umsókn konunnar og samþykki karlsins. Umsókn og samþykki þurfa að vera skrifleg og samþykki karlmannsins þarf að gefa skýrt til kynna, ef um tæknifrjóvgun með gjafasæði er að ræða, að hann geri sér grein fyrir því að hann beri allar lagalegar skyldur kynföður gagnvart því barni sem til kann að verða. Nauðsynlegt er að setja nánari reglur um ráðgjöf til umsækjenda, um umsókn og samþykki mannsins, þar á meðal um afturköllun samþykkis.

7. Hvar má framkvæma meðferð?

Nauðsynlegt þykir að tæknifrjóvgun sé framkvæmd af lækni, sérfræðingi í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp, eða undir hans eftirliti og á hans ábyrgð.

Í ljósi þess hversu flókin tæknisæðingarmeðferð er orðin, sbr. það sem að framan er rakið, þykir nauðsynlegt að áskilja að hún fari fram á heilbrigðisstofnun og undir eftirliti sérfræðinga.

Ekki er síður mikilvægt að gera strangar kröfur um læknisfræðilega kunnáttu og tæknilegan útbúnað þeirra stofnana sem annast glasafrjóvgunarmeðferð. Það er þeim vel kunnugt sem að þessum málum starfa að barnlaus pör eru oft tilbúin til að kosta miklum fjármunum og fyrirhöfn til úrbóta. Því ber opinberum aðilum að koma í veg fyrir skottulækningastarfsemi á þessu sviði. Því er nauðsynlegt að glasafrjóvgun verði einnig eingöngu framkvæmd á heilbrigðisstofnun.

8. Hver velur kynfrumugjafa?

Við val á kynfrumugjafa koma einkum tveir möguleikar til greina. Í fyrsta lagi að umsækjendur eigi valið, annaðhvort einir eða í samráði við lækni, eða að valið sé hjá þeim lækni sem framkvæmir meðferðina.

Verði umsækjendum heimilt að velja kynfrumugjafa má telja líkur á að val þeirra beinist aðallega að því að fá fram sérstaka eiginleika hjá barni eða að því að ákveðinn einstaklingur, t.d. náinn ættingi parsins, leggi til kynfrumu. Báðar þessar ástæður fyrir vali umsækjanda ákynfrumugjafa verður að telja óæskilegar. Sú fyrri er óæskileg af þeim sökum að þar væri í raun um að ræða eins konar kynbótaræktun sem útiloka ber af siðfræðilegum ástæðum. Hina síðari ber að útiloka af þeim ástæðum að ætla má að staða barnsins í slíku fjölskyldumynstri gæti reynst því tilfinningalega erfið er fram liðu stundir og reyndar öllum þeim er málið snertir.

Eðlilegast telst því að val á kynfrumugjafa verði í höndum þess læknis sem annast meðferð enda skuli hann kosta kapps um að verða við óskum umsækjenda um að kynfrumugjafi sé í útliti sem líkastur foreldrinu, svo sem að því er varðar líkamsbyggingu, hæð, augna- og háralit og blóðflokk.

9. Nauðsynleg ráðgjöf.

Ákvörðun karls og konu um að leita eftir heimild til tæknifrjóvgunar er afdrifarík og líkur á að fjölmargar spurningar vakni hjá þeim sem hyggjast gangast undir slíka meðferð. Þá fylgir meðferðinni mikið sálrænt álag, ekki síst fyrir konuna.

Æskilegt er því að umsækjendur eigi kost á faglegri ráðgjöf á þeirri heilbrigðisstofnun þar sem tæknifrjóvgunin fer fram. Ráðgjöf verði í höndum sálfræðinga, félagsráðgjafa eða annarra sérfræðinga. Æskilegt er að ráðgjafar megi leita frá þeim tíma sem aðilar undirbúa umsókn um tæknifrjóvgun. Ráðgjafar þessarar mætti einnig leita síðar vegna vandamála er upp kunna að koma vegna tæknifrjóvgunar.

Rétt er að leggja áherslu á að ekki er rétt að skylda umsækjendur til að leita ráðgjafar; þeir eigi hins vegar kost á ráðgjöf ef þeir svo óska.

10. Um öflun kynfrumna og nafnleynd kynfrumugjafa.

Við öflun kynfrumna, sem ætlaðar eru til gjafar, verður að gera þrjár meginkröfur. Í fyrsta lagi verður að krefjast þess að gjafinn sé heilbrigður og ekki haldinn arfgengum sjúkdómum. Því er auk almennrar læknisskoðunar nauðsynlegt að gera erfðafræðilega könnun og litningarannsókn. Í öðru lagi þarf að koma í veg fyrir að smitsjúkdómar berist með kynfrumunum. Sýklaræktun og mótefnamæling þarf því að fara fram. Í þriðja lagi þarf væntanlegur gjafi að vera vel frjósamur en það er metið við sérstaka rannsókn. Aðeins um fimmtungur þeirra sem gefa sig fram til sæðisgjafar reynist nothæfur sæðisgjafi.

Fyrir fámenna þjóð eins og Íslendinga hefur það verið kostur að hafa notað innflutt sæði. Með því er hætta á skyldleika gjafa og þega hverfandi, sem og hætta á að vitneskja eða samband komist á, milli þessara aðila. Innflutningur sæðis er því áfram fýsilegur kostur, að því tilskildu að vinnslan fullnægi ströngustu kröfum og að um skyldar þjóðir sé að ræða með lítilli blöndun kynþátta.

Innflutningur eggfrumna er á hinn bóginn háður verulegum annmörkum þar sem frysting þeirra er enn tæknilega illframkvæmanleg. Gjafaeggfrumna mun því þurfa að afla innanlands. Því fylgja svipaðir annmarkar vegna fámennis og um notkun innlends gjafasæðis og líkur aukast á því að vitneskja eða samband geti komist á á milli aðila.

Heilbrigðisstofnanir, sem fá munu leyfi til að framkvæma glasafrjóvgunarmeðferð, verða því að gæta þess sérstaklega við eggfrumugjöf að nafnleynd verði virt.

Nauðsynlegt þykir að heimila geymslu sæðisfrumna þegar viðkomandi á á hættu að missa frjósemi sína vegna sjúkdóms eða vegna nauðsynlegrar meðferðar við sjúkdómi. Frumurnar skulu aðeins vera til afnota fyrir eigandann og skulu eyðilagðar að honum látnum.

Nafnleynd sæðisgjafa er viðkvæm og umdeild. Svipað á við um eggfrumugjafa. Eggfrumugjafir hafa ekki þekkst fram til síðustu ára en sæðisgjöf hefur viðgengist í talsverðum mæli um alllangt skeið. Börn, sem getin eru með gjafasæði í Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku á síðustu 20–30 árum, skipta tugum þúsunda.

Í flestum löndum eru reglur á þann veg að sæðisgjafa er tryggð nafnleynd, auk þess sem hann fær enga vitneskju um sæðisþega. Undantekningu frá þessari reglu er þó að finna í Svíþjóð þar sem barn, sem getið er með gjafasæði, á rétt á upplýsingum um gjafann þegar það hefur aldur og þroska til. Þar sem eggfrumugjöf hefur tíðkast hafa gilt hliðstæðar reglur um nafnleynd. Ekkert liggur fyrir um að það fyrirkomulag að viðhafa nafnleynd hafi gefist illa. Raunar er afar lítið um kannanir á þessum börnum eftir að þau hafa komist á legg, af skiljanlegum ástæðum. Svo virðist sem bæði foreldrar og börn hafi leitt hjá sér þá miklu umræðu sem orðið hefur um þessi mál í flestum löndum.

Sú skoðun hefur komið fram og vaxið fylgi á síðari árum að þessi börn hafi líkt og önnur börn náttúrulega þörf til að rekja og þekkja líffræðilegan uppruna sinn. Á þessari skoðun byggist krafan um að það skuli viðurkennt sem mannréttindi að fá vitneskju um líffræðilega foreldra. Hugmyndinni um að æskilegt sé að þekkja hinar líffræðilegu rætur sínar hefur lítt verið andmælt en þó hafa komið fram gagnrýnisraddir varðandi það að skapa óvissu meðal barna og eftirvæntingu sem síðan reynist erfitt að fullnægja.

Í meginreglum sérfræðinganefndar Evrópuráðsins um tæknifrjóvgun kemur fram að mannréttindasáttmáli Evrópu verður ekki túlkaður svo að hann styðji þessa kröfu en hann hafni henni ekki heldur.

Ekki verður talið tímabært að setja í lög ákvæði er tryggi börnum, sem getin eru með gjafakynfrumum, rétt til vitneskju um líffræðilegt faðerni eða móðerni.

11. Geymsla kynfrumna og fósturvísa.

Rétt þykir að lögfestar verði nokkrar reglur um geymslu kynfrumna og fósturvísa. Enn eru þó tæknilegir annmarkar á geymslu eggfrumna.

Eðlilegt er að leyfa geymslu kynfrumna ef tilgangur geymslunnar er síðari eigin notkun, notkun í rannsóknarskyni eða gjöf kynfrumna til notkunar við tæknifrjóvgun.

Þá þykir rétt að leyfa geymslu fósturvísa ef tilgangur þeirrar geymslu er að koma þeim fyrir síðar í sömu konu og lagði eggfrumurnar til eða eiginkonu eða sambýliskonu þess karls sem lagði til sæðisfrumurnar. Geymslu fósturvísa í öðrum tilgangi þykir rétt að banna.

Nauðsynlegt þykir að settar verði reglur um hámarksgeymslutíma kynfrumna og fósturvísa. Vegna örra framfara á þessu sviði þykir rétt að hámarksgeymslutíminn verði ákveðinn með reglugerð sem á hverjum tíma verði sett í samræmi við bestu læknisfræðilega þekkingu.

Gert er ráð fyrir að að geymslutíma liðnum verði skylt að eyða bæði kynfrumum og fósturvísum. Við andlát eiganda kynfrumna skal eyða þeim nema tilgangur geymslunnar hafi verið kynfrumugjöf til notkunar við tæknifrjóvgun. Við skilnað þeirra sem lögðu til kynfrumur í fósturvísa skal eyða fósturvísunum þó svo að geymslutími sé ekki lið-

inn. Sama gildir við andlát annars þeirra, nema þegar tilgangur kynfrumugjafar var notkun við tæknifrjóvgun.

12. Rannsóknir á fósturvísum.

Vandasöm siðfræðileg álitaefni koma upp í tengslum við hvort og þá hvaða rannsóknir megi framkvæma á fósturvísum. Reynslan sýnir að það virðist nánast allt vera mögulegt í þessu sambandi.

Nauðsynlegt þykir að gera ráð fyrir lagaákvæðum um rannsóknir á fósturvísum og að byggt verði á þeirri grundvallarreglu að hvorki skuli heimilt að framkvæma rannsóknir eða tilraunir á fósturvísum, né heldur neins konar aðgerðir á þeim. Frá þessari meginreglu þykir þó eðlilegt að leyfa undantekningar ef rannsóknin miðar að velferð fósturvísisins sjálfs eða hún skaðar hann ekki á nokkurn hátt. Þá þykir einnig verjandi að leyfa tilteknar rannsóknir á fósturvísum sem fyrirsjáanlega eru ekki lífvænlegir. Slíkar rannsóknir skulu þá miða að framförum í ófrjósemislækningum eða vera ætlaðar til aukins skilnings á fósturlátum og meðfæddum sjúkdómum.

Þá þykir rétt að banna vissar aðferðir við rannsókn. Er þar um að ræða ræktun og framleiðslu fósturvísa eingöngu í þeim tilgangi að gera á þeim rannsóknir og ræktun fósturvísa lengur en 14 daga utan líkamans eða eftir að frumrákin (primary streak) kemur fram. Með frumrák er þá átt við það er fyrsti vottur að sjálfu fóstrinu í hinu frjóvgaða eggi kemur fram þegar það er um það bil 14 daga gamalt. Þá þykir og rétt að banna það að koma mannlegum fósturvísum fyrir í dýrum og að framkvæma einræktun (cloning).

Vandasamt er að setja í lög ákvæði um heimildir og bönn á þessu sviði, m.a. vegna þess að nýjungar eru oftar en ekki ófyrirséðar. Er þá æskilegt að gert sé ráð fyrir stýringu í þessum efnum með reglugerð.

Að því er varðar allar læknisfræðilegar rannsóknir á mönnum, mennskum vef og frumum ber að hafa í huga að þær eru háðar eftirliti og samþykki fleiri aðila, svo sem yfirmanns stofnunar sem framkvæmir rannsókn, fjármagnandi aðila (vísindasjóða eða spítalastjórna), siðanefndar spítala og ekki síst hlutaðeigandi einstaklinga. Er sjálfsagt og eðlilegt að þessar almennu reglur um rannsóknarleyfi í hverju einstöku tilviki gildi einnig um rannsóknir á fósturvísum.

Ekki er talin þörf á að settar verði sérstakar reglur um rannsóknir á kynfrumum, þ.e. eggfrumum eða sæðisfrumum. Er þá gert ráð fyrir að um þær gildi almennar reglur um læknisfræðilegar rannsóknir.

13. Staðgöngumæðrun.

Með staðgöngumæðrun er átt við þegar tæknifrjóvgun er framkvæmd á konu sem hyggst ganga með barn fyrir aðra konu og láta það af hendi til hennar strax eftir fæðingu. Við staðgöngumæðrun er fósturvísum með kynfrumum parsins sem ætlar að fá barnið að fæðingu lokinni ýmist komið fyrir í staðgöngumóður eða staðgöngumóðirin leggur til eigin eggfrumu en sæðisfrumur koma frá eiginmanni eða sambýlismanni konunnar sem á að fá barnið eftir fæðingu.

Margvísleg siðfræðileg álitamál koma upp við staðgöngumæðrun. Aðalálitaefnið er móðerni barnsins, einkum í þeim tilvikum þegar fósturvísum með kynfrumum parsins sem fá á barnið eftir fæðingu er komið fyrir í staðgöngumóðurinni.

Í meginreglum sérfræðinganefndar Evrópuráðsins um tæknifrjóvgun er gert ráð fyrir að kona sem fæðir barn skuli ætíð teljast móðir þess, án tillits til uppruna eggfrumnanna.

Rétt þykir að leggja til að staðgöngumæðrun verði óheimil.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Rétt þykir að skilgreina þau hugtök sem mest eru notuð í frumvarpinu.

Merking hugtaksins tæknifrjóvgun var nokkuð á reiki framan af. Orðið var ýmist notað um getnað í framhaldi af tæknisæðingu eða glasafrjóvgun. Á síðari árum hefur orðið á hinn bóginn fest í sessi sem samheiti yfir getnað í framhaldi af tæknisæðingu eða glasafrjóvgun. Er því lagt til að hugtakið verið notað sem samheiti yfir þessar tvær aðferðir við getnað.

Hugtakið tæknisæðing merkir aðgerð þegar sæði er komið fyrir í eða nærri kynfærum konu á annan hátt en með samförum.

Hugtakið glasafrjóvgun er notað um þá aðgerð þegar eggfruma, sem numin hefur verið úr líkama konu, er frjóvguð með sæðisfrumu utan líkamans.

Með hugtakinu kynfrumur er átt við annars vegar eggfrumur og hins vegar sæðisfrumur.

Hugtakið fósturvísir merkir frjóvgað egg á öllum þroskastigum þess, allt frá því að það er frjóvgað og þar til það kemst á fósturstig er það verður þriggja mánaða gamalt.

Með hugtakinu gjafi er átt við einstakling sem leggur öðrum til sæðisfrumur.

Með hugtakinu staðgöngumæðrun er átt við það þegar tæknifrjóvgun er gerð á konu sem hyggst ganga með barn fyrir aðra konu og hefur fallist á það fyrir meðgönguna að láta barnið af hendi strax eftir fæðingu.

Um 2. gr.

Tæknifrjóvgun er nú eingöngu framkvæmd á kvennadeild Landspítalans. Eðlilegt þykir að áskilja að þessi meðferð verði eingöngu veitt á heilbrigðisstofnun sem fengið hefur til þess leyfi og undir eftirliti sérfræðinga íkvensjúkdómum og fæðingarhjálp. Það þýðir að þeir sem vilja setja á stofn starfsemi af þessu tagi verða að fá til þess sérstakt leyfi auk almenns leyfis í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu.

Gert er ráð fyrir að um greiðslu fyrir tæknifrjóvgun gildi reglur sem settar verða með reglugerð á hverjum tíma með stoð í almannatryggingalögum, enda verði aðgerðin ekki framkvæmd á einkastofnun sem aflað hefur tilskilinna leyfa. Í þeim tilvikum yrði greiðslan í samræmi við gjaldskrá stofnunarinnar sjálfrar.

Um 3. gr.

Eðlilegt þykir að setja ýmis skilyrði fyrir tæknifrjóvgunarmeðferð, og er það í samræmi við það sem gert hefur verið við setningu löggjafar um tæknifrjóvgun í helstu nágrannalöndum okkar og þá framkvæmd sem hefur tíðkast eftir að meðferðin hófst hér á landi. Skilyrði þessi snúa að karli þeim og konu sem óska eftir tæknifrjóvgunarmeðferð og hafa þau það að markmiði að tryggja eftir því sem kostur er hagsmuni barns þess sem mun fæðast eftir getnað með tæknifrjóvgun.

Í fyrsta lagi þykir rétt að setja skilyrði um að eingöngu gagnkynhneigð pör eigi aðgang að þessari meðferð. Byggist það á því viðhorfi að barn eigi að eiga þess kost að alast upp bæði með móður og föður.

Í öðru lagi þykir eðlilegt að setja skilyrði um aldur parsins, hvors um sig, og um lengd sambúðar þess. Gert er ráð fyrir að aldursmörkin verði ekki lögákveðin heldur verði kveðið á um það efni í reglugerð og verði við þá ákvörðun tekið mið af velferð barns-

ins á uppvaxtarárum og sambærilegum reglum um aldursmörk við þær sem gilda við ættleiðingu. Nauðsynlegt er að samband parsins byggi á traustum grunni og því er það sett sem skilyrði að hjúskapurinn eða sambúðin hafi staðið a.m.k. í þrjú ár samfellt áður en meðferð hefst.

Í þriðja lagi þykir rétt að setja skilyrði um góða andlega og líkamlega heilsu parsins og að félagslegar aðstæður þess séu með þeim hætti að ætla megi að barninu verði boðin góð uppvaxtarskilyrði. Við mat á þessum atriðum þarf læknir að styðjast við upplýsingar og mat annarra sérfræðinga, svo sem geðlækna, sálfræðinga og félagsráðgjafa svo og barnaverndaryfirvalda, ef þörf krefur.

Í fjórða lagi þarf að liggja fyrir að aðrar aðgerðir til að sigrast á ófrjósemi hafi brugðist eða séu ekki tiltækar.

Loks þykir rétt að setja sem skilyrði að parið hafi samþykkt meðferðina skriflega og við votta að fengnum upplýsingum um aðgerðina og þau læknisfræðilegu og lögfræðilegu áhrif sem hún kann að hafa. Við setningu þessa skilyrðis eru ítrekuð skilyrði barnalaga um samþykki við tæknifrjóvgun með gjafasæði. Gert er ráð fyrir að samþykki þetta verði skriflegt á þar til gerðu eyðublaði.

Gert er ráð fyrir að læknir taki ákvörðun um meðferð. Þá er lagt til að synjun megi kæra til landlæknis sem sendi kæruna tafarlaust til meðferðar þriggja manna nefndar sem ráðherra skipar. Í nefndinni verði þrír menn og þrír til vara, læknir, lögfræðingur og félagsráðgjafi. Ákvörðun nefndarinnar verði endanleg.

Með þessu eru sett sömu skilyrði fyrir allri tæknifrjóvgunarmeðferð, án tillits til þess hvort gjafakynfrumur eru notaðar eða ekki.

Um 4. gr.

Nauðsynlegt þykir að tryggja að nafnleynd ríki milli gefenda kynfrumna og þiggjenda og er það í samræmi við reglur í öllum nágrannalöndum okkar ef Svíþjóð er undanskilin. Með nafnleynd er átt við að persónulegar upplýsingar um gefanda eða þiggjanda eru ekki veittar, svo sem nafn eða önnur deili sem vísað geta á hlutaðeigandi. Á hinn bóginn er heimilt að veita þiggjendum upplýsingar um útlitseinkenni gefanda, svo sem hæð, líkamsbyggingu og háralit. Rétt þykir að setja skilyrði um að læknir velji viðeigandi kynfrumugjafa. Þess skal gætt, sé þess kostur, að velja kynfrumugjafa með einkenni sem líkust útlitseinkennum verðandi foreldris.

Um 5. gr.

Ástæða þykir til að fjalla sérstaklega um tæknisæðingu með gjafasæði. Um tæknisæðingu með sæði eiginmanns eða sambýlismanns gilda á hinn bóginn eingöngu hin almennu ákvæði 3. gr.

Gert er ráð fyrir að tæknisæðingu með gjafasæði megi því aðeins framkvæma að frjósemi eiginmanns eða sambýlismanns sé skert, hann haldinn alvarlegum erfðasjúkdómi eða aðrar læknisfræðilegar ástæður mæli með notkun gjafasæðis, svo sem misræmi í ónæmisþáttum milli hjónanna eða lömun karlmannsins.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir að við glasafrjóvgunarmeðferð verði meginreglan sú að kynfrumur parsins séu notaðar. Í undantekningartilvikum þykir þó rétt að heimila notkun gjafakynfrumna við glasafrjóvgun. Þessi undantekningartilvik eru hin sömu og eiga við um tæknisæðingu með gjafasæði, sbr. 5. gr., þ.e. þegar frjósemi karlsins eða konunnar er skert,

annað þeirra haldið alvarlegum efðasjúkdómi eða aðrar læknisfræðilegar ástæður mæla með notkun gjafakynfruma.

Þó svo að notkun gjafakynfrumna verði heimil þykir rétt að setja það skilyrði að gjöf fósturvísa verði bönnuð. Það þýðir að nota verður kynfrumur frá karlinum eða konunni. Rétt þykir þó að taka það skýrt fram í lagatextanum að gjöf fósturvísa skuli bönnuð.

Bann við gjöf fósturvísa hefur það og í för með sér að staðgöngumæðrun verður óheimil. Engu að síður þykir rétt að ítreka það bann með beinu lagaákvæði.

Um 7. gr.

Þar sem lagt er til að notkun gjafakynfrumna verði heimiluð við tæknifrjóvgunarmeðferð er nauðsynlegt að setja reglur um geymslu gjafakynfrumna og fósturvísa. Í greininni er sett það skilyrði að einungis megi geyma gjafakynfrumur og fósturvísa á heilbrigðisstofnun sem fengið hefur sérstakt leyfi skv. 2. gr.

Um 8. gr.

Nauðsynlegt þykir að setja ákveðnar reglur um hvenær geyma megi gjafakynfrumur. Hér er gert ráð fyrir að geymsla þessara frumna verði heimil þegar tilgangurinn er eitt af þrennu, síðari eigin notkun, gjöf í rannsóknarskyni eða gjöf vegna tæknifrjóvgunar.

Í greininni eru síðan sett nánari skilyrði um skriflegt samþykki gjafa fyrir geymslunni í samræmi við tilgang hennar. Gert er ráð fyrir að sérstök eyðublöð verði útbúin vegna þessa. Samþykkið skal þó ekki gefið fyrr en gjafanum hafa verið veittar upplýsingar um áhrif geymslunnar á kynfrumur og fósturvísa og hin almennu skilyrði sem sett verða fyrir geymslu kynfrumna.

Um 9. gr.

Nauðsynlegt þykir að setja reglur um geymslu fósturvísa. Geymsla fósturvísa skal einungis heimil í þeim tilgangi að koma þeim fyrir í konu þeirri sem lagði eggfrumurnar til eða eiginkonu eða sambýliskonu þess karlmanns sem lagði sæðisfrumurnar til. Geymsla fósturvísa í öðrum tilgangi verði óheimil og er það í samræmi við bann 6. gr. við gjöf á fósturvísum. Gert er ráð fyrir að karlmaður sá og kona, sem lögðu kynfrumurnar til, veiti skriflegt samþykki fyrir geymslunni, enda hafi þeim verið veittar upplýsingar um áhrif geymslunnar á fósturvísinn og hin almennu skilyrði sem sett verða fyrir geymslu fósturvísa.

Lagt er til að fósturvísa megi aldrei nota nema í samræmi við samþykktan tilgang geymslunnar.

Um 10. gr.

Hér er sagt fyrir um með hvaða hætti hámarksgeymslutími kynfrumna og fósturvísa skuli ákveðinn. Rétt þykir að það verði ákveðið með reglugerð í samræmi við bestu læknisfræðilega þekkingu á hverjum tíma. Að hámarksgeymslutíma liðnum verði ónotuðum kynfrumum og fósturvísum eytt.

Þó svo að hámarksgeymslutími kynfrumna verði ekki liðinn er gert ráð fyrir að ónotuðum frumum verði eytt ef sá sem lagði þær til andast, nema tilgangur geymslunnar hafi verið gjöf kynfrumna til notkunar við tæknifrjóvgun. Þá er gert ráð fyrir að ef hámarksgeymslutími fósturvísa er ekki liðinn skuli þeim eytt ef karlmaður sá og kona, sem lögðu kynfrumurnar til, slíta hjúskap eða sambúð. Sama gildi ef annað þeirra andast nema tilgangur geymslunnar hafi verið gjöf kynfrumna til notkunar við tæknifrjóvgun.

Um 11. gr.

Hér eru sett fram skilyrði fyrir rannsóknum á fósturvísum. Meginreglan skal vera sú að hvers konar rannsóknir, tilraunir og aðgerðir á fósturvísum skuli vera óheimilar. Þó þykir rétt að heimila rannsóknir áfósturvísum ef þær eru liður í glasafrjóvgunarmeðferð, miða að framförum í meðferð vegna ófrjósemi, þær eru ætlaðar til aukins skilnings á orsökum meðfæddra sjúkdóma og fósturláta eða þeim er ætlað að greina arfgenga sjúkdóma í fósturvísunum sjálfum.

Um 12. gr.

Lagt er til að bannað verði að rækta eða framleiða fósturvísa eingöngu í þeim tilgangi að gera á þeim rannsóknir, að rækta fósturvísa lengur en í 14 daga utan líkamans eða eftir að frumrákin (primary streak) kemur fram, að koma mannlegum fósturvísum fyrir í dýrum og að framkvæma einræktun (cloning).

Er þetta í samræmi við meginreglur sérfræðinganefndar Evrópuráðsins um tæknifrjóvgun og löggjöf helstu nágrannalanda okkar.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Hér eru sett ákvæði um refsingu við brotum gegn ákvæðum laganna. Þá þykir rétt að lögfesta að hlutdeild sé einnig refsiverð.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um tæknifrjóvgun.

Í frumvarpinu eru settar fram tillögur um lagaramma fyrir tæknifrjóvganir en tæknisæðing hefur verið gerð hér á landi frá árinu 1980 og glasafrjóvganir frá árinu 1991. Frumvarpið tekur á réttaráhrifum tæknifrjóvgunar og skilgreinir réttarstöðu aðila og á hvaða sviðum rannsóknir og tilraunir á fósturvísum skuli vera óheimilar. Frumvarpið á því ekki að hafa áhrif á kostnað ríkissjóðs eða á umfang slíkra aðgerða miðað við það sem nú er.

Samkvæmt upplýsingum frá ríkisspítölum var heildarrekstrarkostnaður af glasafrjóvgunardeild 32 m.kr. árið 1994. Ef ákveðið verður að gera aðgerðir þar sem fram fer eggfrumugjöf verður viðbótarkostnaður einkum lyfjakostnaður og óhjákvæmilega verður kostnaður hjá eggfrumugjafa. Ekki er gert ráð fyrir að samband verði á milli eggþega og eggfrumugjafa fremur en við sæðisgjöf. Ef krafist yrði greiðslu við kynfrumugjöf er

hægt að innheimta þann kostnað hjá kynfrumuþega, með milligöngu glasafrjóvgunardeildar.

185. Frumvarp til laga [155. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Avery, Martin Harris, sjómaður í Vestmannaeyjum, f. 9. desember 1959 í Ástralíu.
2. Balfour, Janice Margaret, nemi í Reykjavík, f. 29. mars 1950 í Englandi.
3. Bambir, Slavko, dýralæknir í Hafnarfirði, f. 1. september 1939 í Júgóslavíu.
4. Billington, Helen Rachel, fiskvinnslukona á Hellissandi, f. 19. mars 1968 í Englandi.
5. Breiðaskarð, Poul Jacob, sjómaður á Ísafirði, f. 23. október 1947 í Færeyjum.
6. Buangsruang, Duangsiri, verkakona í Reykjavík, f. 30. maí 1964 í Tælandi.
7. Camilleri, Nicole Bernadette, húsmóðir í Hafnarfirði, f. 24. október 1954 í Túnis.
8. Dao Kinh Hoang, ellilífeyrisþegi í Reykjavík, f. 2. febrúar 1926 í Víetnam.
9. Duc Bien Vu, lagermaður í Reykjavík, f. 26. mars 1970 í Víetnam.
10. Espiritu, Marivic, fiskvinnslukona í Reykjavík, f. 11. desember 1965 á Filippseyjum.
11. Gopalpur, Chandrika, veitingakona í Reykjavík, f. 3. desember 1963 á Indlandi.
12. Hadid, Fedaa, húsmóðir í Reykjavík, f. 22. febrúar 1958 í Sýrlandi.
13. Hassan, Hosni Mahrous, verkamaður í Reykjavík, f. 25. október 1952 í Egyptalandi.
14. Hood, Brooks Arther, verslunarmaður á Höfn, f. 13. mars 1968 í Bandaríkjunum.
15. Jensen, Rigmor, húsmóðir á Höfn, f. 8. apríl 1965 í Reykjavík.
16. Mendoza, Lucita Escalicas, verkakona í Reykjavík, f. 31. desember 1941 á Filippseyjum.
17. Nilsen, Jocelyn Ereno, verkakona í Keflavík, f. 11. september 1963 á Filippseyjum.
18. Obas, Angelita, fiskverkakona í Kópavogi, f. 16. febrúar 1954 á Filippseyjum.
19. Oyod, Mariena Siroy, húsmóðir í Keflavík, f. 1. október 1952 á Filippseyjum.
20. Penning, Derek, tölvunarfræðingur í Reykjavík, f. 24. september 1956 í Englandi.
21. Phu Minh Nguyen, hjálpartækjasmiður í Reykjavík, f. 22. nóvember 1960 í Víetnam.
22. Ralston, Carrie Christine, nemi í Mosfellsbæ, f. 19. desember 1969 í Bandaríkjunum.
23. Rastrick, John Stephen, kerfisfræðingur í Reykjavík, f. 22. mars 1941 í Englandi.
24. Rodriguez, Elena, fiskverkakona í Kópavogi, f. 22. maí 1951 á Filippseyjum.
25. Rotruamsin, Chuanchom, þerna í Reykjavík, f. 1. maí 1954 í Tælandi.
26. Siivonen, Elena Konstantinova, húsmóðir í Hafnarfirði, f. 26. febrúar 1958 í Rússlandi.
27. Skowronski, Guðrún Helga, nemi í Reykjavík, f. 12. ágúst 1975 í Reykjavík.
28. Solórzano, José Luis Garcia, starfsmaður á veitingahúsi í Reykjavík, f. 3. nóvember 1961 í Hondúras.
29. Thi Dinh Vu, húsmóðir í Reykjavík, f. 22. júlí 1969 í Víetnam.
30. Thi Dung Vu, iðnverkakona í Reykjavík, f. 16. janúar 1968 í Víetnam.

31. Thi Khuyen Vu, húsmóðir í Reykjavík, f. 13. ágúst 1963 í Víetnam.
32. Thi Luan Vu, verslunarmaður í Reykjavík, f. 2. ágúst 1966 í Víetnam.
33. Thi Tien Vu, húsmóðir í Reykjavík, f. 10. nóvember 1966 í Víetnam.
34. Thi Ngon Nguyen, húsmóðir í Reykjavík, f. 1. janúar 1931 í Víetnam.
35. Thi Viet Le, iðnverkakona í Kópavogi, f. 1. september 1962 í Víetnam.
36. Thi Xuan Hoang, iðnverkakona í Reykjavík, f. 4. júní 1956 í Víetnam.
37. Tich Du, verkamaður í Reykjavík, f. 29. mars 1927 í Kína.
38. Van Bot Vu, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 4. janúar 1954 í Víetnam.
39. Van Khang Hoang, verslunarmaður í Reykjavík, f. 21. nóvember 1958 í Víetnam.
40. Van Son Luo, verkamaður í Reykjavík, f. 5. apríl 1964 í Víetnam.
41. Van Thiep Pham, starfsmaður á veitingahúsi í Kópavogi, f. 11. október 1958 í Víetnam.
42. Van Tuong Vu, ellilífeyrisþegi í Reykjavík, f. 1. janúar 1925 í Víetnam.
43. Van Yeu Tran, starfsmaður á veitingahúsi í Reykjavík, f. 5. maí 1962 í Víetnam.
44. Valiente, Merlie Tagalog, fiskvinnslukona í Keflavík, f. 29. apríl 1965 á Filippseyjum.
45. Washington, Örn Jakup Dam, nemi í Reykjavík, f. 13. maí 1980 í Reykjavík.

2. gr.

Þeir sem heita nöfnum sem ekki fullnægja reglum laga um mannanöfn, nr. 37 27. mars 1991, skulu ekki öðlast íslenskt ríkisfang samkvæmt lögum þessum fyrr en fullnægt er ákvæðum 15. gr. laga um mannanöfn. Sama gildir um börn þeirra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið í lagafrumvarp þetta, fullnægja skilyrðum samkvæmt reglum Alþingis um veitingu ríkisborgararéttar sem settar voru af allsherjarnefnd Alþingis 21. febrúar 1995.

Frumvarp þetta er fyrsta frumvarp til laga um veitingu ríkisborgararéttar sem borið er fram á 120. löggjafarþingi.

186. Tillaga til þingsályktunar [156. mál]

um stefnumótun í löggæslu.

Flm.: Ólafur Örn Haraldsson, Hjálmar Árnason, Ísólfur Gylfi Pálmason.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að leggja fram á þessu þingi frumvörp að að samræmdri löggjöf um ávana- og fíkniefni sem byggð verði á tillögum samstarfsnefndar ráðuneytanna frá því í mars 1995.

Greinargerð.

Neysla fíkniefna virðist vaxandi vandamál í íslensku samfélagi. Sama þróun á sér stað í nágrannalöndum okkar. Sökum fámennis og landfræðilegrar legu hefur Ísland nokkra

sérstöðu þar sem möguleikar til varnar virðast meiri en meðal fjölmennra þjóða á meginlandi Evrópu. Þrátt fyrir þessar staðreyndir hefur fíkniefnavandinn aukist jafnt og þétt. Segja má að vilji stjórnvalda til að bregðast við vandanum sé takmarkaður í verki, a.m.k. ef höfð er í huga skipan mála nú. Forvarnir eru litlar, eftirlit takmarkað og fáliðaðri sveit löggæslumanna er ætlað að vinna verkið.

Stjórnvöld sjá beinan tilgang í umferðarfræðslu sem er skipulögð og skilvirk enda mikið í húfi bæði fyrir almenna borgara og tryggingafélög að umferðarslysum verði fækkað og þar með dregið úr eignatjóni af þeim. Nákvæmlega sömu forsendur gilda um miskunnarlausan heim fíkniefna en forvarnir eru þó litlar sem engar. Alþingismenn eru örugglega allir á einu máli um að fordæma sölu og notkun fíkniefna. Þrátt fyrir það hefur ekki tekist að stemma stigu við þeim vanda. Líklega má rekja það m.a. til þess að ekki hefur verið unnið að formlegri stefnumótun af hálfu löggjafarvaldsins í þessum málum. Markmiðssetning hlýtur að vera fyrsta skrefið í átt til raunhæfra aðgerða en fjárveitingar og aðgerðir verða að fylgja í kjölfarið.

Hafa verður marga þætti í huga við athugun þessara mála. Í fyrsta lagi er eðlilegt að skilgreina hvernig megi á kerfisbundinn hátt efla fræðslu um hættur af fíkniefnaneyslu. Í því sambandi má benda á skilvirka fræðslu innan skólakerfisins, en hún er lítil sem engin innan framhaldsskólanna þar sem áhættuhópurinn er óneitanlega stór. Þá þykir rétt að benda á þátt foreldra, einkum hvað varðar það að þeir haldi vöku sinni gagnvart eigin börnum en margir foreldrar vilja ekki viðurkenna að vágesturinn geti knúið dyra hjá þeirra börnum. Bein og stöðug fræðsla til foreldra um einkenni fíkniefnaneyslu hlýtur því að vera mikilvægur þáttur. Einnig má benda á þá leið að virkja unglingana sjálfa þannig að þeir myndi fræðsluhópa og taki upp samstarf við fíkniefnalögreglu. Fjármunum, sem veittir eru til almennrar fræðslu á þessu sviði, hlýtur að vera vel varið og er það sennilega besta leiðin til að spilla markaði fyrir óprúttnum eitulyfjasölum.

Í öðru lagi má nefna að skipuleggja þarf kerfisbundið skilvirkt eftirlit með innflutningi í öllum höfnum landsins. Íslendingar eiga auðveldara með að snúast til varnar á þessu sviði en aðrar þjóðir þar sem aðgangur að landinu er einungis um flug- eða skipahafnir. Ekki þarf eftirlit við landamæri. Nú er kerfisbundin fíkniefnaleit ekki framkvæmd á landinu öllu. Sem dæmi má nefna að enginn leitarhundur er á Seyðisfirði þar sem þúsundir ferðamanna koma árlega með Norrænu. Svipað má segja um aðrar hafnir á landsbyggðinni.

Í þriðja lagi þarf að efla löggæslu þannig að lögreglunni verði gert kleift að vinna gegn sölu, dreifingu og neyslu fíkniefna. Vitað er að miklir fjármunir eru í húfi og því leita söluaðilar allra leiða til að halda starfsemi sinni leyndri. Í Reykjavík starfa 14 lögreglumenn sem hafa fíkniefnamál sem sérsvið. Annars staðar er sá þáttur gæslunnar „aukabúgrein". Fjárveitingar til þessara mála hafa verið mjög af skornum skammti, hugsanlega vegna þess að stefnumörkun hefur vantað, og er umhugsunarvert að ekkert skipulegt samstarf er milli þeirra stofnana sem með beinum eða óbeinum hætti fást við mál varðandi sölu fíkniefna og notkun. Rekja má mörg auðgunar- og árásarmál til fíkniefnaneytenda en samstarf fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík og Rannsóknarlögreglu ríkisins er lítið. Tvær deildir eða tvö embætti kunna þannig að vera að vinna að málum sömu einstaklinga án þess að starfa saman. Ljóst má vera að einhverjir hafa verulegar tekjur af sölu fíkniefna. Ekki þykir því óeðlilegt að fíkniefnalögregla taki upp samstarf við skattayfirvöld við rannsókn mála. Sama má segja um almenna tollgæslu. Á þessum sviðum virðist framkvæmdin líða fyrir stefnuleysi stjórnvalda, sem og fjársvelti.

Í fjórða lagi er mælt með því að viðurlög verði hert gagnvart þeim sem stunda dreifingu og sölu fíkniefna, sbr. þingsályktunartillögu Arnþrúðar Karlsdóttur á þessu þingi (62. mál).

Í mars 1995 skilaði samstarfsnefnd ráðuneyta tillögum um þetta efni. Flutningsmenn taka undir tillögur nefndarinnar en telja þó að ganga mætti lengra í því skyni að uppræta þann vágest sem ávana- og fíkniefni eru.

Þingsályktunartillaga þessi gerir ráð fyrir að dómsmálaráðherra leggi á starfandi þingi fram frumvörp til laga er byggi á framangreindum forsendum.

187. Tillaga til þingsályktunar [157. mál]

um stefnumótun er varðar aukið umferðaröryggi og framkvæmdaáætlun.

(Lögð fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

Alþingi ályktar að á næstu sex árum, eða fyrir lok ársins 2000, skuli stefnt að fækkun alvarlegra umferðarslysa um 20% miðað við meðaltal áranna 1982–92. Þessu takmarki verði náð með sameiginlegu átaki ríkis, sveitarfélaga, vátryggingafélaga og áhugahópa um umferðaröryggismál. Opinberir aðilar og fyrirtæki sem starfa að umferðaröryggismálum og sveitarfélög með fleiri íbúa en 1.000 skili til dómsmálaráðuneytisins framkvæmdaáætlun eða tillögum er leiði til aukins umferðaröryggis. Dómsmálaráðherra kynni Alþingi í byrjun hvers árs stöðu umferðaröryggismála og hvernig áætluninni miðar í átt að settu marki. Starfs- og framkvæmdaáætlun verði endurskoðuð árlega.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Tillaga til þingsályktunar um stefnumótun er varðar aukið umferðaröryggi og framkvæmdaáætlun var lögð fyrir 118. löggjafarþing en hlaut þá eigi afgreiðslu. Tillagan er nú endurflutt óbreytt.

Ríkisstjórnin samþykkti 25. nóvember 1994 stefnumörkun í umferðaröryggismálum þar sem stefnt skyldi að verulegri fækkun alvarlegra umferðarslysa fyrir lok ársins 2000. Í samræmi við samþykkt ríkisstjórnar var skipuð nefnd 21. desember 1994 til að gera tillögur að umferðaröryggisáætlun sem yrði tilbúin 15. janúar 1995.

Í nefndina voru skipuð: Lára Margrét Ragnarsdóttir alþingismaður, formaður, Brynjólfur Mogensen yfirlæknir, Jón Birgir Jónsson ráðuneytisstjóri, Margrét Sæmundsdóttir, formaður umferðarnefndar Reykjavíkur, og Steingrímur J. Sigfússon alþingismaður. Með nefndinni störfuðu Þórhallur Ólafsson, tæknifræðingur hjá Vegagerðinni og formaður Umferðarráðs, og dr. Haraldur Sigþórsson, deildarverkfræðingur hjá borgarverkfræðingi.

Nefndin skilaði tillögum sínum með skýrslu 27. janúar 1995. Eins og sjá má í heimildaskrá hennar var víða leitað fanga og voru tillögur bornar saman við heimildir og reynslu annarra þjóða. Skýrslan verður vonandi kærkomið upplýsingarit um umferðaröryggismál og gefur gott yfirlit yfir aðgerðir í umferðaröryggismálum. Er ánægjulegt til þess að vita að Ísland hefur nú bæst í hóp þeirra fjölmörgu ríkja sem gert hafa umferðaröryggisáætlun.

Áríðandi er að hafa í huga að áætlunin þarf stöðugt að vera í endurskoðun og því er mikilvægt að benda á að þeir sem hafa tillögur og athugasemdir við hana geta ávallt komið þeim til dómsmálaráðuneytisins eða til nefndar sem mun endurskoða skýrsluna. Því tré sem hér hefur verið gróðursett er sannarlega ætlað að styrkjast og dafna á kom-

andi missirum og árum, enda viðvarandi verkefni að draga úr þeim gríðarlega kostnaði sem samfélagið hefur af umferðarslysum. Mikil vinna hefur verið lögð í skýrsluna og þar er tekið á þáttum sem varða öll svið umferðar og varða alla sem þurfa að koma að þessu samræmda átaki.

Helstu niðurstöður nefndarinnar eru eftirfarandi:

1. Dómsmálaráðuneytið hefur yfirumsjón umferðaröryggismála. Dómsmálaráðherra skipi starfshóp til að fjalla um verkaskiptingu milli dómsmálaráðuneytis og samgönguráðuneytis með það að markmiði að samnýta betur tækniþekkingu og tryggja skilvirkari framkvæmd umferðaröryggismála í landinu.
2. Rannsóknarnefnd umferðarslysa skal starfrækt á ný og rannsaki hún alvarlegustu umferðarslysin ásamt því að vera ráðgefandi fyrir Alþingi í sérstökum málum er varða umferðaröryggi.
3. Stofnaður verði sjóður sem veiti fé til rannsóknarverkefna á umferðaröryggissviði. Sjóðurinn geti einnig stutt áhugaverðar aðgerðir ef sýnt þykir að þær stuðli að meira umferðaröryggi, t.d. hjá sveitarfélögum. Nú er innheimt umferðaröryggisgjald við aðalskoðun, nýskráningu og eigandaskipti hverrar bifreiðar að upphæð 100 krónur. Til að efla umferðaröryggisstarfið er lagt til að hækka gjaldið í 150 krónur. Umferðarráð nýti hluta þessarar fjárhæðar til að styrkja einstök umferðaröryggisverkefni sem áhugaverð eru. Ef ákveðið verður að heimila sérnúmeraplötur og á þær lagt sérstakt umferðaröryggisgjald sem renni til Umferðarráðs verði það fé einnig notað í sama tilgangi. Einnig er æskilegt að vátryggingafélög, Vegagerðin og fleiri aðilar leggi fé í sjóðinn.
4. Samvinna þeirra fjölmörgu aðila er að umferðaröryggismálum vinna er forsenda öflugs og árangursríks umferðaröryggisstarfs.
5. Samræma skal skráningu umferðarslysa á landinu öllu. Umferðarráð samræmi skráningu lögreglu, sjúkrastofnanir sína skráningu og tryggingafélögin sína. Þessir þrír aðilar sameini síðan sínar skrár í eina slysaskrá.
6. Opinberar stofnanir, sem að umferðaröryggismálum vinna, sendi skýrslu til dómsmálaráðuneytis fyrir lok hvers árs um fyrirbyggjandi aðgerðir á sviði umferðaröryggismála. Sama gildi um sveitarfélög með fleiri en 1.000 íbúa.
7. Samkvæmt forkönnun, sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands gerði til að meta kostnað þjóðfélagsins vegna umferðarslysa, reyndist heildarkostnaður vera um 8 milljarðar kr. Lagt er til að Háskólinn geri heildarúttekt á þjóðfélagskostnaði vegna umferðarslysa og skili skýrslu þar að lútandi í haust. Nauðsynlegt er að Háskólinn komi í ríkari mæli inn í umferðaröryggisrannsóknir.
8. Æskilegt er að kannað verði hvort niðurfelling skatta á sérstökum öryggisbúnaði bifreiða, t.d. loftpúðum, leiði til aukinnar notkunar og meira umferðaröryggis.
9. Rétt er að láta kanna hvort opinber gjöld standi í vegi fyrir að ökutæki séu búin bestu fáanlegu öryggistækjum.
10. Auka þarf umferðarfræðslu, bæta ökunám og efla upplýsinga- og áróðursstarf.
11. Lögleiða þarf notkun hjólreiðahjálma innan nokkurra ára.
12. Samræma þarf reglur um allt ökunám og gera öllum ökuskólum skylt að starfa með starfsleyfi frá Umferðarráði.
13. Breyta þarf reglum um heimild til aksturs á léttum bifhjólum, dráttarvélum, vélsleðum og torfærutækjum.

14. Gera þarf bóklegt ökunám fyrir alla flokka ökuréttinda að skyldu.
15. Koma þarf upp ökugerðum sem víðast í tengslum við ökukennslu og önnur umferðaröryggismál.
16. Sérstakur ökuréttindaflokkur verði tekinn upp fyrir bifreiðir með stóra eftirvagna.
17. Samræma þarf reglur um ökutæki og búnað þeirra EES-reglugerðum og þar sem leyfilegt er að hafa strangari sérislenskar reglur sem stuðla að auknu umferðaröryggi skal það gert þar sem rök mæla með.
18. Vinna skal að því að bæta umferðarmannvirki með tilliti til aukins umferðaröryggis. Umferðaröryggi verði fastur þáttur í allri skipulagsvinnu sem tengist vega- og gatnakerfi og í umhverfismati.
19. Auka þarf eftirlit og löggæslu. Þar ber sérstaklega að nefna áhrifamátt sjálfvirks umferðareftirlits með myndavélabúnaði og ber að stefna að uppsetningu slíks búnaðar.
20. Taka ber upp punktakerfi í tengslum við ökuferilsskrá sem fyrst.
21. Stórefla ber rannsóknir á sviði umferðaröryggismála og nýta erlendar rannsóknir í umferðaröryggisstarfinu.
22. Gera þarf eiganda ökutækis ábyrgari vegna aðildar bifreiðar hans að umferðarlagabroti.

Samhliða tillögunni verður alþingismönnum afhent skýrsla nefndarinnar, „Umferðaröryggisáætlun til ársins 2001“.

188. Svar [115. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um úreldingu fiskiskipa.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver er fjöldi og stærð (í tonnum talið) þeirra fiskiskipa sem hafa verið úrelt síðan Þróunarsjóður sjávarútvegs hóf störf á miðju ári 1994?*
   Í svari óskast tilgreint hvernig þessi fiskiskip skiptast eftir útgerðarflokkum.
2. *Hver er aldur úreltra fiskiskipa?*
3. *Hvaða fiskiskip hafa komið í stað þeirra sem úrelt hafa verið?*
4. *Hver er sóknargeta fiskiskipaflotans í dag? Hefur sóknargeta aukist eða minnkað síðan um mitt ár 1994?*

Svar við fyrstu tveimur liðunum er að finna í töflu I sem er unnin úr upplýsingum frá Þróunarsjóði sjávarútvegsins um skip sem úreldingarstyrkur hafði verið greiddur til 16. október sl. Þar er að finna upplýsingar um fjölda, stærð í brúttórúmlestum og aldur skipa eftir skipaflokkum. Þess er vert að geta að flokkun sú sem stuðst er við var tekin upp í sambandi við sóknarmarksvalkostinn, en hann var afnuminn þegar núgildandi lög tóku gildi árið 1991. Síðan þá hefur flokkunin ekki haft sömu þýðingu nema í fáum tilvikum og hefur ekki verið lögð áhersla á að halda henni við. Upplýsingar um útgerðarflokk geta því gefið rangar hugmyndir um skip. Til dæmis má taka að þótt bátur sé í flokki 30, síldarbátar, þarf það ekki að þýða að sá bátur stundi síldveiðar.

Tafla I.

	Fjöldi	Meðalstærð	Meðalaldur
10 Ísfisktogari	3	248	13
11 Frystitogari	1	230	5
16 Raðsmíðaskip	0	0	0
20 Án sérveiðiheimildar	22	83	26
21 Togbátur	2	128	31
30 Síldarbátur	6	191	22
40 Humarbátur	5	86	30
50 Humar- og síldarbátur	4	120	22
60 Rækjubátur við Eldey	2	29	42
62 Rækjubátur í Djúpi og Húnaflóa	1	22	22
70 Skelbátur	2	76	40
80 Loðnuskip	0	0	0
90 Smábátur með aflamark	141	6	19
91 Smábátur með meðalaflamark	19	8	9
Aðrir flokkar	26	18	21
	234	**29**	**20**

Rétt er að taka fram varðandi þriðja lið að skilyrði þess að skip fái styrki úr Þróunarsjóði sjávarútvegsins vegna úreldingar eru að skipið hafi fengið leyfi til veiða í atvinnuskyni samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, að eigandi skipsins lýsi því yfir að skipið verði eða hafi verið tekið varanlega af skipaskrá, að réttur til endurnýjunar þess verði ekki nýttur og að allar aflaheimildir skipsins verði varanlega sameinaðar aflaheimildum annarra fiskiskipa.

Ráðuneytið hefur fengið upplýsingar um endurnýjun í skipastólnum frá Fiskistofu og eru þær í töflu II. Þar sést hvaða skip hafa fengið veiðileyfi og hvaða skip hafa látið veiðileyfi í þeirra stað á fiskveiðiárunum 1993/1994 og 1994/1995. Fram koma upplýsingar um skipaskrárnúmer, nafn, einkennisstafi, einkennisnúmer og rúmtölu nýju skipanna og fyrir aftan sömu upplýsingar um þau skip sem veiðileyfi létu í þeirra stað.

Á fiskveiðiárinu 1993/1994 fengu alls 38 (23) ný fiskiskip veiðileyfi, samtals 22.932 m^3 (497 m^3). Í stað þeirra létu 59 (33) skip veiðileyfi, samtals 23.347 m^3 (512 m^3).

Á fiskveiðiárinu 1994/1995 fengu alls 72 (58) ný fiskiskip veiðileyfi, samtals 19.430 m^3 (1.341 m^3). Í stað þeirra létu 120 (93) skip veiðileyfi, samtals 19.842 m^3 (1.437 m^3).

Tölur innan sviga segja til um hlut krókabáta í heildinni.

Tafla II.

Fiskveiðiárið 1. september 1993 til 31. ágúst 1994.

Skip, sem fengu veiðileyfi:				Skip, sem létu veiðileyfi:			
Sk.nr	Nafn	Eink.st	Eink.nr	Rúmt.	Sk.nr Nafn	Eink.st	Eink.nr	Rúmt.
2182	Rán	HF	42	2592	144 Gunnar Bjarnason	SH	25	756
					1495 Birtingur	NK	119	1843
2190	Eyborg	EA	59	650	217 Eyborg	EA	159	616
2197	Blængur	NK	117	2592	1551 Hilmir	NK	171	2706
2203	Þemey	RE	101	4297	789 Máni	ÍS	54	170
					1000 Guðmundur Kristinn	SU	404	937
					1809 Pétur Jónsson	RE	69	3216
2206	Baldur	EA	108	1776	1449 Baldur	EA	71	1359
					1892 Eldhamar	GK	13	424
2211	Andvari	VE	100	1244	108 Sigurður Lárusson	SF	114	496
					1266 Jósep Geir	ÁR	36	223
					1895 Andvari	VE	100	548
2216	Pétur Jónsson	RE	69	3924	1106 Maó	SH	63	584
					1328 Snorri Sturluson	RE	219	3422
2220	Svalbakur	EA	2	5147	784 Litlanes	ÍS	608	242
					1352 Svalbakur	EA	302	2663
					2191 Guðmunda Torfad.	VE	80	2381
1747	Tumi	HF	17	32,2	739 Bogafell	HF	72	46
1761	Pálmi	RE	405	65	881 Víðir	ÞH	210	25
					5963 Blíðfari	ÍS	145	41
1853	Svanur	EA	33	56,5	5276 Jóhanna	EA	931	28,2
					5481 Gná	NS	87	28,6
1882	Bliki	SH	82	25,9	841 Una María	GK	979	35,2
5816	Annika	SU	122	8,8	5510 Aníta	SU	153	13,2
5993	Sómi	HU	16	12,9	5491 Selvík	EA	176	13,3
7379	Signý	SK	64	12,3	5294 Ósk	SK	98	18,2
2181	Stakkur	GK	4	23,6	6660 Nökkvi	ÍS	204	12,2

2185 Hafdís	HF 171	22,9	5200 Búri	HF 52	23,4
2207 Krókur	RE 146	23	5036 Gustur	BA 118	17
			5513 Díana	SU 131	11,6
2214 Heiða	BA 91	18,2	9025 Björk	BA 167	8,9
			9816 Tjaldur	ÞH 13	9,3
2215 Garðar	ÍS 44	22,9	5830 Valavík	GK 80	13,6
			9010 Sæfari	ST 127	9,3
2225 Asi	EA 36	27,2	5509 Hafliði	ÞH 175	30,9
5512 Kría I	ÞH 191	8,9	9817 Kría	ÞH 38	8,9
6417 Heiðdís	EA 18	17,7	5592 Bára	NK 82	18,2
6740 Draumur	RE 302	21,3	6937 Stefán í Gerði	VE 205	21,3
6877 Góa	SU 41	20	6201 Svala	BA 87	20,3
6934 Seifur	SH 550	21,3	1654 Siggi Munda	VE 102	21,6
7056 Bylgja	ÞH 36	20,9	5448 Snari	ÞH 36	27
7107 Bára	HF 11	21,3	7086 Hanna Kristín	HF 44	21,3
7372 Elín	HF 158	21,3	7301 Margrét	RE 231	18,1
			9030 Freyr	GK 144	13
7377 Gýmir	HU 24	25,5	5056 Valur	SH 169	11,2
			9011 Grótta	RE 361	7,7
			9801 Brestur	RE 34	6,6
7381 Hrappur	SH 156	20,1	5863 Síldin	SH 650	20,2
7383 Sómi	HF 100	25,2	5898 Sæfari	RE 391	16
			6481 Ás	SH 151	9,6
7388 Huld	AK 33	21,3	5076 Bára	ÍS 190	13,3
			9007 Trillan	SH 312	9,1
7389 Már	NS 93	25,4	5647 Smári	SU 74	18
			6068 Stefán	ÍS 580	10,1
7391 Hrefna	SU 22	21,3	5634 Hrefna gamla	SU 22	22,8
7393 Kári II	SH 219	20,9	5802 Júlía	VE 270	21
7400 Gylfi	SU 101	21,3	5424 Steingrímur	EA 644	9,2
			5693 Hólmdís	ÞH 28	12,6
7401 Sæfari	SU 85	25,1	5826 Sigríður	RE 223	19,2

Fiskveiðiárið 1. september 1994 til 31. ágúst 1995.

Skip, sem fengu veiðileyfi:

Sk.nr.	Nafn	Eink.st.	Eink.nr.	Rt.
1307	Arnar II	HU	101	1675
1328	Snorri Sturluson	RE	219	3422
1579	Gnúpur	GK	11	2764
2204	Hafrafell	ÍS	222	1024
2212	Guðbjörg	ÍS	46	4738
2233	Jóna Eðvalds	SF	20	1282
2235	Snotra	RE	165	27,6
2242	Orri	ÍS	20	2990
1600	Steini Ólafs Bj.	SH	391	49
2240	Búi	EA	100	31,1
5863	Síldin	SH	650	20,2
5906	Gullskór	GK	160	10,2
6244	Þróttur	ÞH	12	18,6
6277	Júpiter	SH	299	14,8
6391	Merkúr	VE	2	23
2064	Guðrún	ÍS	63	20,6
2193	Anna María	GK	321	21,4
2230	Magnús Ámas.	SH	38	27,2

Skip, sem létu veiðileyfi:

Sk.nr.	Nafn	Eink.st.	Eink.nr.	Rt.
1418	Óli	SI	34	37
1534	Sindri	VE	60	1642
1360	Engey	RE	1	3469
1016	Erling	KE	140	995
1363	Gnúpur	GK	11	1818
12	Geysir	BA	140	725
498	Ísborg	BA	477	255
1386	Dröfn	ÍS	44	135
1507	Rán	HF	4	2037
1579	Guðbjörg	ÍS	46	2764
764	Ingólfur	SK	190	35,2
1361	Erling	KE	45	1205
5162	Boði	SF	80	32,9
6781	Jóhannes Gunnar	GK	74	27,6
219	Ljósfari	GK	184	537
1077	Þorri	GK	183	774
1302	Guðbjartur	ÍS	16	1682
6447	Ólafur	HF	449	35
6057	Eyjalín	SH	199	16
5265	Básavík	EA	177	19,8
6314	Lóa	RE	328	11,3
6626	Ljúfur	BA	302	21,3
5772	Gauja	GK	93	18,6
7062	Venni	ÍS	80	21,3
6801	Margrét	SU	196	17,7
1656	Skúli fógeti	ÍS	429	20
5484	Gideon	EA	102	22
754	Sigurvon	ÍS	605	21,6
5906	Gullskór	GK	160	10,2
6926	Fönix	BA	70	11,8
5025	Ljónið	SH	79	18,9
6407	Hafrún	NK	56	9,5

2238 Hafbliki	VS 2	27,2	7408 Ása	NS 157	31,6
2243 Pétur Jóhanns.	SH 177	23	5847 Frár	RE 24	12,1
			6379 Elín	EA 11	12,2
2246 Berglín	SH 660	23	6213 Uggi	NS 52	11,6
			7270 Dvergur	BA 131	13
2251 Bjarmi	MB 25	19,2	5317 Smáey	VE 12	19,2
2252 Valdís	HF 169	24,5	5006 Ella	SH 28	10
			5815 Lundey	HF 468	15,1
2256 Gletta	HF 225	23	5568 Faxavík	GK 7	23,3
5026 Sveinmar	SU 73	11,9	5817 Bjarni	EA 354	13,3
6465 Hulda	EA 205	18,6	5739 Enok	VE 8	19,9
6615 Snarfari	GK 22	16,9	6511 Gísli Jónsson	BA 400	18,7
6626 Ljúfur	BA 302	18,6	5001 Lára	MB 22	18,9
6634 Boði	RE 54	12,2	6826 Helga Katla	SF 50	12,2
6771 Ýmir	EA 63	21,3	5918 Hlein	RE 117	26,8
6801 Margrét	SU 196	17,7	2092 Reki	RE 666	20
6805 Röst	ÞH 212	12,2	6128 Loftur Ingi	ST 60	13,8
6828 Særún	GK 104	20,9	2095 Særún	GK 64	20
6847 Uggi	SF 47	21,3	5172 Eva	EA 111	27,7
7259 Þytur	SU 15	25,7	5636 Hrappur	SU 53	32,5
7310 Sómi	HF 100	21,5	5868 Díana prinsessa	SH 696	23,4
7335 Þrándur	RE 31	25,2	5471 Félaginn	ÍS 116	25,6
7382 Gnoð	HF 25	26	5026 Sveinmar	SU 73	12
			6435 Kristín	ÞH 183	14
7384 Blossi	GK 60	25,8	5263 Valli	GK 34	14,5
			5746 Sporður	GK 19	11,6
7394 Sædís	NS 54	25,2	6328 Fanney	SK 68	14
			6285 Sigurbjörn	KÓ 32	12,2
7395 Þengill	EA 20	22,5	5310 Elínborg	VS 7	18,5
			9814 Eros	NK 103	7,6

7396 Silfurnes	SF 99	25,2	5511 Gísli Gunnarsson	SH 505	34,2
7398 Glettingur	NS 100	25,5	5586 Sunnutindur	NS 36	18,2
			9022 Rán	NK 34	8,4
7402 Elín	ÞH 82	25	5516 Elín	EA 180	25,2
7403 Hrund	BA 87	25,5	5977 Vigdís	SH 13	11,7
			6277 Broddey	SH 299	14,8
7405 Sæþór	RE 41	25,2	5539 Alda	SH 222	20,3
			9824 Unnur	EA 597	8,3
7406 Bylgja	RE 66	25,2	5401 Unnur	ÞH 158	16,8
			7293 Úði	HF 60	9,1
7407 Elsa Rún	HF 44	25,2	5921 Grímur	EA 137	16
			6105 Von	ÍS 73	11,7
7409 Byr	SH 9	25,2	5342 Haukur	EA 17	18,7
			6888 Elding	ÍS 800	11,1
7410 Jói litli	HF 110	25,2	6221 Svanur	ÍS 27	18,6
			9018 Björk	SU 187	6,7
7411 Anna	HF 53	25,5	5524 Margrét	SH 169	15,6
			6253 Guðrún Björg	EA 341	10,6
7412 Örkin	HF 112	18,6	5685 Eljan	ÍS 590	22,9
7414 Marín	KE 149	25,8	5861 Tjaldur	SU 571	12,5
			6092 Árni	NK 5	16
7415 Marvin	NS 150	25,5	6090 Hafdís	EA 119	10,1
			6558 Erna	VE 10	11,1
			9012 Ásgeir	NS 58	9,8
7416 Emilý	SU 157	21,3	5302 Stefanía	ST 91	21,5
7417 Þrándur	KE 67	25,2	7335 Þrándur	KE 67	25,2
7418 Percy	ÍS 777	25,5	5350 Hafdís	EA 44	14,5
			6001 Elín	MB 11	11,5
7419 Sleipnir	ÁR 19	25,2	5373 Sigurborg	VS 8	20,4
			9014 Rakel	SH 700	8,3
7420 Birta	SH 203	25,2	5644 Sæúlfur	ÞH 188	15,3
			6289 Blær	EA 188	10,1
7422 Lukka	RE 86	25,7	5754 Bjamar	RE 401	10,2
			6542 Embla	ÞH 66	9,5
			9031 Naggur	EA 829	7,7

7423 Ármann	SH 323	24,3	5146 Guðrún Hrönn	RE 59	9,5
			5351 Bára	EA 45	14,8
7424 Milla	HF 99	20,5	2064 Guðrún	ÍS 103	20,6
7425 Freydís	ÍS 25	21,3	5007 Svanur	EA 777	11,7
			5404 Tíi	ÞH 158	9,8
7426 Björninn	BA 85	25,5	5147 Sigurfari	ST 26	26,7
7427 Hafdís	NS 68	25,8	5139 Þerna	MB 17	10,9
			5926 Teista	HF 24	9,6
			6419 Teista	ÞH 133	9,5
7428 Svanur	SU 28	21	5630 Krummi	SU 280	23
7429 Gamli Valdi	RE 81	24,9	6269 Maja	ÍS 91	13
			6337 Vigdís	RE 149	13,1
7430 Hafsóley	ÞH 119	25,8	5954 Hafsóley	ÞH 49	16,5
			6570 Seli Döndi	SH 333	9,5
7432 Bjarney	ÍS 204	25,6	5819 Regína	EA 340	16,4
			5881 Svala	SH 92	12,6
7433 Bergur Páls	ÞH 376	25,6	5057 Hamar	SH 18	19,5
			9023 Gletta	ÞH 233	8,5
7434 Gústi í Papey	SF 88	25,7	5194 Agla	RE 214	31,3
7435 Uxi	HF 96	25,8	6157 Ýr	AK 17	12,8
			5880 Herdís Guðmundsd.	BA 17	14,8
7437 Orri Thor	HF 180	25,4	5731 Lundi	BA 58	13,7
			6144 Sigfús Baldvin	EA 145	12,9

Í svari tæknideildar Fiskifélags Íslands og Fiskveiðasjóðs Íslands, sem ráðuneytið leitaði til varðandi fjórða lið fyrirspurnarinnar, kemur eftirfarandi fram.

Ekki er til neinn almennur ákveðinn mælikvarði fyrir sóknargetu skipa. Fiskiskipafloti er almennt annaðhvort metinn eftir notkun á ákveðnu tímabili (úthaldsdagar, róðrafjöldi) eða af ákveðinni stærð á ákveðnum tímapunkti. Stærð flota hefur verið metin eftir ýmsum mælikvörðum, en algengustu stærðirnar hafa verið fjöldi skipa og brúttórúmlestir. Sóknargeta er aftur á móti háð fleiri atriðum, svo sem vélarstærð, byggingarlagi (mögulegum veiðiaðferðum), búnaði (vindubúnaði, rafeindatækjabúnaði) og jafnvel dugnaði áhafnar. Verulegur munur getur verið á því hvað flotinn getur, má gera og síðan gerir.

Tæknideild Fiskifélags Íslands og Fiskveiðasjóðs Íslands hefur tekið saman fjórar stærðir varðandi stöðu fiskiskipaflotans, annars vegar um mitt ár 1994 og hins vegar um mitt ár 1995. Rétt er að geta þess að í töflu III eru öll íslensk fiskiskip, bæði opnir bátar og þilfarsskip.

Í töflunni kemur fram fjöldi fiskiskipa, brúttórúmlestir, rúmtala og vélarstærð. Rúmtala er sú stærð sem miðað hefur verið við undanfarin allmörg ár þegar um endurnýjun og í sumum tilvikum breytingar á fiskiskipum hefur verið að ræða. Í töflunni er flotanum skipt upp í nokkra „stærðarflokka“ eftir brúttórúmlestum, og einnig er annars vegar skoðaður flotinn í heild og hins vegar sá hluti hans sem samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum hafði veiðileyfi á þeim tímapunktum sem valdir voru. Af töflunni sést að flotinn minnkar milli áranna samkvæmt þessum mælikvörðum, nema hvað skuttogaraflotinn stækkar, en hins vegar eru skilin milli skuttogara og stærstu bátanna oft óljós. Stækkun skuttogaraflotans sem hefur veiðileyfi helgast af úreldingarreglunum, þar sem almennt eru úrelt fleiri smærri skip fyrir eitt stærra, en einnig vegur stækkun einstakra skipa lítillega. Stækkun heildarflotans skýrist aftur á móti með skipum sem ætluð eru til úthafsveiða, en hafa ekki veiðileyfi í íslenskri landhelgi.

Tafla III.

Fiskifélag Íslands	Fjöldi skipa			Brúttórúmlestir			Rúmtala			Vélaafl (KW)		
Tæknideild	1994	1995	Munur	1994	1995	Munur	1994	1995	Munur	1994	1995	Munur
Bátar < 6 brl.												
Öll fiskiskip	1.576	1.465	-7%	6.119	5.677	-7%	28.574	26.468	-7%	87.357	82.791	-5%
þar af með leyfi	1.408	1.127	-20%	5.568	4.562	-18%	25.773	20.889	-19%	80.134	68.591	-14%
Bátar 6 og < 10 brl.												
Öll fiskiskip	407	366	-10%	3.210	2.796	-13%	14.382	12.169	-15%	50.530	48.393	-4%
þar af með leyfi	352	313	-11%	2.755	2.359	-14%	12.396	10.282	-17%	45.060	40.774	-10%
Bátar 10 og < 50 brl.												
Öll fiskiskip	198	183	-8%	3.910	3.655	-7%	18.380	17.219	-6%	31.288	29.491	-6%
þar af með leyfi	188	172	-9%	3.769	3.510	-7%	17.754	16.575	-7%	30.174	28.219	-6%
Bátar 50 og < 100 brl.												
Öll fiskiskip	71	59	-17%	4.749	3.961	-17%	21.113	17.582	-17%	23.868	20.020	-16%
þar af með leyfi	65	59	-9%	4.364	3.961	-9%	19.414	17.582	-9%	22.005	20.020	-9%
Bátar 100 og < 200 brl.												
Öll fiskiskip	124	108	-13%	17.831	15.718	-12%	76.018	66.896	-12%	67.927	59.255	-13%
þar af með leyfi	111	103	-7%	15.970	14.960	-6%	68.138	63.877	-6%	61.529	56.993	-7%
Bátar 200 brl. og yfir												
Öll fiskiskip	92	87	-5%	32.511	31.434	-3%	123.910	119.723	-3%	90.540	86.837	-4%
þar af með leyfi	89	81	-9%	31.631	29.807	-6%	120.461	113.288	-6%	88.135	82.558	-6%
Allir bátar												
Öll fiskiskip	2.468	2.268	-8%	68.330	63.240	-7%	282.378	260.057	-8%	351.510	326.787	-7%
þar af með leyfi	2.213	1.855	-16%	64.058	59.160	-8%	263.936	242.493	-8%	327.037	297.155	-9%
Skuttogarar												
Öll fiskiskip	110	112	2%	61.675	66.648	8%	245.424	262.028	7%	178.829	189.625	6%
þar af með leyfi	104	103	-1%	57.920	59.414	3%	231.068	235.744	2%	169.532	172.448	2%
Fiskiskipafloti í heild												
Öll fiskiskip	2.578	2.380	-8%	130.005	129.887	0%	527.801	522.085	-1%	530.339	516.412	-3%
þar af með leyfi	2.317	1.958	-15%	121.978	118.574	-3%	495.004	478.237	-3%	496.569	469.603	-5%

189. Frumvarp til laga [158. mál]

um starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Ágúst Einarsson,
Svanfríður Jónasdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir.

I. KAFLI
Starfsemi stjórnmálasamtaka.

1. gr.

Til stjórnmálasamtaka samkvæmt lögum þessum teljast þau samtök einstaklinga og félaga sem bjóða fram til Alþingis eða sveitarstjórnar, starfa í samræmi við lög þessi og eru skráð hjá dómsmálaráðuneyti.

2. gr.

Við skráningu stjórnmálasamtaka hjá dómsmálaráðuneyti skal leggja fram lög samtakanna og stefnuskrá. Stjórnmálasamtök skulu birta opinberlega lög sín, stefnuskrár og stefnumarkandi samþykktir.

3. gr.

Stjórnmálasamtök skulu opin öllum landsmönnum sem náð hafa 16 ára aldri.

4. gr.

Stjórnmálasamtök skulu gæta jafnræðis milli félagsmanna sinna í starfi sínu og skipulagi.

5. gr.

Engan skal heimilt að skrá í stjórnmálasamtök nema hann undirriti yfirlýsingu þess efnis eða lýsi því yfir á annan sannanlegan hátt að hann óski eftir inngöngu.

6. gr.

Æðsta vald í málefnum stjórnmálasamtaka skal vera í höndum félagsmanna eða fulltrúa þeirra á landsfundi eða öðrum sambærilegum vettvangi.

7. gr.

Stjórnmálasamtök skulu setja reglur um störf kjörinna fulltrúa sinna og birta þær opinberlega.

8. gr.

Stjórnmálasamtökum er óheimilt að skrá niður upplýsingar á kjörstað.

9. gr.

Stjórnmálasamtök eru bókhaldsskyld samkvæmt ákvæðum laga um bókhald og þeim ber einnig að skila skattframtali.

Árlega skulu reikningar stjórnmálasamtaka endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og lagðir fram til samþykktar á landsfundi eða öðrum sambærilegum vettvangi stjórnmálasamtaka og þeir síðan sendir dómsmálaráðuneyti sem sér um að birta þá í B-deild Stjórnartíðinda eigi síðar en einum mánuði eftir samþykkt þeirra.

10. gr.

Stjórnmálasamtökum er heimilt að taka við fjárframlagi eða ígildi þess frá einstökum aðilum, einstaklingum eða fyrirtækjum, þó þannig að fari framlag yfir 300.000 kr. á hverju reikningsári skal birta nafn styrktaraðila samhliða birtingu ársreikninga, sbr. 2. mgr. 9. gr.

II. KAFLI
Ríkisframlög til stjórnmálasamtaka.

11. gr.

Stjórnmálasamtök, sem bjóða fram til Alþingis, skulu fá framlag úr ríkissjóði til starfsemi sinnar, þ.e. almenns reksturs og útgáfumála. Framlagið skal ákvarðað í fjárlögum hvers árs.

Framlag til einstakra stjórnmálasamtaka byggist á hlutfallslegri skiptingu þingsæta í undangengnum alþingiskosningum, þó þannig að stjórnmálasamtök, sem hafa fengið a.m.k. 2,5% af greiddum atkvæðum í kosningunum á landinu öllu án þess að hafa náð þingsæti, eiga rétt á framlagi í eitt ár sem svarar til eins þingsætis. Framlag samkvæmt þessari grein skal greitt í upphafi hvers árs.

12. gr.

Greiða skal úr ríkissjóði til þingflokka tiltekna lágmarksfjárhæð og að auki ákveðna upphæð fyrir hvern þingmann til að kosta sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokkinn og þingmenn hans við þingstörf. Utanflokkaþingmaður fær sömu upphæð og greidd er á hvern þingmann þingflokks. Greiðslur til þingflokks skulu inntar af hendi ársfjórðungslega, þ.e. 1. febrúar, 1. maí o.s.frv., og skulu miðaðar við skipan Alþingis í byrjun ársfjórðungs, þ.e. 1. janúar, 1. apríl o.s.frv.

13. gr.

Forseti Alþingis setur í samráði við formenn þingflokka reglur um skiptingu þess fjár sem hverju sinni er veitt til aðstoðar þingflokkum.

14. gr.

Formenn þingflokka skulu árlega senda forseta Alþingis greinargerð um ráðstöfun þess fjár er þeir veita móttöku samkvæmt lögum þessum eftir nánari reglum er forseti setur. Sama gildir um þingmann utan flokka.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

15. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara varða sviptingu fjárframlaga, svo og þyngri refsingu samkvæmt öðrum lögum þar sem það á við.

16. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1996 og jafnframt falla úr gildi lög nr. 56/1971, um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Dómsmálaráðherra skal skipa nefnd til að móta samræmdar reglur um óbeina styrki frá opinberum stofnunum og fyrirtækjum til stjórnmálasamtaka í tengslum við kosningar, svo sem afslátt af gjaldskrám og aukinn aðgang að þjónustu, t.d. kjörgögnum frá Hagstofu Íslands. Skal nefndin skila af sér tillögum eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku laga þessara.

II.

Dómsmálaráðherra skal í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga undirbúa löggjöf sem tryggi framboðum til sveitarstjórna framlög úr sveitarsjóðum til starfsemi þeirra. Skal undirbúningi lokið innan eins árs frá gildistöku laga þessara.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi en hlaut ekki afgreiðslu. Það er nú endurflutt með nokkrum breytingum. Að lokinni fyrstu umræðu á síðasta þingi var frumvarpið til umfjöllunar í allsherjarnefnd sem sendi það til umsagna. Umsagnir bárust frá Ríkisendurskoðun og ríkisskattstjóra (sjá fylgiskjöl) og er tekið tillit til ábendinga þeirra við endurflutning frumvarpsins. Í umsögn ríkisskattsjóra segir m.a.: „Af þessu tilefni tekur Ríkisskattstjóri fram að telja verður mjög til bóta að settar séu réttarreglur um fjárreiður á því sviði sem hér er til umfjöllunar".

Oft hefur komið upp umræða á Alþingi og víðar um nauðsyn þess að setja lög um starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka án þess að úr því hafi orðið. Annars staðar á Norðurlöndum eru engin heildarlög um stjórnmálaflokka nema í Finnlandi. Í Noregi fær stjórnmálaflokkur, sem býður fram til Stórþingsins, framlag af fjárlögum hafi hann boðið fram í a.m.k. helmingi kjördæma og hlotið meira en 2,5% heildaratkvæða yfir landið. Flokkar, sem bjóða fram til sveitarstjórna, fá einnig ríkisstyrk. Í Svíþjóð voru lögfestar reglur um ríkisframlög til stjórnmálaflokka árið 1972. Þar eru þau bundin við þá stjórnmálaflokka sem bjóða fram til þings. Árið 1986 voru samþykkt lög í Danmörku um fjárframlög frá ríkinu til stjórnmálaflokka, bæði í tengslum við lands- og sveitarstjórnarframboð. Framangreind lög taka ekki til starfsemi stjórnmálaflokka að öðru leyti. Í Finnlandi voru eins og áður hefur komið fram lögfest ítarleg ákvæði um starfsemi stjórnmálaflokka árið 1969, svo og fjárframlög til þeirra sem bjóða fram til þings.

Skortur á vönduðum vinnubrögðum í stjórnmálum og stjórnsýslu leiðir oft til trúnaðarbrests milli stjórnvalda og fólksins í landinu. Margt bendir til að ekki gæti nægilega faglegra vinnubragða í stjórnsýslu og stefnumótun hins opinbera á Íslandi. Með lagafrumvarpi þessu er ætlunin að setja stjórnmálamönnum reglur í starfi sínu innan flokkanna og gera starfsemi stjórnmálasamtaka sýnilegri en áður hefur verið. Skilgreining á siðgæði getur verið breytileg frá einum tíma til annars og mismunandi mat á því hjá ólíkum þjóðum. Í þróuðum stjórnkerfum er þó hægt að finna meginreglur sem menn eru al-

mennt sammála um að verði að halda í heiðri. Það er þessi sameiginlegi skilningur sem gerir löggjafanum kleift að setja reglur sem byggja á siðgæðis- og réttarvitund þjóða.

Það er brýn nauðsyn að settar verði siðareglur í stjórnmálum. Það er áhrifaríkt tæki til að vinna gegn spillingu á opinberum vettvangi. Það er nauðsynlegt að aðgerðir opinberra aðila séu opinberar og gerðar fyrir opnum tjöldum. Óskráðar siðareglur taka mið af þeirri skyldu kjörinna fulltrúa og embættismanna að vinna í þágu almannahagsmuna. Siðareglur hvort sem eru skráðar eða óskráðar kveða á um hvað sé heimilt og hvað óheimilt. Með siðareglum stjórnmálamanna gera þeir heyrinkunnugt hvernig þeir líta á störf sín. Skráðar siðareglur skýra einnig ábyrgð valdhafa og gera betur kleift en nú er að draga þá til ábyrgðar fyrir embættisfærslu

Siðareglur gilda nú orðið fyrir fjölmargar starfsstéttir, svo sem lækna, viðskipta- og hagfræðinga, blaðamenn o.fl. Það reynir á siðferði í öllum samskiptum. Í hugum ýmissa heimspekinga er siðaregla ekki lagaregla. Siðaregla verður til í mannlegum samskipum. Þessu er lýst í ágripi af fyrirlestri Páls Skúlasonar prófessors (sjá fylgiskjal).

Við samningu frumvarps þessa hefur víða verið leitað fanga og reynt að nýta það sem hefur þótt vænlegt til eftirbreytni, en það á sér enga beina fyrirmynd, hvorki innlenda né erlenda. Á 97. löggjafarþingi (1975–76) lagði Benedikt Gröndal fram frumvarp til laga um stjórnmálaflokka sem ekki náði fram að ganga. Í frumvarpinu var að finna ítarleg ákvæði um starfsemi stjórnmálaflokka, svo og reglur um fjárframlög til þeirra. Frumvarpið náði aðeins til stjórnmálaflokka sem bjóða fram til Alþingis.

Í frumvarpi því sem hér er lagt fram er farin sú leið að setja lagaramma um starfsemi allra stjórnmálaflokka, einnig þeirra sem bjóða fram til sveitarstjórna. Engin haldbær rök eru fyrir því að stjórnmálasamtök, sem bjóða fram til sveitarstjórna, þurfi ekki að búa við nauðsynlegt aðhald löggjafans. II. kafli laganna nær hins vegar aðeins til stjórnmálasamtaka sem bjóða fram til Alþingis. Í ákvæði til bráðabirgða II er lagt fyrir dómsmálaráðherra að undirbúa löggjöf í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga sem tryggi framboðum til sveitarstjórna framlög úr sveitarsjóðum.

Almennt er lítið vitað um fjármál stjórnmálaflokkanna hér á landi, enda eru þeir hvorki framtalsskyldir né skattskyldir. Þó er greinilegt að mikið fjármagn fer oft og tíðum í gegnum fjárhirslur þeirra, ekki hvað síst í kosningabaráttunni. Markmið þessa frumvarps er að gera fjármál stjórnmálaflokka opin og sýnileg, enda er slík leynd einungis til þess fallin að auka tortryggni almennings í garð stjórnmálasamtaka. Stjórnmálasamtök eru bókhaldsskyld en hér er lagt til að þau verði einnig framtalsskyld og að þau leggi fram endurskoðaða reikninga árlega í dómsmálaráðuneytinu.

Þess ber að geta að skv. 7. gr. laga nr. 12/1986, um Ríkisendurskoðun, hvílir á stofnuninni sérstök eftirlitsskylda með samtökum sem fá fé eða ábyrgðir frá ríkinu. Þannig getur Ríkisendurskoðun krafist reikningsskila af samtökum, þar á meðal stjórnmálasamtökum sem fá framlög eða styrki úr ríkissjóði, í því skyni að rannsaka hvernig ríkisframlögum er varið. Gera verður ráð fyrir að Ríkisendurskoðun beiti þessari heimild sinni ef hún telur ástæðu til.

Til álita kemur að skylda Ríkisendurskoðun til að endurskoða ársreikinga stjórnmálasamtaka sem fá framlög úr ríkissjóði. Lög um Ríkisendurskoðun kveða hins vegar á um að endurskoðunarskylda stofnunarinnar sé bundin við eignarhald ríkisins eða þátttöku þess í greiðslu meginhluta rekstrarkostnaðar. Þótt stjórnmálsamtök fái framlög úr ríkissjóði er starfsemi þeirra ótengd ríkinu og rekstri þess. Þess vegna er ekki talið rétt að Ríkisendurskoðun endurskoði ársreikninga þeirra, enda eru ársreikningarnir endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda samkvæmt frumvarpinu og jafnframt hefur Ríkisend-

urskoðun heimild til afskipta eins og áður segir. Hér er gerð breyting frá upprunalegu frumvarpi í samræmi við ábendingar Ríkisendurskoðunar.

Á Íslandi hefur lengi tíðkast að einstaklingar og fyrirtæki styrki fjárhagslega þá stjórnmálaflokka sem þeir styðja. Það getur skapað tortryggni að leynd skuli hvíla yfir háum styrkjum frá einstaklingum eða fyrirtækjum, enda er það óeðlilegt. Hætta getur einnig verið á hagsmunaárekstrum.

Nýlega voru gerðar breytingar á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, þar sem fjárframlög til stjórnmálaflokka voru gerð frádráttarbær hjá rekstraraðilum. Í framhaldi af því var gerð breyting á reglugerð, sbr. 15.–18. gr. reglugerðar nr. 483/1994. Þetta frumvarp fjallar ekki um slík fjárframlög þannig að framkvæmd skattyfirvalda á fyrrnefndu reglugerðarákvæði breytist ekki þótt það verði að lögum.

Auk frjálsra framlaga eru íslenskir stjórnmálaflokkar fjármagnaðir af ríkissjóði. Þetta er gert til þess öðrum þræði að jafna aðstöðu flokkanna. Það samræmist ekki hugmyndum manna um lýðræði ef aðeins fjárhagslega sterk samtök geta boðið fram til Alþingis. Í annan stað sporna ríkisstyrkir við þeirri tegund af fyrirgreiðslupólitík þegar stjórnmálasamtök verða óeðlilega háð styrktaraðilum.

Samkvæmt upplýsingum stjórnmálafræðinga við Háskóla Íslands er upplýsingaskylda stjórnvalda um fjárreiður undantekingalítið fyrir hendi í nágrannalöndum okkar. Innan stjórnmálafræðinnar er talið nauðsynlegt að stjórnmálaflokkar gerir grein fyrir fjárreiðum sínum hvort sem um er að ræða ráðstöfun fjármuna af opinberu fé eða framlög frá fyrirtækjum og einstaklingum. Slík lagasetning í anda þess sem frumvarpið gerir ráð fyrir er nauðsynleg til að eyða tortryggni og auka tiltrú almennings á stjórnmálaflokkum og lýðræðislegum stjórnarháttum.

Í umræðunni á Alþingi í vor um frumvarpið komu fram ýmsar ábendingar sem rétt er að allsherjarnefnd skoði við umfjöllun sína. Má þar t.d. nefna hvort hámark eigi að vera á leyfðum framlögum einstaklinga og fyrirtækja til stjórnmálasamtaka, hvort aðskilja eigi kosningastarf frá annarri starfsemi stjórnmálaflokka, hvort setja eigi reglur um prófkjör, þar með talinn fjárhagslegan ramma þeirra, hvort takmarka eigi umfang auglýsinga í kosningabaráttu, hvort setja eigi reglur um birtingu skoðanakannana rétt fyrir kjördag og hvort þingmenn eigi að leggja fram lista yfir öll störf og þátttöku í nefndum utan þings.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að mótaðar verði lögbundnar reglur um ríkisframlög sem allir stjórnmálaflokkar geti gengið að. Rétt þykir að hafa sérstök lagaákvæði um sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka, enda eru greiðslur fyrir sérfræðiaðstoð eingöngu ætlaðar, eins og nafnið bendir til, til aðstoðar þingflokkum. Með því að fella lög nr. 56/1971, um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka, inn í frumvarpið verður sjónarmiðum um lagasamræmi náð og krafan um eftirlit með ráðstöfun styrksins verður virkari.

Forsætisráðherra skipaði nefnd árið 1994 til að fjalla um og undirbúa frumvarp til laga um fjárhagslegan stuðning við stjórnmálaflokka og þá þætti sem slíkum stuðingi tengjast. Þessi nefnd er m.a. skipuð fulltrúum stjórnmálaflokka en illa gekk að fá tilnefningar í nefndina. Nefndin hafði ekki komið saman fyrir kosningar vorið 1995. Nokkur umræða varð um þessa nefnd þegar frumvarpið var til umræðu á vorþingi 1995. Óskað var eftir tilnefningu Þjóðvaka í nefndina en þegar beðið var um nánari upplýsingar um starfssvið nefndarinnar var fátt um svör. Þjóðvaki hefur því ekki tilnefnt fulltrúa í þessa nefnd, enda hefur hún aldrei komið saman. Það er því ljóst að þessum málum verður að finna annan farveg og er frumvarpið liður í því. Að lokinni fyrstu umræðu verður gerð tillaga um að frumvarpinu verði vísað til allsherjarnefndar. Það er von flutningsmanna að alls-

herjarnefnd vinni faglega að málinu og nái nauðsynlegri samstöðu um efnisatriði þess því brýnt er að sett verði löggjöf um starfsemi stjórnmálaflokka hérlendis.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Sett er fram skilgreining á stjórnmálasamtökum til að afmarka hvaða samtök falla undir frumvarpið. Skilyrði fyrir því að samtök geti talist falla undir hugtakið stjórnmálasamtök eru annars vegar að þau bjóði fram fulltrúa við kosningu til sveitarstjórna eða Alþingis og hins vegar að þau séu skráð sem stjórnmálasamtök hjá dómsmálaráðuneytinu.

Um 2. gr.

Með því að skylda stjórnmálasamtök til að leggja fram í dómsmálaráðuneytinu lög samtakanna og stefnuskrá skapast meiri festa og aðhald að starfsemi stjórnmálasamtaka í landinu. Þá skulu stjórnmálasamtök birta opinberlega stefnuskrá, lög og stefnumarkandi samþykktir, enda eru það sjálfsögð mannréttindi að kjósendur hafi greiðan aðgang að upplýsingum um hvað tiltekin stjórnmálasamtök standa fyrir. Verði breyting á stefnuskrá eða lögum samtaka ber að birta slíkar breytingar opinberlega samkvæmt þessari grein.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 4. gr.

Greinin vísar til innri starfsemi stjórnmálasamtaka og byggist á því að jafnræðisreglan verði virk.

Um 5. gr.

Þessu ákvæði er ætlað að koma í veg fyrir að hægt verði að skrá menn í tiltekin stjórnmálasamtök án vitundar þeirra. Það er hluti af grundvallarmannréttindum hvers einstaklings að ákveða sjálfur hvort hann sé skráður meðlimur í stjórnmálaflokki og þá hvar.

Um 6. gr.

Ætlunin er að stuðla að lýðræðislegu fyrirkomulagi í skipulagi stjórnmálasamtaka þar sem meiri háttar breytingu á stefnuskrá samtakanna verður ekki komið við nema með samþykki félagsmanna allra eða fulltrúa þeirra.

Um 7. gr.

Verið er að mæta kröfu almennings um bætt siðferði stjórnmálasamtakanna sem speglast hefur í þjóðfélagsumræðunni undanfarin ár. Fræðimenn hafa bent á að skortur á stjórnsýslureglum veldur því að íslensku stjórnmálaflokkarnir hafa frekar þróast til þess að vera fyrirgreiðsluflokkar en hið hefðbundna flokkakerfi í nálægum löndum. Skýrar og tæmandi reglur eru stjórnmálamönnum og öðrum til leiðbeiningar og leiða til þess að faglegra sjónarmiða gætir í starfsháttum þeirra, t.d. við stöðuveitingar og mannaráðningar. Sem dæmi um slíkar reglur er að alþingismenn birti í lok hvers árs opinberlega lista yfir öll störf og þátttöku í nefndum sem þeir inntu af hendi utan þings á því ári. Þetta gæti verið skynsamlegt til að hindra hagsmunaárekstra eða eyða grun um hagsmunatengsl.

Um 8. gr.

Nokkuð hefur borið á því að stjórnmálaflokkar hafi verið með fulltrúa sína á kjörstað til að skrá niður hverjir koma til að kjósa. Þær upplýsingar eru síðan notaðar til að ýta á eftir þeim flokksbundnu aðilum sem ekki hafa kosið. Rétturinn til að ákveða hvort menn vilja kjósa eða ekki á ekki að vera minni en rétturinn til að ákveða hvaða flokkur kosinn er og því er það andstætt þeirri hugsun sem lýðræði grundvallast á að stjórnmálasamtök viðhafi slíkar persónunjósnir á kjörstað.

Um 9. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að allir stjórnmálaflokkar sem falla undir skilgreiningu skv. 1. gr. séu bókhaldsskyldir og er það í samræmi við gildandi rétt. Samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt eru stjórnmálaflokkar undanþegnir framtals- og skattskyldu. Eftirlit skattyfirvalda með stjórnmálaflokkum er því mjög lítið. Til að tryggja nauðsynlegt aðhald gerir frumvarpið ráð fyrir að stjórnmálasamtökum verði gert að skila skattframtali og að reikningar þeirra verði árlega endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum og þeir lagðir fram til samþykktar á landsfundi eða öðrum sambærilegum vettvangi.

Um 10. gr.

Með ákvæði þessu er reynt að stemma stigu við óeðlilegum hagsmunatengslum stjórnmálaflokka við einstaklinga eða fyrirtæki. Reynt er að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra með því að gera kröfu um opinbera birtingu á nöfnum þeirra einstaklinga eða fyrirtækja sem veita stjórnmálasamtökum háa styrki. Með fjárhagslegum stuðningi er átt við gjafafé eða annars konar styrkveitingu sem hægt er að meta til fjár. Víða í vestrænum löndum hafa verið lögfestar strangar reglur í þessu sambandi.

Um 11. gr.

Til þess að vega upp á móti hertum reglum um styrki frá einstaklingum og fyrirtækjum gerir frumvarpið ráð fyrir að framlög úr ríkissjóði til stjórnmálasamtaka verði lögbundin. Þannig verði framlag til stjórnmálaflokka sérstakur liður á fjárlögum. Slíkt framlag skal í engu skerða rétt þeirra flokka sem eiga sæti á Alþingi samkvæmt gildandi lögum um sérfræðiaðstoð við þingflokka.

Um 12.–14. gr.

Ákvæði laga um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka, nr. 56/1971, eru hér tekin óbreytt í frumvarpið þar sem eðlilegra þykir að hafa öll lagaákvæði, sem snúa að stjórnmálasamtökum, á einum stað.

Um 15. gr.

Gert er ráð fyrir að stjórnmálasamtök og þingflokkar geti misst rétt sinn til ríkisframlaga skv. 11. og 12. gr. ef þeir fara ekki að ákvæðum laganna. Komi hins vegar til brota á öðrum lögum, svo sem bókhaldslögum, geta legið við þyngri refsingar.

Um 16. og 17. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Engar samræmdar reglur gilda í dag um afslætti og ýmiss konar ókeypis þjónustu sem flokkunum er látin í té í tengslum við kosningar, svo sem frá Hagstofu Íslands eða undirstofnunum ráðuneyta. Flokkarnir hafa t.d. iðulega fengið afslátt af gjöldum Pósts og síma, en þó hefur þurft að sækja um það í hvert tiltekið skipti og ekki er ljóst hvort það sama á við um alla í því efni. Eðlilegt er að settar verði skýrar samræmdar reglur um þetta sem flokkarnir geta gengið að sem vísum.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Í Danmörku fá sveitarstjórnir styrki til starfsemi sinnar úr sveitarsjóði og er lagt til að sami háttur verði hafður hér á. Sömu sjónarmið og fram koma í athugasemd við 11. gr. eiga hér við.

Fylgiskjal I.

Ríkisskattstjóri:

Umsögn um frumvarp til laga um fjárreiður stjórnmálaflokka.

(1. september 1995.)

Ríkisskattstjóri tekur fram að telja verður mjög til bóta að settar séu réttarreglur um fjárreiður á því sviði sem hér er til umfjöllunar.

Stjórnmálastarfsemi eins og önnur félagsleg starfsemi þar sem fjármunir fara um er bókhaldsskyld samkvæmt núgildandi bókhaldslögum. Í 9. gr. frumvarpsins er bókhaldsskyldan áréttuð en þar er og tekið fram að stjórnmálasamtök skuli skila skattframtali. Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu eru stjórnmálaflokkar undanþegnir framtalsskyldu og skattskyldu. Skilaskylda sú sem frumvarpið gerir ráð fyrir mundi að jafnaði ekki hafa áhrif á skattskylduna sem slíka og ekki heldur á framsetningu ársreikninga, sundurliðanir með þeim og þess háttar. Í ýmsum greinum er uppgjör til skatts frábrugðið uppgjörsaðferðum sem þjóna sérhæfðri fjármálaumsýslu, en með lögfestingu á framtalsskyldu verður að ætla að stjórnmálasamtökum yrði skylt að skila ársreikningum í samræmi við skattalög.

Ljóst er að skattyfirvöld geta ekki knúið fram framtalsskil með áætlun skattskyldra tekna hjá stjórnmálasamtökum. Eina færa leiðin samkvæmt núgildandi lögum væri því sektarmeðferð. Ef einhver aðili sinnir ekki framtalsskyldum sínum varðar slíkt sennilega viðurlögum á grundvelli 2. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, en sú lagaheimild er þó ekki alveg ótvíræð. Um brot á bókhaldslögum eiga aftur á móti ótvírætt við ákvæði 41. gr. laga um bókhald og 2. gr., sbr. 22. gr., laga um yfirskattanefnd, eins og báðum þeim lögum var breytt með lögum nr. 37/1995. Samkvæmt tilvísuðum lögum fer yfirskattanefnd með viðurlaga- og refsiákvæðin nema máli sé vísað til dómstóla.

Áformuð þriggja manna úrskurðarnefnd um málefni stjórnmálaflokka virðist eiga að hafa valdsvið og verkefni sem hugsanlega gætu varðað skattalegar skyldur, a.m.k. eins og 15. gr. er orðuð. Er hér t.d. átt við ef ágreiningur rís um framtalsskil eða uppfyllingu á bókhaldsskyldum. Vandséð er hvort og þá að hve miklu leyti nefndarskipan þessi varð-

ar það svið sem yfirskattanefnd hefur í sínum verkahring. Væri því æskilegt að taka af skarið með þetta atriði í fyrirhugaðri löggjöf samkvæmt frumvarpinu.

Eins og kunnugt er voru nýverið sett lög þar sem fjárframlög til stjórnmálaflokka voru gerð frádráttarbær hjá rekstraraðilum. Í framhaldi af því var síðan gerð breyting á reglugerð, sjá nú reglugerð nr. 483/1994, 15.–18. gr. Við framkvæmd þessa ákvæðis hafa skattyfirvöld lagt nokkuð annan og rýmri skilning í hugtakið stjórnmálaflokkur en frumvarpið gerir ráð fyrir þegar það skilgreinir stjórnmálasamtök. Væntanlega yrði ef frumvarpið verður að lögum að gæta lagasamræmis þannig að hin rúma skattalega skilgreining sem ekki gerir ráð fyrir formlegri skráningu eða skilyrði um framboð til þings og sveitarstjórna eða sérstöku efni laga og samþykkta yrði látin víkja fyrir hinni þrengri skilgreiningu.

Á það er og að líta að með því að framlög og gjafir til flokkanna voru gerð frádráttarbær til skatts verða stjórnmálaflokkar að sæta auknu eftirliti, m.a. með tilliti til útgáfu reikninga og utanumhalds varðandi fjárreiður. Framkvæmd þess eftirlits er í höndum skattstjóra hvers umdæmis og eftir atvikum ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra. Loks skal minnt á að stjórnmálasamtök, eins og aðrir í þjóðfélaginu, hafa skattalegum skyldum að gegna þegar að því kemur að skila launamiðum með upplýsingum um greidd vinnulaun og verktakagreiðslur. Sama á við um virðisaukaskattsskil ef um sölu eða afhendingu á vörum og verðmætum er að ræða í nafni stjórnmálasamtaka. Ber að greiða tryggingagjald af launum og skila virðisaukaskatti af sölu og þess háttar.

Strangt til tekið eru því stjórnmálaflokkar skattskyldir í víðari skilningi þess orðs og háðir eftirliti skattyfirvalda og aðhaldi hvað varðar fjárreiður.

Fylgiskjal II.

Ríkisendurskoðun:

Umsögn um frumvarp til laga um fjárreiður stjórnmálaflokka.

(26. septemper 1995.)

Stofnunin telur ekki eðlilegt að hún sem slík hafi eða móti opinbera afstöðu til hugmynda að slíkri löggjöf. Með vísan til þessa mun hún ekki fjalla almennt um frumvarp það sem hér er til umræðu. Á hinn bóginn þykir ekki hjá því komist að greina frá afstöðu hennar til 9. gr. frumvarpsins þar sem þar er gert ráð fyrir að stofnuninni verði að lögum skylt að endurskoða ársreikninga þeirra stjórnmálasamtaka sem fá framlög úr ríkissjóði.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 12/1986, um Ríkisendurskoðun, skal stofnunin aðeins endurskoða ríkisreikning og reikninga stofnana, sjóða og annarra aðila þar sem kostnaður eða reikningslegt tap er greitt af ríkissjóði samkvæmt fjárlögum eða af öðrum tekjum samkvæmt sérstökum lögum. Á sama hátt skal hún annast endurskoðun reikninga fyrirtækja og stofnana sem rekin eru á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkissjóður á að hálfu eða meira, þar með talin hlutafélög og ríkisbankar. Af þessu má ráða að endurskoðunarskylda stofnunarinnar er annars vegar bundin við eignarhald ríkisins eða þátttöku þess í greiðslu meginhluta rekstrarkostnaðar.

Stjórnmálasamtök og fjárreiður þeirra eru, ef frá er talinn ríkisstyrkur samkvæmt fjárlögum hverju sinni, algerlega ótengd ríkinu og rekstri þess. Telja verður óeðlilegt í ljósi hinna lögbundnu verkefna Ríkisendurskoðunar sem fyrst og síðast tengjast fjárreiðum ríkissjóðs og stofnana hans að fela henni að annast endurskoðun reikninga sjtórnmálasamtaka. Að mati stofnunarinnar er fullkomlega nægilegt í því efni að kveða á um að löggiltur endurskoðandi annist endurskoðunina eins og reyndar er gert ráð fyrir í umræddri grein frumvarpsins.

Sérstök athygli skal vakin á því að þó svo að á stofnuninni hvíli aðeins skylda til þess að endurskoða ársreikninga þeirra aðila sem um ræðir í nefndri 6. gr. laga nr. 12/1986 hvílir eftir atvikum á henni sérstök eftirlitsskylda með samtökum sem fá fé eða ábyrgðir frá ríkinu, sbr. 7. gr. laga nr. 12/1986. Þannig getur stofnunin krafist reikningsskila af samtökum, þar á meðal stjórnmálasamtökum, sem fá framlög eða styrki úr ríkissjóði í því skyni að rannsaka hvernig ríkisframlögunum er varið.

Loks skal þess getið að bæði í 13. og 14. gr. frumvarpsins er kveðið á um að forsetar Alþingis skuli setja reglur eða taka við greinargerðum. Eðlilegra sýnist að kveða fremur á um að forseti eða forsætisnefnd Alþingis taki að sér þessi verkefni.

Fylgiskjal III.

Páll Skúlason prófessor:

Um siðferði, siðareglur og skráningu þeirra.

(Ágrip af fyrirlestri fluttum á aðalfundi Félags viðskipta- og hagfræðinga 6. maí 1993.)

Að undanförnu hafa æ fleiri starfsstéttir verið að íhuga siðferði sitt og unnið skipulega að því að skrá siðareglur sínar. Ástæðurnar fyrir þessu eru vafalaust margar. Nútímaþjóðfélag er flókið og gerir miklar kröfur til fólks um að vanda verk sín og rækja skyldur sínar að öllu leyti. Samviska manna ein og sér dugar oft skammt til að taka skynsamlegar ákvarðanir og greiða úr erfiðum siðferðisvanda. Þess vegna er nauðsynlegt að leiða hugann skipulega að skyldum sínum til þess að styrkja og leiðbeina samviskunni eftir því sem kostur er.

Siðferði er félagslegt kerfi.

Þekking á siðferðinu er nauðsynleg í þessu skyni. Siðferði er félagslegt kerfi hliðstætt tungumálinu og hagkerfinu. Það reynir á siðferðið í öllum mannlegum samskiptum og sé það alvarlega spillt eða vanþroskað fer allt úrskeiðis í mannfélaginu.

Siðferðinu sem félagslegu kerfi má skipta í þrjá þætti sem eru samofnir í veruleikanum. Einn þátturinn eru siðareglur sem skiptast í boð og bönn. Annar þátturinn eru dyggðir og lestir. Þriðji þátturinn er verðmæti og gildismat. Um alla þessa þætti getur okkur skjátlast. Við getum talið slæma siðareglu vera réttmæta, löst vera dyggð og gott vera vont. Þá tökum við rangar ákvarðanir, eins og iðulega gerist í stjórnmálum og viðskiptum.

Meginhlutverk boða og banna er að standa vörð um verðmæti og tryggja það að fólk spilli ekki gæðum af einhverju tagi. Auk þess er það hlutverk siðareglna að vísa fólki veg dyggðar og bjarga því frá löstunum.

Meðferð gæða er siðferðismál.

Öll verðmæti eru til umræðu í siðfræði því að meðferð allra gæða er í sjálfu sér siðferðislegt mál. Raunar er víðtækasta hugtak siðfræðinnar *réttlætið*, enda varðar það útdeilingu gæðanna.

Gæðum er gjarnan skipt í veraldleg, andleg og siðferðileg gæði, en það eru þau verðmæti sem siðfræðin fjallar sérstaklega um.

Veraldargæðin eru takmörkuð og hverful. Þau eiga ekki að vera takmark í sjálfu sér. Þeir sem sækjast mest eftir veraldargæðum verða ekki hamingjusamir, því þeir geta aldrei fullnægt þörfinni.

Andlegu gæðin tengjast vísindum, listum og leikjum. Þau eru eilíf og varanleg og geta verið markmið í sjálfu sér. Siðferðisgæðin koma sérstaklega við sögu varðandi meðferð veraldargæða og aðgang að andlegu gæðunum.

Víðtækasta hugtakið er *réttlætið* sem nær yfir öll hugsanleg mannleg samskipti. Siðareglur eru mótaðar til að hjálpa okkur að kveða upp dóma um rétt og rangt á öllum hugsanlegum mannlegum sviðum.

Það ber að líta á sérhverja manneskju sem dýrmæta í sjálfu sér, hvernig sem fyrir henni er komið og hvað sem hún hefur gert af sér. Þetta liggur mannréttindunum til grundvallar og er ákaflega mikilvægt í nútímaþjóðfélagi. Krafan er sú að þetta hugtak um mannhelgi verði alls staðar viðtekið.

Vinátta er uppspretta réttlætis.

Aristóteles sagði að vináttan væri uppspretta réttlætisins. Einungis meðal sannra vina ríkti réttlæti. Sannir vinir virtu enn fremur frelsi og sjálfræði, bæði sitt eigið og annarra. Að hugsa siðferðilega væri að temja sér að bera vinarhug til allra manna. Það sem máli skipti fyrir gott siðferði að fólk læri að koma fram við aðra sem vini þótt þeir séu ekki nánir persónulegir vinir.

Meginrökin fyrir því að ranglæti borgi sig ekki eru þau að sá sem gerir sig sekan um ranglæti skaðar sjálfan sig, spillir sjálfum sér og lítilsvirðir sjálfan sig. Hann er óvinur sjálfs sín. Hann eyðileggur möguleika sína á góðum mannlegum samskiptum og getur því ekki orðið hamingjusamur.

Frægastur allra lasta er ofmetnaðurinn, líka kallaður hroki og dramb. Hann er kannski þeirra áhrifamestur og lúmskastur því hann gerist oft af góðum verkum, þegar menn hreykja sér af þeim. Öfund er náskyldur löstur, einnig eigingirni, ágirnd og níska.

Að vera siðferðisvera er að berjast við lestina. Oft þurfum við á hjálp að halda við það, jafnvel einhvers konar meðferð, og sennilega fáum við að sjá fleiri og fjölbreyttari meðferðarstofnanir spretta upp á næstu árum.

Siðaregla er ekki lagaregla.

Siðfræðingar hafa leitast við að móta mælikvarða sem gætu hjálpað okkur til að skera úr um hvaða siðaregla er góð og gild og hver ekki.

Immanuel Kant sagði að það að hugsa siðferðilega væri að breyta einungis eftir þeirri siðareglu sem þú jafnframt gætir viljað að væru almenn lög. Um leið og maður tæki ákvörðun ætti hann að spyrja sig einfaldrar spurningar sem væri þessi: Hvað mundi gerast ef allir gerðu eins og ég? Við eigum að líta á málið þannig að með breytni okkar séum við að gefa mannkyni öllu fordæmi. Hver maður væri eins konar löggjafi sem tæki mið af hagsmunum allra og hefði alla þessa gífurlegu ábyrgð gagnvart öðrum.

Hér er rétt að minna á mikilvægan greinarmun á lagareglu og siðareglu. Siðaregla er ekki lagaregla. Siðareglan verður til í mannlegum samskiptum og hana uppgötvum við en setjum ekki með sama hætti og lög eru sett.

Tilgangur þess að skrá siðareglur er að hjálpa fólki til að stunda störf sín betur og bæta siðferði stéttarinnar. Reglurnar má flokka í þrennt:

1. Reglur sem minna á tilgang starfsins.
2. Reglur sem kveða á um bróðurlegar og systurlegar skyldur starfsfélaga um samhjálp og stuðning.
3. Reglur sem lúta almennu siðgæði.

Markmið skráningar á siðareglum.

Fyrsta markmiðið með skráningunni er því að komast að því hverjar skyldurnar eru. Annað markmiðið er að styrkja og leiðrétta samvisku einstaklingsins. Kostir skráningar eru þeir að fagfélagið getur tryggt samheldni félagsins í því skyni að láta til sín taka út á við og hafa góð áhrif á samfélagið. Fagfélög ættu að verða fyrst til þess að grípa í taumana þegar eitthvað fer úrskeiðis í þjóðfélaginu.

Fagfélög eiga að vera á undan löggjafanum að setja reglur og um leið eru þau óháð honum og geta gagnrýnt hann. Þetta er mikilvægt í dag. Löggjafinn krukkar í öll mál og sérfræðingar hafa þekkingu umfram það sem stjórnvöld hafa og bera þar af leiðandi ábyrgð gagnvart þjóðfélaginu. Einkenni á öllum ríkjum veraldar er að þau skeyta ekki um siðferði því þau vilja stjórna með lögum. Siðferði er ekki ákvörðunaratriði stjórnvalda heldur nokkuð sem allar manneskjur eiga þátt í að móta. Ókostir reglusköpunar geta verið þeir að reglurnar ali á sjálfumgleði fólks í stéttinni. Tilvist hinna skráðu reglna væri skoðuð sem sönnun þess að siðferðið sé í himnalagi. Skráning reglna getur þá orðið til þess að kynda undir hræsni og tvöfeldni.

Þessi hætta er samt óveruleg og í sannleika sagt er miklu líklegra að skráning reglnanna vinni gegn yfirbreiðslu og óheilindum sem setja mark sitt á siðferði manna og einkenna því miður stundum heilu stéttirnar.

190. Svar [57. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sighvats Björgvinssonar um kjarasamninga á vegum ríkis og ríkisstofnana eftir 21. febrúar sl.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Við hvaða stéttarfélög eða starfshópa hafa verið gerðir kjara- eða ráðningarsamningar á vegum ríkisins og stofnana þess eftir 21. febrúar sl.?*
2. *Hvaða hækkanir hafa orðið á grunnkaupi við þá samningsgerð?*
3. *Hefur verið samið um hækkun á greiðslum, svo sem fyrir fasta yfirvinnu, gæslu- eða bakvaktir, álagsgreiðslur eða aðrar slíkar greiðslur í þeim samningum, og ef svo er, hvaða áhrif hefur það haft til hækkunar á launakostnaði vegna þeirra sem þess njóta?*
4. *Hefur verið samið um launaflokkatilfærslur, uppfærslu starfsheita, ný starfsheiti eða aðrar sambærilegrar kjaralegar ráðstafanir og hvaða áhrif hefur það þá haft á launakostnað vegna þeirra sem þess njóta?*

Í fylgiskjali I er skrá frá 27. október sl. yfir viðsemjendur samninganefndar ríkisins (SNR) árið 1995 (103) og kjarasamninga sem við þá eru gerðir (114) auk skrár er varðar samninga annarra (9) sem beitt er við launaútreikninga opinberra starfsmanna.

Rétt er að taka fram að þegar svar þetta er undirbúið á samninganefndin enn eftir að semja við um tug viðsemjenda, þar af fjögur aðildarfélög BHM. Þessi félög eru í skránni ýmist stjörnumerki eða sett [1] fyrir framan heiti viðsemjanda. Liggi útreikningur nýgerðs samnings ekki fyrir er talan [2] fyrir framan heitið.

Með töflu í fylgiskjali II er reynt að svara 2. og 4. lið fyrirspurnarinnar þar sem annars vegar er spurt um grunnkaupshækkanir og hins vegar um kostnaðaráhrif „launatilfærslna, uppfærslu starfsheita, nýrra starfsheita eða annarra sambærilegra kjaralegra ráðstafana".

Í þriðja lið fyrirspurnarinnar er spurt hvort samið hafi verið um hækkun á þar tilteknum greiðslum og ef svo er hver áhrif það hafi haft til hækkunar á launakostnaði.

Vegna þessa þáttar skal tekið fram að þeir hlutar kjarasamninganna, sem fjalla um vaktavinnu, yfirvinnu eða aðra álagsþætti, eru óbreyttir frá fyrri samningum. Þó var samið við Starfsmannafélag ríkisstofnana og Félag íslenskra símamanna um hækkun á yfirvinnuprósentu úr 1% í 1,0385% gegn brottfalli kaffitíma síðdegis. Félög þessi voru meðal fárra sem enn höfðu hina lægri prósentu og er þetta metið sem kaup kaups.

Hér skal að lokum til almennrar upplýsingar um þróun kjaramála minnt á kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna og ársfjórðungslegar útgáfur hennar, nú síðast fréttarit nr. 13 þar sem fram kemur fróðleikur um dagvinnulaun, yfirvinnulaun, önnur laun, heildarlaun og kaupmáttarþróun hjá starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga.

Fylgiskjal I.

Viðsemjendur samninganefndar ríkisins árið 1995.
(27. október 1995.)

1 BSRB — Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (37)
1.1 Ríkisstarfsmannafélög (14)
1.2 Starfsmannafélög sveitarfélaga (23)
1.2.1 Félög í samningslegu samfloti (18)
1.2.2 Félög utan samflots (5)
2 BHMR — Bandalag háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins (25)
3 KÍ — Kennarasamband Íslands (1)
4 Stéttarfélög ríkisstarfsmanna utan bandalaga (5)
5 ASÍ — Alþýðusamband Íslands (25)
5.1 Landssambönd (17)
5.1.1 Landssamband iðnverkafólks (1)
5.1.2 Rafiðnaðarsamband Íslands (1)
5.1.3 Samiðn — samband iðnfélaga (1)
5.1.4 Sjómannasamband Íslands (2)
5.1.5 Verkamannasamband Íslands (11)
5.1.6 Þjónustusamband Íslands (1)
5.2 Svæðasambönd (4)
5.2.1 Alþýðusamband Suðurlands (1)
5.2.2 Alþýðusamband Austurlands (1)
5.2.3 Alþýðusamband Norðurlands (1)
5.2.4 Alþýðusamband Vestfjarða (1)
5.3 Félög með beina aðild (3)
5.4 Starfshópar (1)
6 FFSÍ — Farmanna- og fiskimannasamband Íslands (4)
7 Stéttarfélög utan ASÍ og FFSÍ (6)

Fjöldi viðsemjenda er samtals **103** (tölur í svigum).

Kjarasamningar eru alls **114** (þar sem gerðir eru fleiri en einn samningur við aðila er þeirra getið undir heiti viðsemjenda SNR).

Kjarasamningar við ASÍ-félög, sem ekki hafa verið endurnýjaðir af SNR eftir verkaskiptalögin frá 1989, eða af öðrum ástæðum þarf að endurnýja með samningi við SNR, eru stjörnumerktir ***.

Þau félög sem ósamið er við eru merkt [1] og þau sem samið hafa en samningar eru óafgreiddir eru merkt [2].

1 BSRB — Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (37)
1.1 Ríkisstarfsmannafélög (14)
Félag flugmálastarfsmanna ríkisins
Félag íslenskra símamanna
Félag starfsmanna Stjórnarráðsins
Félag íslenskra leikskólakennara

[2] Landssamband lögreglumanna
Landssamband slökkviliðsmanna
Leikarafélag Íslands
Ljósmæðafélag Íslands
Póstmannafélag Íslands
Sjúkraliðafélag Íslands
Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins
Starfsmannafélag sjónvarps
Starfsmannafélag ríkisstofnana
Tollvarðafélag Íslands

1.2 Starfsmannafélög sveitarfélaga (23)

1.2.1 Félög í samningslegu samfloti (18)

Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi
Félag opinberra starfsmanna í Húnavatnssýslum
Félag opinberra starfsmanna á Suðurlandi
Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum
Starfsmannafélag Akureyrarbæjar
Starfsmannafélag Austur-Skaftafellssýslu
Starfsmannafélag Borgarbyggðar
Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu
Starfsmannafélag Dalvíkurbæjar
Starfsmannafélag Hafnarfjarðar
Starfsmannafélag Húsavíkurkaupstaðar
Starfsmannafélag Kópavogskaupstaðar
Starfsmannafélag Neskaupstaðar
Starfsmannafélag Sauðárkróks
Starfsmannafélag Selfosskaupstaðar
Starfsmannafélag Seltjarnarness
Starfsmannafélag Siglufjarðarbæjar
Starfsmannafélag Vestmannaeyjakaupstaðar

1.2.2 Félög utan samningslegs samflots (5)

Starfsmannafélag Akraness
Starfsmannafélag Garðabæjar
Starfsmannafélag Keflavíkurbæjar
[2] Starfsmannafélag Ólafsfjarðarkaupstaðar
Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar

2 BHMR — Bandalag háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins (25)

[1] Dýralæknafélag Íslands
Félag bókasafnsfræðinga
Félag fréttamanna
Félag háskólakennara
Félag háskólakennara á Akureyri
Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins
[1] Félag íslenskra fræða
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga
Félag íslenskra náttúrufræðinga
Stéttarfélag sjúkraþjálfara í ríkisþjónustu

Félag tækniskólakennara
Kjaradeild Félags íslenskra félagsvísindamanna
Hið íslenska kennarafélag
Kjarafélag iðjuþjálfa
Kennarafélag Kennaraháskóla Íslands
[1] Kjarafélag arkitekta
Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga
[1] Læknafélag Íslands (fastráðnir læknar)
Matvæla- og næringarfræðingafélag Íslands
Meinatæknafélag Íslands
Röntgentæknafélag Íslands
[2] Stéttarfélag sálfræðinga á Íslandi
[2] Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa
Stéttarfélag lögfræðinga í ríkisþjónustu
Útgarður, félag háskólamanna

3 KÍ — Kennarasamband Íslands (1)
Kennarasamband Íslands

4 Stéttarfélög ríkisstarfsmanna utan bandalaga (5)
[1] Félag íslenskra flugumferðarstjóra
Kjarafélag tæknifræðinga
Læknafélag Íslands (lausráðnir læknar)
[1] Starfsmannafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands
Stéttarfélag verkfræðinga

5 ASÍ — Alþýðusamband Íslands (25)

5.1 Landssambönd (17)

5.1.1 Landssamband iðnverkafólks (1)
Iðja, félag verksmiðjufólks á Akureyri

5.1.2 Rafiðnaðarsamband Íslands (1)
Rafiðnaðarsamband Íslands

5.1.3 Samiðn — samband iðnfélaga (1)
Samiðn — samband iðnfélaga

5.1.4 Sjómannasamband Íslands (2)
Matsveinafélag Íslands
Sjómannafélag Reykjavíkur
v. Hafrannsóknastofnunar
v. Landhelgisgæslu Íslands

5.1.5 Verkamannasamband Íslands (11)
Verkakvennafélagið Framsókn
v. ræstingar Iðnskólans í Reykjavík
v. ræstingarstarfa í Kópavogi ***
Verkakvennafélagið Framtíðin
v. sjúkra- og meðferðarstofnana
v. ræstingarstarfa
Verkakvennafélagið Snót ***
Verkalýðsfélag Akraness
v. Sjúkrahúss Akraness
v. ræstingarstarfa ***

Verkalýðsfélag Húsavíkur
Verkalýðsfélagið Eining
v. sjúkra- og meðferðarstofnana
v. ræstingarstarfa í M.A.
v. ýmissa ræstingarstarfa o.fl. ***
Verkalýðsfélagið Þór
Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur ***
Verkamannafélagið Dagsbrún
Verkamannasamband Íslands

5.1.6 Þjónustusamband Íslands (1)
Félag matreiðslumanna (v. bryta hjá LHG)

5.2 Svæðasambönd (4)

5.2.1 Alþýðusamband Suðurlands

5.2.2 Alþýðusamband Austurlands

5.2.3 Alþýðusamband Norðurlands
v. sjúkrastofnana
v. meðferðarstofnana

5.2.4 Alþýðusamband Vestfjarða
v. sjúkra- og meðferðarstofnana
v. ræstingarstarfa ***

5.3 Félög með beina aðild (3)
[1] Félag íslenskra hljómlistarmanna
v. hljóðfæraleiks í Þjóðleikhúsi
v. Sinfóníuhljómsveitar Íslands (lausráðnir)
Flugvirkjafélag Íslands
Starfsmannafélagið Sókn

5.4 Starfshópar (1)
Landverðir náttúruverndarráðs

6 FFSÍ — Farmanna- og fiskimannasamband Íslands (4)
Félag bryta
Skipstjóra- og stýrimannafélagið Aldan
v. skipstjóra hjá Hafrannsóknastofnun
v. stýrimanna hjá Hafrannsóknastofnun
Skipstjórafélag Íslands
Stýrimannafélag Íslands

7 Stéttarfélög utan ASÍ og FFSÍ (6)
Félag íslenskra atvinnuflugmanna
Félag íslenskra leikara
Félag leikstjóra á Íslandi
Verkstjórafélagið Þór
Verkstjórasamband Íslands
Vélstjórafélag Íslands
v. Hafrannsóknastofnunar
v. Landhelgisgæslu Íslands

Kjarasamningar í launakerfi ríkisins árið 1995 utan samningssviðs samninganefndar ríkisins:

1 **Forsætisnefnd Alþingis**
Félag starfsmanna Alþingis
Starfsmannafélag Ríkisendurskoðunar
2 **VSÍ — Vinnuveitendasamband Íslands**
Félag matreiðslumanna (fyrir aðra en starfsmenn LHG)
Rafiðnaðarsamband Íslands v. Rarik
Vélstjórafélag Íslands v. Rarik
3 **Apótekarafélag Íslands**
Stéttarfélag íslenskra lyfjafræðinga

Kjarasamningar í launakerfi ríkisins árið 1995 sem eru á samningssviði samninganefndar ríkisins en gerðir af einstaka ríkisstofnunum:

4 **Landhelgisgæsla Íslands**
Kafarar LHG (19. október 1995)

Kjarasamningar utan launakerfis ríkisins árið 1995 sem eru á samningssviði SNR en gerðir af einstaka ríkisstofnunum:

5 **Ríkisútvarpið**
Félag leikstjóra á Íslandi (2. desember 1994)
Félag íslenskra leikara (23. október 1995)

Fylgiskjal II.

Vegin meðalhækkun kjarasamninga 1995.

Bandalag	Fjöldi stéttar-félaga	Vegin taxta-hækkun	Vegin önnur hækkun	Vegin heildar-hækkun	Ársverk* dagvinna 1995
ASÍ — BA	2	15,00%		15,00%	632
ASÍ — LI	1	12,39%		12,39%	6
ASÍ — RÍ	4	7,21%		7,20%	291
ASÍ — SI	12	14,53%		14,53%	85
ASÍ — SÍ	2	12,88%		12,88%	89
ASÍ — VMSÍ	57	13,59%		13,59%	1.491
ASÍ	**78**	**13,22%**	[1]	**13,22%**	**2.593**
BHMR	18	5,30%	2,70%	8,15%	3.045
BHMR — HÍK	1	6,19%	12,18% [2]	19,12%	982
BHMR	**19**	**5,52%**	**5,01%**	**10,83%**	**4.026**
BSRB — R	13	9,42%	0,80%	10,29%	7.354
BSRB — SV	16	7,67%	2,05%	9,88%	126
BSRB — SV — U	4	7,77%	2,49%	10,45%	46
BSRB	**33**	**9,38%**	**0,84%**	**10,29%**	**7.526**
FFSÍ	5	11,55%		11,55%	38
FFSÍ	**5**	**11,55%**	[3]	**11,55%**	**38**
KÍ	1	6,20%	12,84%	19,84%	3.563
KÍ	**1**	**6,20%**	**12,84%** [4]	**19,84%**	**3.563**
Utan — A	13	14,35%	0,34%	14,73%	177
Utan — R	4	9,21%	2,23%	11,63%	965
Utan	**17**	**10,01%**	**1,94%**	**12,11%**	**1.141**
Alls	**153** [5]	**8,53%**		**12,72%**	**18.887**
Án kennara	**151**	**9,26%**		**10,51%**	**14.343**

* Ársverk í dagvinnu fyrstu tíu mánuði þessa árs eru notuð sem vog, en í dálknum er búið að uppreikna ársverkin miðað við heilt ár.

[1] Vegna breytinga í launabókhaldi er ekki mögulegt að draga „aðrar hækkanir“ út úr sérstaklega.

[2] Þar af vega aukin kaup á vinnuframlagi 3,95%.

[3] Einungis samið um taxtahækkun.

[4] Þar af vega aukin kaup á vinnuframlagi 3,95%.

[5] Mismunandi fjöldi stéttarfélaga í fylgiskjali I og II skýrist af því að sami kjarasamningur getur átt við fleiri en eitt félag.

Skýringar á skammstöfunum bandalaga:

ASÍ **Alþýðusamband Íslands**
- BA Félög með beina aðild
- LI Landssamband iðnverkamanna
- RÍ Rafiðnaðarsamband Íslands
- SI Samiðn
- SÍ Sjómannasamband Íslands
- VMSÍ Verkamannasamband Íslands

BHMR **Bandalag háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins**
- HÍK Hið íslenska kennarafélag

BSRB **Bandalag starfsmanna ríkis og bæja**
- R Ríkisstarfsmannafélög
- SV Starfsmannafélög sveitarfélaga í samfloti
- SV—U Starfsmannafélög sveitarfélaga utan samflots

FFSÍ **Farmanna- og fiskimannasamband Íslands**

KÍ **Kennarasamband Íslands**

UTAN **Stéttarfélög utan bandalaga**
- A Stéttarfélög utan ASÍ og FFSÍ
- R Ríkisstarfsmenn utan bandalaga

191. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, með síðari breytingum.

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur haft til meðferðar frumvarp til laga sem felur í sér svæðisbundið ákvæði þess efnis að sveitarfélögum á Vestfjörðum sé heimilt að sameinast ef sú tillaga sem liggur fyrir um sameiningu sex sveitarfélaga verður samþykkt í ⅔ sveitarfélaganna og að því tilskildu að þar búi ⅔ íbúanna. Ef tillagan verður felld í einu eða tveimur sveitarfélögum eru ýmsir möguleikar á samsetningu nýs sveitarfélags og niðurstaðan kann að verða einhver allt önnur en kosið var um. Þó er ljóst að Ísafjörður, sem er langstærsta sveitarfélagið, leikur lykilhlutverk í sameiningunni.

Minni hluta nefndarinnar þykir orka tvímælis að veita slíka svæðisbundna heimild í lögum og jafnframt er það lýðræðislegur réttur íbúanna að fá að greiða atkvæði um nýja tillögu verði upprunalega tillagan ekki samþykkt, enda gæti niðurstaðan orðið einhver allt önnur en atkvæði voru greidd um. Hins vegar er ljóst að tímabundna heimild til sameiningar án nýrrar atkvæðagreiðslu var að finna í sveitarstjórnarlögum þegar síðasta lota

sameiningar átti sér stað árið 1993, en sú heimild náði til alls landsins. Þá liggur fyrir að sú tillaga til lagabreytingar sem hér um ræðir er flutt að beiðni samstarfsnefndar sveitarfélaganna sex og að baki henni eru allar sveitarstjórnirnar á svæðinu sem samþykkt hafa tillögu um sameiningu samhljóða. Sökum þessarar beiðni vilja undirritaðir nefndarmenn ekki greiða atkvæði gegn frumvarpinu og munu sitja hjá við afgreiðslu þess.

Alþingi, 16. nóv. 1995.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm. Bryndís Hlöðversdóttir.

192. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Húnboga Þorsteinsson skrifstofustjóra og Sesselju Árnadóttur deildarstjóra frá félagsmálaráðuneyti, Jón G. Tómasson ríkislögmann og Þórð Skúlason, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fulltrúar félagsmálaráðuneytisins upplýstu að tilmæli um þá málsmeðferð sem lögð er til í frumvarpinu væru komin frá sveitarstjórnum þeirra sex sveitarfélaga á Vestfjörðum þar sem greiða á atkvæði um sameiningu. Upplýsingar lágu fyrir um að samstarfsnefnd allra sex sveitarfélaganna samþykkti samhljóða á fundi sínum 23. september sl. tillögu um að yrði tillaga samstarfsnefndarinnar um sameiningu ekki samþykkt í öllum sveitarfélögunum, en þó með meiri hluta greiddra atkvæða í a.m.k. ⅔ þeirra, væri hlutaðeigandi sveitarstjórnum heimilt að ákveða sameiningu þeirra sveitarfélaga sem samþykkt hefðu sameininguna. Í kjölfarið var tillagan síðan samþykkt í sveitarstjórnunum. Sveitarfélögin, sem hér um ræðir, eru Þingeyrarhreppur, Flateyrarhreppur, Mosvallahreppur, Mýrahreppur, Suðureyrarhreppur og Ísafjarðarkaupstaður. Atkvæðagreiðsla um sameiningu sveitarfélaganna var upphaflega fyrirhuguð 11. nóvember 1995, en henni hefur verið frestað til 2. desember nk. Rökstuðningur samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaganna sex fyrir því að óska eftir þessari lagabreytingu kemur fram í fundargerð nefndarinnar frá 23. september með eftirfarandi hætti:

„Ástæða þess að samstarfsnefndin gerir þessa tillögu til sveitastjórnanna er sú að nefndin er sammála um nauðsyn þess að af sameiningu umræddra sveitarfélaga geti orðið og það sem fyrst. Fjárhagur, íbúaþróun, bættar samgöngur og ótal fleiri þættir knýja mjög á um að um þetta mál náist góð samstaða.

Það er mat samstarfsnefndarinnar að sá möguleiki sé vissulega fyrir hendi að íbúar eins eða tveggja sveitarfélaga geti fellt tillögu nefndarinnar. Að óbreyttum lögum yrði þá að hefja nýja tillögugerð og efna til nýrra kosninga. Flest bendir til að verulegur drátt-ur yrði á því að kosið yrði um nýja tillögu og vafamál að umboð samstarfsnefndarinnar yrði framlengt af viðkomandi sveitarstjórnum. Ef af setningu framangreinds laga-ákvæðis yrði sem heimilaði undanþágu frá 109. gr. sveitastjórnarlaga væri sá möguleiki opinn að orðið gæti af sameiningu þeirra sveitarfélaga þar sem tillagan hefði verið sam-

þykkt. Mat samstarfsnefndar er að þetta gæti leitt til sameiningar nokkurra sveitarfélaga. Í þeirri stöðu verður að gera ráð fyrir því að viðkomandi sveitarstjórnir hæfu strax samráð um hvernig málum þeirra sveitarfélaga yrði skipað á næsta ári, a.m.k. fram til þess dags er kosið yrði til nýrrar sveitarstjórnar í nýju sveitarfélagi.“

Meiri hluti nefndarinnar tekur undir þessa eindregnu ósk heimamanna og mælir því með að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „11. nóvember 1995“ í 1. gr. komi: 2. desember 1995.

Pétur H. Blöndal og Arnbjörg Sveinsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. nóv. 1995.

Einar K. Guðfinnsson, frsm. Kristján Pálsson. Magnús Stefánsson.

Gunnlaugur M. Sigmundsson. Rannveig Guðmundsdóttir.

193. Tillaga til þingsályktunar [159. mál]

um öruggar samgöngur milli norður- og suðurhluta Vestfjarða.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Einar K. Guðfinnsson, Gunnlaugur M. Sigmundsson, Ólafur Hannibalsson, Kristinn H. Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að kanna með hvaða hætti tryggja megi öruggar heilsárssamgöngur milli norður- og suðurhluta Vestfjarða. Sérstaklega verði skoðað hvort unnt er að koma við vöruflutningum á sjó, svo sem fiskflutningum, yfir vetrarmánuðina þegar vegir á landi eru lokaðir og hvernig tryggja megi flug með póst og farþega milli svæðanna. Við athugun þessa skal hafa samráð við sveitarstjórnir á Vestfjörðum og samgöngufyrirtæki þar, svo og þá aðila sem sjá um samgöngur til og frá Vestfjörðum.

Greinargerð.

Samgöngur á Vestfjörðum hafa löngum verið erfiðleikum háðar. Vestfirðir eru sá landshluti sem síðast allra komst í samband við aðalakvegakerfi landsins og því vegasambandi er enn stórlega ábótavant. Enn eru mörg ár þar til norðursvæði Vestfjarða kemst í öruggt heilsárs vegasamband við hringveginn svokallaða. Það verður ekki fyrr en lokið er vegagerð í Ísafjarðardjúpi. Sömu sögu er að segja um suðursvæði Vestfjarða. Vegir í Austur-Barðastrandarsýslu, sem tengja suðursvæði Vestfjarða við þjóðvegi landsins, eru lokaðir stóran hluta ársins. Flóabáturinn Baldur hefur hins vegar verið þjóðbraut fólksins á sunnanverðum Vestfjörðum, a.m.k. yfir vetrarmánuðina, og segja má að fyrir hans tilverknað séu íbúar svæðisins í sambandi við þjóðvegakerfi landsins jafnt vetur sem sumar. Vestfirðingar eru því mjög háðir flutningum í lofti, einkum með fólk, og

voru lengur en aðrir landsmenn háðir vöruflutningum á sjó, eins og sjá má af því að oft voru fluttar tillögur á Alþingi um sérstakt Vestfjarðaskip þegar draga fór úr sjóflutningum vegna þess að aðrir landshlutar áttu auðveldara með að njóta flutninga á landi en Vestfirðingar.

Upp á síðkastið hefur þetta þó verið að breytast á Vestfjörðum hvað vöruflutninga varðar en þeir eru nú að langmestu leyti stundaðir með flutningabifreiðum þrátt fyrir langa og oft erfiða landleið og slæmt vegasamband. Mest umskiptin í samgöngumálum á landi á Vestfjörðum hafa þó orðið sökum mikilla vegaframkvæmda hin síðari ár sem hafa það að markmiði að tengja byggðirnar á norðanverðum og á sunnanverðum Vestfjörðum. Með framkvæmdum í Óshlíð og Súðavíkurhlíð, við jarðgöng undir Breiðadals- og Botnsheiði og við brýr yfir Önundarfjörð og Dýrafjörð eru tryggðar greiðar heilsárs vegasamgöngur milli þéttbýliskjarnanna á norðanverðum Vestfjörðum og eru það mikil umskipti því vegir á þessu svæði voru oft lokaðir lungann úr vetrinum. Sama hefur gerst á suðursvæðinu með gerð nýs vegar frá Patreksfirði um Kjöl til Tálknafjarðar og yfir Hálfdán til Bíldudals. Er þá aðeins eftir gerð nýs vegar yfir Kleifaheiði og endurbætur á veginum um Barðaströnd til þess að hægt sé að segja að sunnanverðir Vestfirðir séu komnir í gott og öruggt heilsárs vegasamband. Þessar miklu framkvæmdir hafa ekki aðeins orðið til þess að gerbreyta aðstæðum í samgöngumálum á umræddum svæðum Vestfjarða heldur hafa þær einnig haft það í för með sér að atvinnufyrirtæki á svæðunum, ekki síst útgerð og fiskvinnsla, hafa getað stóraukið samstarf sitt, t.d. með flutningi á fiski til vinnslu á milli staða og með flutningi á fólki til vinnu. Enginn vafi er á því að þessar vegaframkvæmdir hafa beinlínis orðið til þess að styrkja atvinnulífið á Vestfjörðum og afstýra áföllum sem ella hefðu orðið, enda var það einmitt ástæða þess að þáverandi ríkisstjórn ákvað að gera sérstakt átak í vegamálum með lagningu vegarins yfir Hálfdán milli Tálknafjarðar og Arnarfjarðar. Sú framkvæmd hefur sannað sig á undanförnum missirum og sama verður án efa reynslan af jarðgöngunum undir Breiðadals- og Botnsheiði sem seint á þessu ári verða opnuð fyrir umferð til bráðabirgða.

Akvegasamband er hins vegar ekki milli suður- og norðursvæða Vestfjarða nema yfir sumarmánuðina. Vöruflutningar á sjó milli þessara svæða eru svo til engir og yfir vetrartímann hefur því aðeins verið um að ræða samgöngur í lofti en Flugfélagið Ernir á Ísafirði hefur haldið uppi reglulegu áætlunar- og póstflugi milli þéttbýlisstaða á Vestfjörðum. Með tilkomu jarðganganna hefur hins vegar verið ákveðið að fella niður póstflug milli þéttbýlisstaðanna á norðanverðu svæðinu og kippir það grundvellinum undan flugsamgöngunum milli suður og norðurhluta Vestfjarða. Rekstur sjúkraflugs frá Ísafirði er þá í mikilli hættu en flugfélagið Ernir hefur að jafnaði farið um 200 sjúkraflug á ári og er það ómissandi fyrir öryggi fólks í þessum strjálbýla fjórðungi að hafa aðgang að sjúkraflugi í héraði þar sem flugmenn eru mjög staðkunnugir og hafa langa reynslu að baki. Falli reglubundið áætlunarflug milli norður- og suðurhluta Vestfjarða niður verða engar beinar samgöngur milli svæðanna stóran hluta ársins. Allt samstarf og gagnkvæm þjónusta milli svæðanna verður þá erfið en mikil samvinna er milli þessara svæða, svo sem í málefnum sveitarfélaga, heilbrigðismálum og skólamálum.

Þá er rétt að benda á að svo til engir flutningar aðrir geta átt sér stað milli svæðanna nema yfir sumarmánuðina. Það kemur t.d. í veg fyrir að hægt sé að miðla afla til vinnslu milli staða á sunnanverðum Vestfjörðum annars vegar og staða á norðanverðum Vestfjörðum hins vegar. Slík aflamiðlun mundi án efa geta styrkt atvinnulíf í landshlutanum og auðveldað enn frekari samvinnu fyrirtækja, í sjávarútvegi og öðrum greinum. Því væri ekki úr vegi að skoða hvort ekki gæti orðið um að ræða samgöngur á sjó, t.d. milli Flat-

eyrar eða Þingeyrar á norðanverðu svæðinu og t.d. Bíldudals á því sunnanverðu yfir vetrarmánuðina. Djúpbáturinn Fagranesið sem nú virðist fá takmarkaðri verkefni á vetrum en áður gæti hentað mjög vel til slíkra flutninga auk annarra verkefna sem honum er ætlað að sinna. Rétt er að skoða málið og jafnvel gera tilraun með slíkan rekstur. Vissulega er hér um að ræða verkefni sem einkaaðilar hafa sinnt og sinna, svo sem Flugfélagið Ernir, Djúpbáturinn hf. og landflutningafyrirtæki í héraði, sem og Flugleiðir og Íslandsflug hvað varðar samgöngur til og frá Vestfjörðum. Hins vegar er nauðsynlegt að kanna, ekki síst nú þegar samgöngukostum fækkar, hvort ekki sé unnt með samstarfi allra þessara aðila og hugsanlega fleiri að tryggja sem best fólks- og vöruflutninga á Vestfjörðum allt árið um kring. Eðlilegt er að samgönguráðherra hafi frumkvæði að því að leiða aðila saman og leita heildstæðra lausna.

194. Frumvarp til sóttvarnalaga. [160. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

I. KAFLI
Skilgreiningar.

1. gr.

Almennar sóttvarnir eru þær ráðstafanir sem lög þessi kveða á um að ávallt skuli beita vegna smitsjúkdóma.

Opinberar sóttvarnir eru þær ráðstafanir sem skal beita vegna hættulegra smitsjúkdóma:

1. þegar hætta er á að farsóttir berist til eða frá Íslandi,
2. þegar hætta er á útbreiðslu farsótta innan lands,
3. þegar smitaður einstaklingur skapar hættu á útbreiðslu smits með framferði sínu.

2. gr.

Með smitsjúkdómum í lögum þessum er átt við sjúkdóma eða smitun sem örverur, eiturefni (toxín) þeirra eða sníkjudýr valda.

3. gr.

Lög þessi fjalla um smitsjúkdóma sem valdið geta farsóttum og ógnað almannaheill og aðrar alvarlegar næmar sóttir.

Þeir smitsjúkdómar eru skráningarskyldir sem ráðherra ákveður með reglugerð að fengnum tillögum sóttvarnaráðs. Af skráningarskyldum smitsjúkdómum eru þeir tilkynningarskyldir sem ógnað geta almannaheill. Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum sóttvarnaráðs, hvaða smitsjúkdómar eru tilkynningarskyldir, sbr. 1. og 2. mgr. 9. gr.

Sóttvarnalæknir er ábyrgur fyrir því að haldin sé smitsjúkdómaskrá. Skráin tekur til smitsjúkdóma og ónæmisaðgerða, sbr. 2. tölul. 5. gr., og er til stuðnings sóttvarnastarfi og faraldsfræðirannsóknum. Gæta skal fyllsta trúnaðar um allar einkaupplýsingar sem þar koma fram.

Ráðherra skal setja reglugerð þar sem nánar er kveðið á um fyrirkomulag tilkynninga og skráninga.

II. KAFLI
Yfirstjórn sóttvarna.

4. gr.

Embætti landlæknis ber ábyrgð á framkvæmd sóttvarna undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra.

Til embættis landlæknis skal ráða lækni, sóttvarnalækni, til að sinna sóttvörnum. Læknir þessi skal hafa þekkingu á smitsjúkdómum og faraldsfræði þeirra.

Sóttvarnalæknir skal í starfi sínu hafa samvinnu við héraðslækna, aðra starfsmenn og stofnanir heilbrigðisþjónustunnar, heilbrigðisnefndir og yfirdýralækni eftir því sem við á.

Héraðslæknar eru ábyrgir fyrir sóttvörnum, hver í sínu héraði, undir stjórn sóttvarnalæknis.

Héraðslæknar og sóttvarnalæknir skulu hafa samstarf um framkvæmd nauðsynlegra sóttvarna og njóta aðstoðar lögregluyfirvalda ef með þarf.

5. gr.

Verksvið sóttvarnalæknis er aðallega eftirfarandi:

1. Að skipuleggja og samræma sóttvarnir og ónæmisaðgerðir um land allt, m.a. með útgáfu leiðbeininga um viðbrögð við farsóttum.
2. Að halda smitsjúkdómaskrá til að fylgjast með útbreiðslu smitsjúkdóma með öflun nákvæmra upplýsinga um greiningu þeirra frá rannsóknastofum, sjúkrahúsum og læknum.
3. Að koma upplýsingum um útbreiðslu smitsjúkdóma, innan lands sem utan, með reglubundnum hætti og eftir þörfum til lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna.
4. Að vera læknum og öðrum, sem við sóttvarnir fást, til ráðgjafar.
5. Að hafa umsjón með forvörnum gegn smitsjúkdómum, m.a. upplýsingum og fræðslu til almennings um þessi efni.

6. gr.

Ráðherra skal skipa sjö manna ráð, sóttvarnaráð, til fjögurra ára í senn. Þar skulu eiga sæti sérfræðingar á sviði smitsjúkdómalækninga, bakteríufræði, veirufræði, kynsjúkdóma og faraldsfræði/heilbrigðisfræði, heilsugæslulæknir og hjúkrunarfræðingur með sérþekkingu á sviði sóttvarna. Ráðherra skipar formann úr hópi ráðsmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Sóttvarnaráð mótar stefnu í málum sóttvarna og skal vera heilbrigðisyfirvöldum til ráðgjafar um aðgerðir til varnar útbreiðslu smitsjúkdóma.

Ráðið skal hafa aðsetur hjá embætti landlæknis og skal sóttvarnalæknir vera ritari þess.

III. KAFLI
Almennar sóttvarnaráðstafanir.

1. Skyldur einstaklinga.

7. gr.

Það er almenn skylda að gjalda sem mesta varúð við smitsjúkdómum og gera sér allt far um að sýkja hvorki sjálfan sig né aðra, að svo miklu leyti sem framkvæmanlegt er.

Hver sá sem hefur ástæðu til að halda að hann hafi smitast af smitsjúkdómi sem ógnað geti öðrum mönnum er skyldur að leita læknis án tafar. Leiði læknisrannsókn í ljós að um slíkan sjúkdóm sé að ræða er viðkomandi skyldur að fylgja fyrirmælum læknis um meðferð og ráðstafanir til að fyrirbyggja smitun.

Ef læknir telur mikilvægt að rekja smit til að hefta frekari útbreiðslu þess ber sjúklingi skylda til að veita nauðsynlegar upplýsingar um það af hverjum hann gæti hafa smitast, svo og hverja hann kann að hafa smitað. Komi læknirinn því ekki við ber honum að vísa sjúklingi til stofnunar sem aðstöðu hefur til að rekja smit. Skylt er hlutaðeigendum að hlýða fyrirmælum læknis um nauðsynlegar rannsóknir til varnar sóttnæmisútbreiðslu frá sjúklingi.

2. Skyldur lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna.

8. gr.

Læknar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn skulu í starfi sínu hafa vakandi auga með smitsjúkdómum og útbreiðslu þeirra.

9. gr.

Læknir, sem kemst að því í starfi sínu að einstaklingur hefur smitast af smitsjúkdómi sem samkvæmt lögum þessum er tilkynningarskyldur eða hefur rökstuddan grun um að svo sé, skal þegar í stað tilkynna það viðkomandi héraðslækni eða sóttvarnalækni.

Hliðstæð skylda hvílir á forstöðumönnum rannsóknastofa, sjúkradeilda og annarra heilbrigðisstofnana. Ráðherra setur reglugerð um starfsemi rannsóknastofa sem fást við rannsóknir á smitsjúkdómum sem lög þessi taka til. Þær rannsóknastofur skulu hafa starfsleyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Hlutaðeigandi aðilum er skylt að aðstoða viðkomandi héraðslækni og sóttvarnalækni, m.a. með því að veita upplýsingar sem þeir telja nauðsynlegar vegna sóttvarna.

10. gr.

Hafi læknir, sem hefur sjúkling til meðferðar sem haldinn er smitsjúkdómi, rökstuddan grun eða vitneskju um að sjúklingurinn fylgi ekki fyrirmælum sem honum voru sett um umgengni og meðferð skal hann tilkynna það þegar í stað til viðkomandi héraðslæknis eða sóttvarnalæknis.

3. Skyldur heilbrigðisfulltrúa og heilbrigðisnefnda.

11. gr.

Heilbrigðisfulltrúar og formenn heilbrigðisnefnda samkvæmt lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit skulu tilkynna viðkomandi héraðslækni eða sóttvarnalækni jafnskjótt og þeir hafa orðið varir við hugsanlega smithættu. Sóttvarnalæknir skal gefa heilbrigðisnefndum nauðsynlegar upplýsingar og ráð og hafa eftirlit með því að til viðeigandi ráðstafana sé gripið.

Heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúar skulu aðstoða við sóttvarnir og gefa nauðsynleg fyrirmæli um viðeigandi ráðstafanir ef hætta er á að dýr, matvæli, vatn, skolplagnir, loftræsting eða annað í umhverfinu dreifi eða geti dreift smitnæmum sjúkdómum.

IV. KAFLI
Opinberar sóttvarnaráðstafanir.

1. Sóttvarnaráðstafanir vegna hættu á farsóttum innan lands.

12. gr.

Ef tilkynningar til sóttvarnalæknis um smitsjúkdóma benda til að farsótt sé yfirvofandi skal hann þegar í stað gera heilbrigðisráðherra viðvart.

Ráðherra ákveður að tillögu sóttvarnaráðs hvort grípa skuli til opinberra sóttvarnaráðstafana, svo sem ónæmisaðgerða, einangrunar smitaðra, sótthreinsunar, afkvíunar byggðarlaga eða landsins alls, lokunar skóla eða samkomubanns. Sóttvarnalæknir eða héraðslæknar geta beitt slíkum vörnum til bráðabirgða án þess að leita heimildar fyrir fram ef þeir telja að hvers konar töf sé hættuleg, en gera skulu þeir ráðherra jafnskjótt kunnar ráðstafanir sínar.

Nánari ákvæði um opinberar sóttvarnaráðstafanir skal setja með reglugerð.

2. Sóttvarnaráðstafanir vegna hættu á farsóttum til eða frá Íslandi.

13. gr.

Um sóttvarnaráðstafanir, sem grípa má til vegna hættu á farsóttum frá útlöndum eða frá Íslandi til útlanda, skal setja reglugerð í samræmi við efni þeirra alþjóðasamninga Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem Ísland er aðili að.

3. Aðgerðir vegna hættu á útbreiðslu smits frá einstaklingum.

14. gr.

Nú telur sóttvarnalæknir er honum berst tilkynning um smitsjúkdóm að grípa þurfi til frekari ráðstafana en læknir hefur þegar gert til þess að fyrirbyggja eða hefta útbreiðslu smitunar sem ógnað getur almannaheill. Skal hann þá í samráði við héraðslækni sjá til þess að til slíkra aðgerða sé gripið. Getur hann og, ef þurfa þykir, leitað aðstoðar lögregluyfirvalda vegna aðgerða til varnar smiti. Héraðslæknir getur einnig gripið til slíkra aðgerða í forföllum sóttvarnalæknis.

Með aðgerðum er átt við læknisrannsókn, einangrun hins smitaða á sjúkrahúsi og aðrar nauðsynlegar ráðstafanir. Áður en gripið er til slíkra aðgerða skal ætíð reynt að leysa mál með öðrum hætti.

Ákvörðun sóttvarnalæknis eða héraðslæknis um aðgerðir af þessu tagi má kæra til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Kæra frestar ekki framkvæmd.

15. gr.

Ef maður, haldinn smitsjúkdómi, fellst ekki á að fylgja reglum um umgengni við aðra eða rökstuddur grunur er um að hann hafi ekki fylgt slíkum reglum getur sóttvarnalæknir ákveðið að hann skuli lagður inn á sjúkrahús í einangrun eða að hann skuli einangraður með öðrum hætti.

Telji sóttvarnalæknir nauðsynlegt að einangrun á grundvelli 14. eða 15. gr. vari lengur en tvo sólarhringa og ef framkvæmdin er í andstöðu við hinn smitaða skal sóttvarnalæknir þegar bera ákvörðunina skriflega undir héraðsdóm í því umdæmi sem hinn smitaði dvelst er einangrunar er krafist. Í kröfu sóttvarnalæknis skal koma fram ítarleg lýsing á málavöxtum og nauðsyn einangrunar og tiltekinn sá tími sem einangrun er ætlað að vara, auk annarra gagna sem málið kunna að varða. Dómari skal taka málið fyrir án tafar. Hann skal gefa varnaraðila kost á að skýra mál sitt og getur krafið varnaraðila um gögn til stuðnings kröfu hans. Dómari getur einnig aflað gagna af sjálfsdáðum. Dómari kveður síðan upp úrskurð um hvort einangrun skuli haldast eða hún falli niður. Einangrun má ekki vara lengur en 15 sólarhringa í senn en ef sóttvarnalæknir telur nauðsynlegt að hún vari lengur skal hann að nýju bera kröfu um slíkt undir héraðsdóm. Málsmeðferð fyrir dómi frestar ekki framkvæmd einangrunar.

Dómsathöfnum þeim, sem um ræðir í 2. mgr., má skjóta til Hæstaréttar með kæru og fer um hana eftir almennum reglum um kæru í einkamálum eftir því sem við á. Kæra frestar ekki framkvæmd einangrunar.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

16. gr.

Starfrækja skal göngudeildir vegna tilkynningarskyldra smitsjúkdóma sem veita meðferð og rekja smitleiðir. Ráðherra setur reglugerð um starfsemi slíkra göngudeilda.

Á sjúkrahúsum, sem heilbrigðisráðherra ákveður, skal vera aðstaða til einangrunar þeirra sem eru til rannsóknar eða meðferðar vegna smitsjúkdóma eða gruns um smitsjúkdóm.

Heilbrigðisráðherra getur falið ákveðnum rannsóknastofum að ábyrgjast greiningu örvera eða sníkjudýra úr sýnum frá sjúklingum með smitsjúkdóma og fylgjast með ónæmisástandi einstaklinga gegn þýðingarmiklum smitnæmum sjúkdómum.

17. gr.

Allur kostnaður, sem hlýst af framkvæmd laga þessara, skal greiðast eins og annar sjúkra- og lækniskostnaður. Greiðsluhlutdeild sjúklinga skal fylgja almennum reglum um það efni. Heimilt er þó að undanþiggja greiðsluhlutdeild sjúklinga sem leita til sérdeilda sem stunda forvarnir og sjúklinga sem boðaðir eru til skoðunar vegna leitar að smitberum. Ráðherra ákveður með reglugerð hvaða deildir geti veitt þjónustu, sjúklingum að kostnaðarlausu.

18. gr.

Auk þeirra reglugerða, sem lög þessi tilgreina sérstaklega, hefur heilbrigðisráðherra heimild til að setja í farsóttareglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

Sama máli gegnir ef til sérstakra ráðstafana þarf að grípa vegna sóttvarna við náttúruhamfarir.

19. gr.

Með mál sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

Brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að þremur mánuðum.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997. Þá falla úr gildi eftirfarandi lög:

1. Berklavarnalög, nr. 66 31. desember 1939.
2. Lög um ráðstafanir til varnar gegn fýlasótt, nr. 70 7. maí 1940.
3. Sóttvarnarlög, nr. 34 12. apríl 1954.
4. Farsóttalög, nr. 10 19. mars 1958.
5. Lög um varnir gegn kynsjúkdómum, nr. 16 28. apríl 1978, sbr. breyting á þeim lögum nr. 7 7. apríl 1986.

Fylgiskjal.

Flokkun smitsjúkdóma eftir meginsmitleiðum.
(Skáletraðir sjúkdómar eru tilgreindir í alþjóðaheilbrigðisreglum.)

1. Smitsjúkdómar þar sem persónueinkenna sjúklings er ekki getið og verða skráningarskyldir samkvæmt reglugerð, sbr. 2. mgr. 3. gr.

1.1. Þarmasmit:
Yersiniosis.
Listeriosis.
Toxoplasmasýking.
Sullaveiki.
Tríkínósis.
1.2. Öndunarfærasmit:
Hemóphilus influenzae (gerð b) sjúkdómur.
Psittacosis.
Legionellosis.
Rauðir hundar.
Mislingar.
Hettusótt.
Kíghósti.
Inflúensa.
1.3. Blóðborið smit:
Sýkingar vegna blóðgjafa.
Meðfæddir rauðir hundar.
1.4 Kynsjúkdómar:
Condyloma genitalis.
Þvagrásarbólga af öðrum eða óþekktum orsökum.
1.5. Skordýraborið smit:
Malaría.
Rykkjasótt (febris recurrens).
Dílasótt (typhus exanthematicus).
1.6. Aðrir smitsjúkdómar:
Heilahimnubólga af völdum örvera.
Heilabólga af völdum veira.
Stífkrampi.
Óvenjulegar berklasýkingar.
Hjartaþelsbólga.

2. Sjúkdómar sem tilkynna skal einstaklingsbundið og verða tilkynningaskyldir samkvæmt reglugerð, sbr. 2. mgr. 3. gr.

2.1. Þarmasmit:
Lömunarveiki (poliomyelitis).
Smitandi lifrarbólga A (hepatítis A).
Önnur smitandi lifrarbólga (hepatítis E).
Kólera.
Salmonellusýkingar (þar með talið tauga veiki og taugaveikibróðir).
Kampýlóbakteríusýkingar.
Blóðkreppusótt (shigellosis).
Aðrar þarmasýkingar af völdum baktería.
2.2. Öndunarfærasmit:
Barnaveiki (difteria).
Meningókokkasjúkdómur.
Berklar.
Svarti dauði (pestis).
2.3. Blóðborið smit:
Smitandi lifrarbólga B (hepatítis B).
Smitandi lifrarbólga C (hepatítis C).
Önnur smitandi lifrarbólga.
HIV (human immunodeficiency virus).
2.4. Kynsjúkdómar:
Klamýdía.
Lekandi.
Sárasótt.
Hepatítis B.
HIV (human immunodeficiency virus).
2.5. Skordýraborið smit:
Svarti dauði (pestis).
Gulusótt (yellow fever, febris flava).

2.6. Aðrir smitsjúkdómar:
Bótúlismi.
Holdsveiki (lepra).
Hundaæði (rabies).
Miltisbrandur (anthrax).

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þróun íslenskrar löggjafar á sviði sóttvarna hófst ekki að ráði fyrr en á síðari hluta síðustu aldar. Árið 1875 gengu í gildi lög um mótvarnir gegn því að bólusótt og hin austurlenska kólerusótt og aðrar næmar sóttir flyttust til landsins. Á tæpri öld þróuðust þessi lög í löggjöf um varnir gegn því að næmir sjúkdómar bærust til Íslands og síðan í núgildandi sóttvarnalög sem eru frá árinu 1954.

Liðlega tuttugu árum síðar, eða árið 1896, gengu í gildi fyrstu lögin um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma. Þessi lög hafa síðan þróast í núgildandi farsóttalög frá 1958.

Um aldamótin var ástand í málum holdsveikra og berklaveikra hér á landi mjög bágborið og aðgerðir aðkallandi. Árið 1898 gengu í gildi tvenn lög er snertu holdsveika, annars vegar lög um aðgreiningu þeirra frá öðrum mönnum og flutning á spítala og hins vegar lög um stofnun holdsveikraspítala á Íslandi. Þótt úrelt séu og óþörf eru þessi lög enn í gildi.

Fyrstu lögin um varnir gegn berklaveiki gengu í gildi nokkrum árum síðar, eða árið 1904. Núgildandi berklavarnalög eru frá árinu 1939.

Hinn 17. október 1988 skipaði heilbrigðisráðherra nefnd sem falið var það hlutverk að endurskoða farsóttalögin frá 1958, sóttvarnarlögin frá 1954, ýmis sérlög um varnir gegn ákveðnum smitsjúkdómum, svo sem berklavarnalögin frá 1939, lögin um varnir gegn kynsjúkdómum frá 1978, með síðari breytingu, og lögin um varnir gegn holdsveiki frá síðustu aldamótum.

Í nefndina voru skipuð: Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, formaður, Guðjón Magnússon, þá aðstoðarlandlæknir, Haraldur Briem, sérfræðingur í smitsjúkdómum, Skúli Johnsen borgarlæknir og Dögg Pálsdóttir, lögfræðingur í heilbrigðisráðuneytinu, og var hún jafnframt ritari nefndarinnar.

Nefndin lauk störfum haustið 1989. Frumvarp til sóttvarnalaga, sem hún samdi, var lagt fram á 112. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Með því frumvarpi fylgdu sem fylgiskjöl yfirlit sem nefndin tók saman um þróun íslenskrar löggjafar á sviði sóttvarna og samantekt um stöðu löggjafar á sviði sóttvarna á Norðurlöndunum. Frumvarpið var síðan lagt fram nokkuð breytt á 113. þingi í ljósi umsagna sem bárust við meðferð málsins á 112. löggjafarþingi og að nýju á 115. og 116. löggjafarþingi nánast óbreytt að öðru leyti en því að 17. gr. frumvarpsins var breytt. Síðast var frumvarpið lagt fram á 119. löggjafarþingi með breytingum á 6. gr., um skipan sóttvarnaráðs, og 14. og 15. gr., sem fjalla um þvingunarúrræði, með það að markmiði að treysta réttarstöðu hins smitaða. Frumvarp það sem nú er lagt fram er að stofni til óbreytt frá frumvarpi 119. löggafarþings en tekið hefur verið tillit til hluta þeirra athugasemda sem bárust heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis sem sendi frumvarpið út til umsagnar í lok þess þings. Má þar nefna að orðalag 3. mgr. 4. gr. er almennara en áður, gert er ráð fyrir að heilsugæslulæknir og hjúkrunarfræðingur eigi sæti í sóttvarnaráði, orðalagi 11. gr. um hlutverk sóttvarnalæknis gagnvart heilbrigðisnefndum og ábyrgð heilbrigðisnefnda og heilbrigðisfulltrúa er breytt, kveðið er á um kæru til Hæstaréttar í 3. mgr. 15. gr. og í 17. gr., sem fjallar um greiðsluhlutdeild sjúklinga, er nú frekari heimild til undanþágna frá þeirri meginreglu en var í fyrra frumvarpi. Þá hefur ráðuneytið við endurskoðun talið rétt að kveða á um að ákvarðanir skv. 14. gr. megi kæra til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis en ekki landlæknis og gert nokkrar breytingar á orðalagi og skipan texta sem ekki hafa efnislega þýðingu.

Fylgiskjölin, sem birtust með frumvarpinu er það var lagt fram á 112. löggjafarþingi, hafa ekki verið endurbirt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér eru skilgreindar þær tvenns konar sóttvarnaráðstafanir sem grípa skal til. Annars vegar eru hinar almennu sóttvarnaráðstafanir, en það eru ráðstafanir sem ávallt skal beita gegn smitsjúkdómum. Hins vegar eru hinar opinberu sóttvarnaráðstafanir sem beita skal vegna hættulegra smitsjúkdóma í þremur tilvikum: Í fyrsta lagi þegar hætta er á að farsóttir berist til eða frá landinu, í öðru lagi þegar hætta er á útbreiðslu farsóttar innan lands og í þriðja lagi þegar smitaður einstaklingur skapar hættu á útbreiðslu smits með framferði sínu.

Um 2. gr.

Rétt þykir að skilgreina í lögunum við hvað er átt þegar talað er um smitsjúkdóma. Með smitsjúkdómum er átt við sjúkdóma sem orsakast af örverum (bakteríum, sveppum, veirum eða öðrum frumstæðum lífverum) og sníkjudýrum (einfrumungum, ormum, lúsum og flóm) sem geta fjölgað sér, lifað á eða í hýsli og valdið sjúkdómi og borið manna á milli eða frá dýrum til manna. Margar örverur geta framleitt eiturefni (toxín) sem valdið geta sjúkdómum í mönnum, t.d. með mengun matvæla, jafnvel þótt örverurnar sem slíkar nái ekki að sýkja menn. Slíkar eitranir eru alla jafna taldar til smitsjúkdóma og því tilgreindar hér í skilgreiningu frumvarpsins á smitsjúkdómum.

Um 3. gr.

Hér er fjallað um gildissvið laganna. Gert er ráð fyrir að þau nái annars vegar til smitsjúkdóma sem valdið geta farsóttum og ógnað almannaheill og hins vegar til annarra alvarlegra næmra sótta. Gert er ráð fyrir að skráningarskyldir verði þeir smitsjúkdómar sem ráðherra ákveður með reglugerð að fengnum tillögum sóttvarnaráðs. Tilkynningarskyldir verða þeir skráningarskyldir smitsjúkdómar sem ógnað geta almannaheill. Ráðherra skal ákveða, að fengnum tillögum sóttvarnaráðs, hvaða smitsjúkdómar eru tilkynningarskyldir. Í reglugerð sem ráðherra setur skal nánar kveðið á um fyrirkomulag skráninga og tilkynninga.

Tilkynningarskylda felur í sér að skylt verður að tilkynna tafarlaust til heilbrigðisyfirvalda ef grunur leikur á að einhver tiltekinna hættulegra smitsjúkdóma hafi fundist eða greinst og geti ógnað almannaheill. Skráningarskylda felur í sér að tilteknar sjúkdómsgreiningar verða skráðar og upplýsingar um fjölda tilfella sendar reglulega til heilbrigðisyfirvalda enda þurfi ekki í slíkum tilvikum að grípa til tafarlausra ráðstafana. Halda skal sérstaka smitsjúkdómaskrá, sbr. 2. tölul. 5. gr., sem skal taka til skráningarskyldra sjúkdóma, með bæði jákvæðum og neikvæðum upplýsingum.

Um 4. gr.

Í samræmi við áratuga hefð gerir frumvarpið ráð fyrir að ábyrgð á framkvæmd sóttvarna sé hjá embætti landlæknis undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra.

Samkvæmt gildandi sóttvarnalögum eru héraðslæknar sóttvarnalæknar. Í ljósi gerbreyttra samgangna þykir óþarfi að hafa fleiri en einn sóttvarnalækni til að sinna sóttvörnum í landinu öllu. Eðlilegt er að slíkur læknir hafi aðsetur hjá embætti landlæknis. Læknir þessi skal hafa þekkingu á smitsjúkdómum og faraldsfræði þeirra. Í starfi sínu skal hann hafa samvinnu við héraðslækna, aðra starfsmenn og stofnanir innan heilbrigðisþjónustunnar, heilbrigðisnefndir og yfirdýralækni eftir því sem við getur átt.

Til að tryggja nægileg tengsl sóttvarnalæknis út í læknishéruðin þykir einnig rétt að héraðslæknar beri áfram ábyrgð á sóttvörnum undir stjórn sóttvarnalæknis. Samvinna sóttvarnalæknis og héraðslækna um sóttvarnir er mjög mikilvæg þar sem héraðslæknar búa yfir staðarþekkingu sem nauðsynleg er þegar taka þarf ákvörðun um aðgerðir.

Ekki tekst alltaf nauðsynleg samvinna milli sjúklings og læknis um nauðsynlegar aðgerðir vegna sóttvarna. Í lögum um smitsjúkdóma hefur frá upphafi verið að finna ákvæði þess efnis að heilbrigðisyfirvöld skuli njóta liðsinnis lögregluyfirvalda sé þess þörf. Hér er einnig slíkt heimildarákvæði.

Um 5. gr.

Hér er verksvið sóttvarnalæknis skilgreint nánar. Hann skal sjá um að skipuleggja og samræma sóttvarnir um land allt, fylgjast með útbreiðslu smitsjúkdóma og koma upplýsingum þar að lútandi áleiðis til lækna og annarra sem á slíkum upplýsingum þurfa að halda. Þá skal hann vera læknum og öðrum sem við sóttvarnir fást til ráðgjafar og hafa umsjón með forvarnastarfi á þessu sviði.

Um 6. gr.

Rétt þykir að setja á laggirnar sérstakt ráð, sóttvarnaráð, til að móta stefnu í málum sóttvarna og vera heilbrigðisyfirvöldum til ráðgjafar um aðgerðir til varnar útbreiðslu smitsjúkdóma.

Árið 1986 skipaði heilbrigðisráðherra samstarfs- og ráðgjafarnefnd, farsóttanefnd, sem fékk það hlutverk að fylgjast með farsóttum og gera tillögur um aðgerðir til að hindra útbreiðslu þeirra. Gert er ráð fyrir að starf þessarar nefndar leggist niður ef ákvæði frumvarpsins um sérstakt sóttvarnaráð nær fram að ganga.

Gert er ráð fyrir að sóttvarnaráð verði skipað sjö mönnum, sérfræðingum á sviði smitsjúkdómalækninga, bakteríufræði, veirufræði, kynsjúkdóma og faraldsfræði/heilbrigðisfræði, heilsugæslulækni og hjúkrunarfræðingi með sérþekkingu á sviði sóttvarna.

Ráðið skal hafa aðsetur hjá embætti landlæknis og skal sóttvarnalæknir vera ritari þess.

Um 7. gr.

Orðalag greinarinnar er í samræmi við ákvæði í gildandi löggjöf um þessi efni.

Um 8. gr.

Ákvæðið er í samræmi við fyrirmæli í gildandi lögum.

Um 9. gr.

Smitsjúkdóma skal tilkynna á þar til gerðum eyðublöðum til héraðslæknis eða sóttvarnalæknis. Þessi skylda hvílir jafnt á læknum sem forstöðumönnum rannsóknastofa, sjúkradeilda og annarra heilbrigðisstofnana.

Þá er gert ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um starfsemi rannsóknastofa sem greini sjúkdóma er lög þessi taka til og um eftirlit með þeim.

Um 10. gr.

Hér eru ákvæði um skyldu lækna til að tilkynna héraðslækni eða sóttvarnalækni ef þeir komast að því í starfi sínu að smitaður einstaklingur fylgi ekki fyrirmælum um hegðun. Sambærilegt ákvæði er að finna í gildandi lagaákvæðum um sóttvarnir.

Um 11. gr.

Heilbrigðisfulltrúar og formenn heilbrigðisnefnda samkvæmt lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, skulu tilkynna viðkomandi héraðslækni eða sóttvarnalækni jafnskjótt og þeir hafa orðið varir við hugsanlega smithættu. Sóttvarnalæknir skal gefa heilbrigðisnefndum nauðsynlegar upplýsingar og ráð og hafa eftirlit með því að til viðeigandi ráðstafana sé gripið. Heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúar skulu aðstoða við sóttvarnir og gefa nauðsynleg fyrirmæli um viðeigandi ráðstafanir ef hætta er á að dýr, matvæli, vatn, skolplagnir, loftræsting eða annað í umhverfinu dreifi eða geti dreift smitnæmum sjúkdómum.

Um 12. gr.

Hér er mælt fyrir um viðbrögð sóttvarnalæknis ef tilkynningar benda til að farsótt sé í uppsiglingu. Í því tilviki skal hann þegar í stað gera heilbrigðisráðherra viðvart. Ráðherra ákveður að tillögu sóttvarnaráðs hvort grípa skuli til opinberra sóttvarnaráðstafana. Þær opinberu sóttvarnaráðstafanir, sem ráðherra getur gripið til, eru hinar sömu og gildandi lög gera ráð fyrir. Jafnframt er gert ráð fyrir að sóttvarnalæknir eða héraðslæknar geti beitt slíkum vörnum til bráðabirgða ef þeir telja hvers konar töf hættulega en gera skulu þeir ráðherra jafnskjótt kunnar ráðstafanir sínar.

Um 13. gr.

Ísland gerðist aðili að sóttvarnasamningi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar árið 1952. Gildandi sóttvarnareglugerð, nr. 229/1971, hefur að geyma ýmis ákvæði í samræmi við þann samning. Rétt þykir að hafa í þessu frumvarpi almennt ákvæði sem heimili að setja reglugerð um sóttvarnaráðstafanir sem grípa má til vegna smithættu og eru í samræmi við þá alþjóðasamninga Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem Ísland er aðili að.

Um 14. gr.

Hér er lýst þeim tilvikum sem talið er að réttlæti það að grípa til nauðsynlegra aðgerða án samþykkis einstaklings. Á það er hins vegar lögð áhersla að aðgerðir af þessu tagi skulu ætíð vera neyðarúrræði, þ.e. að reynt sé til þrautar að ná samvinnu við sjúkling.

Um 15. gr.

Hér er fjallað nánar um einangrun smitbera á sjúkrahúsi eða annars staðar.

Talið er eðlilegt að þessum heimildum til frelsisskerðingar megi einnig beita í þeim tilvikum er maður, sem haldinn er smitsjúkdómi, fellst ekki á að fylgja reglum um meðferð og umgengni eða rökstuddur grunur er um að hann hafi ekki fylgt slíkum reglum. Einangrun yrði ýmist á sjúkrahúsi eða með öðrum hætti.

Mikilvægt er að tryggja rétt hins smitaða við þvingunaraðgerðir sem nauðsynlegar eru taldar til að koma í veg fyrir útbreiðslu smitsjúkdóma og að slík mál hljóti skjóta úrlausn. Ákvæðið byggir í grundvallaratriðum á III. kafla lögræðislaga, nr. 68/1984, sem fjallar um vistun einstaklinga á sjúkrahúsi gegn vilja þeirra.

Um 16. gr.

Rétt þykir að setja í sóttvarnalög ákvæði þess efnis að starfrækja skuli göngudeildir vegna tilkynningarskyldra smitsjúkdóma. Rétt þykir einnig að heilbrigðisráðherra ákveði á hvaða sjúkrahúsum skuli vera aðstaða til einangrunar vegna sóttvarna. Þá þykir og rétt að ráðherra ákveði hvaða rannsóknastofur ábyrgist greiningu sýna úr einstaklingum sem grunaðir eru um smit.

Um 17. gr.

Rétt þykir að kostnaður vegna framkvæmdar laganna greiðist að öllu jöfnu með sama hætti og annar sjúkra- og lækniskostnaður og að hlutdeild sjúklinga í þeim kostnaði fari eftir almennum reglum um það efni. Hins vegar þykir eðlilegt að heimila að undanþiggja greiðsluhlutdeild sjúklinga sem leita til sérdeilda sem stunda forvarnir og sjúklinga sem boðaðir eru til skoðunar vegna leitar að smitberum. Rétt þykir að ráðherra geti með reglugerð ákveðið hvaða deildir geti veitt þjónustu, sjúklingum að kostnaðarlausu. Markmið með slíkri undanþágu er að stuðla að því að vissir hópar sjúklinga, svo sem börn og unglingar með kynsjúkdóma, leiti nauðsynlegrar læknishjálpar án þess að fjárhagsaðstæður hamli því. Ætla má að í því felist sparnaður þegar til lengri tíma er litið.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Greinin skýrir sig sjálf en gildistaka frumvarpsins hefur í för með sér allnokkra lagahreinsun.

Um fylgiskjal.

Markmið.

Skráning og tilkynning smitsjúkdóma með reglubundnum og kerfisbundnum hætti þjónar þeim tilgangi að afla upplýsinga um feril þeirra á hverjum tíma þannig að unnt sé að skipuleggja og grípa til varnaraðgerða gegn þeim og til þess að hægt sé að fylgjast með árangri ónæmisaðgerða og annarra forvarna gegn smitsjúkdómum. Upplýsingaöflunin hefur einnig þýðingu við að fylgjast með langtímabreytingum á nýgengi og algengi smitsjúkdóma.

Forsendur framkvæmdar.

Nauðsynlegt er að einungis mikilvægir smitsjúkdómar séu skráðir og tilkynntir og að slíkar aðgerðir séu skilvirkar. Skráningar- og tilkynningarformið þarf að vera eins einfalt og mögulegt er og niðurstöður um útbreiðslu smitsjúkdóma þurfa að berast læknum með reglubundnum og skýrum hætti þannig að þær nýtist í daglegu starfi til sóttvarna og til fróðleiks.

Aðferð.

Öflun upplýsinga um útbreiðslu smitsjúkdóma getur farið fram með tvennum hætti. Annars vegar með skráningu, þ.e. talningu á fjölda smitaðra án persónuauðkenna, og hins vegar með tilkynningu, þ.e. persónuauðkennum hins smitaða með upplýsingum um smitleiðir.

Tilgangur skráningar á heildarfjölda smitaðra einstaklinga án persónuupplýsinga er sá að fá faraldsfræðilega yfirsýn yfir þýðingarmikla smitsjúkdóma þar sem það hefur ekki hagnýta þýðingu að þekkja til einstaklinganna við sóttvarnir.

Tilgangur tilkynningar um smitsjúkdóm með persónueinkennum hins smitaða er sá að hindra útbreiðslu smits með aðgerðum sem beinast að hinum smitaða, t.d. með einangrun, meðferð og rakningu smits milli einstaklinga eða frá menguðum matvælum, vatni eða öðrum efnum til einstaklinga. Til þess að fullnægja þessum skilyrðum verða að fylgja tilkynningunni upplýsingar um líklegan smitunarstað og smitunartíma og einkenni til að tengja smitaða einstaklinga með faraldsfræðilegum hætti og meta áhrif smitsins.

Alþjóðlegar skuldbindingar.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin samþykkti árið 1969 alþjóðlegar heilbrigðisreglur (International Health Regulations) með breytingum sem tóku gildi 1973 og aftur 1981. Hefur Ísland skuldbundið sig til að fylgja þeim án fyrirvara. Í reglugerðinni eru tilgreindir eftirtaldir sjúkdómar sem lúta tilkynningarskyldu til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar:

1. svarti dauði,
2. kólera og
3. gulusótt (febris flava).

Sjúkdómar sem skrá skal án persónueinkenna.

Í frumvarpi til sóttvarnalaga er gert ráð fyrir að sett verði reglugerð yfir skráningarskylda smitsjúkdóma. Í fylgiskjali er tillaga að lista yfir skráningarskylda sjúkdóma. Þar eru taldir smitsjúkdómar sem ástæða er til að fylgjast með, t.d. til þess að meta árangur ónæmisaðgerða. Þar er einnig að finna ýmsa sjúkdóma sem ekki eru landlægir á Íslandi en gætu borist til landsins og náð útbreiðslu hér. Sumir sjúkdómar geta augljóslega ekki náð að breiðast út hér á landi, eins og t.d. malaría, en mikilsvert er að fá upplýsingar um gagnsemi forvarnaaðgerða gegn slíkum sjúkdómum meðal ferðalanga.

Sjúkdómar sem tilkynna skal einstaklingsbundið.

Í frumvarpi til sóttvarnalaga er gert ráð fyrir að ráðherra ákveði að fengnum tillögum sóttvarnaráðs hvaða smitsjúkdómar eru tilkynningarskyldir. Hugmyndin er að smitsjúkdómar, sem náð geta mikilli útbreiðslu í samfélaginu og jafnframt ógnað almannaheill, og þar sem vitneskja um smitaðan einstakling hefur þýðingu við upprætingu smits, skuli tilkynntir. Í þessum flokki er einnig gert ráð fyrir að alvarlegir smitsjúkdómar, sem

ekki munu ná mikilli útbreiðslu, verði tilkynntir ef ekki er hægt að hindra útbreiðslu þeirra með öðrum hætti en að þekkja til smitaðra einstaklinga.

Þegar um er að ræða sjúkdóma þar sem persónulegar upplýsingar eru sérstaklega viðkvæmar, eins og við samræðis- eða kynsjúkdóma, þarf meðhöndlandi læknir að afla sér þeirra til að geta rakið smit. Til þess að rjúfa ekki trúnað í slíkum tilvikum þarf að tilkynna slíka sjúkdóma til sóttvarnalæknis með hluta nafnleyndar (semianonymt) þannig að einstaklingur þekkist ekki, en jafnframt verði komist hjá tvískráningu eins og hægt er. Meðhöndlandi læknir tilkynnir hins vegar sjúkdóminn með nauðsynlegum persónuauðkennum til sóttvarnalæknis ef sjúklingur fylgir ekki fyrirmælum eins og lögin kveða á um. Í fylgiskjali er tillaga að lista yfir sjúkdóma sem vænta má að yrðu tilkynningarskyldir.

Lögin um fjöleignarhús tóku gildi 1. janúar sl. Þau eru mjög ítarleg og fela í sér ýmsar mikilvægar breytingar frá eldri löggjöf og margvíslegar réttarbætur sem hafa í öllum meginatriðum gengið eftir.

Frá upphafi var ljóst að lagaskilin hefðu aukið umstang og fyrirhöfn í för með sér fyrir eigendur og húsfélög, a.m.k. fyrst í stað meðan menn væru að átta sig á og tileinka sér nýja siði og í mörgum efnum breyttar reglur. Það var talið réttlætanlegt þar sem í fjöleignarhúsalögunum er talin felast mikil réttarbót.

Flest hefur gengið eftir í lagaframkvæmdinni eins og menn sáu fyrir, ekki síst starf kærunefndar fjöleignarhúsamála sem hefur afgreitt mörg mál með skilvirkum og vönduðum hætti. Greinilega hefur komið í ljós að mikil þörf var á opinberum álitsgjafa á þessu sviði. Deiluaðilar hafa í langflestum tilvikum unað niðurstöðum nefndarinnar og friðsamlegra orðið í viðkomandi húsum eftir að hún hefur skorið úr um ágreiningsefni. Dómsmálum hefur því fækkað.

Þótt framkvæmd fjöleignarhúsalaganna hafi yfirleitt verið með ágætum, það sem af er, hafa nokkrir hnökrar á lagaframkvæmdinni komið í ljós sem nauðsynlegt er að færðir verði til betri vegar með lagabreytingum og er það tilgangur frumvarps þessa. Í fyrsta lagi er um að ræða fyrirmæli um eignaskiptayfirlýsingar og í öðru lagi hömlur sem lögin setja viðvíkjandi ráðstöfun bílskúra í eigu utanaðkomandi aðila.

III.

Í 16. gr. fjöleignarhúsalaganna er mælt fyrir um að gera skuli eignaskiptayfirlýsingu um öll fjöleignarhús, enda liggi ekki fyrir þinglýstur, fullnægjandi og glöggur skiptasamningur, og skuli hún undirrituð af öllum eigendum. Enn fremur segir að skilyrði þinglýsingar á yfirfærslugjörningum eigna í fjöleignarhúsi sé að eignaskiptayfirlýsing liggi fyrir. Fyrirmæli sama efnis voru í 3. gr. fjölbýlishúsalaganna, nr. 59/1976.

Samkvæmt þessu hefur gerð eignaskiptayfirlýsinga verið ótvíræð lagaskylda frá því um mitt ár 1976 eða í 19 ár. Sama er að segja um aðhalds- og eftirlitsskyldu þinglýsingaryfirvalda í því efni. Boði fjölbýlishúsalaganna frá 1976 hér að lútandi var þó í gildistíð þeirra ekki framfylgt af þinglýsingaryfirvöldum á ýmsum stöðum á landinu, þar á meðal í Reykjavík.

Um ástæður þess er óþarft að fjölyrða á þessum vettvangi en þó má slá því föstu að þinglýsingaryfirvöld hafi ekki treyst sér til að taka á þessum málum þegar árið 1976, bæði vegna þess hve ærinn vandinn var og hversu synjun þinglýsingar gat komið sér illa fyrir afsalshafa sem ekki uggði að sér.

Þegar kaupandi hafði fengið afsal en fékk því ekki þinglýst, þar sem ekki lá fyrir þinglýst eignaskiptayfirlýsing, þurfti hann að leita uppi seljandann og fá hann ásamt öðrum þinglýstum eigendum hússins til að útbúa eignaskiptayfirlýsingu og láta þinglýsa henni. Kaupandanum, sem oftast lá á að fá formlega eignarheimild, reyndist það gjarnan þrautin þyngri. Þessi lögmælta ráðstöfun til að tryggja gerð eignaskiptayfirlýsinga bitnaði þannig á aðila sem hafði gerð skiptayfirlýsingar ekki nema að afar takmörkuðu leyti á valdi sínu.

Því var vitað við samningu og setningu fjöleignarhúsalaganna að eignaskiptayfirlýsingar skorti fyrir mörg fjöleignarhús, einkum í Reykjavík. Um nákvæma tölu í því efni var ekki vitað en reynslan hefur leitt í ljós að vandinn er meiri en menn hugðu. Þar sem eignaskiptayfirlýsingar hafa grundvallarþýðingu og gildi fyrir skiptingu fjöleignarhúsa í séreignir og sameign og fyrir réttindi og skyldur eigenda þótti óhjákvæmilegt að halda fast í framangreint lagaboð viðvíkjandi þeim í fjöleignarhúsalögunum.

Til að leggja áherslu á þessar skyldur var sett ákvæði í 25. gr. laganna um að seljanda sé skylt áður en kaupsamningur er undirritaður að kynna kaupanda eignaskiptayfirlýsingu eða eignaskiptasamning um húsið. Jafnframt segir að ef löggiltur fasteignasali annast sölu eignar í fjöleignarhúsi skuli hann sjá til þess að þessi gögn liggi fyrir og séu rækilega kynnt kaupanda áður en kaupsamningur er gerður og undirritaður. Talið var að með því móti mætti frekar komast hjá eftirmálum vegna skorts á eignaskiptayfirlýsingum sem oftast nær stafa af vanþekkingu.

Við gildistöku fjöleignarhúsalaganna um síðustu áramót fóru þinglýsingaryfirvöld að ganga hart eftir því að þinglýstar eignaskiptayfirlýsingar lægju fyrir í fjöleignarhúsum og synjuðu um þinglýsingu afsala ef svo var ekki. Virðist svo sem ákvæði 25. gr. fjöleignarhúsalaganna, sem áður eru rakin, hafi ekki haft tilætluð áhrif og margir fasteignasalar hafi ekki uppfyllt þær skyldur sem þeim ber samkvæmt ákvæðinu. Þá virðast eigendur ekki hafa nýtt níu mánaða gildistökufrest laganna sem skyldi.

Loks kemur það til að samning reglugerðar um eignaskiptayfirlýsingar og útreikning hlutfallstalna o.fl. reyndist mun umfangsmeira og tímafrekara verk en í fyrstu var ætlað. Reglugerðin, ásamt ítarlegum skráningarreglum, var sett 9. október sl. Þau atriði, sem hér hefur verið gerð grein fyrir, hafa valdið vandræðum og óþægindum fyrir eigendur og húsfélög, sér í lagi í Reykjavík. Þetta gildir einkum fyrir þá kaupendur og seljendur eigna í fjöleignarhúsum þar sem eignaskiptasamningar hafa ekki legið fyrir en embætti sýslumannsins í Reykjavík hefur áætlað að það eigi við um 20% þeirra íbúða í fjöleignarhúsum sem gengið hafa kaupum og sölum það sem af er árinu.

Ein orsök vandans, arfur frá eldri lögum, er fyrirmæli fjöleignarhúsalaganna um að allir eigendur þurfi óhjákvæmilega og fortakslaust að undirrita eignaskiptayfirlýsingar. Í mörgum tilvikum hefur reynst erfitt að fá alla til að skrifa undir eignaskiptayfirlýsingar, sérstaklega í stórum eignum en einnig þeim minni.

Þess ber að geta að í eignaskiptayfirlýsingum um eldri fjöleignarhús felst yfirleitt ekki annað en staðfesting eða samantekt á þeirri skiptingu hússins sem tíðkast hefur og lesa má úr áður þinglýstum heimildum um húsið. Gildi eignaskiptayfirlýsingar er þá fyrst og fremst fólgið í því að allar upplýsingar um húsið og skiptingu þess má finna í einu skjali í stað margra áður. Oft er einnig greitt úr ýmsum vafaatriðum um skiptinguna og hún gerð skýrari.

Allt þetta, sem rakið er hér að framan, hefur leitt til þess að viðskipti með þær eignir í fjöleignarhúsum, sem eignaskiptayfirlýsingar eru ekki til um, hafa gengið erfiðlega á árinu. Fyrir liggur að sökum þessa er ekki hægt að þinglýsa fjölda afsala og að í margar skiptayfirlýsingar sem gerðar hafa verið vantar undirskriftir einhverra eigenda. Þá bíður fjöldi eignaskiptayfirlýsinga yfirferðar hjá byggingarfulltrúum en afgreiðslutíminn er oft nokkrar vikur.

Brýnt er að bregðast við með þeim hætti að hvorki verði gefnir eftir langtímahagsmunir eigenda né opinberir hagsmunir. Frumvarpinu er ætlað að leysa vandann á viðunandi hátt en hann er í eðli sínu tímabundinn. Þegar aðlögunarskeiðinu lýkur mun framkvæmd laganna vísast verða auðveld.

IV.

Hvað eignaskiptayfirlýsingar varðar eru meginatriði frumvarpsins þessi:

1. Lagt er til að við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er fresti til 1. janúar 1997 gildistöku fyrirmæla um að þinglýst eignaskiptayfirlýsing sé skilyrði fyrir þinglýsingu á heimildarskjölum um eignir í fjöleignarhúsum. Eigendur og húsfélög fá þá ráðrúm til að gera eignaskiptayfirlýsingar og hlutaðeigandi stjórnvöld tíma til að sinna fræðslu, kynningu og öðrum undirbúningsráðstöfunum.
2. Greint verði á milli tvenns konar eignaskiptayfirlýsinga eftir eðli þeirra og efni. Réttarstaða eigenda við gerð eignaskiptayfirlýsingar og breytingar á henni verður mismunandi eftir því hvert eðli hennar er. Það ræður því einnig hvernig undirritun eigenda skuli háttað til að unnt sé að fá henni þinglýst. Miðað er við að eignaskiptayfirlýsing skuli vera undirrituð af öllum eigendum ef í henni felst yfirfærsla á eignarrétti eða sérstakar kvaðir og takmarkanir á eignarráðum eigenda umfram það sem almennt gerist. Þetta er í samræmi við þær reglur sem gilt hafa um árabil. Hafi hins vegar eignaskiptayfirlýsing aðeins að geyma samantekt, skráningu og lýsingu á húsi og skiptingu þess í samræmi við þinglýstar heimildir og útreikning á hlutfallstölum í samræmi við gildandi reglur er nægilegt að eignaskiptayfirlýsing sé undirrituð af stjórn húsfélagsins þegar eignarhlutar eru sex eða fleiri en ella af meiri hluta eigenda. Hér er slakað á kröfum og formfestu gildandi laga. Það þykir nauðsynlegt, eðlilegt og sanngjarnt af þeim ástæðum sem áður eru raktar.
3. Lagt er til að frá 1. júní 1996 megi þeir einir taka að sér að gera eignaskiptayfirlýsingar sem fengið hafa til þess sérstakt leyfi félagsmálaráðherra. Gerð eignaskiptayfirlýsinga er vandaverk og þeir er taka hana að sér þurfa að hafa góða þekkingu á löggjöf sem um slíkar eignir gildir. Því er miðað við að þeir sem fá leyfi gangist undir hæfnis- og þekkingarpróf. Með því að leyfisbinda slík verk og gera kröfur um færni og þekkingu leyfishafa er stuðlað að vönduðum og samræmdum vinnubrögðum sem eiga jafnframt að skila sér til eigenda í lægra endurgjaldi fyrir verkið.

V.

Hitt meginatriðið í framkvæmd fjöleignarhúsalaganna, sem ástæða þykir til að taka á með lagabreytingu, snertir bílskúra á lóð fjöleignarhúsa sem eru í eigu utanaðkomandi aðila.

Í 22. gr. fjöleignarhúsalaganna var lögfest sú meginregla að óheimilt sé að ráðstafa bílskúrum til utanaðkomandi aðila og undanskilja þá við sölu nema eigandi eigi annan eignarhluta í húsinu. Um þetta var ekki fjallað í fjölbýlishúsalögunum frá 1976 en lögin frá 1959 höfðu að geyma skýrar reglur um þetta. Í gildistíð fjölbýlishúsalaganna frá 1976 voru bílskúrar og ráðstöfun þeirra tíð deiluefni. Reglur 22. gr. eru svipaðar reglum í lögunum frá 1959 sem byggðust á því að óeðlilegt sé að bílskúrar á lóð fjöleignarhúsa séu í eigu utanaðkomandi aðila sem jafnvel reka þar atvinnustarfsemi. Það hefur sýnt sig að hafa margvísleg óþægindi og ágreiningsefni í för með sér varðandi eignar- og afnotarétt lóðar og þátttöku í húsfélagi. Þær takmarkanir sem 22. gr. fjöleignarhúsalaganna hefur að geyma byggðust á þessum sjónarmiðum.

Vitað var að í gildistíð laganna frá 1976 hafði verulegt los komist á bílskúra við fjöleignarhús og að nokkur fjöldi þeirra var í eigu utanaðkomandi manna sem höfðu eignast þá með löglegum hætti á sínum tíma. Ljóst var að vandamál kynnu að skapast vegna slíkra bílskúra en talið var að þau mundu leysast átakalítið með tímanum.

Við samningu 22. gr. frumvarpsins til fjöleignarhúsalaganna kom til álita að setja fyrirmæli um skyldu utanaðkomandi bílskúrseigenda til að selja og skyldu eigenda eða húsfélags til að kaupa bílskúra. Fortakslaus lagaskylda í slíka veru þótti þó ganga um of á eignarrétt og samningsfrelsi aðila. Þótti nægilegt og viðunandi að setja þær hömlur sem settar voru. Eins og áður segir voru fyrirsjáanleg vandamál vegna slíkra bílskúra en talið var að þau mundu leysast smám saman og með tímanum mundu slíkir bílskúrar án frekari stýringar og lagaboða komast í eigu eigenda í fjöleignarhúsinu.

Þótt það hafi gengið eftir í mörgum tilvikum hafa fyrirmæli 22. gr. í nokkrum mæli leitt til ósanngjarnrar og óeðlilegrar aðstöðu bílskúrseigenda, þ.e. þegar svo hefur háttað til að utanaðkomandi bílskúrseigandi hefur viljað selja bílskúrinn en enginn í viðkomandi húsi viljað kaupa. Þá eru bílskúrseigendum flestar bjargir bannaðar skv. 22. gr. þar sem honum er óheimilt að selja bílskúrinn til annars utanaðkomandi aðila. Eigendur í fjöleignarhúsi hafa þannig komist í óeðlilega samningsaðstöðu gagnvart bílskúrseigendum og jafnvel komist yfir bílskúra fyrir verð sem er langt undir því sem eðlilegt og sanngjarnt getur talist.

Stemma verður stigu við slíku verðfalli eigna og ávinningi fjöleignarhúsaeigenda á kostnað bílskúrseigenda. Með ákvæðum 22. gr. er verið að vernda hagsmuni eigenda og koma í veg fyrir óhagræði þeirra þegar bílskúrar við húsið eru í eigu utanaðkomandi aðila. Hagsmunir þeirra voru metnir meira en hagsmunir slíkra bílskúrseigenda sem þó eignuðust þá með lögmætum hætti samkvæmt þágildandi löggjöf.

Var á því byggt að eigendur hlytu almennt að vera mjög fúsir til að kaupa slíka bílskúra þegar þeir væru falir. Hagsmunir þeirra væru augljósir. Í nokkrum tilvikum hefur annað komið á daginn og það sett utanaðkomandi bílskúrseigendur í þann vanda sem lýst er hér að framan. Brýnt þykir að taka á þessu og setja sérstök fyrirmæli í lög sem koma í veg fyrir að ákvæði um takmarkanir á ráðstöfun bílskúra við fjöleignarhús geti haft svo óeðlilegar og ósanngjarnar afleiðingar sem raun ber vitni. Vilji eigendur ekki fyrir nokkurn mun kaupa þykir ekki lengur nauðsynlegt að vernda hagsmuni þeirra frekar að sinni. Þegar svo stendur á verður að leyfa bílskúrseigendunum að finna sér annan kaup-

anda þótt það seinki því sem æskilegast er og að er stefnt, að bílskúrar komist sem fyrst í eigu eigenda í viðkomandi fjöleignarhúsi.

VI.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir afskiptum kærunefndar fjöleignarhúsamála af málum er varða eignaskiptayfirlýsingar ef svo ber undir og málum varðandi bílskúra í eigu utanaðkomandi aðila. Lagt er til að verksvið kærunefndarinnar verði nokkuð útvíkkað. Byggist það á þeim sjónarmiðum sem til grundvallar kærunefndinni liggja, þ.e. að úrskurðir hennar sé ódýr, fljótfarin, vönduð og örugg leið til að leysa ágreining, auk þess sem reynslan af störfum nefndarinnar til þessa er mjög góð.

Þau nýju viðfangsefni, sem frumvarpið gerir ráð fyrir að kærunefndin fái, eru þessi:

1. að láta í té álit ef ágreiningur rís með eigendum og þeim sem eignaskiptayfirlýsingu gerir um fjárhæð endurgjaldsins,
2. að skera úr ágreiningi utanaðkomandi bílskúrseigenda og eigenda í fjöleignarhúsi um kaupverð bílskúrs.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Í almennum athugasemdum hér að framan er gerð ítarleg grein fyrir þeim aðstæðum sem kalla á þær breytingar á fjöleignarhúsalögunum sem felast í frumvarpinu og meginatriðum breytinganna lýst. Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins eru því fremur stuttorðar og vísast til almennra athugasemda um nánari skýringar.

Um 1. gr.

Í a-lið greinarinnar er lögð til breyting á 2. mgr. 16. gr. gildandi laga um fjöleignarhús sem felur í sér að eignaskiptayfirlýsingar geti verið með tvennu móti og gildi um þær mismunandi reglur um undirritun eigenda o.fl. Lagt er til að slakað verði á formfestunni sem nú tíðkast um undirritun þegar um er að ræða eignaskiptayfirlýsingar er fyrst og fremst fela í sér staðfestingu á þeirri skiptingu húss sem í gildi hefur verið og lesa má út úr áður þinglýstum heimildum um húsið og útreikning á hlutfallstölum í samræmi við gildandi reglur. Í slíkum tilvikum er lagt til að þess verði ekki lengur fortakslaust krafist að allir eigendur undirriti eignaskiptayfirlýsingu. Langflestar eignaskiptayfirlýsingar um fjöleignarhús falla undir þennan flokk. Þegar í eignaskiptayfirlýsingu felst annað og meira en þetta, þ.e. yfirfærsla á eignarrétti eða sérstakar kvaðir og takmarkanir á eignarráðum eigenda eða tekin er upp annars konar skipting hússins en áður var, er eftir sem áður nauðsynlegt að allir eigendur undirriti eignaskiptayfirlýsinguna. Slíkar eignaskiptayfirlýsingar eru aðeins lítill hluti allra eignaskiptayfirlýsinga. Um þá nauðsyn, sem ber til þessarar breytingar, er fjallað í almennum athugasemdum hér að framan og um hana vísast þangað. Í langflestum tilvikum mun ekki fara á milli mála í hvorn flokkinn eignaskiptayfirlýsing fellur að þessu leyti. Þó munu alltaf koma upp einhver vafamál þar sem meta verður í hvorn flokkinn á að skipa eignaskiptayfirlýsingu. Eðlilegt er að sá aðili, sem gerir eignaskiptayfirlýsingu, gefi álit sitt um þetta atriði en einnig má hugsa sér að leitað verði eftir áliti kærunefndar fjöleignarhúsamála. Það eru þó fyrst og fremst þinglýsingarstjórar sem meta hvenær þörf er á undirskrift allra eigenda undir eignaskiptayfirlýsingar. Þinglýsingarstjórar eru vitaskuld óbundnir af áliti yfirlýsingargerðarmannsins og kærunefndarinnar. Synji þinglýsingarstjóri þinglýsingar vegna þess að hann telur að undirritun allra þurfi til er hægt að skjóta málinu til viðkomandi héraðsdóms eft-

ir reglum þinglýsingar- og réttarfarslaga. Samkvæmt því er endanlegt mat á þessu atriði hjá dómstólum.

Í b-lið greinarinnar eru ákvæði sem lúta að fjöleignarhúsum með félagslegum íbúðum. Þessi ákvæði eru sett fyrir tilmæli húsnæðisnefndar Reykjavíkur, en í erindi hennar til félagsmálaráðuneytis segir m.a. svo:

„Við framkvæmd laganna hafa komið í ljós vandkvæði í sambandi við þinglýsingu skjala varðandi félagslegar eignaríbúðir. Samkvæmt ákvæðum laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, hafa húsnæðisnefndir kaupskyldu á fasteignum sem falla undir V. og VI. kafla laganna.

Algengt er að eignaskiptayfirlýsingar séu ekki til vegna íbúða sem reistar voru af framkvæmdanefnd byggingaráætlunar, stjórnum verkamannabústaða og öðrum félögum sem á sínum tíma byggðu verkamannabústaði.

Eigendur þessara fasteigna hafa margir hverjir ekki fjárhagslega getu til að greiða kostnað við gerð eignaskiptasamninga. Dæmi eru um að samkomulag þurfi að nást um eignaskiptasamninga sem ná til 314 íbúða."

Um 2. gr.

Lagt er til að við lögin verði bætt nýrri grein, 16. gr. a, sem hefur að geyma fyrirmæli um gerð eignaskiptayfirlýsinga og leyfi til að útbúa þær.

Það er afar brýnt, bæði vegna hagsmuna eigenda og opinberra hagsmuna, að eignaskiptayfirlýsingar séu vandaðar og réttar miðað við fyrirmæli og forsendur laga og reglugerða og þau gögn og heimildir sem þær eiga að byggjast á. Eignaskiptayfirlýsingar eru aðalheimildir um skiptingu fjöleignarhúsa og um réttindi og skyldur eigenda, bæði innbyrðis og gagnvart hinu opinbera. Sé höndum til þeirra kastað og þær ónákvæmar og villandi aukast líkur á deilum og málaferlum og kostnaður af þeim eykst.

Því þykir nauðsynlegt að tryggja að aðeins þeir sem kunna til verka vinni við slík vandaverk og að þeim megi treysta til að útbúa réttar eignaskiptayfirlýsingar miðað við fyrirliggjandi gögn og fyrirmæli gildandi laga og reglugerða. Því er lagt til að eftir 1. júní 1996 megi þeir einir taka að sér gerð eignaskiptayfirlýsinga sem fengið hafa til þess leyfi félagsmálaráðherra. Mælt er fyrir um að viðkomandi þurfi að sýna fram á góða þekkingu á þeirri löggjöf sem máli skiptir og er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra setji í reglugerð frekari ákvæði um skilyrði leyfisveitingar, þ.e. um námsefni og próf og um réttindi, skyldur og ábyrgð leyfishafa o.fl.

Að athuguðu máli þótti hvorki eðlilegt né fært að binda leyfisveitingu þessa við ákveðna menntun. Ljóst er að menn úr ýmsum starfsgreinum og með margvíslega og ólíka menntun geta mjög vel tileinkað sér þekkingu og uppfyllt hæfniskröfur sem gerðar verða.

Í almennum athugasemdum hér að framan hefur verið drepið á hlutverk kærunefndar fjöleignarhúsamála þegar ágreiningur verður um þóknum fyrir gerð eignaskiptayfirlýsingar. Hér er um að ræða nokkra útvíkkun á hlutverki kærunefndarinnar eins og drepið var á að framan. Lagt er til að kærunefndin leiti umsagnar viðkomandi byggingarfulltrúa áður en hún gefur álit sitt á slíkum ágreiningsefnum. Viðkomandi byggingarfulltrúi á að geta metið hversu viðamikil og flókin gerð eignaskiptayfirlýsingarinnar hefur verið og ætti umsögn hans að auðvelda mjög starf kærunefndarinnar.

Um 3. gr.

Orðin „og stærðir“ sem lagt er til að felld verði á brott eru byggð á misskilningi á verkaskiptingu og valdsviði byggingarfulltrúa og Fasteignamats ríkisins. Ef vafi leikur á um stærðir hefur byggingarfulltrúi síðasta orðið. Þessi breyting er lögð til samkvæmt tilmælum byggingarfulltrúans í Reykjavík.

Um 4. gr.

Lögð er til breyting á 1. mgr. 18. gr. laganna og viðbót við hana sem tekur til breytinga á gildandi eignaskiptayfirlýsingum og hlutfallstölum. Eru þessi fyrirmæli að mestu sama efnis og getur í a-lið 1. gr. og vísast því til athugasemda við hana og til almennra athugasemda hér að framan.

Um 5. gr.

Greinin gerir ráð fyrir að við lögin bætist ný grein, 22. gr. a, sem hafi að geyma fyrirmæli um bílskúra á lóð fjöleignarhúsa sem eru í eigu aðila sem ekki eiga aðra séreign eða íbúð í húsinu. Um nánari skýringar við greinina vísast til almennra athugasemda.

Um 6. gr.

Sú breyting sem er lögð til á 2. mgr. 23. gr. laganna er nauðsynleg vegna fyrirmæla í 1. og 4. gr. frumvarpsins um tvær gerðir skiptayfirlýsinga og hvernig að undirritun þeirra skuli staðið.

Um 7. gr.

Í greininni er lagt til að sett verði ákvæði til bráðabirgða er fresti til 1. janúar 1997 framkvæmd fyrirmæla gildandi laga um að eignaskiptayfirlýsing sé skilyrði fyrir því að þinglýsa megi heimildarbréfum um eignir í fjöleignarhúsum. Um nauðsyn á þessari frestun er fjallað í almennum athugasemdum hér að framan og vísast til þeirra um hana. Brýnt er að aðlögunartíminn verði sem best notaður, bæði af húseigendum og stjórnvöldum. Til álita kom að hafa frestinn lengri, en að öllu virtu og að höfðu samráði við þá aðila, sem að þessum málum koma, var það talið óráðlegt. Það mundi aðeins fresta lausn vandans og áhrif þeirrar vakningar sem orðin er í þessu efni mundu hugsanlega minnka.

Um 8. gr.

Gert er ráð fyrir að verði frumvarpið að lögum taki þau strax gildi. Dagsetningar, sem mælt er fyrir um í 1. og 2. gr., eru miðaðar við að frumvarpið verði samþykkt fyrir áramótin. Gangi það ekki eftir mun e.t.v. þurfa að hnika þeim dagsetningum til. Frestir, sem frumvarpið mælir fyrir um, eru ákveðnir mjög knappir af þeim ástæðum sem tilgreindar eru í almennum athugasemdum hér að framan.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 26/1994, um fjöleignarhús.

Frumvarpið miðar að því að gerðar verða tvær breytingar á lögum um fjöleignarhús, annars vegar á fyrirmælum um eignaskiptayfirlýsingar og hins vegar er ætlunin að rýmka hömlur sem lögin setja á ráðstöfun bílskúra í eigu utanaðkomandi aðila.

Eftir samþykkt laganna hefur komið í ljós að misbrestur hefur orðið á því að gerðir hafa verið eignaskiptasamningar um fjöleignarhús þrátt fyrir ákvæði þar um í eldri lögum. Hefur því orðið að ráði að setja í lögin ákvæði til bráðabirgða er fresti til 1. janúar 1997 gildistöku fyrirmæla um að þinglýst eignaskiptayfirlýsing sé skilyrði fyrir þinglýsingu á heimildarskjölum um eignir í fjöleignarhúsum til þess að eigendur og húsfélög fái ráðrúm til að gera eignaskiptayfirlýsingu og hlutaðeigandi stjórnvöld tíma til að sinna fræðslu, kynningu og öðrum undirbúningsráðstöfunum. Þá er gert ráð fyrir að greint verði á milli tvenns konar eignaskiptayfirlýsinga eftir eðli þeirra og efni. Annars vegar er fylgt þeim reglum um gerð slíkrar yfirlýsingar sem gilt hefur um árabil og kveðið er á um í lögunum. Hafi eignaskiptayfirlýsing hins vegar aðeins að geyma samantekt, skráningu og lýsingu á húsi og skiptingu þess í samræmi við þinglýstar heimildir og útreikning á hlutfallstölum í samræmi við gildandi reglur er nægilegt að yfirlýsingin sé undirrituð af stjórn húsfélags þegar eignarhlutar eru sex eða fleiri en ella af meiri hluta eigenda. Er hér slakað á formfestu gildandi laga. Þá er það nýmæli við gerð eignaskiptasamninga að frá 1. júní 1996 megi þeir einir taka að sér að gera slíka samninga sem fengið hafa til þess sérstakt leyfi félagsmálaráðherra og mun hann gefa út reglugerð um hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að fá slíkt leyfi.

Að því er tekur til aukins kostnaðar sem kann að leiða af samþykkt frumvarpsins er rétt að benda á tvö atriði. Þegar um er að ræða fjöleignarhús með félagslegum íbúðum sem falla undir ákvæði V. og VI. kafla laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með síðari breytingum, skulu viðkomandi húsnæðisnefndir láta gera eignaskiptayfirlýsingu fyrir húsið eigendum að kostnaðarlausu. Hér verður væntanlega um aukinn kostnað að ræða fyrir viðkomandi sveitarfélag þó að ekki sé unnt að meta hann að svo stöddu. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir afskiptum kærunefndar fjöleignarhúsamála af málum er varða eignaskiptayfirlýsingar ef svo ber undir og málum varðandi bílskúra í eigu utanaðkomandi aðila og er það nokkur útvíkkun á verksviði kærunefndarinnar. Aukinn kostnaður ríkissjóðs vegna þess er þó óverulegur.

202. Frumvarp til laga [165. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 45/1994.

Flm.: Svavar Gestsson.

1. gr.

Á eftir orðinu „skógræktarsvæða“ í niðurlagi 1. mgr. 16. gr. laganna kemur: vegi sem sérstaklega eru afmarkaðir fyrir umferð reiðhjóla.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samhljóða frumvarp var lagt fram á síðasta þingi en var þá ekki afgreitt. Þá fylgdi því þessi stutta greinargerð:

Notkun reiðhjóla hefur farið vaxandi hér á landi á undanförnum árum. Hafa bæjarfélög brugðist við því með því að leggja sérstakar brautir fyrir umferð reiðhjóla. Þannig hefur orðið til nær samfellt net reiðhjólastíga hér á þéttbýlissvæðinu á suðvesturhorni landsins.

Þessi mál hafa ekki verið flutt inn á vettvang Alþingis áður. Hér er lögð fram tillaga um að vegir, afmarkaðir fyrir reiðhjól, verði teknir inn í vegalög sem væri fyrsta skrefið. Í framhaldi af því þyrfti svo að verða til samfellt net reiðhjólastíga á stærri svæðum. Vonandi verður þessi tillaga til að vekja umræður sem síðan leiða til ákvarðana á Alþingi í þessum efnum.

203. Frumvarp til laga [126. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 20. nóv.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 109. gr. laganna, sbr. lög nr. 20/1994, skal um atkvæðagreiðslu um sameiningu sex sveitarfélaga á Vestfjörðum 2. desember 1995 gilda eftirfarandi:

Hljóti tillaga samstarfsnefndar skv. 108. gr. ekki samþykki í öllum hlutaðeigandi sveitarfélögum, en þó meiri hluta greiddra atkvæða í a.m.k. ⅔ þeirra og í þeim sveitarfélögum búi a.m.k. ⅔ íbúa á svæðinu, er viðkomandi sveitarstjórnum heimilt að ákveða sameiningu þeirra sveitarfélaga sem samþykkt hafa sameininguna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

204. Breytingartillaga [126. mál]

við frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, með síðari breytingum.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Við 1. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Samþykki sveitarstjórn sameiningu sveitarfélagsins við önnur sveitarfélög á grundvelli ákvæðis þessa skal fara fram atkvæðagreiðsla innan sveitarfélagsins um sameininguna ef fyrir liggur ósk a.m.k. þriðjungs atkvæðisbærra íbúa sveitarfélagsins um atkvæðagreiðslu.

205. Lög [126. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 20. nóv.)

Samhljóða þskj. 203.

206. Lög [111. mál]

um breyting á lögum nr. 34/1995, um vörugjald af olíu.

(Afgreidd frá Alþingi 20. nóv.)

Samhljóða þskj. 117.

207. Svar [63. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um olíuleit við Ísland.

1. *Eru eða hafa á undanförnum árum verið stundaðar einhverjar rannsóknir á því hvort olía eða jarðgas finnst á landgrunni Íslands?*

Í örstuttu máli má segja að olía og jarðgas myndist á löngu ferli í setlagadældum við samspil margra samverkandi þátta. Í olíuberglagi eru mikil lífræn setlög. Smám saman hlaðast yngri setlög ofan á og vegna aukins þrýstings og hita gefur það frá sér kolvatnsefnissambönd (hydrocarbon) í formi olíu eða gass. Kolvatnsefnissamböndin leita upp á við í gegnum gropin jarðlög uns þau mæta þéttum jarðlögum þar sem þau hafna í gildru. Kolvatnsefnisgildra er oftast nær kúpa í setlögunum, botnlagið verður að vera gropið en þakbergið þétt. Eins og þessi lýsing ber með sér eru mikil lífræn setlög frumforsenda þess að olía geti myndast, sem og jarðfræðilegar aðstæður. En það eitt er ekki nægilegt því að réttar aðstæður þurfa að hafa verið til staðar á réttum tíma í hinu langa myndunarferli. Ísland er meðal þeirra landa sem verst eru fallin til að gefa af sér olíu og sama

gildir um hafsbotninn út frá landinu. Jarðskorpan á þessu svæði er ung og mynduð við eldvirkni og lítil setlög hafa náð að safnast upp.

Orkustofnun hefur á undanförnum árum unnið að margvíslegum rannsóknum á hafsbotninum umhverfis Ísland. Rannsóknirnar hafa meðal annars verið stundaðar í samvinnu við erlenda aðila eins og síðar verður vikið að. Jafnframt hefur stofnunin fengið ýmis gögn sem safnað hefur verið af erlendum aðilum sem hafa fengið leyfi stjórnvalda til rannsókna á landgrunninu. Þessar rannsóknir hafa að verulegu leyti beinst að því að kanna hvort nauðsynlegar jarðfræðilegar aðstæður séu fyrir hendi til þess að forsendur séu til að olía eða jarðgas kunni að hafa myndast. Olíuleit í þeim skilningi sem olíuiðnaðurinn leggur í hugtakið hefur hins vegar ekki farið fram.

Með framangreindum rannsóknum hefur verið aflað þekkingar til að draga fram stóru drættina í jarðfræði landgrunnsins, einkum þykkt setlaga, en eins og þegar er komið fram er tilvist þykkra setlaga ein af fleiri forsendum þess að olía geti myndast.

Orkustofnun hefur einkum kannað þrjú svæði. Í fyrsta lagi landgrunnið, í öðru lagi Jan Mayen-svæðið og í þriðja lagi Hatton-Rockall-svæðið. Hér verður gerð örstutt grein fyrir þessum rannsóknum.

Landgrunn Íslands.

Orkustofnun stóð fyrir endurkastsmælingum til að kanna setlög undan Norðurlandi árið 1985, og minna verkefni 1989 undan Suðausturlandi. Síðan hafa ekki farið fram mælingar af þessu tagi, en hins vegar hefur verið safnað saman frumgögnum frá ýmsum erlendum aðilum sem mælt hafa á landgrunninu eða umhverfis það. Þyngdar- og segulmælingum, ásamt dýptarmælingum, hefur einnig verið safnað saman af stóru hafsvæði umhverfis landið og hafa verið gerð ný kort með þessum og eldri mælingum.

Könnun á setlögum í Öxarfirði og Tjörnesi, sem Orkustofnun hefur unnið að á undanförnum árum, er að eðli náskyld landgrunnsrannsóknum. Jarðsveiflumælingar, boranir og efnafræðimælingar hafa sýnt að þar eru nokkur setlög til staðar og vottur af olíugasi hefur fundist. Hins vegar hefur ekkert komið fram sem gefur tilefni til að ætla að um vinnanlegar auðlindir sé að ræða.

Jan Mayen-svæðið.

Íslendingar og Norðmenn stóðu sameiginlega að endurkastsmælingum á Jan Mayen-svæðinu, fyrst á árinu 1985 og síðan aftur á árinu 1988. Þessi gögn voru boðin olíufyrirtækjum og öðrum aðilum til sölu á vegum olíustofnunarinnar norsku á sama hátt og hliðstæð gögn á landgrunni Noregs. Lítill áhugi reyndist fyrir þessum gögnum og einungis norska ríkisolíufélagið keypti þau. Þegar ljóst varð að áhugi olíufélaganna á gögnunum var lítill voru að frumkvæði íslenskra stjórnvalda haldnir fundir með norskum stjórnvöldum til að leita leiða til að auka áhuga á svæðinu og auðvelda aðgang að gögnunum. Í því skyni var sérstaklega fjallað um Jan Mayen-svæðið á kynningarfundi norsku olíustofnunarinnar með olíufyrirtækjum sem stunda rannsóknir eða olíuvinnslu á landgrunni Noregs. Svæðið var sérstaklega kynnt í ársskýrslu stofnunarinnar og í kynningarriti hennar og loks kynnti sérfræðingur frá Orkustofnun svæðið á alþjóðlegri olíuráðstefnu í Stavanger árið 1993. Jafnframt þessu var ákveðið að norska olíustofnunin kostaði frekari úrvinnslu og túlkun mælinganna. Þessi kynning hefur ekki skilað áþreifanlegum árangri enn sem komið er. Hið lága heimsmarkaðsverð á olíu kann að valda nokkru þar um.

Nú stendur yfir rannsóknaverkefni Hokkaido-háskóla og Háskólans í Bergen sem gengur út á vísindalega könnun jarðskorpu á svæðinu frá Jan Mayen-hrygg vestur á Kolbeinseyjarhrygg. Orkustofnun tekur nokkurn þátt í þessu starfi sem gæti aukið skilning á gerð dýpri jarðlaga á svæðinu þótt ekki sé um eiginlegar setlagarannsóknir að ræða. Jarðsveiflumælingar voru gerðar sumarið 1995.

Hatton-Rockall-svæðið.

Samvinna tókst milli Dana og Íslendinga um sameiginlegar endurkastsmælingar á Hatton-Rockall-svæðinu á árinu 1987, sem og um úrvinnslu þeirra. Hugsanlega eru þar áhugaverð setlög undir miklum hraunabunkum, en þeir valda erfiðleikum við rannsóknir. Sem kunnugt er standa deilur um yfirráð á þessu svæði.

Litlar boranir hafa farið fram á hafsvæðum sem eru áhugaverð fyrir Íslendinga frá auðlindasjónarmiði. Engin hola er á landgrunni Íslands, og slíkar aðgerðir eru of dýrar eins og mál standa. Íslenskir vísindamenn hafa lagt inn tillögu um boranir undan Norðurlandi til hins alþjóðlega samvinnuhóps ODP (Ocean Drilling Programme) um boranir í úthafsbotninn. Litlar líkur eru taldar á að það verk komi til framkvæmda. Sameiginleg tillaga danskra og íslenskra vísindamanna til sama aðila um að bora á Hatton-Rocall-svæðinu fékk ekki heldur góðar undirtektir, né heldur norsk-íslenskar tillögur um borun á Jan Mayen-hrygg, en þær eru of grunnar og ekki rétt staðsettar til að svara spurningum varðandi olíuleit.

Safnað hefur verið allmiklu af frumgögnum (segulböndum) af endurkastsmælingum í nágrenni landsins sem eru bæði gerðar af Orkustofnun og öðrum aðilum. Tölvutæk heimildaskrá með tilvísunum í greinar og rit sem varða jarðfræði hafsbotnsins hefur verið unnin í Háskóla Íslands. Um þessar mundir er aukin áhersla lögð á samsöfnun innlendra og alþjóðlegra tölvutækra mæligagna og gagnagrunna fyrir svæðið umhverfis Ísland og frekari úrvinnslu þeirra.

Varðandi líkur á því að olíu sé að finna á landgrunninu eða innan efnahagslögsögunnar er rétt að fram komi að hvergi hefur sannast að olía sé til staðar á íslensku hafsvæði og víðast hvar er engin eða hverfandi von til þess að svo geti verið. Ekkert á sjálfu landgrunninu gefur von um olíu nema helst setlögin undan Norðurlandi þar sem þau eru þykkust. Þar vantar þó ábendingar um fjölda annarra þátta sem verða einnig að vera fyrir hendi svo að olía finnist.

Á Jan Mayen-svæðinu er að líkindum meginlandsskorpa með gömlum setlögum, en það er alls óvíst hvort þau eru af heppilegri gerð og auk þess eru aðstæður þar erfiðar til rannsókna, leitar og vinnslu. Enn eru engar vísbendingar um áhuga olíuleitarfyrirtækja, en hann gæti hugsanlega aukist ef yfirstandandi rannsóknir á ytri hluta norska landgrunnsins gefa jákvæðar niðurstöður.

Hið umdeilda Hatton-Rockall-svæði virðist áhugaverðast þessara svæða eftir að olía fannst yst á skoska landgrunninu vestur af Hjaltlandi og áhugi jókst á landgrunni Færeyja. Á undanförnum árum hafa Bretar einnig stundað nokkrar rannsóknir á svæðinu bæði vegna auðlindaleitar og hafréttarmála.

2. *Hefur ríkisstjórnin mótað einhverja stefnu varðandi leit að slíkum auðlindum á íslensku landgrunni?*

Íslensk stjórnvöld hafa, eins og þegar hefur komið fram, reynt að stuðla að rannsóknum á því hvort jarðfræðilegar forsendur fyrir því að olía eða jarðgas kunni að vera að finna á landgrunni Íslands, Jan Mayen-svæðinu og Hatton-Rockall-svæðinu. Þetta hefur verið gert annars vegar með beinum fjárveitingum á fjárlögum og hins vegar með því að reyna að efla áhuga fyrirtækja, stofnana og háskóla á því að rannsaka þessi svæði. Áfram verður unnið að málinu með svipuðum hætti.

208. Tillaga til þingsályktunar [166. mál]

um verslunarrekstur í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Kristján Pálsson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að gera nú þegar þær breytingar á verslunarrekstri sem fram fer í Flugstöð Leifs Eiríkssonar sem geri einstaklingum og fyrirtækjum kleift að setja upp og reka tollfrjálsar verslanir fyrir ferðamenn, en jafnframt dragi hið opinbera sig út úr rekstri tollfrjálsra verslana þar.

Greinargerð.

Eitt af grundvallaratriðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið er jöfnun samkeppnisskilyrða. Til að svo megi verða þurfa einstaklingar og fyrirtæki, jafnt hér á landi sem annars staðar, að eiga jafnan rétt á að bjóða fram þjónustu sína, hvort sem um er að ræða viðskipti innan lands eða milli landa. Ein stærsta verslun landsins, með veltu upp á 1.980 millj. kr., er rekin af hinu opinbera í Leifsstöð. Flutningsmenn tillögunnar telja óeðlilegt að hið opinbera sinni þessari starfsemi. Nú þegar er rætt um einkavæðingu flughafnarinnar. Meira skiptir að hið opinbera dragi sig alfarið út úr öllum verslunarrekstri á Keflavíkurflugvelli og fái hann í hendur einkaaðilum. Þetta gæti gerst með því að skipta núverandi húsnæði fríhafnarinnar í einingar sem unnt væri að leigja út til einkaaðila til ákveðins tíma í senn og sæju þeir sjálfir um atvinnustarfsemina. Ekki þyrfti að koma til neinnar lagabreytingar af þessum sökum þar sem 79. gr. tollalaga, nr. 55/1987, heimilar nú þegar rekstur tollfrjálsra verslana í flugstöðvum.

Á síðasta ári fóru u.þ.b. 840 þúsund ferðamenn um flugstöðina í Keflavík og er þá hvort tveggja talið, ferðamenn sem áttu þar stutta viðdvöl (transit) og ferðamenn sem dvöldust lengur hér, auk íslenskra ferðamanna. Almennt er talið að ferðamenn verji u.þ.b. 25% af ferðafé sínu til verslunar, og er þá ekki meðtalinn matur og drykkur. Því er ljóst að það skiptir verslunina í landinu verulegu máli að fá aðgang að þessu viðskiptasviði. Nú eru þær vörur, sem eru á boðstólum í fríhöfninni í Leifsstöð, seldar ferðamönnum á mun lægra verði en kaupmenn geta almennt boðið þar sem af þeim eru hvorki innheimtir tollar, vörugjöld né virðisaukaskattur. Hið opinbera innheimtir sömu gjöld og það sleppir sjálft af þeim vörum sem seldar eru í fríhöfninni í Leifsstöð af annarri verslun í landinu. Allir sjá hversu gífurlegt óréttlæti og mismunun hér er um að ræða. Það getur aldrei talist hlutverk hins opinbera að stunda verslun í samkeppni við einkaaðila. Mun eðlilegra hlýtur að teljast að hið opinbera skapi einstaklingum færi á að stunda slíka atvinnustarfsemi í innbyrðis samkeppni.

209. Tillaga til þingsályktunar [167. mál]

um endurskoðun á meiðyrðalöggjöfinni.

Flm.: Drífa Sigfúsdóttir, Jón Kristjánsson, Siv Friðleifsdóttir.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að láta endurskoða 234.–242. gr. í XXV. kafla almennra hegningarlaga sem fjallar um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs.

Greinargerð.

Gott mannorð er hverjum manni mikilvægt. Þeir sem hafa unnið sér virðingu samfélagsins geta þó án tilefnis verið sviptir henni. Höfundur Hávamála trúði því að sá sem ætti góðan orðstír gæti ekki glatað honum en í nútímasamfélagi er staðreyndin önnur. Á undanförnum árum hafa komið upp ýmis mál þar sem menn telja sig hafa verið sviptir ærunni að ósekju. Einkum er í þessu sambandi rætt um fjölmiðla og ekki síst svokallaða „slúðurdálka“ þeirra. Fjölmiðlar verða sífellt öflugri og ná til fleiri notenda. Með margmiðlun hafa opnast nýjar leiðir til tjáskipta sem nota má til góðra hluta og einnig til hins verra. Með einföldum hætti má t.d. koma upplýsingum um menn og málefni á framfæri við óteljandi aðila um allan heim. Upplýsingar, sem sendar eru t.d. sem fréttir, verða tæplega afturkallaðar. Veraldarvefurinn hefur opnað nýja möguleika sem hægt er að misnota eins og nýleg dæmi sanna. Að gefnu tilefni telja flutningsmenn því rétt að endurskoða meiðyrðalöggjöfina sem sett var fyrir 55 árum.

Fleiri hliðar eru á málinu og hafa fréttamenn oft vakið athygli á að lögin þurfi að endurskoða. Flutningsmenn telja rétt að virða einnig sjónarmið þeirra.

210. Tillaga til þingsályktunar [168. mál]

um réttindi og skyldur ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga einstaklinga.

Flm.: Drífa Sigfúsdóttir, Magnús Stefánsson, Ísólfur Gylfi Pálmason.

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að skipa nú þegar nefnd til að semja frumvarp til laga um réttindi og skyldur ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga einstaklinga.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa fjölmörg mál vakið upp spurningar um réttindi og skyldur ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga. Mest áberandi eru kvartanir í málum þar sem skuldari fær lán sem er hærra en skuldarinn er fær um að ráða við miðað við óbreyttar aðstæður. Einnig eru fjölmörg dæmi um mál þar sem aðstæður skuldara hafa breyst, svo sem vegna veikinda eða atvinnuleysis.

Mjög mikilvægt er fyrir ábyrgðarmenn að upplýsingaskylda lánveitenda sé rík þannig að mönnum sé ljóst hvað þeir eru að takast á hendur. Áríðandi er að upplýsingablöð fyrir neytendur liggi frammi í bönkum þar sem m.a. ýmis hugtök eru skýrð, upplýsingar veittar um ábyrgð sem fylgir undirskrift ábyrgðarmanna og hvað beri að forðast. Það er sorglegt þegar fólk missir aleiguna eftir að hafa skrifað upp á fyrir ættingja, vin eða kunningja. Augljóst er að margt af þessu fólki hefur ekki gert sér fullkomlega grein fyr-

ir afleiðingunum. Ábyrgðarmenn ættu að eiga rétt á upplýsingum um fjárhagsstöðu skuldara og möguleika þeirra til að standa við skuldbindingar sínar.

Í Finnlandi hafa verið samþykkt lög sem fjalla um ríka upplýsingaskyldu gagnvart ábyrgðarmönnum og um bann við ákveðnum ábyrgðarsamningum.

Í Noregi hefur verið unnið frumvarp til laga um skuldbindingar ábyrgðarmanna og tryggingar vegna veðsetningar þriðja manns. Þar er um að ræða vernd fyrir ábyrgðarmenn, svo sem upplýsingaskyldu fyrir gerð samnings, hvert sé innihald samnings, um skyldu til að vara ábyrgðarmenn við breytingum á samningi, um bann við því að tryggingu sé vikið til hliðar, niðurfellingu ábyrgðar og tryggingu sem ábyrgðarmaður getur tekið, hvenær hægt sé að ganga að ábyrgðarmanni o.fl.

Með því að tryggja í lögum vernd fyrir ábyrgðarmenn er um leið verið að stuðla að því að gætt sé hófs í lánveitingum til skuldara sem illa ráða við skuldbindingar sínar. Þá mun aukin upplýsingaskylda vonandi draga úr óþarfa neyslulánum og því verka sem fyrirbyggjandi ráðstöfun gegn of mikilli skuldasöfnun.

211. Tillaga til þingsályktunar [169. mál]

um skipun nefndar til að kanna forsendur fyrir kaupum og rekstri skólabáts.

Flm.: Kristján Pálsson, Guðmundur Hallvarðsson, Árni Johnsen,
Hjálmar Jónsson, Árni M. Mathiesen, Gísli S. Einarsson,
Einar K. Guðfinnsson, Guðjón Guðmundsson,
Lúðvík Bergvinsson, Magnús Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að skipa nefnd til að kanna forsendur fyrir kaupum og rekstri skólabáts sem nýttur verði til kennslu í sjómennsku í skólum landsins.

Nefndina skipi fulltrúar hagsmunaaðila og ráðuneyta og skili hún áliti eigi síðar en í apríl 1996.

Greinargerð.

Árið 1985 var fyrsta skólabáti landsmanna hleypt af stokkunum og gefið nafnið Mímir RE. Hann var smíðaður á Skagaströnd og var 15 brl. að stærð. Báturinn var í eigu ríkissjóðs og á rekstrarábyrgð sjávarútvegsráðuneytisins. Ráðuneytið samdi við Fiskifélag Íslands um rekstur hans og sá Þorleifur Kr. Valdimarsson starfsmaður hjá Fiskifélaginu um útgerðina.

Útgerð bátsins var strax mjög árangursrík og að mati þeirra sem séð hafa um sjóvinnukennslu í grunnskólunum skipti tilkoma bátsins sköpum um áhuga fyrir því námi. Fjögurra manna rekstrarstjórn var skipuð yfir bátinn og voru ráðnir úrvalsmenn um borð. Fyrir utan það að nýtast sem skólabátur var Mímir notaður til rannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunar og Líffræðistofnunar Háskóla Íslands. Fljótlega kom þó í ljós að ásókn í að fá bátinn til kennslu var svo mikil að henni varð ekki annað. Var þar um að ræða stýrimannadeildir víða um landið, svo og aðra skóla.

Í ársskýrslu Þorleifs Kr. Valdimarssonar til Fiskifélagsins árið 1990 kemur m.a. fram að fyrstu fimm árin hafi 3.000 ungmenni á aldrinum 13–16 ára farið dagsferðir á sjó með honum. Meðalfjöldi nemenda í sjóvinnukennslunni á árunum 1986–1992 var um 300 á ári. Þessu námi fylgdi það að fara á sjó með Mími og var það að allra mati toppurinn á

náminu. Reynd voru margs konar veiðarfæri, m.a. lína, net, færi og gildrur. Vegna þess að báturinn var lítill takmörkuðust möguleikar hans til veiða mikið og var t.d. erfitt að koma við trolli. Sá hörmulegi atburður átti sér stað í október 1991 að Mímir fórst með allri áhöfn í Hornafjarðarósi. Þar fórust mætir menn.

Þegar Mímis naut ekki lengur við í sjóvinnukennslunni dró verulega úr henni í grunnskólum landsins. Til marks um það hefur þeim grunnskólum sem bjóða upp á sjóvinnukennslu fækkað úr 27 árið 1992 í 18 á yfirstandandi skólaári. Þá hefur einnig tekið alveg fyrir dagsferðir með skólabörn sem reyndust mjög vinsælar. Nauðsynlegum þætti í uppfræðslu íslenskrar æsku um það á hverju þjóðin lifir var kippt frá henni og ekkert hefur komið í staðinn.

Eftir að Mímir fórst hafa einstaklingar reynt að sinna þessari þjóðfélagsskyldu og unnið þar markvert starf. Má þar nefna rekstur Haftinds á vegum Karels Karelssonar.

Hugmynd flutningsmanna þessarar tilllögu eru:

a. að keyptur verði stærri bátur en Mímir var og hann nýttur að mestu til kennslu, en að mati útgerðarstjóra Mímis RE var aðsókn stýrimannadeilda og grunnskóla svo mikil að bátnum að ekki var hægt að anna henni vegna skylduverkefna í þágu vísindanna,
b. að báturinn verði í eigu ríkisins, enda eðlilegt að ríkissjóður hafi frumkvæði og beri ábyrgð á því að kennsla fari fram í undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar; einnig er erfitt að sjá að einstök sveitarfélög geti átt slíkan bát þó svo að þau gætu tekið þátt í rekstri hans ásamt hagsmunasamtökum í sjávarútvegi,
c. að samvinna um kaup og rekstur bátsins verði við sveitarfélögin í landinu, Fiskifélag Íslands, sjómannasamtök, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Stýrimannaskólann, menntamálaráðuneytið og fleiri hagsmunaaðila,
d. að undirbúningsnefndin skili af sér eins fljótt og kostur er, en þó ekki seinna en í apríl nk. svo að nægur tími verði til undirbúnings fyrir næsta skólaár og næstu fjárlög.

Hér áður þótti sjálfsagt að ungir menn réðu sig í skipsrúm upp á brot úr hlut til að læra sjómennsku. Þessi siður er aflagður og með aukinni eftirspurn eftir skipsrúmi hefur ungum mönnum reynst erfitt að komast að sökum reynsluleysis. Áhugi fyrir námi við Stýrimannaskólann hefur dregist verulega saman og er það áhyggjuefni fiskimannaþjóð sem okkur Íslendingum. Það er því nauðsynlegt að við endurmetum stöðuna.

Það ætti að vera skylda að bjóða sjóvinnukennslu sem valgrein í hverjum grunnskóla. Það vekur athygli að í miklum útgerðarbæjum eins og Akureyri, Sauðárkróki, Siglufirði og Neskaupsstað er ekki boðið upp á slíka kennslu.

Að mati hagsmunaaðila, sem haft var samband við vegna þessarar þingsályktunartillögu, þ.e. Fiskifélags Íslands, Stýrimannaskólans, Landsambands íslenskra útvegsmanna og sjómannasamtaka, er rekstur skólabáts mjög mikilvæg forsenda þess að hægt verði að glæða áhuga ungs fólks á sjómennsku og menntun sjómanna.

212. Fyrirspurn [170. mál]

til umhverfisráðherra um varnir gegn mengun sjávar.

Frá Katrínu Fjeldsted.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir afnámi þeirra ákvæða í lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, sem heimila ráðherra að leyfa m.a. að skipsflökum sé sökkt í sjó, í framhaldi af undirritun samnings um verndun Norðaustur-Atlantshafsins í París 1992?

213. Frumvarp til laga [171. mál]

um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse-Lonza Holding Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

Með lögum þessum staðfestist samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse-Lonza Holding Ltd. (sem hefur yfirtekið réttindi og skyldur Swiss Aluminium Limited að lögum), dags. 16. nóvember 1995, um viðauka við aðalsamning milli sömu aðila, dags. 28. mars 1966 (áður breyttan með viðaukum dags. 28. október 1969, 10. desember 1975, 5. nóvember 1984 og 11. nóvember 1985), um byggingu og rekstur álbræðslu við Straumsvík, í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum á íslensku og ensku.

2. gr.

Ákvæði viðaukasamnings þess sem um ræðir í 1. gr. skulu hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast gagnvart Íslenska álfélaginu hf. og Alusuisse-Lonza Holding Ltd. fullar og tímanlegar efndir Hafnarfjarðarbæjar á öllum skuldbindingum sínum samkvæmt samkomulagi bæjarins og Íslenska álfélagsins hf. um stækkun hafnarmannvirkja í Straumsvíkurhöfn, dags. 16. nóvember 1995, svo sem þær skuldbindingar væru samkvæmt hafnar- og lóðarsamningi milli Hafnarfjarðarbæjar og Íslenska álfélagsins hf., dags. 28. mars 1966.

Ríkisstjórninni er heimilt að semja við Hafnarfjarðarbæ um hlutdeild bæjarins í framleiðslugjaldi sem Íslenska álfélagið hf. greiðir samkvæmt aðalsamningi þeim er um ræðir í 1. gr. svo sem hann er á hverjum tíma.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

FIMMTI VIÐAUKI VIÐ AÐALSAMNING MILLI RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS OG ALUSUISSE-LONZA HOLDING LTD.

Samningur gerður hinn 16. dag nóvembermánaðar, 1995,
milli

RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS (hér eftir nefnd „ríkisstjórnin“) annars vegar
og
ALUSUISSE-LONZA HOLDING LIMITED (hér eftir nefnt „Alusuisse“) sem er hlutafélag stofnað að svissneskum lögum hins vegar.

Ríkisstjórnin og Alusuisse eru aðilar að samningi dagsettum 28. mars 1966, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 76, 13. maí 1966 og tók gildi 20. september 1966, með áorðnum breytingum samkvæmt (i) fyrsta viðauka dagsettum 28. október 1969, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 19, 6. apríl 1970 og tók gildi 16. apríl 1970, (ii) öðrum viðauka dagsettum 10. desember 1975, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 42, 25. maí 1976 og tók gildi 12. júní 1976, (iii) þriðja viðauka dagsettum 5. nóvember 1984, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 104, 30. nóvember 1984 og tók gildi 30. nóvember 1984, og (iv) fjórða viðauka dagsettum 11. nóvember 1985, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 111, 31. desember 1985 og tók gildi 31. desember 1985 (hér eftir svo breyttur nefndur „aðalsamningurinn“). Samningur þessi fjallar meðal annars um byggingu og rekstur álbræðslu með tilheyrandi búnaði við Straumsvík í Hafnarfjarðarbæ („kaupstaðnum“), sem er í eigu Íslenska álfélagsins hf. („ÍSAL“), dótturfélags Alusuisse;

Ríkisstjórnin hefur hug á að stuðla að frekari aukningu orkufreks iðnaðar á Íslandi og auka þannig fjölbreytni í atvinnulífi landsins með því að nýta vatnsafls- og jarðhitaorkulindir landsins;

Alusuisse stundar fjölþætta, alþjóðlega iðnaðarstarfsemi, m.a. áliðnað sem framleiðandi súráls og hrááls og fullunninnar og hálfunninnar álvöru;

Alusuisse hefur hug á að styrkja samkeppnisstöðu ÍSALs með því að stækka ÍSAL og tryggja þannig betri nýtingu núverandi aðstöðu við Straumsvík;

Í kjölfar samningaviðræðna, sem staðið hafa yfir frá því í janúar 1995, um leiðir til þess að ná þessum markmiðum vilja ríkisstjórnin og Alusuisse nú gera breytingar á tilteknum ákvæðum aðalsamningsins er varða stækkunina, ákvörðun framleiðslugjalds, sem ÍSAL greiðir, og aðra þætti sem tengjast rekstrinum;

MEÐ SKÍRSKOTUN TIL ÞESSA ER HÉR MEÐ GERÐUR EFTIRFARANDI SAMNINGUR:

1. gr.

Heiti samnings þessa og skýringar á orðum, sem notuð eru í honum.

1.01 Samning þennan ber að nefna fimmta viðaukann við aðalsamninginn.

1.02 Eftirtalin orð, sem notuð eru í þessum samningi, skulu þar hafa sömu merkingu og þeim er gefin í þeim málsgreinum sem tilgreindar eru í 1. gr. aðalsamningsins (með áorðnum breytingum samkvæmt fyrri viðaukum og breytingum samkvæmt þessum viðauka), nema annars gerist þörf vegna samhengis:

„Ríkisstjórnin“	málsgr. 1.01(a)
„Alusuisse“	málsgr. 1.01(b)
„Kaupstaðurinn“	málsgr. 1.01(d)
„ÍSAL“	málsgr. 1.01(e)
„Dótturfélag Alusuisse“	málsgr. 1.01(f)
„Fylgiskjöl“	málsgr. 1.02
„Fylgisamningar“	málsgr. 1.02
„Ál“	málsgr. 1.03(a)
„Bræðsla“	málsgr. 1.03(b)
„Samningsbundið rafmagn“	málsgr. 1.03(r)
„Fimmti áfangi bræðslunnar“	málsgr. 1.05(a)
„Fjórða stækkun bræðslunnar“	málsgr. 1.05(b)
„AR V“	málsgr. 1.05(c)
„Viðbótarorkuvirki“	málsgr. 1.05(d)

1.03 „Fylgiviðauki“ merkir fjórða viðauka við rafmagnssamninginn (fylgiskjal A) milli Landsvirkjunar og ÍSALs. „Viðaukaskjalið“ merkir samkomulag um stækkun hafnaraðstöðunnar í Straumsvík samkvæmt málsgrein 12.02 í hafnar- og lóðarsamningnum og um framkvæmd tiltekinna ákvæða í þeim samningi, sem gerður var milli kaupstaðarins og ÍSALs og fylgir þessum samningi í Viðauka A.

1.04 Krefjist samhengi ekki annars, skulu eftirfarandi orð, sem notuð eru í samningi þessum, fylgiviðauka við hann og viðaukaskjali með honum hafa eftirfarandi merkingu:

a. „Staðfestingarlögin“ merkir lög þau frá Alþingi sem veita samningi þessum lagagildi eins og kveðið er á um í málsgrein 12.02 í samningi þessum.
b. „Gildistökudagur“ þessa samnings skal hafa þá merkingu sem tilgreind er í málsgrein 12.02 í þessum samningi.

2. gr.

Breytingar á skýringum, sem notaðar eru í aðalsamningnum og fylgiskjölum hans.

2.01 Stafliður (b) í málsgrein 1.01 í aðalsamningnum skal hljóða sem hér segir:

„(b) „Alusuisse“ merkir Alusuisse-Lonza Holding Ltd., félag, sem stofnað er að svissneskum lögum, skráð í Zürich, Sviss, sem er réttartaki Swiss Aluminium Limited í Chippis í Valais-fylki í Sviss með höfuðstöðvar við Feldeggstrasse 4, CH-8008 Zürich, Sviss.“

2.02 Stafliðir (f) og (g) í málsgrein 1.01 í aðalsamningnum skulu hljóða sem hér segir:

„(f) „Dótturfélag Alusuisse“ merkir sérhvert félag, sem nú er til eða síðar er stofnað, þar sem meira en 50% hluta, sem almennur atkvæðisréttur fylgir, er beint eða óbeint í eigu eða undir stjórn Alusuisse.

(g) „Samþykktur hluthafi“ merkir sérhvert fyrirtæki (annað en Alusuisse eða dótturfyrirtæki þess) sem á hluti í ÍSAL, sem það hefur eignast í samræmi við 22. gr. þessa samnings. Sérhver tilvísun til minnihlutahluthafa í þessum samningi skal teljast tilvísun til samþykkts hluthafa.“

2.03 Upphafsmálslið í málsgrein 1.03 í aðalsamningnum er hér með breytt þannig að orðin „þá merkingu, sem segir í þessari málsgrein og málsgrein 1.04“ í lok hans falla brott og í þeirra stað koma orðin „þá merkingu sem segir í þessari málsgrein 1.03 og málsgreinum 1.04 og 1.05“.

2.04 Stafliðir (a) og (b) í málsgrein 1.03 í aðalsamningnum skulu hljóða sem hér segir:

„(a) „Ál“ merkir ál sem framleitt er af ÍSAL og sem getur verið í formi

i) „hrááls“, sem merkir blandaðan eða óblandaðan álmálm sem framleiddur er í bræðslunni og steypuskála bræðslunnar og sem getur verið annaðhvort i) „álhleifar“ sem verslað er með sem „ál að lágmarkshreinleika 99,7%“ á London Metal Exchange „LME“, eða ii) „afurðir úr hrááli“, sem framleiddar eru með samfelldu framleiðsluferli er hefst með kvikmálmi, og geta verið af hvaða tegund, stærð eða lögun sem er, þar með talið hleifar til endurbræðslu og steypu, valsbarrar, stangir til þrýstimótunar, álvír, pressuð korn og álryk, svo og sísteyptar plötur, steypuþráður (hvort heldur niðurbrotinn og uppvafinn eða ekki), álskífur sem slegnar eru úr sísteyptum plötum, sem almennt er verslað með á LME-verði auk uppbóta sem stafa af gæðum eða lögun; og

ii) „fullunninnar álvöru“, sem merkir framleiðsluvörur úr hrááli framleiddar á bræðslulóðinni eða utan hennar úr hrááli, sem framleitt er í bræðslunni eða steypuskála bræðslunnar með framleiðsluferli sem hefst með köldum álmálmi, svo sem heit- eða kaldvölsuðum plötum, þrýstimótuðu, steyptu eða mótuðu áli án tillits til þess hvort framleiðslan fer fram í steypuskála bræðslunnar eða í sérbyggðri verksmiðju, aðstöðu eða mannvirki.“

„(b) „Bræðsla“ merkir álbræðsluna, ásamt tilheyrandi mannvirkjum á bræðslulóðinni, eins og hún er gerð og búin á hverjum tíma, með 60 megavatta málraun fyrir fyrsta áfanga bræðslunnar og 295 megavatta málraun í upphafi fimmta áfanga bræðslunnar, sem heimilt er að auka innan fimmta áfanga bræðslunnar upp í 360 megavatta málraun, svo sem nánar er tilgreint í rafmagnssamningum hverju sinni, og getur þegar hún er fullbyggð verið:

(i) tveir eða fleiri kerskálar með röðum af álbræðslukerum ásamt tilheyrandi raf- og rafeindabúnaði og öðrum fylgibúnaði;

(ii) einn eða fleiri steypuskálar með bræðslu-, geymslu-, gashreinsi-, steypu- og jafnblöndunarbúnaði ásamt öllum þeim fylgibúnaði sem þörf er á til álframleiðslu á hverjum tíma;

(iii) annar verksmiðjubúnaður, húsnæði eða aðstaða og viðeigandi vélakostur, búnaður og fylgibúnaður sem nauðsynlegur er til framleiðslu áls;

(iv) fylgi- og hjálpartæki til framleiðslu og festingar á rafskautum, endurheimtu flúorsambanda, meðferðar á málmúrgangi og rafskautaleifum, dælingar og meðferðar á vatni og til viðgerðar og viðhalds á verksmiðju og búnaði;

(v) rannsóknarstofur til efnagreiningar og til eftirlits með framleiðslu og gæðum;

(vi) lestunar-, losunar-, flutnings- og geymslubúnaður (hvort sem hann er á bræðslulóðinni eða á hafnarsvæðinu) og vörugeymslur fyrir framleiðsluna, efnivörur og rekstrarvörur og miðstöðvarkerfi; og

(vii) stjórnunaraðstaða, þar með talin skrifstofubyggingar, mötuneyti og búningsaðstaða."

2.05 Stafliður (v) í málsgrein 1.03 í aðalsamningnum breytist þannig að orðin „þrítugasta og fimmta" falli brott og í þeirra stað komi orðin „fertugasta og fimmta".

2.06 Við fyrstu grein aðalsamningsins bætist ný málsgrein, 1.05, svohljóðandi:

„1.05 Eftirtalin orð í þessum samningi og fylgiskjölum hans skulu hafa eftirtaldar merkingar, nema annars gerist þörf vegna samhengis:

(a) „Fimmti áfangi bræðslunnar" merkir bræðsluna eins og hún er byggð og búin með 295 megavatta málraun í fyrstu og síðan allt að 360 megavatta málraun.

(b) „Fjórða stækkun bræðslunnar" merkir þann hluta bræðslunnar sem hefur 110 megavatta málraun umfram málraun fjórða áfanga bræðslunnar.

(c) „Fimmti afhendingardagur rafmagns" („AR V") merkir dag þann sem skilgreindur er og ákveðinn samkvæmt ákvæðum 9. gr. samnings þessa.

(d) „Viðbótarorkuvirki" merkir vatnsaflsvirkjunina við Hrauneyjafoss í Tungnaá á Suðurlandi, sem hefur 210 megavatta málraun og Blönduvirkjun að Eiðsstöðum við Blöndu á Norðurlandi, sem hefur 150 megavatta málraun, eins og þessar virkjanir eru á hverjum tíma að gerð og búnaði, þar með talin farvegs- og inntaksmannvirki, skurðir, þrýstivatnspípur, stöðvarhús, spennistöðvar, tengivirki og nettengingar, svo og stækkun uppistöðulónsins í Þórisvatni, sem tekur til vatnsmiðlunarmannvirkja er auka geymslurými uppistöðulónsins við Þórisós í sem svarar u.þ.b. 1.330 gígalítra."

3. gr.

Breytingar á ákvæðum aðalsamningsins er lúta að byggingu mannvirkja og málum er því tengjast.

3.01 Málsgrein 4.02 er hér með breytt og verður svohljóðandi:

„4.02 Auk þess að ljúka byggingu Búrfellsvirkjunar, Þórisvatnsmiðlunar og Sigölduvirkjunar, hefur Landsvirkjun byggt viðbótarorkuvirkin og skal stækka samtengt orkukerfi sitt enn frekar með því að byggja, reka og halda við þeirri viðbótargetu til orkuframleiðslu og flutnings sem þörf krefur til þess að láta í té samningsbundið rafmagn samkvæmt ákvæðum þessa samnings og rafmagnssamningsins allan gildistíma þeirra og framlengdan gildistíma ef til kemur."

3.02 5. gr. aðalsamningsins er hér með breytt þannig að orðin „og AR IV" eru felld brott og í staðinn koma orðin „AR IV og AR V og aðrir afhendingardagar rafmagns til viðbótar sem kunna að vera tilgreindir og ákveðnir í rafmagnssamningnum á hverjum tíma".

3.03 Málsgrein 6.01 í aðalsamningnum er hér með breytt, í fyrsta lagi með því að fella brott orðin „og þriðju stækkun bræðslunnar" og setja í þeirra stað orðin „þriðju stækkun bræðslunnar og fjórðu stækkun bræðslunnar"; og í öðru lagi með því að fella brott orðin „og AR IV" og setja í þeirra stað orðin „AR IV og AR V".

3.04 Við 6. gr. aðalsamningsins bætist ný málsgrein, 6.03, svohljóðandi:

„6.03 Alusuisse skal fela ÍSAL að byggja og útbúa fjórðu stækkun bræðslunnar þannig að hún sé fullbyggð og fullbúin til starfrækslu eigi fyrr en 1. júlí 1997 og eigi síðar en 31. desember 1997. ÍSAL ber að tilkynna Landsvirkjun með eigi minna en árs fyrirvara, hvenær áætlað sé að hefja starfrækslu á fjórðu stækkun bræðslunnar."

3.05 Við 6. gr. aðalsamningsins bætist ný málsgrein, 6.04, svohljóðandi:
„6.04 ÍSAL skal byggja og útbúa bræðsluna og Alusuisse skal fela ÍSAL að byggja og útbúa bræðsluna þannig að öll frekari stækkun hennar, sem á sér stað innan ramma fimmta áfanga bræðslunnar, sé fullbyggð og fullbúin til starfrækslu eigi síðar en þann dag sem tilgreindur er og ákveðinn í rafmagnssamningnum sem fyrsti dagur er Landsvirkjun er skuldbundin að afhenda rafmagn til slíkrar frekari stækkunar bræðslunnar."

3.06 7. gr. aðalsamningsins er hér með breytt þannig að orðin „og AR IV" falli brott og í þeirra stað komi orðin „AR IV og AR V og þeir afhendingardagar til viðbótar sem kunna að vera tilgreindir og ákveðnir í rafmagnssamningnum á hverjum tíma".

3.07 Fyrirsögn 9. gr. er hér með breytt þannig að hún verði svohljóðandi: „9. gr. Ákvörðun um AR I, AR II, AR III, AR IV og AR V".

3.08 Málsgrein 9.01 í aðalsamningnum er hér með breytt, í fyrsta lagi með því að fella brott orðin „og fjórði afhendingardagur rafmagns („AR I", „AR II", „AR III" og „AR IV")" og orðin „og fjórða áfanga bræðslunnar" í fyrsta málslið málsgreinar 9.01 og setja í þeirra stað í réttri röð orðin „fjórði og fimmti afhendingardagur rafmagns („AR I", „AR II", „AR III", „AR IV" og „AR V")" og orðin „fjórða og fimmta áfanga bræðslunnar" og, í öðru lagi, með því að fella brott orðin „og AR IV", orðin „málsgr. 9.02, 9.03 og 9.04" og orðin „málsgr. 9.05, 9.06, 9.07 eða 9.10" í öðrum málslið málsgreinar 9.01 og setja í þeirra stað í réttri röð orðin „AR IV" og „AR V", orðin „málsgr. 9.02, 9.03, 9.04, 9.09 og 9.11" og orðin „málsgr. 9.05, 9.06, 9.07, 9.10 eða 9.12".

3.09 Við 9. gr. aðalsamningsins bætist ný málsgrein 9.11, svohljóðandi:
„9.11 AR V skal vera sá dagur, eigi fyrr en 1. júlí 1997 og eigi síðar en 1. janúar 1998 (þó háð ákvæðum málsgreinar 9.12 um frestun) sem ákveðinn er með samkomulagi milli Landsvirkjunar og ÍSALs, en ef slíkt samkomulag hefur ekki verið gert er AR V hér með ákveðinn sem 1. janúar 1998 (þó háð ákvæðum málsgreinar 9.12 um frestun)."

3.10 Við 9. gr. aðalsamningsins bætist ný málsgrein 9.12, svohljóðandi:
„9.12 Fari svo einhvern tíma innan tólf mánaða fyrir dagsetningu AR V, eins og sú dagsetning er ákvörðuð skv. málsgrein 9.11, að framkvæmdir við fjórðu stækkun bræðslunnar verði fyrir töfum vegna óviðráðanlegra afla og ÍSAL geti ekki samkvæmt bestu fyrirhyggju komið í veg fyrir slíkar tafir með öllum þeim ráðum sem eðlileg mega teljast, þá skal Alusuisse vera heimilt að lýsa yfir frestun, með sama hætti og kveðið er á um í málsgrein 9.08, á dagsetningu AR V til þess dags sem tilgreindur er í slíkri yfirlýsingu, að því tilskildu þó að frestunin skal eigi fara fram úr þeim tímatöfum sem slík óviðráðanleg öfl hafa valdið. Ákvæði málsgreinar 9.08 um rétt til þess að vefengja sérhverja yfirlýsingu um frestun og lengd sérhverrar meintrar tímatafar, eða að öll eðlileg ráð hafi verið viðhöfð til að koma í veg fyrir slíka töf og varðandi samkomulag, dómsmeðferð eða gerð um slíka vefengingu skulu gilda."

4. gr.

Breytingar á ákvæðum aðalsamningsins varðandi framleiðsluafköst og takmörkun framleiðslu.

4.01 10. gr. aðalsamningsins er breytt í heild sinni og verður svohljóðandi:
„Að teknu tilliti til fjárhagslegrar og tæknilegrar hagkvæmni skal bræðslan jafnan starfrækt með hagstæðustu framleiðsluafköstum. Hámarksafköst skulu aðeins háð þeim takmörkunum sem tilgreind eru í umhverfisstarfsleyfi og fylgiskjölunum."

4.02 11. gr. aðalsamnings er hér með breytt og verður svohljóðandi:

„11.01 ÍSAL skal stunda framleiðslu hrááls ásamt allri skyldri starfsemi og er heimilt að takast á hendur framleiðslu fullunninnar álvöru eða stunda hvers kyns aðra starfsemi á Íslandi, sem er óskyld álframleiðslu, eftir því sem íslensk lög heimila, einkum lög nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi, eins og þau eru á hverjum tíma.

11.02 Ef ÍSAL fæst við starfsemi sem er óskyld álframleiðslu skal um slíka starfsemi stofna til sérstaks lögaðila að íslenskum lögum sem háður er íslenskum skattalögum, nema um annað sé samið við ríkisstjórnina.“

5. gr.

Breytingar á ákvæðum aðalsamningsins er varða innflutningsleyfi, rekstrarfé og erlendan gjaldeyri.

5.01 Ný málsgrein, 14.07, bætist við 14. gr. aðalsamningsins, svohljóðandi:

„14.07 Að því marki sem flutt er inn brotaál eða lággæða hráál til endurbræðslu, hreinsunar eða frekari vinnslu hjá ÍSAL, skal slíkt innflutt brotaál eða annað hráál bera lægstu aðflutningsgjöld sem heimiluð eru samkvæmt alþjóðasamningum, sem Ísland er aðili að, eða undanþegið aðflutningsgjöldum þegar heimilt er samkvæmt slíkum samningum.“

5.02 Orðin „staflið g) í“ í 2. málsl. 15. gr. aðalsamningsins falli niður.

5.03 Fyrirsögn 16. gr. verði „Erlendur gjaldeyrir og gjaldeyrisreikningar“. Málsgrein 16.01 í aðalsamningnum falli niður og niðurfellingin verði sýnd með því að setja í stað hinnar niðurfelldu málsgreinar orðin „Felld niður með fimmta viðauka við aðalsamninginn“.

5.04 Orðin „Að fullnægðum skilyrðum málsgreinar 16.01 skal ÍSAL“ í málsgrein 16.02 í aðalsamningnum falli niður og í stað þeirra komi orðin „ÍSAL skal . . .“

6. gr.

Breytingar á ákvæðum aðalsamningsins varðandi starfslið, efni og þjónustu og aðstoðarsamninga.

6.01 Orðin „. . . í samræmi við lög nr. 39/1951“ í lok málsgreinar 17.01 og 17.02 í aðalsamningi verði felld niður og í stað þeirra komi orðin „. . . í samræmi við íslensk lög“.

6.02 Málsgrein 17.04 í aðalsamningi er hér með breytt þannig að hún hljóði svo í heild sinni:

„17.04 Samningurinn milli lýðveldisins Íslands og Svissneska sambandslýðveldisins til að koma í veg fyrir tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir, sem undirritaður var 3. júní 1988, með áorðnum breytingum hverju sinni, gildir um álagningu skatta á tekjur og eignir starfsmanna sem hafa búsetu í Sviss og ráðnir eru af Alusuisse, dótturfyrirtæki þess, ÍSAL, eða verktaka þeirra í sambandi við byggingu og starfrækslu bræðslunnar og alla starfsemi sem heimiluð er skv. 11. gr. Ríkisstjórnin skal beita ákvæðum draga frá 1992 að samningi til að koma í veg fyrir tvísköttun að því er varðar tekjur og eignir (með áorðnum breytingum hverju sinni), sem undirbúin hafa verið af OECD, við álagningu skatta á tekjur og eignir erlendra ríkisborgara sem hafa búsetu annars staðar en í Sviss og þannig eru ráðnir á Íslandi nema — og þar til — í gildi sé tvíhliða samningur til að koma í veg fyrir tvísköttun milli Íslands og heimaríkis slíkra erlendra ríkisborgara er kveði á um annað.“

6.03 Ný málsgrein, 17.05, bætist við 17. gr. aðalsamningsins, svohljóðandi:
„17.05 Ákvæðum málsgreina 17.01 og 17.02 skal beitt að því marki sem samræmist alþjóðlegum skuldbindingum Íslands, einkum samkvæmt samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði eða síðari samningum er kunna að koma í hans stað."

6.04 Ný málsgrein, 18.04, bætist við 18. gr. aðalsamningsins, svohljóðandi:
„18.04 Ákvæðum málsgreina 18.01 og 18.02 skal beitt að því marki sem samræmist alþjóðlegum skuldbindingum Íslands, einkum samkvæmt samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði eða síðari samningum sem kunna að koma í hans stað."

7. gr.

Breytingar á ákvæðum aðalsamningsins varðandi hlutafé og endurskoðendur ÍSALs.

7.01 21. gr. aðalsamningsins er breytt og verður svohljóðandi:
„Hlutafé í ÍSAL má hvenær sem er auka eftir því sem starfsemi ÍSALs krefst í samræmi við ákvæði samþykkta félagsins og íslensku hlutafélagalaganna eins og þau eru á hverjum tíma. Hlutafé ÍSALs má lækka hvenær sem er með breytingum á samþykktum félagsins í samræmi við ákvæði þeirra og samkvæmt ákvæðum íslensku hlutafélagalaganna eins og þau eru á hverjum tíma."

7.02 Orðin „að því áskildu þó að eftir slíka útgáfu eða sölu skal Alusuisse aldrei eiga minna en fimmtíu hundraðshluta (50%) af útistandandi hlutabréfum í ÍSAL, er almennur atkvæðisréttur fylgir (að meðtöldum í þeim fimmtíu hundraðshlutum sérhverjum hlutabréfum, er aðrir lögaðilar kunna að eignast í samræmi við málsgrein 22.04)" í lok málsgreinar 22.01 í aðalsamningnum falli niður.

7.03 Eftirfarandi málsliður bætist við málsgrein 22.02 í aðalsamningnum:
„Ríkisstjórnin skal ekki án gildrar ástæðu synja um samþykki sitt skv. málsgrein 22.01 og þessari málsgrein, og skal samþykki að jafnaði veitt fyrir sölu eða framsali á hlut í ÍSAL til alþjóðlegs fyrirtækis sem er í góðum metum og staðsett í OECD-ríki, þó háð ákvæðum málsgreinar 22.03."

7.04 Eftirfarandi málsliður bætist við málsgrein 22.03:
„Hafi ríkisstjórnin samþykkt sölu eða framsal hlutabréfa í Alusuisse til samþykkts hluthafa samkvæmt þessari 22. gr., skal ríkisstjórnin, ef hinn samþykkti hluthafi er fjárhagslega jafnsterkur og Alusuisse, ganga til samningaviðræðna í góðri trú um að staðfesta yfirfærslu á fyrrnefndum skuldbindingum Alusuisse til hins samþykkta hluthafa í hlutfalli (pro rata) við þann hlut sem seldur er eða framseldur, svo og hlutfallslega (pro rata) yfirfærslu skuldbindinga fyrrnefndra aðila gagnvart Alusuisse."

7.05 Fyrsta málslið málsgreinar 23.02 í aðalsamningnum er breytt og verður svohljóðandi:
„Í samræmi við íslensku hlutafélagalögin, eins og þau eru á hverjum tíma, íslensk lög um ársreikninga, eins og þau eru á hverjum tíma, og svo sem enn fremur er kveðið á um í samþykktum ÍSALs, skulu á aðalfundi ÍSALs ár hvert kosnir endurskoðendur eða endurskoðunarfyrirtæki, sem hafi það hlutverk að athuga ár hvert reikninga ÍSALs og gerðir stjórnarinnar að því leyti sem þeir telja nauðsynlegt."

8. gr.

Breytingar á ákvæðum aðalsamningsins varðandi framleiðslugjald.

8.01 Málsgrein 25.03 í aðalsamningnum er hér með breytt þannig að hún hljóði svo í heild sinni:

„25.03 Frá og með 1. janúar 1985, skal fjárhæð framleiðslugjalds fyrir hverja smálest af áli vera tuttugu Bandaríkjadollarar (US$ 20,00) og frá og með 1. janúar 1998, eða á fyrsta degi almanaksmánaðarins sem fer á eftir AR V eins og sá dagur er skilgreindur í málsgrein 9.11, hvort sem síðar verður, skal fjárhæð framleiðslugjaldsins fyrir hverja smálest af áli vera tíu Bandaríkjadollarar (US$ 10,00) („grunntaxtinn"). Framleiðslugjaldið, sem ÍSAL ber að greiða í heild fyrir hvert einstakt almanaksár eða hluta úr almanaksári, skal aldrei verða lægra en sú fjárhæð í Bandaríkjadollurum sem jafngildir framleiðslugjaldi á þær smálestir áls sem skipað hefur verið út frá bræðslunni (eða færðar til umframbirgða) á því almanaksári eða hluta almanaksárs, þegar það er reiknað á grunntaxtanum („lágmarksframleiðslugjaldið")."

8.02 Málsgrein 25.04 er breytt og hljóðar svo:

„25.04 Frá og með 1. janúar 1995 skal fjárhæð framleiðslugjaldsins af nettóhagnaði ÍSALs fyrir hvert ár vera 33% af nettóhagnaði en þó þannig að sú fjárhæð, er greidd hefur verið sem lágmarksframleiðslugjald vegna hvers almanaksárs frá 1995 til og með 2004 samkvæmt málsgrein 25.03, skal talin til frádráttar þeirri fjárhæð sem greiða ber í framleiðslugjald af netthóhagnaði ÍSALs fyrir það almanaksár, ef um hagnað er að ræða. Framleiðslugjald, sem ÍSAL ber að greiða í heild vegna hvers almanaksáranna frá 1995 til og með 2004 skal aldrei vera hærra en umrædd fjárhæð lágmarksframleiðslugjaldsins í Bandaríkjadollurum eða framleiðslugjaldsins á nettóhagnað, hvort sem hærra er. Frá og með 1. janúar 2005, kemur fjárhæðin, sem greidd er sem lágmarksframleiðslugjald vegna þess almanaksárs og síðari almanaksára, til frádráttar sem rekstrarkostnaður. Við reikning á þeim hundraðshlutum, sem að ofan greinir, skal nettóhagnaði ÍSALs fyrir almanaksár umbreytt úr íslenskum krónum í Bandaríkjadollara á gengi, sem er meðaltal af því mánaðarlega gengi milli íslenskrar krónu og Bandaríkjadollars (byggt á opinberri gengisskráningu) sem notað hefur verið við færslu á tekjum og gjöldum ÍSALs á því almanaksári."

8.03 Málsgrein 25.05 í aðalsamingnum er hér með breytt þannig að hún hljóði svo í heild sinni:

„25.05 Á gildistíma eða framlengdum gildistíma þessa samnings skal framleiðslugjaldið gilda nema eitthvað af eftirfarandi eigi sér stað:

(a) ÍSAL velji að lúta almennum íslenskum skattalögum skv. málsgrein 33.03 með gildistöku á þeim degi sem breytingin yfir í hið almenna skattkerfi er ákveðin í samræmi við sömu málsgrein 33.03;

(b) samkomulag náist samkvæmt 30. gr. um að taka upp annað skattlagningarfyrirkomulag."

8.04 Málsgrein 25.06 í aðalsamningnum falli niður og niðurfellingin verði sýnd með því að setja í stað hinnar niðurfelldu málsgreinar orðin „Felld niður með fimmta viðauka við aðalsamninginn".

8.05 Við 25. gr. aðalsamningsins bætist ný málsgrein, 25.07, svohljóðandi:

„25.07 Flytji ÍSAL inn ál eða brotaál (eða annan sambærilegan álmálm) til endurbræðslu í bræðslunni eða steypuskála bræðslunnar skal magn hins innflutta málms, sem notaður er við framleiðsluna (í tilteknum mánuði), dregið frá heildarmagninu, sem skipað er út frá bræðslunni á þeim mánuðum (eða færður er til umframbirgða)

við útreikning lágmarksframleiðslugjalds. Gerð skal grein fyrir hinu innflutta áli á hverjum gjalddaga framleiðslugjaldsins skv. málsgrein 29.02. Flytji ÍSAL inn brotaál (eða annan sambærilegan álmálm þar sem raunverulegt efnistap á sér stað við endurbræðslu) til endurbræðslu, skal hið innflutta magn sem til frádráttar kemur við útreikning lágmarksframleiðslugjaldsins, leiðrétt með leiðréttingarstuðli samkvæmt nánara samkomulagi milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse til að leiða í ljós raunverulegt efnistap sem á sér stað við endurbræðslu.“

8.06 26. gr. aðalsamningsins er breytt í heild sinni og verður svohljóðandi:

„26. gr.

Útreikningur heimsmarkaðsverðs á áli.

26.01 Við útreikning á nettóhagnaði ÍSALs með tilliti til framleiðslugjalds, skal heimsmarkaðsverð á áli („heimsmarkaðsverðið“) merkja það verð á hrááli, sem ákvarðast fyrir hvern almanaksársfjórðung með útreikningi í upphafi næsta almanaksársfjórðungs á eftir samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$P = \frac{LME + MW + 2\,(LME\ 3M + PREM)}{4}$$

þar sem

P = Heimsmarkaðsverðið í bandarískum sentum á pund (2.204,62 pund = 1 smálest).

LME = Meðaltalið, fyrir undanfarandi almanaksársfjórðung, tilgreint í Bandaríkjasentum á pund (2.204,62 pund = 1 smálest), af daglegum meðaltöldum verðskráningum hjá London Metal Exchange á hrááli, með lágmarkshreinleika 99,7 af hundraði, staðgreiddu við afhendingu, eins og þær eru birtar í „Metal Bulletin“ og umreiknaðar, þegar þörf krefur, úr sterlingspundum í Bandaríkjadollara eftir meðaltöldu síðasta daggengi á viðkomandi skráningardegi samkvæmt birtingu í „Financial Times“ (á blaðsíðunni „Currencies and Money“ í töflunni „The Dollar, Spot Forward against the Dollar“).

MW = Meðaltalið, fyrir undanfarandi almanaksársfjórðung, af meðaltöldum mánaðarlegum verðskráningum í Bandaríkjasentum á pund af hrááli, með lágmarkshreinleika 99,7 af hundraði, staðgreiddu við afhendingu, eins og þær eru birtar í „Metals Week USA“ undir fyrirsögninni „U.S. Free Market“.

LME3M = Meðaltalið, fyrir undanfarandi almanaksársfjórðung, tilgreint í bandarískum sentum á pund (2.204,62 pund = 1 smálest), af daglegum meðaltöldum verðskráningum hjá London Metal Exchange á hrááli, að lágmarkshreinleika 99,7 af hundraði, með þriggja mánaða afhendingarfresti, eins og þær eru birtar í „Metal Bulletin“ og umreiknaðar, þegar þörf krefur, úr sterlingspundum í Bandaríkjadollara eftir meðaltöldu síðasta daggengi á viðkomandi skráningardegi samkvæmt birtingu í „Financial Times“ (á blaðsíðunni „Currencies and Money“ í töflunni „The Dollar, Spot Forward against the Dollar“).

PREM = Meðaltalið, fyrir undanfarandi almanaksársfjórðung, tilgreint í bandarískum sentum á pund (2204,62 pund = 1 smálest), af meðalgildi uppbótarfjárhæða fyrir hráál í háum gæðaflokki með þriggja mánaða afgreiðslutíma, svo sem það birtist í „Metal Bulletin“ á viðkomandi ársfjórðungi (á blaðsíðunni Non-ferrous primary metals) undir fyrirsögninni „Aluminium, Certain other transactions,“ í liðnum „LME Premium Indicator: HG three months“ og,

þegar þörf krefur, umreiknað úr sterlingspundum í Bandaríkjadollara eftir meðaltöldu síðasta daggengi á viðkomandi skráningardegi samkvæmt birtingu í „Financial Times“ (á blaðsíðunni „Currencies and Money“ í töflunni „The Dollar, Spot Forward against the Dollar“).

26.02 Ef svo fer að einhverjar af þeim upplýsingum, sem á þarf að halda til að ganga úr skugga um LME, MW, LME3M og/eða PREM, samkvæmt skilgreiningunum í málsgrein 26.01, eru ekki fáanlegar fyrir einhvern almanaksársfjórðung, af ástæðum sem hvorki ríkisstjórnin né Alusuisse fá við ráðið, skal nota LME, MW, LME3M og/eða PREM fyrir undanfarandi almanaksársfjórðung við ákvörðun á heimsmarkaðsverði. Verði þessar upplýsingar tiltækar fyrir 1. júní á næsta ári eftir það ár, sem umræddur almanaksársfjórðungur tilheyrir, skal þetta heimsmarkaðsverð endurreiknað á grundvelli hinna nýju upplýsinga, og mismunurinn, ef einhver er, sem við það kemur fram milli heimsmarkaðsverðsins eins og það er upphaflega reiknað og heimsmarkaðsverðsins eins og það er endurreiknað samkvæmt hinum nýju upplýsingum, tekinn með við útreikning á nettóhagnaði ÍSALs fyrir það ár, sem ársfjórðungurinn tilheyrir. Verði þessar upplýsingar tiltækar eftir 1. júní á næsta ári á eftir því ári, sem umræddur almanaksársfjórðungur tilheyrir, skal ekki tekið tillit til upplýsinganna, nema aðilar verði ásáttir um annað og að áskildum ákvæðum málsgreinar 26.03.

26.03 Ef svo fer að einhverjar af þeim upplýsingum, sem á þarf að halda til að ganga úr skugga um LME, MW, LME3M og/eða PREM, samkvæmt skilgreiningunum í málsgrein 26.01, eru ófáanlegar í fjóra eða fleiri almanaksársfjórðunga samfleytt, af ástæðum sem hvorki ríkisstjórnin né Alusuisse fá við ráðið, skulu ríkisstjórnin og Alusuisse reyna að ná samkomulagi um að nota aðrar sambærilegar upplýsingar við útreikning á heimsmarkaðsverði í stað þeirra upplýsinga, sem orðið hafa ófáanlegar. Nái þau samkomulagi skulu þær upplýsingar notaðar í þessu skyni, en takist þeim ekki að ná samkomulagi, er hvorum aðila um sig heimilt að vísa málefninu til gerðardóms samkvæmt 47. gr. Þar til málið er útkjáð með samkomulagi eða úrskurði gerðardóms og að áskildu því, sem felst í þeim málalokum, skulu ákvæði málsgreinar 26.02 í samningi þessum gilda áfram.“

8.07 Við staflið (g) í málsgrein 27.01 í aðalsamningnum bætist eftirfarandi málsliður:

„Frá 1. janúar 1997 er ÍSAL ekki heimilt að leggja fé í varasjóð samkvæmt þessum staflið (g), og þeim varasjóði sem til er 31. desember 1996 skal ráðstafað í tengslum við fjárfestingu vegna fjórðu stækkunar bræðslunnar án þess að upphæðin teljist til nettóhagnaðar ÍSALs.“

8.08 Aftan við staflið (g) í málsgrein 27.01 í aðalsamningnum bætist við nýr stafliður (h), svohljóðandi:

„(h) Frá 1. janúar 1997 skal ÍSAL heimilt að flytja rekstrartap, sem myndast á árinu 1997 eða á síðara almanaksári, milli ára í allt að fimm ár. ÍSAL skal endurmeta fjárhæð tapsins, sem flutt er milli ára, með því að hækka eða lækka hana í beinu hlutfalli við nettóbreytinguna sem kann að hafa orðið á meðalársgengi milli íslensku krónunnar og svissneska frankans frá því almanaksári sem tapið myndaðist og til þess almanaksárs sem verið er að gera reikningsskil fyrir.“

8.09 Eftirfarandi orðum skal skotið inn framan við orðin „staflið (g) hér að ofan“ í lok málsgreinar 27.01 í aðalsamningnum: „málsgrein 25.04 og . . .“.

8.10 Stafliðum (a) og (b) í málsgrein 27.04 í aðalsamningnum er breytt og verða svohljóðandi:

„(a) Heildarkostnaðarverð (FOB-rafskautaverksmiðju) þess samanlagða magns af rafskautum, sem afhent er til ÍSALs á hverju einstöku almanaksári, skal ákvarðað samkvæmt hinu samningsbundna verði sem við á um meðalverð pr. smálest (FOB-rafskautaverksmiðju) á rafskautum, sem látin eru í té af hálfu Alusuisse á sama ári frá rafskautaverksmiðjum þess í Evrópu til annarra aðila en Alusuisse eða dótturfélaga Alusuisse samkvæmt sölusamningum öðrum en um einstakar sölur (að undanteknum rafskautum til aðila sem eiga eignarhlutdeild hærri en 15% í viðkomandi rafskautaverksmiðju), eins og það mundi gilda um hið samanlagða magn til ÍSALs.“

„(b) Útreikning meðalverðs á rafskautum til annarra aðila en Alusuisse eða dótturfyrirtækja Alusuisse samkvæmt staflið (a) skal gera í svissneskum frönkum, þannig að verð sé umreiknað í þann gjaldmiðil eftir því gengi sem í gildi er á útskipunartíma.“

8.11 Málsgrein 27.05 í aðalsamningnum er breytt þannig að næstsíðasti málsliður, sem hefst með orðunum „Ef ekki er um annað samið“ og lýkur með orðunum „óháðra viðskiptavina“ er felldur niður og í hans stað eru settir eftirfarandi tveir málsliðir:

„Ef ekki er um annað samið milli aðila, skulu uppbætur á grundvelli málmgæða og lögunar málmsins, sem stuðst er við til þess að reikna nettóhagnað ÍSALs, ákvarðaðar af Alusuisse-Lonza Trading Ltd. og taka mið af uppbótum sem gilda á Evrópumarkaði. Hið alþjóðlega fyrirtæki óháðra löggiltra endurskoðenda, sem ríkisstjórnin skipar til þess að yfirfara og sannprófa ársreikninga ÍSALs samkvæmt málsgrein 29.05 í aðalsamningnum, skal hafa það sem fastan lið í árlegu endurskoðunarstarfi sínu að sannprófa að slíkar uppbætur séu samkvæmt viðskiptaháttum milli óskyldra aðila á Evrópumarkaði.“

8.12 Eftirfarandi tveir málsliðir bætist við málsgrein 27.05 í aðalsamningnum:

„Að því marki sem ÍSAL hefur með höndum endurbræðslu eða hreinsun innflutts áls (t.d. brotaáls eða lággæðaáls) skal slík starfsemi vera annaðhvort i) gegn gjaldi, þannig að ÍSAL fái greitt, á grundvelli viðskipta milli óháðra aðila, fyrir endurbræðslu eða hreinsun, eða ii) framkvæmt fyrir eigin reikning ÍSALs þannig að verð fyrir álið, sem flutt er inn af ÍSAL, sé ákvarðað á grundvelli hlutlægra viðmiða skv. málsgrein 27.01 svo sem nánar er samið um milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse. Að því marki sem ÍSAL hefur með höndum framleiðslu á fullunnum álvörum skal verð hinnar fullunnu álvöru ákvarðað á grundvelli hlutlægra viðmiða skv. málsgrein 27.01 svo sem nánar er samið um milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse.“

8.13 Á eftir orðunum „. . . Bandaríkjadollurum . . .“ í málsgrein 27.06 í aðalsamningnum verði bætt inn orðunum „. . . eða svissneskum frönkum . . .“

8.14 Stafliður (d) í málsgrein 28.01 í aðalsamningnum breytist og verði svohljóðandi: „d) frá AR IV til AR V, af áli umfram 27.000 smálestir“ og strax á eftir staflið (d) í málsgrein 28.01 bætist nýr stafliður (e), jafnframt því að orðið „og“ er fellt niður í staflið (c) og orðinu „og“ bætt við staflið (d), svohljóðandi:

„(e) frá AR V og síðan þar til samningur þessi gengur úr gildi, af áli umfram 43.000 smálestir.“

8.15 Eftirfarandi orð bætist fremst í staflið (d) í mgr. 29.03 í aðalsamningnum: „Fyrir tímabilið frá 1. janúar, 1985 til 31. desember 2004 . . .“ og nýr málsliður bætist við staflið (d) í mgr. 29.03 í aðalsamningnum, svohljóðandi:

„Frá og með 1. janúar 2005 og á hverju almanaksári eftir það skal í útreikningum á því framleiðslugjaldi, sem ÍSAL ber að greiða fyrir viðkomandi almanaksár, koma fram fjárhæð framleiðslugjaldsins, reiknað út samkvæmt gjaldþrepi því sem tilgreint

er í málsgrein 25.04, eins og því er beitt um framtalinn nettóhagnað ÍSALs samkvæmt staflið (c) hér að ofan en lágmarksframleiðslugjaldið frádregið einungis sem rekstrargjöld í því skyni að reikna út nettóhagnað ÍSALs án þess að það hafi önnur áhrif á útreikning framleiðslugjaldsins.“

9. gr.

Breytingar á ákvæðum aðalsamningsins er varða skatta og opinber gjöld.

9.01 Fyrirsögn 30. gr. breytist og verði „Framlenging framleiðslugjaldsins“ og málsgrein 30.01 breytist þannig að hún hljóði svo í heild sinni:

„30.01 Ef gildistími þessa samnings er framlengdur á valdegi sem fellur á fertugasta og fimmta árdegi AR I þá skulu þágildandi reglur um framleiðslugjaldið halda gildi þar til samningur þessi rennur út nema um annað sé samið milli aðila. Grunntaxtinn á framlengdu samningstímabili skal þó endurskoðaður samkvæmt eftirfarandi formúlu, nema aðilar komist að samkomulagi um annað:

$$RBR = 10\ USD \times \left(0{,}5 \frac{ODP}{BP} + 0{,}5 \frac{OPPI}{BPPI}\right)$$

þar sem:

RBR = Endurskoðaður grunntaxti (í Bandaríkjadollurum á hverja smálest af áli).

BP = Grunnverðið sem er meðalheimsmarkaðsverð á hrááli á almanaksárunum 1987–1996 reiknað skv. 26. gr.

ODP = Valdagsverðið, sem er meðalheimsmarkaðsverð á hrááli reiknað skv. 26. gr. á þeim tíu almanaksárum sem fara næst á undan þeim degi sem annar aðilinn skal í síðasta lagi hafa notað heimild sína til þess að framlengja gildistíma þessa samnings fram yfir fertugasta og fimmta árdag AR I.

BPPI = Grunnvísitala framleiðslukostnaðar í Bandaríkjunum, sem er vegið meðaltal vísitölunnar „U.S. Producer Price Index (All Commodities)“ á almanaksárunum 1992–1996 eins og hún er birt af Atvinnumálastofnun Bandaríkjanna (U.S. Bureau of Labor Statistics).

OPPI = Vísitala framleiðslukostnaðar á valdegi, sem er vegið meðaltal vísitölunnar „U.S. Producer Price Index (All Commodities)“ svo sem hún er birt af Atvinnumálastofnun Bandaríkjanna (U.S. Bureau of Labor Statistics) fyrir þau fimm almanaksár sem fara næst á undan deginum þegar annar hvor aðili skal í síðasta lagi hafa nýtt heimild sína til þess að framlengja gildistíma samnings þess fram yfir fertugasta og fimmta árdag AR I.“

9.02 Málsgreinar 30.02, 30.03, 30.04, 30.05, 30.08, 30.09, 30.10, 30.11 og 30.12 í aðalsamningnum falli niður og niðurfellingin verði sýnd með því að setja í stað hverrar hinna niðurfelldu málsgreina orðin „Felld niður með fimmta viðauka við aðalsamninginn.“

9.03 Málsgrein 31.01 í aðalsamningnum er hér með breytt þannig að við bætast stafliðir (o), (p) og (q), svohljóðandi:

„(o) Byggingarleyfisgjald og gatnagerðargjald vegna fjórðu stækkunar bræðslunnar, að upphæð sem svarar til jafnvirðis 100.000 svissneskra franka í íslenskum krónum hvort gjald, greiðist eigi síðar en 31. desember 1996, umreiknað í íslenskar krónur á greiðsludegi.

(p) Skipulagsgjald vegna fjórðu stækkunar bræðslunnar, að upphæð sem svarar til jafnvirðis 50.000 svissneskra franka í íslenskum krónum, greiðist eigi síðar en 31. desember 1996, umreiknað í íslenskar krónur á greiðsludegi.

(q) Gjöldin skv. stafliðum (o) og (p) koma til greiðslu vegna fjórðu stækkunar bræðslunnar. Ef til frekari stækkunar kemur innan fimmta áfanga bræðslunnar skal greiða viðbótargjöld. Slík gjöld skulu vera í hlutfalli við þá fjölgun kera (pro rata) sem verður við slíka frekari stækkun samanborið við fjölgun kera vegna fjórðu stækkunarinnar."

9.04 Ný málsgrein, 33.03, bætist við 33. gr. aðalsamningsins, svohljóðandi:

„33.03 Á gildistíma þessa samnings má ÍSAL velja þann kost að lúta almennum íslenskum skattalögum sem í gildi eru hverju sinni. Beiðni um slíka breytingu skal lögð fram skriflega eigi síðar en 1. júní þess almanaksárs sem fer á undan því almanaksári sem breytingin á að taka gildi. Beiðnina má fyrst leggja fram 1. júní 1999 eða vegna þess dags, en hvenær sem er fyrir 1. júní ár hvert eftir það. Berist slík beiðni, skulu aðilar þegar ganga til samninga um breytinguna yfir í hið almenna skattkerfi. Aðilar skulu koma sér saman um aðferðir við framkvæmd breytingarinnar yfir í hið almenna skattkerfi. Við breytinguna skulu réttindi ÍSALs og hluthafa þess samkvæmt ákvæðum málsgreinar 33.01 haldast óskert í þann tíma sem getið er í sömu grein. Eftir það skal ÍSAL lúta almennum íslenskum skattalögum það sem eftir er af samningstímanum."

9.05 Ný málsgrein, 33.04, bætist við 33. gr. aðalsamningsins, svohljóðandi:

„33.04 Hafi ÍSAL ekki valið að lúta almennum íslenskum skattalögum samkvæmt málsgrein 33.03 áður en samningur þessi rennur út, skal ÍSAL lúta almennum íslenskum skattalögum eftir að samningur þessi rennur út, nema aðilar komist að samkomulagi um annað. Um breytinguna yfir í hið almenna skattkerfi skal fara samkvæmt málsgrein 33.03".

10. gr.

Breytingar á ákvæðum aðalsamningsins er varða almenn ákvæði.

10.01 Málsgrein 49.01 í aðalsamningnum er breytt með því að fella niður orðin „tuttugu og fimm ár" í fyrsta málslið og orðin „þrjátíu og fimm ár" í þriðja málslið og setja í þeirra stað orðin „fjörtíu og fimm ár" á báðum stöðum. Jafnframt er annar málsliður felldur niður í heild sinni.

10.02 Málsgrein 49.02 í aðalsamningnum falli niður og niðurfellingin verði sýnd með því að setja í stað hinnar niðurfelldu málsgreinar orðin „Felld niður með fimmta viðauka við aðalsamninginn."

10.03 50. gr. aðalsamningsins er breytt þannig að hún verði svohljóðandi í heild sinni:

„50. gr.

Réttindi og skyldur að loknum samningstíma eða við riftun.

a) Réttindi ef ÍSAL er slitið eða það leyst upp:

50.01 Þegar samningur þessi og fylgisamningarnir renna út eða þeim er rift, skulu allar fjárfestingar Alusuisse og sérhvers samþykkts hluthafa vera áfram á þeirra nafni. Alusuisse skal þá eiga rétt á, ef það óskar þess, að slíta ÍSAL og leysa það upp. Fari svo, skal Alusuisse og sérhverjum samþykkum hluthafa heimilað að endurheimta:

(a) upphæð fjárfestinga sinna í ÍSAL og allan uppsafnaðan hagnað ÍSALs innan Íslands sem utan, enda er það skilningur aðila að réttindi ÍSALs og samþykktra hluthafa þess samkvæmt málsgrein 33.01 haldist; og

(b) innkomið fé vegna sölu á eignum ÍSALs á Íslandi á því gengi sem ákvarðað er í 16. gr. samnings þessa.

50.02 Ef ÍSAL er slitið eða það leyst upp eftir að samningur þessi rennur út eða er rift, skulu V. kafli og 35., 45., 46., 47. og 50. gr. vera áfram í gildi að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er til að fullnægja þeim tilgangi er þar greinir.

b) Ráðstöfun mannvirkja:

50.03 Ef rekstri bræðslunnar er hætt, skulu aðilar, í samvinnu við kaupstaðinn, leitast við í góðri trú að finna önnur arðbær not fyrir bræðsluna og tilheyrandi mannvirki. Ef slíkar tilraunir leiða ekki til gagnkvæms samkomulags um slíka aðra notkun bræðslunnar innan tólf mánaða frá því að tilkynnt er um þá ætlun að hætta rekstri, skal Alusuisse, ef ekki er um annað samið, sjá um að ÍSAL fjarlægi bræðsluna og tilheyrandi mannvirki, sem ekki hafa fundist önnur not fyrir, innan eðlilegs tíma (þó ekki síðar en 30 mánuðum frá þeim degi sem starfrækslu er endanlega hætt).

50.04 Strax eftir að bræðslulóðin hefur verið rudd, samkvæmt málsgrein 50.03, skal ÍSAL afhenda kaupstaðnum bræðslulóðina veðbanda- og kvaðalausa. ÍSAL skal eftir það ekki eiga neina kröfu um bræðslulóðina, né heldur skulu leggjast á ÍSAL neinar kvaðir vegna hennar, enda hafi ÍSAL rekið bræðsluna í fullu samræmi við ákvæði umhverfisstarfsleyfis.

c) Réttur til áframhaldandi starfrækslu eftir lok samningstíma:

50.05 Kjósi ÍSAL að halda áfram rekstri þegar samningur þessi rennur út, skulu öll leyfi (svo sem umhverfisstarfsleyfi), sem ÍSAL hafa verið veitt á samningstímanum gilda áfram samkvæmt ákvæðum sínum um gildistíma eða samkvæmt ákvæðum íslenskra laga eins og þau eru á hverjum tíma. Haldi ÍSAL áfram rekstri eftir lok gildistíma þessa samnings skulu grundvallarréttindi til starfrækslu (svo sem réttur til þess að eiga fasteignir og til iðnrekstrar) og undanþágur (svo sem undanþágur frá ákvæðum hlutafélagalaga er lúta að þjóðerni) sem veittar eru með þessum samningi eða felast í honum halda fullu gildi, að teknu tilliti til stjórnsýslukrafna. Eftir lok gildistíma þessa samnings skal rekstur ÍSALs, sbr. þó það sem að framan greinir, alfarið lúta íslenskum lögum og reglugerðum og félagið njóta sömu réttinda og önnur iðnfyrirtæki á Íslandi.“

10.04 Nafn og heimilisfang Alusuisse í 53. gr. breytist og verður sem hér segir:

„Alusuisse: Alusuisse-Lonza Holding Ltd.
Feldeggstrasse 4
CH-8008 Zürich,
Switzerland“.

11. gr.

Tengsl við breytingar á fylgisamningnum og fylgiskjalinu um framkvæmd.

11.01 Samtímis undirritun þessa samnings skal fylgiviðaukinn undirritaður af aðilum hans í formi fylgiskjals A.

11.02 Samtímis undirritun þessa samnings undirrita viðkomandi aðilar samkomulag (viðaukaskjalið), um stækkun hafnarmannvirkja samkvæmt málsgrein 12.02 í hafnar- og lóðarsamningnum og um framkvæmd tiltekinna ákvæða hans, og tekur sá samningur gildi á gildistökudegi þessa samnings (fylgir þessum samningi í viðauka A).

11.03 Ríkisstjórnin og Alusuisse skulu staðfesta hvort um sig samþykki sitt við fylgiviðaukann og viðaukaskjalið með áritun á þau.
11.04 Fylgiviðaukinn telst óaðskiljanlegur hluti viðkomandi fylgisamnings og ef samhengi krefst ekki annars skal hvers kyns tilvísun til fylgiskjalanna, sem hér með er gerð eða síðan kann að vera gerð, teljast vera gerð til fylgiskjalanna eða fylgisamninganna eins og þeim hefur verið breytt með fylgiviðaukanum og fyrri fylgiviðaukum.

12. gr.

Gildi samnings þessa og gildistökudagur.

12.01 Samningur þessi er gerður sem viðbótarsamningur við aðalsamninginn samkvæmt ákvæðum 51. gr. hans og skal talinn beinn hluti af aðalsamningnum, svo sem væri hann felldur inn í meginmál hans. Ákvæði aðalsamningsins (eins og honum hefur áður verið breytt) taka ekki öðrum breytingum en þeim, sem gerðar eru í samningi þessum eða með honum, og halda að öðru leyti fullu gildi. Allar tilvísanir til aðalsamningsins, sem gerðar eru í fylgiskjölunum eða fylgisamningunum, eða hvers þeirra sem er, eða verða gerðar hér á eftir, skulu taldar vera gerðar til aðalsamningsins eins og honum hefur áður verið breytt og eins og honum hefur verið breytt með samningi þessum, nema samhengi krefjist annars.
12.02 Þegar samningur þessi og fylgiviðauki við hann hafa verið undirritaðir af aðilum og tilkynning verið gefin út svo sem mælt er í 51. gr. aðalsamningsins, skal samningur þessi, ásamt lagafrumvarpi þar að lútandi, lagður fyrir Alþingi til staðfestingar og samþykktar. Við staðfestingu og að fullnægðum öðrum löggjafaratriðum skal samningur þessi öðlast gildi („gildistökudagur“) og hafa lagagildi á Íslandi svo sem kveðið verður á um í staðfestingarlögunum.

ÞESSU TIL STAÐFESTU er samningur þessi undirritaður af hálfu ríkisstjórnarinnar og Alusuisse á þeim degi, er í upphafi greinir.

Fyrir RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS
Finnur Ingólfsson (sign)
iðnaðarráðherra.

Fyrir ALUSUISSE-LONZA HOLDING LTD.
Dr. Wolfgang Stiller (sign).
Beat Lehmann (sign).

FIFTH AMENDMENT TO THE MASTER AGREEMENT BETWEEN THE GOVERNMENT OF ICELAND AND ALUSUISSE-LONZA HOLDING LTD.

Agreement made as of the 16th day of November, 1995 between

The Government of Iceland (hereinafter referred to as the „Government") of the First Part, and

Alusuisse-Lonza Holding Ltd. (hereinafter referred to as „Alusuisse"), a company organized under the laws of Switzerland, of the Second Part.

WHEREAS the Government and Alusuisse are parties to an agreement dated March 28, 1966 ratified by Act of the Althing No. 76, May 13, 1966, and effective as of September 20, 1966, amended (i) by a First Amendment dated October 28, 1969, ratified by Act of the Althing No. 19, April 6, 1970, and effective as of April 16, 1970, (ii) by a Second Amendment dated December 10, 1975, ratified by Act of the Althing No. 42, May 25, 1976, and effective as of June 12, 1976, (iii) by a Third Amendment dated November 5, 1984, ratified by Act of the Althing No. 104, November 30, 1984, and effective as of November 30, 1984 and (iv) by a Fourth Amendment dated November 11, 1985, ratified by Act of the Althing No. 111, December 31, 1985, and effective as of December 31, 1985 (hereinafter as so amended referred to as the „Master Agreement") relating, among other things, to the construction and operation of an aluminium reduction plant and appurtenant facilities at Straumsvík in the Township of Hafnarfjördur, owned by Icelandic Aluminium Company Ltd. („ISAL"), a subsidiary of Alusuisse;

WHEREAS the Government is interested in promoting the further expansion of power intensive industries in Iceland and thereby contributing to diversification in the national economy through the utilization of the hydroelectric and geothermal energy resources of the country;

WHEREAS Alusuisse is engaged in a wide range of industrial activities on an international scale including the aluminium industry as producer of alumina and primary aluminium and manufacturer of fabricated and semi-fabricated aluminium products;

WHEREAS Alusuisse whishes to strengthen the competitive position of ISAL through an expansion of ISAL ensuring better utilization of the existing infrastructure at Straumsvík;

WHEREAS the Government and Alusuisse, as a result of negotiations conducted since January 1995 on ways to achieve these objectives now wish to amend certain provisions of the Master Agreement relating to such expansion, the determination of the Consolidated Tax payable by ISAL and related operational matters;

NOW IT IS HEREBY DECLARED AND AGREED AS FOLLOWS:

Article 1

Title of this Agreement and Definitions Used Therein.

Section 1.01 This Agreement shall be known as the Fifth Amendment to the Master Agreement.

Section 1.02 Unless the context otherwise requires, the following terms as used in this Agreement shall have the meanings assigned to them in the Sections specified in Article 1 of the Master Agreement (as earlier amended and as amended by this Agreement):

"Government"	Section 1.01(a)
"Alusuisse"	Section 1.01(b)
"Township"	Section 1.01(d)
"ISAL"	Section 1.01(e)
"Alusuisse Affiliate"	Section 1.01(f)
"Scheduled Documents"	Section 1.02
"Scheduled Contracts"	Section 1.02
"Aluminium"	Section 1.03(a)
"Smelter"	Section 1.03(b)
"Contract Power"	Section 1.03(r)
"Fifth stage of the Smelter"	Section 1.05(a)
"Smelter Fourth Enlargement"	Section 1.05(b)
"PDDV"	Section 1.05(c)
"Additional Power Facilities"	Section 1.05(d)

Section 1.03 The „Scheduled Amendment" means the Fourth Amendment to the Power Contract (Schedule A) between Landsvirkjun and ISAL. The „Annexed Document" shall mean the Memorandum of Agreement on the Expansion of the Port Facilities at Straumsvík Harbour pursuant to Section 12.02 of the Smelter Site and Harbour Agreement and on the Implementation of Certain Provisions thereof entered into between the Township and ISAL annexed hereto as Annex A.

Section 1.04 Unless the context otherwise requires, the following terms as used in this Agreement and the Scheduled Amendment and the Annexed Document shall have the following meaning:

(a)The „Ratifying Act" shall mean the Act of the Althing that gives this Agreement the force of law in Iceland as provided in Section 12.02 of this Agreement.

(b)„Effective Date" of this Agreement shall have the meaning assigned to that term in Section 12.02 of this Agreement.

Article 2

Amendment of Definitions Used in the Master Agreement and the Scheduled Documents.

Section 2.01 Subsection (b) of Section 1.01 of the Master Agreement shall read as follows:

"(b) "Alusuisse" shall mean Alusuisse-Lonza Holding Ltd., a company organized under the laws of Switzerland, registered in the City of Zurich, Switzerland, which is the legal successor of Swiss Aluminium Ltd. Chippis, Canton Valais, Switzer-

land, and whose principal office is located at Feldeggstrasse 4, CH-8008 Zurich/Switzerland".

Section 2.02 Subsections (f) and (g) of Section 1.01 of the Master Agreement shall read as follows:

"(f) "Alusuisse Affiliate" shall mean any existing or future corporation of which more than fifty percent (50%) of the shares having ordinary voting power are at the time directly or indirectly owned, respectively controlled by Alusuisse".

"(g) "Approved Shareholder" shall mean any corporation (other than Alusuisse or any Alusuisse Affiliate) owning shares in ISAL that have been aquired in accordance with Article 22 of this Agreement. Any reference in this Agreement to a Minority Shareholder shall be deemed to be a reference to an Approved Shareholder."

Section 2.03 The introductory sentence of Section 1.03 of the Master Agreement is hereby amended by deleting the words "the meanings set forth in this Section 1.03 and in Section 1.04" at the end thereof and inserting in their place the words "the meanings set forth in this Section 1.03 and in Sections 1.04 and 1.05".

Section 2.04 Subsections (a) and (b) of Section 1.03 of the Master Agreement shall read as follows:

"(a) "Aluminium" shall mean aluminium produced by ISAL and which may be in the form of;

i) "primary aluminium" meaning alloyed or unalloyed aluminium metal produced in the Smelter and in the Smelter Casthouse and which can be either i) "aluminium ingots" traded as "aluminium minimum purity 99.7%" on the London Metal Exchange "LME", or ii) "primary aluminium derivatives", manufactured in a continuous production line from liquid metal, which can be of any type, size or shape, including ingots for remelting and casting, rolling slabs, extrusion billets, wire bars, pellets and atomized aluminium and also including continuously cast plate, strip rod (whether or not broken down and up-coiled) and slugs punched out from continuously cast strip, which are normally traded at LME prices plus premiums predicated on quality or shape; and

ii) "fabricated aluminium products" which shall mean products made inside or outside the Smelter Site from primary aluminium produced in the Smelter or in the Smelter Casthouse in a production line starting from cold aluminium metal such as hot and cold rolled sheet, extrusions, castings and forgings irrespective of whether manufactured in the Smelter Casthouse or in separate, purpose-built plant, premises, or facilities."

Lögfræðilegir ráðgjafar nefndarinnar eru Jón Sveinsson hdl. og Baldur Guðlaugsson hrl. Með nefndinni starfar enn fremur Garðar Ingvarsson, framkvæmdastjóri Markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar (MIL), en Markaðsskrifstofan hefur veitt nefndinni nauðsynlega þjónustu. Andrés Svanbjörnsson, yfirverkfræðingur MIL, hefur enn fremur unnið með nefndinni. Fulltrúar fjármálaráðuneytisins hafa tekið þátt í viðræðum um breytingar á reglum um framleiðslugjald og framtíðarhlutdeild Hafnarfjarðarbæjar í framleiðslugjaldi. Hefur Indriði H. Þorláksson, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu tekið þátt í þeim þætti samninganna.

Niðurstaða viðræðna aðila lá fyrir í aðalatriðum um miðjan október sl. og fjallaði ríkisstjórnin um þá meginniðurstöðu á fundi 20. október 1995. Á stjórnarfundi Alusuisse-Lonza Holding Ltd. 6. nóvember 1995 kom stækkunin til lokaumfjöllunar. Á fundi sem var haldinn milli iðnaðar- og viðskiptaráðherra og aðalforstjóra og framkvæmdastjóra áldeildar Alusuisse-Lonza Holding Ltd. í Reykjavík 7. nóvember 1995 var undir-

rituð sameiginleg yfirlýsing iðnaðar- og viðskiptaráðherra f.h. ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse-Lonza Holding Ltd. til að staðfesta niðurstöður viðræðna aðila um stækkun á álbræðslu ÍSALs í Straumsvík. Í hinni staðfestu yfirlýsingu segir m.a.:

„1. Að stjórn Alusuisse-Lonza Holding Ltd. hafi á fundi sínum sem haldinn var í Zürich 6. þ.m. samþykkt að heimila ÍSAL að fjárfesta í nýjum 62.000 árstonna kerskála við Straumsvík.
2. Að ríkisstjórn Íslands hafi á fundi sínum í dag samþykkt að staðfesta fimmta viðauka við aðalsamning ríkisstjórnarinnar og Alusuisse-Lonza sem veitir lagalega umgjörð fyrir stækkun ÍSALs.
3. Að samkomulag hafi tekist milli aðila um skilmála fimmta viðauka við aðalsamning ríkisstjórnarinnar og Alusuisse sem felur í sér samkomulag í aðalatriðum um lagalega umgjörð stækkunarinnar.
4. Að umhverfisráðherra hafi gefið út starfsleyfi fyrir stækkun ÍSALs. ÍSAL er því heimilt að hefja þegar nauðsynlegar undirbúningsframkvæmdir við stækkunina, þar með talið jarðvegsframkvæmdir á lóð verksmiðjunnar.
5. Að stefnt sé að því að allir samningar vegna stækkunarinnar verði undirritaðir á sérstökum undirskriftarfundi sem fram fari í Reykjavík eigi síðar en 17. nóvember 1995 (undirskriftarfundurinn var haldinn 16. nóvember 1995). Á þeim fundi verði eftirtaldir samningar m.a. undirritaðir:
   * Fimmti viðauki við aðalsamning milli ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse-Lonza.
   * Fjórði viðauki við orkusölusamning milli Landsvirkjunar og ÍSALs.
   * Samkomulag um stækkun hafnar milli Hafnarfjarðarbæjar og ÍSALs.
   Stefnt er að því að nýi kerskálinn og önnur tengd aðstaða verði fullbyggð innan 24 mánaða og að rekstur kerskálans hefjist á síðasta ársfjórðungi ársins 1997.
6. Að í framhaldi af formlegri undirritun fimmta viðauka við aðalsamninginn og annarra samninga sem fjallað er um í tölulið 5 hér að framan, mun ríkisstjórnin leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um staðfestingu á fimmta viðaukanum og óska staðfestingar Alþingis fyrir miðjan desember 1995."

Þetta frumvarp er lagt fram í samræmi við ofangreinda yfirlýsingu.

4. Um fimmta viðaukann.

4.1 Meginsjónarmið varðandi samningsgerðina.

Samningar þeir sem fyrir liggja um aukningu álframleiðslu í Straumsvík byggjast á því meginsjónarmiði að halda núverandi umgjörð samninga um ÍSAL óbreyttri og að gera aðeins nauðsynlegar lágmarksbreytingar á þeim, annars vegar vegna stækkunarinnar og hins vegar til að aðlaga tiltekin ákvæði að breyttu lagaumhverfi frá því samningar um ÍSAL voru staðfestir árið 1966. Uppbygging samninga um álbræðslu í Straumsvík frá 1966 er í stuttu máli þessi:

* Í aðalsamningi milli ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse, sem hefur lagagildi hér á landi, var kveðið á um starfsréttindi ÍSALs, byggingu og rekstur bræðslunnar, fyrirheit og ábyrgðir af hálfu ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, skipulag ÍSALs, skattamál, meðferð fjárfestingar, lausn deilumála, lagalega stöðu samninga og samningstímabil.
* Á grundvelli aðalsamningsins voru síðan gerðir samningar milli Landsvirkjunar og ÍSALs um orkusölu og milli Hafnarfjarðarbæjar og ÍSALs um lóðar- og hafnarmál. Báðir samningarnir voru gerðir með ábyrgð ríkisins annars vegar og Alusuisse hins vegar.

* Á grundvelli aðalsamningsins voru og gerðir samningar milli Alusuisse og ÍSALs um sölu á afurðum, öflun hráefna, tæknilega og rekstrarlega aðstoð, auk samnings um hönnun og byggingu álbræðslunnar.
  Aðalsamningnum hefur áður verið breytt með sérstökum viðaukum við aðalsamninginn og hefur þeim verið veitt lagagildi hér á landi í samræmi við ákvæði staðfestingarlaganna frá 1966. Um er að ræða fjóra viðauka sem hér segir:
* Fyrsti viðaukasamningurinn var gerður árið 1969. Þar var kveðið á um frekari stækkun álversins og að Búrfellsvirkjun yrði flýtt frá upphaflegum áætlunum.
* Annar viðaukasamningur var gerður árið 1975. Þar var kveðið á um frekari stækkun álversins. Jafnframt var skattaákvæðum breytt nokkuð.
* Þriðji viðaukasamningurinn var gerður árið 1984. Þar var m.a. samið um endurskoðun á orkuverði til ÍSALs og breytingu á ákvæðum um sölu hlutabréfa í ÍSAL.
* Fjórði viðaukasamningurinn var gerður árið 1985. Hann kvað m.a. á um breytta meðferð skattamála ÍSALs.

4.2 Meginefni fimmta viðauka við aðalsamninginn.

Þær breytingar sem nú eru fyrirhugaðar með gerð fimmta viðauka við aðalsamning milli ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse eru þessar helstar:

Í viðaukanum er samið um stækkun álbræðslunnar með byggingu kerskála með 110 MW málraun, þ.e. stækkun um rúm 62.000 árstonn, og kveðið á um það hvenær nýi kerskálinn verði tekinn í notkun. Kveðið er á um að fjórða stækkun bræðslunnar skuli vera fullbyggð og tilbúin til starfrækslu eigi síðar en 31. desember 1997. Um þetta er fjallað í 3. gr. viðaukans þar sem staðfest er breyting á 6. gr. aðalsamningsins. Jafnframt er frekari stækkun álbræðslunnar í allt að 360 MW málraun, þ.e. með 200.000 árstonna framleiðslu, heimiluð. Þá er samið um nokkrar breytingar á skattakafla aðalsamnings. Auk samningsákvæða, þar sem fjallað er um breytingar sem beinlínis leiða af stækkun álversins og skattaleg atriði, eru nokkur ákvæði aðalsamningsins aðlöguð breyttum aðstæðum. Þessi helstu önnur atriði eru:

a. *Framleiðsluafköst og starfsheimildir.*
   Ákvæði aðalsamningsins um framleiðsluafköst álbræðslunnar eru einfölduð í ljósi breyttra aðstæðna og gildandi ákvæði um lágmarksársframleiðslu felld niður. Þess í stað verður nú kveðið á um að álverið skuli rekið með hagstæðustu afköstum að teknu tilliti til fjárhagslegra og tæknilegra rekstrarforsendna á hverjum tíma. Kveðið er á um þessa breytingu í mgr. 4.01 í viðaukanum en sú grein fjallar um breytingu á 10. gr. aðalsamningsins.
   Ákvæðum aðalsamningsins, sem takmarka starfsréttindi ÍSALs í aðalatriðum við rekstur álbræðslu, er breytt þannig að starfsréttindi ÍSALs verða hér eftir háð ákvæðum laga nr. 34/1991, um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi. Þar sem aðalsamningur kveður á um sérstakar skattlagningarreglur, sem fyrst og fremst eiga við um álbræðslu, er kveðið á um að ÍSAL skuli stofna sérstök dótturfélög um aðra starfsemi en vinnslu á áli og að slík dótturfélög greiði skatta skv. almennum íslenskum skattalögum. Fjallað er um þessa breytingu í mgr. 4.02 í viðaukanum en sú grein kveður á um breytingu á 11. gr. aðalsamningsins.

b. Reglur um rekstrarfé ÍSALs.
Í ljósi breyttra rekstrarforsendna eru ákvæði aðalsamningsins um lágmarksrekstrarfé á Íslandi felld niður, en sambærilegar kvaðir eru ekki lagðar á önnur hlutafélög hér á landi. Fjallað er um þetta í mgr. 5.03 í viðaukanum sem kveður á um að mgr. 16.01 í aðalsamningnum falli niður.

c. Forgangsréttarákvæði.
Í ljósi aðildar Íslands að samningi um Evrópska efnahagssvæðið er ákvæðum aðalsamningsins um forgangsrétt íslensks starfsliðs til vinnu og íslenskra verktaka til verktöku breytt og skýrt tekið fram að þau ákvæði verði aðeins framkvæmd að því marki sem slíkt samræmist ákvæðum EES-samninganna. Sama á við um íslensk aðföng og aðra þjónustu við ÍSAL. Um þetta er fjallað í 6. gr. viðaukans sem kveður á um viðbót við 17. gr. og 18. gr. aðalsamningsins.

d. Reglur um hlutafé ÍSALs.
Ákvæði aðalsamningsins um lágmarkshlutfall hlutafjár af bókfærðu verði fastafjármuna eru felld niður. Þess í stað er vísað til ákvæða hlutafélagalaga um lágmarkshlutafé og skilyrði til hlutafjárlækkunar. Þá eru ákvæði aðalsamningsins um rétt A-L til að selja hlutabréf í ÍSAL rýmkuð þannig að heimild A-L til sölu hlutabréfa í ÍSAL takmarkist ekki við 50% af heildarhlutafé eins og nú er. Formlegt samþykki ríkisstjórnarinnar er þó ávallt áskilið en samningsbundið að ríkisstjórnin skuli að jafnaði veita slíkt samþykki ef um er að ræða traust fyrirtæki innan OECD-ríkjanna. Um þetta er fjallað í 7. gr. viðaukans sem kveður á um breytingar á 21. gr. og 22. gr. aðalsamningsins.
Ábyrgðir Alusuisse-Lonza á ÍSAL haldast þótt hlutabréf séu seld nema um annað sé samið sérstaklega. Ríkisstjórnin skuldbindur sig til að samþykkja yfirfærslu á skuldbindingum Alusuisse-Lonza til nýs hluthafa ef nýi hluthafinn er fjárhagslega jafn sterkur og Alusuisse. Um þetta er fjallað í málsgr. 7.04 í viðaukanum sem kveður á um viðbót við málsgr. 22.03 í aðalsamningi.

e. Réttindi og skyldur við lok samninga.
Samið er um starfsréttindi ÍSALs að loknum umsömdum samningstíma aðalsamningsins, en félagið verður eftir það alfarið háð íslenskum lögum. Þó skal félagið áfram njóta þeirra grundvallar starfsheimilda og leyfa, sem það þá hefur, þar með talið umhverfisstarfsleyfis út gildistíma viðkomandi leyfa. Kveðið er skýrar á um hvað verði um eignir ÍSALs í lok starfsemi félagsins. Eðlilegt þykir að leggja þá kvöð á ÍSAL að eignirnar verði fjarlægðar ef starfsemi álbræðslunnar verður hætt og svæðið rýmt þannig að aðstöðuna megi nýta til nýrrar framleiðslu eða starfsemi. Engin ákvæði eru nú í aðalsamningnum hvað þetta varðar. Þá eru ákvæði um að ÍSAL skuli að því loknu ekki eiga neinn rétt til lóðarinnar við Straumsvík. Á móti ber félagið enga frekari ábyrgð á verksmiðjusvæðinu, nema ef kröfur koma til sem rekja má til þess að félagið hafi ekki farið að ákvæðum starfsleyfis. Um þetta er fjallað í málsgr. 10.03 í viðaukanum með breytingu á og viðbót við 50. gr. aðalsamningsins.

f. Samningstímabil.

Í tengslum við stækkun álversins er jafnframt samið um að nú þegar verði ákveðið að nýta gagnkvæman rétt til framlengingar aðalsamningsins og fylgisamninganna um 10 ár frá næsta valdegi samningsins, sem er 1. október 2004. Þá er samið um viðbótarrétt til framlengingar aðalsamningsins um önnur 10 ár frá 1. október 2014, en þá ætti aðalsamningurinn í síðasta lagi að renna út skv. gildandi ákvæðum. Samningstímabil aðalsamningsins getur því lengst orðið 55 ár frá upphafsdegi starfrækslu álbræðslunnar sem var 1. október 1969, þ.e. til 1. október 2024, í stað 45 ára samkvæmt gildandi ákvæðum. Kveðið er á um þessar breytingar í 10. gr. fimmta viðaukans þar sem staðfestar eru breytingar á 49. og 50. gr. aðalsamningsins.

4.3 Breytingar á skattareglum ÍSALs.

a) Aðlögun skattareglna ÍSALs að almennum skattalögum.

Samkomulag er um að laga skattareglur ÍSALs að þeim breytingum á íslenskum skattalögum sem tekið hafa gildi frá því aðalsamningurinn var síðast endurskoðaður 1985. Jafnframt er samkomulag um að hluti af þeirri aðlögun komi til framkvæmda vegna yfirstandandi tekjuárs. Aðrir þættir koma til framkvæmda í áföngum á árunum 1997, 1998 og 2004. Þannig er samið um að gildandi skattprósenta ÍSALs sem er stighækkandi á bilinu 35–55% verði aðlöguð gildandi skattahlutfalli og að tekjuskattsprósenta verði frá og með tekjuárinu 1995 jafnhá og nú er hjá íslenskum hlutafélögum eða 33%. Um þetta er samið í mgr. 8.02 í viðaukanum sem kveður á um breytingu á mgr. 25.04 í aðalsamningnum. Fyrirtækið mun þó ekki hafa heimild til þess að greiða út, skattfrjálst, arð allt að 10% að nafnverði hlutafjár, svo sem er um íslensk hlutafélög. Jafnframt þessu er samið um að réttur ÍSALs til að leggja 20% í varasjóð falli niður í árslok 1996 en félagið fái frá 1. janúar 1997 rétt til að færa tap milli ára í allt að 5 ár svo sem er hjá íslenskum hlutafélögum. Félagið fær aðeins rétt til að yfirfæra tap sem kynni að myndast frá og með árinu 1997 en ekki töp vegna fyrri ára. Um þetta er samið í mgr. 8.07 og 8.08 í viðaukanum sem kveða á um breytingu á mgr. 27.01 í aðalsamningi.

Þá er samkomulag um að fastagjald ÍSALs verði eftir stækkun lækkað úr 20 dollurum á framleitt tonn í 10 dollara á tonn og komi sú breyting til framkvæmda í upphafi fyrsta heila rekstrarárs stækkaðs álvers eða frá 1. janúar 1998. Samkomulag er um að tilhögun á greiðslu gjaldsins verði óbreytt til ársloka 2004. Frá 1. janúar 2005 er samið um að gjaldið verði aðeins frádráttarbært frá tekjum, svo sem er um fasteignagjöld og gjöld sem nú leggjast á veltu hlutafélaga, en ekki frádráttarbært frá tekjuskattsgreiðslum eins og nú er. Um þetta er samið í mgr. 8.01, 8.02 og 8.15 sem kveða á um breytingar á mgr. 25.03, 25.04 og 29.03 í aðalsamningi.

b) Önnur skattaleg atriði.

Auk þeirra meginbreytinga á skattlagningu, sem gerð er grein fyrir hér að ofan, er enn fremur samið um eftirtaldar breytingar á skattareglum:

i) Til að greiða fyrir aukinni framleiðslu með endurbræðslu áls hér á landi er kveðið á um að lágmarksframleiðslugjald verði ekki lagt á útflutt ál sem framleitt er með endurbræðslu á áli. Um þetta er samið í mgr. 8.12 í viðaukanum, sem kveður á um viðbót við mgr. 27.05 í aðalsamningi. Endurbræðsla á áli mun koma til viðbótar við reglubundna álframleiðslu ÍSALs.

ii) Kveðið er á um grundvöll til að framkvæma óháð mat á verði fullunnins áls frá ÍSAL, er taki gildi eftir því sem ÍSAL ræðst í fullvinnslu áls. Um þetta er einnig samið í mgr. 8.12.

iii) Breytingar sem gerðar hafa verið á reglu þeirri sem gildir um heimsmarkaðsverð á áli á liðnum árum, vegna þess að eldri viðmiðanir hafa fallið niður, eru nú felldar inn í aðalsamninginn í samræmi við þær breytingar, sbr. mgr. 8.06.

iv) Kveðið er á um að ÍSAL skuli eiga rétt á að vera skattlagt skv. almennum íslenskum skattalögum. Ef félagið kýs að starfa skv. almennum íslenskum skattalögum skal félagið eftir þá ákvörðun vera skattlagt með þeim hætti það sem þá er eftir samningstímans. Réttur til að færast yfir á íslenska skattkerfið getur fyrst komið til frá 1. janúar árið 2000. Semja skal sérstaklega um yfirfærslu í íslenska skattkerfið. Um þetta er fjallað í málsgrein 9.04 sem kveður á um að við bætist ný málsgrein 33.03 í aðalsamning.

v) Kveðið er á um að ef ÍSAL hefur ekki ákveðið að falla undir íslensk skattalög á næsta valdegi framlengingar aðalsamningsins, þ.e. árið 2014, og ekki verður um annað samið, þá skuli gildandi ákvæði aðalsamningsins um framleiðslugjaldsskyldu haldast óbreytt að öðru leyti en því að lágmarksgjaldið skuli endurskoðað í ljósi þróunar álverðs og vísitölu framleiðslukostnaðar í Bandaríkjunum til þess tíma. Um þessi atriði er fjallað í mgr. 9.01 og 9.05 í viðaukanum, sem kveða á um viðbót við 33. gr. aðalsamningsins.

4.4 Samkomulag um framkvæmd tiltekinna þátta í skattakafla aðalsamnings.

Jafnframt því að undirrita fimmta viðauka við aðalsamninginn var sérstakur samningur undirritaður milli Alusuisse og ríkisstjórnarinnar um skýringu á framkvæmd nokkurra skattaákvæða, m.a. um vinnslu brotamálms, verðlagningu fullunnins áls, afskriftastofn og skattalega meðferð langtímasölusamninga á áli. Samningurinn kveður á um nánari viðmiðun á viðskiptaháttum milli óskyldra aðila um þau nýju viðskipti sem heimiluð eru með fimmta viðaukanum, þ.e. vinnslu brotamálms, verð á fullunnu áli og meðferð langtímasölusamninga. Er þar m.a. vísað til nýsamþykktra viðmiðunarreglna OECD um verðlagningu í viðskiptum milli skyldra aðila. (The OECD Transfer Pricing Regulations.)

5. Um fjórða viðauka við orkusölusamning.

Á fundi stjórnar Landsvirkjunar, sem haldinn var 7. nóvember 1995, samþykkti stjórn Landsvirkjunar umsamdar breytingar á orkusölusamningi milli Landsvirkjunar og ÍSALs vegna stækkunar álversins í Straumsvík. Jafnframt veitti stjórnin stjórnarformanni og forstjóra umboð til að undirrita samninga þess efnis. Undirritun fjórða viðauka við orkusamninginn fór fram 16. nóvember 1995 samhliða undirritun fimmta viðaukans við aðalsamninginn.

Gert er ráð fyrir að orkusala vegna stækkunarinnar hefjist í árslok 1997 og að samningurinn gildi til 2014. Þá verður gagnkvæm heimild til framlengingar um 10 ár til viðbótar, en verðákvæði samningsins verða þá háð endurskoðun í ljósi verðþróunar á áli, samkeppnisstöðu ÍSALs samanborið við álbræðslur í Evrópu og Norður-Ameríku og framleiðslukostnaðar raforku hér á landi.

Gildandi orkusamningur við ÍSAL mun gilda um orkusölu til núverandi kerskála óbreyttur til 1. október 2004. Orkuverð til stækkunarinnar verður með afslætti fyrstu árin, en eftir það tekur framtíðarorkuverð gildi, en það felur í sér beina tengingu orkuverðs við þróun álverðs.

Umsamið orkuverð til stækkunarinnar ræðst á hverjum tíma af verði áls á alþjóðamarkaði. Gert er ráð fyrir að það orkuverð gildi einnig fyrir verksmiðjuna í heild frá og með 1. október árið 2004. Samningurinn er talinn mjög hagstæður fyrir Landsvirkjun jafnvel þótt heimsmarkaðsverð á áli verði mun lægra í framtíðinni en nýjustu álverðsspár gera ráð fyrir.

Orkuþörf hins nýja kerskála verður um 947 GWst á ári og aflþörfin um 110 MW. Til samanburðar má geta þess að heildarraforkusala Landsvirkjunar árið 1994 nam um 4.250 GWst.

Stækkun ÍSALs gerir það að verkum að öll umframorka í raforkukerfi Landsvirkjunar fullnýtist strax við gangsetningu stækkunarinnar. Talið er að um 730 GWst af forgangsorku verði til reiðu í raforkukerfinu árið 1997. Til þess að útvega það sem á vantar og anna orkuþörf almenningsveitna fram til aldamóta þarf að ráðast í eftirfarandi framkvæmdir með tilkomu stækkunar ÍSALs: Stækkun Blöndulóns, 5. áfanga Kvíslaveitu og 35 MW aflaukningu í núverandi Búrfellsstöð auk þess sem settir verða upp raðþéttar í háspennulínur. Samtals eru þetta framkvæmdir upp á um 2,5 milljarða króna. Þá verður endurbótum á Sogsvirkjunum flýtt og þeim lokið að mestu 1997 í stað 1999 eins og áður var áætlað. Gert er ráð fyrir að ársverk við ofangreindar framkvæmdir verði um 440 til aldamóta, þar af um 260 á næstu tveimur árum.

Umfjöllun stjórnar Landsvirkjunar um orkusölusamninginn var kynnt iðnaðarráðherra með bréfi, dags. 10. nóvember 1995. Með bréfinu fylgdu árituð drög að orkusölusamningnum og ítarleg greinargerð um forsendur samningsgerðarinnar og afkomuáhrif. Í greinargerðinni kemur fram að Landsvirkjun telur að um mjög hagstæðan samning sé að ræða fyrir fyrirtækið. Samkvæmt útreikningum Landsvirkjunar verður núvirtur hagnaður af fjórða viðaukanum við rafmagnssamninginn um 8 milljarðar króna miðað við grundvallarforsendur og um 80% líkur á því að arðsemi af nauðsynlegum fjárfestingum Landsvirkjunar vegna viðaukans verði 15% eða meira og nánast engar líkur á því að fjárfestingin skili minni arði en 5,5%. Samkvæmt þessu taldi Landsvirkjun að samningurinn uppfyllti þau skilyrði í 13. gr. laga um Landsvirkjun, nr. 42/1983, sem eru svohljóðandi:

„Landsvirkjun gerir orkusölusamninga við almenningsveitur og iðjuver innan þeirra marka sem segir í 2. gr. Til orkusölusamninga til langs tíma, við iðjuver sem nota meira en 100 millj. kWst á ári, þarf Landsvirkjun leyfi ráðherra þess er fer með orkumál. Slíkir samningar mega ekki að dómi ráðherra valda hærra raforkuverði til almenningsveitna en ella hefði orðið."

Jafnframt var óskað að ráðherra veiti leyfi til þess að gera umræddan samning samkvæmt ofangreindu ákvæði Landsvirkjunarlaga. Að fenginni umsögn Þjóðhagsstofnunar, sem staðfesti niðurstöðu Landsvirkjunar, staðfesti iðnaðarráðherra samninginn skv. 13. gr. laga um Landsvirkjun nr. 42/1983 með sérstöku bréfi til Landsvirkjunar, dags. 15. nóvember 1995. Fjórði viðauki við orkusölusamninginn hefur því hlotið fullnaðarafgreiðslu lögum samkvæmt.

Í framangreindu bréfi Landsvirkjunar var vakin athygli á að þörf væri á því að viðskiptaleynd hvíldi á orkusölusamningum við einstaka stórnotendur og af því tilefni hefði stjórn Landsvirkjunar samþykkt eftirfarandi ályktun:

„Stjórn Landsvirkjunar ályktar að það geti verið til þess fallið að veikja samningsstöðu Landsvirkjunar að því er varðar samninga um orkusölu til stóriðju, að viðsemjendur fyrirtækisins hafi aðgang að verðákvæðum áður gerðra rafmagnssamninga og samþykkir því að viðskiptaleynd skuli ríkja um orkuverðsákvæði fyrirhugaðs viðaukasamnings við Íslenska álfélagið hf.“

Með vísan til þessarar samþykktar óskaði Landsvirkjun eftir því að fjórði viðauki við orkusölusamninginn yrði ekki formlegt fylgiskjal við frumvarp til laga um staðfestingu á fimmta viðauka aðalsamnings milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse-Lonza um álverið í Straumsvík. Í staðinn hafa forstjóri og aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar látið í té umsögn varðandi breytingar á rafmagnssamningi sem felur í sér greinargóða lýsingu á samningnum í heild án þess að rekja þar niðurstöður varðandi orkuverðið sjálft. Fylgir sú umsögn frumvarpi þessu.

Iðnaðarráðherra hefur fallist á framangreind sjónarmið Landsvirkjunar og er við framlagningu frumvarpsins tekið fullt tillit til þessa sjónarmiðs stjórnar Landsvirkjunar.

6. Lýsing á fyrirhugaðri stækkun.

Með stækkun álversins í Straumsvík nú er áætlað að auka framleiðslugetu álbræðslunnar úr 100.000 árstonnum í alls 162.000 árstonn. Verður það gert með því að auka framleiðslu í núverandi kerskálum í 102.000 árstonn þegar á næsta ári, en jafnframt að reisa nýjan kerskála með 160 rafgreiningarkerum sem framleitt getur um 60.000 árstonn. Stefnt er að því að þriðji kerskálinn hefji framleiðslu í nóvember 1997. Önnur mannvirki er tengjast stækkuninni eru:

* Nýr þurrhreinsibúnaður fyrir útblástur frá þriðja kerskálanum.
* Viðbót við álsteypuskála fyrir framleiðslu á álbörrum.
* Viðbót við tengivirki.
* Nýjar vöruskemmur.

Heildarfjárfestingarkostnaður vegna stækkunarinnar er um 13,5 milljarðar króna. Ætla má að um þriðjungur eða 4,5 milljarðar króna sé innlendur kostnaður, þ.e. vinnulaun, íslenskt byggingarefni og verktakakostnaður ýmiss konar, en 2/3 hlutar eða um 9 milljarðar króna séu erlend aðföng. Beinar framkvæmdir við stækkunina munu hefjast í beinu framhaldi af undirritun samninga 16. nóvember 1995 og framlagningu frumvarps þessa.

Byggingartími er áætlaður 22 mánuðir. Mannaflaþörf á byggingartíma er áætluð 400 ársverk. Þar af eru 150 ársverk við byggingarvinnu og 250 ársverk við uppsetningu á rafbúnaði og í málmiðnaði. Flestir verða starfsmenn á öðrum ársfjórðungi 1997, rúmlega 350.

Um 90 varanleg störf munu skapast í Straumsvík vegna rekstrar stækkaðs álvers. Velta ÍSALs mun aukast um rúma 6 milljarða og verður verðmæti árlegs útflutnings frá ÍSAL eftir stækkun um 16 milljarðar króna miðað við 1.650 Bandaríkjadollara álverð á tonn.

7. Nánar um stöðu Alusuisse-Lonza Holding Ltd.

7.1 Stofnun fyrirtækisins og þróun.

Alusuisse-Lonza Holding Ltd. er byggt á gömlum grunni. Fyrirrennari þess Aluminium Industrie AG (AIAG), var upphaflega stofnað árið 1888 á grundvelli einkaleyfis fyrir aðferð til álrafgreiningar. Byggði það fyrstu álbræðsluna í Evrópu í Neuhausen við Rínarfossa. Fyrirtækið efldist fljótt og var áratugum saman leiðandi álframleiðandi í heiminum og sá stærsti utan Norður-Ameríku. Nafni fyrirtækisins var

síðar breytt í Swiss Aluminium Ltd. (Alusuisse). Allt fram á 7. áratuginn einbeitti fyrirtækið sér að álframleiðslu á öllum sviðum og átti hlut í framleiðsluferlinu allt frá bauxít-vinnslu til framleiðslu á álpappír og flóknum vélahlutum úr þrýstimótum og steypu. Það var lengi leiðandi í framleiðslutækni við álframleiðslu. Álbræðslan í Straumsvík var tíunda álbræðslan á þess vegum.

7.2 Stofnun Alusuisse-Lonza.

Á áttunda áratugnum víkkaði fyrirtækið út starfsemi sína þegar það keypti svissneska efnaframleiðandann Lonza AG. Fyrst framan af voru fyrirtækin rekin aðskilin en á síðasta áratug voru þau sameinuð undir einni stjórn. Núverandi skipulag var tekið upp í janúar 1990 þegar Alusuisse-Lonza Holding Ltd. var stofnað. Fyrirtækið fór ekki varhluta af miklum erfiðleikum í áliðnaðinum á síðasta áratug sem varð til þess að mikil endurskipulagning fór fram á rekstrinum. M.a. seldi fyrirtækið álbræðslur sínar í Norður-Ameríku og dró sig að verulegu leyti út úr áliðnaðinum þar. Fyrirtækið varð fyrir miklu tapi á þessum árum.

7.3 Breytt áhersla í rekstri.

Árið 1986 var því enn gripið til mikilla aðgerða til endurskipulagningar á fyrirtækinu sem segja má að hafi nú verið leidd til lykta. Fyrirtækið hefur verið rekið með hagnaði síðan árið 1987. Að hluta til byggðist endurskipulagningin á því að dregið var úr vægi álframleiðslu innan fyrirtækisins og fjölda álbræðslna var lokað eða þær seldar. Er nú svo komið að fyrirtækið rekur einungis álbræðsluna í Straumsvík og á hlut í álbræðslu Söral AS í Noregi. Fyrirtækið kaupir nú um eða yfir helming af hrááli því sem það notar gagnstætt því sem áður var þegar fyrirtækið framleiddi meira hráál en það hafði þörf fyrir. Gert er ráð fyrir að þegar stækkun ÍSALs lýkur muni fyrirtækið framleiða um helming hráálsþarfar sinnar, að mestu leyti hér á landi en kaupa um helming frá öðrum aðilum. Heildarnotkun fyrirtækisins á hrááli er áætluð verða um 400.000 tonn á ári.

Breyttar áherslur koma m.a. fram í skipulagi fyrirtækisins í dag. Skilgreind hafa verið þrjú megin starfssvið og stofnuð sérstök framleiðslufyrirtæki fyrir hvert svið. Þessi svið eru áliðnaður, umbúðaiðnaður og efnaiðnaður. Fjárfestingar hafa á síðustu árum einkum beinst að efnaiðnaði og umbúðaiðnaði. Meðal annars keypti Alusuisse-Lonza kanadíska umbúðafyrirtækið Lawson Mardon Group, sem er mjög sterkt í plastumbúðum, á síðasta ári.

7.4 Fjárhagsstaða Alusuisse-Lonza.

Eins og áður sagði hefur fyrirtækið sýnt hagnað öll ár frá árinu 1987 og var hann 207 millj. svissneskra franka árið 1994. Á fyrri hluta þessa árs meira en tvöfaldaðist hreinn hagnaður og var fyrir fyrstu sex mánuði ársins 197 millj. svissneskra franka. Fyrirtækið á von á áframhaldandi batnandi afkomu og telur horfur fyrir næsta ár jafnvel enn betri en fyrir yfirstandandi ár. Sala fyrstu sex mánuði ársins 1995 skiptist þannig að hlutdeild áldeildar er 37%, umbúðadeildar 36%, efnaiðnaðardeildar 25% og önnur sala 2% af heildarveltu sem var tæplega 4 milljarðar svissneskra franka á þessum tíma. Heildarvelta á árinu 1994 var rétt um 7,5 milljarðar svissneskra franka. Heildareignir fyrirtækjasamsteypunnar voru í árslok 1994 að verðmæti rétt um 6,3 milljarðar svissneskra franka en eigið fé var 1,8 milljarða svissneskra franka eða tæplega 30%. Í árslok 1994 voru starfsmenn rúmlega 26.000.

8. Meginatriði varðandi viðbótarhafnaraðstöðu.

8.1 Tilhögun og kostnaður.

Vegna aukinna flutninga um Straumsvíkurhöfn í tengslum við aukna álframleiðslu er nauðsynlegt að auka viðlegurými í höfninni. Fyrirhugað er að byggja 100 m langan viðlegukant framan við aðkomuhlið álversins, sem áætlað er að kosti um 3 millj. Bandaríkjadala eða um 200 millj. króna.

Höfnin er í eigu Hafnarfjarðarkaupstaðar, en var byggð á kostnað ÍSALs. Með því að kosta bygginguna var samið svo um að ÍSAL greiddi ekki vörugjöld fyrstu 25 starfsár verksmiðjunnar, eða til 1. ágúst 1994. Eftir þann tíma greiðir ÍSAL vörugjöld er nema 0,1% af heimsmarkaðsverði áls á hvert tonn útskipaðs áls. Svipaður háttur verður hafður á við stækkun hafnarinnar nú, þ.e. að ÍSAL kostar byggingu viðlegukantsins og mun greiða byggingarkostnaðinn niður með 10 jöfnum árlegum greiðslum til ársins 2017 eða staðgreiða þann kostnað að vali ÍSALs. Á móti verður ÍSAL undanþegið vörugjöldum af innfluttum rekstrarvörum og útflutningi afurða vegna framleiðslu umfram 105.000 tonn og allt að 175.000 tonnum af áli á ári til ársins 2014.

8.2 Samkomulag um stækkun hafnaraðstöðu.

Samkomulag um stækkun hafnaraðstöðu er gert skv. 12. gr. í gildandi hafnar- og lóðarsamningi, en ákvæði þess samnings standa að öðru leyti óbreytt. Í samkomulaginu er m.a. kveðið á um eftirfarandi:

a. Hafnarfjarðarhöfn byggir nýjan um það bil 100 m viðlegukant. Kveðið er á um að hafnaraðstaðan verði tilbúin til notkunar áður en rekstur stækkaðrar verksmiðjunnar kemur til framkvæmda.
b. ÍSAL greiðir kostnað af gerð hafnaraðstöðunnar en verður undanþegið greiðslu vörugjalda fyrir útflutning á áli á bilinu 105.000–175.000 árstonn fram til 1. október 2014. (Vörugjöld ÍSALs af bæði innflutningi og útflutningi eru umreiknuð sem ákveðið gjald á hvert tonn af áli sem flutt er út.)
c. ÍSAL greiði til sveitarfélagsins vegna mannvirkja sem byggð verða vegna stækkunarinnar og nánar er kveðið á um í aðalsamningi (byggingarleyfis- og gatnagerðargjöld). Að skipulagsgjaldinu meðtöldu nemur þessi upphæð að verðgildi 250.000 svissneskum frönkum á greiðsludegi eða um 14 milljónir króna. Samkomulag er um skiptingu gjaldsins milli ríkis og Hafnarfjarðarbæjar. Í 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir heimild ríkisins til samninga um skiptingu gjaldsins.
d. ÍSAL mun tengjast vatnsveitu Hafnarfjarðar til töku á neysluvatni í síðasta lagi árið 2000.
e. Núverandi hafnar- og lóðarsamningur fylgir gildistíma aðalsamnings eða allt til 1. október 2024. Samkomulag er um að vörugjöld verði endurskoðuð 1. október 2014 í ljósi eftirfarandi:
   i) Þróunar á vörugjöldum á sambærilegum flutningi hér á landi,
   ii) samkeppnisstöðu ÍSALs samanborið við álbræðslur í Evrópu og N-Ameríku, og
   iii) kostnaði Hafnarfjarðarbæjar af rekstri og viðhaldi Straumsvíkurhafnar, auk eðlilegs arðs.
f. Gert er ráð fyrir ábyrgð ríkisins á skuldbindingum Hafnarfjarðarbæjar og ábyrgð Alusuisse-Lonza á efndum ÍSALs samkvæmt samningnum, svo sem um skuldbindingar skv. upphaflegum hafnar- og lóðarsamningi væri að ræða. Til að taka af tví-

mæli í þessu efni er í 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins lagt til að ótvíræð lagaheimild verði veitt fyrir þessari ábyrgð ríkisins.

g. Þá er í samkomulaginu ákvæði um áframhaldandi rekstur hafnarinnar og þjónustu vegna rekstrar álbræðslunnar eftir að aðalsamningurinn og þar með hafnar- og lóðarsamningur renna úr gildi. Samningsaðilar skuldbinda sig til að hefja viðræður í góðri trú um fyrirkomulag hafnarreksturs og þjónustu við ÍSAL eigi síðar en þremur árum áður en samningarnir renna úr gildi.

h. Loks eru ákvæði um nánari framkvæmd nokkurra ákvæða í gildandi hafnar- og lóðarsamningi sem ástæða þótti til að skýra nánar.

9. Mat á líklegum skatttekjum.

Skatttekjur á Íslenska álfélaginu hf. eru aðallega þríþættar:

a. Gjöld sem leggjast á launagreiðslur og ÍSAL greiðir skv. ákvæðum aðalsamningsins.

b. Lágmarksframleiðslugjald sem lagt er á sem fast gjald í Bandaríkjadollurum á hvert framleitt og útskipað tonn af áli frá ÍSAL.

c. Tekjutengt framleiðslugjald sem lagt er á sem ákveðinn hundraðshluti af nettóhagnaði hvers árs.

Með stækkuninni og þeirri breytingu á reglum um framleiðslugjald sem samið er um vegna stækkunarinnar verða ekki verulegar breytingar á heildartekjum skv. a. og b. lið hér að ofan, en erfiðara er að meta þróun tekjutengds framleiðslugjalds eftir breytingarnar. Hér verður stuttlega gerð grein fyrir hverjum þætti fyrir sig:

9.1 Gjöld er leggjast á launagreiðslur.

Í fimmta viðaukanum er ekki samið um breytingar á gildandi reglum um álagningu gjalda er leggjast á launagreiðslur.

Svo sem fyrr er vikið að fjölgar störfum í Straumsvík vegna stækkunarinnar um 90 eða úr um 430 í 520 störf. Laun og launatengd gjöld hækka því í hlutfalli við þessa fjölgun starfsfólks.

9.2 Lágmarksframleiðslugjald.

Lágmarksframleiðslugjald hefur verið álagt þannig að greitt er jafngildi 20 Bandaríkjadollara á hvert framleitt og útskipað tonn. Lágmarksgreiðsla miðað við um 100.000 árstonn hefur verið um 2 milljónir Bandaríkjadollara eða um 130 milljónir króna á ári. Þessi greiðsla helst óbreytt til ársloka 1997. Frá og með 1. janúar 1998, þegar stækkað álver verður komið í fullan rekstur, mun lágmarksgjaldið lækka í jafngildi 10 Bandaríkjadala á hvert tonn og árlegt lágmarksgjald því verða um 1,6 milljónir Bandaríkjadala eða jafngildi um 100 milljóna íslenskra króna. Gert er ráð fyrir að afkastageta álversins verði aukin með viðbótarstækkun og endurbótum á eldri kerskálum á næstu árum þannig að ársframleiðslan verði innan fárra ára frá því stækkunin tekur til starfa allt að 200.000 árstonn. Árlegt lágmarksgjald næmi eftir það um 130–140 milljónum króna. Þar með greiddi félagið eftir stækkun áþekka fjárhæð í lágmarksgjald og nú.

Lágmarksframleiðslugjald eftir stækkun er sambærileg fjárhæð og félagið greiddi í fasteignaskatta og þau minni háttar gjöld sem nú leggjast á veltu atvinnufyrirtækja, þ.e. markaðsgjald, iðnaðargjald og iðnlánasjóðsgjald. Til þessa hefur lágmarksfram-

leiðslugjaldið verið frádráttarbært frá tekjutengdu framleiðslugjaldi. Svo sem fyrr greinir er samið um að eðli gjaldsins breytist eftir 2004 og verði aðeins dregið frá sem rekstrarútgjöld. Þessi breyting á lágmarksgjaldinu er í samræmi við þá þróun sem orðið hefur hér á landi með niðurfellingu aðstöðugjalds, þ.e. að skattleggja atvinnurekstur fyrst og fremst í formi tekjuskatts.

9.3 Tekjutengt framleiðslugjald.

Afkoma ÍSALs hefur batnað á síðustu tveimur árum. Eftir allmörg ár mikils taprekstrar var nokkur hagnaður af rekstri ÍSALs árið 1994. Í ljósi jákvæðrar þróunar á álverði á þessu ári og nokkuð góðra horfa á næsta ári er gert ráð fyrir mjög góðri afkomu og verulegum tekjuskattsgreiðslum vegna áranna 1995 og 1996.

Samkvæmt áætlunum sem gerðar hafa verið um rekstur ÍSALs eftir stækkun mun beinn framleiðslukostnaður í stækkuðu álveri verða allnokkru lægri en í núverandi álveri. Með hliðsjón af því að mestur hluti fjárfestingarinnar (um 3/4 hlutar) eru tæki og vélar, sem afskrifast á fyrstu sjö rekstrarárum stækkunarinnar, koma jákvæð áhrif stækkunarinnar á reiknaða afkomu fyrst og fremst til eftir 7. heila starfsár nýja kerskálans.

Sem fyrr greinir er samið um að ÍSAL verði frá 1. janúar 1995 skattlagt í sama skattþrepi og íslensk hlutafélög, þ.e. 33% í stað stighækkandi tekjuskatts á bilinu 35–55%, eins og nú er. Heimild ÍSALs til að leggja 20% af nettóhagnaði í varasjóð verður afnumin í árslok 1996 og vegur það á móti lækkun skattþreps.

Það er því ljóst að í lengd verður afkoma stækkaðs álvers betri og líkur á mun hærri tekjuskattsgreiðslum en af rekstri ÍSALs í óbreyttri mynd. Miðað við álverð á bilinu 1.600–1.700 Bandaríkjadali á tonn gætu tekjuskattsgreiðslur eftir árið 2004 orðið á bilinu 1,3–2 milljarðar á ári. Til þess tíma yrðu tekjuskattsgreiðslur nokkru lægri miðað við sama álverð. Áætlanir sýna að skattbyrði ÍSALs verður sambærileg og skattbyrði hefði orðið ef félagið hefði verið skattlagt skv. íslenskum skattareglum. Á hitt ber að líta að félagið hefur ekki rétt til að greiða út skattfrjálsan arð allt að 10% af nafnvirði hlutafjár svo sem íslensk félög hafa, en það hefði falið í sér verulegt skattatap fyrir ríkissjóð.

10. Aðstoðarsamningar um hönnun, byggingu og rekstur.

Samhliða undirritun fimmta viðauka við aðalsamninginn undirrituðu Alusuisse-Lonza Holding Ltd. og ÍSAL tvo samninga um tækniaðstoð, annars vegar um tækniaðstoð vegna hönnunar og byggingar nýja kerskálans og tengdra mannvirkja og hins vegar um áframhaldandi rekstraraðstoð eftir stækkun.

Samningarnir eru eðlilegir viðskiptasamningar og voru þeir áritaðir af iðnaðarráðherra til samþykkis í samræmi við ákvæði þeirra aðstoðarsamninga sem í gildi eru.

11. Hlutdeild Hafnarfjarðar í skatttekjum.

Í tengslum við samninga um stækkun ÍSALs var samið um hlutdeild Hafnarfjarðarbæjar í föstum tekjum af álverinu frá 1. janúar 1998. Bærinn mun þá fá 6,00 Bandaríkjadali pr. framleitt, útskipað tonn í sinn hlut sem síðan hækkar í 6,50 Bandaríkjadali pr. tonn árið 2003. Hlutdeild bæjarins verður tekin til endurskoðunar í árslok 2009.

Samkvæmt ákvörðun fjármálaráðuneytis frá 1976 hefur hlutdeild bæjarins í framleiðslugjaldi verið ákveðin sem:

a) Árlegt grunngjald að fjárhæð 250.000 Bandaríkjadalir og því til viðbótar
b) 18% af framleiðslugjaldi, þ.e. bæði föstum hluta þess (lágmarksgjaldi) og tekjutengdu gjaldi.

Á liðnum árum hefur þetta skilað Hafnarfjarðarbæ um 30–40 milljónum króna (breytilegt eftir ársframleiðslu og gengi), sem var hlutdeild bæjarins í lágmarksgjaldinu á liðnum árum. Miðað við 100.000 tonna framleiðslu á ári og meðalgengi Bandaríkjadals árið 1994 yrði hlutdeild bæjarins í lágmarksgjaldi að óbreyttu um 42 milljónir króna á ári. Þetta jafngildir að um 6,10 Bandaríkjadalir fyrir hvert framleitt tonn komi í hlut bæjarins.

Hlutdeild Hafnarfjarðarbæjar hefur ekki verið endurskoðuð frá 1976. Þá er þess að geta að tekjutengd viðbótargreiðsla hefur aðeins komið til á fáeinum af þeim tæplega 20 árum sem liðin eru frá því núverandi skipan var ákveðin. Í tengslum við samkomulag um að hlutdeild Hafnarfjarðar í tekjutengdu gjaldi falli niður 1998 og til að greiða fyrir samkomulagi þar um var ákveðið að bærinn fengi aukna hlutdeild í tekjutengdu gjaldi fyrir árin 1995–97. Á þessum árum verður hlutdeild Hafnarfjarðar í framleiðslugjaldi sem hér segir:

a) Árlegt grunngjald verður endurskoðað miðað við verðlagsþróun frá 1976 og hækkar í 500.000 Bandaríkjadali.
b) Hlutdeild bæjarins í tekjutengdu gjaldi þessi ár verður 28% (búist er við tekjuskatti 1995 og 1996, en síður fyrir árið 1997 þegar afskriftir vegna stækkunar hefjast).

Ljóst er að árin 1995 og 1996 verður afkoma ÍSALs mjög góð. Viðbótarhlutdeild Hafnarfjarðarbæjar í framleiðslugjaldi áranna 1995 og 1996 gæti því orðið á bilinu 40–80 milljónir króna, þó alfarið háð afkomu ÍSALs. Fallist var á þessar viðbótargreiðslur m.a. með hliðsjón af því að tekjutengt gjald hefur nánast aldrei komið til á árunum 1976–1994. Þá er þess að geta að þrátt fyrir ákvæði í bréfi fjármálaráðherra frá 1976 hefur hlutur Hafnarfjarðar og þar með fastagjaldið ekki verið endurskoðað, þó til hafi komið lækkun á gengi dollarans. Enn fremur var litið til þess að í samningum við ÍSAL eru greiðslur fyrir byggingatengd gjöld, svo sem gatnagerðargjöld og byggingarleyfisgjöld, lá miðað við þær gjaldskrár sem eru í gildi. Kostnaður bæjarins af sérstakri gatnagerð vegna stækkunarinnar er lítill en hinu er ekki að neita að í gatnagerðargjöldum er ákveðin almenn tekjuöflun og miðlun milli stórbygginga og hinna smærri. Því þótti eðlilegt að bærinn fengi aukna hlutdeild í tekjutengdu gjaldi árin 1995 og 1996 en þá eins og fyrr segir gegn því að hlutdeild í tekjutengdu gjaldi falli þar eftir niður.

Samkomulag milli ríkissjóðs og Hafnarfjarðarbæjar um hlutdeild bæjarins í skatttekjum ÍSALs, dags. 16. nóvember 1995, fylgir hér með sem fylgiskjal IV.

12. Um umhverfismat og útgáfu starfsleyfis.

12.1 Umhverfismat.

ÍSAL hafði heimild skv. samningi við stjórnvöld frá febrúar 1992 fyrir allt að 105.000 tonna ársframleiðslu áls. Stækkun álversins umfram það skyldi á grundvelli samkomulagsins vera háð útgáfu starfsleyfis samkvæmt lögum og mati á umhverfisáhrifum. Til þess að flýta fyrir undirbúningi að mati á umhverfisáhrifum aukinnar álframleiðslu í Straumsvík fól iðnaðarráðuneytið MIL í maí sl. að hrinda í framkvæmd vinnu vegna mats

á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og standa straum af kostnaði við það verkefni. Um það var samið við A-L að kostnaðurinn yrði endurgreiddur af ÍSAL þegar endanleg ákvörðun um stækkun álversins lægi fyrir.

Í maí 1995 fól MIL tveimur verkfræðistofum að aðstoða við matið. Verkfræðistofunni Vatnaskilum hf. var falið að gera útreikninga á loftmengun frá núverandi álveri í Straumsvík að viðbættri 100.000 tonna ársframleiðslu. Verkfræðistofunni Hönnun hf. var falið að gera frummatsskýrslu um fyrirhugaðar framkvæmdir. Niðurstöður lágu fyrir í skýrsluformi í byrjun júlí. Tilkynning um framkvæmdina var auglýst opinberlega 14. júlí sl. af hálfu Skipulags ríkisins. Að fengnum athugasemdum umsagnaraðila og að athuguðu máli féllst skipulagsstjóri ríkisins á fyrirhugaða stækkun álversins í Straumsvík með nokkrum skilyrðum, sem fullt samkomulag er orðið um. Umhverfisráðherra staðfesti mat á umhverfisáhrifum í byrjun nóvember 1995 en það hafði verið kært til ráðherra. Staðfesting ráðherra felur í sér endanlega afgreiðslu málsins.

12.2 Starfsleyfi.

ÍSAL sótti formlega um starfsleyfi til Hollustuverndar ríkisins fyrir rekstri allt að 200.000 tonna álvers í Straumsvík 2. júní 1995. Var ákveðið að gefa út nýtt leyfi fyrir stækkun álversins í heild í stað þess að gefa út sérstakt starfsleyfi fyrir stækkunina til viðbótar eldra leyfi. Hollustuvernd ríkisins auglýsti drög að starfsleyfinu opinberlega í byrjun ágúst sl. Að teknu tilliti til athugasemda sem bárust á umsagnartímanum lágu ný drög að starfsleyfi fyrir í októbermánuði, sem ÍSAL samþykkti í öllum aðalatriðum. Starfsleyfið kemur í staðinn fyrir eldri samning um rekstursleyfi. Það er gefið út fyrir aukningu á framleiðslugetu í 170.000 tonn í fyrsta áfanga og í síðari áföngum í allt að 200.000 tonn á ári. Í starfsleyfinu er kveðið á um ráðstafanir til verndunar ytra umhverfis, svo sem andrúmslofts, vatns og sjávar, gegn mengun, svo og meðferð úrgangs og ráðstafanir gegn hávaða. Ein athugasemd kom fram við endurskoðaðar starfsleyfistillögur Hollustuverndar ríkisins, en þeirri athugasemd var vísað frá vegna aðildarskorts að lögum. Sami aðili hafði gert athugasemdir á fyrri stigum og stofnunin þá efnislega fjallað um þær. Stjórn Hollustuverndar ríkisins afgreiddi endanlegar tillögur að starfsleyfi til umhverfisráðherra á fundi þann 2. nóvember 1995. Umhverfisráðherra gaf starfsleyfið síðan út í samræmi við ákvæði laga þar um hinn 7. nóvember 1995. Þar með var um endanlega afgreiðslu starfsleyfisins að ræða. Á grundvelli þess er ÍSAL heimilt að hefja þegar undirbúningsframkvæmdir. Starfsleyfið er útgefið í samræmi við ákvæði mengunarvarnarreglugerðar nr. 48/1994, með áorðnum breytingum, sem sett er skv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með áorðnum breytingum. Starfsleyfið uppfyllir þau skilyrði sem þar eru sett. Starfsleyfið verður birt í B-deild Stjórnartíðinda. Starfsleyfið og málið í heild hefur nú fengið lögmæta og eðlilega fullnaðarafgreiðslu þar til bærra stjórnvalda að lögum.

13. Þjóðhagsleg hagkvæmni.

Þjóðhagsstofnun hefur metið þjóðhagsleg áhrif stækkunar álversins í Straumsvík á grunni þeirra upplýsinga sem fyrir liggja. Skýrsla stofnunarinnar fylgir hér með sem fylgiskjal nr. II. Helstu niðurstöður stofnunarinnar eru þessar:

* Fjárfesting eykst um 7 1/2 milljarð króna árið 1996 og 9 milljarða króna árið 1997 miðað við núverandi áætlanir, eða um 10–11% frá því sem orðið hefði að óbreyttum horfum. Þar af eru alls tæplega 14 milljarðar vegna stækkunar álversins og hafn-

araðstöðu, en um 3 milljarðar vegna fjárfestingar í raforkumannvirkjum. Rúmlega þriðjungur þessarar eftirspurnar, eða sem svarar 0,6–0,7% af landsframleiðslu hvort ár, fer til innlendra aðila.

* Ársverk vegna framkvæmdanna verða alls um 750 sem bætir 3–4% við ársverk í byggingarstarfsemi árin 1996–1997, þar sem framleiðsluþættir hafa verið vannýttir að undanförnu. Tímasetning framkvæmdanna er því hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði.
* Miðað við 60.000 tonna ársframleiðslu og álverð á bilinu 1.650–2.000 Bandaríkjadala á tonn á LME, eykst útflutningur um 6,6–8,0 milljarða króna á ári, eða sem nemur 3,7–4,4% af útflutningi vöru og þjónustu.
* Þegar tekið hefur verið tillit til innfluttra aðfanga til álframleiðslunnar, má ætla að árlegt framlag hennar til vergrar landsframleiðslu, að meðtöldum greiðslum fyrir orku og önnur innlend aðföng, verði 3,2–4,2 milljarðar króna, eða 0,7–0,9% af landsframleiðslu.
* Framlag stækkunarinnar til vergrar þjóðarframleiðslu er lægra en aukning landsframleiðslu, sem nemur vaxta- og arðgreiðslum til útlanda. Erfitt er að áætla þessar greiðslur, en sé gert ráð fyrir 5% reiknivöxtum verður framlag til þjóðarframleiðslu á bilinu 2,4–3,5 milljarðar króna á ári (0,5–0,7% af VÞF) miðað við verðbilið 1.650–2.000 Bandaríkjadala á tonn. Sé gert ráð fyrir 10% reiknivöxtum af fjárfestingu í álverinu lækkar þetta bil í 1,7–2,8 milljarða (0,4–0,6% af VÞF).

Byggðastofnun telur að fyrir hvert starf í iðnfyrirtæki eins og álbræðslunni í Straumsvík skapist 2,6 störf utan þess, aðallega í þjónustu, verslun eða iðnaði vegna svokallaðra margfeldisáhrifa og varanleg heildaraukning verði því rúmlega 300 ársverk.

Fylgiskjal I.

Umsögn forstjóra og aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar um fyrirhugaðar breytingar á rafmagnssamningi Landsvirkjunar og Íslenska álfélagsins hf. (ÍSAL).

Á fundi sínum hinn 7. nóvember 1995 samþykkti stjórn Landsvirkjunar fyrirhugaðar breytingar á rafmagnssamningi, dags. 28. júní 1966 (með áorðnum breytingum 28. október 1969, 10. desember 1975 og 5. nóvember 1984) milli Landsvirkjunar og Íslenska Álfélagsins hf. en gert er ráð fyrir að breytingar þessar verði í sérstökum fjórða viðauka við rafmagnssamninginn sem jafnframt verður fylgiskjal með fimmta viðauka við aðalsamning milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse-Lonza Holding Ltd., er gerður verði samtímis.

Gildandi rafmagnssamningur milli Landsvirkjunar og Íslenska Álfélagsins hf. (ISAL) er að stofni til frá árinu 1966, er upphaflega var gerður samningur um rafmagnssölu til ISAL. Þrisvar áður, þ.e. 1969, 1975 og 1984, hefur verið samið um breytingar á rafmagnssamningnum í formi viðauka við hann, sem kveðið hafa á um breytingar á tilteknum ákvæðum samningsins. Hafa ákvæði viðaukanna verið felld inn í meginmál rafmagnssamningsins, sem að öðru leyti hefur haldið fullu gildi. Samkomulag það sem nú hefur tekist á milli Landsvirkjunar og ISAL vegna fyrirhugaðrar stækkunar álbræðslunnar í Straumsvík er gert í sama formi og fyrri breytingar á rafmagnssamningnum, þ.e. sem viðbótarsamningur við samninginn. Verða breytingarnar sem í fjórða viðauka felast felldar inn í meginmál gildandi rafmagnssamnings og verða þær þannig beinn hluti af honum. Ekki er þar af leiðandi um það að ræða að sérstakur samningur muni gilda fyrir rafmagnssölu vegna stækkunarinnar, heldur mun núverandi rafmagnssamningur, með þeim breytingum sem nú er sérstaklega um samið, frá gildistökudegi fjórða viðauka við rafmagnssamninginn taka til allrar rafmagnssölu Landsvirkjunar til ISAL. Ýmis grunnákvæði rafmagnssamningsins svo sem varðandi rafmagnsafhendingu, mælingar á afhentu rafmagni, reikninga og greiðslur og mörg almenn ákvæði samningsins haldast óbreytt og munu gilda fyrir alla rafmagnssölu til hinnar stækkuðu álbræðslu.

Við gerð fjórða viðauka við rafmagnssamninginn og við gerð fimmta viðauka við aðalsamninginn var fylgt þeirri meginstefnu að halda núverandi umgjörð og uppbyggingu samninga um álbræðsluna í Straumsvík óbreyttri. Af þessu leiðir að í fjórða viðauka við rafmagnssamninginn er í samræmi við núverandi uppbyggingu samninganna um tiltekin atriði vísað í fimmta viðauka við aðalsamninginn að því er skilgreiningar varðar. Þannig er eiginlega skilgreiningu á AR V (fimmta afhendingardegi rafmagns), sem er sá dagur þegar Landsvirkjun á að hafa tiltækt rafmagn vegna stækkunar bræðslunnar, að finna í fimmta viðauka við aðalsamninginn, sbr. grein 3.09 í honum. Samkvæmt því sem þar greinir á AR V að vera á tímabilinu 1. júlí 1997 til 1. janúar 1998, samkvæmt nánara samkomulagi milli Landsvirkjunar og ISAL, en ef samkomulag hér að lútandi tekst ekki skal AR V vera 1. janúar 1998. Frá og með AR V koma til auknar skuldbindingar Landsvirkjunar varðandi samningsbundið rafmagn, en frá sama degi taka jafnframt gildi umsamdar breytingar til hækkunar á því lágmarksmagni rafmagns sem ISAL ber að greiða fyrir á hverju ári, óháð því hvort ISAL notar þetta rafmagn eða ekki.

Hér á eftir verður nú lýst helstu breytingum sem eiga munu sér stað á rafmagnssamningnum milli Landsvirkjunar og ISAL þegar fjórði viðauki við samninginn öðlast gildi, en samkvæmt ákvæðum viðaukans öðlast hann gildi á gildistökudegi fimmta viðauka við aðalsamninginn, enda hafi ríkisstjórnin og Alusuisse veitt samþykki sitt, svo sem áskilið er í gildandi rafmagnssamningi.

Samningsbundið rafmagn.

Samkvæmt gildandi rafmagnssamningi skal Landsvirkjun sjá bræðslunni fyrir 1413 GWst á ári, þar af 106 GWst sem afgangsorku. Auk þess er í gildi til ársloka 1997 samkomulag um sölu Landsvirkjunar til ISAL á allt að 223 GWst af ótryggu rafmagni á ári. Frá og með AR V ber Landsvirkjun að sjá bræðslunni fyrir 2583 GWst á ári, þar af 223 GWst sem afgangsorku. Aukningin, 1170 GWst á ári, samanstendur annars vegar af viðbótar orkuþörf ISAL vegna stækkunarinnar, 947 GWst á ári, og hins vegar hefur hið ótrygga rafmagn sem að framan getur verið fellt undir samninginn. Þá er samið um að ISAL eigi rétt á að Landsvirkjun auki árlegt samningsbundið rafmagn sem bræðslunni er látið í té í tveimur áföngum, 1999 og 2000, um allt að 88 GWst, enda sé Landsvirkjun tilkynnt um það með a.m.k. tveggja ára fyrirvara.

Lágmarksorkukaup.

Samkvæmt núgildandi rafmagnssamningi ber ISAL að greiða að lágmarki fyrir 1110 GWst á ári, enda þótt orkuneysla ISAL á viðkomandi ári kunni að hafa verið minni. Frá AR V hækkar þetta lágmarksmagn í 2006 GWst á ári.

Nýti ISAL rétt sinn til að fara fram á að Landsvirkjun auki árlegt samningsbundið rafmagn um allt að 88 GWst á ári, eykst lágmarksmagnið um 0,765 GWst fyrir hverja viðbótar GWst samningsbundins rafmagns.

Samningsbundið verð.

Stjórn Landsvirkjunar ályktaði á fundi sínum hinn 7. nóvember sl. að það geti verið til þess fallið að veikja samningsstöðu Landsvirkjunar að því er varðar samninga um orkusölu til stóriðju, að viðsemjendur fyrirtækisins hafi aðgang að verðákvæðum áður gerðra rafmagnssamninga og samþykkti stjórnin því að viðskiptaleynd skuli ríkja um orkuverðsákvæði samkvæmt fjórða viðauka við rafmagnssamninginn.

Samkvæmt þessu er eigi unnt að greina frá orkuverðsákvæðum fjórða viðauka í einstökum atriðum. Þó er hægt að upplýsa að fyrstu árin á eftir AR V mun ISAL greiða fyrir fyrstu 1636 GWst sem greiðsluskyldar verða á hverju ári það rafmagnsverð sem samningurinn kveður nú á um. Fyrir rafmagn umfram þetta magn verður á þessu tímabili greitt sérstakt afsláttarverð, og er um að ræða lágmarksverð, sem hækkar með hækkandi heimsmarkaðsverði á áli. Að loknu afsláttartímabili tekur gildi ný verðformúla sem gildir fyrir allt samningsbundið rafmagn samkvæmt samningnum og verður rafmagnsverð þá að fullu tengt heimsmarkaðsverði á áli, án gólfs og án þaks.

Gildistími rafmagnssamningsins.

Samkvæmt rafmagnssamningnum er gildistími hans hinn sami og aðalsamningsins. Aðalsamningurinn gildir nú til 1. október 2004, en hvort heldur ríkisstjórnin eða Alusuisse geta einhliða framlengt hann um 10 ár. Samkvæmt fimmta viðauka við aðalsamninginn breytist gildistími aðalsamningsins og verður til 1. október 2014, en báðir aðilar geta þá framlengt samninginn um 10 ár. Gildistími rafmagnssamningsins breytist að sama skapi.

Rafmagnsverð á framlengingartímabili samnings.

Samkvæmt gildandi rafmagnssamningi getur hvor samningsaðila um sig farið fram á viðræður um samningsbundið verð á framlengingartímabilinu ef aðalsamningurinn og þar með rafmagnssamningurinn er árið 2004 framlengdur í 10 ár. Kveður samningurinn á um þau atriði sem höfð skulu til hliðsjónar í slíkum samningaviðræðum. Takist ekki samkomulag skal vísa verðákvörðun til sérstakrar dómnefndar.

Þar sem af ákvæðum fimmta viðauka við aðalsamninginn leiðir að gildistími rafmagnssamningsins lengist til 1. október 2014, er í fjórða viðauka við rafmagnssamninginn kveðið á um að réttur til að fara fram á viðræður um samningsbundið verð á framlengingartímabili rafmagnssamningsins flytjist til og verði til staðar árið 2014, ef þá kemur til framlengingar á gildistíma rafmagnssamningsins um 10 ár. Jafnframt eru viðmiðanir þær sem leggja ber til grundvallar í viðræðum um verð á framlengingartímabilinu skýrðar nokkuð.

Endurskoðun samningsskilmála á gildistíma rafmagnssamningsins.

Samkvæmt gildandi rafmagnssamningi getur hvort heldur Landsvirkjun eða ISAL óskað endurskoðunar á skilmálum samningsins á nánar tilgreindum tímapunktum, ef viðkomandi telur að orðið hafi teljandi og ófyrirsjáanleg breyting til hins verra á aðstæðum, að frátöldum breytingum á valdi Landsvirkjunar eða ISAL, er hafi haft í för með sér alvarleg áhrif á efnahagsstöðu þess sem í hlut á, þannig að hún raski bæði jafnvæginu í samningnum og valdi óeðlilegu harðrétti fyrir þann aðila sem í hlut á. Náist ekki samkomulag getur hvor aðila um sig skotið málinu til gerðardóms. Þessi réttur er samkvæmt gildandi samningi fyrir hendi árið 1999, og einnig árið 2009 ef gildistími rafmagnssamningsins yrði framlengdur til 2014. Með fjórða viðauka við rafmagnssamninginn er samið um að þessi réttur falli niður árið 1999, en verði til staðar árið 2009, og einnig árið 2019, ef gildistími rafmagnssamningsins yrði framlengdur til ársins 2024.

Varavirki og neyðarrafmagn.

Samið er um að ákvæði rafmagnssamningsins um skyldu Landsvirkjunar til að byggja og hafa tiltæk til hliðar við hið samtengda raforkukerfi sitt sérstök varavirki með tilteknu lágmarksafli falli brott, en þess í stað er samið um ákveðna framkvæmd á skerðingu rafmagnsafhendingar til ISAL fyrstu 48 klst. eftir að skerðing hefst, komi á annað borð til skerðingar. Einnig er samið um að neyðarrafmagn sem Landsvirkjun ber að hafa tiltækt til rekstrar á þjónustubúnaði á bræðslulóðinni í neyðartilvikum verði aukið úr 3 megavöttum í 16 megavött. Verður það látið í té úr gashverfilsstöðinni í Straumsvík.

Rafmagnssala til ISAL eftir að gildistíma rafmagnssamningsins lýkur.

Samið er um að upp í rafmagnssamninginn verði tekið nýtt ákvæði þess efnis að ef annar hvor samningsaðila hafi eigi síðar en þremur árum áður en framlengingartímabil samningsins rennur út árið 2024 með skriflegri tilkynningu til hins aðilans lýst yfir áhuga á að bræðslan verði rekin áfram eftir að gildistíma samningsins lýkur, skuli aðilar ganga til viðræðna í góðri trú um samning þar sem kveðið verði á um áframhaldandi sölu og kaup á rafmagni til rekstrar bræðslunnar, með skilmálum sem báðir aðilar geta sætt sig við. Skal þá samið um verð á rafmagni með hliðsjón af þeim atriðum sem kveðið er á um í samningnum að höfð skuli hliðsjón af ef viðræður eiga sér stað um samningsbundið verð á framlengingartímabilinu 2014-2024.

Áhrif á fjárhag Landsvirkjunar

Samkvæmt útreikningum Landsvirkjunar verður núvirtur hagnaður af fjórða viðaukanum við rafmagnssamninginn um 8 milljarðar króna miðað við grundvallarforsendur og um 80% líkur á því að arðsemi af nauðsynlegum fjárfestingum Landsvirkjunar vegna viðaukans verði 15% eða meira og nánast engar líkur á því að fjárfestingin skili lægri arði en 5,5%. Það er því sameiginlegt mat okkar að viðauki sá sem hér um ræðir sé Landsvirkjun verulega hagstæður og hafi mjög jákvæð áhrif á afkomu fyrirtækisins.

Reykjavík, 16. nóvember 1995

Halldór Jónatansson
forstjóri

Jóhann Már Maríusson
aðstoðarforstjóri

Fylgiskjal II.

Þjóðhagsleg áhrif stækkunar álversins í Straumsvík.

Vegna nýlegrar ákvörðunar um stækkun álversins í Straumsvík hefur Þjóðhagsstofnun að beiðni iðnaðarráðherra tekið saman minnisgrein um þjóðhagsleg áhrif stækkunarinnar. Þessi minnisgrein byggir annars vegar á grunni þjóðhagsáætlunar og hins vegar á þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir um stækkunina og tengdar framkvæmdir. Hér er því ekki um heildarendurskoðun þjóðhagsspár að ræða, heldur greiningu á því hvernig umræddar framkvæmdir breyta niðurstöðum þjóðhagsáætlunar að öðrum forsendum óbreyttum. Áfram verður unnið að venjubundinni endurskoðun þjóðhagsspár vegna lokaafgreiðslu fjárlaga í desember næstkomandi. Á sama tíma verða ýmsir þættir sem lúta að stækkun álversins athugaðir nánar, meðal annars þarf að skoða tímasetningar betur en grundvöllur hefur verið til að gera og einnig er mikilvægt að reyna að meta áhrif væntinga í þessu efni eftir því sem kostur er.

Helstu breytingar frá þjóðhagsáætlun vegna stækkunarinnar eru dregnar saman hér á eftir í átta liðum.

1. Fjárfesting eykst um 7 milljarða króna árið 1996 og 9 milljarða króna árið 1997 miðað við núverandi áætlanir, eða um 10-11% frá því sem orðið hefði að óbreyttum horfum. Þar af eru alls tæplega 14 milljarðar vegna stækkunar álversins og hafnaraðstöðu, en um 3 milljarðar vegna fjárfestingar í raforkumannvirkjum. Rúmlega þriðjungur þessarar eftirspurnar, eða sem svarar 0,6-0,7% af landsframleiðslu hvort ár, fer til innlendra aðila. Hlutfall fjárfestingar af landsframleiðslu árið 1996 eykst um 1,5%, úr 15,7% í 17,2% og árið 1997 hækkar hlutfallið úr 16,7% í 18,5%, eða um 1,8%. Þetta er skref í rétta átt, því æskilegt hlutfall fjárfestingar af landsframleiðslu til að standa undir væntanlegum hagvexti á næstu árum er nálægt 20%.
2. Viðskiptajöfnuður árin 1996-1997 verður 1-1,2% lakari sem hlutfall af landsframleiðslu en ella hefði orðið. Þá er einungis tekið tillit til innflutnings beinlínis vegna framkvæmdanna, en ekki vegna afleiddrar neyslu og fjárfestinga, samhliða auknum tekjum. Í þjóðhagsáætlun var gert ráð fyrir afgangi á viðskiptajöfnuði á árinu 1996 sem samsvaraði 0,7% af landsframleiðslu.



3. Ársverk vegna framkvæmdanna verða alls um 750 árin 1966-1997, þar af eru um 30 vegna byrjunar á rekstri stækkunarinnar árið 1997. áætlað er að um 50 ársverk verði unnin af útlendingum. Mest verður eftirspurn á öðrum ársfjórðungi 1997, eða um 400. Þetta eru einungis 0,2-0,3% af heildarmannafla, sem er áætlaður um 132.000 ársverk, en bætir hins vegar 3-4% við byggingarstarfsemi árin 19666-1997, þar sem framleiðsluþættir hafa verið vannýttir að undanförnu. Tímasetning framkvæmdanna er því hagkvæmt frá þjóðhagslegu sjónarmiði.



4. Miðað við 60.000 tonna ársframleiðslu og álverð á bilinu $1.650/tonn-$2.000/tonn á LME, eykst útflutningur um 6,6-8,0 milljarða króna á ári, eða sem nemur 3,7-4,4% af útflutningi vöru og þjónustu. Ál verður þá 10-12% af útflutningi vöru og þjónustu.
5. Þegar tekið hefur verið tillit til innfluttra aðfanga til álframleiðslunnar, má ætla að árlegt framlag hennar til vergrar landsframleiðslu, að meðtöldum greiðslum fyrir orku og önnur innlend aðföng, verði 3,2-4,2 milljarðar króna, eða 0,7-0,9% af landsframleiðslu. Ef áætlanir um aukningu afkastagetu upp í 100.000 tonn á ári ná fram að ganga má ætla að þetta framlag hækki í $5^1/_2$-7 milljarða króna, eða 1-1,3% af áætlaðri landsframleiðslu árið 2004.
6. Framlag stækkunarinnar til vergrar þjóðarframleiðslu er lægra en aukning landsframleiðslu, sem nemur vaxta- og arðgreiðslum til útlanda. Erfitt er að áætla þessar greiðslur, en sé gert ráð fyrir 5% reiknivöxtum verður framlag til þjóðarframleiðslu á bilinu 2,4-3,5 milljarðar króna á ári (0,5-0,7% af VÞF) miðað við verðbilið $1.650/tonn-$2.000/tonn. Sé gert ráð fyrir 10% reiknivöxtum af fjárfestingu í álverinu lækkar þetta bil í 1,7-2,8 milljarða (0,4-0,6% af VÞF).
7. Það ber að hafa í huga að álverð er mjög breytilegt frá ári til árs og eins og reynsla undanfarinna ára sýnir getur það legið neðan við framleiðslukostnað áls svo mánuðum og jafnvel árum skiptir. Verðbilið sem hér er miðað við verður þó að teljast eðlilegt sé litið til lengri tíma.



8. Eins og fram kom hér á undan er ekki enn lokið vinnslu á nýrri þjóðhagsspá sem tekur mið af breyttum forsendum frá þjóðhagsáætlun. Þó benda lauslegar áætlanir til þess að áhrif stækkunar ÍSAL á þjóðhagshorfur verði að hagvöxtur árið 1996 verði 0,7% meiri en ella; að viðskiptajöfnuður verði 1_% lakari en ella; að verðbólga og kaupmáttur launa verði óbreytt; og að atvinnuleysi verði 0,3% minna en ella. Þessar áætlanir byggja á forsendum um að útgjöld ríkis og sveitarfélaga breytist ekki frá fyrri áætlunum og að þensla myndist ekki á vinnumarkaði. Þá hefur ekki verið tekið tillit til þess að hugsanlega munu væntingar í tengslum við stækkun álversins auka innlenda eftirspurn meira en sem samsvarar áhrifum framkvæmdanna. Komi í ljós þenslueinkenni er nauðsynlegt að peningayfirvöld bregðist skjótt við með því að beita vöxtum eða öðrum peningastjórntækjum til mótvægis. Einnig kæmi til álita að fresta opinberum framkvæmdum og beina lánsfjáröflun opinberra aðila meira inn á innlendan fjármagnsmarkað en gert hefur verið. Þetta eru atriði sem brýnt er að skoða nánar á næstunni.

Fylgiskjal III.

SAMKOMULAG

Um stækkun hafnarmannvirkja í Straumsvíkurhöfn á grundvelli málsgreinar 12.02 í hafnar- og lóðarsamningi milli Hafnarfjarðarbæjar og Íslenska álfélagsins hf. („hafnar- og lóðarsamningurinn") og um framkvæmd tiltekinna ákvæða hafnar- og lóðarsamningsins,

gert hinn 16. dag nóvembermánaðar 1995 milli

Hafnarfjarðarbæjar (hér eftir nefndur „Hafnarfjarðarbær") annars vegar
og
Íslenska álfélagsins hf. (hér eftir nefnt „ISAL") hins vegar,
en báðir aðilar eru hér eftir nefndir „samningsaðilar".

Milli ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse-Lonza Holding Ltd. er í gildi aðalsamningur um byggingu og rekstur álbræðslu ISAL við Straumsvík, sem upphaflega var gerður hinn 28. mars 1966, með áorðnum breytingum frá 28. október, 1969, 10. desember, 1975, 5. nóvember, 1984, og 11. nóvember, 1985, ásamt fylgisamningum, sem eru (m.a.) rafmagnssamningurinn milli Landsvirkjunar og ISAL og hafnar- og lóðarsamningurinn milli Hafnarfjarðarbæjar og ISAL.

Ríkisstjórnin og Alusuisse-Lonza Holding Limited hafa nú ákveðið að gera samning um fimmta viðauka við aðalsamninginn um fjórðu stækkun álbræðslunnar og Landsvirkjun og ISAL hafa náð samkomulagi um fjórða viðauka við rafmagnssamninginn.

Stækkun álbræðslunnar gerir stækkun mannvirkja og búnaðar álbræðslunnar nauðsynlega, sem og aukningu á afkastagetu hafnaraðstöðunnar í Straumsvík.

ISAL hefur sótt um byggingarleyfi fyrir fjórðu stækkun álbræðslunnar upp að 295 megavatta málraun, en fyrsti hluti þess verður gefinn út við undirritun þessa samkomulags og heimilar byrjun byggingar mannvirkja með tilheyrandi búnaði vegna fjórðu stækkunar álbræðslunnar svo sem frekar er kveðið á um í byggingarleyfinu.

ISAL hefur, með bréfi dagsettu 18. maí, 1995, til bæjarstjóra Hafnarfjarðar, gert tillögu um stækkun hafnarinnar skv. málsgr. 12.02 í hafnar- og lóðarsamningnum.

SAMNINGSAÐILAR vilja skýra nánar framkvæmd nokkurra ákvæða hafnar- og lóðarsamningsins.

MEÐ SKÍRSKOTUN TIL ÞESSA ER HÉR MEÐ GERT EFTIRFARANDI SAMKOMULAG

I. KAFLI
VIÐBÓTARHAFNARAÐSTAÐA

1. gr.

Hafnarfjarðarbær skal byggja, eiga og reka viðbótarhafnaraðstöðu í Straumsvík ("viðbótarhafnaraðstaðan) svo sem frekar er lýst í sérstakri viðbótarhafnaráætlun ("viðbótarhafnaráætlunin). Viðbótarhafnaráætlunin fylgir þessu samkomulagi í Viðauka I og telst óaðskiljanlegur hluti þessa samkomulags. Viðbótarhafnaraðstaðan mun auka afkastagetu hafnarinnar þannig að hún nægi til þess að anna innflutningi og útflutningi álbræðslu ISAL miðað við afkastagetu hennar allt að 200.000 tonnum á ári. Hafnarfjarðarbær skuldbindur sig til þess að hafa lokið gerð viðbótarhafnaraðstöðunnar eigi síðar en 31. desember 1997.

2. gr.

2.01 ISAL skal greiða fyrir viðbótarréttindin sem veitt eru með þessu samkomulagi, í stað fastrar leigu, upphæð sem nemur kostnaði við gerð viðbótarhafnaraðstöðunnar. Upphæðin, sem greiða skal, skal nema kostnaði við framkvæmdirnar auk vaxta á framkvæmdatímanum. Framkvæmdakostnaðurinn í íslenskri mynt eða annarri mynt en svissneskum frönkum (CHF) skal umreiknaður í CHF á því gengi sem skráð er af Seðlabanka Íslands þegar greiðsla fer fram eða lán fyrir honum verða virk.

2.02 Hafnarfjarðarbær skal eiga þess kost að gera ISAL tilboð um að láta byggja viðbótarhafnaraðstöðunna fyrir fast verð. ISAL skal þá eiga þess kost að samþykkja það verð, sem verður þá framkvæmdakostnaðurinn í skilningi málsgreinar 2.01.

2.03 Hafnarfjarðarbær skal tilkynna ISAL hvor kosturinn samkvæmt málsgr. 2.02 verði valinn eigi síðar en þann dag sem fer tveimur mánuðum eftir gildistökudag þessa samkomulags. Velji Hafnarfjarðarbær að gera ISAL tilboð um að byggja viðbótarhafnaraðstöðuna á föstu verði, skal ISAL hafa tvær vikur frá dagsetningu tilboðsins til þess að taka tilboðinu eða hafna því.

3. gr.

3.01 ISAL skal greiða upphæðina, sem tilgreind er í 2. gr. hér að framan (auk ársvaxta sem aðilar koma sér saman um með hliðsjón af markaðsaðstæðum varðandi kostnað við lántöku vegna slíkra framkvæmda), með 10 -tíu- jöfnum, árlegum greiðslum og er gjalddagi þeirra 1. dagur desembermánaðar á hverju ári á tímabilinu frá 1. janúar 1998 til 31. desember 2007.

3.02 ISAL skal eiga þess kost að greiða framkvæmdakostnaðinn svo sem hann er ákveðinn í málsgreinum **2.01** eða **2.02** með einni greiðslu við lok framkvæmda.

3.03 ISAL skal tilkynna Hafnarfjarðarbæ eigi síðar en þann dag er fer tveimur mánuðum og tveimur vikum eftir gildistökudag þessa samkomulags hvor kosturinn hefur verið valinn, að greiða samkvæmt málsgr. 3.01 eða samkvæmt málsgr. 3.02.

4. gr.

Ákvæði hafnar- og lóðarsamningsins skulu að öllu leyti eiga við um

viðbótarhafnaraðstöðuna samkvæmt þessu samkomulagi, einkum og sér í lagi málsgr. 11.06. í þeim samningi, að öðru leyti en því að ISAL er undanþegið greiðslu sérstaks vörugjalds skv. málsgr. 11.06. vegna inn- og útflutnings á vörum álbræðslunnar sem það flytur um höfnina til álframleiðslu umfram 105.000 smálestir á ári og allt að 175.000 smálestum á tímabili sem lýkur á 45. árdegi AR I.

5. gr.

Greiðsla til Hafnarfjarðarbæjar vegna mannvirkja, sem byggð eru vegna fjórðu stækkunar álbræðslunnar og vegna hugsanlegrar frekari stækkunar innan fimmta áfanga bræðslunnar, eftir því sem við á, skal vera eins og kveðið er á um í stafliðum (o), (p) og (q) í málsgrein 31.01 í aðalsamningnum með áorðnum breytingum samkvæmt fimmta viðauka við aðalsamninginn.

II. KAFLI
ÖNNUR RÉTTINDI OG SKYLDUR

6. gr.

Samkvæmt málsgr. 8.02 í hafnar- og lóðarsamningnum skal ISAL með vissu millibili leggja fram áætlun um komu- og brottfarartíma skipa, sem flytja bræðsluvarning, og tilkynna hafnaryfirvöldum með a.m.k. fimm daga fyrirvara um væntanlega komu hvers slíks skips til hafnarinnar. ISAL lýsir því yfir að það muni beita sér eftir fremsta megni við skipafélög, sem annast flutninga fyrir ISAL og/eða sem annast umboð fyrir önnur skip, um að þau tilkynni hafnaryfirvöldum með sem lengstum fyrirvara um áætlaðan komutíma skipa. Gert er ráð fyrir að slíkar tilkynningar berist eigi síðar en 14 dögum fyrir áætlaða komu hvers skips til hafnarinnar.

7. gr.

Samkvæmt málsgr. 13.02 í hafnar- og lóðarsamningnum er ISAL heimilt, án endurgjalds, að bora eftir vatni eða taka yfirborðsvatn á landi, sem liggur að bræðslulóðinni, og flytja það eftir leiðslum á bræðslulóðina. ISAL er hér með heimilað að bora tvær viðbótarholur eftir fersku vatni á sama landi, nú í eigu Hafnarfjarðarbæjar, suður af álbræðslulóðinni. Staðsetningu borholanna er frekar lýst á korti, sem fylgir þessu samkomulagi í Viðauka II og telst óaðskiljanlegur hluti þessa samkomulags.

8. gr.

Í samræmi við málsgr. 13.04 í hafnar- og lóðarsamningnum, þar sem ISAL er heitið aðstoð við öflun vatns annars staðar, mun Hafnarfjarðarbær veita ISAL aðgang að neysluvatni úr vatnsveitu sinni eigi síðar en 1. janúar árið 2000. ISAL skuldbindur sig til þess að hafa komið upp tengingu fyrir vatnsveitu vegna neysluvatns við vatnsveitu Hafnarfjarðarbæjar og að nýta slíkt vatn, þ.e. drykkjarvatn og vatn til matargerðar, eigi síðar en þann dag. Samningsaðilar skulu, eigi síðar en tólf mánuðum áður en vatnstenging á sér stað, taka upp viðræður í góðri trú um samkomulag þar sem kveðið verði á um varanlega vatnstengingu vegna starfrækslu bræðslunnar með skilmálum sem báðir samningsaðilar geta sætt sig við. Þegar vatnsveitan hefur verið endanlega tengd lýsir Hafnarfjarðarbær því yfir að ISAL skuli ekki lengur skuldbundið til þess að sjá Hafnarfjarðarbæ fyrir vatni samkvæmt 14. gr. hafnar- og lóðarsamningsins.

III. KAFLI
ÁKVÆÐI UM ENDURSKOÐUN

9. gr.

9.01 Verði aðalsamningurinn framlengdur um 10 (tíu) ár fram yfir 45. árdag AR I skal hafnar- og lóðarsamningurinn halda fullu gildi samkvæmt ákvæðum sínum, þó háð ákvæði málsgr. 9.02.

9.02 Eigi síðar en þremur árum fyrir endurskoðunardaginn, sem rennur upp á 45. árdegi AR I, skulu samningsaðilar taka upp samningaviðræður í góðri trú um endurskoðun sérstaks vörugjalds skv. málsgrein 11.06 í hafnar- og lóðarsamningnum og komast að samkomulagi um vörugjöld, er innheimt verði á því 10 -tíu- ára tímabili, er gildi frá 45. ára árdegi AR I. Samið skal um slík vörugjöld byggt á þeim grundvallarreglum sem lýst er í stafliðum (a) til (c) hér á eftir. Um vörugjöldin skal samið með tilliti til eftirfarandi:

Vörugjalda, sem innheimt eru af flutningum sambærilegs lausafarms á Íslandi.

Samkeppnisstöðu ISAL samanborið við álbræðslur í Evrópu og Norður-Ameríku.

Beins kostnaðar Hafnarfjarðarbæjar af viðhaldi og rekstri hafnarinnar auk eðlilegs arðs.

9.03 Um vörugjöld, sem leggjast á inn- og útflutning frá álbræðslunni, skal samið á grundvelli framangreindra viðmiða og skulu þau umreiknuð í vörugjald er leggst á hvert tonn af áli sem flutt er út. Vörugjaldið, sem þannig er umreiknað, skal reiknast sem hundraðshluti (eða brot úr hundraðshluta) af heimsmarkaðsverði áls, eins og það er skilgreint í 26. gr. aðalsamningsins á framlengingartímanum.

9.04 Nái samningsaðilar ekki samkomulagi um endurskoðað vörugjald skv. málsgr. 9.02. getur hvor um sig farið fram á að sérfræðingahópur verði skipaður til þess að ákvarða vörugjaldið á grundvelli málsgr. 9.02. Sérfræðingahópurinn skal þannig skipaður að hvor samningsaðili tilnefnir einn fulltrúa. Hinir tilnefndu fulltrúar skulu leitast við að ná samkomulagi um formann. Ef samkomulag næst ekki um formann skal Héraðsdómur Reykjaness tilnefna einn sérfræðing, sem verður formaður hópsins. Um störf sérfræðingahópsins skal fara samkvæmt reglum laga nr. 53/1989, um samningsbundna gerðardóma, eins og þau eru eða síðar kann að verða breytt. Niðurstöður sérfræðingahópsins skulu vera endanlegar og bindandi, aðeins háðar ákvæðum fyrrnefndra laga nr. 53/1989.

IV. KAFLI
ALMENN ÁKVÆÐI

10. gr.

Krefjist samhengi ekki annars skulu hugtök, sem notuð eru í samkomulagi þessu, hafa þá merkingu sem þeim er gefin í aðalsamningnum, með áorðnum breytingum. Skuldbindingar samkvæmt þessu samkomulagi skulu hafa sama gildi og sambærilegar skuldbindingar samkvæmt hafnar- og lóðarsamningnum. Önnur ákvæði hafnar- og lóðarsamningsins (t.d. um óviðráðanleg öfl, vanskil og vanefndir, lög sem gilda, deilur og lausn þeirra, tungumál o.fl.) skulu einnig eiga við um þetta samkomulag eftir því sem við á.

11. gr.

Samkomulag þetta tekur gildi á gildistökudegi fimmta viðauka við aðalsamninginn og heldur gildi þar til gildistími aðalsamningsins rennur út eða honum er sagt upp.

12. gr.

Lýsi ISAL áhuga á því að halda áfram rekstri álbræðslunnar eftir að samkomulag þetta rennur út skulu samningsaðilar, eigi síðar en þremur árum áður en samkomulagið rennur út, hefja viðræður í góðri trú um samkomulag þar sem kveðið er á um áframhaldandi rekstur hafnarinnar og þjónustu vegna reksturs bræðslunnar með skilmálum, sem báðir samningsaðilar geta fellt sig við, eftir að samkomulag þetta rennur út.

13. gr.

Hafnarfjarðarbær og ISAL samþykkja hvort um sig í hins þágu og í þágu ríkisstjórnarinnar og Alusuisse að uppfylla og taka á sig þær skyldur sem á þau eru lögð með hinum ýmsu ákvæðum aðalsamningsins, með áorðnum breytingum í fimmta viðauka við hann.

ÞESSU TIL STAÐFESTU ER SAMKOMULAG ÞETTA UNDIRRITAÐ ÞANN DAG ER Í UPPHAFI GREINIR.

F.H. HAFNARFJARÐARBÆJAR

INGVAR VIKTORSSON (SIGN)
TRYGGVI HARÐARSSON (SIGN)

F.H. ÍSLENSKA ÁLFÉLAGSINS HF.
CHRISTIAN ROTH (SIGN)

BJARNAR INGIMARSSON (SIGN)

RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS ábyrgist hér með skilyrðislaust við ISAL og ALUSUISSE fullar og tímanlegar efndir HAFNARFJARÐARBÆJAR á öllum skuldbindingum sínum samkvæmt samkomulagi þessu eins og þær skuldbindingingar væru samkvæmt hafnar- og lóðarsamningnum.

F.H. RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS

FINNUR INGÓLFSSON (SIGN)

ALUSUISSE-LONZA HOLDING LIMITED ábyrgist hér með skilyrðislaust við HAFNARFJARÐARBÆ og RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS fullar og tímanlegar efndir ISAL á skuldbingingum sínum samkvæmt samkomulagi þessu eins og þær skuldbindingar væru samkvæmt hafnar- og lóðarsamningnum.

F.H. ALUSUISSE - LONZA HOLDING LIMITED.

DR. WOLFGANG STILLER (SIGN)

BEAT LEHMANN (SIGN)

Fylgiskjal IV.

Samkomulag milli Hafnarfjarðarbæjar og ríkissjóðs um skattgreiðslur til Hafnarfjarðar vegna stækkunar og starfsemi Íslenska álfélagsins hf.

1. gr.
Hluti Hafnarfjarðar í framleiðslugjaldi frá 1. janúar 1998.

Frá 1. janúar 1998 verður framleiðslugjald ISAL USD 10 fyrir hvert tonn. Frá sama tíma skal hlutdeild Hafnarfjarðarbæjar í framleiðslugjaldi ISAL vera sem hér segir:

a) Frá 1. janúar 1998 til 31. desember 2002 upphæð sem svarar til USD **6.00** fyrir hvert tonn af útfluttu áli sem er framleiðslugjaldsskylt yfirfært í íslenskar krónur á þeim degi sem gjaldið er greitt.

b) Frá 1. janúar 2003 til 31. desember 2009 upphæð sem svarar til USD **6.50** fyrir hvert tonn af útfluttu áli, sem er framleiðslugjaldsskylt yfirfært í íslenskar krónur á þeim degi sem gjaldið er greitt.

Hlutur Hafnarfjarðarbæjar skal gerður upp mánaðarlega eigi síðar en 14 dögum eftir að ISAL hefur greitt framleiðslugjaldið. Allur kostnaður af eftirliti með framleiðslugjaldi greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.
Endurskoðun.

Verði verulegar breytingar á reglum um tekjustofna sveitarfélaga eða verulegar breytingar á rekstri ISAL sem breyti forsendum umsamdrar skiptingar framleiðslugjalds skv. 1. gr. skulu aðilar ganga til samninga um endurskoðun á skiptingu gjaldsins.

Hlutdeild Hafnarfjarðar í framleiðslugjaldi skal endurskoðuð miðað við 1. janúar 2010. Sú endurskoðun skal tryggja að hlutdeild Hafnarfjarðar verði ekki lægri upphæð en sem svarar til USD 7.00 fyrir hvert tonn, sbr. 1. gr.

Nái aðilar ekki samkomulagi um endurskoðaða hlutdeild í framleiðslugjaldi skv. þessari grein getur hvor um sig farið fram á að sérfræðingahópur verði skipaður til þess að ákvarða gjaldið. Sérfræðingahópurinn skal þannig skipaður að hvor samningsaðili tilnefnir einn fulltrúa. Hinir tilnefndu fulltrúar skulu leitast við að ná samkomulagi um formann. Ef samkomulag næst ekki um formann skal Héraðsdómur Reykjavíkur tilnefna einn sérfræðing sem verður formaður hópsins. Um störf sérfræðingahópsins skal fara eftir lögum nr.

53/1989, um samningsbundna gerðardóma, með áorðnum breytingum. Niðurstöður sérfræðingahópsins skulu vera endanlegar og bindandi, sbr. þó ákvæði laga nr. 53/1989.

3. gr.
Gjöld er leggjast á stofnkostnað fjórðu stækkunar ISAL.

Gatnagerðargjald, byggingarleyfisgjald og skipulagsgjald vegna byggingarframkvæmda í tengslum við fjórðu stækkun ISAL eru umsamin í fimmta viðauka aðalsamnings með breytingu á 31. gr. aðalsamningsins. Viðeigandi ákvæði 31. gr. eru fylgiskjal hér með. Hlutdeild Hafnarfjarðar af þeim gjöldum sem ISAL greiðir skv. viðaukanum verði samtals upphæð sem jafngildi SFR 200.000 yfirfært í íslenskar krónur á greiðsludegi.

4. gr.
Ákvæði til bráðabirgða.

Á árunum 1995-1997 skal hlutdeild Hafnarfjarðarbæjar í framleiðslugjaldi ISAL vera skv. gildandi reglum með þeirri breytingu að í stað 18% af framleiðslugjaldinu verði hlutdeildin 28%. Fastagjaldið skal þessi ár jafnframt hækka úr jafngildi USD 250.000 í jafngildi USD 500.000.

5. gr.
Endurskoðun skattasamnings ISAL.

Ákveði ISAL að falla að öllu leyti undir ákvæði íslenskra skattalaga skv. heimildarákvæði aðalsamnings fer um gjöld til Hafnarfjarðar að íslenskum lögum. Komi fram ósk frá ISAL um að falla að íslenskum skattalögum skal Hafnarfjarðarbær eiga fulla aðild að viðræðum um aðlögun að íslenskum skattalögum.

6. gr.
Réttur til vatntöku.

Hafnarfjarðarbær sem landeigandi heimilar ISAL að bora tvær borholur í landi bæjarins til viðbótar við þær 5 sem ISAL þegar hefur afnotarétt að gegn því að gerður verði viðauki við samning ríkissjóðs við landeiganda frá 25. janúar 1982, sem feli í sér að grunnleigugjald hækki um 100%.

Ofanrituðu til staðfestu rita aðilar undir samkomulag þetta:

Gert í Reykjavík 16. nóvember 1995

F.h. Hafnarfjarðarbæjar,

Ingvar Viktorsson
(sign)

Tryggvi Harðarson
(sign)

F.h. ríkissjóðs,

Friðrik Sophusson
fjármálaráðherra
(sign)

Finnur Ingólfsson
iðnaðar- og viðskiptaráðherra
(sign)

Fylgiskjal V.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse-Lonza Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

Í frumvarpinu er lagt til að lögfest verði samkomulag er tekist hefur með ríkisstjórn Íslands og Alusuisse-Lonza Holdings um byggingu og rekstur álbræðslu við Straumsvík. Kostnaður ríkisins vegna núgildandi samnings felst í samningagerð og eftirliti með starfsemi álversins í Straumsvík. Á árinu 1994 var þessi kostnaður rúmar 6,2 m.kr. og skiptist þannig að 4,8 m.kr. voru vegna sérfræðiþjónustu alþjóðlegra endurskoðenda, 1 m.kr. vegna sérfræðiþjónustu Hollustuverndar og 0,4 m.kr. vegna lóðarleigu.

Hafnarfjarðarbær hefur greitt 18% af þessum kostnaði eða 1,1 m.kr. á liðnu ári. Í nýgerðum samningum eru ríkissjóði gert að bera kostnaðinn í heild. Einnig hækkar lóðarleiga upp í 0,8 m.kr. Frumvarpinu fylgir því 1,5 m.kr. kostnaðarauki fyrir ríkissjóð. Hvað varðar tekjur ríkissjóðs vegna samningsins vísast til greinargerðar með frumvarpinu.

214. Breytingartillaga [164. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 26/1994, um fjöleignarhús.

Frá Kristínu Halldórsdóttur.

Við bætist ný grein, er verði 7. gr., svohljóðandi:

13. tölul. A-liðar 41. gr. laganna orðast svo: Um að halda megi hunda og/eða ketti í húsinu ef íbúum stafar heilsufarsleg hætta af því samkvæmt vottorði læknis. Þegar hús skiptist í aðgreinda hluta nægir samþykki þeirra eigenda sem hafa sameiginlega inngang, stigagang eða annað sameiginlegt húsrými.

215. Frumvarp til laga [172. mál]

um grundvöll lánsviðskipta, réttindi og skyldur ábyrgðarmanna o.fl.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir,
Kristín Ástgeirsdóttir.

1. gr.

Viðskiptatraust lántakanda og þær tryggingar, sem hann getur sjálfur lagt fram, eiga að vera undirstaða lánsviðskipta lánastofnunar og lántakanda þannig að ekki þurfi að krefjast ábyrgðarmanna vegna fjárskuldbindinga lántakanda. Banki, sparisjóður eða önnur lánastofnun skal í samráði við lántakanda gera greiðsluáætlun fyrir lántakanda og meta greiðslugetu hans.

2. gr.

Telji lánastofnun að lántakandi hafi ekki það viðskiptatraust eða geti ekki lagt fram sjálfur þær tryggingar sem hún telur fullnægjandi fyrir þeim skuldbindingum sem lántakandi stofnar til gagnvart lánastofnuninni getur hún krafist þess að lántakandi afli sér ábyrgðar annars manns á skuldbindingum sínum. Ábyrgðarmaður getur gengið persónulega í ábyrgð fyrir lántakanda eða ábyrgst skuldbindingar lántakanda með einstökum eigum sínum. Ábyrgðarmaður hefur rétt til þess að kynna sér greiðsluáætlun lántakanda.

3. gr.

Lánastofnunum eða öðrum lánveitendum, er krefjast persónulegrar ábyrgðar eða ábyrgðar í eign annars manns en lántakanda, ber að upplýsa þá sem ábyrgjast fjárskuldbindingar lántakanda um eðli þeirrar ábyrgðar sem ábyrgðarmaður gengst undir og afleiðingar vanefnda lántakanda, sbr. 4. gr. Þetta á við hvort sem lánveitingin er liður í atvinnustarfsemi lánveitanda eða ekki. Ákvæði 3.–6. gr. um lánveitanda taka enn fremur til leigusala sem krefst tryggginga þriðja manns fyrir afnotum og greiðslum leigutaka samkvæmt leigusamningi og þess sem síðar öðlast rétt lánveitanda fyrir framsal.

Lántakanda, sem gefur út eða samþykkir til greiðslu hvers konar viðskiptabréf með persónulegri ábyrgð annars manns, fær veðleyfi eða tryggingarbréf með veði í eign annars manns til tryggingar skilvísum greiðslum sínum eða útvegar annars konar persónulega ábyrgð annars manns á skuldbindingum sínum, ber að upplýsa ábyrgðarmann sinn um fjárhagsstöðu sína hvenær sem ábyrgðarmaður krefst þess á meðan ábyrgðin varir. Einnig verður lántakandi að hlíta upplýsingagjöf skv. 6. gr. Ábyrgðarmaður er bundinn þagnarskyldu um þær upplýsingar sem hann öðlast um fjármál lántakanda samkvæmt þessu ákvæði eða ákvæði 6. gr.

4. gr.

Í skuldabréfi eða tryggingarbréfi skulu upplýsingar um efni þeirrar ábyrgðar, sem krafist er og áhrif vanefnda, koma fram í texta bréfsins. Á bakhlið víxils skal greina efni ábyrgðar framseljenda víxils og ábyrgðarmanna og áhrif vanefnda greiðanda víxilsins, sbr. ákvæði víxillaga.

Ef ábyrgðarmanns er krafist á skilvísum greiðslum lántakanda með öðrum hætti en um getur í 1. mgr. ber lánveitanda að kynna ábyrgðarmanni á sannanlegan hátt efni ábyrgðarinnar og áhrif vanefnda lántakandans fyrir hann.

Sé upplýsingaskyldu, sbr. 1. og 2. mgr., ekki gætt er þriðji maður ekki ábyrgur fyrir skuldbindingum lántakanda.

5. gr.

Lánveitanda ber að tilkynna ábyrgðarmanni með sannanlegum hætti innan tíu daga frá gjalddaga um vanefndir lántakanda sem hann hefur gengið í ábyrgðir fyrir. Ef ekki er vitað um heimilisfang ábyrgðarmanns nægir tilkynning í Lögbirtingablaðinu.

6. gr.

Ábyrgðarmaður, sem veitt hefur lánveitanda ábyrgð sína á skilvísum greiðslum lántakanda, hefur jafnan rétt á því að fá allar upplýsingar sem lánveitandi hefur um fjárhagsstöðu lántakanda á meðan hann ábyrgðist greiðslur lántakanda.

Sé ábyrgðarmaður í hjúskap eða óvígðri sambúð getur hann ekki gengist undir ábyrgð án samþykkis maka eða sambýlings. Reglur 20. og 21. gr. laga um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20 20. júní 1923, skulu gilda um leyfi ábyrgðarmanns sem er í óvígðri sambúð til veðsetningar eigna sinna. Það telst óvígð sambúð ef karl og kona hafa búið saman samfleytt í tvö ár eða ef þau búa saman og eiga barn saman eða konan er þunguð.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 113. og 115. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Fyrsti flutningsmaður í bæði skiptin var Anna Ólafsdóttir Björnsson. Nú hefur verið lögð fram á Alþingi tillaga til þingsályktunar um að skipuð verði nefnd til að semja frumvarp til laga um réttindi og skyldur ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga einstaklinga (þskj. 210). Er því fyllsta ástæða til að endurflytja frumvarpið sem fékk jákvæðar undirtektir á sínum tíma, bæði á þingi og utan þess.

Í frumvarpinu er lögð áhersla á að meginregla í öllum lánsviðskiptum sé gagnkvæmt traust lántakanda og lánveitanda. Eðlilegt er að við lántöku sé greiðslugeta lántakanda metin, greiðsluáætlun gerð og að hún sé grundvöllur viðskiptatrausts hans. Í flestum lánaviðskiptum tíðkast nú að krefjast trygginga fyrir skilvísum greiðslum lántakanda. Algengt er að lántakandi leggi sjálfur fram slíkar tryggingar, t.d. með veði í fasteign sinni. Hitt er ekki síður algengt að krafist sé sjálfskuldarábyrgðar eins eða tveggja manna á greiðslum lántakanda. Þarf lántakandi að útvega þessa ábyrgðarmenn sem oft eru ættingjar lántakanda. Þá er einnig algengt að lántakandi fái lánað veð í eign annars manns til tryggingar greiðslum sínum, sérstaklega í tengslum við fasteignakaup. Segja má að nánast sé meginregla að lántakandi geti ekki fengið lán án þess að afla trygginga frá öðrum. Slíkt ætti þó einungis að vera í undantekningartilvikum og gilda um það skýrar reglur.

Margir, sem veita ábyrgð sína á endurgreiðslum af lánum annarra, gera sér ekki grein fyrir því hvert eðli og umfang slíkrar ábyrgðar er. Ef til ábyrgðarinnar þarf að taka ábyrgist sjálfskuldarábyrgðarmaður greiðslur lántakanda með öllum eigum sínum, en sá sem hefur lánað fasteignarveð leggur viðkomandi fasteign undir. Ábyrgðarmaður þarf oft að greiða verulegar fjárhæðir fyrir lántakanda sem hann ábyrgist. Ef ábyrgðarmaður getur ekki greitt skuldir lántakanda missir hann eigur sínar í hlutfalli við skuldir lántakandans, oft allt sitt. Á síðustu árum hafa gjaldþrot einstaklinga og fyrirtækja aukist mjög mikið og sífellt fleiri ábyrgðarmenn hafa þurft að standa við ábyrgðir sínar, oft með þeim afleiðingum að ábyrgðarmaður verður líka gjaldþrota. Gjaldþrot hafa ekki einungis viðskiptalega hlið því að oft leysast heimili gjaldþrota einstaklinga upp.

Með þessu frumvarpi er gengið út frá þeirri meginreglu að lántakandi ábyrgist sjálfur skilvísar endurgreiðslur sínar og geri sér grein fyrir lánshæfni sinni með gerð greiðsluáætlunar. Frumvarpinu er einnig ætlað vekja athygli á stöðu ábyrgðarmanna og tryggja lágmarksréttindi þeirra til upplýsingaöflunar. Nauðsynlegt er að flytja sérstakt frumvarp um þessi efni því almenn lög um skuldabréf hafa aldrei verið sett hér á landi og ekki þótti rétt að setja þessi ákvæði í lög um viðskiptabanka, sparisjóði eða verðbréfafyrirtæki þar sem fleiri lána fé en þær stofnanir. Frændur vorir á Norðurlöndum hafa búið við almenna löggjöf um skuldabréf í langan tíma og væri þörf á að setja slík lög hér á landi þótt ekki sé ráðist í það nú með þessu frumvarpi. Verði frumvarpið að lögum geta

ábyrgðarmenn á auðveldan hátt áttað sig á efni þeirra ábyrgða sem krafist er. Einnig geta þeir gripið mun fyrr en nú er í taumana ef lántakandi stendur ekki við skuldbindingar sínar. Bitur reynsla undanfarinna ára hefur sannað að ábyrgðarmenn fjárskuldbindinga hafa brýna hagsmuni af því að þessi löggjöf nái fram að ganga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þetta ákvæði hefur að geyma þá meginreglu laganna að grundvöllur lánsviðskipta sé viðskiptatraust lántakanda. Ákvæðið nær til lánastofnana: banka, sparisjóða og verðbréfafyrirtækja. Lánastofnunum ber að gera greiðsluáætlanir og meta þær tryggingar sem lántakandi getur ábyrgst þannig að meginreglan sé sem áður sagði að lántakandi ábyrgist sjálfur lán sín.

Um 2. gr.

Þrátt fyrir meginreglu 1. gr. getur verið í ýmsum tilfellum að lánastofnun telji hvorki viðskiptatraust lántakanda né hans eigin tryggingar tryggja fjárskuldbindingu nægilega. Er helst að þetta komi til ef lántakandi er algerlega eignalaus, hefur slæmt viðskiptatraust og í öðrum ámóta tilfellum. Ef krafist er ábyrgðarmanna eiga þeir rétt á því að kynna sér þær forsendur sem eru fyrir lánveitingunni, þ.e. greiðsluáætlun lántakanda.

Um 3. gr.

Í 3. gr. er lögfest skylda lánveitenda til þess að upplýsa ábyrgðarmenn lántakenda um eðli þeirrar ábyrgðar sem gengist er undir hvert sinn og afleiðingar vanefnda. Upplýsingaskyldan nær aðeins til einstaklinga sem ganga persónulega í ábyrgðir fyrir aðra, en ekki til ábyrgða sem fyrirtæki veita. Lögin miða að því að gefa einstaklingum, sem ganga persónulega í ábyrgðir fyrir aðra, tækifæri til þess að meta réttarstöðu sína. Því má halda fram að þeim er veitir ábyrgð sína á skuldbindingum annarra ætti að vera fullkunnugt um efni slíkrar skuldbindingar. Ýmsir veita ábyrgðir vegna fjölskyldu eða vinatengsla og eiga af þeim orsökum erfitt með að neita lántakanda um ábyrgð. Á móti kemur að öll fræðsla almennings um þessi mál hefur verið mjög að skornum skammti. Húsnæðisstofnun ríkisins hefur reynt að vekja athygli fólks á þýðingu lánveða, en að öðru leyti hefur slík fræðsla verið nánast engin nú seinni ár. Telja má að of mikið sé gert úr vitneskju almennings um efni og eðli ábyrgða á fjárskuldbindingum. Lánveitandi hefur mikla hagsmuni af því að ábyrgðarmenn geti staðið við ábyrgðir sínar ef lántakandi getur ekki staðið við skuldbindingar sínar. Eðlilegt er því að gera þá kröfu til lánveitenda að þeir kynni ábyrgðarmönnum eðli og efni þeirra ábyrgða sem þeir krefjast og geri ábyrgðarmönnum það ljóst að hugsanlega þurfi þeir að standa við ábyrgð sína.

Ekki er gerð tilraun til þess að skilgreina hugtakið lánveitandi í lagatexanum. Almennt má þó líta svo á að sá sem veitir lán til eignar sé talinn lánveitandi. Lán til eignar nefnist það er maður lánar öðrum tegundarákveðna hluti gegn því að lántakandi greiði síðar sama fjölda sömu tegundar með sama verðgildi. Algengustu lán til eignar eru peningalán og ef greitt er endurgjald af láninu nefnist það vextir.

Ákvæði 3. gr. takmarkast ekki við þá sem veita lán til eignar því hugsanlegt er að sá sem leigir út hluti krefjist sjálfskuldarábyrgðar einhvers annars en lántakanda á skilum hlutarins, sbr. 2. málsl. 1. mgr. Í þeim málslið kemur einnig fram að sá sem öðlast rétt lánveitanda fyrir framsal þarf einnig að hlíta ákvæðum laganna, þar með talin 3. mgr. 4. gr. Oft mun lánveitandi taka við viðskiptabréfi úr hendi lántakanda. Viðskiptabréf eru öll

þau bréf sem ganga á milli manna í viðskiptum með sama hætti og eftir sömu reglum og skuldabréf. Ein helsta regla viðskiptabréfa er að bréfið stofnar rétt eftir hljóðan sinni og því kann framsalshafi að öðlast meiri rétt en framseljandi hafði. Sem dæmi má taka að sé skuldabréf selt án áritunar um innáborgun þótt hún hafi átt sér stað glatast sú mótbára skuldarans og hann verður að greiða framsalshafa fullt verð skuldabréfsins. Í samanburði á lokamálslið 1. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 4. gr. kemur fram mikilvæg undantekning á reglum um viðskiptabréf. Ef þess er ekki gætt að tilkynna ábyrgðarmanni um afleiðingar þess að gangast undir ábyrgð er ábyrgðarmaður laus undan ábyrgð sinni. Framseljandi gæti átt það á hættu að sá sem upphaflega eignaðist viðskiptabréfið og gerði kröfu um ábyrgðarmenn hafi ekki kynnt þeim efni ábyrgðarinnar. Þessi hætta er þó ekki mikil þar sem flest öll viðskiptabréf hafa staðlaðan texta í meginmáli en nánari ákvæði eru fyllt út af útgefenda. Búast má við að í slíkum stöðluðum textum viðskiptabréfa komi fram lýsing á þeim ábyrgðum sem krafist er, áhrifum vanefnda lántakanda og að lokum yfirlýsing ábyrgðarmanna um að þeir hafi kynnt sér réttarstöðu sína. Af þessari ástæðu er óhætt að láta mótbárur gagnvart gildi ábyrgðar, sbr. 3. mgr. 4. gr., ná líka til framsalshafa viðskiptabréfs sem getur séð af bréfinu hvort upplýsingaskyldu hafi verið fullnægt. Ekkert er því heldur til fyrirstöðu að tilkynna ábyrgðarmönnum um efni ábyrgðar við framsal og kanna viðbrögð þeirra.

Í 2. mgr. er kveðið á um skyldu lántakanda, sem fær annan mann til þess að ábyrgjast persónulega þær fjárhagsskuldbindingar sem hann tekst á hendur, til þess að veita ábyrgðarmanni sínum upplýsingar um fjárhagsstöðu sína á meðan hann er í ábyrgðum. Í 6. gr. er um samsvarandi skyldu lánveitanda að ræða. Er þessi skylda sett í lög til að gera þennan rétt ábyrgðarmanns ótvíræðan. Ábyrgðarmaður getur reynt að grípa í taumana áður en í fullkomið óefni er komið ef hann fylgist með fjárhagsstöðu lánveitanda. Ábyrgðarmaður er á móti bundinn þagnarskyldu um fjármál lántakanda.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. eru talin upp algengustu form viðskiptabréfa og þess krafist að í meginmáli þeirra komi fram upplýsingar um efni ábyrgðar og afleiðingar vanefnda. Ef um önnur form viðskiptabréfa en getur í 1. mgr. er að ræða eða ef ábyrgðar er krafist með öðrum hætti en á sér stað í viðskiptabréfum ber lánveitanda að kynna ábyrgðarmanni um efni ábyrgðarinnar á sannanlegan hátt, t.d. með því að láta ábyrgðarmann rita undir skjal þar sem upplýsingar um ábyrgðina koma fram. Upplýsingaskyldu, sbr. 1. mgr. 3. gr., telst fullnægt sé þessa gætt.

Til að auðvelda lánveitendum kynninguna, sbr. og 1. mgr. 3. gr., má gera ráð fyrir því að stöðluð form viðskiptabréfa, sem lánveitandi notar, séu með sérstökum texta um efni ábyrgðar og afleiðingar vanefnda lántakenda. Einnig má gera ráð fyrir að þeir sem selja stöðluð form viðskiptabréfa á almennum markaði felli slíkan texta inn í þau. Lánveitandi ber sönnunarbyrði fyrir því að efni ábyrgðar hafi verið kynnt ef slíkt má ekki sjá af texta viðskiptabréfsins.

Til þess að brýna mikilvægi þessarar upplýsingaskyldu lánveitenda er gert ráð fyrir því að vanræksla á því að sinna skyldunni hafi alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir lánveitendur. Gert er ráð fyrir því að þriðji maður, sem er ábyrgðarmaður, þurfi ekki að standa við ábyrgðir sínar ef honum hafa ekki verið kynnt efni þeirra. Í staðlaðan texta viðskiptabréfa yrði væntanlega sett yfirlýsing ábyrgðarmanns um að hann hafi kynnt sér þær upplýsingar sem fram koma í texta bréfsins.

Um 5. gr.

Eðlilegt virðist að leggja þá skyldu á lánveitendur að tilkynna ábyrgðarmönnum á sannanlegan hátt um vanskil lántakanda tíu dögum eftir að vanskil verða á greiðslum hans. Iðulega fá ábyrgðarmenn ekki að vita um vanefndir fyrr en kostnaðarsamar innheimtuaðgerðir eru hafnar og lánsupphæð hefur öll verið gjaldfelld. Ábyrgðarmanni kann þá að vera ofviða að grípa í taumana en hugsanlega hefði hann getað staðið við ábyrgð sína á fyrri stigum. Hér er því um veigamikla réttarbót að ræða fyrir ábyrgðarmenn. Ef ekki næst í ábyrgðarmenn vegna þess að ókunnugt er um heimilisfang þeirra er nægilegt að birta eina tilkynningu í Lögbirtingablaðinu. Lántakandi gæti hugsanlega bakað sér skaðabótaskyldu ef ábyrgðarmaður fær ekki tilkynningu.

Um 6. gr.

Ábyrgðarmaður hefur ótvíræða hagsmuni af því að eiga greiðan aðgang að upplýsingum um þær lánveitingar sem hann gengur í ábyrgð fyrir, jafnframt að öllum upplýsingum sem lánveitandi hefur um fjárhag lántakanda. Hér er lagt til að réttur ábyrgðarmanns til upplýsingaöflunar verði lögfestur. Lántakanda er gert skylt í 2. mgr. 3. gr. að hlíta þessari skyldu lánveitandans til upplýsinga. Á móti er krafist þagnarskyldu af ábyrgðarmanni.

Í 20. og 21. gr. laga um um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20/1923, er kveðið á um að þeim sem er í hjúskap beri að afla sér samþykkis maka fyrir veðsetningu fasteignar sem jafnframt er heimili fjölskyldunnar og muna sem notast til heimilisins. Hins vegar getur maki óhindrað gengist undir sjálfskuldarábyrgð þar sem ábyrgðin nær til allra eigna hans. Með ákvæðinu er sett undir þennan leka. Jafnframt er lagt til að ofangreindar reglur laga um réttindi og skyldur hjóna gildi einnig um sambúðarfólk þar sem sömu rök eiga við um að sambúðaraðili þurfi að afla samþykkis sambúðaraðila síns áður en fasteign fjölskyldunnar er veðsett.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

216. Frumvarp til laga [173. mál]

um Siglingastofnun Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

Yfirstjórn.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn siglinga-, hafna- og vitamála, nema annað sé ákveðið í öðrum lögum.

2. gr.

Siglingastofnun Íslands.

Siglingastofnun Íslands fer með framkvæmd siglinga-, hafna- og vitamála á þann hátt sem ákveðið er í lögum þessum og öðrum lögum sem um þau mál fjalla.

Forstjóri Siglingastofnunar Íslands skal að fenginni umsögn hafnaráðs og siglingaráðs skipaður af samgönguráðherra.

Samgönguráðherra ræður framkvæmdastjóra deilda að fengnum tillögum forstjóra, en forstjóri ræður annað starfsfólk Siglingastofnunar Íslands.

3. gr.

Verkefni Siglingastofnunar Íslands.

Verkefni Siglingastofnunar Íslands eru:

1. Að annast þátt ríkisins í framkvæmd hafnalaga.
2. Að hafa umsjón með ríkisstyrktum framkvæmdum við sjóvarnargarða og lendingarbætur.
3. Að annast framkvæmd laga um eftirlit með skipum, laga um mælingu skipa og laga um skráningu skipa.
4. Að annast framkvæmd laga um vitamál, laga um leiðsögu skipa og laga um kafarastörf.
5. Að annast mál er varða lög og varnir gegn mengun sjávar og reglugerðir samkvæmt þeim að því leyti sem þau varða skip og búnað þeirra samkvæmt reglum sem umhverfisráðherra setur.
6. Að annast samstarf við alþjóðastofnanir og framkvæmd alþjóðasamþykkta sem Ísland er aðili að og varða siglinga-, hafna- og vitamál.
7. Að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um mál sem eru í verkahring stofnunarinnar.

Samgönguráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um hlutverk og starfshætti Siglingastofnunar Íslands og einstök verkefni hennar.

4. gr.

Hafnaráð.

Samgönguráðherra skipar hafnaráð sér til ráðuneytis um hafnamál. Í hafnaráði skulu eiga sæti fimm fulltrúar og jafnmargir varamenn. Þar af skulu tveir tilnefndir af Hafnasambandi sveitarfélaga til fjögurra ára í senn. Þrír fulltrúar skulu skipaðir án tilnefningar og skal einn þeirra vera starfsmaður samgönguráðuneytis og skal hann jafnframt vera formaður ráðsins og skipaður til fjögurra ára í senn. Tvo fulltrúa samgönguráðherra skal skipa að loknum alþingskosningum. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

5. gr.

Verkefni hafnaráðs.

Hafnaráð skal vera ráðgefandi aðili fyrir ráðherra og forstjóra Siglingastofnunar í hafnamálum. Hafnaráð skal fjalla um breytingar á lögum og reglum er varða hafnamál og framkvæmdaáætlanir fyrir einstök ár og til lengri tíma, svo og fjármál hafna, þar á meðal gjaldskrárbreytingar.

Forstjóri Siglingastofnunar Íslands situr fundi ráðsins, með málfrelsi og tillögurétti, ásamt þeim starfsmönnum stofnunarinnar sem hann telur ástæðu til eða ráðið óskar eftir. Skal hann leggja þar fyrir þau mál sem falla undir verksvið ráðsins samkvæmt framansögðu eða ráðið óskar eftir.

6. gr.

Siglingaráð.

Samgönguráðherra skipar siglingaráð sér til ráðuneytis um siglinga- og vitamál. Í siglingaráði skulu eiga sæti ellefu fulltrúar og jafnmargir varamenn. Þar af skulu þrír fulltrúar skipaðir án tilnefningar og skal einn þeirra vera starfsmaður samgönguráðu-

neytis og er hann jafnframt formaður ráðsins og skipaður til fjögurra ára í senn. Tvo fulltrúa samgönguráðherra skal skipa að loknum alþingiskosningum. Átta fulltrúar skulu skipaðir til allt að fjögurra ára samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila sem tilnefna einn fulltrúa hver: Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Málmur, samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Landssamband smábátaeigenda, Samband íslenskra kaupskipaútgerða, Sjómannasamband Íslands, Slysavarnafélag Íslands og Vélstjórafélag Íslands. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

7. gr.

Verkefni siglingaráðs.

Siglingaráð skal vera ráðgefandi aðili fyrir ráðherra og forstjóra Siglingastofnunar Íslands í siglinga- og vitamálum. Siglingaráð skal fjalla um breytingar á lögum og reglum er varða siglinga- og vitamál.

Siglingaráð skal fjalla um öryggismál skipa og sjófarenda, svo og meiri háttar endurbætur og breytingar vitakerfisins. Forstjóri Siglingastofnunar Íslands situr fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétti ásamt þeim starfsmönnum stofnunarinnar sem hann telur ástæðu til eða ráðið óskar eftir. Skal hann leggja þar fyrir þau mál sem falla undir verksvið ráðsins samkvæmt framansögðu eða ráðið óskar eftir.

8. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um Siglingamálastofnun ríkisins, nr. 20/1986, með síðari breytingum, og 2.–6. gr. hafnalaga, nr. 23/1994.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í september 1993 skipaði samgönguráðherra nefnd er m.a. skyldi kanna möguleika Vita- og hafnamálastofnunar annars vegar og Siglingamálastofnunar ríkisins hins vegar á samnýtingu mannafla og aðstöðu eða sameiningu þessara stofnana í eina stofnun. Nefndarmenn voru Guðjón Guðmundsson alþingismaður sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Jón Birgir Jónsson ráðuneytisstjóri, Hermann Guðjónsson vita- og hafnamálastjóri, Benedikt Guðmundsson siglingamálastjóri og Benedikt Jóhannesson stærðfræðingur. Nefndin skilaði greinargerð til samgönguráðherra í janúar 1994.

Í framhaldi af störfum nefndarinnar hófst vinna við endurskoðun á starfsemi Siglingamálastofnunar ríkisins annars vegar og Vita- og hafnamálastofnunar hins vegar þar sem talið var að ná mætti fram verulegri hagræðingu í rekstri þeirra. Umsjón með verkefnum höfðu Benedikt Jóhannesson stærðfræðingur, Agnar Kofoed-Hansen rekstrarverkfræðingur og Sigurður G. Ringsted skipaverkfræðingur. Lögð var meiri áhersla á að hraða vinnunni hjá Vita- og hafnamálastofnun og hefur ýmsum umbótaverkefnum verið hrint í framkvæmd. Árangur þessarar vinnu er þegar farinn að sjást. Vinna við endurskipulagningu hjá Siglingamálastofnun ríkisins er langt komin. Lokið er vinnu við framtíðarsýn og stefnumótun og liggur fyrir greinargerð þar um ásamt skilgreiningu á þeim umbótaverkefnum sem hrinda þarf í framkvæmd.

Nú er því heppilegur tími til að sameina þessar stofnanir í eina stofnun, Siglingastofnun Íslands. Sú reynsla, sem fengist hefur hjá Vita- og hafnamálastofnun, ásamt þeirri vinnu sem lokið er fyrir Siglingamálastofnun ríkisins, kemur að góðum notum við mótun stefnu og framtíðarsýnar sameinaðrar stofnunar.

Starfsemi Siglingamálastofnunar ríkisins og Vita- og hafnamálastofnunar er nátengd þar sem báðar stofnanirnar fást við verkefni tengd siglingum, skipaflotanum og öryggi sjófarenda. Framkvæmd samgöngumála í lofti er í umsjón flugmálastjórnar, framkvæmd samgöngumála á landi er í umsjón Vegagerðarinnar og framkvæmd fjarskiptamála er í umsjón Póst- og símamálastofnunar og Fjarskiptaeftirlits ríkisins. Með sameiningu Siglingamálastofnunar ríkisins og Vita- og hafnamálastofnunar í eina stofnun, Siglingastofnun Íslands, verður framkvæmd samgöngumála á sjó í umsjón einnar stofnunar.

Langtímamarkmið með sameiningunni er hagræðing og sparnaður í rekstri samhliða markvissri þjónustu við viðskiptavini stofnunarinnar. Sameinuð stofnun hefur meira bolmagn til að hafa í þjónustu sinni þá sérhæfðu starfsmenn sem þörf er á hverju sinni og stuðlar að betra upplýsingastreymi ásamt bættri nýtingu mannafla og aðstöðu. Sameiningin mun þannig nýtast bæði ríkinu og viðskiptavinum stofnananna.

Siglingamálastofnun ríkisins safnar upplýsingum um sjóslys og Vita- og hafnamálastofnun hefur umsjón með hönnun innsiglinga og innsiglingamerkja. Mörg sjóslys verða í og við innsiglingar í hafnir. Sameining stuðlar að gerð öruggari hafnarmannvirkja.

Vita- og hafnamálastofnun hefur unnið að rannsóknum á öldulagi á hafinu kringum landið og safnað upplýsingum í nærri tvo áratugi. Til að auka öryggi sjófarenda og auðvelda sjósókn hefur verið komið upp upplýsingakerfi með upphringingabúnaði um veður og sjólag, þar sem 12 veðurstöðvar í vitum og á annesjum senda upplýsingar um veður og 6–7 ölduduflsem gefa upp ölduhæð og öldulengd. Í samvinnu við aðila á Norðurlöndum er unnið að rannsóknum á hreyfingum skipa í höfnum. Niðurstöður þessara rannsókna eru notaðar við hönnun hafna og geta nýst við gerð reglna um búnað skipa.

Vita- og hafnamálastofnun gerir áætlanir um uppbyggingu hafna. Siglingamálastofnun ríkisins heldur skrá yfir skipaflotann og fylgist með þróun hans. Við hönnun og áætlanagerð um uppbyggingu hafna er mikilvægt að hafa góðar upplýsingar um skipaflotann og áætlaðar breytingar á honum.

Vita- og hafnamálastofnun hefur enga fasta starfsmenn á landsbyggðinni nema vitaverði en þeim fer stöðugt fækkandi. Siglingamálastofnun ríkisins hefur starfsmenn víða á landinu til eftirlits- og skoðunarstarfa. Með sameiningu geta þessir starfsmenn komið inn í eftirlit með framkvæmdum á sviði Vita- og hafnamálastofnunar, framkvæmt fyrstu skoðun og metið tjón ef óhöpp verða í höfnum og haft umsjón með viðhaldi fasteigna vitanna og rekstri þeirra.

Samskipti við ýmsar alþjóðastofnanir eru sífellt að aukast og með aukinni þátttöku í alþjóðlegu samstarfi og tilheyrandi skuldbindingum er mikilvægt að koma sjónarmiðum á framfæri til að hafa áhrif á setningu þeirra laga og reglugerða sem gengist er undir. Siglingamálastofnun ríkisins sér um samskipti við Alþjóðasiglingamálastofnunina (International Maritime Organization) önnur en þau mál sem lúta að mengun hafsins sem Hollustuvernd ríkisins sér um.

Vita- og hafnamálastofnun er aðili að IALA (International Association of Lighthouse Authorities) sem eru alþjóðleg samtök vitastofnana og annarra aðila er tengjast vitarekstri. IALA vinnur staðla fyrir radiovita, radarsvara, leiðréttingarsendingar fyrir GPS, ljósvita, baujur o.s.frv. Náið samstarf er á milli IMO og IALA. Sameining leiðir til sparnaðar og gerir alþjóðleg samskipti um siglingamál og öryggi sjófarenda markvissari.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um að samgönguráðherra fari með yfirstjórn siglinga-, hafna- og vitamála, nema annað sé ákveðið í öðrum lögum.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um að Siglingastofnun Íslands fari með framkvæmd siglinga-, hafna og vitamála á þann hátt sem ákveðið er í lögum þessum og öðrum lögum sem um þau mál fjalla. Í því efni er fyrst og fremst um að ræða hafnalög, lög um vitamál og lög um eftirlit með skipum.

Í 2. mgr. er kveðið á um að forstjóri Siglingastofnunar Íslands skuli skipaður af samgönguráðherra að fengnum umsögnum hafna- og siglingaráðs. Í 3. mgr. er miðað við að framkvæmdastjórar einstakra deilda séu ráðnir af samgönguráðherra að fengnum tillögum forstjóra, en annað starfsfólk ráði forstjóri. Gert er ráð fyrir að samgönguráðuneytið setji stofnuninni skipurit yfir starfsemi hennar.

Um 3. gr.

Hér eru talin upp verkefni Siglingastofnunar Íslands og er miðað við að þau verði þau sömu og eru nú á höndum Siglingamálastofnunar ríkisins, Hafnamálastofnunar ríkisins og Vitastofnunar Íslands.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að hafnaráð verði samgönguráðherra til ráðuneytis um hafnamál. Skipan hafnaráðs verður með sama hætti og nú er kveðið á um í 2. gr. hafnalaga, nr. 23/1994.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að verkefni hafnaráðs verði þau sömu og nú er kveðið á um í 3. gr. hafnalaga, nr. 23/1994.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir að siglingaráð verði samgönguráðherra til ráðuneytis um siglinga- og vitamál. Vitanefnd, sem starfar samkvæmt lögum um vitamál, nr. 56/1981, verður því lögð niður og siglingaráð tekur við hlutverki hennar. Allir þeir aðilar sem hafa átt fulltrúa í vitanefnd hafa einnig átt fulltrúa í siglingaráði. Fulltrúar í siglingamálaráði eru nú níu og hér er miðað við að sömu aðilar tilnefni fulltrúa í siglingaráð og að samgönguráðherra skipi þrjá án tilnefningar í stað tveggja áður.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir að verkefni siglingaráðs verði þau sömu og nú er kveðið á um í 5. gr. laga um Siglingamálastofnun ríkisins, nr. 20/1986, auk þeirra verkefna sem vitanefnd eru nú falin með lögum um vitamál, nr. 56/1981, með síðari breytingum.

Um. 8. gr.

Miðað er við að lög þessi taki þegar gildi og að þau leysi af hólmi lög um Siglingamálastofnun ríkisins og 2.–6. gr. hafnalaga frá sama tíma. Þá fylgir frumvarpi þessu fylgifrumvarp þar sem ýmsum sérlögum er breytt með hliðsjón af þeim breytingum sem þetta frumvarp, verði það að lögum, hefur í för með sér.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Siglingastofnun Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að Siglingamálastofnun ríkisins og Vita- og hafnamálastofnun verði sameinaðar í eina stofnun, Siglingastofnun Íslands. Í fylgifrumvarpi eru gerðar nauðsynlegar breytingar á ýmsum lögum vegna þessarar sameiningar.

Samkvæmt upplýsingum frá samgönguráðuneyti er gert ráð fyrir að almenn rekstrarútgjöld minnki um 10 m.kr. á ári í kjölfar sameiningar þessara stofnana. Kostnaðarlækkun skýrist að mestu leyti af minna mannahaldi við yfirstjórn. Ætla má að biðlaunagreiðslur nemi um 7 m.kr. á ári í kjölfar sameiningar þessara stofnana. Kostnaðarlækkun skýrist að mestu leyti af minna mannahaldi við yfirstjórn.

Þá er gert ráð fyrir að Siglingamálastofnun ríkisins flytji úr núverandi leiguhúsnæði í nýtt húsnæði hjá Vita- og hafnamálastofnun í Kópavogi. Leigugjöld stofnunarinnar eru nú um 7 m.kr. á ári. Sá leigusamningur er bundinn til ársins 2002 svo að leita þarf uppsagnar á honum. Nauðsynlegt verður að stækka húsnæði Vita- og hafnamálastofnunar í Kópavogi vegna flutnings þessarar starfsemi. Kostnaður af því er áætlaður um 40 m.kr. og fellur hann til á fyrsta ári.

Þannig má gera ráð fyrir að sameining þessara stofnana komi til með að minnka útgjöld um allt að 14–15 m.kr. á ári en að viðbótarkostnaður verði samtals um 47 m.kr. á fyrsta ári.

217. Frumvarp til laga [174. mál]

um breytingar á ýmsum lögum vegna sameiningar Vitastofnunar Íslands, Hafnamálastofnunar ríkisins og Siglingamálastofnunar ríkisins í Siglingastofnun Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

I. KAFLI

Breytingar á hafnalögum, nr. 23/1994.

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Um yfirstjórn hafnamála fer eftir lögum um Siglingastofnun Íslands.

2. gr.

2.–6. gr. laganna falla brott og breytist greinatala í lögunum til samræmis við það.

3. gr.

Í stað orðsins „Hafnamálastofnun“ í 15. gr., 1. mgr. 18. gr., 20. gr., 2. og 3. mgr. 22. gr., 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 29. gr. laganna kemur: Siglingastofnun Íslands.

Í stað orðsins „Hafnamálastofnuninni“ í 2. og 3. mgr. 16. gr., 2. mgr. 17. gr. og 2. mgr. 29. gr. laganna kemur: Siglingastofnun.

Í stað orðanna „Hafnamálastofnunar ríkisins“ í 1. mgr. í 22. gr. og 36. gr. laganna kemur: Siglingastofnunar Íslands.

Í stað orðsins „Hafnamálastofnunar“ í 2. mgr. 22. gr., 3. og 4. tölul. 1. mgr. 24. gr. og 1. mgr. 33. gr. laganna kemur: Siglingastofnunar.

Í stað orðsins „hafnamálastjóra“ í 3. mgr. 24. gr., 3. tölul. 1. mgr. 25. gr., laganna kemur: forstjóra Siglingastofnunar Íslands.

Í stað orðsins „hafnamálastjóri“ í 1. og 2. mgr. 5. gr. og 4. mgr. 29. gr. laganna kemur: forstjóri Siglingastofnunar Íslands.

II. KAFLI

Breytingar á lögum um vitamál, nr. 56/1981, með síðari breytingum.

4. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Um yfirstjórn vitamála fer eftir lögum um Siglingastofnun Íslands.

5. gr.

2.–6. gr. laganna fellur brott og breytist greinatala í lögunum til samræmis við það.

6. gr.

Í stað orðanna „Vitastofnun Íslands“ í 5., 6., 7. og 8. mgr. 7. gr., 8. gr., 1. og 3. mgr. 13. gr., 3. mgr. 14. gr. og 15. gr. laganna kemur: Siglingastofnun Íslands.

Í stað orðsins „Vitastofnunar Íslands“ í 5. og 7. mgr. 7. gr., 10. gr., 3. mgr. 13. gr. og 1. og 2. mgr. 14. gr. laganna kemur: Siglingastofnunar Íslands.

Í stað orðsins „Vitastofnunin“ í 6. mgr. 7. gr. laganna kemur: Siglingastofnunin.

Í stað orðsins „Vitastofnunar“ í 7. mgr. 7. gr. laganna kemur: Siglingastofnunar.

7. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð til nánari skýringa á lögum þessum.

III. KAFLI

Breytingar á lögum um leiðsögu skipa, nr. 34/1993, með síðari breytingum.

8. gr.

Í stað orðanna „Vitastofnun Íslands“ í 1. gr. og 1. og 4. mgr. 3. gr. laganna kemur: Siglingastofnun Íslands.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: Siglingastofnun Íslands.

IV. KAFLI
Breytingar á lögum um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum.

9. gr.

Í stað orðsins „Siglingamálastofnunar“ í 1. mgr. 6. gr., 1. mgr. 7. gr., 2. mgr. 10. gr., 4. mgr. 15. gr., 1. mgr. 17. gr., 2., 4. og 5. mgr. 18. gr., 19. gr., 20. gr. og 22. gr. laganna kemur: Siglingastofnunar.

Í stað orðsins „Siglingamálastofnun“ í 1. mgr. 6. gr., 2. mgr. 11. gr., 2. og 3. tölul. 1. mgr. 12. gr., 3. mgr. 15. gr., 3. og 6. mgr. 18. gr., 3. mgr. 26. gr. og 3. mgr. 28. gr. laganna kemur: Siglingastofnun.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ í 1. mgr. 6. gr., 2. mgr. 13. gr., 2. mgr. 17. gr., 1. mgr. 18. gr. og 1. mgr. 28. gr. laganna kemur: Siglingastofnun Íslands.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnunar ríkisins“ í 1. mgr. 7. gr., 2. tölul. 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: Siglingastofnunar Íslands.

10. gr.

Í stað orðsins „siglingamálastjóri“ í 1. mgr. 8. gr., 1. mgr. 14. gr., 1. mgr. 15. gr., 1. mgr. 21. gr. laganna kemur: forstjóri Siglingastofnunar Íslands.

Í stað orðsins „siglingamálastjóra“ í 1. málsl. 2. mgr. 10. gr., 1. mgr. 15. gr. og 2. mgr. 26. gr. laganna kemur: forstjóra Siglingastofnunar Íslands.

Í stað orðsins „Siglingamálastjóra“ í 2. málsl. 2. mgr. 10. gr. og 2. málsl. 2. mgr. 11. gr. laganna kemur: Forstjóra Siglingastofnunar Íslands.

Í stað orðsins „Siglingamálastjóri“ í 1. mgr. 21. gr. laganna kemur: Forstjóri Siglingastofnunar Íslands.

V. KAFLI
Breytingar á lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum.

11. gr.

Í stað orðsins „Siglingamálastjóri“ í 2. mgr. 3. gr., 2. mgr. 5. gr., 3. og 6. mgr. 6. gr., 7. gr. og 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: Forstjóri Siglingastofnunar Íslands.

Í stað orðsins „Siglingamálastjóra“ í 2. mgr. 19. gr. laganna kemur: Forstjóra Siglingastofnunar Íslands.

Í stað orðsins „Siglingamálastofnun“ í 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: Siglingastofnun.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: Siglingastofnun Íslands.

Í stað orðsins „Siglingamálastofnunin“ í 2. mgr. 5. gr., 5. mgr. 6. gr., 1.–3. mgr. 13. gr., 16. gr. og 17. gr. laganna kemur: Siglingastofnun Íslands.

12. gr.

Í stað orðsins „Siglingamálastofnuninni“ í 1. og 2. mgr. 6. gr., 4. mgr. 9. gr., 2. mgr. 10. gr., 1. og 2. mgr. 12. gr., 1. mgr. 13. gr., 14. gr. og 3. mgr. 15. gr. laganna kemur: Siglingastofnuninni.

Í stað orðsins „siglingamálastjóra“ í 6. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 18. gr. laganna kemur: forstjóra Siglingastofnunar Íslands.

Í stað orðsins „siglingamálastjóri“ í 2. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 18. gr. laganna kemur: forstjóri Siglingastofnunar Íslands.

Í stað orðsins „Siglingamálastofnunarinnar“ í 1. mgr. 23. gr. laganna kemur: Siglingastofnunarinnar.

VI. KAFLI
Breytingar á lögum um skipamælingar, nr. 50/1970, með síðari breytingum.

13. gr.

Í stað orðsins „siglingamálastjóra“ í 3. mgr. 2. gr., 4. gr. og 15. gr. laganna kemur: forstjóra Siglingastofnunar Íslands.

Í stað orðsins „siglingamálastjóri“ í 4. og 8. gr. laganna kemur: forstjóri Siglingastofnunar Íslands.

Í stað orðsins „Siglingamálastjóri“ í 9. gr. laganna kemur: Forstjóri Siglingastofnunar Íslands.

VII. KAFLI
Breytingar á lögum um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986, með síðari breytingum.

14. gr.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnunar ríkisins“ í 2. og 3. mgr. 10. gr., 1. mgr. 13. gr., 1. mgr. 14. gr., 22. gr. og 24. gr. laganna kemur: Siglingastofnunar Íslands.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ í 17., 18., 20. og 21. gr. laganna kemur: Siglingastofnun Íslands.

Í 17. gr. falla brott orðin „og Hafnamálastofnun ríkisins“.

VIII. KAFLI
Breytingar á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

15. gr.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ í 1.–4. mgr. 220. gr., 2. mgr. 221. gr., 222. gr., 223. gr. og 5.–8. mgr. 226. gr. laganna kemur: Siglingastofnun Íslands.

Í stað orðsins „Siglingamálastofnun“ í 3. mgr. 227. gr. og 228. gr. laganna kemur: Siglingastofnun.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnunar ríkisins“ í 4. mgr. 230. gr. laganna kemur: Siglingastofnun Íslands.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um Siglingastofnun Íslands. Með þessu frumvarpi er ákvæðum ýmissa sérlaga breytt með hliðsjón af þeim breytingum sem frumvarp til laga um Siglingastofnun Íslands hefur í för með sér verði það að lögum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er miðað við að um yfirstjórn hafnamála fari eftir lögum um Siglingastofnun Íslands. Í 1. gr. frumvarps til laga um Siglingastofnun Íslands er miðað við að samgönguráðherra fari með yfirstjórn hafnamála, nema annað sé ákveðið í öðrum lögum. Er það í samræmi við 1. gr. hafnalaga, nr. 23/1994.

Um 2. gr.

Hér er miðað við að 2.–6. gr. hafnalaga, nr. 23/1994, falli brott og að greinatala laganna breytist til samræmis við það. 2. og 3. gr. laganna kveður á um skipun og verkefni hafnaráðs, en í frumvarpi til laga um Siglingastofnun Íslands er kveðið á um þetta í 4. og 5. gr.

Um 3. gr.

Hér er breytt heitum stofnana í hafnalögum, þ.e. í stað Hafnamálastofnunar kemur Siglingastofnun Íslands.

Um 4. gr.

Hér er miðað við að um yfirstjórn vitamála fari eftir lögum um Siglingastofnun Íslands. Í 1. gr. frumvarps til laga um Siglingastofnun Íslands er miðað við að samgönguráðherra fari með yfirstjórn vitamála, nema annað sé ákveðið í öðrum lögum. Er það í samræmi við 1. gr. laga um vitamál, nr. 56/1981.

Um 5. gr.

Hér er miðað við að 2.–6. gr. laga um vitamál, nr. 56/1981, falli brott og að greinatala laganna breytist til samræmis við það. 2. og 3. gr. laganna kveður á um verkefni Vitastofnunar Íslands, en í frumvarpi til laga um Siglingastofnun Íslands er kveðið á um verkefni Siglingastofnunar Íslands í 2. gr. Þar er byggt á því að Siglingastofnun Íslands hafi þau verkefni með höndum sem Vitastofnun Íslands hefur annast. Í 4.–6. gr. laga um vitamál er fjallað um vitanefnd og verkefni hennar. Gert er ráð fyrir að vitanefnd verði lögð niður og siglingaráð taki við verkefnum hennar, sbr. 6. gr. frumvarps til laga um Siglingastofnun Íslands.

Um 6. gr.

Hér er breytt heitum stofnana í lögum um vitamál, þ.e. í stað Vitastofnunar Íslands og Siglingamálastofnunar ríkisins kemur Siglingastofnun Íslands.

Um 7. gr.

Hér er miðað við að samgönguráðherra geti sett reglugerð um frekari útfærslu á lögum um vitamál, nr. 56/1981, með síðari breytingum.

Um 8. gr.

Hér er breytt heitum stofnana í lögum um leiðsögu skipa, nr. 34/1993, þ.e. í stað Vitastofnunar Íslands og Siglingamálastofnunar ríkisins kemur Siglingastofnun Íslands. Í 3. gr. frumvarps til laga um Siglingastofnun Íslands er byggt á því að stofnunin annist framkvæmd laga um leiðsögu skipa.

Um 9. gr.

Hér er breytt heitum stofnana í lögum um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, þ.e. í stað Siglingamálastofnunar ríkisins kemur Siglingastofnun Íslands. Í frumvarpi til laga um Siglingastofnun Íslands er kveðið á um verkefni Siglingastofnunar Íslands í 3. gr. Þar er byggt á því að Siglingastofnun Íslands hafi þau verkefni með höndum sem Siglingamálastofnun ríkisins annast nú.

Um 10. gr.

Hér er breytt nafni yfirmanns stofnana þegar þeirra er getið í lögum um eftirlit með skipum, þ.e. í stað siglingamálastjóra kemur forstjóri Siglingastofnunar Íslands.

Um 11. gr.

Hér er breytt heitum stofnana í lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, þ.e. í stað Siglingamálastofnunar ríkisins kemur Siglingastofnun Íslands. Í frumvarpi til laga um Siglingastofnun Íslands er kveðið á um verkefni Siglingastofnunar Íslands í 3. gr. Þar er byggt á því að Siglingastofnun Íslands hafi þau verkefni með höndum sem Siglingamálastofnun ríkisins annast nú.

Þá er jafnframt breytt nafni yfirmanns stofnana þegar þeirra er getið í lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, þ.e. í stað siglingamálastjóra kemur forstjóri Siglingastofnunar Íslands.

Um 12. gr.

Um greinina vísast til athugasemda við 11. gr.

Um 13. gr.

Hér er breytt heiti yfirmanns stofnana þegar þeirra er getið í lögum um skipamælingar, nr. 50/1970, þ.e. í stað siglingamálastjóra kemur forstjóri Siglingastofnunar Íslands.

Um 14. gr.

Hér er breytt heitum stofnana í lögum um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986, þ.e. í stað Siglingamálastofnunar ríkisins kemur Siglingastofnun Íslands. Í frumvarpi til laga um Siglingastofnun Íslands er kveðið á um verkefni Siglingastofnunar Íslands í 3. gr. Þar er byggt á því að Siglingastofnun Íslands hafi þau verkefni með höndum sem Siglingamálastofnun ríkisins annast nú.

Um 15. gr.

Hér er breytt heitum stofnana í siglingalögum, nr. 34/1985, þ.e. í stað Siglingamálastofnunar ríkisins kemur Siglingastofnun Íslands. Í frumvarpi til laga um Siglingastofnun Íslands er kveðið á um verkefni Siglingastofnunar Íslands í 3. gr. Þar er byggt á því að Siglingastofnun Íslands hafi þau verkefni með höndum sem Siglingamálastofnun ríkisins annast nú.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

218. Fyrirspurn [175. mál]

til samgönguráðherra um veg milli Þorlákshafnar og Grindavíkur.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Er fyrirhugað að koma greiðfærum vegi milli Þorlákshafnar og Grindavíkur á vegáætlun á næstunni?

219. Fyrirspurn [176. mál]

til fjármálaráðherra um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

Hvernig miðar vinnu við „breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem tryggi öllum þeim kennurum og skólastjórnendum við grunnskóla, sem rétt hafa átt til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, aðild að sjóðnum“ eins og segir orðrétt í 57. gr. laga um grunnskóla, nr. 66/1995?

220. Fyrirspurn [177. mál]

til viðskiptaráðherra um einkahlutafélög.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve mörg hlutafélög og einkahlutafélög hafa verið skráð frá því lög um einkahlutafélög tóku gildi 1. janúar 1995 og hvernig skiptast þau eftir starfsgreinum?
2. Hve mörgum hlutafélögum og sameignarfélögum hefur verið breytt í einkahlutafélög frá því lög um einkahlutafélög tóku gildi og hvernig skiptast þau eftir starfsgreinum?
3. Hvert er skattalegt hagræði þess að sjálfstæðir atvinnurekendur stofni til einkahlutafélags um rekstur sinn, svo sem varðandi tekjuskatt og eignarskatt og mat á hlunnindum?

Skriflegt svar óskast.

221. Fyrirspurn [178. mál]

til samgönguráðherra um lagningu ljósleiðara um Snæfellsnes.

Frá Gísla S. Einarssyni.

Hvenær er fyrirhugað að leggja ljósleiðara um Snæfellsnes?

222. Nefndarálit [31. mál]

um till. til þál. um mótmæli við kjarnorkutilraunum Frakka og Kínverja.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og er samstaða innan hennar um að leggja til að Alþingi ítreki mótmæli íslenskra stjórnvalda við kjarnorkutilraunum Frakka og Kínverja. Í flestum ríkjum heims hafa stjórnvöld og almenningur lýst yfir vonbrigðum með tilraunasprengingar Frakka og Kínverja og mótmælt þeim harðlega. Þau mótmæli hafa verið höfð að engu til þessa og í þessari viku sprengdu Frakkar fjórðu tilraunasprengju sína.

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti nýlega með 95 atkvæðum gegn 12 að fordæma tilraunirnar. Þá sátu 45 ríki hjá við atkvæðagreiðsluna. Ísland greiddi atkvæði með tillögunni.

Á þingi Alþjóðaþingmannasambandsins í Búkarest í október sl. var samþykkt harðorð ályktun gegn kjarnavopnatilraunum þessara ríkja og naut hún yfirgnæfandi stuðnings þingmanna alls staðar að úr heiminum, að undanskildum þeim ríkjum sem að undanförnu hafa staðið fyrir slíkum tilraunum. Ljóst er því að um allan heim er víðtæk andstaða gegn tilraununum.

Á ráðstefnu um bannsamninginn gegn dreifingu kjarnavopna, sem fram fór fyrr á þessu ári, var mælst til þess að kjarnavopnaveldin gerðu sitt ýtrasta til að forðast tilraunir með kjarnavopn. Því er ekki unnt annað en að líta á tilraunasprengingarnar sem afturför, enda gætu þær torveldað viðræðurnar um samning um algjört bann við kjarnasprengingum í tilraunaskyni sem nú standa yfir í Genf. Alvarlegast er þó að tilraunir sem þessar geta stofnað heilsu manna og umhverfi í hættu á viðkomandi tilraunasvæði.

Nefndin leggur því til að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að ítreka mótmæli íslenskra stjórnvalda við tilraunum Frakka og Kínverja með kjarnavopn. Alþingi felur ríkisstjórninni að halda áfram að beita sér fyrir og styðja aðgerðir á alþjóðavettvangi sem þrýsta á frönsk og kínversk stjórnvöld að breyta um stefnu og hætta við frekari kjarnorkuvopnatilraunir.

Alþingi, 22. nóv. 1995.

Geir H. Haarde, form.	Össur Skarphéðinsson, frsm.	Ólafur Ragnar Grímsson.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Siv Friðleifsdóttir.	Árni M. Mathiesen.
Ólafur Örn Haraldsson.	Tómas Ingi Olrich.	Vilhjálmur Egilsson.

223. Tillaga til þingsályktunar [179. mál]

um verndun jarðhitasvæðisins við Geysi í Haukadal.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Árni Johnsen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að:

a. stefna að því að allt að sjö ferkílómetra jarðhitasvæði við Geysi í Haukadal verði óskiptur eignarhluti ríkisins,
b. skipuleggja rannsókn á jarðhitasvæði Geysis undir umsjón Náttúruverndarráðs og veita sérstaka fjárveitingu til þessa verkefnis,
c. veitt verði sérstök fjárveiting til lagfæringar og uppbyggingar svæðisins með tilliti til ferðamanna,
d. nú þegar verði lagt bann við frekari borunum eða öðru jarðraski á Geysissvæðinu eða í námunda við það nema að undangengnum rannsóknum og þá í samráði við Náttúruverndarráð.

Greinargerð.

Jarðhitasvæðið sem kennt er við Geysi í Haukadal er án efa eitt frægasta jarðhitasvæði veraldar, þótt ekki sé það stórt. Af nafni Geysis er t.d. dregið enska orðið „geyser" yfir gjósandi hveri. Bæði fyrr og síðar hefur verið mikill ferðamannastraumur að svæðinu allan ársins hring, einkum þó yfir sumarmánuðina. Geysir er einn margra hvera á svæðinu en nú er það einkum goshverinn Strokkur sem dregur ferðamenn að því.

Geysissvæðið er eitt af minni háhitasvæðum landsins en jarðhitasvæðið er mun stærra en skiki sá sem girtur var er það komst í umsjá íslenska ríkisins.

Mjög margir ferðamenn og vísindamenn hafa komið að svæðinu í gegnum aldirnar og lýst gosum hveranna, einkum þó Geysi. Hann var í árhundruð eitt af mestu undrum landsins og bar hróður þess víða. Árið 1935 eignaðist íslenska ríkið Geysi og skika sem að honum liggur. Síðar var svæðið girt og gefinn út um það bæklingur eftir Trausta Einarsson (Geysir í Haukadal, 1964) en allt frá þeim tíma hafa rannsóknir þar verið litlar.

Geysissvæðið er í eigu ríkisins að hluta og að hluta í einkaeign. Mun auðveldara væri að vinna að endurbótum, viðhaldi og rannsóknum á svæðinu ef það væri allt ríkiseign. *Geysissvæðið er ekki friðlýst með sérstökum lögum* en um það gilda ákveðnar umgengnisreglur. Þetta kemur mörgum undarlega fyrir sjónir en verður skiljanlegra þegar hugað er að nýtingu á svæðinu, slík nýting mundi ekki samrýmast neinum náttúruverndar- eða friðunarlögum. Nýting heits vatns af svæðinu á sér hins vegar langa sögu og þarf að taka á því máli sérstaklega. Svæðið var í umsjá Geysisnefndar frá 1935 til ársins 1991 en síðan þá hefur það verið undir umsjón Náttúruverndarráðs. Fé hefur mjög skort til framkvæmda og rannsókna á svæðinu. Árið 1992 var jarðhiti innan girðingar kortlagður og 1994 var rennsli úr hverunum mælt tvisvar. Ekki hefur fengist fé til annarra rannsókna og er það mjög miður.

Lýsing svæðisins.

Geysissvæðið er í Biskupstungnahreppi í Árnessýslu og liggur í 100–200 m hæð. Þangað eru greiðar leiðir og góð aðstaða fyrir ferðamenn á hóteli og gistiheimili. Sundlaug var byggð við hótelið 1994 og tekur vatn úr hvernum Sísjóðandi. Bæði hótel og gistiheimili eru hituð upp með vatni úr hverunum og nokkur hús önnur. Gróðurhús eru enn uppistandandi sunnan hótelsins, en eru sum orðin hrörleg og ekki notuð lengur.

Svæðið liggur skammt austan við virka gosbeltið sem nær frá Reykjanesi í suðri og norður að Langjökli. Gosvirkni er engin á nútíma (sl. 10.000 árum) á svæðinu. Súrt berg er á nokkrum stöðum, m.a. er Laugarfjall ofan við hverasvæðið úr líparíti. Þar er trúlega um súrt innskot að ræða, ummerki gamallar megineldstöðvar sem var virk fram á síðustu ísöld. Bjarnarfell, sem liggur enn vestar, er byggt upp úr basalthraunlögum og móbergi ásamt flekkjum af líparíti. Móbergið hefur orðið til við gos undir jökli.

Yfirborðshiti er á 3 km^2 svæði sem teygir sig til suðurs. Viðnámsmælingar benda þó til allt að 7 km^2 svæðis (Borun fyrir byggðina við Geysi, greinargerð Kristjáns Sæmundssonar og Benedikts Steingrímssonar, Orkustofnun 1994). Þarna er um eitt jarðhitakerfi að ræða með miðju þar sem Geysir er en laugar og volgrur eru mun víðar. Marteinslaug í landi skógræktarinnar er við norðurmörkin og laug sem liggur í landi Múla markar syðstu ummerki jarðhitans. Vesturmörkin eru í austanverðu Bjarnarfelli en austurmörkin talsvert austan Beinár, líklega nálægt Tungufljóti.

Margir hverir og laugar eru á svæðinu, flestir sjóðandi innan þess, en kaldari laugar eru suður af í svonefndum Rotum. Einnig eru Laugar vestan við Laugafell. Ummerki eftir gamla goshveri eru vestan og norðan við girta svæðið. Kísilhrúður hefur t.d. verið numið í lágum hól norðan við svæðið til að laga í kringum Geysi og eru það náttúruspjöll því hrúður myndast þar ekki í bráð. Meðfylgjandi er kort af svæðinu öllu og snið frá Geysi að Neðridal, svo og líkleg hitadreifing í berggrunni.

Nýting og boranir.

Nýting hitans er talsverð, í fimm íbúðarhúsum, hóteli, gistiheimili og sundlaug. Sé hins vegar litið til jarðhitakerfisins í heild, en það nær yfir mun stærra svæði, er nýtingin talsvert meiri. Á undanförnum áratug hafa verið boraðar nokkrar holur í landi Helludals og Neðridals og eru þær í töflu I. Þessar holur ná flestar niður í jarðhitakerfið og taka vatn úr því. Af Geysisvæðinu mældist rennsli um 9 l/s árið 1994, en úr borholum sunnan og vestan við Geysi komu milli 12–15 l/s en rennsli þar er ekki þekkt nákvæmlega. Lítill þrýstingur er í framangreindum holum.

Tafla I.

Borholur í nágrenni Geysis.*

Hola nr.	Staður	Dýpi	Ár	Rennsli	Fjarlægð frá Geysi	Athugasemdir
HD-01	Helludalur	60	1986	950 m		
HD-02	Helludalur	360	1994	> 2 l/s af 65°C	950 m	Nýtt í Helludal.
HD-03	Helludalur	315	1995	> 1 l/s	1050 m	Borað fyrir sumarhús SS.
ND-01	Neðridalur	850	1976		1600 m	
ND-02	Neðridalur	60	1987		850 m	
ND-03	Neðridalur	600	1991		2100 m	
ST-01	Neðridalur	58	1987		—	Stallar í landi Neðridals.
ND-04	Neðridalur	173,5	1993	> 9 l/s af 70°C	1900 m	Nýtt í gróðurhús.
ND-05	Neðridalur	302	1993		—	
Hver	Strokkur	39	1963			
Samtals				**> 12 l/s**		Miðað er við sjálfrennsli.

* Samkvæmt gögnum Orkustofnunar og greinargerð Kristjáns Sæmundssonar og Benedikts Steingrímssonar, Borun fyrir byggðina við Geysi, Orkustofnun 1994.

Árið 1967 mældist rennsli frá Geysissvæðinu um 14 l/s en það hefur nú minnkað niður í um 9 l/s. Síðan 1963 hafa verið boraðar níu borholur í jarðhitakerfið, sú síðasta í september 1995. Þar sem ekki hafa verið gerðar stöðugar mælingar á rennsli og hita í svæðinu er erfitt að gera sér grein fyrir hvort boranir þessar hafa haft áhrif á svæðið. Mælingar á heildarrennsli frá Geysissvæðinu hafa aðeins verið gerðar þrisvar sinnum, 1967 og tvisvar 1994. Til að kanna slík áhrif þarf að fylgjast mun betur með svæðinu en gert er nú. Þó verður að telja líklegt að áhrif borhola í Neðridal séu einhver en þær eru talsvert lægra í landi en hverasvæðið og vatnskerfið þar og við Geysi er með lágan þrýsting.

Borað var í Strokk árið 1963 og hreinsað burtu rusl sem kastað hafði verið í hverinn. Fyrir borun var ekkert rennsli frá honum en 2 l/s eftir borun og þá byrjaði hann að gjósa.

Mælingar á rennsli.

Mælingar á rennsli hvera og lauga gefa til kynna hve mikil orka er til staðar á staðnum. Jarðhitavatn sem er undir 50°C er vart talið nothæft til upphitunar en rennslismagn skiptir þar miklu máli. Þannig innihalda 2 l/s af 50°C heitu vatni álíka mikla orku og 1 l/s af 100°C en nýting hitans er þó öllu lakari. Rennsli hvera og lauga er oft breytilegt, eftir úrkomu, árstíma, loftþrýstingi eða af öðrum orsökum. Eina leiðin til að kanna hegðun jarðhitasvæðis með tilliti til rennslis er að gera þar margar mælingar. Ef nýting hefst úr borholum í nágrenni við jarðhitastað er algengast að jarðhiti hverfi af yfirborði. Við dælingu úr borholum hverfur jarðhiti nánast undantekningarlaust af yfirborði en það getur tekið marga mánuði. Í stórum og kraftmiklum jarðhitakerfum geta hverir og laugar þó lifað boranir af, einnig ef rásir jarðhitans eru mjög vel aðskildar. Mestar líkur eru á að þeir hverir hverfi sem eru á sömu brotalínum og borað er í. Slíkar aðstæður eru fyrir hendi í Neðridal en borholur þar eru í sprungustefnu frá Geysi. Því er hættara við að boranir þar hafi áhrif á hverina við Geysi en boranir í Helludal þótt ekki sé það heldur hættulaust. Fjarlægð frá Geysi að borsvæðum er lítil, þau eru lægra í landinu og kerfin eru með lágan þrýsting.

Heildarrennsli af Geysissvæðinu hefur aðeins verið mælt þrisvar, fyrst er Þorvaldur Ólafsson var fenginn af jarðhitadeild Orkustofnunar til að mæla rennsli hvera og lauga á Suðurlandi sumarið 1967 og 1994 vann Helgi Torfason skýrslu fyrir Náttúruverndarráð um mælingar á Geysissvæðinu. Það má heita undarlegt að þetta séu einu, góðu mælingarnar sem gerðar eru á svæði sem er jafn frægt og Geysissvæðið. Að vísu hafa verið gerðar mælingar á rennsli úr Geysi og nokkrum hinna hveranna en fáar mælingar eru það góðar að þær séu nothæfar. Mælingar sem unnt hefur verið að hafa upp á eru í töflu II.

Þorvaldur Ólafsson var við athuganir á Geysi dagana 11.–24. júní og 27. júlí 1967. Geysir var mældur 27. júlí og frárennsli hans látið renna í stokki í 80 l mæliker. Sama aðferð var notuð við hina hverina. Tafla II sýnir rennsli úr hverunum samkvæmt athugunum Þorvalds.

Í ýmsum ritum er getið um rennsli úr hverunum, einkum Geysi, en yfirleitt er um ágiskanir að ræða. Sjaldan er getið um aðferðir við mælingar eða mælistaði og því erfitt um samanburð. Vandasamt getur verið að mæla vatn sem er yfir 70°C heitt og þarf mikla varkárni við það. Þar sem nýting er eingöngu til upphitunar á staðnum hefur ekki þótt nauðsynlegt að mæla rennsli oftar eða fylgjast með breytingum á því. Ef hugmyndir um boranir á staðnum verða að veruleika þarf að fylgjast mjög nákvæmlega með breytingum á rennsli hveranna og þekkja árstíða- og veðurfarsbundnar sveiflur.

Tafla II.

Mælingar Þorvaldar Ólafssonar.

	Rennsli l/s	Óvissa í mælingu l/s	Athugasemdir
Geysir	1,5	0,1	
Strokkur	2,5	0,1	mælt milli gosa
Konungshver og annar 2 m frá	1,8	0,1	Konungshver einn 0,8
Fata	0,6	0,2	óvenju mikið, sennilega um 0,3–0,4
Blesi	1,1	0,1	úr báðum skálum
Óþerrishola	0,12	0,01	
Litli Geysir	0,12	0,01	
Sísjóðandi	0,5	?	samkvæmt skýrslu Vermis
Þykkuhverir*	4,0	0,5	
Hver um 50 m vestan Geysis	0,56	0,02	
Hver um 50 m sunnan Fötu	0,23	0,01	
Hver um 10 m SA Litla Strokks	0,20	0,05	áætlað
Hver um 10 m V við yfirb. hver	0,23	0,01	
Hver um 10 m N Sísjóðanda	0,45	0,001	frárennsli frá Laug
Samtals	**14,0**	**1,0**	

*Vatn úr Þykkuhverum er notað til upphitunar. Lokað var fyrir rennsli að gróðurhúsinu og rennsli eftirfarandi:
1. skólastjórahúss u.þ.b. 0,2–0,3 l/s
2. pípa í Sísjóðanda 1,1 l/s
3. frárennsli húss Greips Sigurðssonar 1,0 l/s
4. lækur frá Þykkuhverum 1,2 l/s
5. áætlaður smáhver neðan Þykkuhvera 0,4 l/s
Samtals = 3,9–4,0 l/s.
Nýting á þessum tíma var eftirfarandi: Íbúðarhús og skóli á Geysi, íbúðarhús Greips Sigurðssonar, sundlaug, íbúðarhús að Laug og gróðurhús 600 m².

Hinn 30. maí 1994 var votviðri og hvasst og voru gerðar rennslismælingar á þeim stöðum sem tími leyfði. 17. september var þurrt veður og lygnt og ákjósanlegt veður til mælinga. Í síðari ferðinni var mælt rennsli af færri stöðum en í maí en nákvæmari athuganir gerðar á rennsli frá Strokki og frá Þykkuhverum til suðausturs. Ekki er unnt að ljúka mælingum á öllu svæðinu á einum degi.

Mælingar eru sýndar í töflu III og eru niðurstöður þeirra þær að rennsli hafi farið minnkandi síðan mælt var 1967. Einnig er greinilegt að veður hefur áhrif á mælingar, sumir hverir eru þurrir yfir sumarið en geta verið með talsvert rennsli á vorin. Mælingar eru ekki nógu tíðar til að unnt sé að sjá árstíðabundna sveiflu í rennsli eða breytingar með veðurfari (úrkomu eða loftþrýstingi) eða af öðrum völdum.

Tafla III.

Mælingar á rennsli 1994.

	30. maí l/s	17. sept. l/s		30. maí hiti inn	30. maí hiti út	30. maí nýting
Geysir	1,7	1,8	Ekkert notað			
Strokkur	1,3	1,9	Ekkert notað			
Konungshver	0	0				
Fata	0	0				
Blesi	0,8	1,2	Ekkert notað			
Óþerrishola	0	0				
Litli Geysir	0,6	ekki mælt	Notað í hús Þóris	73	58	21%
Þykkuhverir						
Hver S Steypu	0,3	ekki mælt	Notað í hús Þóris	68	58	15%
Sísjóðandi	1,0	ekki mælt	Dælt til Más	96	91*	5(69)%
Þykkuhverir	1,2	1,2	Ekkert notað, afrennsli til suðausturs			
Þykkuhverir	0,5	ekki mælt	Steypt þró, í hús Kristínar	77	69	10%
Þykkuhverir	0,3	ekki mælt	Notað í sumarhús	—	69	
Þykkuhverir	0,2	ekki mælt	Steypuhver, í hús Bjarna	78	49	67%
Liljuhver	0,3	ekki mælt	Sumarhús Alfreðs	82	—	
Hiti N girðingar	1,2	0	Ekkert notað			
Óvissa, áætluð	**0,5**	**0,5**				
Samtals	**9,4**					

* 30 í september

Alls eru notaðir um 4,5 l/s af heita vatninu en heildarrennsli er um 9–9,5 l/s. Mjög lítið vatn fór fram hjá í mælingum, e.t.v. 5%. Þar sem dælt er úr Sísjóðandi er ekki víst að rennsli sem mælt var í maí sé sambærilegt við eldri mælingar. Til að gera samanburð þarf að mæla hverinn í náttúrulegu rennsli.

Gostíðni Strokks.

Er farið var til rennslismælinga við Geysi 17. september 1994 var settur síritandi hitamælir í afrennsli frá Blesa og Strokki en það rennur út um suðausturhorn girðingarinnar umhverfis svæðið. Er gos kemur í Strokk þeytir hann af sér talsverðu af um 100°C heitu vatni og við það hækkar hitinn í frárennslinu. Milli kl. 14:42 og 17:42 varð vart við 26 gos á 85 mínútna bili, eða 7,1 mínúta milli gosa. Eftir hitabreytingum að dæma eru gosin miskraftmikil og augljóslega að gos eru misstór þegar fylgst er með þeim á staðnum. Gosin 17. september voru falleg og fremur há, hæst á að giska 25–30 m en mælingar á hæð þeirra skortir.

Aðrar rannsóknir.

Jarðhitakort var gert af þeim hluta Geysissvæðisins sem er innan girðingar sumarið 1992 (Jarðhitasvæðið á Geysi, skýrsla unnin af Helga Torfasyni fyrir Náttúruverndarráð, 1992). Það var fyrsta nákvæma jarðhitakortið sem gert hafði verið af svæðinu. Full ástæða er til að kemba svæðið betur og fullgera kortið með því að kanna jarðhita í nágrenni þess, allt frá Marteinslaug og suður að Múla. Einnig þarf að fylgjast með laugum og hverum vestan við Laugarfjall og víðar.

Á vegum Orkustofnunar voru gerðar viðnámsmælingar á Geysissvæðinu um 1980 en þær hafa aðeins verið birtar að hluta. Flatarmál viðnámslægðar á 500 m dýpi undir sjávarmáli er um 7 km^2 og bendir það til talsvert stærra jarðhitakerfis en sést á yfirborði.

Efnagreiningar hafa verið gerðar á vatni jarðhitasvæðisins, einna besta úttekt á því hefur Stefán Arnórsson gert.

Engar þyngdarmælingar hafa verið gerðar á svæðinu. Slíkar mælingar geta hjálpað til við að meta færslu á miklum vatnsmassa, t.d. vegna nýtingar um borholur.

Jarðfræði svæðisins er þekkt í grófum dráttum og þarf að skoða betur.

Forðafræði svæðisins þarf að rannsaka með tilliti til endingar þess og mögulegra lífdaga.

Niðurstöður.

Samkvæmt þeim, athugunum sem gerðar hafa verið á jarðhitasvæðinu á Geysi, hefur heildarafrennsli af svæðinu minnkað *úr 14 l/s 1967 niður í 9 l/s 1994*, um 5 l/s eða 36%. Íbúar á svæðinu telja sig hafa orðið vara við minnkandi rennsli og er það staðfest með mælingum. Ekki hafa verið gerðar rannsóknir á volgrum vestan við Laugarfjall, laugum við Haukadal né í Rotum sunnan við Geysissvæðið.

Einstaka volgrur hverfa alveg yfir sumarið en eru talsverðar á vorin, sbr. eftirfarandi niðurstöður frá 1994:

Volgrur nr. AG307 + 308 (norðan við girta svæðið):

10. maí	um 1,5–2 l/s	20°C
30. maí	1,2 l/s	21°C
17. sept.	ekkert rennsli	15°C í blautum jarðvegi

Úr Konungshver:

10. maí	ágisk. 0,1–0,2 l/s	60°C
30. maí	0	um 1 m niður á vatn
17. sept.	0	gufa neðst í hvernum

Aðrar athuganir eru eftirfarandi:

1. Rennsli úr Geysi hefur minnkað, e.t.v. eru mælingar ekki sambærilegar, lýsingu skortir. Einnig vantar vitneskju um áhrif úrkomu, loftþrýstings o.fl.:

1930	3,4 l/s	100%
1967	1,5 l/s	44%
1968	2,2 l/s	65%
1994	1,8 l/s	53%

2. Af heildarrennsli 9 l/s eru um 4,5 l/s notaðir af íbúum á svæðinu. Nýting á orku vatnsins er léleg og mætti bæta til muna.
3. Með minnkuðu rennsli minnkar efni sem fer í útfellingar og uppbyggingu á kísilhrúðri á svæðinu. Því er brýnt að ganga vel um svæðið og t.d. loka fyrir rennsli úr skurði frá Geysi á vetrum og láta flæða yfir brúnir hans. Vatni, sem notað er, mætti skila aftur á svæðið.
4. Útfellingar í frárennsli Blesa hafa valdið hitnun í nyrðri hlutanum og því að blágræni liturinn var að hverfa 1994, en þar var ekki athugað 1995.
5. Girðing umhverfis svæðið er orðin léleg á köflum. Það væri til mikilla bóta ef unnt væri að færa girðinguna vel út fyrir svæðið; best væri að taka hana alveg niður og stækka svæðið.

Framhald rannsókna.

1. Lagt er til að rannsóknum á rennsli af jarðhitasvæðinu verði haldið áfram. Rennsli verði mælt a.m.k. einu sinni á ári af öllu svæðinu og oftar á völdum stöðum. Til að unnt sé að greina áhrif nýtingar á svæðið er nauðsynlegt að fylgjast vel með hita og rennsli hveranna.
2. Lagt er til að númer verði sett við hverina til að auðvelda endurtekningar á mælingum. Þau yrðu lítil og trufluðu ekki þá sem skoða svæðið.
3. Lagt er til að nýting heita vatnsins verði bætt. Til greina kemur að sameina vatnstöku úr svæðinu og nota varmaskipti til að fá betra vatn til nýtingar á staðnum. Einnig kemur til greina að hætta alveg að nýta vatn af svæðinu en nota rafmagn til þess í staðinn. Varla er þó sanngjarnt að íbúar á svæðinu beri aukinn kostnað af því. Verið gæti að virkjun í Beiná væri hagkvæm í þessu tilliti.
4. Varlega þarf að fara við að dæla úr hvernum því að hætta er á að við það gæti orðið niðurdráttur (vatnsborð lækki) á svæðinu, vatnshverir horfið og orðið að gufuaugum. Einnig þarf að fylgjast með nýtingu í nágrenni svæðisins þótt almennt sé ekki talin hætta á að það hafi áhrif á hverasvæðið; borholur eru í Helludal og Neðridal. Ekki ætti að leyfa dælingu úr holum.
5. Huga þarf að rannsóknum fyrir utan hverasvæðið en hingað til hefur eingöngu verið fylgst með hverum innan girðingar. Bæði eru laugar vestan við Laugarfjall og einnig þarf að fylgjast með jarðhita sunnan hverasvæðisins, í Rotum. Auk þess eru laugar í Haukadal. Allt er þetta hluti af sama jarðhitasvæðinu.
6. Efnasýni eru til af flestum hveranna og er ástæða til að kanna hvort efnainnihald vatnsins breytist. Það má gera með því að taka sýni úr ákveðnum hverum öðru hvoru og efnagreina.
7. Athuga þarf hverina og hegðan þeirra þegar loftþrýstingur er mjög lágur og mjög hár, í þurrkatíð og votviðri.
8. Halda þarf áfram að kanna heimildir um hverina. Einnig er lagt til að safnað verði gömlum myndum af hverum á svæðinu og þeir myndaðir skipulega undir sama sjónarhorni til samanburðar síðar meir.

Greinargerð þessi var unnin í samvinnu við Helga Torfason hjá jarðhitadeild Orkustofnunar.


Geysissvæðið
Helludalur
0 500 m
Haukadalur
gíróing
Geysir
Neðridalur
borhola
hitl
Mörk jarðhitasvæðis
vegir


SV
NA
(92m) NEÐRIDALUR
ND-3
ND-4
ND-01
ND-2
1000
volgrur
girt svæði
GEYSIR
(116m)
æð
50°C
æð
æð
100°C
120°C
150°C
172°C
200°C
500 m
1000 m
Jarðhitakerfi
yfir 200°C
Líklegt líkan af
jarðhitakerfinu við
Geysi í Haukadal

224. Tillaga til þingsályktunar [180. mál]

um sérstakan ákæranda í efnahagsbrotum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Bryndís Hlöðversdóttir.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að undirbúa frumvarp til laga um embætti sérstaks ákæranda í efnahagsbrotum sem sé sérhæfður í meðferð slíkra brota. Verkefni hans verði að rannsaka meint efnahagsbrot ásamt því að fara með ákæruvald í slíkum málum.

Frumvarpið verði lagt fyrir Alþingi eigi síðar en á næsta haustþingi.

Greinargerð.

Hugtakið efnahagsbrot hefur af íslenskum fræðimönnum verið skilgreint sem refsiverð háttsemi í hagnaðarskyni sem fer fram kerfisbundið og reglulega í annars löglegri atvinnustarfsemi lögaðila eða einstaklinga. Ekki er það þó talið ófrávíkjanlegt skilyrði að brotin séu framin kerfisbundið og reglulega til að þau flokkist undir efnahagsbrot, en fræðimenn greinir á um þetta. Ráðherranefnd Evrópuráðsins gengur út frá því að hugtakið geti náð til einstakra brota, enda hafi þau valdið verulegu tjóni eða hættu á því. Þá er það einkenni brotanna að þau byggjast á sérstakri viðskiptaþekkingu hinna brotlegu og eru framin af kaupsýslumönnum í starfi þeirra eða við framkvæmd sérstakra verkefna.

Efnahagsbrot eru fyrst og fremst sérlagabrot á ýmsum sviðum efnahags- og atvinnulífs. Brot gegn vinnuvernd, mengunarbrot og önnur umhverfisbrot, er m.a. geta leitt til heilsutjóns, eru að jafnaði talin til efnahagsbrota. Í bandarískum rétti er notað hugtakið „business crimes“ yfir þessi brot og á Norðurlöndum hugtakið „ökonomisk kriminalitet“. Hugtakið „hvítflibbabrot“ (white collar crimes), sem mótað var af bandaríska afbrotafræðingnum Sutherland á fimmta tug aldarinnar, skarast að nokkru við þau brot sem hér um ræðir, og er því gjarnan haldið á lofti að þar sé um að ræða undanfara efnahagsbrotanna. Það ber hins vegar að hafa í huga að þegar Sutherland setti fram sínar kenningar var þjóðfélagsgerðin mun einfaldari en hún er nú. Aukin tækni og margmiðlun gerir brotin sífellt flóknari, og sífellt meiri sérþekkingar er þörf til að geta áttað sig á umfangi þeirra. Æ fleiri fara nú með fé annarra og vinna flókin og sérhæfð störf víða í þjóðfélaginu og á alþjóðlegum vettvangi, að ekki sé minnst á þá sem geta auðveldlega valdið stórtjóni með umgengni sinni við móður náttúru.

Rannsókn og meðferð efnahagsbrota skapar ýmis siðræn vandamál. Viðhorf almennings til þeirra eru oft önnur til annarra brota. Má nefna sem dæmi að fólk lítur ekki endilega á skatta-, bókhalds- og tollalagabrot sem alvarleg afbrot, en þjófnaðir eða eignaspjöll eru litin mjög alvarlegum augum. Brot, sem eru framin í atvinnurekstri, eru gjarnan réttlætt með því að lögin séu gölluð eða fullnægi ekki þeim þörfum sem viðskiptalífið krefst en einnig með því að þau hafi verið tilraun til að bjarga atvinnurekstrinum. Þá er oft mjög erfitt að rekja eða mæla tjónið af efnahagsbrotum og þrátt fyrir umtalsverða skaðsemi slíkra brota er oft erfitt að benda á einn einstakan brotaþola. Einnig eru þau viðskipti sem brotin varða óvenjuflókin og aðeins á valdi örfárra sérfræðinga að þekkja þau.

Baráttan við efnahagsbrotin hefur verið alþjóðleg hin síðari ár, enda hefur það verið reyndin í öðrum löndum að hinar hefðbundnu leiðir refsivörslukerfisins hafa ekki dugað. Víða um lönd hefur verið talin þörf á sérstökum aðgerðum til að takast á við þau, svo sem virkri og sérhæfðri löggæslu, sérþjálfuðum löggæslumönnum og ákærendum, sér-

stakri þjálfun dómara, greiðari upplýsingasamskiptum yfirvalda sem við málin fást, hraðari málsmeðferð og hertum refsingum. Hér á landi er reyndin hin sama og annars staðar; refsivörslukerfið hefur ekki tekið á þessum brotum sem skyldi þrátt fyrir aukinn áhuga á þeim í seinni tíð. Því er tillaga þessi lögð fram.

Á 118. löggjafarþingi var lagt fram frumvarp þess efnis að komið yrði á fót sérstökum dómstóli er einbeitti sér að skatta- og bókhaldsbrotum. Rökin fyrir sérstökum skattadómstóli eru þau að meðferð skattsvikamála muni ganga greiðlegar fyrir sig hjá slíkum dómstóli en almennum dómstólum sem eru ofhlaðnir störfum. Fá skattsvikamál hafi sætt meðferð dómstóla, enda hefur dómskerfið verið seinvirkt og þar hefur vantað starfskrafta með sérþekkingu á skattskilum og reikningshaldi. Þannig hefur á mörgum undanförnum árum verið valin sú leið að senda flest mál til meðferðar yfirskattanefndar, áður ríkisskattanefndar, en ekki til opinberrar meðferðar dómstóla. Á árunum 1985–1991 voru 16 mál send til opinberrar rannsóknar. Til samanburðar voru 134 mál send til ríkisskattanefndar til sektarmeðferðar á sömu árum.

Þrátt fyrir þessi rök fyrir nauðsyn þess að koma á fót sérstökum dómstóli í skattsvikamálum náði málið ekki fram að ganga, en helstu rök þeirra sem lögðust gegn málinu voru að sérstakur skattadómstóll gengi gegn markaðri stefnu um fækkun dómstóla.

Í stað sérstaks skattadómstóls er þess nú freistað með þessari tillögu að ná samstöðu á Alþingi um að lög verði sett um sérstakan ákæranda í efnahagsbrotum. Það er skoðun flutningsmanna tillögunnar að ríka nauðsyn beri til að málsmeðferð skattsvikamála verði sýnilegri en verið hefur og sæti í miklu ríkara mæli opinberri meðferð ef skapa á almenn varnaðaráhrif gegn skattsvikum. Eðlilegt er því að leitað verði leiða til þess að opinber sakamálameðferð geti orðið skilvirkari en hún hefur verið og verði ekki eins viðurhlutamikil og í reynd hefur orðið. Margt þykir mæla með að ákvörðun um saksókn verði tekin fyrr en verið hefur með því að hafa ákæruvald og rannsókn á sömu hendi í slíkum málum, enda krefst hvort tveggja mikillar sérþekkingar vegna flókins eðlis brotanna.

Skattsvik og efnahagsbrot hafa verið mikið til umræðu í þjóðfélaginu á undanförnum árum. Á sl. 10 árum hafa tvær nefndir skilað áliti um umfang skattsvika hérlendis. Niðurstaða síðari nefndarinnar, sem skilaði áliti í september 1993, var sú að umfang skattsvika væri hið sama og á árinu 1985 og að ríki og sveitarfélög yrðu af 11 milljörðum kr. í sköttum vegna skattsvika. Er niðurstaða þessi þeim mun athyglisverðari fyrir þá sök að á undanförnum árum hefur skattkerfinu verið gjörbylt með upptöku á virðisaukaskatti, staðgreiðslu opinberra gjalda og stórfelldri fækkun frádráttarliða á skattframtali.

Síðustu mánuði hefur umræðan um skattsvik og almennan siðferðisbrest í skattamálum farið vaxandi og gagnrýnisraddir hafa orðið háværar. Umræður hafa líka orðið um stofnun eftirlitsnefnda í sveitarfélögum til að bera saman skatta og lífsstíl, og hefur eitt sveitarfélag þegar ákveðið slíkt. Það er ljóst að almenningur sættir sig ekki við annað en að ráðist verði af fullri hörku gegn skattsvikum og einskis látið ófreistað í því efni. Virðingarleysi gagnvart skattalögum stuðlar að skattsvikum og grefur undan tiltrú almennings á mikilvægum stofnunum samfélagsins.

Sérstakur rannsóknaraðili og ákæruvald í efnahagsbrotum, þar með talið í skattsvikamálum, gæti einmitt lagt mikla áherslu á samanburð á tekjum, sköttum og lífsstíl, en slíkar rannsóknir þekkjast víða erlendis. Hjá slíku embætti mætti safna ýmsum upplýsingum um brotin og eðli þeirra sem gæti nýst við meðferð annarra mála er síðar koma til meðferðar. Auk þess mætti starfrækja upplýsinga- og ráðgjafarmiðstöð eins og gert hefur verið t.d. í Danmörku. Hún hefði það hlutverk að dreifa upplýsingum um brotin og

lögfræðileg álitaefni tengd þeim til lögreglustjóraembætta og annarra ákærenda ef því er að skipta.

Hröð og skilvirk meðferð efnahagsbrota verður sífellt þýðingarmeiri. Opinber málsmeðferð er talsvert viðurhlutameiri og vandaðri en lokuð skattrannsókn og skattsektarmeðferð hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins og yfirskattanefnd. Ástæða er til að huga að breytingum á því fyrirkomulagi sem nú er í lögum, ekki síst með tilliti til varnaðaráhrifa.

Í þessu sambandi má benda á að í umsögn skattrannsóknarstjóra ríkisins um fyrrnefnt frumvarp til laga um sérstakan skattadómstól kom fram eftirfarandi:

„Á undanförnum árum hafa flest skattsvikamál sætt refsimeðferð af hálfu ríkisskattanefndar (nú yfirskattanefndar). Þar er um lokaða málsmeðferð að tefla sem hefur mjög takmörkuð varnaðaráhrif. Með opinni málsmeðferð skattalagabrota eins og frumvarpið stefnir að, eins og þegar um önnur afbrot er að ræða, skapast án efa mun meiri varnaðaráhrif. Það mundi einnig gera auðveldara að breyta því viðhorfi almennings að skattalagabrot séu þess eðlis að þau beri að afgreiða í kyrrþey. Mjög margir einstaklingar telja skattalagabrot ekki vera ýkja alvarleg. Hugsanlega gæti opinber málsmeðferð í ríkari mæli en verið hefur breytt þessu ástandi."

Rannsókn skattalagabrota er nú oftast nær háttað þannig að skattrannsóknarstjóra ríkisins berast kærur vegna skattalagabrota eða hann tekur rannsókn upp að eigin frumkvæði. Ef málinu er lokið með sektarúrskurði yfirskattanefndar verður málatilbúnaður ekki opinber og kemur þá ekki til kasta Rannsóknarlögreglu ríkisins eða ríkissaksóknara. Við þær aðstæður annast skattrannsóknarstjóri ríkisins alla rannsókn málsins, þar með talda rannsókn á saknæmisskilyrðum. Þegar mál er lagt fyrir yfirskattanefnd til úrskurðar skattsekt er það einnig skattrannsóknarstjóri ríkisins sem kemur fram fyrir nefndina og er þá í hlutverki ákæranda þegar hann krefst sektar. Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur einnig vísað málum til opinberrar rannsóknar sem framkvæmd er af Rannsóknarlögreglu ríkisins. Þá tekur sú stofnun við rannsókninni af skattrannsóknarstjóra ríkisins og lýkur henni; annast þá m.a. rannsókn saknæmisskilyrða og býr málið í hendur ákæruvaldinu, ríkissaksóknara.

Eðli málsins samkvæmt er gangur skattamála sem fara í opinbera rannsókn því talsvert þunglamalegur og þrjár stofnanir koma að málinu. Ef sérstakt embætti ákæranda í efnahagsbrotum væri sett á fót sem jafnframt annaðist rannsókn skattalagabrota yrði málsmeðferð mun skilvirkari. Rannsóknir efnahagsbrota mundu þá flytjast frá Rannsóknarlögreglu ríkisins til sérstaks ákæranda. E.t.v. væri ástæða til að tengja slíkt embætti við embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins til að sú þekking sem þar er fyrir hendi nýtist sem best.

Í lögum um sérstakan ákæranda í efnahagsbrotum þarf að skilgreina valdsvið hans rækilega svo að ekki verði skörun við verkefni ríkissaksóknara. Flutningsmenn tillögunnar telja að ástæða sé til að væntanlegir frumvarpshöfundar kynni sér það fyrirkomulag sem aðrar Norðurlandaþjóðir hafa valið við rannsókn og ákæru efnahagsbrota. Má þar nefna Noreg, en þar er starfandi sérstök stofnun, „Ökokrim", sem rannsakar slík brot og fylgir rannsókninni eftir með ákæru ef ástæða þykir til. Stofnunin er skipuð sérhæfðum aðilum í meðferð auðgunarbrota og hefur með höndum rannsóknir á stærri efnahagsbrotum og ákæruvald, en málið er síðan rekið fyrir almennum dómstólum.

Í Danmörku hefur sérstakt embætti með höndum rannsókn og ákæru slíkra brota, „statsadvokaturen for særlig økonmisk kriminalitet", en það var stofnsett árið 1973. Undir embættið heyra umfangsmeiri efnahagsbrot, þau sem líklegt er að hafi mikla þýðingu og eru liður í skipulagðri glæpastarfsemi. Getur þar verið um að ræða brot á skatta- eða

tollalöggjöf eða á lögum um atvinnurekstur svo dæmi séu nefnd. Embættið sér eins og áður segir um rannsókn og ákæru í málunum, en einnig um rekstur þeirra fyrir dómstólum. Þá er þar einnig safnað upplýsingum um eðli og umfang brotanna ásamt öðrum atriðum er máli skipta og sérstök upplýsingamiðstöð sér um miðlun upplýsinganna til löggregluumdæmanna. Þar er einnig safnað og miðlað upplýsingum um löggjöf og meðferð efnahagsbrota í öðrum löndum.

Flutningsmenn tillögunnar telja að með nýjum eða breyttum lögum um málsmeðferð efnahagsbrota væri unnt að hraða meðferð þeirra og skapa skilyrði til aukinna almennra varnaðaráhrifa.

225. Fyrirspurn [181. mál]

til menntamálaráðherra um stuðning við nemendur sem eiga í lestrarörðugleikum.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Hefur menntamálaráðuneytið markað stefnu um stuðning við nemendur á framhalds- og háskólastigi sem eiga í sértækum lestrarörðugleikum, öðru nafni lesblindu (dyslexíu)?

226. Fyrirspurn [182. mál]

til fjármálaráðherra um þróun ríkisframlags til rannsóknastofnana.

Frá Svavari Gestssyni.

Hver hefur verið þróun ríkisframlags til rannsóknastofnana frá 1989
a. miðað við fast verðlag fjárlagafrumvarps 1996 og
b. miðað við 100 árið 1989?

Skriflegt svar óskast.

227. Fyrirspurn [183. mál]

til iðnaðarráðherra um nýtingu og útflutning á jarðefnum.

Frá Sturlu Böðvarssyni.

1. Hversu mörg leyfi hafa verið gefin út fyrir vinnslu og útflutningi á vikri?
2. Eru í gildi reglur um útflutning á jarðefnum, t.d. vikri?
3. Hvaða kröfur eru gerðar um umgengni í námum og meðferð og vinnslu þeirra jarðefna sem seld eru til útflutnings?
4. Hver hefur eftirlit með þeim námum sem eru nýttar?

5. Hefur verið gerð áætlun um nýtingu jarðefna, t.d. vikurs, til útflutnings og lagt mat á verðgildi miðað við mismunandi vinnsluaðferðir?
6. Hverjar voru tekjur af útflutningi vikurs á sl. ári og hversu mörg ársverk eru í vikurútflutningi?

228. Tillaga til þingsályktunar [184. mál]

um nýtingu innlends trjáviðar.

Flm.: Ísólfur Gylfi Pálmason, Jón Kristjánsson, Guðni Ágústsson, Valgerður Sverrisdóttir, Siv Friðleifsdóttir, Magnús Stefánsson, Stefán Guðmundsson, Drífa Sigfúsdóttir, Anna Jensdóttir.

Alþingi ályktar að skora á landbúnaðarráðherra að kanna möguleika á að nýta innlendan trjávið, sem fellur til við grisjun, til framleiðslu listmuna, byggingarefnis, límtrés eða til eldiviðarframleiðslu. Jafnframt verði gerð fagleg úttekt á því hvernig fullnýta megi þau verðmæti er til falla í skógum landsins.

Greinargerð.

Með aukinni skógrækt víða um land fellur mikið til af trjáviði við grisjun skóga. Miklu máli skiptir að nýta þann trjávið sem best. Eðlilegt er talið að 30–50 ár líði frá gróðursetningu skógarplantna þar til grisjunarviðurinn verður nýtanlegur. Á næstu árum mun magn hans aukast mikið víða um land. Benda má á eftirtaldar leiðir til að hámarka verðmætasköpun úr grisjunarviði:

a. Á vegum Skógræktar ríkisins hefur verið komið upp sérstökum viðarlager (viðarmiðlun). Þar geta handverks- og listamenn orðið sér úti um íslenskan við til handverks- og listmunagerðar eða sem byggingarefni. Einnig má nýta viðinn sem efni til handmenntakennslu í skólum landsins. Notkun íslensks viðar hefur uppeldislegt gildi fyrir nemendur og í henni er fólgin kynning á því hvernig nýta má afurðir skógarins.
b. Límtré er víða talið mjög heppilegt byggingarefni mannvirkja. Benda má á að ending timburs er í mörgum tilfellum margfalt betri en ending steinsteypu. Fram til þessa hefur mestallt hráefni til vinnslunnar verið innflutt.

   Límtrésverksmiðjan á Flúðum gekkst nýlega fyrir tilraunaverkefni þar sem 36 ára íslensk lerkitré af síberískum uppruna voru notuð til framleiðslu límtrésbrúar. Sú tilraun þótti takast mjög vel. Eðlilegt er að allar göngubrýr í íslenskum skógum og þjóðgörðum verði gerðar úr slíku efni. Þetta er í raun táknrænt dæmi um hvað hægt er að gera úr íslenskum viði.
c. Lerki er ákjósanlegt efni til framleiðslu gluggaviðar, skjólgirðinga, sólpalla o.fl. Afgangsvið og úrgangsvið má einnig nota til framleiðslu á eldiviði til upphitunar heimila og stofnana, svo og sem eldivið í ál- eða járnblendiframleiðslu. Kurl hentar og vel í göngustíga.

Alþekkt er að skógur sem ekki er grisjaður liggur undir skemmdum. Víða á landinu má finna þéttan skóg sem brýn þörf er á að grisja. Einnig fellur mikið til af trjáviði í þéttbýli þegar verið er að grisja tré á húsalóðum.

Flutningsmenn leggja til að Alþingi beini þeirri áskorun til landbúnaðarráðherra að hann kanni möguleika á að allur viður sem fellur til við grisjun í skógum landsins og skrúðgörðum verði nýttur þannig að sem mest verðmæti skapist.

Nefna má nokkur dæmi um fyrirtæki á Íslandi sem vinna að tilraunum með vinnslu á íslenskum trjáviði: Límtré hf. á Flúðum er að kanna notkunarmöguleika lerkis og Byko hf. hefur í hyggju að reyna lerki í gólfefni, sólbekki o.fl. Trésmiðja Fljótsdalshéraðs mun gera tilraunir með smíði glugga úr lerki og hjá nokkrum aðilum er hafin önnur vinnsla, svo sem smíði húsgagna og ýmissa handverksmuna.

Að lokum má benda á að Suðurland er ákjósanlegt landsvæði til nytjaskógræktar.

229. Fyrirspurn [185. mál]

til menntamálaráðherra um „menningarborg Evrópu".

Frá Katrínu Fjeldsted.

Að hvaða leyti munu íslensk stjórnvöld taka þátt í undirbúningi fyrir verkefnið „Reykjavík — menningarborg Evrópu árið 2000"?

230. Svar [149. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um togveiðar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Er fyrirhuguð einhver endurskoðun lagaákvæða um togveiðisvæði innan efnahagslögsögu Íslands með það fyrir augum að færa togaraflotann utar í lögsöguna og ef svo er hvenær má þá vænta aðgerða í því efni?

Ákvæði um togveiðiheimildir fiskiskipa eru í lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Í þessum lögum er jafnframt að finna ákvæði sem lúta að friðunarsvæðum, skyndilokunum og gerð veiðarfæra.

Á síðasta ári skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd til þess að endurskoða í heild áðurgreind lög, þar með talin ákvæði um togveiðiheimildir skipa. Sú endurskoðun beinist ekki að því að færa togaraflotann utar í lögsöguna heldur því með hvaða hætti togveiðiheimildum verði skipað með hliðsjón af sem bestri nýtingu fiskstofna. Hjá Hafrannsóknastofnun stendur yfir skoðun á nýtingu togveiðisvæða með tilliti til aflasamsetningar, hrygningarstöðva og fleiri þátta.

Þegar þessi mál hafa verið rædd hafa oft komið fram hugmyndir um að banna togveiðar innan ákveðinnar fjarlægðar frá landi. Nauðsynlegt er að þeir sem um þessi mál fjalla átti sig á því að ýmsar fisktegundir, t.d. ýsa og koli, veiðast nærri landi og að bann við togveiðum á veiðislóðum þeirra tegunda mundi aðeins leiða til vannýtingar á þeim.

Eins og áður sagði vinnur nefnd að endurskoðun laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og stefnir hún að því að skila áliti fljótlega. Í framhaldi af því má vænta þess að lagt verði fram frumvarp á Alþingi um skipan þessara mála.

231. Fyrirspurn [186. mál]

til dómsmálaráðherra um meðferð kynferðis- og sifskaparbrota.

Frá Drífu Sigfúsdóttur.

1. Hvað hafa gengið margir dómar í kynferðis- og sifskaparmálum sl. tíu ár?
2. Hvernig féllu dómar í þessum málum
   a. hve mörg prósent ákærðra voru sakfelld,
   b. hver var refsing þeirra er voru fundnir sekir?
3. Er að finna viðurlög í lögum við slíkum brotum sem ekki hafa verið nýtt?
4. Hvaða reglur gilda hjá lögreglu og heilbrigðisstéttum um meðferð rannsóknar á meintum kynferðis- og sifskaparbrotum?
5. Telur ráðherra að hægt sé að bæta vinnubrögð við rannsóknir slíkra mála, t.d. með setningu einhvers konar verklagsreglna?

232. Beiðni um skýrslu [187. mál]

frá fjármálaráðherra um úttekt á afskrifuðum skattskuldum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Jóni Baldvin Hannibalssyni, Margréti Frímannsdóttur, Guðnýju Guðbjörnsdóttur, Ágústi Einarssyni, Kristínu Ástgeirsdóttur, Svanfríði Jónasdóttur, Gísla S. Einarssyni og Kristínu Halldórsdóttur.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að fjármálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um þróun og orsakir afskrifaðra skattskulda sl. 10 ár. Jafnframt er þess óskað að Alþingi verði gerð grein fyrir því hvort ríkisstjórnin hyggst grípa til sérstakra aðgerða til að koma í veg fyrir að álögð gjöld tapist.

Í skýrslunni er óskað eftir svörum við eftirfarandi spurningum:

1. Hversu mikið var afskrifað af skattskuldum (beinir skattar og aðrir skattar) árið 1985–1990, skipt eftir innheimtuumdæmum í fjárhæðum og sem hlutfall af heildarálagningu hvers umdæmis, og hve mikill var kostnaður við árangurslausar innheimtuaðgerðir?
2. Hvernig skiptast 28 milljarða kr. afskriftir (samkvæmt upplýsingum fjármálaráðuneytisins) opinberra gjalda sl. fimm ár á innheimtuumdæmi og hve hátt hlutfall er um að ræða hjá hverju umdæmi af heildarálagningu?
3. Hve stór hluti afskrifta skatta og dráttarvaxta sl. tíu ár er vegna áætlana og hvernig skiptast þær áætlanir milli einstaklinga og lögaðila?
4. Hve stór hluti af skattgreiðslum byggðust á áætlunum árlega sl. tíu ár, skipt eftir einstaklingum og lögaðilum?
5. Hve háar fjárhæðir og hve oft var afskrifað annars vegar vegna gjaldþrota hjá einstaklingum og lögaðilum og hins vegar vegna annarra árangurslausra innheimtuaðgerða sl. tíu ár og hverjar voru helstu ástæður árangurslausrar innheimtu?
6. Hvert hefur verið fyrirkomulag launa eða þóknana til innheimtumanna ríkissjóðs sl. tíu ár og hversu há hafa þau verið fyrir einstaka innheimtumenn á ári, sundurliðað eftir launum og öðrum greiðslum?

7. Hefur öðrum en innheimtumönnum ríkissjóðs verið falin innheimta á vangoldnum gjöldum ríkissjóðs eða afmörkuðum þáttum þeirra? Ef svo er, hverjir eru þessir aðilar og hve háar greiðslur hefur hver þeirra fengið á framangreindu tímabili, sundurliðað eftir árum?
8. Hyggst ráðherra beita sér fyrir hertum lögum, svo sem atvinnuleyfissviptingu, til að koma í veg fyrir að lögaðilar, sem setja fyrirtæki í þrot vegna vanskila á sköttum, stofni til sams konar rekstrar undir öðru kenniheiti?
9. Hve margir einstaklingar hefja ítrekað rekstur eftir gjaldþrot? Ef ekki eru til úrræði til að staðreyna slíkt hyggst ráðherra beita sér fyrir breytingum sem gera það mögulegt?
10. Benda 28 milljarða kr. beinar og óbeinar afskriftir á sl. fimm árum, eða að meðaltali um 5% af fjárlögum hvers árs, til þess að vinnubrögð við álagningu eða innheimtu skattskulda sé ábótavant?
11. Hafa nauðasamningar verið reyndir áður en til afskrifta skattskulda kemur? Ef svo er, hversu oft hefur það verið gert hjá einstaklingum og lögaðilum og hve mikið hefur þá fengist greitt upp í skattskuldir? Hafi slík úrræði ekki verið reynd hyggst ráðherra beita sér fyrir að nauðasamningar verði reyndir áður en til afskrifta skattskulda kemur?
12. Hvaða áhrif hefur það haft til breytinga, bæði varðandi skilvirkni og kostnað við búskipti, að bústjóra var með lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði gert að krefjast 150 þús. kr. tryggingar við búskipti?

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á Alþingi fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

233. Tillaga til þingsályktunar [188. mál]

um jöfnun atkvæðisréttar.

Flm.: Viktor B. Kjartansson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fram, fyrir árslok 1996, tillögur um breytingar á kosningalöggjöfinni sem leiða til jöfnunar atkvæðisréttar.

Greinargerð.

Kosningarétturinn er einn af hornsteinum lýðræðisins. Það er grundvallarréttur borgaranna að kjósa fulltrúa á löggjafarsamkomu þjóðarinnar. Því verður að teljast brot á mannréttindum að vægi atkvæða borgaranna sé bundið búsetu en sé ekki jafnt hvar á landinu sem menn búa.

Þegar niðurstöðutölur síðustu alþingiskosninga eru skoðaðar kemur í ljós að vægi atkvæða á einum stað getur verið allt að þrisvar sinnum meira en vægi atkvæðis annars staðar á landinu. Þetta er óréttlæti sem ekki verður búið við öllu lengur.

Oft heyrist nefnt að eðlilegt sé að viðhalda þessu ójafnrétti því að með algjöru jafnræði næðu of fáir þingmenn landsbyggðarinnar kjöri á Alþingi. Þessi málflutningur hlýtur að teljast mjög alvarlegur því verið er að segja að eðlilegt sé að skerða grundvallarmannréttindi borgaranna í því skyni að tryggja ákveðnum íbúum landsins aukið vægi á löggjafarsamkomu þjóðarinnar vegna búsetu þeirra.

Ýmsir telja að undirrót margra rangra ákvarðana, sem teknar hafa verið á síðustu áratugum og nú koma fram í vandamálum þjóðarinnar, megi rekja til þess að meirihlutavilji hennar var hafður að engu í skjóli ójafns vægis atkvæða.

Á síðustu árum hafa nokkrum sinnum verið fluttar tillögur á Alþingi um breytingar á kosningalöggjöfinni til að tryggja jafnræði íbúa landsins. Fyrir síðustu alþingiskosningar var stigið lítið skref í átt til jafnræðis með því að festa svokallaðan flakkara í Reykjavíkurkjördæmi. Hins vegar hefur einkennt þennan málaflokk að Alþingi hefur ekki gefið sér nægan tíma til þess að koma með tillögur, ræða þær og ná samkomulagi milli fulltrúa ólíkra sjónarmiða. Hér er því lagt til að tillögur ríkisstjórnarinnar berist fyrir árslok 1996 þannig að nægur tími fáist til að ræða þær og hrinda nauðsynlegum breytingum í framkvæmd.

234. Þingsályktun [31. mál]

um mótmæli við kjarnorkutilraunum Frakka og Kínverja.

(Afgreidd frá Alþingi 23. nóv.)

Alþingi ályktar að ítreka mótmæli íslenskra stjórnvalda við tilraunum Frakka og Kínverja með kjarnavopn. Alþingi felur ríkisstjórninni að halda áfram að beita sér fyrir og styðja aðgerðir á alþjóðavettvangi sem þrýsta á frönsk og kínversk stjórnvöld að breyta um stefnu og hætta við frekari kjarnorkuvopnatilraunir.

235. Svar [130. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um greiðsluþátttöku foreldra í tannlækningum barna og unglinga.

1. *Hafa reglur um aukna þátttöku foreldra í tannlæknakostnaði barna og unglinga 6–15 ára haft áhrif á heimsóknir þessa aldurshóps til tannlæknis?*

Með lögum nr. 1/1992 og síðar lögum nr. 104/1992 urðu þær breytingar á greiðslum almannatrygginga fyrir tannlækningaþjónustu 6–15 ára barna og unglinga að forráðamönnum þeirra var gert að greiða hluta kostnaðarins en áður var tannlækningaþjónusta þeim að kostnaðarlausu (sjá fskj.).

Erfitt er að gera sér grein fyrir breytingum á ástandi tanna skólabarna og hversu mörg þeirra hljóta ekki fullnægjandi tannlækningaþjónustu því að framkvæmdin hefur verið í tveimur ólíkum kerfum og skýrslugerð er ófullnægjandi.

Í Reykjavík er tannlækningaþjónusta 6–15 ára barna veitt af tveimur aðilum, skólatannlæknum og einkatannlæknum.

Árið 1991 voru skoðaðir 11.426 eða 82% árgangsins af skólatannlæknum og 8.125 eða 58% árgangsins komu til einkatannlækna.

Margir hafa því notfært sér þjónustu í báðum kerfunum og er því ekki hægt að sjá hve margir nutu engrar þjónustu.

Árið 1994 voru skoðaðir 5.307 af skólatannlæknum eða 38% árgangsins en 7.508 komu til einkatannlæknis eða 52% árgansins. Að minnsta kosti 1.544 eða 10% hafa því ekki komið til tannlæknis.

Sú tala gæti þó verið hærri ef einhverjir hafa nýtt sér þjónustu beggja kerfanna. Börnum og unglingum 6–15 ára sem skólatannlæknar í Reykjavík hafa skoðað hefur því fækkað úr 82% árið 1991 í 38% 1994. Þeim sem fá þjónustu hjá einkatannlæknum hefur fækkað úr 58% árið 1991 í 52% árið 1994. Ekki er hægt að segja til um hvort þessi fækkun stafar af fækkun þeirra einstaklinga sem fara bæði til skólatannlæknis og einkatannlæknis eða vegna áhrifa ákvæða sem sett voru um að hver einstaklingur mætti bara fara til eins tannlæknis á hverju skólaári, svonefnds ábyrgðartannlæknis. Einnig getur fækkunin stafað af aukinni hlutdeild sjúklinga í kostnaðinum.

Sambærilegar tölur frá öðrum stöðum á landinu eru ekki til frá árinu 1991.

2. *Hversu mörg börn 6–15 ára, miðað við heildarfjölda barna á þessum aldri:*
   a. *hafa nýtt sér þjónustu skólatannlækna í Reykjavík á ári frá því breytingin varð,*
   b. *nýttu sér þjónustu skólatannlækna í Reykjavík á ári áður en breytingin varð,*
   c. *nýta sér þjónustu einkatannlækna fyrir og eftir að reglum um greiðsluþátttöku var breytt 1992,*
   d. *nýta sér alls ekki þjónustu tannlækna? Óskað er eftir að getið sé fjölda fyrir og eftir umræddda breytingu.*

Samkvæmt skýrslum frá skólatannlæknum var fjöldi þeirra sem nýttu sér þjónustu skólatannlækna sem hér segir:

Árið	Fjöldi barna	%
1991	11.426	82
1992	11.653	85
1993	11.823	86
1994	5.307	38

Samkvæmt skýrslu frá Tryggingastofnun ríkisins var fjöldi þeirra 6–15 ára barna og unglinga í Reykjavík sem nýtti sér þjónustu einkatannlækna sem hér segir:

Árið	Fjöldi barna	%
1991	8.125	58
1992	8.009	57
1993	7.744	56
1994	7.508	52

Sambærilegar tölur frá öðrum stöðum á landinu eru ekki til frá árinu 1991.

Eins og getið er um í svari við fyrstu spurningu komu 1994 a.m.k. 1.544 skólabörn í Reykjavík eða 10% ekki til tannlæknis. Reiknað er með að hvert barn hafi eingöngu farið til eins tannlæknis á árinu. Ekki er hægt að gera sér grein fyrir sambærilegri tölu fyrir árið 1991 því að greinilegt er að hluti skólabarnanna hefur nýtt sér þjónustu bæði hjá skólatannlæknum og einkatannlæknum á sama árinu.

3. Hver eru vanskil vegna tannlækninga þessa aldurshóps hjá skólatannlæknum?

Vanskil hjá skólatannlæknum í Reykjavík voru árið 1992 231 þús. kr. og árið 1993 3,1 millj. kr. sem samsvarar 10% skólaárið 1992/1993 og 19% fyrri hluta skólaársins 1993/1994.

4. Hafa heilbrigðisyfirvöld sambærilegar upplýsingar frá skólatannlæknum og einkatannlæknum um tannlæknaþjónustu við þennan hóp?

Einkatannlæknar hafa ekki verið beðnir um upplýsingar um ástand tanna skólabarna en hjá skólatannlæknum liggja þær upplýsingar fyrir. Upplýsingar um fjölda framkvæmdra aðgerða eftir flokkum liggja fyrir frá báðum aðilum.

Fylgiskjal.

Greiðslur Tryggingastofnunar fyrir tannlækningar barna 15 ára og yngri.
(Eingöngu einkatannlæknar).

		0–5 ára			6–15 ára			
Tímabil	Lög og reglur	Fyrirbyggjandi aðgerðir		Aðrar tannlækn.*	Fyrirbyggjandi aðgerðir		Aðrar tannlækn.*	
1.1.91–27.1.92	L. 67/1971, sbr. l. 122/1989	75%		75%	100%		100%	
28.1.92–15.5.92	L. 1/1992	100%		85%	100%		85%	
							Alm.	**Börn í Rvk.**
16.5.92–31.12.92	Gjaldskrá f. skólatannl.	100%		85%	100%		85%	68%
			Ein sk. á ári			**Ein sk. á ári**		
1.1.93–31.12.93	L. 104/1992	75%	100%	75%	75%	100%	75%	60%
1.1.94	L. 117/1993 samhlj. l. 104/1992							

* Ekki hjá sérfræðingum.

236. Svar [143. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um rekstur leikskóla á vegum sjúkrahúsa.

1. *Hver hefur verið árlegur kostnaður sjúkrahúsanna í landinu af rekstri leikskóla fyrir börn og af vistun barna hjá dagmæðrum frá árinu 1990, reiknað á núgildandi verðlagi?*

Ár	Kostnaður á núgildandi verðlagi, í millj. kr.
1990	155
1991	185
1992	200
1993	193
1994	101

Tölur frá 1990 og 1991 eru áætlaðar þar sem ekki lágu fyrir nákvæmir útreikningar fyrir það tímabil en rekstur hefur væntanlega verið með svipuðum hætti og árið 1993.

Fjárveitingar voru lækkaðar verulega á árinu 1994 eða í 75 millj. kr. hjá stofnunum sem reka leikskóla og voru lækkaðar á árinu 1995 í 53 millj. kr.

2. *Hversu margir leikskólar eru nú reknir af sjúkrahúsunum í landinu og í hvaða sveitarfélögum eru þeir staðsettir?*

Alls eru nú reknir 10 leikskólar af sjúkrahúsum sem ráðuneytinu er kunnugt um. Í Reykjavík eru þrír reknir af sjúkrahúsum og einn af hjúkrunar- og dvalarheimili, í Hafnarfirði einn af sjúkrahúsi og einn af hjúkrunar- og dvalarheimili, á Akureyri og á Akranesi er einn leikskóli rekinn af sjúkrahúsi. Í Mosfellsbæ rekur Reykjalundur leikskóla og í Kópavogi Sunnuhlíð en honum stendur nú til að loka.

3. *Hefur verið stofnað til nýrra leikskóla á vegum sjúkrahúsanna frá árinu 1990 og ef svo er hvar og hvenær?*

Ráðuneytinu er ekki kunnugt um að neinir leikskólar hafi verið opnaðir frá 1990 á vegum sjúkrahúsa landsins.

4. *Eiga allar starfsstéttir sjúkrahúsanna jafnan rétt á leikskólaplássi fyrir börn sín á leikskólum sjúkrahúsanna?*

Þær starfsstéttir sem mestur skortur hefur verið á hafa haft forgang að leikskólaplássum. Hjúkrunarfræðingar hafa haft flest pláss þegar á heildina er litið. Allar starfsstéttir hafa aðgang að plássum ef rými er og eru upplýsingar um að allt frá 5 og upp í 28 starfsstéttir hafi haft aðgang að leikskólum, allt eftir stærð stofnananna.

Vinnuhópur um framtíðarfyrirkomulag leikskólareksturs sjúkrahúsanna skilaði áliti 7. júní 1995. Í þessu áliti segir að sameiginleg niðurstaða vinnuhópsins hafi orðið þannig:

Sjúkrahúsin haldi áfram óbreyttum rekstri til ársins 2000/2005, þó þannig að reglur um forgang verði endurskoðaðar og hertar og úr starfsemi dregið á þeim stöðum þar sem framboð vistrýmis hjá sveitarfélögum vex í samræmi við eftirspurn. Eftir atvikum verði samið við sveitarfélög um afnot þeirra rýma sem ekki eru nýtt af sjúkrahúsunum sjálfum, m.a. vegna hertra reglna. Þar sem slíkir samningar verði gerðir munu fjárveitingar ríkisins endurskoðaðar samhliða.

237. Tillaga til þingsályktunar [189. mál]

um breytingu á merkingum þilfarsfiskiskipa.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að breyta reglugerð um merkingu skipa, nr. 550/1982, hluta N, lið 2.3, en þar segir að þilfarsfiskiskip skuli vera merkt með skipaskrárnúmeri á heppilegum stað á báðum hliðum. Í fyrsta lagi verði sú breyting gerð á að jafnhliða skipaskrárnúmeri komi kallmerki skipsins og í öðru lagi verði hæð kallmerkisstafa á þilfarsskipum með eftirfarandi hætti:

1. Ef skipslengd er á bilinu 24–45 m skal hæð stafa vera 75 sm.
2. Ef skipslengd er 45 m eða lengri skal hæð stafa vera 100 sm.

Stafirnir verði settir á sérstök merkingarspjöld, svartir á lit á ljósum bakgrunni sem gefur endurskin.

Greinargerð.

Reglur um merkingu skipa í núverandi mynd hafa verið í gildi í rúm 12 ár. Þar er gerð krafa um að stærri skip séu auðkennd með umdæmisstöfum og tölum á bóg beggja megin ásamt nafni. Auk þess skulu þilfarsfiskiskip merkt með skipaskrárnúmeri á heppilegum stað á báðum hliðum skipsins.

Tveir helstu gallar núgildandi reglugerðar hvað varðar þilfarsfiskiskip eru að stærð stafa, sem mælt er fyrir um í 4. kafla hennar, er of lítil og að notast er við skipaskrárnúmer í stað kallmerkis. *Sá merkingarháttur að merkja með skipaskrárnúmeri er sérískenskt fyrirbæri sem ekki þekkist erlendis.* Hins vegar eru kallmerki skipa alþjóðlegt kerfi sem fletta má upp í alþjóðlegum skipaskráningarbókum. Með þeirri breytingu sem orðið hefur á sókn íslenskra fiskiskipa, fjær landi og til fjarlægra miða, hlýtur sú krafa að koma fram frá erlendum aðilum sem sinna eftirliti á hafinu að íslensk fiskiskip verði merkt á þann hátt sem samræmist alþjóðlegum merkingum fiskiskipa. Hvað varðar stærð stafa hlýtur það að teljast ákveðinn öryggisþáttur að hafa slíkar merkingar afgerandi þannig að þær séu nokkuð auðlesnar, t.d. frá þyrlum, og þannig sé auðvelt að þekkja skipið ef neyðarástand skapast. Staðsetning merkingarskilta á skipi yrði að taka mið af því hversu vel skiltin sæjust bæði frá sjó og úr lofti og því eðlilegt að efri brún spjalds hallaði um tíu gráður til að auðvelda aflestur úr flugvél.

Í núgildandi reglugerð um merkingu íslenskra fiskiskipa eru ákvæði þess efnis að ef skip eru minni en 30 brt (undir 20 m að lengd) skal hæð stafa vera 25 sm en á skipum stærri en 30 brt (yfir 20 m að lengd) skal hæð stafa vera 45 sm. Þar sem íslensk fiskiskip undir 30 brt hafa ekki kallmerki yrði sú skráningarskylda sem nú gildir að vera áfram við lýði fyrir hin smærri fiskiskip, enda ætti slíkt ekki að koma að sök, a.m.k. ekki vegna sóknar á fjarlæg mið.

Ætla má að einhvern aðlögunartíma þurfi fyrir útgerðir og Siglingamálastofnun, sem og Tilkynningarskyldu íslenskra skipa, ef og þegar þessi breyting nær fram að ganga, en þó ætti að vera óþarft að hafa hann lengri en tvö ár.

238. Tillaga til þingsályktunar [190. mál]

um tilkynningarskyldu olíuskipa og annarra skipa sem sigla með hættulegan varning.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að móta skýrar reglur um tilkynningarskyldu og afmörkun siglingaleiða olíuskipa og annarra skipa sem sigla með hættulegan varning inn í íslenska efnahagslögsögu, m.a. heimildir til tafarlausrar stöðvunar ef vart verður mengunar. Reglurnar nái einnig til olíuskipa í siglingum milli hafna hér á landi. Enn fremur verði sett skýr ákvæði er banna öllum skipum losun á „ballest“ nema í ákveðinni, tiltekinni fjarlægð frá landi (eða á ákveðnu dýpi).

Jafnframt verði mótaðar reglur um hvaða ráðuneyti og stjórnsýslustofnanir fari með forræði um allar aðgerðir sem grípa þarf til þegar mengungarslys verða á sjó eða við strendur landsins.

Greinargerð.

Með lögum nr. 14/1979 var ríkisstjórninni veitt heimild til að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu. Þeir samningar mæla annars vegar fyrir um íhlutun strandríkis á úthafinu þegar óhöpp verða sem valda eða geta valdið olíumengun og hins vegar um ábyrgð á tjóni af völdum olíumengunar. Þá eru einnig í gildi lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar. Framangreind lög og samningar veita strandríkjum þó ekki rétt til að gera neinar ráðstafanir er takmarkað geta umferð olíuskipa og annarra skipa sem sigla með hættulegan varning um efnahagslögsögu þeirra.

Með hliðsjón af undirstöðuatvinnuvegi Íslendinga og megintekjum af erlendum viðskiptum, sem m.a. byggjast á einstökum ómenguðum náttúruauðlindum hafsins umhverfis Ísland, er um brýnt mál að ræða. Fjölmörg strandríki hafa sett reglur um losun á „ballest“ til að koma í veg fyrir mengun sjávar og vernda lífríkið. Mikið er í húfi fyrir Íslendinga í þessum efnum eins og áður segir og rétt að hafa í huga að mistök í þessum efnum geta vissulega valdið miklum skaða í laxveiðiám. Alvarleg mengunarslys hér á landi hafa sem betur fer ekki orðið. Full ástæða er þó til ýtrustu varkárni í því efni, sbr. strand danska flutningaskipsins Erik Boye hér við land í júlí 1992 og flutningaskipsins Carvik frá Kípur í september 1994. Rétt er að rekja málsatvik í þessum tilfellum aðeins nánar.

Strand flutningaskipsins Erik Boye í júlí 1992.

Danska flutningaskipið Erik Boye strandaði á skeri í höfninni á Breiðdalsvík að kvöldi 28. júlí 1992. Skipið var að fara frá bryggju þegar óhappið varð, en það hafði losað hluta af saltfarmi á staðnum. Enginn hafnsögumaður var um borð í skipinu. Morguninn eftir strandið kom varðskipið Óðinn á staðinn og einnig tveir starfsmenn mengunardeildar Siglingamálastofnunar. Þegar var hafist handa við að reyna að dæla sjó úr skipinu, en þá hafði afturskipið (vélarrúm og íbúðir) fyllst af sjó. Einnig var flotgirðing sett utan um

skipið til að hindra frekari mengun, en gat var komið á einn olíutank þess. Ekki tókst að dæla sjó úr skipinu til að losa það. Var þá gripið til þess að dæla allri olíu úr skipinu, tæplega 50.000 lítrum. Síðan var varðskipinu lagt utan á Erik Boye og saltfarmurinn, sem var um 870 tonn, hífður um borð í varðskipið og fluttur með tveimur minni bátum í land á Breiðdalsvík. Þannig tókst að losa skipið af strandstað og koma því að bryggju á Breiðdalsvík. Með þessum aðgerðum tókst að koma í veg fyrir stórfellda mengun og skemmdir á lífríki Breiðdalsvíkur en þar er nokkurt æðarvarp og einnig laxveiðiá.

Strand flutningaskipsins Carvik í september 1994.

Fimmtudaginn 22. september 1994 steytti flutningaskipið Carvik frá Kípur, sem er 16.200 tonn, á skeri rétt fyrir utan Hafnarfjarðarhöfn. Þegar skipið losnaði varð vart olíubrákar á sjónum og var þá ákveðið að stefna því til hafnar á Grundartanga í Hvalfirði til að kanna skemmdirnar, en þangað var ferð skipsins heitið á vegum Elkem til að lesta 7.000 tonn af málmblendi sem fara áttu til Japan. Starfsmenn Siglingamálastofnunar og Reykjavíkurhafnar komu með mengunarvarnabúnað til Grundartanga um kvöldið, en skipið lagðist að bryggju þar um kl. 21.30. Einskis olíuleka varð þá vart.

Síðar kom í ljós að skemmdir á skipinu reyndust meiri en talið var í fyrstu. Í ljós komu fimm göt á skrokknum og eitt sem var á olíutanki sýnu stærst. Aðeins um 5 tonn af olíu virtust þó hafa lekið úr skipinu og má þakka köldum sjónum á þessum árstíma að ekki lak meira út. Þrátt fyrir að ekki færi meira magn af olíu í sjóinn þurfti að hreinsa á 200 tonn af olíumenguðum þara úr fjörunni í Bakkavík á Seltjarnarnesi. Mikið af æðarfugli drapst af þessum sökum.

Skipið lét úr höfn og hélt utan 28. september eftir að samkomulag hafði náðst við hafnsögubátinn í Hafnarfirði um rösklega 2 millj. kr. greiðslu og eigendur og tryggingafélag skipsins höfðu sett 10 millj. kr. tryggingu vegna tjóns sem olíulekinn olli en auk hafnsögubátsins höfðu Siglingamálastofnun, Reykjavíkurhöfn, Seltjarnarnesbær og Húsdýragarðurinn lagt fram bótakröfur.

Í sjóprófum vegna slyssins kom fram að skipið kom að landi nokkru fyrr en áætlað var. Skipstjórinn hafði reynt að ná sambandi við hafnsögubátinn til að láta vita um breyttan komutíma en náði ekki sambandi. Skipið hafði síðan stöðvað við bauju þar sem gert var ráð fyrir að hafnsögumaður kæmist um borð. Haugasjór var þennan dag, um átta vindstig, og skipið hraktist því innar og tók að lokum niðri. Skipinu tókst að komast af strandstað fyrir eigin vélarafli á næsta flóði.

Olíuslysið við Hjaltland í janúar 1993.

Vart er þörf að minna á þá alvarlegu hættu sem mengunarslys á sjó geta haft í för með sér en til að gefa nokkra hugmynd um það skal minnt á mengunarslys sem varð við Hjaltland í janúar 1993. Í ritinu Náttúrufræðingurinn, sem gefið er út af Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, birtist eftirfarandi grein eftir þá Davíð Egilsson, hjá Siglingamálastofnun ríkisins, og Ævar Petersen, hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, um áhrif og afleiðingar strands olíuskipsins Braer:

„Olíuflutningaskipið Braer strandaði nærri syðsta odda Hjaltlands þriðjudaginn 5. janúar 1993. Skipið var á leið frá Noregi til Kanada með olíufarm úr Norðursjónum og um 85.000 tonn af jarðolíu fóru í sjóinn. Atburðarásin er rakin í eftirfarandi grein og leitast er við að svara nokkrum spurningum sem óhjákvæmilega vakna við óhöpp sem þetta.

HJALTLAND

Um 200 km norður af Skotlandi liggur eyjaklasinn Hjaltland. Eyjarnar eru um 100 talsins og eru tæplega 20 þeirra byggðar. Þær eru láglendar, ströndin vogskorin og klettótt. Flatarmál eyjanna er rúmlega 1.400 km^2 og íbúarnir um 22.500. Stærstu eyjarnar eru Mainland, sem er þeirra langstærst, Yell og Unst. Stjórnsetur er í Leirvík á Mainland.

Atvinnuvegir.

Um þriðjungur íbúanna hefur lífsviðurværi af sjávarfangi, þ.e. fiskeldi, fiskveiðum og skelfiskveiðum. Aðrir helstu atvinnuvegir Hjaltlendinga eru sauðfjárrækt og hrossarækt (Hjaltlandshestur). Þá gegna eyjarnar mikilvægu hlutverki í þjónustu við bresku olíuvinnslusvæðin í Norðursjó og olíuleiðslur liggja þar á land.

Lífríki.

Umhverfis eyjarnar eru gjöful fiskimið og veiðist þar einkum þorskur, síld og makríll auk ýmissa tegunda af skelfiski. Mikilvægar hrygningarstöðvar síldar eru á milli Hjaltlands og Orkneyja. Á þessum slóðum hrygnir síldin í ágúst og september og þaðan rekur lirfur og seiði fram hjá suðurodda Hjaltlands og inn í Norðursjó (Norðursjávarstofn sem skiptist í þrjá undirstofna).

Á Hjaltlandi eru mörg mikilvæg náttúruverndarsvæði og eru sum þeirra friðlýst en önnur ekki. Þrettán þeirra hafa verið skilgreind sem alþjóðlega mikilvæg fyrir fuglalíf. Tvö þessara verndarsvæða, Sumburgh Head og Loch Spiggie, eru syðst á eyjunum, skammt frá þar sem Braer strandaði í janúar 1993. Á fyrrnefnda staðnum verpa ekki færri en 25 þúsund sjófuglapör, mest langvíur og lundar, en Loch Spiggie er vetrardvalarstaður álfta. Á sundinu milli Hjaltlands og Orkneyja er einnig eyjan Fair Isle, en þar hefur verið rekin ein kunnasta fuglarannsóknastöð í heimi síðan 1948.

Sem varpstöð fugla er Hjaltland þýðingarmest fyrir sjófugla. Rannsóknir sjófuglafræðinga sýna að umhverfi eyjanna er viðkvæmt á öllum tímum árs vegna þeirrar fuglamergðar sem þar er að finna. Eyjarnar eru einnig eindæma vel staðsettar í leið farfugla frá norðlægari slóðum, bæði vestan hafs og austan. Fair Isle er mjög vel þekkt fyrir margs konar flækingsfugla sem þar hafa sést.

Íslenskir farfuglar koma við á þessum eyjum, t.d. skógarþrestir, álftir, þúfutittlingar, maríuerlur og grágæsir. Olíuslysin eru þó hættulegust sjófuglum. Á þessum slóðum dvelja norrænir sjófuglar, bæði um fartíma og yfir vetrarmánuðina, auk heimafuglanna. Mest ber á færeyskum fuglum, svo sem langvíum og lundum, en einnig koma þangað fuglar frá Íslandi og Noregi. Íslenskar álkur halda sig eitthvað á þessu hafsvæði, svo og súlur. Talið er að hávellur frá Íslandi hafi þarna vetursetu en flórgoði og himbrimi eru viðkvæmastir af þeim fuglum okkar sem gætu dvalist á þessum slóðum. Íslenska flórgoðastofninum hefur stöðugt hrakað, hvað sem veldur, og himbrimar eru fáir. Árið 1979, sama mánaðardag og Braer fórst, varð mikið olíuslys við Sullom Voe á Hjaltlandi þar sem tugþúsundir fugla fórust, þar af hátt á annað hundrað himbrima. Var talið að þessir fuglar væru íslenskir en hafi það verið rétt var um að ræða mikla blóðtöku fyrir íslenska stofninn sem varla telur fleiri en eitt þúsund fugla.

BRAER STRANDAR

Olíuflutningaskipið Braer strandaði nærri syðsta odda Hjaltlands er það var á leið frá Noregi til Kanada með olíufarm úr Norðursjó. Talið er að um 85.000 tonn af óhreinsaðri jarðolíu hafi verið um borð í skipinu. Þetta er tvöfalt meira magn en var um borð í olíuflutningaskipinu Exxon Valdez þegar það strandaði við Alaska 1989 og svipað magn og var í olíuflutningaskipinu Aegean Sea sem brotnaði í spón við La Coruna á Spánarströndum í desember 1992. Olíuskipið Braer var smíðað árið 1975, skráð í Líberíu en útgerðin er bandarísk.

Þegar Braer var statt um 10 sjómílur suður af syðsta odda Hjaltlands stöðvuðust báðar aðalvélar skipsins. Þá var sunnan hvassviðri á þessum slóðum og afar slæmt veður. Áhöfninni, 34 mönnum, var bjargað í þyrlu en ekki tókst að bjarga skipinu sem fimm klukkustundum síðar rak upp í Garthnesskletta við Quendaleflóa syðst á Hjaltlandi.

Sakir illviðra, og oft beinlínis fárviðris, var sáralítið unnt að gera til að koma í veg fyrir að olía bærist í sjóinn og upp á strendur. Svo fór á endanum, 12. janúar, að skipið nánast brotnaði í fjóra hluta í veðri sem fylgdi dýpstu lægð sem mælst hefur á þessum slóðum. Ekki tókst að bjarga neinu af olíunni úr tönkum skipsins.

Olía.

Kolvetni (e. hydrocarbons) kallast þau efni sem eingöngu innihalda kolefni (C) og vetni (H). Metangas, CH_4, er einfaldasta kolvetnið og er það loftkennt (gas) við venjuleg skilyrði. Eftir því sem sameindirnar stækka (fleiri kolefnis- og vetnisatóm) hækkar suðumarkið. Kolvetni sem innihalda 1–5 C-atóm í sameind eru gastegundir. Ef 6–20 C-atóm eru í sameind mynda þau olíur en lengri kolvetniskeðjur mynda tjöru og bik.

Olía í sjó.

Olía er blanda kolvetna og er blandan því flóknari sem olían er minna hreinsuð. Olía er nánast óleysanleg í vatni. Hún leysist ekki upp þegar hún er hrist kröftuglega saman við vatn heldur myndar hún sviflausn. Þegar kyrrð kemst á skilja vökvarnir sig aftur.

Margir þættir stjórna því hvernig olía berst um í vatni. Má þar nefna gerð olíunnar, sjávarföll og strauma, auk veðurlags, sem ákvarðar að hve miklu leyti olían blandast lóðrétt í sjónum. Þung jarðolía getur myndað yfirborðsþekju sem rekur að mestu undan veðri og vindum, en dýpri straumar hafa lítil áhrif á rekið. Þess konar olía getur þakið strendur og haft veruleg áhrif á fuglalíf og sjávarspendýr á strandsvæðum. Olían, sem Braer flutti, var frá Gullfakssvæðinu í Norðursjónum en hún er tiltölulega létt af jarðolíu að vera. Við veðuraðstæður eins og voru við Hjaltland eftir óhappið blandaðist þessi létta olía fljótt við sjóinn og barst að miklu leyti með sjávarföllum og straumum. Í slíkum tilfellum getur upphrærð olían fest við smáagnir sem eru á floti í sjónum, einkum þær sem gruggast upp við mikið öldurót er fylgir ofsaveðri.

Olíumengun.

Fljótlega eftir strandið tók olía að leka úr flakinu. Segja má að náttúran sjálf hafi tekið völdin af mönnum við Hjaltland þar sem óveður geisaði dögum saman eftir slysið og engum björgunaraðgerðum varð við komið. Þegar loks dró úr veðurofsanum hafði mestur hluti olíunnar sundrast, blandast við sjóinn og botnsetið eða gufað upp. Vindar blésu einkum af suðvestri dagana eftir strandið og barst olían á yfirborði norður eftir allri vesturströndinni. Ólíkt því sem almennt var búist við barst hins vegar allnokkur hluti olíunn-

ar suðaustur fyrir eyjarnar. Skýringin er talin vera sú að vegna veðurofsans, ásamt tilheyrandi ölduróti, hafði olían blandast mikið við sjóinn og hafði það í för með sér að hún barst meira með straumum sem liggja undir yfirborði en með yfirborðsstraumum og festist á upphrært set. Þegar setið settist til botns var það orðið allolíumengað. Með fyrirvörum um allmikil skekkjumörk er talið að um 30% af því magni sem var um borð í Braer liggi nú á sjávarbotni. Umtalsvert magn, sem ótvírætt er talið komið frá Braer, hefur fundist blandað í seti í allt að 50 km fjarlægð frá strandstaðnum.

ÁHRIF Á LÍFRÍKI

Það var í raun lán í óláni að óhappið varð snemma á árinu þegar líf er frekar í lágmarki. Á hinn bóginn hafa áhrifin trúlega orðið víðtækari og varanlegri en ella vegna þess hvað olían blandaðist mikið við sjóinn og botnsetið.

Mengunin í setinu er þó langmest næst strandstaðnum. Hið sama kemur einnig fram í skeldýrasýnum frá þessum slóðum. Fyrstu sýni úr holdi krabba gáfu til kynna verulega meiri olíu en vant er. Það sama á raunar við um flatfiska sem veiddir voru fyrstu dagana eftir óhappið. Eins fannst ótvírætt olíubragð af þeim fiskum sem voru hvað mengaðastir, bæði villtum og þeim sem voru í kvíum. Hins vegar virðist hafa dregið úr olíumengun í þeim eftir því sem frá leið.

Tæpum mánuði eftir slysið höfðu fundist um 1.500 olíumengaðir fuglar og 30 spendýr. Langflestir fuglanna voru toppskarfar en einnig drápust margar teistur, hávellur, æðarfuglar og ritur. Alls fundust um 30 fuglategundir sem lent höfðu í olíu. Spendýrin voru flest útselir. Flestir telja að betur hafi farið en á horfðist, einkum varðandi himbrima. Toppskarfsstofninn galt samt afhroð, enda drapst allt að helmingur þeirra fugla sem verpa á þessum slóðum. Það sýnir að olíuslys geta haft uggvænlegar afleiðingar á takmörkuðu svæði þótt áhrif séu lítil fyrir stofna í heild.

Olíumengun á landi.

Talið er að um 40–50 km^2 lands hafi mengast í upphafi en um mánuði síðar töldu yfirvöld óhætt að leyfa aftur beit á 30–35 km^2 af bithögunum. Talið er að um 23.000 fjár, sem annars hefði verið í sínum venjulegu högum, hafi verið flutt til og fóðrað sérstaklega. Þessar ráðstafanir urðu nokkru viðameiri en ella vegna þess að komið var nærri sauðburði sem hefst í mars á Hjaltlandi. Að auki voru um 460 kýr og 100 hross fóðruð sérstaklega.

EFNAHAGSLEGT TJÓN

Íbúar Hjaltlands eru um 22.500 og lifir um þriðjungur þeirra af sjávarútvegi, þ.e. fiskeldi, fiskveiðum og skelfiskveiðum. Um 100 fiskiskip nýta miðin umhverfis eyjarnar og nema árlegar tekjur af veiðunum um 23,5 milljónum sterlingspunda. Við strendur Hjaltlands er talsvert fiskeldi, eða 55 stöðvar. Árlegar tekjur af fiskeldisafurðum eru um 35 milljónir sterlingspunda. Talið er að árlegar tekjur af sjávarfangi séu þrefalt meiri en samanlagðar tekjur af ferðamönnum, landbúnaði og ullariðnaði.

Slysið hefur haft veruleg áhrif á allt atvinnulíf Hjaltlendinga. Stórar verslunarkeðjur í Bretlandi lýstu því yfir fljótlega eftir óhappið að þær mundu ekki kaupa eldisfisk frá Hjaltlandi. Yfirvöld á eyjunum brugðust hart við og bönnuðu sölu afurða frá tilteknu svæði í grennd við slysstaðinn á almennum markaði til að koma í veg fyrir verðhrun. Á því svæði voru 18 fiskeldisstöðvar með árlegar tekjur upp á um 11 milljónir sterlingspunda. Um 600 manns starfa við fiskeldisstöðvarnar og af þeim um 100 á framan-

greindu bannsvæði. Tryggingafélög ákváðu í samvinnu við eigendur eldisstöðva að slátra hluta eldisfisksins strax.

Tjón fiskimanna er erfiðara að meta. Ljóst er að bæði fiskur og skelfiskur frá bannsvæðinu verður ekki seldur á næstunni. Verið er að meta hvernig greiða skuli bætur vegna tapaðra tekjumöguleika fiskimanna.

Tjón bænda hefur einnig orðið nokkurt. Verslunarkeðjur lýstu því yfir að þær mundu gaumgæfa hvort ull frá Hjaltlandi yrði notuð sem hráefni í framleiðslu. Eins og getið er hér að framan var talsvert af búpeningi flutt frá heiðbundnum högum og hann fóðraður sérstaklega. Hluti uppskerunnar mengaðist einnig.

AÐGERÐIR TIL MÓTVÆGIS

Þegar óhöpp af þessari stærðargráðu verða er fljótlega farið að ræða um hvernig draga megi úr hugsanlegum áhrifum þeirra. Slíkar aðgerðir eru oft nefndar mótvægisaðgerðir sem er heppilegra orð en björgunaraðgerðir, enda oft sáralitlu að bjarga. Hinn sýnilegi skaði er yfirleitt mestur þar sem olía berst á grunnsævi og strendur. Þess vegna er yfirleitt reynt að hefja aðgerðir áður en slíkt gerist.

Þriggja kosta er jafnan völ. Sá fyrsti er að gera ekki neitt, annar er að reyna að hefta útbreiðslu olíunnar með því að safna henni saman og fjarlægja og þriðji kosturinn er að blanda í hana efnum sem auðvelda eiga niðurbrot.

Hver aðferð hefur sína kosti og galla. Því miður hefur reynsla undanfarinna ára sýnt að mótvægisaðgerðir geta á stundum gert meira ógagn en gagn. Því þarf að vanda val á aðgerðum og meta líkleg áhrif þeirra strax í upphafi. Það skiptir sköpum að þjóðir komi sér upp viðbúnaði og þjálfi fólk til að bregðast við óhöppum og hafi tiltækar viðbragðsáætlanir er taki til mismunandi aðstæðna.

Eins og áður er getið er olía í sinni einföldustu mynd samsafn keðja úr kolefnis- og vetnisatómum. Keðjurnar eru alla jafna langar og stórar um sig. Við náttúrulegar aðstæður loða þessar stóru keðjur vel saman sem veldur því að örverur, sem geta nýtt þær sem fæðu, komast illa að þeim. Olían brotnar því hægt niður við venjulegar kringumstæður. Sundrunarefni (dispersants) draga úr yfirborðsspennu milli vatns og olíu. Tilvist þeirra sundrar því olíunni í minni dropa. Olían dreifist um vatnið og við það eykst til muna það yfirborð olíunnar sem snertir vatnsfasann og þar með aðgangur örvera og súrefnis að olíunni. Þetta eykur hraða niðurbrots til muna, en jafnframt geta komið fram eitrunaráhrif sem fylgja niðurbroti olíunnar. Þessi áhrif geta orðið mun víðtækari en ella þar sem sundrunarefnin hafa valdið því að olían er dreifð um vatnið í stað þess að fljóta að mestu á yfirborði. Þess vegna eru mjög skiptar skoðanir um notkun sundrunarefnanna. Til að mynda hafa Englendingar notast mikið við þau, en aðrir, þar á meðal Norðmenn, hafa til þessa talið vænlegra að króa olíuna af og nota sérstakan búnað til að ná henni upp. Einkum er umdeilt að nota sundrunarefni nærri strandsvæðum þar sem olían með sundrunarefnunum binst botnseti og getur haft langvarandi áhrif á botndýralíf og borist þannig áfram í lífverur á strandsvæðunum. Þess ber þó að geta að á síðari árum hafa komið á markaðinn sundrunarefni sem hafa mun minni aukaverkanir en eldri efni (GESAMP 1993).

Um 120 tonnum af sundrunarefni var sprautað úr lofti á olíuslikjuna úr Braer meðan á fárviðrinu stóð (IPIECA 1993). Notkun var hætt vegna mótmæla eyjarskeggja.

SPURNINGAR SEM VAKNA

Óhjákvæmilega hafa margar spurningar vaknað við þennan atburð og má þar nefna:

1. Hvernig gátu báðar aðalvélar skipsins orðið afllausar samtímis?

Sumar heimildir nefna að vatn og mengunarefni hafi verið í brennsluolíu skipsins og þar hafi farið saman tækjabilun, hirðuleysi og mannleg mistök. Aðrir fullyrða að skipið hafi verið vel búið og vel mannað en vegna fárviðrisins hafi lok á öndunarrörum eldsneytistanka brotnað og sjór borist með þeim hætti í tankana.

2. Hvers vegna má skip sigla svo nærri landi með jafnhættulegan farm og raun ber vitni og hvernig er þessum málum háttað hér á landi?

Við Hjaltland eru ákveðin hafsvæði skilgreind sem viðkvæm og er þeim tilmælum beint til skipstjóra tankskipa að forðast þessi svæði. Þau eru hins vegar ekki mikil að flatarmáli og Braer var utan þeirra þegar slysið varð. Bresk yfirvöld brugðust við með því að kalla saman hagsmunaaðila er tengjast siglingum og ræða málin. Niðurstaðan varð sú að þeir sem reka tankskip fallast á það sjálfviljugir að hlíta ströngum reglum í grennd við viðkvæm svæði á Bretlandseyjum. Þá var ljóst að inn í reglurnar kæmu ákvæði um viðbúnað til að auðvelda drátt á skipum.

Hér á landi hafa reglur um sérstakar siglingaleiðir fyrir tankskip ekki séð dagsins ljós, en væntanlega munu Íslendingar fara svipaða leið og Bretar.

3. Hvernig fer með bætur?

Þegar þetta er skrifað liggur ekki ljóst fyrir endanlegt tjón eða meðferð bóta. Ljóst er hins vegar að hér eiga við ákvæði í alþjóðasamningum um einkaréttarlega ábyrgð og sjóð til að bæta olíumengunaróhöpp. Þær kröfur um bætur, sem lágu fyrir sjóðnum og búið var að samþykkja í maí 1993, námu um 9.720.000 sterlingspundum, eða um einum milljarði íslenskra króna miðað við gengið í september 1993. Þá var eftir að taka afstöðu til um þriðjungs af fjölda fyrirliggjandi krafna.

Þar fyrir utan þykir líklegt að kostnaður breskra stjórnvalda vegna viðbragðsaðgerða sem sjóðurinn verður krafinn um greiðslu á verði af stærðargráðunni 2 milljónir sterlingspunda. Þetta er engan veginn endanleg tala en gefur hugmynd um þann gífurlega kostnað sem fylgir óhöppum af þessu tagi þrátt fyrir að veður hafi að miklu leyti komið í veg fyrir kostnaðarsamar hreinsiaðgerðir.

4. Hvernig er viðbúnaði háttað hér á landi?

Við eigum talsvert langt í land með að búnaður hér sé fullnægjandi, en benda má á að nokkur hreyfing hefur orðið í rétta átt á undanförnum árum. Meðal annars hefur umhverfisráðuneytið veitt fjármagn til að koma fyrir lágmarksbúnaði til varnar olíumengun í mörgum stærstu höfnum landsins.

Árlega eru flutt til Íslands u.þ.b. 584.000 tonn af olíu. Hún er yfirleitt flutt með olíuskipum með burðargetu um 20.000 tonn, en stærstu skipin bera um 30.000 tonn. Því koma 20–25 farmar til landsins á ári. Olían er að mestu unnin, þ.e. bensín, dísilolía, svartolía og flugvélabensín, og er almennt mun léttari en jarðolía sem flutt er í hreinsistöðvar. Þessi olía gufar mun hraðar upp en þung jarðolía en hrærist jafnframt betur upp í sjónum við mikinn öldugang. Sé tekið tillit til veðurfars og sjólags við Íslandsstrendur má álykta að áhrif óhapps á borð við Braer-slysið gætu orðið svipuð hér og þar. Tölfræðilegar líkur á slíkum óhöppum eru að sönnu ekki miklar en við verðum að vera undir það búin að bregðast skjótt við því að til að milda áhrifin skipta fyrstu viðbrögð höfuðmáli.“

Fjölmörg önnur mengunarslys mætti tiltaka en með þeim dæmum, sem hér hafa verið nefnd, má ljóst vera að full ástæða er til að taka þessi mál til alvarlegrar athugunar bæði hvað varðar aðgerðir til að koma í veg fyrir að slík óhöpp verði hér við land og þær varúðarráðstafanir sem grípa þarf til þegar slys hefur átt sér stað. Með hliðsjón af því er þessi þingsályktunartillaga lögð fram.

Eins og sjá má hér að framan er að mörgu að hyggja í þessum málum. Komið hefur í ljós að í flestum tilfellum þegar erlend skip hafa lent í óhöppum við Ísland hefur enginn hafnsögumaður verið um borð. Með skýrari reglum um tilkynningarskyldu hefði hugsanlega verið hægt að koma í veg fyrir mörg þeirra slysa.

Strand Eriks Boye reyndi á stjórnsýslu ríkisins. Þar komu að ýmis ráðuneyti og sýndist sitt hverjum um valdsvið hinna. Í því máli kom vel í ljós vanmáttur íslensku stjórnsýslunnar hvað varðar „íhlutun", jafnvel innan íslensku landhelginnar.

Rétt er að hafa í huga þegar skýrar reglur um „íhlutun" verða settar í íslensk lög að framkvæmdarvaldið verði á hendi þeirrar stofnunar sem sér um löggæslu umhverfis landið, þ.e. Landhelgisgæslu Íslands.

239. Frumvarp til laga [191. mál]

um rannsókn flugslysa.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

Ákvæði laga þessara taka til flugslysa og flugatvika, þar með talin flugumferðaratvik, í lögum þessum nefnd flugslys, eins og þau eru skilgreind í alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

Með flugslysarannsóknum er átt við þá sérstöku málsmeðferð þar sem kveðið er á um í lögum þessum og alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

Flugslysarannsóknir samkvæmt lögum þessum miða að því einu að koma í veg fyrir að flugslys endurtaki sig og að öryggi í flugi megi aukast.

Um rannsókn á meintri refsiverðri háttsemi í tengslum við flugslys fer samkvæmt lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, og er slík rannsókn óháð rannsókn flugslysa samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Rannsóknarnefnd flugslysa annast rannsókn allra flugslysa samkvæmt lögum þessum og alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

Í rannsóknarnefnd flugslysa eiga sæti fimm menn. Einn skal vera formaður nefndarinnar og annar varaformaður. Samgönguráðherra ræður þá sérstaklega til starfa í nefndinni, en skipar aðra nefndarmenn til fjögurra ára í senn.

Rannsóknarnefnd flugslysa hefur aðsetur í Reykjavík.

Allur kostnaður við starfsemi nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Formaður rannsóknarnefndar flugslysa er jafnframt rannsóknarstjóri hennar. Varaformaður er staðgengill hans.

Formaður skal hafa sérmenntun, þjálfun og starfsreynslu á sviði flugslysarannsókna. Aðrir nefndarmenn skulu hafa menntun og starfsreynslu á þeim sviðum sem sérstaklega nýtast við flugslysarannsóknir.

4. gr.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna og starfsmanna rannsóknarnefndar flugslysa fer eftir II. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

5. gr.

Lögsaga rannsóknarnefndar flugslysa tekur til íslensks yfirráðasvæðis, svo og alls hins íslenska flugstjórnarsvæðis að því að varðar flugumferðaratvik.

6. gr.

Rannsóknarnefnd flugslysa starfar sjálfstætt og óháð stjórnvöldum og öðrum rannsóknaraðilum, ákæruvaldi og dómstólum. Hún ákveður sjálf hvenær efni eru til rannsóknar flugslyss.

Nefndin getur krafið Flugmálastjórn um aðgang að hvers konar gögnum sem nauðsynleg eru við rannsókn máls.

Flugmálastjórn, Rannsóknarlögreglu og lögreglu er skylt að veita nefndinni nauðsynlegar upplýsingar og aðstoð við rannsókn máls.

7. gr.

Rannsóknarnefnd flugslysa skal gera tillögur um úrbætur í flugöryggismálum eftir því sem rannsókn á orsökum flugslysa gefur tilefni til. Tillögurnar skal birta opinberlega.

Nefndin skal í lok hvers starfsárs semja yfirlit um hvernig tillögum hennar hefur verið framfylgt og senda það samgönguráðherra.

8. gr.

Nú verður flugslys, sbr. 1. og 5. gr. og ber þá sérhverjum sem um það veit að tilkynna það rannsóknarnefnd flugslysa tafarlaust. Sérstaka skyldu í þessu efni hefur Flugmálastjórn

Sama gildir um hvern þann sem finnur loftfar eða aðra hluti við aðstæður er benda til þess að flugslys hafi orðið.

9. gr.

Hafi flugslys orðið, sbr. 1. og 5. gr., má hvorki hreyfa né nema á brott loftfarið, hluta þess, innihald þess né verksummerki slyssins uns rannsókn er lokið nema rannsóknarnefnd flugslysa hafi heimilað það.

Án slíks leyfis má þó hreyfa, flytja til eða nema á brott loftfarið, hluta þess eða innihald að svo miklu leyti sem nauðsynlegt reynist til að frelsa menn eða dýr, ná pósti úr loftfari, afstýra spjöllum af eldi eða öðrum orsökum eða koma í veg fyrir að loftfarið, hluti þess eða innihald valdi háska eða almenningi miklum baga.

10. gr.

Rannsóknarnefnd flugslysa og starfsmenn hennar skulu hafa óhindraðan aðgang að vettvangi flugslyss, eins þótt um staði í einkaeign sé að ræða.

Nefndin og starfsmenn hennar hafa sjálfstæðan rétt til að kveðja sér til aðstoðar lögreglu, svo og annað björgunar- og hjálparlið. Er lögreglu skylt að veita nefndinni þessa rannsóknaraðstoð.

Nefndin og starfsmenn hennar hafa rétt til skýrslutöku og gagnasöfnunar á vettvangi eftir eigin mati, sbr. 11. gr.

Yfirstjórn vettvangsrannsóknar er í höndum nefndarinnar og starfsmanna hennar.

11. gr.

Rannsóknarnefnd flugslysa og starfsmönnum hennar er heimilt að krefjast framlagningar á bókum, öðrum skjölum og upptökum er varða loftfarið og áhöfn þess, taka skýrslur af eiganda, notanda eða umráðanda loftfarsins, áhöfn þess og hverjum öðrum sem ætla má að kunni að geta veitt vitneskju er stuðli að því að leiða í ljós orsök slyssins.

Nefndin getur leitað aðstoðar rannsóknastofnana, innlendra eða erlendra, eftir því sem nauðsynlegt er við rannsókn flugslyss. Innlendum aðilum er skylt að veita nefndinni þessa aðstoð.

Rannsóknarnefnd flugslysa er heimilt að kalla til starfa með nefndinni sérfræðinga á tilteknum sviðum telji hún það nauðsynlegt.

12. gr.

Rannsóknarnefnd flugslysa ákveður hvenær loftfar eða hlutar þess, sem rannsóknin beinist að, eru látnir af hendi.

Nefndin getur haldið loftfari eða hverjum hluta þess sem er, svo lengi sem hún telur þörf vegna rannsóknarinnar.

13. gr.

Rannsóknarnefnd flugslysa er heimilt að hljóðrita skýrslur aðila og vitna.

Nefndin afritar það af upptöku sem hún telur máli skipta varðandi rannsókn máls. Ella skulu aðalatriði skýrslna aðila og vitna skráð.

Skýrslur aðila og vitna skulu taldar réttar nema gerðar séu athugasemdir við þær þegar réttur skv. 13. og 14. gr. er nýttur.

14. gr.

Þegar rannsókn er lokið skal rannsóknarnefnd flugslysa svo fljótt sem verða má semja skýrslu um niðurstöðu rannsóknarinnar og birta hana. Rannsóknarskýrslu má gera á ensku ef málsaðili er útlendur. Í skýrslunni skal gerð grein fyrir orsök eða sennilegri orsök slyssins auk þess sem þar skulu gerðar tillögur um þær varúðarráðstafanir sem gera má til þess að afstýra frekari slysum af sömu eða líkum orsökum, sbr. 7. gr.

Skýrslum rannsóknarnefndar flugslysa skal ekki beitt sem sönnunargögnum í opinberum málum, sbr. 4. mgr. 1. gr., enda er markmið flugslysarannsókna samkvæmt lögum þessum að greina orsakaþætti flugslysa í því skyni einu að koma í veg fyrir frekari flugslys. Tilgangurinn er ekki að skipta sök eða ábyrgð. Skal þessa getið á forsíðu hverrar lokaskýrslu sem rannsóknarnefnd flugslysa sendir frá sér.

Í þeim tilvikum sem flugslys verða tilefni rannsóknar að hætti laga um meðferð opinberra mála skal rannsóknarnefnd flugslysa veita Rannsóknarlögreglu upplýsingar og gögn sem varða vettvang og úrlausn tæknilegra álitaefna. Ekki skal afhenda gögn sem geyma framburð aðila og vitna fyrir nefndinni.

15. gr.

Rannsóknarnefnd flugslysa getur endurupptekið þegar rannsakað mál, sbr. 17. gr., ef fram koma ný og mikilvæg gögn að hennar mati. Mat nefndarinnar í þessu efni er endanlegt.

16. gr.

Rannsóknarnefnd flugslysa sér um að dreifa skýrslum nefndarinnar um einstök mál. Skýrslurnar skulu teljast opinber gögn.

Rannsóknarnefnd flugslysa tekur saman heildarskýrslu um störf sín ár hvert og dreifir henni.

Rannsóknarnefnd flugslysa er heimilt að selja skýrslurnar á kostnaðarverði.

17. gr.

Í reglugerð, sem samgönguráðherra setur, skal nánar kveðið á um störf rannsóknarnefndar flugslysa, þar á meðal um samskipti við aðra rannsóknaraðila, skrifstofuhald, geymslu málsgagna, persónuskilríki um réttarstöðu nefndarmanna og heimildir þeirra í störfum, nauðsynlegan útbúnað og tæki nefndarinnar til vettvangsrannsókna og einstaka þætti málsmeðferðar eftir því sem þurfa þykir.

18. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Með lögum þessum eru numin úr gildi ákvæði 141.–147. gr. laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir.

Ákvæði til bráðabirgða

Við gildistöku laga þessara fellur úr gildi skipun núverandi flugslysanefndar og skal ráðherra eftir gildistöku skipa rannsóknarnefnd flugslysa samkvæmt lögunum.

Sá sem gegnir stöðu framkvæmdastjóra flugslysarannsóknadeildar Flugmálastjórnar skal hafa forgang til starfs framkvæmdastjóra rannsóknarnefndar flugslysa og skulu laun og kjör hans eigi skerðast við tilflutninginn.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almennar athugasemdir.

I.

Á 118. löggjafarþingi 1994 var lagt fram frumvarp til laga um loftferðir sem Pétur Einarsson, fyrrverandi flugmálastjóri, samdi að tilhlutan samgönguráðherra. Flugslysanefnd og framkvæmdastjóri flugslysarannsóknadeildar Flugmálastjórnar stóðu að umsögn um þann þátt frumvarpsins sem varðaði flugslysarannsóknir og var umsögnin í formi sjálfstæðs frumvarps.

Á vegum samgönguráðuneytisins hafa ákvæði frumvarpa þessara verið endurskoðuð og er frumvarp þetta afrakstur þess starfs.

Ákvæðum frumvarps þessa er ætlað að koma í stað ákvæða 141.–147. gr. núgildandi loftferðalaga, nr. 34/1964.

Sá þáttur endurskoðunar á loftferðalögum, sem varðar flugslysarannsóknir, er hér tekinn til sjálfstæðrar meðferðar. Byggist það á því að þessi þáttur málsins hefur fengið vandlega umfjöllun af hálfu þeirra sem best til þekkja, auk þess sem viðhorf á alþjóðavettvangi gera brýnt að hraða gildistöku nýrrar skipunar á fyrirkomulagi flugslysarannsókna á Íslandi.

Þessi viðhorf varða einkum sjálfstæði þeirra sem annast flugslysarannsóknir og þar með aðskilnað þessa starfs frá starfsemi flugmálastjórna á hverjum stað. Á þennan aðskilnað er til dæmis lögð áhersla í tilskipun ráðs Evrópusambandsins nr. 94/56/EC frá 21. nóvember 1994 sem varðar grundvallaratriði í rannsókn flugslysa og flugatvika. Samkvæmt tilskipuninni skulu aðildarríki Evrópusambandsins hafa komið á þeirri skipan, sem tilskipunin mælir fyrir um, eigi síðar en 21. nóvember 1996.

Í Danmörku var rannsóknastarfsemi í flugslysamálum skilin frá loftferðaeftirliti dönsku flugmálastjórnarinnar þegar á árinu 1978. Svíar skildu þessa starfsemi að nokkru síðar og Norðmenn árið 1994. Finnar undirbúa slíkan aðskilnað.

Ástæðan er sú að rannsókn kann að varða starfsemi flugmálastjórna, til dæmis skírteinaútgáfu og framkvæmd reglna þar að lútandi, eða flugumferðarþjónustu.

Skref í þessa átt var stigið á Íslandi 1992 þegar flugslysarannsóknir voru færðar frá loftferðaeftirlitsdeild flugmálastjórnar og settar í sérstaka deild, hliðsetta loftferðaeftirliti og flugumferðarþjónustu, en sú skipan getur aðeins talist til bráðabirgða.

Mjög brýnt er að sem bestur lagarammi verði myndaður um rannsóknir flugslysa hér á landi. Er það ekki síst nauðsynlegt til að tryggja annars vegar réttaröryggi þeirra sem rannsókn beinist að og hins vegar, og ekki síður, til þess að markmiðum rannsóknar verði náð sem eru einungis að auka öryggi í flugi og flugrekstri og koma í veg fyrir að flugslys endurtaki sig.

II.

Hérlendis eins og víðast hvar erlendis sætir rannsókn flugslysa og flugatvika sérstakri meðferð að því er varðar rannsóknaraðila, rannsóknarheimildir og rannsóknaraðferðir, sbr. 141.–145. gr. laga 34/1964, um loftferðir, og starfsreglur nr. 324/1983 fyrir flugslysanefnd.

Vegna alþjóðlegs samstarfs og alþjóðlegra skuldbindinga Íslendinga er gætt alþjóðlegra staðla við rannsókn mála, sbr. einkum viðbæti nr. 13 við alþjóðaflugmálasáttmálann.

Hinn 7. desember 1944 var hinn svonefndi Chicago- eða ICAO-sáttmáli (Convention on International Civil Aviation) undirritaður af hálfu Íslands í Chicago (í frumvarpi þessu nefndur alþjóðaflugmálasáttmálinn). Ísland fullgilti sáttmálann 21. mars 1946 og hann gekk í gildi að því er Ísland varðar 20. apríl 1947. Á grundvelli þessa sáttmála hefur ráð Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í Montreal í Kanada (ICAO) samþykkt marga viðbæta (annexa), þar á meðal viðbæti nr. 13 um rannsókn flugslysa.

Aðild Íslendinga að þessum sáttmála var meginástæðan fyrir setningu laga nr. 34/1964, um loftferðir. Var frumvarp að lögunum lagt fram á Alþingi árið 1963 í samræmi við þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi árið 1956.

Ákvæði um rannsókn flugslysa voru í 140.–146. gr. frumvarpsins sem urðu að mestu leyti óbreytt að lögum. Í greinargerð með þessum hluta frumvarpsins var fyrst að því vikið að í 12. tölulið 2. gr. laga nr. 82/1961, um meðferð opinberra mála, segi að rannsókn og meðferð samkvæmt lögunum skuli sæta slys og aðrar ófarir lögum og venju samkvæmt eða eftir sérstöku boði dómsmálaráðherra. Skv. 2. mgr. 5. gr. nefndra laga geti

dómsmálaráðherra skipað dóm fleiri dómurum er halda megi dómþing hvar sem er á landinu ef mál þyki ofvaxið hinum reglulega dómara. Þrátt fyrir þetta þyki rétt að setja nokkrar sérreglur um rannsókn flugslysa. Í því sambandi er í greinargerðinni sérstaklega vísað í viðbæti 13 við áðurnefndan sáttmála, „Aircraft Accident Inquiry", nú „Aircraft Accident and Incident Investigation", sem gekk í gildi 1. september 1951 og geymdi m.a. ýmsar reglur um rannsókn flugslysa. Þessi þáttur laganna var því saminn með sérstakri hliðsjón af alþjóðareglum um rannsókn flugslysa.

Um 143. gr. frumvarpsins (144. gr. núgildandi laga) sagði m.a. svo í greinargerð: „Grein þessi veitir starfsmönnum Flugmálastjórnar ýmis hagræði við rannsókn flugslysa. Þeir eiga rétt til að fara um vettvang, taka skýrslur af mönnum, krefjast framlagningar á bókum og öðrum skjölum og krefjast aðstoðar lögreglu. Eigi takmarkar þessi réttur flugmálastjórnar rétt og skyldu ákæruvalds samkvæmt lögum nr. 82/1961".

Um 144. gr. frumvarpsins (145. gr. núgildandi laga) sagði svo í greinargerð: „Flugmálastjórn framkvæmir rannsókn sína í því skyni að finna orsakir slyss og gera ráðstafanir til að afstýra framvegis slíkum slysum, ef þess er kostur. Rétt er henni og skylt að benda á, er brot hafa valdið eða stuðlað að slysinu, og gera tillögur um að svipta þá, sem brotið hafa í starfa sínum, starfsréttindum."

Um 145. gr. frumvarpsins (146. gr. núgildandi segir m.a. svo í greinargerðinni: „Með ákvæðum 140.–144. gr. er á engan hátt dregið úr ákvæðum laga nr. 82/1961 um skyldu til að framkvæma réttarrannsókn út af flugslysum."

Hér að framan hefur í aðalatriðum verið gerð grein fyrir, á grundvelli lögskýringargagna, rannsóknarheimildum Flugmálastjórnar. Árið 1992 var sú breyting gerð á skipuriti og verktilhögun Flugmálastjórnar að loftferðareftirlitið fer ekki lengur með framkvæmd rannsókna flugslysa og óhappa, svo sem það hefur gert frá 1945, heldur er slík vinna á ábyrgð flugslysarannsókna, sem er sérstök sjálfstæð deild innan Flugmálastjórnar.

Næst verður vikið að aðdragandanum að setningu lagaákvæða um flugslysanefnd.

3. mgr. 141. gr. frumvarps sem varð að lögum nr. 34/1964 var þannig orðuð: „Skylt er flugmálaráðherra að skipa nefnd kunnáttumanna til að kanna orsakir flugslysa, ef manntjón hefur orðið." Á Alþingi urðu nokkrar umræður um þessa grein lagafrumvarpsins. Meðal annars töldu sumir þingmenn að erfitt mundi reynast að skipa slíka nefnd í hvert eitt sinn, þá er flugslys hefði orðið með þeim hætti sem segir í lagagreininni. Þess skal þó getið að á þinginu 1963 kom fram breytingartillaga þess efnis að sérstökum loftferðadómstól yrði falin rannsókn á flugslysum. Sá dómstóll átti bæði að rannsaka og dæma í málum vegna flugslysa. Átti dómstóllinn að hafa yfirstjórn rannsókna vegna flugslyss, en honum var heimilt að fela starfsmönnum Flugmálastjórnar að aðstoða við rannsókn á flugslysi. Hér er ekki tóm til að rekja nánar þessa breytingartillögu eða umræður, sem af henni spunnust á Alþingi, heldur verður einungis tilgreint umrætt ákvæði um loftferðadómstólinn: „Þegar rannsókn er lokið, skal loftferðardómstóll senda flugmálaráðherra, saksóknara og dómsmálaráðherra skýrslu um niðurstöðu rannsókna. Í skýrslunni skal gerð grein fyrir orsök eða sennilegri orsök slyssins, auk þess sem þar skulu gerðar tillögur um þær varúðarráðstafanir, sem gera má til þess að afstýra áframhaldandi slysum af sömu eða líkum orsökum. Saksóknari ákveði síðan hvort mál skuli höfðað."

Þessi breytingartillaga náði ekki fram að ganga, en þess má geta að einn af talsmönnum slíks dómstóls á þingi sagði m.a. að ef af einhverjum ástæðum þætti ekki tiltækilegt að koma honum á fót ætti a.m.k. að skipa fasta rannsóknarnefnd flugslysa. Sú varð og raunin þrátt fyrir orðalag 3. mgr. 141. gr. laga nr. 34/1964 eins og hún var fyrir breytinguna með lögum nr. 8/1983.

Með breytingalögum nr. 8/1983 var núverandi flugslysanefnd komið á laggirnar. Í athugasemdum við þessa breytingu á loftferðalögunum sagði: „Nauðsynlegt er talið, að sett verði nánari ákvæði en nú gilda um óháða nefnd sérfræðinga sem gerir sjálfstæða úttekt á rannsókn flugslysa, orsökum þeirra, og tillögur til úrbóta. Ekki er gert ráð fyrir því að rannsóknarnefnd þessi kanni að jafnaði vettvang flugslyss. Það verður hlutverk Flugmálastjórnar. Þó getur nefndin sjálf farið á vettvang, ef hún telur það nauðsynlegt, eða krafist nánari rannsóknar. Nefndin skal starfa óháð og draga ályktanir sjálfstætt, áþekkt og dómstóll skipaður sérmenntuðum mönnum, en af því leiðir m.a. að hún getur gert athugasemdir við slysarannsóknir telji nefndarmenn ástæðu til."

Í samræmi við þennan tilgang lagabreytingarinnar setti ráðherra flugslysanefnd starfsreglur nr. 324/1983 þar sem m.a. kemur fram starfsskipting milli Flugmálastjórnar og flugslysanefndar. Gallinn við þessa lagabreytingu er sá, sem bent hefur verið á af hálfu flugslysanefndar, að ekki skyldi fara fram heildarendurskoðun á sérreglum um flugslysarannsóknir. Af breytingunni leiddi að rannsókn flugslysa hélt áfram að vera í höndum rannsóknaraðila Flugmálastjórnar, en auk þess skyldi þessi sjálfstæða og óháða nefnd rannsaka mál með þeim hætti sem kveðið er á um í lögunum. Þetta hefur m.a. leitt til þess að flugslysanefnd og framkvæmdastjóri flugslysarannsóknadeildar Flugmálastjórnar hafa skilað sameiginlegum rannsóknarskýrslum oftar en e.t.v. mætti telja nauðsynlegt. Hefur það fyrst og fremst verið gert til þess að tryggja réttaröryggi.

Rétt er að taka fram að þar sem í greinargerðinni er talað um dómstól er það einungis gert til þess að vekja athygli á því að flugslysanefnd skuli starfa sjálfstætt og óháð, en að sjálfsögðu felur það ekki í sér að flugslysanefnd hafi verið fengnar í hendur einhverjar heimildir rannsóknaraðila samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála, hvað þá dómara eða ákæruvalds.

Séreðli flugslysarannsókna kemur best fram í því meginmarkmiði rannsóknar að koma í veg fyrir að svipað eða sams konar atvik endurtaki sig og í þeirri skyldu rannsakenda að benda á leiðir til aukins öryggis í loftferðum. Í samræmi við þetta er eftirfarandi skráð á sérhverja einstaka rannsóknarskýrslu um flugslys, eftir atvikum á ensku eða íslensku:

„Slys þetta var rannsakað í þeim tilgangi einum að hindra endurtekningu og til þess að auka flugöryggi (sbr. XI. kafla laga nr. 34/1964, um loftferðir). Markmið rannsóknarinnar var að staðreyna mistök og/eða galla sem kynnu að skerða flugöryggi, hvort sem um orsakaþætti viðkomandi flugslyss eða flugatviks var að ræða eða ekki, svo og að koma með tillögur um hugsanlegar fyrirbyggjandi aðgerðir. Það er ekki verkefni rannsóknaraðila að ákvarða eða skipta sök og/eða ábyrgð. Forðast skal að nota skýrslu þessa til annars en fyrirbyggjandi aðgerða."

III.

Mikilvægasta breyting á rannsóknum flugslysa, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, er að rannsóknarheimildir- og skyldur Flugmálastjórnar eru alfarið felldar niður og rannsókn lögð í hendur eins sjálfstæðs og óháðs aðila, rannsóknarnefndar flugslysa. Í stjórnsýslukerfinu telst nefndin sjálfstæð stjórnsýslustofnun en heyrir stjórnsýslulega beint undir samgönguráðherra eins og flugslysanefnd samkvæmt núgildandi loftferðalögum. Þessi

breyting er óhjákvæmileg vegna þeirra alþjóðlegu skuldbindinga sem Ísland hefur gengist undir þar sem ætlast er til að sjálfstæðir og óháðir aðilar annist slíka rannsókn, sbr. einkum viðbæti 13 við alþjóðaflugmálasáttmálann, sbr. 8. útgáfu í júlí 1994 sem tók gildi 10. nóvember 1994 og tilskipun Evrópuráðsins frá 16. desember 1980 um framtíðarsamvinnu og gagnkvæma aðstoð aðildarríkjanna við rannsókn flugslysa sem Ísland gerðist aðili að með auglýsingu nr. 567, 31. desember 1993.

Í frumvarpinu er skilgreining orðanna flugslys og flugatvik, þar með talin flugumferðaratvik, byggð á viðbæti 13 við alþjóðaflugmálasáttmálann og um rannsóknarheimildir rannsóknarnefndar flugslysa, að svo miklu leyti sem þeirra er ekki sérstaklega getið í frumvarpinu, er sömuleiðis vísað til nefnds viðbætis. Þar sem hér er um að ræða alþjóðlegar skuldbindingar Íslands, sem fara ber eftir, er ekki nauðsynlegt að taka ákvæði þeirra upp í lögin.

Vegna útbreidds misskilnings um eðli og tilgang flugslysarannsókna er í frumvarpinu tekið af skarið, án tvímæla, að hin sérstaka meðferð flugslysarannsókna samkvæmt frumvarpi þessu fer ekki, eins og raunar samkvæmt núgildandi lögum, eftir ákvæðum laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála. Hitt er svo annað mál að með ákvæðum þessa kafla frumvarpsins, eins og raunar ákvæðum 141.–145. gr. núgildandi loftferðalaga, er á engan hátt dregið úr ákvæðum laga nr. 19/1991, um framkvæmd opinberrar rannsóknar út af flugslysum, ef það á við, en ákvörðun um slíka rannsókn er í höndum ákæruvaldsins.

Í frumvarpinu er kveðið á um að sönnun í opinberum málum verði ekki byggð á skýrslum rannsóknarnefndar flugslysa. Ástæða þessa er ekki síst sú að trúnaður megi haldast milli rannsakanda og þeirra sem rannsóknin beinist að. Þetta er í samræmi við alþjóðareglur, enda er þess getið á forsíðu hverrar rannsóknarskýrslu. Önnur ástæða er tillit til réttaröryggis þeirra sem skýrslur gefa. Framburður þeirra fyrir rannsóknarnefnd flugslysa er gefinn við aðrar aðstæður en hjá þeim sem rannsaka mál að hætti opinberra mála. Þannig er Rannsóknarlögreglu skylt að greina hlutaðeigandi frá því hvort hann er yfirheyrður sem grunaður eða vitni og grunaðir menn njóta réttar við skýrslugjöf hjá Rannsóknarlögreglu sem ekki er gefinn gaumur að þegar þeir gefa rannsóknarnefnd flugslysa skýrslu. Það samræmist þess vegna ekki þeim kröfum sem gerðar eru til réttaröryggis og varða réttarstöðu sakaðra og grunaðra að framburður aðila, gefinn fyrir þeim sem rannsakar flugslys samkvæmt þeirri sérstöku meðferð sem kveðið er á um í frumvarpi þessu, verði notaður sem sönnunargagn í sakamáli.

Flugslysanefnd samkvæmt núgildandi loftferðalögum hefur ekkert framkvæmdarvald. Hún tekur ekki ákvarðanir um rétt eða skyldu manna, sbr. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga. Um störf hennar gilda stjórnsýslulög, nr. 37/1993, því ekki. Þetta helst óbreytt samkvæmt frumvarpinu að því er rannsóknarnefnd flugslysa varðar. Eigi að síður þykir rétt að taka upp í frumvarpið ákvæði til að tryggja réttaröryggi aðila máls og annarra þeirra er tengjast flugslysarannsóknum eins mikið og rannsóknarhagsmunir framast leyfa. Vísast nánar um þetta til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Af öðru efni frumvarpsins skal þess getið hér að kveðið er á um almennt og sérstakt hæfi þeirra sem að rannsókn vinna, um afhendingu rannsóknarskýrslu og rannsóknargagna, um framkvæmd á skýrslutökum af aðilum og vitnum, um birtingu rannsóknarskýrslna, um ársskýrslu nefndarinnar og birtingu hennar og um endurupptöku máls, auk þess sem fyllri ákvæði eru um margt það sem er í gildandi loftferðalögum. Vísast nánar um það til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Þá er rétt að geta þess að hvorki er tekið upp í frumvarpið ákvæði 3. mgr. 145. gr. um að flugmálastjórn skuli á grundvelli rannsóknar máls gera tillögu um sviptingu flugskírteinis né það ákvæði 1. mgr. 145. gr. að lokaskýrslu rannsóknar skuli senda saksóknara og dómsmálaráðherra. Hvorugt samrýmist störfum rannsóknarnefndar flugslysa sem sjálfstæðs og óháðs rannsóknaraðila og má því ekki vera í verkahring hennar.

Að lokum skal tekið fram að með frumvarpinu er leitast við að velja þá leið sem hefur minnstan kostnað í för með sér án þess þó að rannsóknarhagsmunir og réttaröryggi skerðist.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Nauðsynlegt þykir að skilgreina orðin flugslys og flugatvik, þar með talin flugumferðaratvik, í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland er á hverjum tíma aðili að. Hentugra er að vísa til slíkra samninga en að taka skilgreiningarnar upp í lögin, þar sem þær gætu breyst og þyrfti þá ætíð að breyta lögunum. Skilgreiningarnar eru nú í viðbæti 13 við alþjóðaflugmálasáttmálann, sbr. 8. útgáfu, júlí 1994. Fara þær skilgreiningar hér á eftir í íslenskri þýðingu. Til hagræðis er aðeins notað orðið flugslys, þ.e. bæði um flugslys og flugatvik, annars staðar í ákvæðum þessa kafla.

Flugatvik, alvarleg flugatvik og flugslys eru skilgreind í viðbæti 13 svo sem hér segir:

a. Flugatvik er atvik, annað en flugslys, tengt starfrækslu loftfars og hefur áhrif á eða getur haft áhrif á öryggi starfrækslunnar.
b. Alvarlegt flugatvik er flugatvik sem innifelur kringumstæður sem benda til þess að legið hafi við slysi.
c. Flugslys er atvik sem tengt er starfrækslu loftfars og verður frá þeim tíma er maður fer um borð í loftfarið með þeim ásetningi að fljúga í því og þar til allir slíkir menn hafa farið frá borði og þar sem:
   i) einhver maður lætur lífið eða verður fyrir alvarlegum áverkum er stafa af:
      - veru hans um borð í loftfarinu eða
      - beinni snertingu við einhvern hluta loftfarsins, þar með talda hluti sem hafa frá loftfarinu eða
      - því að hann varð fyrir útblæstri þotuhreyfils

      nema þegar meiðslin eiga sér eðlilegar orsakir, eru af eigin völdum eða af völdum annars manns, eða þegar meiðslin verða á laumufarþega, sem hefur falið sig utan við það svæði sem venjulega er aðgengilegt áhöfn og farþegum eða
   ii) loftfarið verður fyrir skemmd eða broti sem:
      - veruleg áhrif hefur á styrkleika þess, afköst eða flugeiginleika loftfarsins og
      - venjulega mundi leiða af sér þörf fyrir meiri háttar viðgerð eða skipti á viðkomandi hluta þess,

      nema þegar um er að ræða hreyfilbilun, eða skemmdin er takmörkuð við hreyfilinn, hlífar hans eða fylgibúnað eða við skemmdir sem takmarkast við loftskrúfur, vængenda, loftnet, dekk, hemla, straumlínuhlífar, litlar beyglur eða göt á ytra byrði loftfarsins, eða
   iii) loftfarið er týnt eða það er algjörlega ómögulegt að komast að því.

Til flugatvika teljast einnig flugumferðaratvik, en skilgreining þeirra hefur í starfsreglum Flugmálastjórnar verið orðuð á þessa lund:

„Atvik þegar liggur við árekstri loftfara eða upp koma alvarleg vandamál, sem rekja mætti til gallaðra vinnuaðferða, eða vegna skorts á því að staðfestum vinnuaðferðum sé fylgt, svo og bilana á flugöryggisbúnaði jarðstöðva.“

Til að fyrirbyggja misskilning sem gætt hefur, sbr. það sem segir í almennum athugasemdum hér að framan, er í 2. mgr. kveðið skýrt á um það að flugslysarannsóknir lúti sérstakri málsmeðferð sem miðar að því einu að auka öryggi í flugi og flugrekstri og koma í veg fyrir að flugslys endurtaki sig, sbr. 3. mgr. Til þess að ná þeim rannsóknarmarkmiðum verður við rannsókn flugslyss að fara einnig eftir þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem Ísland hefur gengist undir og er til þess sérstaklega vísað í 2. mgr. Varðandi 4. mgr. nægir að vísa til þess sem segir kafla II. og III. í almennum athugasemdum hér á undan.

Um 2. gr.

Um aðdragandann að setningu lagaákvæða um flugslysanefnd á sínum tíma, vísast í II. kafla í almennum athugasemdum hér að framan. Eins og fram kemur í upphafi III. kafla er í frumvarpinu gert ráð fyrir þeirri mikilvægu breytingu á rannsóknum flugslysa að slík rannsókn er alfarið tekin úr höndum Flugmálastjórnar og fengin einum sjálfstæðum og óháðum rannsóknaraðila, rannsóknarnefnd flugslysa, í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland er bundið af og þar eru nefndir. Þá er og gert ráð fyrir að heiti þessa rannsóknaraðila breytist til samræmis við heiti sambærilegra erlendra rannsóknaraðila sem er á ensku „Aircraft Accident Investigation Board“, skammstafað AAIB.

Gert er ráð fyrir að nefndin verði eiginleg rannsóknarnefnd í þeim skilningi að nefndarmenn annist sjálfir rannsóknarstörfin, en séu ekki aðeins eftirlitsmenn með framkvæmd rannsókna.

Þess vegna er ráðgert að samgönguráðherra ráði formann og varaformann sérstaklega til starfa og að starf formanns verði aðalstarf en hann mun jafnframt gegna framkvæmdar- og rannsóknarstjórn í nefndinni.

Varaformaður verður staðgengill formanns. Fyrirsjáanlega þarf starf hans einnig að verða aðalstarf. Fram til þess að fjárveitingar í því skyni verða tryggðar, er hugsanlegt að ráða hann í hlutastarf. Helgast það af því að óhjákvæmilegt er að formaður verði leystur af og bakvöktum skipt með honum.

Gengið er út frá því að störf annarra nefndarmanna verði aukastörf og taka ákvæði greinarinnar um skipun þeirra mið af því.

Ekki er gert ráð fyrir að varamenn verðir skipaðir, enda nefndin ekki fjölskipað stjórnvald sem skipi réttindum og skyldum manna, sbr. 32. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Tilfallandi þörf fyrir aukamenn verður leyst samkvæmt 3. mgr. 11. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Í greininni er fjallað um þær hæfniskröfur sem gera verður til framkvæmdastjóra. Nauðsyn ber til þess að framkvæmdastjóri, sem mun annast meginhluta rannsóknarstarfs, hafi fengið þá menntun og starfsþjálfun sem til þessa þarf og almennt er viðurkennd meðal nágrannaþjóða okkar. Gengið er út frá því að hann hafi háskólapróf og sé menntaður á sviði loftferða.

Um 4. gr.

Um skýringar vísast, eftir því sem við á, til greinargerðar sem fylgdi frumvarpi til stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Um 5. gr.

Nefndin skal meðal annars rannsaka:

a. flugslys þar sem borgaralega skráð loftför eiga hlut að máli og sem verða á eða yfir íslensku yfirráðasvæði,
b. flugslys þar sem loftför skráð á Íslandi eiga hlut að máli og sem verða utan yfirráðasvæðis annara ríkja eða á svæði þar sem viðkomandi ríki hefur ekki skuldbundið sig til þess að framkvæma rannsóknina,
c. flugumferðaratvik sem verða á eða yfir íslensku yfirráðasvæði eða í íslensku flugstjórnarsvæði og
d. flugatvik sem verða utan íslensks yfirráðasvæðis þar sem loftför skrásett á Íslandi eiga hlut að máli, nema því aðeins að viðkomandi ríki framkvæmi rannsóknina.

Auk þess skal tekið fram að þegar erlent ríki framkvæmir slíka rannsókn, tekur fulltrúi rannsóknarnefndar flugslysa þátt í henni í samræmi við alþjóðlegar samþykktir og samninga.

Um 6. gr.

Um rökin fyrir nauðsyn þess að nefndin sé í störfum sínum sjálfstæð og óháð, sbr. 1. mgr., vísast til almennra athugasemda hér að framan. Rétt er þó að taka sérstaklega fram að þótt nefndin heyri stjórnsýslulega undir samgönguráðherra hefur hann eða ráðuneyti hans engan íhlutunarrétt varðandi rannsókn máls sem er alfarið og endanlega í höndum nefndarinnar. Tekið er fram að nefndin ákveði sjálf hvenær efni eru til rannsóknar, hvort heldur um er að ræða flugslys eða flugatvik, þar með talin flugumferðaratvik. Í þessu felst m.a. að nefndin ákveður endanlegt umfang rannsóknar með tilliti til gildis hennar hvað varðar flugöryggi. Þá getur og til þess komið að nefndin þurfi að ákveða umfang rannsóknar með tilliti til mikilvægis verkefnis miðað við önnur verkefni sem bíða nefndarinnar, svo og með hliðsjón af fyrirsjáanlegum kostnaði við rannsókn og þeim fjármunum sem nefndin hefur til ráðstöfunar.

Varðandi 2. málsgrein þess getið að nauðsynlegt er að nefndin hafi greiðan aðgang að gögnum Flugmálastjórnar sem varða m.a. loftfarið og þá aðila sem málinu tengjast.

3. mgr. þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að þrátt fyrir sjálfstæði rannsóknarnefndar flugslysa og að Flugmálastjórn hætti að rannsaka flugslys er gert ráð fyrir nánu samstarfi þessarra aðila og að nefndinni standi til reiðu sú aðstoð sem starfsmenn Flugmálastjórnar geta veitt.

Um 7. gr.

1. mgr. er í samræmi við það sem áður hefur gilt og þarfnast ekki skýringa.

2. mgr. miðar að því að tryggja betur en áður að úrbótatillögum nefndarinnar verði framfylgt, en eins og áður getur hefur nefndin ekkert framkvæmdarvald í þeim efnum.

Um 8. gr.

Hér er kveðið á um skyldu til að tilkynna um flugslys eða aðstæður sem benda til að slíkur atburður hafi orðið. Kveðið er á um þá meginreglu að skyldan hvíli á hverjum sem er. Sérstök skylda í þessu efni er hins vegar lögð á Flugmálastjórn, þar á meðal flugumferðastjórn, vegna þess að oftast mundu þessir aðilar fá fyrstu vitneskju um að flugslys hefði orðið. Þótt þess sé ekki getið í lögunum er rétt að taka fram að rík tilkynningarskylda hvílir á flugstjóra loftfars, svo og flugrekanda og/eða umráðamanni loftfars.

Þar sem rannsóknarnefnd flugslysa er ætlað að rannsaka öll flugslys liggur áhersla ákvæðisins á því að tryggja að nefndin fái tafarlaust vitneskju um flugslys og því er ákvæðið þannig orðað. Auðvitað getur vitneskja um flugslys borist nefndinni með öðrum hætti, t.d. þannig að lögreglu, björgunarliði eða öðrum hafi fyrst verið tilkynnt um það. Þá ber slíkum aðilum að tilkynna nefndinni um slysið, en það leysir samt engan undan tilkynningarskyldu til nefndarinnar.

Vísast nánar til reglugerðar nr. 248 4. apríl 1995 um þetta efni.

Um 9. gr.

Ákvæði greinarinnar miðar að því að girða fyrir það að sönnunargögnum sé spillt, sbr. viðbæti 13 við alþjóðaflugmálasáttmálann. Heimilt er þó að fórna sönnunargögnum að því leyti sem það er nauðsynlegt til að bjarga mannslífum eða varðveita enn meiri hagsmuni eða verðmæti en þau sem fórnað er, svo sem fyrir er lagt í viðbæti 13. Greinin samsvarar 143. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt.

Um 10. gr.

Í frumvarpinu er greint á milli rannsóknarstarfs á vettvangi flugslyss, sem 10. gr. fjallar um, og annars rannsóknarstarfs sem 11. gr. lýtur að.

Ákvæði 1. mgr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 144. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því að rannsóknarheimildir Flugmálastjórnar eru felldar niður.

Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða 1. málsl. 3. mgr. 144. gr. núgildandi laga að því viðbættu að nefndinni er veittur réttur til að kveðja sér til aðstoðar við rannsókn á vettvangi annað björgunar- og hjálparlið, t.d. slökkvilið. Orðalagið „hafa sjálfstæðan rétt“ lýtur að þeim sem til aðstoðar er kvaddur til að taka af allan vafa um að nefndin sé hinn rétti aðili til að fara fram á aðstoð. Þá þykir og rétt að taka fram að lögreglu sé skylt að veita aðstoð.

Rétt þykir í 3. mgr. að kveða á um að réttur sá til skýrslutöku og annarrar gagnaöflunar, sem fjallað er um í 2. mgr. 144. gr. núgildandi laga, eigi einnig við rannsókn sem fer fram á vettvangi flugslyss.

Í 4. mgr. er tekið af skarið um það að rannsóknarnefnd flugslysa hafi yfirstjórn rannsóknar á vettvangi flugslyss og er það ákvæði nýtt. Er það nauðsynlegt til að tryggja skilvirka rannsóknarvinnu og koma í veg fyrir hugsanlega árekstra þeirra sem starfa einnig á vettvangi, svo sem lögreglu, björgunarsveita og annars hjálparliðs. Af augljósum ástæðum er nauðsynlegt að yfirstjórnin sjálf sé á einni hendi og eðlilegast að með hana fari sá sem endanlega ber ábyrgð á rannsókn máls, þ.e. rannsóknarnefnd flugslysa.

Um 11. gr.

Ákvæði 1. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 144. gr. núgildandi laga. Bætt er við að nefndin hafi heimild til að krefjast framlagningar á upptökum, en þar er átt við bæði vélrænar og stafrænar upptökur.

Ákvæði 2. mgr. er nýtt en í samræmi við það sem tíðkast hefur alla tíð, enda nauðsynlegur þáttur í rannsókn máls. Nauðsynlegt þykir hins vegar að kveða á um þetta í lögum þar sem slík aðstoð getur verið kostnaðarsöm og gera þarf ráð fyrir henni í fjárveitingum til nefndarinnar. Þá þykir og rétt að kveða svo á að innlendum aðilum, sem leitað er til, sé skylt að veita þá rannsóknaraðstoð sem nefndin fer fram á.

Ákvæði 3. mgr. er einnig nýtt. Talið er nauðsynlegt að kalla megi til starfa með nefndinni, sérfræðinga á tilteknum sviðum.

Um 12. gr.

Greinina þarf ekki að skýra, en rétt er að taka fram að nauðsynlegt er að rannsóknarnefnd flugslysa hafi umráð yfir húsnæði sem fullnægir kröfum og þörfum nefndarinnar um varðveislu og geymslu rannsóknargagna, svo að komið sé í veg fyrir að sönnunargögn spillist. Gert er ráð fyrir þessu í viðbæti 13.

Um 13. gr.

Ákvæði greinarinnar þarfnast ekki skýringa, en tekið skal fram að skv. 17. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um efni 13. gr.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að rannsóknarnefnd flugslysa semji skýrslu um niðurstöðu rannsóknarinnar og birti hana.

2. mgr. tekur af tvímæli um að skýrslur rannsóknarnefndar flugslysa eru ekki gerðar með tilliti til skiptingar sakar eða ábyrgðar og eiga því ekki að vera nýttar sem sönnunargögn í sakamálum. Þetta er í samræmi við yfirlýst markmið viðbætis nr. 13 við alþjóðaflugmálasáttmálann og tilgang flugslysarannsókna skv. 3. mgr. 1. gr. frumvarps þessa.

Þetta haggar ekki heimildum þar til bærra yfirvalda til málsmeðferðar samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála, en ekki er gert ráð fyrir að frumkvæði að slíkri rannsókn komi frá rannsóknarnefnd flugslysa.

Á hinn bóginn er ekki óhugsandi að Flugmálastjórn muni í einhverjum tilvikum óska opinberrar rannsóknar eftir að hafa fengið skýrslu rannsóknarnefndar flugslysa í hendur, jafnvel áður en hún fær lokaskýrslu.

Fari opinber rannsókn fram er eðlilegt að hluti þeirra rannsóknargagna sem rannsóknarnefnd flugslysa hefur aflað verði látinn Rannsóknarlögreglu í té. Þetta helgast af þeirri sérstöðu sem rannsóknarnefnd flugslysa er búin samkvæmt frumvarpi þessu, t.d. á vettvangi flugslyss.

Réttaröryggissjónarmið leiða á hinn bóginn til þess að ekki er rétt að byggja opinbera málsmeðferð á gögnum sem geyma framburð aðila og vitna fyrir rannsóknarnefnd flugslysa, enda er ekki gert ráð fyrir að skýrslugjöf þessara aðila fari fram samkvæmt þeim formreglum sem gilda um skýrslugjöf í opinberum málum, sbr. ákvæði 32.–38. gr. laga nr. 19/1991, sem eiga rætur sínar að rekja til alþjóðlegra mannréttindasáttmála.

Um 15. gr.

Ákvæði 15. gr. er samhljóða núgildandi 1. mgr. 8. gr. starfsreglna flugslysanefndar nr. 324/1983 að því viðbættu að tekið er fram að mat nefndarinnar á nauðsyn enduruppteku sé endanlegt og því ekki kæranlegt.

Um 16. gr.

Flugslysarannsóknir fara fram með það að markmiði að fækka flugslysum með því að draga lærdóm af því sem gerðist þegar slys varð. Til að þessum tilgangi verði þjónað er nauðsynlegt að vitneskja um greiningu orsaka slyss berist þeim sem málið varðar og eru í aðstöðu til að draga lærdóm af því sem gerðist. Þetta mælir eindregið með því að skýrslur rannsóknarnefndar flugslysa verði opinber gögn.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um rannsókn flugslysa.

Með frumvarpinu er lögð til ný löggjöf um flugslysarannsóknir og er það niðurstaða endurskoðunar á ákvæðum 141.–147. gr. núgildandi loftferðalaga, nr. 34/1964. Frumvarpið tekur mið af þeim viðhorfum á alþjóðavettvangi að þeir sem annast flugslysarannsóknir skuli vera sjálfstæðir. Því verður starf þeirra að vera aðskilið frá starfsemi flugmálastjórna á hverjum stað. Skref í átt að þessari skiptingu var stigið hér á landi árið 1992 þegar um flugslysarannsóknir var mynduð sérstök deild innan Flugmálastjórnar. Aðskilnaður starfseminnar frá Flugmálastjórn leiðir til kostnaðarauka sem einkum felst í eftirfarandi:

Laun og launatengd gjöld: Í dag starfar einn maður í þeirri deild Flugmálastjórnar er sér um flugslysarannsóknir. Sá starfsmaður tekur að sér bakvaktir á móti þremur starfsmönnum Flugmálastjórnar. Laun vegna bakvakta eru því færð á Loftferðaeftirlitið að þremur fjóru. Eftir aðskilnaðinn mun þessi launakostnaður réttilega færast á flugslysanefnd. Því er um tilflutning launagjalda að ræða á milli ríkisstofnana en ekki raunverulegan kostnaðarauka. Hins vegar er ráðgert að núverandi starfsmaður flugslysanefndar fái til sín aðstoðarmanneskju til að sjá um almenn skrifstofustörf. Ráðgerður kostnaður vegna þessa er áætlaður 2 m.kr. og kemur hann að hluta til fram á árinu 1996 en að fullu á árinu 1997.

Annar rekstarkostnaður: Starfsmaður nefndarinnar hefur starfað í húsnæði Flugmálastjórnar og notið þar almennrar skrifstofuþjónustu. Kostnaður af þessu hefur verið færður á flugslysadeild hlutfallslega. Vegna þess að aðskilnaður verður að vera sýnilegur og raunverulegur, svo og vegna bágrar fundaaðstöðu nefndarinnar við núverandi aðstæður, er flutningur á starfsemi deildarinnar nauðsynlegur. Til athugunar er í samgönguráðu-

neytinu að herbergi í tengibyggingu milli Hótels Loftleiða og Flugmálastjórnar verði leigt fyrir starfsemi nefndarinnar. Áætlað er að leiguverð þessa húsnæðis verði um 300 þús. kr. á ári. Til viðbótar kemur rafmagns-, hita- og ræstingarkostnaður og er hann áætlaður um 150 þús. kr. á ári. Einnig er gert ráð fyrir að samið verði við Flugmálastjórn um símaþjónustu, þ.e. tengingu í gegnum skiptiborð, og að flugslysanefnd hafi aðgang að tölvubúnaði Flugmálastjórnar, gagnabönkum Loftferðaeftirlitsins og að dagbókum flugumferðarþjónustunnar. Kostnaður af þessu er áætlaður um 50 þús. kr. á ári.

Stofnkostnaður: Flutningur á starfsemi nefndarinnar í annað húsnæði leiðir til þess að kaupa þarf skrifstofuhúsgögn og tölvukost fyrir um 600 þús. kr. en núverandi búnaður nefndarinnar er í eigu Flugmálastjórnar.

Það er mat fjármálaráðuneytis að beinn kostnaðarauki þessa frumvarps nemi 2 m.kr. á ári.

240. Tillaga til þingsályktunar [192. mál]

um fullgildingu fríverslunarsamnings milli Íslands og Litáen.

(Lögð fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd fríverslunarsamning milli Íslands og Litáen, sem gerður var í Kolding á Jótlandi 30. ágúst 1995.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Árið 1993 var ákveðið að hefja samningaviðræður um fríverslunarsamninga milli Íslands og allra Eystrasaltsríkjanna. Samningaviðræðum við öll ríkin lauk snemma á árinu 1995 með samkomulagi um fríverslunarsamninga. Fríverslunarsamningar milli Íslands og Litáen og milli Íslands og Lettlands voru undirritaðir í Kolding á Jótlandi 30. ágúst 1995 í tengslum við utanríkisráðherrafund Norðurlanda og Eystrasaltsríkja. Fríverslunarsamningur Íslands og Eistlands hefur enn ekki verið undirritaður en hann er tilbúinn til undirritunar.

Fríverslunarsamningurinn við Litáen er mjög hliðstæður þeim fríverslunarsamningum, sem EFTA hefur gert við ríki í Mið- og Austur-Evrópu. Samningurinn kveður á um fríverslun milli Íslands og Litáen með iðnaðarvörur (25.–97. kafli í samræmdri vörulýsingar- og vöruheitaskrá). Einnig nær samningurinn til fisks og fiskafurða, sbr. I. viðauka samningsins og til vara sem unnar eru að hluta til eða öllu leyti úr landbúnaðarvörum (unnar landbúnaðarvörur). Þessar vörur eru sérstaklega tilgreindar og nánar kveðið á um framkvæmd viðskipta með þær í bókun A við samninginn.

Ísland og Litáen afnema alla innflutningstolla á iðnaðarvörum, sem upprunnar eru í þessum löndum og gjöld, sem hafa samsvarandi áhrif frá og með gildistöku fríverslunarsamningsins. Hið sama gildir um fisk og fiskafurðir nema að því er varðar nokkrar fisktegundir þar sem um aðlögunartíma er að ræða. Litáen fær 9 ára aðlögunartíma til þess að afnema tolla á þurrkuðum, söltuðum og reyktum fiski svo og á niðurlögðum og niðursoðnum fiski. Þó gerir samningurinn ráð fyrir því að strax við gildistöku samningsins taki gildi í Litáen tollfrjáls innflutningskvóti fyrir saltsíld. Sá kvóti verður 300 tonn á þessu ári en fer síðan stækkandi árlega þar til hann hefur náð 500 tonnum. Kvótinn verður 340 tonn á næsta ári. Í sérstakri bókun með samningnum lýsir ríkisstjórn Litáen því yfir að á fyrsta fundi sameiginlegrar nefndar Íslands og Litáen um framkvæmd samn-

ingsins megi endurskoða hann með möguleika á því að auka saltsíldarkvótann.

Varðandi viðskipti með landbúnaðarvörur lýsa samningsríkin sig reiðubúin, að því marki, sem stefna þeirra í landbúnaðarmálum leyfir, að stuðla að samfelldri þróun viðskipta með landbúnaðarvörur, sbr. 8. gr. samningsins. Fríverslunarsamningur Íslands og Litáen er birtur sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari.

Viðskipti Íslands og Litáen hafa ekki verið mikil undanfarið. Ísland hefur flutt út lítils háttar af saltsíld til Litáens en innflutningstollur þar hefur hamlað útflutningi. Lítill innflutningur hefur verið til Íslands frá Litáen.

Verðmæti útflutnings til Litáen var 29,4 millj. kr. árið 1994 en 11,3 millj. kr. árið áður. Verðmæti innflutnings frá Litáen var 12,2 millj. kr. árið 1994 en 2,2 millj. kr. árið áður.

Helstu útflutningsvörur til Litáen árið 1994 voru þessar:

Veiðarfæri og annar útbúnaður til fiskveiða	12,8 millj. kr.
Prjónavörur	6,5 millj. kr.
Saltsíld	2,4 millj. kr.

Helstu innflutningsvörur frá Litáen árið 1994 voru þessar:

Vefnaðarvörur	6,0 millj. kr.
Fiskmeti	3,8 millj. kr.

Með tillögunni var prentaður fríverslunarsamningur milli ríkjanna svo og eftirtaldir viðaukar og bókanir:

I. Viðauki sem um getur í c-lið 2. gr.
II. Viðauki sem um getur í 5. gr. (útflutningstollar og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif).
III. Viðauki sem um getur í 6. gr. (magntakmarkanir á innflutningi eða útflutningi og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif).
IV. Viðauki. Skrá yfir tegundir útflutningsaðstoðar sem um getur í 11. gr. (ríkisaðstoð, reglur um samkeppni fyrirtækja og opinber innkaup).
V. Viðauki, um túlkun 11. gr.

Bókun A, um vörur sem um getur í b-lið 2. gr.

Tafla I og II við bókun A.

Bókun B. Skilgreining hugtaksins „upprunavörur“ og fyrirkomulag á samvinnu stjórnvalda.

I. Viðauki (við bókun B). Skýringar.
II. Viðauki. Skrá yfir aðvinnslu sem efni er ekki teljast upprunaefni verða að hljóta til þess að vara framleidd úr þeim geti öðlast upprunaréttindi.
III. Viðauki við bókun B. Flutningsskírteini.
IV. Viðauki. Yfirlýsing sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. 8. gr.
IV. Viðauki við bókun B.
V. Viðauki.

VI. Viðauki við bókun B.
Bókun C, um vörur sem um getur í 3. mgr. 8. gr.
Niðurstöður af viðræðum ríkjanna.
Einhliða yfirlýsing.
Einnig var samningurinn prentaður með þingsályktunartillögunni á ensku ásamt viðaukum og bókun A.
Um þessi fylgigögn vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

241. Tillaga til þingsályktunar [193. mál]

um fullgildingu fríverslunarsamnings milli Íslands og Lettlands.

(Lögð fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd fríverslunarsamning milli Íslands og Lettlands, sem gerður var í Kolding á Jótlandi 30. ágúst 1995.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Á árinu 1993 var ákveðið að hefja samningaviðræður um gerð fríverslunarsamninga milli Íslands og allra Eystrasaltsríkjanna. Samningaviðræðum milli Íslands og Lettlands lauk í ársbyrjun 1995 með samkomulagi um fríverslunarsamning landanna. Var fríverslunarsamningur milli Íslands og Lettlands undirritaður í Kolding í Danmörku 30. ágúst 1995 í tengslum við utanríkisráðherrafund Norðurlanda og Eystrasaltsríkja, sem þá var haldinn þar. Samningurinn milli Íslands og Lettlands er birtur sem fylgiskjal I með þingsályktunartillögu þessari.

Fríverslunarsamningurinn við Lettland er mjög hliðstæður þeim fríverslunarsamningum sem EFTA hefur gert við ríki í Mið- og Austur-Evrópu. Fríverslunarsamningurinn við Lettland kveður á um fríverslun milli Íslands og Lettlands með iðnaðarvörur (25.–97. kafli í samræmdri vörulýsingar- og vöruheitaskrá). Einnig nær samningurinn til fisks og fiskafurða samkvæmt viðauka I í samningnum. Þá nær hann jafnframt til ákveðinna vara, sem unnar eru að hluta til eða að öllu leyti úr landbúnaðarvörum (unnar landbúnaðarvörur). Þessar vörur eru sérstaklega tilgreindar og kveðið á um framkvæmd viðskipta með þær í bókun A við samninginn.

Ísland og Lettland afnema alla innflutningstolla á iðnaðarvörum sem upprunnar eru í löndunum svo og öll gjöld, sem hafa samsvarandi áhrif frá og með gildistöku samningsins. Hið sama gildir um fisk og fiskafurðir, að undanskildum tilgreindum fiskafurðum, þar sem gert er ráð fyrir fjögurra ára aðlögunartíma. Aðlögunartíminn tekur til þurrkaðs, saltaðs, reykts og niðursoðins fisks en einnig til frystra flaka af nokkrum fisktegundum.

Strax við gildistöku samningsins tekur gildi í Lettlandi 200 tonna tollfrjáls innflutningskvóti fyrir saltsíld frá Íslandi. Í bókun, sem gerð var um niðurstöðu samningaviðræðna, segir að sameiginleg nefnd Íslands og Lettlands um framkvæmd samningsins geti stækkað saltsíldarkvótann.

Varðandi viðskipti með landbúnaðarvörur lýsa samningsríkin sig reiðubúin, að því marki, sem stefna þeirra í landbúnaðarmálum leyfi, að stuðla að samfelldri þróun viðskipta með landbúnaðarvörur, sbr. 9. gr. samningsins. Gert er ráð fyrir að gerður verði tvíhliða samningur um landbúnaðarmál milli ríkjanna.

Viðskipti Íslands og Lettlands eru ekki mikil. Verðmæti útflutnings til Lettlands nam 6,4 milljónum árið 1994 en verðmæti innflutnings nam 50,2 milljónum króna það ár.

Með tillögunni var prentaður fríverslunarsamningur milli ríkjanna svo og eftirtaldir viðaukar og bókanir:

I. Viðauki sem um getur í c-lið 2. gr.
II. Viðauki sem um getur í 2. mgr. 5. gr. (útflutningstollar og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif).
III. Viðauki sem um getur í 2. mgr. 6. gr. (bann við og afnám magntakmarkana á innflutningi).
IV. Viðauki sem um getur í 12. gr. (útflutningsaðstoð sem samrýmist ekki þessum samningi).
V. Viðauki, um túlkun á 12. gr.

Bókun A, um vörur sem um getur í b-lið 2. gr.

Tafla I og II við bókun A.

Bókun B, skilgreining hugtaksins „upprunavörur“ og fyrirkomulag á samvinnu stjórnvalda.

I. Viðauki (við bókun B). Skýringar.
II. Viðauki. Skrá yfir aðvinnslu sem efni er ekki teljast upprunaefni verða að hljóta til þess að vara framleidd úr þeim geti öðlast upprunaréttindi.
III. Viðauki við bókun B. Flutningsskírteini.
IV. Viðauki við bókun B. Yfirlýsing sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. 8. gr.
V. Viðauki.
VI. Viðauki við bókun B.

Einnig var samningurinn prentaður með þingsályktunartillögunni á ensku ásamt viðaukum og bókun A.

Um þessi fylgigögn vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

242. Frumvarp til laga [194. mál]

um breytingu á lögum nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

4. tölul. 14. gr. laganna orðast svo:

4. Að selja ábyrgðartryggingar fyrir þjónustu sem íslenskir aðilar veita erlendis. Einnig að tryggja verkábyrgðir innlendra aðila vegna framkvæmda sem fara að umfangi yfir þau viðmiðunarmörk sem gera opinberar framkvæmdir útboðsskyldar á Evrópska efnahagssvæðinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til að 4. tölul. 14. gr. laga nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, verði breytt. Í greininni er kveðið á um að við Iðnlánasjóð skuli rekin tryggingardeild útflutningslána. Hér er lagt til að hlutverki tryggingalánadeildarinnar verði breytt þannig að starfssvið hennar víkki frá því sem nú er. Í frumvarpinu er lagt til að deildinni verði heimilt að tryggja verkábyrgðir sem íslenskum verktökum er nauðsynlegt að setja vegna verka sem þeir kynnu að hreppa í útboðum stórframkvæmda á EES-svæðinu, eða í öðrum ríkjum, enda fari slíkar framkvæmdir að umfangi yfir þau mörk sem gera þær útboðsskyldar á EES-svæðinu. Gert er ráð fyrir að starfsemi deildarinnar við veitingu ábyrgðartrygginga fyrir þjónustu sem íslenskir aðilar veita erlendis verði óbreytt að öllu leyti, en viðmiðunarmörk 4. tölul. eiga aðeins við um veitingu verkábyrgða vegna framkvæmda innlendra aðila eins og þar er skýrt tekið er fram, sbr. nánar ákvæði 1. gr. frumvarpsins.

Samkeppnisstaða íslenskra verktaka í útboði stórframkvæmda hér á landi er verulega skert gagnvart erlendum keppinautum sem njóta slíkra ábyrgða heima fyrir.

Nú er útlit fyrir að á næstu missirum kunni að verða ráðist í nokkur stórverkefni á Íslandi sem innlendir aðilar eiga erfitt með að keppa um vegna þess að þeir geta ekki sett nauðsynlegar verktryggingar. Þess vegna er mikilvægt að veita tryggingalánadeild Iðlánasjóðs heimild til þess að tryggja almennt verkábyrgðir íslenskra aðila vegna verkefna sem fara yfir þau stærðarmörk sem kveðið er á um í 1. gr. frumvarpsins. Heimilt hefur verið hingað til að veita íslenskum aðilum verktryggingar vegna framkvæmda erlendis en eðlilegt þykir að slík heimild nái einnig til framkvæmda hér á landi.

Lagt er til að miðað verði við framkvæmdir sem eru það umfangsmiklar að þær væru útboðsskyldar á Evrópska efnahagssvæðinu ef um opinberar framkvæmdir væri að ræða (5 milljónir ECU), enda þótt einstök útboð innan heildarframkvæmdanna séu lægri. Hér er einungis verið að ræða um umfangsmiklar framkvæmdir þar sem reikna má með samkeppni frá erlendum aðilum. Til þess að standa sig í þeirri samkeppni er íslenskum aðilum nauðsynlegt að geta tryggt verkábyrgðir sínar.

Iðgjöld sjóðsins hafa staðið að miklu leyti undir þeim kostnaði og áhættu sem af starfseminni hefur leitt. Ekki er ástæða til að breyting verði á því þrátt fyrir þessa viðbót við starfsemina.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð.

Í frumvarpinu er lagt til að Iðnlánastjóði verði heimilt að veita verkábyrgðir til innlendra aðila vegna framkvæmda sem að umfangi fara yfir þau viðmiðunarmörk sem gera opinberar framkvæmdir útboðsskyldar á Evrópska efnahagssvæðinu. Núna eru viðmiðunarmörkin 5 milljónir ECU.

Á því tímabili sem tryggingardeild útflutningslána hjá Iðnlánasjóði hefur starfað, skv. 14. gr. laga nr. 76/1987, hafa gjöld verið um 14% umfram tekjur. Til að endar næðu saman þyrftu því iðgjöld sem hlutfall af ábyrgðarramma deildarinnar að hækka úr 0,87% í 0,99%. Við núverandi aðstæður styrkir ríkið því hvert verkefni sem tryggingardeildin gengur í ábyrgð fyrir um 0,12% af ábyrgðarramma.

Fyrirhuguð stækkun álversins í Straumsvík er talin munu kosta um 13,5 milljarða króna. Ætla má að allt að þriðjungur eða 4,5 milljarðar króna sé kostnaður sem gæti fallið í skaut innlendra aðila. Ef tryggingardeild útflutningslána hjá Iðnlánasjóði veitir verkábyrgðir, sem nemur ákveðnum hluta af kostnaðarþætti innlendra aðila vegna stækkunarinnar og að framhald verður á því sem undan er gengið í starfsemi deildarinnar, verður kostnaður ríkisins vegna frumvarpsins á bilinu 3–5 m.kr.

Vakin er athygli á því að í 15. gr. laga nr. 76/1987 um Iðnlánasjóð segir m.a.: „Stjórn Iðnlánasjóðs ákveður iðgjöld og tryggingarhlutföll tryggingardeildar útflutningslána en þau skulu háð samþykki iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra. Við ákvörðun þeirra skal miða við að þau standi undir rekstri deildarinnar, greiðslu tjónabóta og myndunar varasjóðs er nemi a.m.k. 10% af ábyrgðum deildarinnar á hverjum tíma.“ Eðlilegt er að iðgjöld Iðnlánasjóðs verði hækkuð nægjanlega til þess að uppfylla þetta ákvæði laga um Iðnlánasjóð.

243. Frumvarp til laga [195. mál]

um breytingu á útvarpslögum, nr. 68/1985, með síðari breytingum.

Flm.: Mörður Árnason, Svanfríður Jónasdóttir.

1. gr.

Orðin „þó að fengnum tillögum útvarpsráðs ef um starfsfólk dagskrár er að ræða“ í 6. mgr. 21. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 20. gr. útvarpslaga segir að hlutverk útvarpsráðs sé að taka ákvarðanir um „hversu útvarpsefni skuli haga í höfuðdráttum innan marka fjárhagsáætlunar“ og setji ráðið eins og þurfa þykir reglur „til gæslu þess að fylgt sé ákvæðum 15. gr.“ um markmið og skyldur Ríkisútvarpsins.

Hin síðari ár hefur útvarpsráð samkvæmt þessum ákvæðum því starfað þannig að þar er annars vegar mótuð heildarstefna um dagskrá Ríkisútvarpsins og hins vegar lagt mat á hversu til hafi tekist um þessa dagskrá. Ekki verður séð að sérstök afskipti útvarpsráðs af ráðningu dagskrárstarfsfólks séu í eðlilegum tengslum við hlutverk ráðsins og vinnubrögð skv. 20. gr.

Ákvæði 21. gr. um sérstakar „tillögur“ útvarpsráðs þegar ráðið er starfsfólk dagskrár er í raun arfur frá liðnum tíma þegar hlutleysisreglur Ríkisútvarpsins voru túlkaðar á annan veg og þrengri en nú tíðkast. Vera má að þegar fjölmiðlun á Íslandi var fyrst og fremst í höndum stjórnmálaflokkanna hafi þótt eðlilegt að útvarpsráð, kjörið pólitískt á Alþingi, legði mat á umsækjendur um dagskrárstöður og greiddi um þá atkvæði. Nú eru

aðrir tímar í fjölmiðlun hérlendis þar sem kröfur um fagmennsku, menntun og hæfni við fjölmiðlastörf aukast sífellt en meint stjórnmálaviðhorf þeirra sem á fjölmiðlum starfa skipta minna máli. Eðlilegt er að löggjafinn geri Ríkisútvarpinu kleift að laga sig sem best að nýjum tímum, ekki síst í ljósi stóraukinnar samkeppni á fjölmiðlasviði.

Rétt er að benda á að þrátt fyrir skýr ákvæði 21. gr. um að tillögur útvarpsráðs taki til alls starfsfólks dagskrár hefur venjan verið sú að útvarpsráð gerir eingöngu tillögur um starfsmenn á fréttastofum Ríkisútvarpsins en skiptir sér lítt eða ekki af mönnun annarra dagskrárdeilda. Þetta þýðir meðal annars að starfsmenn við dagskrárgerð á Rás 2 eða í Dagsljóssþáttum sjónvarps þurfa ekki að fara gegnum nálarauga útvarpsráðs. Ráðið hefur af einhverjum ástæðum kosið að fara ekki að lögum í þessum tilvikum þótt á báðum stöðum séu unnin störf sem gera svipaðar faglegar kröfur og gerðar eru til fréttamanna.

Ljóst er að núverandi skipan við ráðningu dagskrárfólks hefur ýmis áhrif á fréttastofur Ríkisútvarpsins og setur bæði umsækjendur og ráðna starfsmenn í sérkennilega aðstöðu. Algengt er að umsækjendur reyni að afla umsókn sinni fylgis með samtölum við útvarpsráðsmenn eða einstaka pólitíska samherja þeirra. Þannig myndast í sumum tilvikum pólitískar blokkir í útvarpsráði um afstöðu til einstakra umsækjenda og er þá undir hælinn lagt hvort fagleg hæfni er metin að verðleikum. Þeir sem hljóta ráðningu eru í slíkum tilvikum í þeirri aðstöðu að þeir hafa að einhverju leyti fengið starf sitt á pólitískum forsendum, jafnvel flokkspólitískum. Þeir þurfa því að sæta tortryggni í nýju starfi og eiga á hættu að reynt sé að beita þá þrýstingi í starfi.

Erfitt er að koma auga á rök gegn því að á Ríkisútvarpinu sé viðhöfð sama skipan og á öðrum fjölmiðlum þar sem yfirmenn einstakra deilda eru alla jafna sjálfráðir um að ráða starfsmenn sína en standa sjálfir og falla með heildarframmistöðu sinni. Fréttastjórar ættu að þessu leyti að vera í svipaðri aðstöðu og ritstjórar dagblaðanna eða fréttastjórar eftir atvikum. Án þess að kasta nokkurri rýrð á núverandi og fyrrverandi fréttastjóra Ríkisútvarpsins er ljóst að afskipti útvarpsráðs draga úr valdi þeirra og ábyrgð á fréttastofunum og torvelda þeim eðlilega stjórnun og samskipti við starfsmenn sína, t.d. þegar fréttastjóri hefur eindregið mælt með einum umsækjanda í stöðu fréttamanns en útvarpsráð hins vegar hafnað honum og mælt með öðrum og útvarpsstjóri kosið að fara að vilja ráðsins, eins og mörg dæmi eru um fyrr og síðar.

Með þeirri skipan sem breytingin á lögunum gerir ráð fyrir er útvarpsráð losað undan umsagnarskyldum sínum við ráðningar tiltekinna starfsmanna á Ríkisútvarpinu. Eðlilegt væri að í framhaldinu yrðu settar ákveðnar innanhússreglur um framgang ráðningarmála, um samskipti einstakra yfirmanna og útvarpsráðs og um upplýsingar til ráðsins um einstakar ráðningar. Það er einnig álit flutningsmanna að heppilegast sé að a.m.k. dagskrárstarfsfólk, að yfirmönnum meðtöldum, sé aðeins ráðið til ákveðins tíma í senn. Þannig hafi yfirmenn dagskrárdeilda þokkalega frjálsar hendur til skipulagsbreytinga og mannaskipta ef svo ber undir en útvarpsstjóri geti hins vegar í samráði við útvarpsráð metið frammistöðu yfirmanna á ákveðnu tímabili. Slíkar breytingar eru þó ekki lagðar til í þessu frumvarpi þar sem um flókið mál er að ræða, m.a. vegna kjarasamninga, og eðlilegast að umfjöllun um það fylgi þeirri heildarendurskoðun útvarpslaga sem nú hefur staðið yfir um árabil.

244. Fyrirspurn [196. mál]

til dómsmálaráðherra um málefni samkynhneigðra.

Frá Merði Árnasyni.

Er væntanlegt frumvarp til laga um réttarstöðu samkynhneigðra einstaklinga í sambúð í samræmi við niðurstöður nefndar um málefni samkynhneigðra frá október 1994?

245. Nefndarálit [13. mál]

um frv. til l. um réttarstöðu kjörbarna og foreldra þeirra.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið umsagnir um það frá Íslenskri ættleiðingu, Tryggingastofnun ríkisins, umboðsmanni barna, Barnaheillum, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og Lífeyrissjóði bænda.

Nefndarmenn eru sammála um að nauðsynlegt sé að staða kjörbarna og kjörforeldra sé hin sama og staða annarra barna og foreldra þeirra. Hvað varðar fæðingarorlof, fæðingarstyrk og fæðingardagpeninga þarf þó að gera greinarmun á frumættleiðingum, þar sem algerlega ný fjölskyldusambönd eru mynduð, og ættleiðingum barna sem búa á sama heimili og ættleiðandi, t.d. ættleiðingum stjúpbarna. Miða eftirfarandi breytingartillögur að því að skerpa þennan mun.

Mælir nefndin með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Í stað orðsins „ættleiðingar“ í 1. gr. komi: frumættleiðingar.
2. Í stað orðsins „ættleiðingu“ í b-lið 6. gr. komi: frumættleiðingu.

Siv Friðleifsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. nóv. 1995.

Össur Skarphéðinsson, form.	Sigríður A. Þórðardóttir, frsm.	Ásta R. Jóhannesdóttir.
Sólveig Pétursdóttir.	Ögmundur Jónasson.	Guðmundur Hallvarðsson.
Katrín Fjeldsted.		Guðni Ágústsson.

246. Frumvarp til laga [197. mál]

um tímareikning á Íslandi.

Flm.: Vilhjálmur Egilsson, Árni M. Mathiesen,
Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðni Ágústsson.

1. gr.

Í lögum þessum merkir sumartími það tímabil ársins þegar klukkan er færð fram um 60 mínútur frá miðtíma Greenwich.

2. gr.

Sumartími skal hvarvetna á Íslandi hefjast kl. 01.00 að miðtíma Greenwich síðasta sunnudag í mars og ljúka kl. 01.00 að miðtíma Greenwich síðasta sunnudag í október.

3. gr.

Utan sumartíma skal hvarvetna á Íslandi telja stundir eftir miðtíma Greenwich.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1996 og falla jafnframt úr gildi lög nr. 6/1968, um tímareikning á Íslandi.

Greinargerð.

Evrópusambandið hefur nú gefið út tilskipun um samræmdan sumartíma í aðildarríkjunum. Er þar miðað við að sumartími hefjist klukkan eitt eftir miðnætti síðasta sunnudag í marsmánuði og er klukkan þá færð fram um eina klukkustund. Honum ljúki síðan klukkan eitt eftir miðnætti síðasta sunnudag í október þegar klukkan er færð til baka um eina klukkustund.

Algengt er að forráðamenn íslenskra fyrirtækja og aðrir sem þurfa að hafa samskipti við Vestur-Evrópu yfir sumartímann kvarti undan því að samskiptatíminn styttist mjög verulega við að tímamismunurinn eykst úr einni klukkustund í tvær. Mjög erfitt getur verið fyrir fólk að ná saman í síma á þessum tíma. Fullyrða má að mikill tími og fyrirhöfn mundi sparast í viðskiptum við helstu viðskiptalöndin, eins og Danmörku, Noreg, Svíþjóð, Þýskaland, Belgíu, Holland og Frakkland, ef tímamismunurinn væri ávallt ein klukkustund. Tveir þriðju vöruútflutnings ganga til ríkja ESB og EFTA og þaðan koma um þrír fjórðu af öllum vöruinnflutningi. Jafnframt koma um þrír fjórðu erlendra ferðamanna til Íslands frá þessum ríkjum. Til viðbótar öllum þeim samskiptum sem fylgja viðskiptum með vörur og þjónustu við þessi helstu viðskiptalönd okkar eru margvísleg önnur samskipti við þau, m.a. á sviði menningarmála. Eins tíma munur allt árið milli Íslands og meginlands Evrópu gerir samskiptin auðveldari og markvissari sem hefur afar mikla þýðingu fyrir alla sem að þeim koma.

Einnig er mikilvægt fyrir flugsamgöngur milli Íslands og Evrópu að hér á landi verði tekinn upp sumartími til samræmis við önnur Evrópulönd. Þá þarf ekki að breyta flugáætlunum þegar tímabreytingar verða en því fylgir jafnan töluverð fyrirhöfn og kostnaður. Enn fremur leiðir sumartími til þess að flug til Evrópu frá Keflavíkurflugvelli klukkan sjö á morgnana yrði einum tíma síðar eins og á vetrum. Þetta kemur sér vel fyrir farþega í morgunflugi til Evrópu en nú er algengt umkvörtunarefni hversu snemma brottfarir eru enda skapar það oft óþægindi fyrir farþega. Ekki er óeðlilegt að ætla að far-

þegar í Reykjavík þurfi að fara á fætur tveimur og hálfum til þremur tímum fyrir brottför frá Keflavík.

Upptaka sumartíma með þeim hætti sem hér er lýst leiðir til þess að á sumrin verður sólin hæst á lofti um klukkan hálfþrjú á daginn á vesturhluta landsins. Þetta þýðir að dagurinn er tekinn fyrr og vinnutíma lýkur fyrr en á vetrum. Með þessu móti hefur almenningur meiri möguleika á að njóta sólar og góðviðrisdaga á sumrin. Þannig eru líkur til þess að hér gæti skapast sérstök sumarstemning eins og gerist í nágrannalöndum í Evrópu. Fólk hefði mun betri tækifæri til þess að njóta útiveru eftir að vinnudegi lýkur og þannig yrðu lifnaðarhættir almennings heilbrigðari. Þetta hefur tvímælalaust hvetjandi áhrif á viðskiptalíf, götulíf og allt mannlíf á Íslandi á sumrin og ferðaþjónustan nyti góðs af. Íþróttafólk hefði einnig hag af sumartíma, jafnt keppnisfólk sem áhugamenn, þar sem birtu nyti lengur fram á kvöld síðsumars og snemma hausts. Sumartíminn kæmi sér t.d. vel fyrir skipulagningu knattspyrnuleikja og golfáhugamenn gætu betur stundað íþrótt sína. Ekki síst hefði sumartími góð áhrif á mannlífið á hinum fjölmörgu stöðum á landsbyggðinni sem eru undir eða milli hárra fjalla. Þar hefur margt fólk takmarkaða möguleika til að njóta sumarsins því að sólin hefur horfið af sjóndeildarhringnum þegar vinnudeginum er lýkur.

Því hefur stundum verið haldið fram að fólk ætti sjálft að geta skipulagt vinnu sína, hafið vinnu fyrr á morgnana og hætt fyrr á daginn, til þess að bæta samskiptin við Evrópu eða til þess að njóta sumarblíðunnar að loknum vinnudegi. Þetta er hins vegar ekki svo einfalt þar sem atvinnulífið er allt samtengt og hvert fyrirtæki miðar opnunartíma sinn við önnur fyrirtæki. Enn fremur er margvísleg þjónusta veitt á þeim tíma sem miðast við almennan vinnudag, svo sem á dagheimilum og leikskólum. Grunnskóli hefst líka víðast hvar um áttaleytið á morgnana. Það kostar því í flestum tilvikum of mikla röskun að breyta vinnutíma einstaklinga svo ekki sé talað um heilla fyrirtækja.

Sumartími tíðkast eins og fyrr sagði í öllum helstu viðskiptalöndum okkar í austri og vestri. Ísland er sér á báti hvað þetta varðar og því hlýtur að vakna spurning um það af hverju Íslendingar vilja skera sig úr einmitt að þessu leyti. Rökin sem færð hafa verið gegn sumartímanum hafa fyrst og fremst falist í að draga fram kostnaðinn og fyrirhöfnina við að breyta klukkunni tvisvar á ári. Vissulega kostar það ákveðna fyrirhöfn en nágrannar okkar hafa talið hana léttvæga miðað við ávinninginn af sumartímanum. Því er einkennilegt að Íslendingar skuli búa við þessa sérstöðu og mál hlýtur að vera að linni í því efni.

247. Nefndarálit [80. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 118/1993, um félagslega aðstoð.

Frá heilbrigðis- og tryggingaNefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Nefndarmenn eru sammála um að mikilvægt sé að þeir sem fá endurhæfingarlífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins fái einnig tengdar bótagreiðslur og hlunnindi eins og 75% öryrkjar. Mælir nefndin því með að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Siv Friðleifsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. nóv. 1995.

Össur Skarphéðinsson, form., frsm.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Guðni Ágústsson.
Sólveig Pétursdóttir.	Ásta R. Jóhannesdóttir.	Guðmundur Hallvarðsson.
Ögmundur Jónasson.		Katrín Fjeldsted.

248. Tillaga til þingsályktunar [198. mál]

um staðfestingu samkomulags um breytingu á samstarfssamningi milli Norðurlanda.

(Lögð fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samkomulag um breytingu á samstarfssamningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar frá 23. mars 1962 sem gert var í Kaupmannahöfn 29. september 1995.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Samstarfssamningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar var gerður í Helsingfors 23. mars 1962, sbr. C-deild nr. 7/1962. Ýmsar breytingar hafa síðan verið gerðar á samningnum. Sú fyrsta var gerð 13. febrúar 1971, sbr. C-deild nr. 16/1971, önnur 11. mars 1974, sbr. C-deild nr. 17/1975, þriðja 15. júní 1983, sbr. C-deild nr. 13/1983, fjórða 6. maí 1985, sbr. C-deild nr. 16/1985 og nr. 4/1986, fimmta 21. ágúst 1991, sbr. C-deild nr. 33/1991, og loks sú sjötta 18. mars 1993, sbr. C-deild nr. 27/1993.

Eftir að ljóst var að Finnland og Svíþjóð yrðu aðilar að Evrópusambandinu ákváðu forsætisráðherrar Norðurlanda og stjórnarnefnd Norðurlandaráðs á fundi í Tromsö 15. nóvember 1994 að setja á stofn nefnd sem fjalla skyldi um framtíð Norðurlandaráðs. Nefndin skilaði frá sér skýrslunni „Norrænt samstarf á nýjum tímum". Þing Norðurlandaráðs í Reykjavík í mars 1995 féllst á þær tillögur sem fram komu í skýrslunni en jafnframt var stjórnarnefnd Norðurlandaráðs falið að gera frekari tillögur að skipulagi og starfsháttum Norðurlandaráðs.

Vorið 1995 lágu fyrir tillögur stjórnarnefndarinnar. Á grundvelli þeirra lagði norræna ráðherranefndin fram tillögu um breytingar á 2., 48. og 51.–55. gr. samstarfssamningsins á 5. aukaþingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn í september 1995 sem síðan voru samþykktar. Samkomulag um þessar breytingar á samstarfssamningnum var síðan undirritað 29. september 1995 en gert er ráð fyrir að það taki gildi í byrjun árs 1995.

Samkomulagið gerir ráð fyrir að í 1. mgr. 2. gr. samningsins verði tekið almennt ákvæði um að jafnræðis skuli gætt á milli norrænna ríkisborgara við setningu laga og annarra réttarreglna á Norðurlöndum. Frá þessari reglu eru þó undantekningar ef skilyrði um ríkisborgararétt er bundið í stjórnarskrá, er nauðsynlegt vegna annarra þjóðréttarlegra skuldbindinga eða það telst nauðsynlegt af öðrum ástæðum. Samkvæmt núgildandi ákvæðum samningsins skulu Norðurlönd hins vegar stefna að þessu markmiði.

Forsætisráðherrar Norðurlanda beindu því til samstarfsráðherra á árinu 1993 að kannaðir yrðu möguleikar og gagnsemi þess að fella inn í samstarfssamninginn ákvæði um jafnræðisreglu. Nefndir sérfræðinga hafa efnislega fjallað um málið og niðurstaðan orðið sú sem fram kemur í breytingu á 2. gr. samstarfssamningsins. Hér er um að ræða mikilvæga þjóðréttarlega skuldbindingu sem höfð verður að leiðarljósi við lagasetningu og lagaframkvæmd á Norðurlöndum.

Í 48. gr. eru ákvæði um hvernig danska deildin í þinginu skuli skipuð.

Á 51. gr. er gerð sú breyting að reglulegt þing Norðurlandaráðs skuli haldið einu sinni ári en ekki tvisvar eins og nú er. Á móti kemur að heimilt er að kalla saman aukaþing eða þing um sérstakt málefni þegar uppfyllt eru þau skilyrði sem greinin setur.

Ýmsar breytingar eru gerðar á 52. gr. Í 1. mgr. er „ár" fellt brott úr textanum en í staðinn kemur: almanaksár. Breytingar verða einnig á 1. mgr. í samræmi við breytingar á ákvæðum 51. gr. um eitt reglulegt þing Norðurlandaráðs á ári. Loks eru ákvæðin um fjölda fulltrúa felld brott en hann skal hér eftir vera ákvarðaður í þingsköpum Norðurlandaráðs. Hvað 2. mgr. varðar er nú afdráttarlaust tekið fram að fulltrúar sérhvers flokkahóps skuli eiga fulltrúa í stjórnarnefndinni og jafnframt skal sérhvert land eiga fulltrúa í nefndinni. Þá er skýrt tekið fram að embætti forseta ráðsins færist milli landa samkvæmt þingsköpum Norðurlandaráðs.

Á 53. gr. eru gerðar þær breytingar að 2. og 3. mgr. eru felldar brott en 54. gr. er einfölduð til samræmis við 61. gr. sem tekur til skrifstofu ráðherranefndarinnar. Breytingin á 55. gr. er sú að numið er brott ákvæði um að sérhver tillaga skuli tekin til umfjöllunar í nefnd eða stjórnarnefnd áður en hún er tekin til umfjöllunar í ráðinu.

Samkomulagið fylgir hjálagt á íslensku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku.

Fylgiskjal.

Samkomulag um breytingu á samstarfssamningnum milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

sem með samkomulagi frá 13. febrúar 1971, 11. mars 1974, 15. júní 1983, 6. maí 1985, 21. ágúst 1991 og 18. mars 1993 hafa breytt samstarfssamningnum frá 23. mars 1962 milli Norðurlandanna, og

sem óska þess að endurnýja og þróa enn frekar norrænt samstarf í ljósi aukinnar þátttöku Norðurlanda í evrópskri samvinnu

hafa orðið sammála um eftirfarandi:

I.

2., 48., 51., 52., 53., 54. og 55. gr. samstarfssamningsins breytast og orðast svo:

2. grein

Við setningu laga og annarra réttarreglna á Norðurlöndum skulu ríkisborgarar norrænna landa njóta sama réttar og ríkisborgarar viðkomandi lands. Þetta gildir á því sviði sem samstarfssamningurinn tekur til.

Undanþágu frá 1. mgr. má þó gera, ef skilyrði um ríkisborgararétt er bundið í stjórnarskrá, nauðsynlegt vegna annarra alþjóðlegra skuldbindinga eða það telst nauðsynlegt af öðrum sérstökum ástæðum.

48. grein

Í deild danska þingsins eru þeir fulltrúar sem þjóðþingið kýs og þeir fulltrúar sem ríkisstjórnin velur, svo og deildir Færeyja og Grænlands sem nefndar eru í 2. mgr. Í deild Finnlands eru þeir fulltrúar, sem ríkisþingið kýs og þeir fulltrúar sem ríkisstjórnin velur, svo og deild Álandseyja sem talin er í 2. mgr. Deildir hinna ríkjanna skipa kjörnir fulltrúar þjóðþinganna og fulltrúar sem ríkisstjórnirnar velja.

Í deild Færeyja eru þeir fulltrúar sem lögþingið kýs og þeir fulltrúar sem landsstjórnin velur. Í deild Grænlands eru þeir fulltrúar sem landsþingið kýs og þeir fulltrúar, sem landsstjórnin velur. Í deild Álandseyja eru þeir fulltrúar sem lögþingið kýs og þeir fulltrúar sem stjórn Álandseyja velur.

Orðið „deild“ í 2. mgr. 58. gr. merkir deild viðkomandi lands.

51. grein

Þing Norðurlandaráðs skipa allir fulltrúar ráðsins.

Reglulegt þing er háð einu sinni á ári hið minnsta. Til aukaþings eða þings um sérstakt málefni skal kvatt, þegar stjórnarnefndin ákveður eða þegar að minnsta kosti tvær ríkisstjórnir eða eigi færri en 25 kjörnir fulltrúar æskja þess.

Vald ráðsins er í höndum þingsins, nema annað sé ákveðið.
Þingfundir eru háðir í heyranda hljóði, nema þingið ákveði annað.

52. grein

Á árlegu reglulegu þingi Norðurlandaráðs kýs það stjórnarnefnd til eins almanaksárs í senn, sem í eiga sæti forseti ásamt þeim fjölda annarra fulltrúa, sem þingsköp Norðurlandaráðs kveða á um.

Þess skal gætt að mismunandi stjórnmálastefnur eigi fulltrúa í stjórnarnefndinni. Sérhvert land skal eiga fulltrúa í stjórnarnefndinni.

Fulltrúi í stjórnarnefndinni skal vera kjörinn fulltrúi í ráðinu.

Stjórnarnefndin annast dagleg störf ráðsins og er að öðru leyti fulltrúi þess í samræmi við samning þennan og þingsköp ráðsins.

Embætti forseta ráðsins færist milli landanna með þeim hætti sem fram kemur í þingsköpum Norðurlandaráðs.

53. grein

Þingið ákveður fjölda nefnda og starfssvið þeirra. Verkefni nefndanna er að undirbúa afgreiðslu mála í ráðinu.

54. grein

Ráðinu til aðstoðar í störfum sínum er skrifstofa stjórnarnefndarinnar.

55. grein

Sérhver ríkisstjórn, landsstjórnir Færeyja og Grænlands, stjórn Álandseyja, ráðherranefndin, stjórnarnefnd ráðsins og nefndirnar, svo og sérhver fulltrúi hefur tillögurétt í ráðinu.

II.

Samkomulag þetta öðlast gildi fimmtán dögum eftir þann dag er allir samningsaðilar hafa tilkynnt finnska utanríkisráðuneytinu, að þeir hafi samþykkt það.

Finnska utanríkisráðuneytið tilkynnir hinum samningsaðilunum um móttöku tilkynninga samkvæmt ofansögðu og hvenær samkomulagið taki gildi.

III.

Frumriti þessa samkomulags skal komið í vörslu hjá finnska utanríkisráðuneytinu sem lætur öðrum samningsaðilum í té staðfest afrit af því.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samkomulag þetta.

Gjört í ..... hinn ..... 1995 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og skulu allir textar jafngildir.

Overenskomst om ændring af samarbejdsoverenskomsten mellem Danmark, Finland, Island, Noreg og Sverige.

Danmarks, Finlands, Islands, Norges og Sveriges regeringer, som ved overenskomster af 13. februar 1971, 11. marts 1974, 15. juni 1983, 6. maj 1985, 21. august 1991 og 18. marts 1993 har ændret samarbejdsoverenskomsten af 23. marts 1962 mellem de nordiske lande, og

som ønsker at forny og udvikle det nordiske samarbejde i lyset af de nordiske landes udvidede deltagelse i det europæiske samarbejde,

er blevet enige om følgende:

I

Artiklerne 2, 48, 51, 52, 53, 54 og 55 i samarbeidsoverenskomsten får følgende nye ordlyd:

Artikel 2

Ved udformningen af love og andre retsregler i de nordiske lande skal statsborgere i de øvrige nordiske lande sidestilles med landets egne statsborgere. Dette gælder inden for samarbejdsoverenskomsten virkeområde.

Undtagelse fra første stykke kan do gøres, hvis krav om statsborgerskab er grundlovsfæstet, nødvendigt på grund af andre internationale forpligtelser eller det i øvrigt af særlige grunde skønnes nødventidgt.

Artikel 48

Danmarks Riges delegation består af de af Folketinget valgte medlemmer og de af regeringen udpegede represæntanter samt Færøernes og Grønlands i andet stykke nævnte delegationer. Finlands delegation består af de af Riksdagen valgte medlemmer og de af regeringen udpegede repræsentanter samt af Ålands i andet stykke nævnte delegation. For hvert af de øvrige lande består delegationen af de af den folkevalgte forsamling valgte medlemmer og de af regeringen udpegede repræsentanter.

Færøernes delegation består af de af Lagtinget valgte medlemmer og de af landsstyret udpegede repræsentanter. Grønlands delegation består af de af Landstinget valgte medlemmer og de af landsstyret udpegede repræsentanter. Ålands delegation består af de af Lagtinget valgte medlemmer og de af landskapsstyrelsen udpegede repræsentanter.

Ved „delegation" forstås i artikel 58, andet stykkem, landets delegation.

Artikel 51

Plenarforsamlingen består af alle medlemmer af Rådet.

Plenarforsamlingen holder ordinær session mindst én gang om året. Ekstraordinære sessioner eller temasessioner holdes, når Præsidiet træffer beslutning herom, eller når mindst to regeringer eller mindst femogtyve valgte medlemmer begærer det.

Rådets beføjelser udøves af plenarforsamlingen såfremt ikke andet er særlig foreskrevet.

Plenarsforsamlingens forhandlinger er offentlige, såfremt plenarforsamlingen ikke beslutter andet.

Artikle 52

Plenarforsamlingen udpeger for et kalenderår ved den årlige ordinære session at præsidium bestående af en præsident og det antal medlemmer, som er anført i Nordisk Råds forretningsorden. Forskellige politiske meningsretninger skal være repræsenteret i Præsidiet. Hvert land skal være repræsenteret i Præsidiet.

Medlemmer af Præsidiet skal være valgte medlemmer af Rådet.

Præsidiet varetager Rådets løbende forretninger og repræsenterer i øvrigt Rådet i den udstrækning, som fremgår af denne overenskomst og Rådets forretningsorden.

Rådets formandskab varetages på skift af de nordiske lande i overensstemmelse med Nordisk Råds forretningsorden.

Artikel 53

Plenarforsamlingen bestemmer udvalgenes antal og virksomhedsområder. Udvalgene har til opgave at forberede sagernes behandling i rådet.

Artikel 54

Rådet bistås i sin virksomhed af et præsidiesektretariat.

Artikel 55

Regeringerne, Færøernes landsstyre, Grønlands landsstyre, Ålands landskapsstyrelse, Ministerrådet, Rådets Præsidium og udvalgene samt ethvert medlem har ret til at stille foreslag i Rådet.

II

Overenskomsten træder i kraft femten dage efter den dag, da samtlige parter har givet det finske udenrigsministerium meddelelse om deres godkendelse af overenskomsten.

Det finske udenrigsministerium underretter de øvrige parter om modtagelsen af disse meddelelser og om tidspunktet for overenskomstens ikrafttrædelse.

III

Originalteksten til denne overenskomst deponeres i det finske udenrigsministerium, som tilstiller de øvrige parter bekræftede genparter deraf.

Til bekræftelse heraf har undertegnede befuldmægtigede repræsentanter undertegnet denne overenskomst.

Udfærdiget i København den 29. september 1995 i ét eksemplar på dansk, finsk, islandsk, norsk og svensk, hvilke tekster alle har samme gyldighed.

Sopimus
Tanskan, Suomen, Islannin, Norjan ja Ruotsin välillä tehdyn yhteisryösopimuksen muuttamisesta.

Tanskan, Suomen, Islannin, Norjan ja Ruotsin hallitukset,

jotka ovat 13 päivänä helmikuuta 1971, 11. päivänä maaliskuuta 1974, 15 päivänä kesäkuuta 1983, 6 päivänä toukokuuta 1985, 21 päivänä elokuuta 1991 ja 18 päivänä maaliskuuta 1993 tehdyllä sopimuksilla muuttaneet Pohjoismaiden välillä 23 päivänä maaliskuuta 1962 tehtyä yhteistyösopimusta, ja

jotkoa haluavat edelleen uudistaa ja kehittää pohjoismaista yhteistyötä Pohjoismaiden Euroopan yhteistyöhön osallistumisen laajenemisen valossa,

ovat sopineet seuraavasta:

I.

Yhteistyösopimuksen 2, 48, 51, 52, 53, 54 ja 55 artikla muutetaan kuulumaan seuraavasti:

2 artikla

Lakeja ja muita määräyksiä laadittaessa Pohjoismaissa on muiden Pohjoismaiden kansalaisia kohdeltava yhdenvertaisesti oman maan kansalaisten kanssa. Tämä koskee yhteistyösopimuksen soveltamisaluetta.

Ensimmäisen kappaleen määräyksistä voidaan kuitenkin poiketa, jos kansalaisuusvaatimus johtuu perustuslaista, on tarpeen muiden kansainvälisten velvoitteiden johdosta tai jos tämä muista erityisistä syistä katsotaan tarpeelliseksi.

48 artikla

Tanskan valtakunnan valtuuskunnan muodostavat kansankäräjien valitsemat jäsenet ja hallituksen määräämät edustajat sekä Färsaarten ja Grönlannin toisessa kappaleessa, mainitut valtuuskunnat. Suomen valtuuskunnan muodostavat eduskunnan valitsemat jäsenet ja hallituksen määräämät edjustajat sekä toisessa kappalessa mainittu Ahvenanmaan valtuuskunta. Kunkin muun maan valtuuskunnan muodostavat kansanedustuslaitoksen valitsemat jäsenet ja hallituksen määräämät edustajat.

Fäsaarten valtuuskunnan muodostavat maakäräjien valitsemat jäsenet ja maakuntahallituksen määräämät edustajat. Grönlannin valtuuskunnan muodostavat maakäräjien valitsemat jäsenet ja maakuntahallituksen määräämät edustajat. Ahvenanmaan valtuuskunnan muodostavat maakuntapäivien valitsemat jäsenet ja maakuntahallituksen määräämät edustajat.

Valtuuskunta tarkoittaa 58 artiklan 2 kappeleessa man valtuuskuntaa.

51 artikla

Yleiskokouksen muodostavat kaikki neuvoston jäsenet.

Yleiskokous pitää vähintään kerran vuodessa varsinaisen istuntonsa. Ylimääräinen istunto tai aihekohtainen istunto pidetään, kun puheenjohtajisto niin päätää tai milloin vähintään kaksi hallitusta tai vähintään kaksikymmentäviisi valittua jäsenta sitä pyytävät.

Yleiskokous käyttää neuvoston toimivaltaa, jollei muuta ole erikseen määrätty.

Asiain käsittely yleiskokouksessa on julkista, ellei yleiskokous toisin päätä.

52 artikla

Yleiskokous valitsee kalenterivuodeksi kerrallaan vuotuisessa varsinaisessa istunnossa puheenjohtajiston, johon kuuluvat presidentti ja Pohjoismaiden neuvoston työjärjestyksessä mainittu määrä muita jäseniä.

Eri poliittisten mielipidesuuntausten on oltava edustertuna puheenjohtajistossa. Kunkin maan tulee olla edustertuna puheenjohtajistossa.

Puheenjohtajiston jäsenen on oltava neuvoston valittu jäsen.

Puheenjohtajisto huolehtii neuvoston juoksevien asiain hoidosta ja edustaa muutoin neuvostoa siinä laajuudessa kuin tästä sopimuksesta ja neuvoston työjärjestyksestä ilmenee.

Neuvoston presidenttiys kiertää Pohjoismaiden kesken Pohjoismaiden neuvoston työjärjestyksestä ilmenevällä tavalla.

53 artikla

Yleiskokous määrää valiokuntien lukumäärää ja toimialat.

Valiokuntien tehtävänä on valmistella asioiden käsittelyä neuvostossa.

54 artikla

Neuvostoa avustaa sen toiminnassa puheenjohtajiston sihteeristö.

55 artikla

Oikeus tehdä ehdotuksia neuvostolle on hallituksilla. Fäsaarten maakuntahallituksella. Grönlannin maakuntahallituksella. Ahvenanmaan maakuntahallituksella, ministerineuvostolla, neuvoston puheenjohtajistolla ja valiokunnilla sekä jäsenellä.

II

Sopimus tulee voimaan viidentoista päivän kuluttua siitä, kun kaikki osapuolet ovat ilmoittaneet Suomen ulkoasiainministeriölle sopimuksen hyväksymisestä.

Suomen ulkoasiainministeriö ilmoittaa muille osapuolille näiden ilmoitusten vastaanottamisesta ja sopimuksen voimaantuloajankohdasta.

III

Tämän sopimuksen alkuperäiskappale talletetaan Suomen ulkoasiainministeriön huostaan, joka toimittaa siitä muille osapuolille oikeaksi todistetun jäljennöksen.

Tämän vakuudeksi ovat asianmukaisesti valtuutetut edustajat allekirjoittaneet tämän sopimuksen.

Tehty Kööpenhaminassa 29 päivänä syyskuuta 1995 yhtenä tanskan-, suomen-, islannin-, norjan- ja ruotsinkielisenä kappaleena, jonka kaikki tekstit ovat yhtä todistusvoimaiset.

Overenskomst om endringer i samarbeidsoverenskomsten mellom Danmark, Finland, Island, Norge og Sverige

Danmarks, Finlands, Islands, Norges og Sveriges regjeringer

som ved overenskomster av 13. februar 1971, 11. mars 1974, 15. juni 1983, 6. mai 1985, 21. august 1991 og 18. mars 1993 har endret samarbeidsoverenskomsten av 23. mars 1962 mellom de nordiske land, og

som ønsker å fornye og utvikle det nordiske samarbeidet ytterligere i lys av de nordiske lands utvidede deltakelse i europeisk samarbeid,

er blitt enige om følgende:

I

Artikkel 2, 48, 51, 52, 53, 54 og 55 i samarbeidsoverenskomsten endres, og får følgende ordlyd:

Artikkel 2

Ved utformingen av lover og andre rettsregler i de nordiske land skal statsborgere i de øvrige nordiske land behandles likt med landets egne statsborgere. Dette gjelder innenfor samarbeidsoverenskomstens virkeområde.

Det kan likevel gjøres unntak fra første avsnitt dersom krav til statsborgerskap er grunnlovsfestet, nødvendig på grunn av andre internasjonale forpliktelser eller det ellers av særlige grunner anses som nødvendig.

Artikkel 48

Danmarks rikes delegasjon består av de medlemmer som er valgt av folketinget og de representanter som er utpekt av regjeringen samt av Færøyenes og Grønlands delegasjoner som nevnt i annet avsnitt. Finlands delegasjon består av medlemmer som er valgt av riksdagen og de representanter som er utpekt av regjeringen samt av Ålands delegasjon nevnt i annet avsnitt. Delegasjonen for hvert av de øvrige land består av de medlemmer som er valgt av den folkevalgte forsamling og de representanter som er utpekt av regjeringen.

Færøyenes delegasjon består av de medlemmer som er valgt av lagtinget og de representanter som er utpekt av landsstyret. Grønlands delegasjon består av de medlemmer som er valgt av landstinget og de representanter som er utpekt av landsstyret. Ålands delegasjon består av de medlemmer som er valgt av lagtinget og de representanter som er utpekt av landskapsstyrelsen.

Med „delegasjon" forstås i artikkel 58, annet avsnitt, landets delegasjon.

Artikkel 51

Plenarforsamlingen består av alle medlemmer av Rådet.

Plenarforsamlingen avholder ordinær sesjon minst en gang i året. Ekstraordinær sesjon eller temasesjon holdes når presidiet beslutter det, eller når minst to regjeringer eller minst femogfyve valgte medlemmer henstiller om det.

Rådets forføyninger utøves av plenarforsamlingen, hvis ikke noe annet er særlig foreskrevet.

Plenarforsamlingens forhandlinger er offentlige, med mindre plenarforsamlingen bestemmer noe annet.

Artikkel 52

Plenarforsamlingen utpeker for et kalenderår ved årlig ordinær sesjon et presidium bestående av en president og det antall andre medlemmer som angis i forretningsorden for Nordisk Råd. Ulike politiske meningsretninger skal være representert i presidiet.

Medlemmer av presidiet skal være valgte medlemmer av Rådet.

Presidiet ivaretar Rådets løpende forretninger og opptrer for øvrig på Rådets vegne i den utstrekning som fremgår av denne overenskomst og Rådets forretningsorden.

Presidentskapet i Rådet roterer mellom de nordiske land på den måte som fremgår av forretningsorden for Nordisk Råd.

Artikkel 53

Plenarforsamlingen bestemmer utvalgenes antall og forretningsområde. Utvalgenes oppgave er å forberede behandlingen av sakene i Rådet.

Artikkel 54

Rådet bistås i sin virksomhet av et presidiesekretariat.

Artikkel 55

Regjeringene, Færøyenes landsstyre, Grønlands landsstyre, Ålands landskapsstyrelse, Ministerrådet, Rådets presidium og utvalg samt medlemmene har rett til å fremsette forslag for Rådet.

II

Overenskomsten trer i kraft femten dager etter den dag da samtlige avtaleparter har meddelt Finlands utenriksministerium at overenskomsten er godkjent.

Finlands utenriksministerium underretter de øvrige avtaleparter om modtakelsen av disse meddelelser, og om tidspunktet for overenskomstens ikrafttredelse.

III

Originaleksemplaret til denne overenskomst deponeres hos Finlands utenriksministerium, som tilstiller de øvrige avtaleparter bekreftede gjenparter.

Til bekreftelse av dette har de behørig befullmektigede representanter undertegnet denne overenskomst.

Som fant sted i København den 29. september 1995 i ett eksemplar på dansk, finsk, islandsk, norsk og svensk, som alle har samme gyldighet.

Överenskommelse om ändring av samarbetsöverenskommelsen mellan Danmark, Finland, Island, Norge och Sverige

Danmarks, Finlands, Islands, Norges och Sveriges regeringar,

som genom överenskommelser den 13 februari 1971, den 11 mars 1974, den 15 juni 1983, den 6 maj 1985, den 21 augusti 1991 och den 18 mars 1993 ändrat samarbetsöverenskommelsen av den 23 mars 1962 mellan de nordiska länderna, och

som önskar ytterligare förnya och utveckla det nordiska samarbetet i ljuset av de nordiska ländernas utvidgade deltagande i europeiskt samarbete,
har kommit överens om följande:

I

Samarbetsöverenskommelsens artiklar 2, 48, 51, 52, 53, 54 og 55 ändras och får följande ordalydelse:

Artikel 2

Vid utformningen av lagar och andra rättsregler i de nordiska länderna skall medborgare i de övriga nordiska länderna behandlas lika med landets egna medborgare. Det gäller inom samarbetsöverenskommelsens tillämpningsområde.

Undantag från första stycket kan dock göras, om krav på medborgarskap är grundlagsfäst, nödvändigt på grund av andra internationella åtaganden eller det i övrigt av särskilda skäl bedöms nödvändigt.

Artikel 48

Danmarks rikes delegation består av de av folketinget valda medlemmarna och de av regeringen utsedda representanterna samt av Färöarnas och Grönlands i andra stycket nämnda delegationer. Finlands delegation består av de av riksdagen valda medlemmarna och de av regeringen utsedda representanterna samt av Ålands i andra stycket nämnda delegation. För ettvart av de övriga länderna består delegationen av de av folkrepresentationen valda medlemmarna och de av regeringen utsedda representanterna.

Färöarnas delegation består av de av lagtinget valda medlemmarna och de av landstyret utsedda representanterna. Grönlands delegation består av de av landstinget valda medlemmarna och de av landsstyret utsedda representanterna. Ålands delegation består av de av lagtinget valda medlemmarna och de av landskapsstyrelsen utsedda representanterna.

Med „delegation" förstås i artikel 58, andra stycket, landets delegation.

Artikel 51

Plenarförsamlingen utgöres av alla medlemmar av rådet.

Plenarförsamlingen håller ordinarie session minst en gång om året. Extra session eller temasession hålles när presidiet så beslutar eller när minst två regeringar eller minst tjugofem valda medlemmar begär det.

Rådets befogenheter utövas av plenarförsamlingen, om icke annat är särskilt föreskrivet.

Plenarförsamlingens förhandlingar är offentliga, om plenarförsamlingen inte beslutar annat.

Artikel 52

Plenarförsamlingen utser för ett kalenderår vid årlig ordinarie session ett presidium bestående av en president och det antal andra medlemmar som anges i arbetsordningen för Nordiska rådet.

Olika politiska meningsriktningar skall vara företrädda i presidiet. Varje land skall vara representerat i presidiet.

Medlem av presidiet skall vara vald medlem av rådet.

Presidiet handhar rådets löpande angelägenheter och företräder i övrigt rådet i den utsträckning som framgår av denna överenskommelse och rådets arbetsordning.

Presidentskapet i rådet roterar mellan de nordiska länderna på det sätt som framgår av arbetsordningen för Nordiska rådet.

Artikel 53

Plenarförsamlingen bestämmer utskottens antal och verksamhetsområden. Utskotten har till uppgift att förbereda sakernas behandling i rådet.

Artikel 54

Rådet bistås i sin verksamhet av ett presidiesekretariat.

Artikel 55

Regeringarna, Färöernas landstyre, Grönlands landstyre, Ålands landskapsstyrelse, ministerrådet, rådets presidium och utskotten samt medlem har rätt att väcka förslag i rådet.

II

Överenskommelsen träder i kraft femmton dagar efter den dag då samtliga parter meddelat det finska utrikesministeriet att överenskommelsen godkänts.

Det finska utrikesministeriet meddelar de övriga parterna om mottagandet av dessa meddelanden och om tidpunkten för överenskommelsens ikraftträdande.

III

Originalexemplaret till denna överenskommelse deponeras hos det finska utrikesministeriet, som tillställer de övriga parterna bestyrkta kopior därav.

Till bekräftelse härav har de vederbörligen befullmäktigade ombuden undertecknat denna överenskommelse.

Som skedde i ..... den ..... 1995 i ett exemplar på danska, finska, isländska, norska och svenska språken, vilka samtliga texter äger lika giltighet.

249. Frumvarp til laga [199. mál]

um breytingu á læknalögum, nr. 53/1988.

Flm.: Katrín Fjeldsted.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Greinin orðast svo:

Áður en að aðgerð eða meðferð hefst ber lækni að afla skriflegs samþykkis sjúklings sem felur í sér að hann hafi fengið upplýsingar um þá aðgerð eða meðferð sem fyrirhuguð er og að hann samþykki að hún fari fram. Ef um er að ræða barn undir 16 ára aldri eða sjúkling sem ekki er í ástandi til að veita slíkt samþykki skal það veitt af foreldri, forráðamanni eða nánasta aðstandanda. Ef um bráðatilvik er að ræða nægir munnlegt samþykki aðstandanda. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *B. Upplýsingaskylda læknis og samþykki sjúklings.*

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Enga almenna reglu um skriflegt samþykki sjúklinga er að finna í íslenskum lögum. Slíkt ákvæði er þó að finna í lögum nr. 25/1975, um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, en í 13. gr. þeirra er kveðið á um að kona sem óskar fóstureyðingar skuli sjálf skrifa undir umsóknina.

Með skriflegu samþykki sjúklings er átt við að sjúklingur eða forráðamaður hans votti að hann hafi fengið útskýringar og upplýsingar um eðli og tilgang læknisaðgerðar eða meðferðar, áhættu henni tengda og hugsanlega fylgikvilla. Þá staðfesti sjúklingur einnig að hann hafi fengið upplýsingar og útskýringar á öðrum möguleikum til greiningar og meðferðar á ástandi sínu og fengið tækifæri til þess að leggja fram spurningar og fá við þeim fullnægjandi svör. Loks samþykkir sjúklingur að tiltekinn læknir eða aðrir læknar er starfa undir hans stjórn framkvæmi aðgerðina.

Skriflegt samþykki sjúklings miðar þannig að því að veita læknum aukið aðhald og stuðlar að því að þeir sinni upplýsingaskyldu sinni betur, auk þess sem það er vettvangur sjúklings til að afla þeirra upplýsinga sem honum þykir mikilvægar og taka ábyrga afstöðu til aðgerðar eða meðferðar.

Skriflegt samþykki sjúklings firrir lækni þó ekki lagalegri ábyrgð né sviptir sjúkling lagalegum rétti til kvörtunar eða málshöfðunar vegna meintra mistaka læknis.

Í 10. gr. læknalaga er nú mælt fyrir um skyldur læknis til að upplýsa sjúkling um ástand, meðferð og horfur. Eðlilegt er að þær breytingar, sem hér eru lagðar til, verði felldar inn í þetta ákvæði laganna.

250. Nefndarálit [155. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefndir beggja deilda settu sér þegar árið 1955 starfsreglur um veitingu ríkisborgararéttar. Hafa þær reglur nokkrum sinnum tekið breytingum og nú síðast í febrúar 1995, sbr. þskj. 723 frá 118. löggjafarþingi. Helsta breytingin, sem gerð var á þessum reglum í febrúar, var að mörk um lengd búsetu voru í ákveðnum tilvikum lækkuð. Fjöldi umsókna sem nefndin hefur nú haft til umfjöllunar var því öllu meiri en verið hefur undanfarin ár.

Vinna nefndarinnar við frumvarpið var með hefðbundnu sniði. Formaður og einn nefndarmanna fóru yfir allar umsóknir sem bárust til að kanna hvort þær uppfylla skilyrði framangreindra reglna, og síðan fjallaði nefndin um umsóknirnar.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Þar er lagt til að 97 einstaklingar fái íslenskan ríkisborgararétt.

Alþingi, 29. nóv. 1995.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Ögmundur Jónasson.	Valgerður Sverrisdóttir.
Guðný Guðbjörnsdóttir.	Kristján Pálsson.	Sighvatur Björgvinsson.
Árni R. Árnason.	Jón Kristjánsson.	Hjálmar Jónsson.

251. Breytingartillaga [155. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr. orðist svo:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Ahmed, Ait Youssef, verkamaður í Reykjavík, f. 6. desember 1963 í Marokkó.
2. Anna Lísa Jónsdóttir, nemi í Reykjavík, f. 17. febrúar 1975 í Reykjavík.
3. Avery, Martin Harris, sjómaður í Vestmannaeyjum, f. 9. desember 1959 í Ástralíu.
4. Balfour, Janice Margaret, nemi í Reykjavík, f. 29. mars 1950 í Englandi.
5. Bambir, Slavko, dýralæknir í Hafnarfirði, f. 1. september 1939 í Júgóslavíu.
6. Bernardino, Maria Theresa Buenaventura, ræstingakona í Reykjavík, f. 17. júní 1966 á Filippseyjum.
7. Billington, Helen Rachel, fiskvinnslukona á Hellissandi, f. 19. mars 1968 í Englandi.
8. Breiðaskarð, Poul Jacob, sjómaður á Ísafirði, f. 23. október 1947 í Færeyjum.
9. Buangsruang, Duangsiri, verkakona í Reykjavík, f. 30. maí 1964 í Tælandi.
10. Camilleri, Nicole Bernadette, húsmóðir í Hafnarfirði, f. 24. október 1954 í Túnis.
11. Carrilha, Maria Madalena, starfsmaður á elliheimili í Reykjavík, f. 3. janúar 1956 í Angóla.

12. Carrilha, Nuno Miguel, nemi í Reykjavík, f. 21. júlí 1976 í Portúgal.
13. Christensen, Sesselja Østerby, húsmóðir í Reykjavík, f. 8. maí 1971 í Reykjavík.
14. Daghlas, Mohamed Fathi, verkamaður í Reykjavík, f. 20. ágúst 1971 í Jórdaníu.
15. Dalton, Mary Immaculata, kennari á Akureyri, f. 11. febrúar 1917 á Írlandi.
16. Dao Kinh Hoang, ellilífeyrisþegi í Reykjavík, f. 2. febrúar 1926 í Víetnam.
17. Demian, Khalil Abdou, verkamaður í Reykjavík, f. 2. ágúst 1968 í Líbanon.
18. Duc Bien Vu, lagermaður í Reykjavík, f. 26. mars 1970 í Víetnam.
19. Espiritu, Marivic Cabilao, fiskvinnslukona í Reykjavík, f. 11. desember 1965 á Filippseyjum.
20. Franklin Jónsson, bóndi í Reykjavík, f. 26. desember 1919 í Kanada.
21. Gallacher, Beatrice, húsmóðir í Reykjavík, f. 5. mars 1934 í Skotlandi.
22. Ganey, Tammy Jean, tannfræðingur í Reykjavík, f. 3. október 1963 í Bandaríkjunum.
23. Garovic, Dana, húsmóðir í Kópavogi, f. 2. mars 1964 í Júgóslavíu.
24. Gopalpur, Chandrika, veitingakona í Reykjavík, f. 3. desember 1963 á Indlandi.
25. Graf, Johanna Theresa, fiskvinnslukona í Garðabæ, f. 17. september 1971 í Bandaríkjunum.
26. Gudmundsson, Laila, sjúkraþjálfari í Reykjavík, f. 29. september 1951 í Danmörku.
27. Hadid, Fedaa, húsmóðir í Reykjavík, f. 22. febrúar 1958 í Sýrlandi.
28. Hand, Ólafur William, sölumaður í Reykjavík, f. 8. september 1968 á Keflavíkurflugvelli.
29. Hassan, Hosni Mahrous, verkamaður í Reykjavík, f. 25. október 1952 í Egyptalandi.
30. Hjaltalín, Stuart Kristófer, kerfisfræðingur í Reykjavík, f. 8. janúar 1955 í Reykjavík.
31. Hood, Brooks Arther, verslunarmaður á Höfn, f. 13. mars 1968 í Bandaríkjunum.
32. Jancar, Igor, sjómaður í Ólafsvík, f. 2. september 1960 í Tékkóslóvakíu.
33. Jensen, Rigmor, húsmóðir á Höfn í Hornafirði, f. 8. apríl 1965 í Reykjavík.
34. Kim Cuong Bui, starfsmaður á veitingahúsi í Reykjavík, f. 3. maí 1956 í Víetnam.
35. Kleina, Andrzej Stanislaw, hljóðfæraleikari í Reykjavík, f. 1. mars 1956 í Póllandi.
36. Krasniqi, Besim, verkamaður í Kópavogi, f. 21. júní 1970 í Júgóslavíu.
37. Kristín Gissurardóttir, húsmóðir á Akureyri, f. 27. mars 1956 í Reykjavík.
38. Kristín Ólöf Kristjánsdóttir, nemi í Reykjavík, f. 24. október 1970 í Reykjavík.
39. Markovic, Dragan, verkamaður í Reykjavík, f. 6. október 1952 í Júgóslavíu.
40. Melendres, Moggrama M., þerna í Reykjavík, f. 10. maí 1957 á Filippseyjum.
41. Mendoza, Lucita Escalicas, verkakona í Reykjavík, f. 31. desember 1941 á Filippseyjum.
42. Mitchison, Erlingur John, nemi í Mosfellsbæ, f. 11. janúar 1967 í Neskaupstað.
43. Mitchison, Kristjón Þór, nemi í Mosfellsbæ, f. 10. maí 1972 í Neskaupstað.
44. Nielsen, Jocelyn Ereno, verkakona í Keflavík, f. 11. september 1963 á Filippseyjum.
45. Obas, Angelita, fiskvinnslukona í Kópavogi, f. 16. febrúar 1954 á Filippseyjum.
46. Ogorevc, Janko, verkamaður á Djúpavogi, f. 1. maí 1962 í Júgóslavíu.
47. Ottó Páll Arnarson, nemi í Mývatnssveit, f. 21. janúar 1976 í Kanada.
48. Ovtsinnikov, Ruslan, nemi í Reykjavík, f. 28. mars 1977 í Rússlandi.
49. Oyod, Mariena Siroy, húsmóðir í Keflavík, f. 1. október 1952 á Filippseyjum.
50. Palawong, Jongdee, húsmóðir í Keflavík, f. 9. maí 1962 í Tælandi.

51. Penning, Derek, tölvunarfræðingur í Reykjavík, f. 24. september 1956 í Englandi.
52. Perry, Tjörvi Ellert, nemi í Reykjavík, f. 3. mars 1972 í Reykjavík.
53. Phu Minh Nguyen, hjálpartækjasmiður í Reykjavík, f. 22. nóvember 1960 í Víetnam.
54. Quirk, Jane Yvonne, afgreiðslustúlka í Reykjavík, f. 25. febrúar 1975 í Englandi.
55. Ralston, Carrie Christine, nemi í Mosfellsbæ, f. 19. desember 1969 í Bandaríkjunum.
56. Rastrick, John Stephen, kerfisfræðingur í Reykjavík, f. 22. mars 1941 í Englandi.
57. Renegado, Epifania T., húsmóðir í Hveragerði, f. 6. október 1956 á Filippseyjum.
58. Roberts, Angela, ritari í Reykjavík, f. 16. janúar 1971 í Reykjavík.
59. Rodriguez, Elena T., fiskvinnslukona í Kópavogi, f. 22. maí 1951 á Filippseyjum.
60. Rotruamsin, Chuanchom, þerna í Reykjavík, f. 1. maí 1954 í Tælandi.
61. Rudge, Maria Telles, nemi í Reykjavík, f. 23. október 1960 í Brasilíu.
62. Ryan, Jóna Myrtle, húsmóðir í Hafnarfirði, f. 25. nóvember 1955 í Bandaríkjunum.
63. Saikham, Lai, verkakona í Reykjavík, f. 10. janúar 1961 í Tælandi.
64. Sands, Frank Walter, rekstrarhagfræðingur í Reykjavík, f. 22. janúar 1966 í Bandaríkjunum.
65. Savard, Christine Anne, verkakona á Höfn í Hornafirði, f. 29. maí 1967 í Kanada.
66. Severino, Maria Divina Gracia Bonifacio, verkakona í Keflavík, f. 24. ágúst 1961 á Filippseyjum.
67. Siivonen, Elena Konstantinovna, húsmóðir í Hafnarfirði, f. 26. febrúar 1958 í Rússlandi.
68. Skowronski, Guðrún Helga, nemi í Reykjavík, f. 12. ágúst 1975 í Reykjavík.
69. Skraban, Robert, nemi í Reykjavík, f. 29. apríl 1967 í Júgóslavíu.
70. Solórzano, José Luis Garcia, starfsmaður á veitingahúsi í Reykjavík, f. 3. nóvember 1961 í Hondúras.
71. Soto, Patricia Elvira Lopez, húsmóðir í Kópavogi, f. 20. desember 1955 í Kólumbíu.
72. Sólveig Sveinsdóttir, húsmóðir í Reykjavík, f. 8. febrúar 1958 í Þýskalandi.
73. Srdoc, Verica, ræstingakona í Keflavík, f. 21. nóvember 1955 í Júgóslavíu.
74. Sundaram, Sudha, húsmóðir í Reykjavík, f. 20. júlí 1964 á Indlandi.
75. Thi Dinh Vu, húsmóðir í Reykjavík, f. 22. júlí 1969 í Víetnam.
76. Thi Dung Vu, verkakona í Reykjavík, f. 16. janúar 1968 í Víetnam.
77. Thi Khuyen Vu, húsmóðir í Reykjavík, f. 13. ágúst 1963 í Víetnam.
78. Thi Luan Vu, verslunarkona í Reykjavík, f. 2. ágúst 1966 í Víetnam.
79. Thi Ngon Nguyen, húsmóðir í Reykjavík, f. 1. janúar 1931 í Víetnam.
80. Thi Tien Vu, húsmóðir í Reykjavík, f. 10. nóvember 1966 í Víetnam.
81. Thi Viet Le, verkakona í Kópavogi, f. 1. september 1962 í Víetnam.
82. Thi Vuong Nguyen, verkakona í Reykjavík, f. 1. janúar 1958 í Víetnam.
83. Thi Xuan Hoang, verkakona í Reykjavík, f. 4. júní 1956 í Víetnam.
84. Thordarson, Pamela Ingrid Kristin, hárgreiðslumeistari í Reykjavík, f. 19. september 1951 í Bandaríkjunum.
85. Thors, Maria, verkfræðingur í Reykjavík, f. 4. maí 1959 í Svíþjóð.
86. Tich Du, verkamaður í Reykjavík, f. 29. mars 1927 í Kína.
87. Tzankova, Iuliana Grigorova, húsmóðir í Reykjavík, f. 26. júlí 1959 í Búlgaríu.
88. Valiente, Merlie Tagalog, fiskvinnslukona í Keflavík, f. 29. apríl 1965 á Filippseyjum.
89. Van Bot Vu, verkamaður í Reykjavík, f. 4. janúar 1954 í Víetnam.

90. Van Khang Hoang, verslunarmaður í Reykjavík, f. 21. nóvember 1958 í Víetnam.
91. Van Son Luu, verkamaður í Reykjavík, f. 5. apríl 1964 í Víetnam.
92. Van Thiep Pham, starfsmaður á veitingahúsi í Kópavogi, f. 11. október 1958 í Víetnam.
93. Van Tuong Vu, ellilífeyrisþegi í Reykjavík, f. 1. janúar 1925 í Víetnam.
94. Van Yeu Tran, starfsmaður á veitingahúsi í Reykjavík, f. 5. maí 1962 í Víetnam.
95. Villareal, Maria Felisa, starfsmaður á spítala í Reykjavík, f. 16. desember 1956 á Filippseyjum.
96. Washington, Örn Jakup Dam, nemi í Reykjavík, f. 13. maí 1980 í Reykjavík.
97. Williams, Marcia Patricia, ritari í Reykjavík, f. 27. mars 1959 á Jamaíku.

252. Nefndarálit [96. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99 8. september 1993, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta landbúnaðarnefndar.

Stjórnarfrumvarp þetta er eitt veigamesta frumvarp núverandi ríkisstjórnar og endurspeglar stefnu hennar í landbúnaðarmálum. Frumvarpið markar þá lagaumgjörð sem að mati ríkisstjórnarinnar er nauðsynleg vegna nýgerðs samnings ríkisvaldsins og bændasamtakanna.

Fyrsti minni hluti landbúnaðarnefndar telur að frumvarpinu og samningnum sé mjög ábótavant. Frumvarpið leysir ekki vandamál við sauðfjárrækt. Það er neytendum fjandsamlegt þar sem það stuðlar að hærra matarverði en þyrfti að vera og er ekki hagkvæmt fyrir sauðfjárbændur.

Samráðsleysi hefur einkennt samninginn og frumvarpssmíðina, en geta má þess að landbúnaðarráðherra hét landbúnaðarnefnd í vor að haft yrði samráð við hana um lausn á vanda sauðfjárbænda en ekki var staðið við það. Þá var ekki haft samráð við aðila vinnumarkaðarins eins og eðlilegt hefði verið og var gert við fyrri búvörusamning.

Frumvarpið felur ekki í sér framtíðarsýn þannig að innan tiltölulega skamms tíma verður Alþingi aftur að fást við vandamál í sauðfjárframleiðslu. Þrátt fyrir að hinn nýi búvörusamningur og frumvarpið geri ráð fyrir um 12 milljarða kr. útgjöldum á næstu fimm árum tryggir samningurinn ekki lausn á vandamálum í sauðfjárbúskap vegna þess að stefnan í frumvarpinu er röng.

Vanda sauðfjárbænda sem blasir við má m.a. rekja til samdráttar í neyslu vegna breyttra neysluhátta, óhagkvæmni í vinnslu afurða og óhagræðis í skipulagi framleiðslunnar. Hinn eldri búvörusamningur reyndist ekki skila því sem ætlað var og því var nauðsynlegt að gera nýjan samning. 1. minni hluti telur brýnt að vandi sauðfjárræktar sé leystur í samvinnu við bændur sjálfa að teknu tilliti til sjónarmiða neytenda og annarra búgreina.

Fyrsti minni hluti hefði verið reiðubúinn að standa að kerfi sem hefði í för með sér umtalsverð útgjöld á næstu fimm árum eins og samningurinn gerir ráð fyrir. 1. minni hluti telur nauðsynlegt að verja verulegum opinberum fjármunum til þessa málaflokks til að komast út úr gölluðu kerfi fortíðarinnar. Það verður að líta á framlög til sauðfjárræktar sem fjárfestingu til framtíðar. Því er mjög mikilvægt að ráðstöfun svo mikils fjár sé skynsamleg en ekki í reynd sóun eins og með þeirri útfærslu sem ríkisstjórnin vill nú lögfesta.

Þess má geta að nú renna u.þ.b. 6 milljarðar kr. á ári til landbúnaðarframleiðslunnar á fjárlögum og er það sama fjárhæð og kostar að reka alla grunnskóla landsins á einu ári. Því er ljóst að hér er um verulega fjármuni að ræða sem varðar alla skattgreiðendur þessa lands.

Aðalgalli gildandi samnings er að hann heftir framtak bænda, byggir á efnahagslega röngum forsendum og gerir bændum sem vilja hætta búskap ekki kleift að gera það á fjárhagslega hagkvæman hátt og með reisn.

Kostnaður við vernd íslensks landbúnaðar nemur vel á annan tug milljarða kr. á ári og er með því hæsta sem þekkist í heiminum. Þannig er stuðningur Íslendinga við landbúnað um 70% meiri en meðalstuðningur innan OECD og um 50% meiri en innan ESB. Þessar tölur eru ekki ágreiningsefni hérlendis. Þær sýna að landbúnaðarstefna Sjálfstæð-

isflokks og Framsóknarflokks hefur gersamlega brugðist, en þessi tveir flokkar bera fyrst og fremst ábyrgð á landbúnaðarstefnu síðustu áratuga. Þessir flokkar hafa reynst óhæfir til að laga kerfið að breyttum aðstæðum og hafa hvorki gætt hagsmuna bænda né neytenda.

Þótt framleiðslukvóti sé afnuminn í frumvarpinu eru athafnafrelsi bænda settar verulegar skorður með miðstýrðum ákvörðunum, m.a. hvað varðar útflutning og verðmyndun. Það er misskilningur þegar því er haldið fram að verð sauðfjárafurða sé gefið frjálst í áföngum. Heildarmagnið sem fer á innanlandsmarkað á ári er ákveðið með einni ákvörðun en með því er í reynd jafnframt ákveðið verð afurðanna.

Greiðslur úr ríkissjóði vegna samningsins eru verðtryggðar en það er óeðlilegt á sama tíma og greiðslur úr almannatryggingakerfinu eru gerðar óháðar verðlagsþróun, sbr. fjárlagafrumvarp núverandi ríkisstjórnar.

Bændum er öllum gert skylt að taka þátt í útflutningi en mjög erfiðlega hefur gengið að afla markaða fyrir kindakjöt erlendis og ekkert bendir til þess að það reynist auðvelt verk á næstu árum. Einnig er næg framleiðslugeta til að gera þær markaðstilraunir á erlendum mörkuðum sem menn kjósa, m.a. með unnar vörur byggðar á lífrænni og vistvænni ræktun. Samningurinn felur í sér að flytja verður út verulegt magn af kindakjöti á lágu verði á næstu árum.

Birgðavandi í sauðfjárrækt er ekki leystur með þessu frumvarpi og tímabundnar útsölur á kindakjöti eru slæm leið. Þær kosta mikið, skila litlu til lengri tíma og koma mjög illa niður á öðrum búgreinum. Neysla á kindakjöti hefur minnkað ár frá ári með breyttum neysluháttum, ekki hvað síst hjá ungu fólki. Því er margt sem bendir til þess að vandamál sauðfjárræktar felist í því að of margir aðilar eru að framleiða fyrir of lítinn markað sem er okkar heimamarkaður. Það er óraunhæft að mati margra sem ræddu við landbúnaðarnefnd að treysta á kerfi sem byggist á útflutningi á um 2.000 tonnum á ári.

Í samningnum er hvati til framleiðsluaukningar fyrir einstaka bændur. Þessi mistök við samningsgerðina, sem fjölmargir umsagnaraðilar bentu á, mun leiða til þess að hagkvæmt verður fyrir einstaka bændur að auka framleiðslu sem er þvert á markmið samningsins. Auk þess er víða í sauðfjárrækt ónýtt framleiðslugeta sem bændur hafa hag af að nýta betur og auka þar með framleiðslu. Þrátt fyrir ábendingar um þessi atriði frá fjölmörgum aðilum hefur meiri hlutinn ekki fallist á breytingar á þessum þætti.

Í samningnum og frumvarpinu er ekki tekið á vandamálum vinnsluaðila. Í fyrri búvörusamningi voru ákvæði sem miðuðu að því að auka framleiðni vinnslustöðva en nú eru engin slík ákvæði. Þótt öllum sé ljóst að brýnt sé að auka hagkvæmni í úrvinnslu afurða, m.a. sláturhúsa, er enginn slíkur hvati í frumvarpinu. Þeim sláturhúsum sem geta framleitt fyrir erlenda markaði er ekki gert kleift að njóta afraksturs af uppbyggingarstarfi sínu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að verðjafna milli erlendra markaða. Það er mjög slæm aðferðafræði, en eitt af grunnlögmálum markaðsfræðinnar er að markaðir verði að fá að njóta sín í samkeppni hver við annan og það á eins við um markaði fyrir landbúnaðarafurðir og aðra markaði.

Þá er loku fyrir það skotið að bændur framleiði kindakjöt fyrir utan kerfið og eigi viðskipti t.d. beint við verslanir. Bændur, sem hafna öllum greiðslum frá ríkisvaldinu og framleiða á eigin ábyrgð og fá það sem markaðurinn skilar, geta það ekki. Þeir bændur þurfa að sæta útflutningsverði fyrir hluta framleiðslu sinnar þótt þeir flytji ekkert út og fái engar beingreiðslur fyrir framleiðslu sína. Samningurinn og frumvarpið binda alla bændur, líka þá sem vilja ekki fá neinar greiðslur úr ríkissjóði fyrir framleiðslu sína. Það

er matsatriði hvort þessi ákvæði standast ákvæði stjórnarskrárinnar um atvinnufrelsi, t.d. ákvæði um sameinginlega ábyrgð bænda.

Í frumvarpinu er ekki tekið á heimaslátrun. Umfang heimaslátrunar er verulegt þótt erfitt hafi verið fyrir nefndina að fá upplýsingar um það. Spádómar manna sem ræddu við nefndina gerðu ráð fyrir frá 500 tonnum upp í 2.000 tonn og sést á því hve mikil hún er sé miðað við 7.000 tonna ársneyslu. Athyglisverðar upplýsingar komu fram hjá fulltrúum kaupmanna sem komu á fund landbúnaðarnefndar. Þeir sögðu að umtalsverður munur væri á kjötsölu í þéttbýli og dreifbýli sem hlutfalli af veltu verslana. Þetta bendir til umtalsverðrar heimaslátrunar að þeirra mati. Nú er heimaslátrun heimil að vissu marki en ýmislegt bendir til þess að hér sé um mun meiri viðskipti að ræða en áður var talið. Það er ljóst að þróist tvöfalt framleiðslu- og sölukerfi er útilokað að halda utan um kerfið eins og fyrirhugað er í frumvarpinu og búsvörusamningnum. Samningurinn mun að mati 1. minni hluta hvetja bændur til aukinnar heimaslátrunar og sölu fram hjá hinu opinbera kerfi til að losna við útflutningskvöð.

Benda má á að fulltrúar bændasamtakanna telja að lögfesting frumvarpsins megi vel dragast til áramóta þótt ríkisstjórnin leggi allt kapp á að afgreiða málið í flýti.

Frumvarpið fékk mjög harða gagnrýni frá Eiríki Tómassyni lagaprófessor og Tryggva Gunnarssyni hæstaréttarlögmanni, en þeir eru báðir sérfróðir í löggjöf um landbúnaðarmál. Hjá þeim kom fram að á frumvarpinu verður að gera margvíslegar breytingar til að það fullnægi lágmarkskröfum um löggjöf. Þannig hefur mikill tími landbúnaðarnefndar farið í að laga frumvarpið að ákvæðum stjórnarskrárinnar. Breytingartillögur meiri hlutans fela ekki í sér neinar efnisbreytingar, enda kalla þær ekki á breytingar á búvörusamningnum. Það lýsir vinnubrögðum og hugmyndafræði stjórnarflokkanna að upprunaleg gerð frumvarpsins stóðst ekki ýmis ákvæði stjórnarskrárinnar.

Ljóst er að breytingartillögur meiri hlutans brjóta í bága við nýgerðan búvörusamning og er vakin athygli á þremur ákvæðum hans. Í fyrsta lagi verður ekki greitt jafnt verð fyrir útflutning. Í öðru lagi, verði afgangur af fjármagni til uppkaupa rennur það ekki í ríkissjóð heldur til annarra verkefna. Í þriðja lagi er afnám beingreiðslna til bænda 70 ára og eldri fellt niður. Þessar breytingar þýða að mati 1. minni hluta að það verður að gera viðbótarsamning milli ríkisvalds og bændasamtaka.

Sú breyting meiri hlutans að fela ráðherra vald með reglugerð til að skipuleggja útflutning er fráleit og í engu samræmi við nútímaviðskiptahætti.

Umsagnir aðila um frumvarpið.

Frumvarpið var gagnrýnt harkalega af aðilum sem landbúnaðarnefnd leitaði til. Telur Þjóðhagsstofnun vafamál að frumvarpið leiði til þeirrar niðurstöðu sem að er stefnt þrátt fyrir aukin framlög ríkisins. Hagþjónusta landbúnaðarins er gagnrýnin á frumvarpið, svo og Hagfræðistofnun. Neytendasamtökin og aðilar vinnumarkaðarins eru mjög andsnúnir frumvarpinu og búvörusamningnum, svo og Verslunarráð og Kaupmannasamtökin.

Hér á eftir fer útdráttur úr nokkrum skriflegum umsögnum sem nefndinni bárust.

Í umsögn Framleiðsluráðs landbúnaðarins segir m.a.:

„Framkvæmdanefndin bendir á að í vissum tilvikum hafa bændur verið að skipta á greiðslumarki í sauðfé og mjólk og eru að fjölga fé á móti fækkun mjólkurkúa. Í þeim tilvikum og e.t.v. fleirum gæti þurft að hafa heimild til að víkja frá ásetningsákvæðum í 3. mgr. 11. gr. frumvarpsins eða/og leyfa fjölgun fjár á móti keyptum rétti, sbr. ákvæði í 6. mgr. 6. gr. frumvarpsins."

Í umsögn stjórnar Landssamtaka sláturleyfishafa segir m.a.:

„1. Ákvæði um eitt skilaverð á útfluttu kindakjöti fyrir landið teljum við ganga of langt, miðað við orðfæri samningsins, þótt viðurkennd sé stefnan um „sameiginlegt" uppgjör útflutnings.
2. Stjórnin telur ekki eðlilegt að breyta útfærslu vaxta- og geymslugjalds fyrr en verðlagning til bænda verður gefin frjáls.
3. Stjórn Landssamtaka sláturleyfishafa vill koma að mótun reglna um framkvæmd samningsins að því leyti er snertir afurðastöðvarnar. Í því sambandi má nefna markaðsstarf og þróun, ásamt hagræðingu og hugsanlegri úreldingu afurðastöðva."

Í umsögn Verslunarráðs segir m.a.:

„Þá virðist einnig ástæða til að hafa áhyggjur af framleiðslunni því þótt afnumdar verði beinar almennar takmarkanir á því hversu mikið menn mega framleiða þá verður magnið að nokkru leyti bundið útflutningi. Í því sambandi má benda á að í samningnum er gert ráð fyrir að uppgjör sláturleyfishafa vegna útflutnings verði sameiginlegt og að sama verð eigi að greiðast öllum sauðfjárbændum. Slíkt fyrirkomulag er óskynsamlegt í ljósi þess að það felur ekki í sér hvata fyrir einstaka aðila að reyna að ná sem hagstæðustu verði fyrir afurðir sínar og engir möguleikar eru á að fjárfesting þeirra í markaðsstarfsemi nái að skila sér."

Í umsögn Hagþjónustu landbúnaðarins segir m.a.:

„Samkvæmt ákvæðum í 6. gr. er öllum afurðastöðvum ætlað að taka þátt í útflutningi og fá bændur jafnaðarverð fyrir kjöt af sambærilegum gæðum. Draga verður í efa að þetta fyrirkomulag virki hvetjandi á afurðastöðvar til að stunda markaðsstarf erlendis. Má í þessu sambandi nefna að margar afurðastöðvar eru í meirihlutaeigu bænda og með þessu er tekið fyrir þann möguleika að eigendur, þ.e. bændur, njóti árangursríks markaðsstarfs erlendis í hærra verði. Bændur geta hins vegar fengið misjafnt verð fyrir afurðir sem fara á innanlandsmarkað eftir 1. september 1998."

„Hagþjónusta landbúnaðarins telur að sú aðgerð að taka uppgjör fyrir afurðir úr sambandi við greiðslumark — en miða þess í stað við ásetning — hvetji bændur til að auka framleiðslu sína. Óvíst er að þau ákvæði 6. gr. sem ætlað er að vinna gegn þessu nái því markmiði. Er þar einkum átt við þann möguleika sem bændum er opnaður til að komast hjá útflutningsskyldu. Hvað ofangreint varðar mun *í fyrsta lagi* nokkur framleiðslugeta ónýtt í þeim bústofni sem þegar er til í landinu og hægt er að nýta án þess að auka fastan kostnað í búrekstrinum."

Í umsögn Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands segir m.a.:

„Jöfnun skilaverðs til framleiðenda kindakjöts, sem selt er á erlendum mörkuðum, dregur líklega út hvata til markaðssetningar erlendis. Ef útflytjendur fá ekki sjálfir að njóta eigin árangurs í markaðssetningu er hætt við að lítil áhersla verði lögð á sölu á erlenda markaði. Einnig er rétt að benda á að afar erfitt verður að reikna verðjöfnunargjaldið, sérstaklega í ljósi þess að gjaldið á að vera breytilegt eftir gæða- og völuflokkum."

„Helsti galli nýja búvörusamningsins og þar með lagafrumvarpsins er að í því er hagrænn hvati fyrir bændur að auka framleiðslu sína þvert á markmið samningsins og nýsluþróun í landinu. Í stað þess að stýra heildarframleiðslumagni er útflutningskvöð komið á þannig að framleiðendum er gert skylt að selja sama hlutfall af framleiðslu sinni á sama verði til útlanda."

„Tveir verstu gallar frumvarpsins, framleiðsluhvatinn og verðjöfnunin, eru dæmi um slæma hagræna hvata. Ef gert er ráð fyrir að framleiðendur hegði sér *skynsamlega*, þ.e. hámarki efnislega velferð sína, kemur samningurinn til með að hafa slæmar og afdrifaríkar afleiðingar."

Í umsögn Bandalags háskólamanna, BHMR, segir m.a.:

„Bandalag háskólamanna, BHMR, lýsir sérstökum áhyggjum vegna lélegs rekstrargrundvallar smábýlanna, af miklum skuldum þeirra og lágum tekjum sem jaðra við fátæktarmörk. Á þessum vanda er ekki tekið í frumvarpinu. Afleiðing þessa ástands birtist m.a. í þeirri staðreynd að margir smábændur eiga orðið erfitt að standa undir skólagöngu barna sinna. Í þessu ljósi er fyrirliggjandi búvörusamningur ekki trúverðugur sem heildarlausn."

Í umsögn Neytendasamtakanna segir m.a.:

„Það eru því mikil vonbrigði að bæði samningurinn og lagafrumvarpið breyta engu um þennan vanda. Það er mat Neytendasamtakanna að nánast sé ekki á neinn hátt tekið á vandanum og að í lok samningstíma búvörusamningsins verði sami vandi eftir sem áður með tilheyrandi fjáraustri af hendi skattborgara til að hægt sé að framleiða lambakjöt. Að mati Neytendasamtakanna er það eina jákvæða við þennan samning að bændur geta boðið út slátrun og þar með knúið á um löngu tímabæra lækkun sláturkostnaðar."

„Af þessum ástæðum leggjast Neytendasamtökin gegn því að þetta lagafrumvarp, sem er til staðfestingar á samningi um sauðfjárframleiðslu verði samþykkt, enda er í raun hvorki framleiðslu- né verðstýringu kastað fyrir róða. Komið er í meginatriðum áfram í veg fyrir nauðsynlega hagræðingu innan þessarar búgreinar, þ.e. að framleiðendum gefist kostur á að stækka bú sín, oftast án nokkurrar fjárfestingar. Vandanum er hins vegar ýtt á undan sér, m.a. með útsölu á lambakjöti sem neytendur greiða með sköttum sínum sem í sjálfu sér leiðir til lítillar neysluaukningar, hins vegar fylla neytendur frystikistur sínar."

Í umsögn Þjóðhagsstofnunar segir m.a.:

„Bóndi, sem ákveður að auka framleiðslu sína — og veldur þannig auknum kjötútflutningi — tekur ekki sjálfur á sig nema lítinn hluta þeirra afleiðinga sem hljótast af ákvörðuninni fyrir greinina í heild. Það leiðir til óhagkvæmni að rjúfa þessi tengsl."

„Með 4. mgr. 6. gr. frumvarpsins fá framleiðendur heimild til að ákveða sameiginlega hversu mikið kjöt verður flutt út. Þetta ákvæði ásamt ákvæðinu hér undan um jöfnun verðs fyrir útflutt kjöt takmarka verulega hagkvæmnisáhrif frjálsræðisins í verðlagningu kindakjöts sem frumvarpið gerir ráð fyrir frá haustinu 1988."

„Að öllu samanlögðu er vafamál að frumvarpið leiði til þeirrar niðurstöðu sem að er stefnt þrátt fyrir aukin framlög úr ríkissjóði. Það er þó ekki útilokað ef vel tekst til um útflutning sauðfjárafurða á næstu árum eða ef framleiðslan dregst hraðar saman en ætla má í fljótu bragði. En einnig er hugsanlegt að með frumvarpinu fáist fyrst og fremst andrými um nokkurn tíma; smám saman leiti á ný í sama horf. Æskilegt hefði því verið að tryggja betur en frumvarpið gerir að jafnvægi næðist milli framleiðslu og sölu sauðfjárafurða."

Í umsögn Alþýðusambands Íslands segir m.a.:

„Það fyrirkomulag er í nýja samningnum að heimilt verði þeim sem hefur greiðslumark að setja á markað allt það kjöt sem viðkomandi framleiðir. Kjötið sem selst á innanlandsmarkaði á að verðskerða til bænda og nota þá fjármuni til að greiða með útflutningnum svo að bændur fái sama verð fyrir kjötið hvort sem það fer á innanlandsmark-

að eða til útflutnings. Þetta mun hækka verðið á afgangsframleiðslunni og virka þar með sem hvati á kindakjötsframleiðsluna.“

„Þau atriði, sem nefnd eru hér að framan, geta hæglega leitt til þess að vandi sauðfjárræktarinnar verði meiri í lok samningstímans en hann er nú því stuðningur til þeirra bænda sem verða í framleiðslu mun verða hlutfallslega hærri miðað við selt magn á innanlandsmarkaði og líklegt er að umframframleiðslan sem fer í útflutninginn sem gefur lágt verð muni einnig verða meiri.“

„Allar fjárhæðir í samningnum eru miðaðar við vísitölu neysluverðs. Vísitölubinding sem þessi er mjög á skjön við þau markmið sem unnið er eftir á vinnumarkaði, fjármálamarkaði og í nýju fjárlagafrumvarpi, að afnema skuli vísitölubindingar eins og mögulegt er.“

„Búvörusamningurinn var alfarið gerður af stjórnvöldum og samtökum bænda og bera þessir aðilar því einir fulla ábyrgð á framkvæmd hans og afleiðingum. Með þessu hefur þátttöku ASÍ í stefnumörkun í landbúnaði verið hafnað og þannig hefur helstu forsendum verið kippt undan störfum fulltrúa ASÍ í verðlagsnefndum landbúnaðarins. ASÍ verður því óhjákvæmilega að endurmeta ákvarðanir um þátttöku samtakanna í þessum nefndum.“

Í umsögn Vinnuveitendasambands Íslands segir m.a.:

„Segja má að vandi sauðfjárræktarinnar sé af þrennum toga. Í fyrsta lagi hefur neysla og sala kindakjöts dregist verulega saman á síðustu árum og sér ekki fyrir endann á þeirri þróun. Í öðru lagi hefur framleiðslan ekki aðlagað sig að þessum breyttu aðstæðum á markaði og hafa verulegar birgðir safnast upp. Í þriðja lagi hafa ekki orðið nauðsynlegar skipulagsbreytingar í sauðfjárframleiðslu sem hefur haft í för með sér að bændum hefur ekki fækkað en búin hafa þess í stað minnkað og tekjur bænda dregist verulega saman. Þetta er í hnotskurn sá vandi sem stjórnvöld og bændur standa frammi fyrir. Sá samningur, sem undirritaður var 1. október sl., er ekki lausn vandans heldur bætir þar frekar á.“

„Lagafrumvarpið setur enn fremur takmarkanir á viðskipti með greiðslumark, en þau verða bönnuð eftir 1. júlí 1996. Með þessu er loku skotið fyrir að hagræðing geti átt sér stað með hjálp markaðarins, þ.e. að þeir sem framleiða á hvað hagkvæmastan hátt geti keypt aðra bændur út úr framleiðslunni og búin þannig náð hagkvæmari stærð.“

„Sjötta grein frumvarpsins kveður á um að bændur verði skyldaðir að taka þátt í útflutningi án þess þó að nokkrar markaðslegar forsendur séu sýnilegar fyrir þeim viðskiptum. Þar sem bændur bera sameiginlega ábyrgð á útflutningi mun hver bóndi fyrir sig framleiða upp í þá skerðingu sem hann verður fyrir vegna framleiðslu annarra. Þetta hvetur til meiri framleiðslu, fjölgunar sauðfjár og meiri beitar. Taki útflutningsmarkaður ekki við því magni sem ætlast er til, safnast birgðir upp á nýjan leik. Þetta er einn stærsti gallinn í frumvarpinu því bílin hafa á síðustu árum sætt niðurskurði framleiðsluheimilda og hafa nú mikla ónýtta framleiðslugetu og þarf því lítinn hvata til að leysa hana úr læðingi. Sameiginleg ábyrgð á útflutningi gengur þvert gegn markmiðum samningsins um að stuðla að jafnvægi milli framleiðslu og sölu og fjölgun búfjár gegn markmiðum um umhverfisvernd.“

Eins og sjá má af framangreindum umsögnum er gagnrýnin mjög mikil á frumvarpið og skýra umsagnirnar vel galla þess.

Sérstök ástæða er til að geta þess að landbúnaðarnefnd óskaði eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarpið. Að mati nefndarinnar er frumvarpið mjög mikilvægt enda varðar það heila atvinnugrein og gerir ráð fyrir um 12 milljarða kr. greiðslum úr ríkissjóði á samningstímanum. Nefndinni fannst því líklegt að Seðlabanki Íslands gæti lagt mat á þætti eins og þjóðhagsleg áhrif samningsins, væntanlegar útflutningstekjur, áhrif á framleiðni innan greinarinnar, áhrif á tekjuskiptingu í þjóðfélaginu, mat á samkeppnisstöðu gagnvart öðrum atvinnugreinum o.fl. sem ekki er tíundað þegar beðið er um umsagnir opinberra aðila. Í svari sem barst frá bankastjórn Seðlabankans segir m.a.: „Efni frumvarpsins fellur utan verksviðs Seðlabankans og telur hann því ekki ástæðu til þess að veita umsögn um það."

Þrátt fyrir ítrekanir formanns landbúnaðarnefndar hélt bankastjórnin sig við fyrri afstöðu. Að mati 1. minni hluta er þetta ámælisverð afstaða af hálfu opinberrar stofnunar sem gefur sig út fyrir að veita álit um ýmislegt sem varðar þjóðarhag og rekstur einstakra atvinnuvega. Þessi afstaða Seðlabankans gefur tilefni til að endurmeta þann þátt í starfsemi Seðlabankans sem snýr að efnahagsrannsóknum opinberra aðila úr því ekki er hægt að veita umsögn um þetta mikilvæga mál þegar löggjafinn óskar eftir því og slík umsögn er talin utan verksviðs bankans. Hér gildir þá líklega hið sama um aðra mikilvæga samninga, svo sem nýgerðan álverssamning. 1. minni hluti nefndarinnar vill vekja sérstaka athygli á þessum þætti í umfjöllun nefndarinnar.

Æskileg efnisatriði í búvörusamningi.

Eftirtalin atriði eru nauðsynleg í nýjum búvörusamningi að mati 1. minni hluta nefndarinnar og er þar byggt m.a. á áliti ýmissa aðila sem fjölluðu um samninginn, svo sem aðila vinnumarkaðarins, Neytendasamtakanna, sláturleyfishafa, Þjóðhagsstofnunar, Hagþjónustu landbúnaðarins og Hagfræðistofnunar.

1. Beingreiðslur verði ekki verðtryggðar. Þessa tillögu hafa fjölmargir aðilar gert, m.a. Neytendasamtökin og verkalýðshreyfingin.
2. Greiða á meira við uppkaup, t.d. 7.000 kr. á hverja á, til að gera það fjárhagslega hagkvæmara fyrir bændur að selja bústofn sinn en frumvarpið gerir ráð fyrir 5.500 kr. Þetta er í samræmi við tillögu aðila vinnumarkaðarins.
3. Keypt verði allt að 60.000 ærgildi á þessu og næsta ári til að draga úr framleiðslu en frumvarpið gerir ráð fyrir 30.000 ærgildum. Þessi tillaga er í samræmi við tillögu aðila vinnumarkaðarins.
4. Beingreiðslur verði ekki jafnar, þ.e. 1.480 milljónir kr. á ári, heldur minnki síðari hluta tímabilsins. Hér er um aðlögðun að neyslu á innlendum markaði að ræða.
5. Fjármagn verði tryggt til Jarðasjóðs þannig að hann hafi getu til að fjármagna kaup á bújörðum.
6. Heimilt verði að stunda viðskipti með greiðslumark eftir 1. júlí 1996 en bann við því mun tefja fyrir hagkvæmni í greininni. Þessi tillaga er m.a. gerð af ASÍ.
7. Verðlagning á landbúnaðarafurðum verði rýmkuð þannig að innan tveggja ára muni samkeppnislög gilda um sölu landbúnaðarafurða eins og um aðra framleiðslu. Þessi tillaga er einnig gerð af aðilum vinnumarkaðarins.
8. Fullorðnum bændum verði gefinn kostur á að öðlast meiri rétt til eftirlauna en nú er, kjósi þeir að hætta búskap.
9. Nauðsynlegt er að mótaðar séu reglur um hagræðingu afurðastöðva. Þessi tillaga er m.a. gerð af Landssamtökum sláturleyfishafa.

10. Ákvæði um verðjöfnun, m.a. fyrir útflutning, ganga of langt í samningnum og frumvarpinu. Þetta er m.a. ábending frá Landssambandi sláturleyfishafa, Hagfræðistofnun og Hagþjónustu landbúnaðarins því að talið er að þetta ákvæði virki ekki hvetjandi á afurðastöðvar til markaðsstarfs erlendis.
11. Greiðslur geymslu- og vaxtakostnaðar verði þrepaðar niður á samningstímanum.
12. Ef um kaup á bústofni verður að ræða af opinberum aðilum er eðlilegt að tryggt verði að um tiltekinn tíma verði ekki sauðfjárbúskapur á viðkomandi jörð.
13. Hvatt er til svipaðs fyrirkomulags í útflutningi landbúnaðarafurða og gefist hefur vel við útflutning sjávarafurða.

Hér að framan hefur verið drepið á ýmsar tillögur sem 1. minni hluti nefndarinnar telur að horfi mjög til bóta við samningsgerð milli sauðfjárbænda og ríkisvaldsins. Ef samningurinn yrði lagfærður í þessa átt og samkomulag næst um það við saufjárbændur og aðra aðila þá er það mat 1. minni hluta að það þurfi ekki að taka langan tíma að afgreiða málið á Alþingi. Fyrrgreind atriði mundu ná því markmiði að laga sauðfjárræktina að eðlilegu viðskiptaumhverfi og gera kleift að sátt náist um þennan mikilvæga málaflokk.

Lokaorð.

Eins og af framsögðu er ljóst þá þarf bæði samningurinn og frumvarpið að taka ýmsum breytingum. 1. minni hluti landbúnaðarnefndar leggur sérstaka áherslu á að fjármunum sé betur varið og kerfið gert skilvirkara og feli í sér framtíðarsýn fyrir sauðfjárbændur og neytendur.

Fyrsti minni hluti landbúnaðarnefndar telur frumvarpið svo gallað að ekki sé hægt að lögfesta ákvæði þess. Hefjast þurfi handa við að semja að nýju við Bændasamtökin og heitir 1. minni hluti liðsinni sínu við þá samningsgerð. Jafnframt bendir 1. minni hluti á nauðsyn þess að meira tillit verði tekið til sjónarmiða aðila vinnumarkaðarins, neytendasamtaka o.fl. við þá samningsgerð.

Í ljósi þessa leggur 1. minni hluti landbúnaðarnefndar til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Kristín Ástgeirsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk framangreindu minnihlutaáliti.

Alþingi, 29. nóv. 1995.

Ágúst Einarsson, frsm. Lúðvík Bergvinsson.

253. Nefndarálit [96. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99 8. september 1993, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund frá landbúnaðarráðuneytinu Jón Erling Jónasson, aðstoðarmann landbúnaðarráðherra, og skrifstofustjórana Guðmund Sigþórsson og Jón Höskuldsson. Þá komu til fundar við nefndina Ari Teitsson formaður og

Sigurgeir Þorgeirsson, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, Baldvin Jónsson, verkefnastjóri Áforms, Gísli Karlsson, framkvæmdastjóri Framleiðsluráðs landbúnaðarins, Steinþór Skúlason, forstjóri SS, Pálmi Guðmundsson, kaupfélagsstjóri KASK, Helgi Óskar Óskarsson, framkvæmdastjóri Kjötumboðsins, og Þorgeir B. Hlöðversson, kaupfélagsstjóri Kaupfélags Þingeyinga.

Enn fremur komu á fund nefndarinnar Jóhannes Jónsson frá Bónus sf., Júlíus Jónsson frá Kaupmannasamtökunum, frá Neytendasamtökunum Jóhannes Gunnarsson formaður og Þuríður Jónsdóttir varaformaður, Erna Bjarnadóttir og Jónas Bjarnason frá Hagþjónustu landbúnaðarins, Tryggvi Þór Herbertsson og Jón Þór Sturluson frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, Hannes G. Sigurðsson aðstoðarframkvæmdastjóri og Guðni Níels Aðalsteinsson hagfræðingur frá VSÍ, Árni Benediktsson, formaður Vinnumálasambandsins, frá ASÍ Ingibjörg R. Guðmundsóttir varaforseti og Guðmundur Gylfi Guðmundsson hagfræðingur, frá BHMR Páll Halldórsson formaður og frá Verslunarráði Íslands Birgir Ármannsson lögfræðingur.

Loks komu á fund nefndarinnar prófessor Eiríkur Tómasson, Tryggvi Gunnarsson hrl. og Stefán H. Jóhannesson sendiráðunautur frá utanríkisráðuneytinu.

Nefndin fékk sendar umsagnir um frumvarpið frá Samtökum sláturleyfishafa, Framleiðsluráði landbúnaðarins, Hagþjónustu landbúnaðarins, Hagfræðistofnun háskólans, viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, Þjóðhagsstofnun, Verslunarráði Íslands, Neytendasamtökunum, Vinnumálasambandinu, BHMR, ASÍ og VSÍ.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lögð er til sú breyting á 4. gr. frumvarpsins að felld verði brott tilvísun í bókun með samningi sem gerður er á grundvelli a-liðar 30. gr. laganna.
2. Lagt er til að kveðið verði á um að innheimt skuli verðskerðingargjald af kindakjöti í 5. gr. frumvarpsins, en það ákvæði breytir 21. gr. laganna, og að gjaldið skuli nema 3% af úrvinnslu- og heildsölukostnaði kindakjöts hjá afurðastöð. Hér er kveðið á um greiðsluskyldu í stað heimildar og einnig hversu hátt gjaldið skuli vera. Í því sambandi er vísað til ákvæðis 20. gr. laganna sem einnig er lagt til að verði breytt. Þá er lagt til að kveðið verði á um að innheimta skuli af verði til framleiðenda sérstakt gjald af kindakjöti sem fari til útflutnings. Þessar breytingar eru lagðar til þar sem gjöld þessi teljast skattar og því er ekki unnt að framselja skattlagningarvald til ráðherra með heimildarákvæðum. Vísast hér til ákvæða 77. gr. stjórnarskrárinnar. Kveða verður með ótvíræðum hætti á um hvort innheimta skuli framannefnd gjöld með lögum og síðan við hvað skuli miða þegar upphæðir eru reiknaðar út. Lagt er til að öðrum ákvæðum laganna en 20. og 21. gr. verði einnig breytt með tilliti til framangreinds, þ.e. ákvæðum um ákvörðun um innheimtu verðmiðlunargjalds skv. 19. gr. og innheimtu 0,25% gjalds til að standa straum af kostnaði Framleiðsluráðs landbúnaðarins skv. 25. gr. Ákvörðun um 30 kr. gjaldtöku á því einungis við um útflutning á óunnu kindakjöti, hvort heldur er í heilum skrokkum eða niðurhlutuðum, og mun því ekki íþyngja útflutningi á unnum kjötvörum sbr. 27. gr. laganna sem kveður á um heimildir ráðherra um endurgreiðslu þessara gjalda.
3. Þá eru lagðar til breytingar á 6. gr. frumvarpsins. Í fyrsta lagi er tekið á því með skýrari hætti hvernig skilaverð til framleiðenda fyrir það kjöt sem þeir selja til útflutnings er fengið. Í öðru lagi er kveðið á um að landbúnaðarráðherra skuli fyrir 1. september ár hvert ákveða hlutfall þess kindakjöts sem flytja skal á erlendan markað, að fengnum tillögum Bændasamtaka Íslands, og að sú ákvörðun geti gilt fyrir allt

að tólf mánaða framleiðslu- og sölutímabil. Einnig er lagt til að ráðherra verði nú skylt að setja reglugerð um skipulag útflutnings og er þar um mikilvægt nýmæli að ræða. Í þriðja lagi eru tekin af öll tvímæli um það hverjum sé skylt að leggja til kjöt til útflutnings, hverjir þurfi að sæta útflutninguppgjöri og hverjir séu undanþegnir slíku uppgjöri.

4. Lagt er til að í 9. gr. frumvarpsins verði tekið fram að beingreiðslumark sauðfjárafurða skuli nema 1.480 millj. kr. á hverju almanaksári frá og með 1. janúar 1996. Þá er lagt til að felld verði niður verðtryggingarheimild. Ekki er talin ástæða til að hafa í lögum ákvæði um verðtryggingu einstakra atriða samnings um framleiðslu sauðfjárafurða, svo sem á upphæð beingreiðslna, þar sem skýr ákvæði er að finna í samningnum um að allar fjárhæðir skuli miðaðar við verðlag 1. október 1995 og að þær taki breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs eins og segir orðrétt í kafla 6.3 í samningnum um greiðslutilhögun. Ljóst er að stjórnvöld eru bundin af því ákvæði þó að ekki sé að finna ákvæði um verðtryggingu í lögum. Þá er og lagt til að ákvæði um endurskoðunarheimild aðila að samningi um framleiðslu sauðfjárafurða verði fellt brott, en sú heimild er til staðar í samningnum.
5. Þá er og lagt til að 11. gr. frumvarpsins verði breytt og taka breytingarnar í fyrsta lagi til þess að valdið til að ákveða ásetningshlutfall árlega skuli vera í höndum ráðherra en ekki framkvæmdanefndar búvörusamninga og það sé einnig ráðherra að semja við bændur um lækkun slíks hlutfalls. Í öðru lagi eru felld brott verðtryggingarákvæði og vísast þar til 4. liðar hér að ofan. Þá er í þriðja lagi lagt til að fellt verði brott ákvæðið um að réttur til beingreiðslna falli niður þegar 70 ára aldri er náð.
6. Breytingar á 13. gr. frumvarpsins fela í sér viðbætur sem miða að því að skýra af hverju landbúnaðarráðherra skuli taka mið við úthlutun á greiðslumarki sem losnar með samningum um kaup ríkissjóðs á greiðslumarki og um búskaparlok.
7. Loks er lagt til að 2. tölul. 1. mgr. 29. gr. laganna haldi gildi sínu til 16. desember 1995 því að gert er ráð fyrir að fullnaðargreiðslu haustgrundvallarverðs (verð ákveðið 1. september) fyrir sauðfjárafurðir sem lagðar eru inn í haustsláturtíð 1995 beri að greiða eigi síðar en 15. desember. Þá er lagt til að felldar verði brott 22. og 23. gr. laganna, þar sem þau ákvæði eru nú óþörf. Enn fremur er lagt til að sett verði ákvæði til bráðabirgða er mæla fyrir um innheimtu 10% verðjöfnunargjalds fyrir afurðir frá sláturtíð 1995 og innheimtu 3% verðskerðingargjalds árin 1996 og 1997 til viðbótar því gjaldi sem innheimta skal skv. 20. og 21. gr. laganna.

Með hliðsjón af framangreindum breytingartillögum lýsti Ari Teitsson, formaður Bændasamtaka Íslands, því yfir við landbúnaðarnefnd að hann muni leggja til að stjórn Bændasamtakanna og Búnaðarþing samþykki þær breytingar sem gera þarf á samningi um framleiðslu sauðfjárafurða vegna þeirra tillagna um breytingar á búvörulögum sem meiri hlutinn kynnti á fundi nefndarinnar 29. nóvember 1995.

Alþingi, 29. nóv. 1995.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Egill Jónsson.	Hjálmar Jónsson, með fyrirvara.
Magnús Stefánsson.	Guðjón Guðmundsson.	Árni M. Mathiesen, með fyrirvara.

254. Breytingartillögur [96. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99 8. september 1993, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar (GÁ, EgJ, GuðjG, HjálmJ, MS, ÁMM).

1. Við 4. gr. Orðin „eða í bókunum með slíkum samningi“ í niðurlagi greinarinnar falli brott.
2. Á eftir 4. gr. komi tvær nýjar greinar er orðist svo:
   a. (5. gr.)
      1. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:
      Innheimta skal verðmiðlunargjald á heildsölustigi af afurðum nautgripa og sauðfjár og telst gjaldið til heildsölu- og dreifingarkostnaðar sé hann ákveðinn af fimmmannanefnd. Verðmiðlunargjaldið skal vera af mjólk sem lögð er inn í afurðastöð innan greiðslumarks, 0,65 kr. á lítra, og af kindakjöti sem ætlað er til sölu á innlendum markaði, 7,00 kr. á kg.
   b. (6. gr.)
      20. gr. laganna orðast svo:
      Innheimta skal verðskerðingargjald af verði kindakjöts og hrossakjöts til framleiðenda. Verðskerðingargjaldið skal vera af kindakjöti sem ætlað er til sölu á innlendum markaði, 5% af framleiðendaverði, og af hrossakjöti 2% af framleiðendaverði.
      Verðskerðingargjaldi skal varið til markaðsaðgerða innan lands eða utan og til að leiðrétta birgðastöðu kjöts.
3. Við 5. gr. (er verði 7. gr.). Greinin orðist svo:
   21. gr. laganna orðast svo:
   Innheimta skal hjá afurðastöð 3% verðskerðingargjald af úrvinnslu- og heildsölukostnaði kindakjöts, sem ætlað er til sölu á innlendum markaði, í sama skyni og 20. gr. kveður á um. Sé úrvinnslu- og heildsölukostnaður ekki ákveðinn af fimmmannanefnd skal ráðherra ákveða viðmiðunarkostnað að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.
   Af öllu kindakjöti, sem fer til útflutnings, skal innheimta af verði til framleiðenda sérstakt gjald, 30 kr. á kg vegna útflutningsuppgjörs. Gjaldi þessu skal varið til þess að jafna eftir föngum skilaverð fyrir kindakjöt sem flutt er úr landi lítið unnið eða óunnið, þó þannig að tekið sé mið af gæða- og völuflokkum, svo og árstíma.
4. Á eftir 5. gr. (er verði 7. gr.) komi tvær nýjar greinar er orðist svo:
   a. (8. gr.)
      Í stað 1. og 2. mgr. 25. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:
      Til að standa straum af kostnaði Framleiðsluráðs landbúnaðarins við framkvæmd laga þessara, umfram þann kostnað sem það fær greiddan samkvæmt öðrum ákvæðum laganna, skal innheimta 0,25% gjald af heildsöluverði þeirra búvara sem lög þessi taka til.

b. (9. gr.)

Við 27. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er orðist svo:

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um innheimtu, gjalddaga, álagningu gjaldanna samkvæmt áætlun og annað sem lýtur að framkvæmd á innheimtu gjaldanna.

Þá setur ráðherra í reglugerð ákvæði um framkvæmd uppgjörs og greiðslu tekna af verðmiðlunargjöldum, verðskerðingargjöldum og verðjöfnunargjaldi samkvæmt kafla þessum til afurðastöðva og framleiðenda og um uppgjörstímabil.

5. Við 6. gr. (er verði 10. gr.).

a. 3.–5. efnismgr. orðist svo:

Við kaup á kindakjöti frá framleiðendum eða samkomulag um að annast sölu þess skal tilgreina hvort kjötið er til sölu innan lands eða til útflutnings, en greiðslur fyrir kindakjöt skulu vera óháðar greiðslumarki lögbýlis. Skilaverð til framleiðenda fyrir það kjöt sem þeir selja til útflutnings er umsamið söluverð kjötsins milli framleiðanda og afurðastöðvar (kaupanda) að frádregnu sérstöku gjaldi að teknu tilliti til verðjöfnunar skv. 2. mgr. 21. gr. laganna.

Landbúnaðarráðherra skal fyrir 1. september ár hvert, að fengnum tillögum Bændasamtaka Íslands, ákveða hlutfall kindakjöts sem flytja skal á erlendan markað. Ákvörðun þessi getur gilt fyrir allt að tólf mánaða framleiðslu- og sölutímabil. Framleiðsluráð landbúnaðarins skal kynna sláturleyfishöfum og sauðfjárframleiðendum ákvörðun um útflutningsþörf kindakjöts.

Sláturleyfishafa og öðrum sem annast sölu eða dreifingu á kindakjöti frá sláturhúsi er skylt að leggja til kjöt til útflutnings samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra eða semja við annan sláturleyfishafa um verkun og útflutning á sama magni. Sé þess ekki kostur er viðkomandi aðila skylt að greiða vegna útflutningskvaðar gjald sem landbúnaðarráðherra auglýsir fyrir 1. september ár hvert og skal svara til mismunar á heildsöluverði og viðmiðunarverði sem miðast við meðalverð við útflutning á undangengnum 12 mánuðum. Landbúnaðarráðherra skal, að fengnum tillögum Bændasamtaka Íslands og Landssamtaka sláturleyfishafa, setja nánari reglur um skipulag útflutnings svo að erlendir markaðir nýtist sem best.

b. Í stað 1. og 2. málsl. 6. efnismgr. komi þrír nýir málsliðir er orðist svo: Allir sauðfjárframleiðendur skulu taka þátt í útflutningi eða sæta útflutningsuppgjöri vegna útflutningskvaðar fyrir sama hlutfall af framleiðslu sinni að undanskildu því magni sem framleiðandi tekur til eigin nota samkvæmt heimild í reglugerð. Undanþegnir útflutningsuppgjöri eru þó þeir framleiðendur sem hafa 0,7 vetrarfóðraðar kindur eða minna á hvert ærgildi greiðslumarks, enda liggi fyrir fullnægjandi vottorð um ásetning þeirra. Þá getur ráðherra ákveðið, að fenginni tillögu Bændasamtaka Íslands, að kjöt af dilkum sem slátrað er á ákveðnum tímabilum utan haustsláturtíðar verði undanþegið útflutningsuppgjöri.

6. Við 9. gr. (er verði 13. gr.).

a. Í stað orðsins „ári“ í 1. málsl. efnismálsgreinar komi: almanaksári.

b. 2. og 3. málsl. efnismálsgreinar falli brott.

7. Við 10. gr. (er verði 14. gr.). Lokamálsgrein falli brott.

8. Við 11. gr. (er verði 15. gr.).
   a. 2. málsl. 1. efnismgr. orðist svo: Beingreiðsla skal vera 3.734 kr. á hvert ærgildi á ári.
   b. 3. efnismgr. orðist svo:
      Til að fá fulla beingreiðslu þarf handhafi að eiga að lágmarki 0,6 vetrarfóðraðar kindur fyrir hvert ærgildi greiðslumarks árið 1996. Síðan skal landbúnaðarráðherra ákveða árlega ásetningshlutfall að fengnum tillögum framkvæmdanefndar búvörusamninga. Nái ásetningur ekki því lágmarki skerðist beingreiðsla hlutfallslega. Á lögbýlum, þar sem búfjárbeit kemur í veg fyrir eðlilega framkvæmd uppgræðslu eða veldur of miklu álagi á beitiland, er landbúnaðarráðherra heimilt að ákveða lægra ásetningshlutfall að fenginni umsögn Landgræðslu ríkisins og/eða Skógræktar ríkisins. Þá getur ráðherra ákveðið að víkja frá framangreindu ásetningshlutfalli hjá framleiðendum sem hafa skorið niður fé til útrýmingar sjúkdómum.
   c. Í stað upphafsorðanna „Heimilt er“ í 4. efnismgr. komi: Ráðherra er heimilt.
   d. 6. efnismgr. orðist svo:
      Lögbýli heldur greiðslumarki sínu óskertu þótt réttur til beingreiðslu falli niður vegna búskaparhlés án þess að samið sé um búskaparlok og greiddar bætur fyrir.
9. Við 13. gr. (er verði 17. gr.). Í stað 2. málsl. fyrri efnismálsgreinar komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Við þá úthlutun skal taka mið af greiðslumarki lögbýlis þannig að aukning verði hjá bændum sem hafa 180 ærgilda greiðslumark í sauðfé eða meira, þó þannig að samanlagt greiðslumark í sauðfé og mjólk fari ekki yfir 450 ærgildi á fjölskyldu. Þeir sem hafa innan við 180 ærgilda greiðslumark í sauðfé geta sótt um aukningu, enda sé sauðfjárframleiðsla aðalatvinna viðkomandi bónda samkvæmt nánari skilgreiningu í reglugerð sem ráðherra skal setja.
10. Á eftir 15. gr. (er verði 19. gr.) komi ný grein, svohljóðandi:
    67. gr. laganna orðast svo:
    Landbúnaðarráðherra skal setja reglugerð um gæðastjórn í landbúnaðarframleiðslu. Í reglugerðinni skal lýst kröfum um gæðastjórn, vinnslu, geymslu og dreifingu íslenskra landbúnaðarafurða.
11. Við 16. gr. (er verði 21. gr.). Í stað síðari málsliðar greinarinnar komi tveir nýir málsliðir sem orðist svo: Þó skal 2. tölul. 1. mgr. 29. gr. laganna vegna haustsláturtíðar 1995 halda gildi sínu til 16. desember 1995. Við gildistöku laga þessara falla brott 22. og 23. gr. laganna, svo og ákvæði til bráðabirgða með lögum nr. 99 28. júní 1995, um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.
12. Við bætist tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
    a. (I.)
       Til að jafna skilaverð til framleiðenda fyrir afurðir frá sláturtíð 1995, sem seldar eru á erlendum mörkuðum, skal innheimta 10% verðjöfnunargjald af því verði sem kemur til skila við útflutning (fob) hjá hverri afurðastöð. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um innheimtu og ráðstöfun verðjöfnunargjaldsins.

b. (II.)

Til viðbótar verðskerðingargjöldum skv. 20. og 21. gr. laganna skal innheimta 3% verðskerðingargjald árin 1996 og 1997 af framleiðendaverði og 2% gjald af úrvinnslu- og heildsölukostnaði kindakjöts sem ætlað er til sölu á innlendum markaði. Gjaldi þessu skal verja til markaðsaðgerða til að tryggja jafnvægi í birgðum kindakjöts áður en verðlagning sauðfjárafurða skv. 8. gr. laganna er aflögð. Í sama tilgangi skal verja fé sem veitt er til uppkaupa greiðslumarks skv. 5. gr. samnings um framleiðslu sauðfjárafurða frá 1. október 1995 milli landbúnaðarráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands, og Bændasamtaka Íslands, ef það nýtist ekki í þeim tilgangi.

255. Nefndarálit [96. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99 8. september 1993, *með síðari breytingum.*

Frá 2. minni hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta á nokkrum fundum. Á fundi nefndarinnar mættu ýmsir aðilar frá hagsmunasamtökum og öðrum aðilum sem málið varðar. Einnig bárust nefndinni skriflegar umsagnir frá nokkrum aðilum eins og fram kemur í nefndaráliti meiri hluta nefndarinnar.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan landbúnaðarráðherra í samráði við Bændasamtök Íslands eins og segir í athugasemdum við frumvarpið. Með frumvarpinu er ætlunin að lögfesta nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 99 8. september 1993 vegna ákvæða sem eru í samningi um framleiðslu sauðfjárafurða sem gerður var milli Bændasamtaka Íslands og ríkisstjórnarinnar.

Samningur þessi sem undirritaður var 1. október var gerður vegna þess mikla vanda sem sauðfjárbændur standa frammi fyrir og felst í tekjuhruni greinarinnar og sívaxandi birgðasöfnun.

Ljóst er að aðlögun sú að breyttum markaðsaðstæðum og starfsskilyrðum sem núgildandi búvörusamningur gerir ráð fyrir hefur að ýmsu leyti reynst erfiðari fyrir sauðfjárræktina en vonir stóðu til. Kemur þar ekki síst til að versnandi atvinnuástand og þrengri atvinnumöguleikar hafa gert bændum erfitt um vik um þátttöku í öðrum atvinnugreinum. Jafnframt hefur neysla dilkakjöts dregist meira saman en þær áætlanir, sem lagðar voru til grundvallar búvörusamningnum, gerðu ráð fyrir. Allt hefur þetta skapað sauðfjárbændum og byggð í sveitum mikla erfiðleika. Það var því brýnt að grípa fljótt til aðgerða og nauðsynlegt að um þær aðgerðir yrði víðtæk sátt í þjóðfélaginu.

Málsmeðferð.

Öll málsmeðferð ríkisstjórnarinnar er hins vegar gagnrýniverð. Engin tilraun var gerð til þess að ná víðtækri samstöðu um lausnir á vanda sauðfjárræktarinnar. Ekkert samráð var haft við landbúnaðarnefnd Alþingis þrátt fyrir yfirlýsingar landbúnaðarráðherra þess efnis. Ekkert samráð var haft við verkalýðshreyfinguna eða aðra aðila vinnumarkaðarins. Má segja að lausatök einkenni alla meðferð málsins í tíð núverandi ríkisstjórnar. Þessi lausatök eru í raun staðfest í nefndaráliti og breytingartillögum meiri hlutans, en þar

kemur fram að flestar breytingartillögurnar eru gerðar vegna þess að texti frumvarpsins í upprunalegri mynd stenst ekki gagnvart öðrum gildandi lögum. Þá voru einnig á síðustu stundu gerðar nokkrar efnisbreytingar á frumvarpinu.

Í fyrsta lagi er fellt brott ákvæðið um að réttur til beingreiðslna falli niður þegar 70 ára aldri er náð.

Í öðru lagi er gerð breyting er varðar ráðstöfun fjármuna skv. 5. gr. samningsins þar sem fjallað er um skiptingu framlaga til hagræðingar og aðlögunar. Breytingartillaga meiri hlutans við frumvarpið heimilar að þá fjármuni sem eiga samkvæmt samningnum að fara til uppkaupa megi taka til annarra nota ef þeir eru ekki allir nýttir til uppkaupanna. Samningurinn gerir hins vegar ráð fyrir að það fjármagn sem ekki fer til uppkaupa skili sér aftur í ríkissjóð. Þarna er því um verulega efnisbreytingu að ræða.

Í þriðja lagi gera breytingartillögur meiri hlutans ráð fyrir að felld verði út úr frumvarpinu verðtryggingarheimildin og endurskoðunarheimild samningsaðila um sauðfjárframleiðslu. Þessar heimildir eru taldar óþarfar þar sem þær eru til staðar í samningnum.

Í fjórða lagi er í samningnum ótvírætt ákvæði þess efnis að fyrir það magn kindakjöts sem er umfram innanlandsmarkað og skal fara til útflutnings verði sameiginlegt uppgjör sláturleyfishafa þannig að sama verð greiðist öllum sauðfjárbændum. Breytingartillögur meiri hlutans kveða hins vegar á um 30 kr. fasta gjaldtöku á hvert kíló kjöts til útflutnings og að hver framleiðandi geti samið sérstaklega við sláturleyfishafa um verð. Breytingartillögur meiri hlutans eru þó flestar til bóta.

Þá er það sérstaklega gagnrýnivert að ekki var haft samráð við verkalýðshreyfinguna og aðra aðila vinnumarkaðarins við gerð þess samnings sem liggur að baki þessa frumvarps. Við gerð kjarasamninga í febrúar 1990 náðist víðtæk sátt milli aðila vinnumarkaðarins, bænda og stjórnvalda. Samkomulag varð um skipun svokallaðrar sjömannanefndar sem í áttu sæti fulltrúar frá landbúnaðarráðuneyti, Stéttarsambandi bænda, ASÍ, BSRB, Vinnuveitendasambandi Íslands og Vinnumálasambandinu. Markmiðið með starfi sjömannanefndarinnar var að tryggja hagræðingu í landbúnaði sem leitt gæti til lækkandi vöruverðs og um leið tryggari afkomu bænda og þess fólks sem vinnur við framleiðslugreinar tengdar landbúnaði og þjónustu við landbúnað. Það samstarf sem þarna náðist tryggði að um gerð búvörusamningsins sem undirritaður var árið 1991 var víðtæk sátt. Við undirbúning nýja samningsins kom sjömannanefndin ekki að verki með sama hætti og áður.

Í ályktun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands frá 11. október um búvörusamninginn og starf að landbúnaðarmálum eru þessi vinnubrögð ríkisstjórnarinnar átalin harðlega, en þar segir m.a.: „Miðstjórn Alþýðusambands Íslands harmar að sú víðtæka sátt sem náðist á árinu 1990 um stefnumörkun í landbúnaði skuli nú hafa verið rofin af stjórnvöldum og bændum með því að slíta viðræðum við verkalýðshreyfinguna við gerð nýs búvörusamnings. Búvörusamningurinn var alfarið gerður af stjórnvöldum og samtökum bænda og bera þessir aðilar því einir fulla ábyrgð á framkvæmd hans og afleiðingum. Með þessu hefur þátttöku ASÍ í stefnumörkun í landbúnaði verið hafnað og þannig hefur helstu forsendum verið kippt undan störfum fulltrúa ASÍ í verðlagsnefndum landbúnaðarins. ASÍ verður því óhjákvæmilega að endurmeta ákvarðanir um þátttöku samtakanna í þessum nefndum.“

Þá segir m.a. í ályktun bandalagsráðstefnu BSRB frá 23. og 24. nóvember sl.: „Bandalagsráðstefna BSRB haldin 23. og 24. nóvember 1995 leggur áherslu á að efla íslenskan landbúnað. Til þess að ná því markmiði þarf að halda áfram endurskoðun á skipulagi atvinnuvegarins, sem grunnur var lagður að í samvinnu bænda, launafólks atvinnurekenda og stjórnvalda í kjölfara kjarasamninga 1990. Ráðstefnan leggur áherslu á að það eru hagsmunir þjóðfélagsins alls, jafnt neytenda sem bænda, að íslenskur landbúnaður sé lagaður að breyttum aðstæðum. Þróun undanfarinna ára sýnir að markaðsöflin leika æ stærra hlutverk í framleiðslu og verslun landbúnaðarafurða og ekkert bendir til annars en að sú þróun muni halda áfram með vaxandi þunga á næstu árum. Ráðstefnan leggur áherslu á að leitað sé leiða til að bændum og vinnslustöðvum í landbúnaði sé gefinn kostur á að laga sig að nýjum háttum. Ráðstefnan telur afar brýnt að tíminn verði nýttur betur í næstu framtíð en áform eru nú uppi um. Þá lýsir ráðstefnan vilja sínum til að endurvekja það samstarf er fór fram á vettvangi sjömannanefndar, enda verði byrjað á því að endurskoða nýgerðan samning um sauðfjárframleiðslu með það fyrir augum að leita leiða til að verja þeim opinberu fjármunum sem ætlaðir eru til greinarinnar á markvissari hátt."

Í athugasemdum við frumvarp ríkisstjórnarinnar kemur fram að sú hagræðing sem stefnt var að í sauðfjárrækt, m.a. með kaupum ríkissjóðs á fullvirðisrétti, hefur ekki gengið eftir og sé orsakanna ekki síst að leita í erfiðu atvinnuástandi sem hafi dregið úr vilja bænda og möguleikum þeirra til að skipta um starf. Því hafi orðið að skerða framleiðslumöguleika allra sauðfjárbænda í verulegum mæli sem síðan hafi ásamt neyslusamdrætti valdið tekjuhruni í greininni.

Vissulega má til sanns vegar færa að erfitt atvinnuástand og samdráttur í sölu dilkakjöts eigi verulegan þátt í því hvernig komið er. En vandann má ekki síður rekja til þess að ekki hefur verið staðið við öll ákvæði þess búvörusamnings sem gerður var árið 1991. Til dæmis var ekki staðið við ýmis framlög sem efla áttu atvinnuuppbyggingu í sveitum. Má þar nefna að í viðauka II er kveðið á um að Byggðastofnun skuli fá fjármagn til að greiða fyrir annarri atvinnuuppbyggingu á þeim stöðum sem viðkvæmastir eru fyrir samdrætti í sauðfjárframleiðslu. Framlögin áttu að vera 100 millj. kr. árið 1992, 100 millj. kr. árið 1993 og 50 millj. kr. árin 1994–97. Um 200 millj. kr. vantar nú upp á að við þessi fyrirheit hafi verið staðið.

Þá voru í bókun VI gefin fyrirheit um 2 milljarða kr. framlag til landgræðslu og skógræktar, en þar segir: „Í ljósi þeirrar lækkunar á ríkisútgjöldum sem verður til lengri tíma litið, ekki síst vegna afnáms útflutningsbóta, telja samningsaðilar eðlilegt að gera kröfu til þess að varið verði af hálfu ríkissjóðs, í tengslum við nýja landgræðsluáætlun, stórauknu fjármagni til þessara verkefna á komandi árum eða um 2 milljörðum króna út samningstímann. Slík fjárveiting kæmi til viðbótar við aðrar fjárveitingar til landgræðslu og skógræktar. Störf við þau verkefni gætu að nokkru leyti komið í stað þess samdráttar í atvinnu til sveita sem minni sauðfjárframleiðsla hefur í för með sér, enda verði bændum tryggður forgangur að störfum við landgræðslu, skógrækt og landbætur hvers konar."

Skemmst er frá því að segja að lítil aukning hefur orðið á fjárveitingum til landgræðslu og skógræktarstarfa þrátt fyrir þessa bókun. Eina aukningin sem orðið hefur er vegna Héraðsskóga á Fljótsdalshéraði, en það verkefni var ákveðið og lögfest áður en búvörusamningurinn var gerður.

Áhugi hefur sjaldan verið meiri en nú á að bæta umgengni við landið, græða örfoka land og efla skógrækt á þeim svæðum sem best eru fallin til ræktunar. Enn er ráðrúm til að standa við þessa bókun ef vilji er fyrir hendi því hún verður áfram í fullu gildi. En í nýjum samningi sem hér er að hluta til umfjöllunar er ákvæði um sérstakar stuðningsgreiðslur til að laga búvöruframleiðsluna að breyttum aðstæðum. Þar er gert ráð fyrir að verja 75 millj. kr. til umhverfisverkefna á árunum 1997–2000. Samkvæmt frumvarpinu eiga bændur að taka að sér sérstök verkefni á sviði umhverfisverndar, landgræðslu og skógræktar. Margt bendir til að þar sem samningurinn kveður á um fast 75 millj. kr. framlag til umhverfisverkefna eigi ekki frekar en áður að standa við bókunina um að verja 2 milljörðum kr. til umhverfisverkefna. Þó liggur fyrir að margir bændur hafa sótt um styrki til þess að hefja skógrækt á jörðum sínum, ýmist með annarri búgrein eða án.

Þá hefur ekki verið staðið við þau framlög sem lofað var í Jarðasjóð. Þar vantar um 130 millj. kr. af þeim 150 sem lofað var. Í bókunum sem fylgja samningnum sem nú var gerður segir: „Til þess að auðvelda búskaparlok standi bændum til boða að Jarðasjóður kaupi jarðir þeirra, seljist þær ekki á frjálsum markaði.“ Engin nánari útfærsla er á þessari bókun og engar reglur um það með hvaða hætti eigi að standa að kaupum og sölu. Ekki er í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1996 gert ráð fyrir auknu framlagi í Jarðasjóð og engin fyrirheit liggja fyrir um aukin framlög á næstu árum.

Þetta eru nokkur atriði þess búvörusamnings sem nú er í gildi sem ekki hefur verið staðið við af hálfu ríkisvaldsins og stuðla áttu að auknum atvinnumöguleikum bænda og auðvelda þær breytingar og þann samdrátt sem fyrirsjáanlegt var að yrði. Því miður er ekkert sem bendir til að efndir verði betri hvað varðar nýjan samning heldur en var í tíð síðustu ríkisstjórnar varðandi gildandi búvörusamning.

Efnisatriði.

Mörg efnisatriði nýja samningsins og frumvarpsins eru gagnrýniverð og orka tvímælis. Horfið er frá því að halda aðgreindum stuðningi við innanlandsframleiðslu annars vegar og við framleiðslu til útflutnings hins vegar. Þetta getur haft í för með sér að í reynd hefjist á ný niðurgreiðsla búvöru á erlendan markað.

Frumvarpið felur ekki í sér sérstaka hvatningu til þess að hefja hér í auknum mæli framleiðslu og sölu á lífrænum eða vistvænum afurðum eða aðra nýsköpun í greininni. Ekki er lögð sérstök áhersla á vöruþróun og markaðsleit erlendis. Útflutningi er hins vegar beitt sem eins konar refsingu ef framleiðsla er umfram þarfir innanlandsmarkaðar. Um er að ræða útflutning sem landbúnaðarráðherra ákveður og getur haft í för með sér flata skerðingu á verði til allra framleiðenda og gildir þá einu hvort þeir eru innan kerfisins og þiggja beingreiðslur eða ekki.

Þá er í 6. gr. frumvarpsins kveðið á um að hafi framleiðandi fjölgað vetrarfóðruðu fé frá því sem hann hafði veturinn 1994/1995 geti landbúnaðarráðherra ákveðið að fenginni tillögu framkvæmdanefndar búvörusamninga að sú framleiðsla sem svarar til fjölgunarinnar fari öll á erlendan markað. Skuli þá miðað við sama hlutfall af framleiðslu og fjölgun nemur. Heimild þessi er ótvíræð og altæk, ekki er um nein undanþáguákvæði að ræða í frumvarpinu. Þrátt fyrir þetta er heimild í samningnum til þess að fjölga sauðfé ef fjölgun er tilkomin vegna breytinga bústofns. Þessi heimild samningsins gildir til 1. júlí 1996. Nauðsynlegt er því að setja undanþáguákvæði inn í lagatextann í samræmi við þá heimild sem er til þessara breytinga í samningnum sjálfum. Þá er gert ráð fyrir því að hætta framleiðslustýringu innan lands, sem getur haft í för með sér að samningurinn verði framleiðsluhvetjandi og leiði til framleiðslusprengingar og óeðlilegrar lækkunar á verði

afurða. Samningurinn og frumvarp ríkisstjórnarinnar eru því einkennileg blanda af ofstjórn og frjálshyggju.

Í 12. og 13. gr. frumvarpsins er fjallað um kaup ríkissjóðs á greiðslumarki og endurúthlutun þess. Stefnt er að því að auka við greiðslumark lögbýla hjá þeim aðilum sem byggja lífsafkomu sína að miklu leyti á sauðfjárrækt. Í samningnum sjálfum eru ákvæði um þessa úthlutun. Þar kemur fram að þeir sauðfjárbændur sem hafa 180–450 ærgilda greiðslumark í sauðfé eigi möguleika á allt að 10% aukningu á beinum greiðslum. Sá sem hefur innan við 180 ærgilda greiðslumark á þó möguleika á aukningu geti hann sýnt fram á að afkoma hans byggist að stærstum hluta á sauðfjárframleiðslu. Það verður að teljast hæpið að teknu tilliti til þess hverjar eru tekjur bónda með 180 ærgilda greiðslumark eða minna að hægt sé að sýna fram á að afkoma fjölskyldu byggist aðallega á sauðfjárrækt.

Ekki er tekið tillit til þess hvert greiðslumarkið var áður en viðkomandi bóndi varð að skera niður vegna ákvæða í gildandi búvörusamningi. Þá er ekki fyrirhugað að taka sérstaklega tillit til þess hvort umsækjandi býr á svæði þar sem landkostir henta vel eða illa til sauðfjárræktar. Samningurinn tekur á engan hátt á nauðsyn þess að svæðaskipting eigi sér stað í landbúnaði þar sem tekið er mið af landgæðum, staðháttum og möguleikum til annarrar atvinnustarfsemi. Þannig er samningurin engin stoð þeim byggðarlögum sem byggja aðallega á sauðfjárbúskap og tekur ekki sérstaklega á vanda þeirra sem verst hafa farið út úr þeirri skerðingu sem átt hefur sér stað.

Í umsögn um frumvarp ríkisstjórnarinnar sem landbúnaðarnefnd fékk frá BHMR segir m.a.: „BHMR lýsir sérstökum áhyggjum vegna lélegs rekstrargrundvallar smábýlanna, miklum skuldum þeirra og lágum tekjum sem jaðra við fátæktarmörk. Á þessum vanda er ekki tekið í frumvarpinu. Afleiðing þessa ástands birtist m.a. í þeirri staðreynd að margir smábændur eiga orðið erfitt með að standa undir skólagöngu barna sinna."

Jafnframt lýsir BHMR því yfir að fyrirliggjandi búvörusamningur sé ekki trúverðug lausn á þeim vanda sem við blasir í sauðfjárræktinni og hvetur til þess að búvörusamningurinn verði endurskoðaður og reynt verði að finna varanlegri lausn á aðlögun bænda að breyttum alþjóðlegum aðstæðum þar sem stefnt er að lægra vörðuverði til hagsbóta fyrir neytendur.

Það vekur athygli að í viðræðum nefndarinnar við þá sem komu á fund hennar og einnig í þeim umsögnum sem nefndinni bárust kemur nær undantekningarlaust fram veruleg gagnrýni á samninginn og frumvarpið og einnig efasemdir um að þau markmið sem sett eru fram náist. Enginn treysti sér til að fullyrða að frumvarpið í núverandi mynd stæðist mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar, sérstaklega hvað varðar ákvæðin þar sem kveðið er á um skyldur sauðfjárbænda til að flytja út afurðir án þess að nokkrar markaðsforsendur séu fyrir þeim viðskiptum.

Það vakti einnig athygli að bankastjórn Seðlabanka Íslands neitaði að veita umsögn um frumvarpið á þeim forsendum að efni þess félli utan verksviðs Seðlabankans. Nefndin vænti umsagnar Seðlabankans um þjóðhagsleg áhrif samningsins, hugsnalegar útflutningstekjur, markaðshorfur innan lands og utan, áhrif á tekjuskiptingu í þjóðfélaginu og fleiri atriði. Bankastjórn Seðlabankans neitaði að veita þessa umsögn að framangreindum ástæðum. Þetta hlýtur að teljast ámælisverð afstaða af hálfu stjórnar opinberrar stofnunar og lítilsvirðing við störf löggjafans.

Tillögur til úrbóta.

Eins og segir í upphafi nefndarálits 2. minni hluta er nauðsyn á úrbótum í málefnum sauðfjárbænda. 2. minni hluti leggur áherslu á að grípa þarf til sérstakra aðgerða og ítrekar þá afstöðu að um þessar ráðstafanir þarf að vera víðtæk samstaða bænda, verkalýðshreyfingar og annarra aðila vinnumarkaðarins, sem og ríkisvalds. Slík samstaða er ekki fyrir hendi hvað varðar þann samning sem gerður hefur verið eða það frumvarp sem til umfjöllunar hefur verið í landbúnaðarnefnd, enda ber niðurstaðan þess merki.

Annar minni hluti dregur í efa að samningurinn og frumvarpið leysi þann vanda sem við er að etja í sauðfjárrækt eða sé til hagsbóta fyrir neytendur. Frumvarpið felur ekki í sér neina framtíðarsýn. Semja þarf að nýju og þá samninga þarf að gera í samvinnu við þá aðila sem að framan er getið. Meðan á slíkri vinnu stæði er sjálfsagt að veita þær lagaheimildir sem til þarf.

Þingflokkur Alþýðubandalagsins lagði fram tillögu til þingsályktunar á 118. löggjafarþingi um aðgerðir í landbúnaðarmálum og úttekt á starfsskilyrðum og samkeppnisstöðu landbúnaðarins. Tillagan var flutt í ljósi þeirrar skýrslu sem þáverandi landbúnaðarráðherra gaf um framkvæmd búvörusamningsins þar sem fram kom m.a. að verulega vantaði upp á að staðið hefði verið við öll ákvæði gildandi búvörusamnings. Tillagan fól m.a. í sér að landbúnaðarráðherra í samráði við nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka gripi til eftirfarandi ráðstafana í málefnum landbúnaðarins:

1. Gera áætlun um hvernig staðið verði að málefnum landbúnaðarins og eflingu byggðar í sveitum það sem eftir lifir gildistíma búvörusamningsins. Markmiðið verði að tryggja að við lok gildistíma samningsins hafi að fullu verið staðið við ákvæði viðauka og bókana sem honum fylgja.
2. Gera tillögur um sérstakan stuðning við hefðbundnar búgreinar, einkum sauðfjárrækt, vegna erfiðleika í aðlögun að markaðsaðstæðum. Ráðstafað verði a.m.k. hliðstæðum fjármunum í þessu skyni og ríkið hefur sparað og mundi spara sökum minni sölu innan lands en forsendur búvörusamnings gerðu ráð fyrir. Verði þessum fjármunum varið til að bæta stöðu bænda sem fyrir mestum tekjusamdrætti hafa orðið til þess að kosta átak í útflutningi á hágæðavörum á þá markaði sem best borga og til fleiri nýsköpunarverkefna.
3. Hlutast til um ítarlega úttekt á starfsskilyrðum og samkeppnisstöðu landbúnaðarins í ljósi breyttra aðstæðna, m.a. alþjóðasamninga sem Íslendingar hafa gerst aðilar að síðan búvörusamningurinn var gerður. Á grundvelli þeirrar úttektar verði síðan gerðar tillögur um jöfnun samkeppnisskilyrða.
4. Hefja undirbúning að mótun landbúnaðarstefnu til næstu ára, sbr. ákvæði 10. gr. í gildandi búvörusamningi, og taka upp viðræður við bændasamtökin um þessi mál.

Tillaga þessi er enn í fullu gildi. Ef hún hefði verið afgreidd frá Alþingi á sínum tíma væri aðstaða til samningagerðar við bændur allt önnur.

Auk þessara atriða má nefna nokkur önnur atriði úr tillögunni sem nauðsynlegt er að taka á með öðrum hætti en gert er í samningnum og frumvarpinu, þar á meðal að Jarðasjóði verði tryggt fjármagn svo að hann geti keypt jarðir og auðveldað þannig þeim búskaparlok sem vilja hætta búskap. Mótaðar verði reglur um það með hvaða hætti staðið verði að slíkum kaupum. Bændur, sem greiða tryggingagjald, njóti eðlilegra greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Tekið verði með öflugum hætti á vöruþróun og markaðssetningu. Hvatt verði til lífrænnar og/eða vistvænnar framleiðslu í landbúnaði og annarrar nýsköpunar með skýrum hætti. Þegar uppkaup á framleiðslurétti eiga sér stað verði tryggt að sauðfjárbúskapur verði ekki stundaður á viðkomandi jörð. Þó sé þar tekið til-

lit til landkosta og ákveðinnar svæðaskiptingar. Við endurúthlutun á framleiðslurétti verði tekið tillit til svæðaskiptingar með tilliti til landgæða, staðhátta og atvinnuástands.

Aðrar tillögur til úrbóta mætti nefna, en hér er látið nægja að ítreka nauðsyn þess að um úrbætur í málefnum þessarar mikilvægu atvinnugreinar sé víðtæk sátt.

Lokaorð.

Af framansögðu er ljóst að 2. minni hluti stendur ekki að tillögum eða áliti meiri hlutans. Ljóst er eftir yfirferð nefndarinnar (og af þeim umsögnum, munnlegum og skriflegum, sem fyrir nefndina hafa komið) að nauðsyn er á ákveðnum breytingum á samningnum og frumvarpi ríkisstjórnarinnar. Því tekur 2. minni hluti undir þau sjónarmið 1. minni hluta þar sem fram kemur nauðsyn þess að semja að nýju við bændasamtökin og er 2. minni hluti tilbúinn til vinnu við slíka samningsgerð. Þá eru enn ítrekuð þau sjónarmið að nauðsynlegt sé að taka aftur upp samvinnu fulltrúa þeirra aðila sem komu að gerð gildandi búvörusamnings, ekki síst verkalýðshreyfingarinnar. Jafnframt vill 2. minni hluti stuðla að því að nauðsynlegar lagabreytingar verði gerðar svo að svigrúm skapist til að vinna að nýjum samningi.

Annar minni hluti styður því tillögu 1. minni hluta þess efnis að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 29. nóv. 1995.

Margrét Frímannsdóttir.

Fylgiskjal.

Dæmi um gjaldtökur af kindakjötsframleiðslu.

Skráð framleiðendaverð	217,63 kr./kg
Slátur- og heildsölukostnaður	134,83 kr./kg
Sjóðagjöld:	
Stofnlánadeild	11,14 kr./kg
Framleiðsluráð	1,40 kr./kg
Kjötskoðunargjald	2,00 kr./kg
Verðmiðlunargjald (skv. 19. gr. búvörulaga)	7,00 kr./kg
Heildsöluverð	**374,00 kr./kg**

20. gr.
Verðskerðing af framleiðendum ..... 5% = 10,88 kr./kg
21. gr.
Verðskerðing sláturleyfishafa ..... 3% = 4,03 kr./kg

Viðbótarverðskerðing samkvæmt bráðabirgðaákvæði 1996 og 1997:
Af framleiðendum ..... 3% = 6,53 kr./kg
Af sláturleyfishafa ..... 2% = 2,69 kr./kg

Þessi gjöld eru tekin af kjöti á innlendum markaði:
Til verðjöfnunar við útflutning ..... 30 kr./kg

256. Frumvarp til laga [13. mál]

um réttarstöðu kjörbarna og foreldra þeirra.

(Eftir 2. umr., 29. nóv.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 57/1987, um fæðingarorlof.

1. gr.
Við 1. gr. laganna bætist: eða frumættleiðingar.

2. gr.
Við 3. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Ef barn, sem ættleiða á, er sótt til útlanda er ættleiðandi móður heimilt að hefja töku fæðingarorlofs við upphaf ferðar, enda hafi viðkomandi yfirvöld eða stofnun staðfest að hún fái barn til ættleiðingar.

3. gr.
Orðin „Ættleiðandi foreldrar“ og orðin „eða leyfi til ættleiðingar eftir því sem við á“ í 5. gr. laganna falla brott.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar.

4. gr.
2. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:
Sömu réttarstöðu hafa stjúpbörn og kjörbörn þegar eins stendur á. Þó skal ekki greiddur barnalífeyrir vegna fráfalls eða örorku stjúpforeldris ef barnið á framfærsluskylt foreldri á lífi.

5. gr.
Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:
a. 1. mgr. orðast svo:
Fæðingarstyrkur skal vera 25.090 kr. á mánuði í sex mánuði og greiðast móður við hverja fæðingu barns, eða frumættleiðingu, enda eigi hún lögheimili hér á landi og hafi átt síðustu 12 mánuðina á undan, sbr. þó 2. mgr. Hefja má greiðslu fæðing-

arstyrks allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag sem staðfestur skal með læknisvottorði. Sé barn sótt til útlanda til ættleiðingar er verðandi móður heimilt að hefja töku fæðingarstyrks við upphaf ferðar, enda hafi viðkomandi yfirvöld eða stofnun staðfest að hún fái barn til ættleiðingar.

b. Á eftir orðunum „ef fleiri fæðast“ í 1. málsl. 5. mgr. kemur: eða eru ættleidd.
c. Orðin „ættleiðandi foreldri“ og orðin „eða leyfi til ættleiðingar eftir því sem við á“ í 6. mgr. falla brott.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „fyrir fæðinguna“ í 1. málsl. a-liðar kemur: eða frumættleiðinguna.
b. Á eftir orðunum „eftir fæðingu“ í 1. málsl. f-liðar kemur: eða frumættleiðingu.
c. Orðin „Ættleiðandi foreldrar“ í m-lið falla brott.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

7. gr.

2. málsl. 2. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Kjörbarn þeirra skapar sama rétt.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 50/1984, um lífeyrissjóð bænda.

8. gr.

3. málsl. 1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Kjörbarn þeirra skapar sama rétt.

V. KAFLI

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

257. Fyrirspurn [200. mál]

til iðnaðarráðherra um afgangsorku í kerfi Landvirkjunar.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hversu mikil afgangsorka hefur verið í kerfi Landsvirkjunar árlega sl. fimm ár?
2. Hversu mikið af afgangsorku hafa Landsvirkjun og/eða Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða selt til viðskiptavina sinna samkvæmt sérsamningum á síðustu fimm árum, flokkað eftir árum og notendahópum (garðyrkjubændur, fiskeldi, loðnuverksmiðjur, járnblendi o.s.frv.)?
3. Á hvaða verði hefur afgangsorka verið seld til einstakra notendahópa sl. fimm ár og hvaða tekjur hafa framangreind raforkusölufyrirtæki fengið fyrir hana árlega á þessu tímabili?
4. Hvað gerir Landsvirkjun ráð fyrir mikilli afgangsorku til ráðstöfunar í kerfi sínu árlega á tímabilinu 1998–2004 miðað við fyrirliggjandi áætlanir um virkjanir og sölu forgangsorku?

5. Er gert ráð fyrir að á árunum eftir 1997 verði til afgangsorka sem svarar til þess að unnt verði að fullnægja þeim samningum sem nú eru í gildi á sérkjörum um sölu ótryggðrar orku?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Undanfarin ár hefur Landsvirkjun leitast við að afla nýrra markaða fyrir raforku m.a. með samningum sem byggjast á sérkjörum með tilliti til þess að um afgangsorku er að ræða sem heimilt er að rjúfa tímabundið, mismunandi eftir notendahópum eða fyrirtækjum. Meðal slíkra samninga síðustu árin er raforkusala til loðnuverksmiðja og hafa þær þá fjárfest í búnaði til að geta nýtt raforku í stað olíu.

Landsvirkjun hefur gert raforkusölusamning vegna stækkunar álbræðslu Ísals hf. og er því æskilegt að fá vitneskju um hversu horfir um framboð afgangsorku frá fyrirtækinu eftir að sala hefst til stækkaðrar álbræðslu.

258. Fyrirspurn [201. mál]

til iðnaðarráðherra um gufuaflsvirkjun á Nesjavöllum.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvaða áætlanir eru uppi um gufuaflsvirkjun til raforkuframleiðslu á Nesjavöllum?
2. Hvert er ráðgert afl og raforkuframleiðsla slíkrar virkjunar og hvenær hefur verið miðað við að hún gæti komist í gagnið?
3. Hefur verið samið við Reykjavíkurborg um virkjunarréttindi og ef svo er hverjir eru helstu skilmálar þeirra samninga?
4. Er búið að kanna umhverfisáhrif virkjunarinnar? Hvaða vandamál eru einkum í athugun í því sambandi?

Skriflegt svar óskast.

259. Fyrirspurn [202. mál]

til iðnaðarráðherra um raforku til stækkunar járnblendiverksmiðju.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Frá hvaða virkjun er ráðgert að afla raforku til hugsanlegrar stækkunar járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga?
2. Hvenær gætu slík raforkukaup hafist ef ákvörðun um stækkun verksmiðjunnar yrði tekin á næsta ári?

3. Um hversu mikla orku væri að ræða miðað við að bætt yrði við einum bræðsluofni hjá verksmiðjunni?

Skriflegt svar óskast.

260. Fyrirspurn [203. mál]

til iðnaðarráðherra um orkufreka iðnaðarkosti.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvaða nýir orkufrekir kostir í iðnaði eða viðbætur við starfandi fyrirtæki eru nú eða hafa að undanförnu verið til athugunar hjá iðnaðarráðuneytinu eða öðrum aðilum í samvinnu við ráðuneytið?
2. Hvar er gert ráð fyrir að staðsetja þau fyrirtæki sem til greina koma?
3. Hver er áformuð framleiðslugeta umræddra fyrirtækja?
4. Hver er orkuþörf nefndra iðnaðarkosta á ári?
5. Hvernig er ráðgert að afla orku til þessara iðnaðarkosta, sundurliðað eftir afhendingu til einstakra fyrirtækja eða virkjanaröð eftir því sem við getur átt?
6. Hvaða athuganir á umhverfisáhrifum nefndra iðnaðarkosta sem og virkjana er þeim tengjast hafa þegar farið fram og hverju er ólokið í því efni að mati stjórnvalda?

Skriflegt svar óskast.

261. Svar [138. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Ögmundar Jónassonar um rekstur neyðarsímsvörunar.

1. *Við hverja hefur verið samið um rekstur neyðarsímsvörunar í landinu og hver er þáttur hvers aðila fyrir sig í því sambandi?*

Með verksamningi dags. 2. október sl. gekk dómsmálaráðuneytið til samninga við Neyðarlínuna hf. um rekstur neyðarvaktstöðvar til að annast samræmda neyðarsímsvörun. Hluthafar í Neyðarlínunni hf. eru Póstur og sími, Reykjavíkurborg vegna Slökkviliðs Reykjavíkur, Securitas hf., Sívaki hf., Slysavarnafélag Íslands og Vari hf. og eiga þessir aðilar jafnan hlut í félaginu. Samkvæmt verksamningnum geta fleiri aðilar tekið þátt í rekstri neyðarvaktstöðvarinnar og/eða nýtt sér þjónustu hennar.

2. *Hverjar voru forsendur hins faglega mats sem sagt var í frumvarpi til laga um neyðarsímsvörun að lagt yrði til grundvallar við val rekstraraðila og hvernig fór það fram?*

Val á rekstraraðilum fór fram á grundvelli samstarfsútboðs Ríkiskaupa nr. 10299. Undirbúningur útboðsins og val á samstarfsaðilum fór fram af hálfu Verkfræðistofu Stefáns Ólafssonar hf. og fólst meðal annars í ítarlegum verkskilmálum. Alls bárust gögn frá sex þátttakendum. Verkfræðistofan skilaði ítarlegri umfjöllun um þá og á grundvelli hennar gekk dómsmálaráðuneytið til viðræðna við einn þeirra, sem raunar var hópur fjögurra aðila, Securitas hf., Slysavarnafélags Íslands, Slökkviliðs Reykjavíkur og Vara hf. Fleiri aðilar lýstu fljótlega yfir áhuga á að ganga til samstarfs við þennan hóp og samþykkti dómsmálaráðuneytið að tveir þeirra, Póstur og sími og Sívaki hf., bættust í hópinn. Þá var Öryggisþjónustunni hf. einnig boðin þátttaka. Samningaumleitanir leiddu síðan til þess að fyrrnefndur verksamningur var gerður 2. október sl.

3. *Verður tryggt, hér eftir sem hingað til, að lögregla og slökkvilið annist fyrstu móttöku tilkynninga um ófarir, afbrot eða önnur neyðartilvik í landinu og hvaða áhrif kemur þessi nýja þjónusta til með að hafa á þjónustu þessara aðila?*

Á neyðarvaktstöð munu svara í síma allan sólarhringinn þrautþjálfaðir starfsmenn með sérþjálfun í að svara símtölum frá fólki í neyð, spyrja réttu spurninganna, m.a. um hvar neyðin er og í hverju hún felst. Í mörgum tilvikum þarf fólk á margs konar aðstoð að halda, jafnvel frá lögreglu, slökkviliði og sjúkrabíl. Starfsmenn neyðarvaktstöðvarinnar munu beina þessum símtölum jafnharðan til réttra aðila sem maður í neyð talar síðan milliliðalaust við en starfsmaður neyðarvaktstöðvar hlustar á. Símtölin verða tekin upp og varðveitt en fyllsta trúnaðar gætt í meðferð persónuupplýsinga.

Rekstur neyðarvaktstöðvar mun engin bein áhrif hafa á þjónustu lögreglu, slökkviliðs eða annarra viðbragðsaðila.

4. *Hver verður kostnaður af þessari þjónustu?*

Í samkomulaginu er gert ráð fyrir að heildarframlag ríkis og sveitarfélaga til uppbyggingar og reksturs neyðarvaktstöðvarinnar verði 296.470.160 kr. á átta ára samningstímabili og skiptist þannig á milli ára:

1. ár	44.642.270 kr.
2. ár	37.980.270 kr.
3. ár	36.991.270 kr.
4. ár	36.451.270 kr.
5. ár	35.911.270 kr.
6. ár	35.371.270 kr.
7. ár	34.831.270 kr.
8. ár	34.291.270 kr.

Meðaltalsframlög þessara aðila verða þannig 37.058.700 kr. á ári og skiptast jafnt milli ríkis og sveitarfélaga í samræmi við 1. mgr. 4. gr. laga um samræmda neyðarsímsvörun, nr. 25/1995.

Til viðbótar þessu kemur árleg greiðsla frá hluthöfum í Neyðarlínunni hf., þar á meðal 5.000.000 kr. framlag Reykjavíkurborgar vegna Slökkviliðs Reykjavíkur, svo og hugsanleg gjöld vegna viðbótarþjónustu, svo sem þjónustu í útkalli.

262. Frumvarp til laga [204. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarráðherra.

1. gr.

Í stað „1. desember 1995“ í A-lið ákvæðis til bráðabirgða með lögunum, sbr. 1. gr. laga nr. 117/1995, kemur: 6. desember 1995.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að heimild landbúnaðarráðherra til að fresta ákvörðun um heildargreiðslumark sauðfjárafurða fyrir verðlagsárið 1996–1997 verði framlengd til 6. desember 1995, en samkvæmt lögum nr. 117/1995, sem samþykkt voru nú á haustþinginu, náði frestunarheimild til 1. desember. Frestunin er óhjákvæmileg þar sem enn hefur ekki verið afgreitt frumvarp til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum, 96. mál. Það frumvarp var lagt fram í því skyni að lögfesta nauðsynlegar breytingar vegna ákvæða í samningi um sauðfjárframleiðslu milli landbúnaðarráðherra, f.h. ríkisstjórnarinnar, og Bændasamtaka Íslands frá 1. október síðastliðnum.

263. Lög [13. mál]

um réttarstöðu kjörbarna og foreldra þeirra.

(Afgreidd frá Alþingi 30. nóv.)

Samhljóða þskj. 256.

264. Lög [204. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 30. nóv.)

Samhljóða þskj. 262.

265. Svar [151. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Guðnýjar Guðbjörnsdóttur um kostnað við læknisaðgerðir erlendis á íslenskum börnum.

1. *Hve mörg íslensk börn hafa árlega verið send í læknisaðgerðir til annarra landa sl. fimm ár?*

Fjöldi barna og unglinga 18 ára og yngri, sem send hafa verið til læknismeðferðar erlendis, er eftirfarandi:

Ár	Alls
1990	45
1991	61
1992	54
1993	33
1994	51

2. *Um hvers konar læknisaðgerðir var að ræða og hve lengi voru börnin og aðstandendur erlendis?*

Helstu tegundir meðferðar eru þessar: hjartaaðgerðir, meðferð vegna augnsjúkdóma, bæklunarsjúkdóma, nýrnasjúkdóma, afleiðinga slysa, valbrár, líffæraflutningar.

Dvalartími fer aðallega eftir því um hvers konar meðferð er að ræða en getur þó vitaskuld verið einstaklingsbundinn. Meðaldvalartími hefur reynst eftirfarandi:

Aðgerð	Dagar
hjartaaðgerð	10
mergflutningur	120
nýrnaígræðsla	40

3. *Hvaða reglur gilda um kostnaðarhlutdeild í*
   a. *læknismeðferð erlendis og á ferðum milli landa,*
   b. *ferðakostnaði, uppihaldi og vinnutapi aðstandenda í slíkum tilfellum?*

a. Tryggingastofnun greiðir fargjald fram og til baka fyrir barnið, allan kostnað við rannsóknir, skurðaðgerð og aðra meðferð og dagpeninga vegna uppihalds barns, ef það þarf að dvelja utan sjúkrahúss um tíma.

Dagpeningar vegna uppihalds barns eru eftirfarandi (miðað við dvöl í Svíþjóð eða Bretlandi):

Aldur	SDR á sólarhring
0–3 ára	28
4–11 ára	56
12 ára og eldri	112

Eftir þriggja mánaða dvöl skerðast þessar greiðslur um fjórðung.

b. Tryggingastofnun greiðir fargjald fram og til baka fyrir fylgdarmann og dagpeninga vegna uppihaldskostnaðar. Dagpeningar eru 112 SDR á sólarhring en skerðast um fjórðung eftir þriggja mánaða dvöl.

Reglurnar miða að því að gera fjárhagslegar aðstæður sjúklings og fylgdarmanns eins og ef unnt hefði verið að veita meðferð í Reykjavík. Í almannatryggingakerfinu eru engar reglur um bætur til foreldra vegna tímabundins vinnutaps sem orsakast af veikindum barna, hvort sem foreldrið er statt innan lands eða utan. Ef um langvarandi veikindi barns er að ræða koma umönnunarbætur hins vegar til greina.

4. *Hafa reglur um kostnaðarhlutdeild breyst sl. fimm ár og þá hvernig?*

Reglur um kostnaðarhlutdeild hafa verið óbreyttar sl. fimm ár, nema hvað réttur til greiðslu fyrir fylgdarmann unglings var aukinn árið 1990, þannig að aldursmörk voru færð úr 16 í 18 ára aldur.

5. *Hver var meðalkostnaður við einstök börn sl. fimm ár sem kom í hlut*
   a. íslenska heilbrigðiskerfisins,
   b. foreldra?

a. Meðalkostnaður íslenska heilbrigðiskerfisins vegna hjartaaðgerða og nýrnaígræðslu barna sl. fjögur ár er eftirfarandi:

Ár	Hjartaaðgerðir	Nýrnaígræðsla
	kr.	kr.
1991	1.732.625	954.785
1992	2.124.663	2.407.807
1993	1.582.460	3.693.375
1994	2.400.439	4.558.153

b. Ráðuneytið hefur ekki upplýsingar um kostnað sem foreldrar verða fyrir og ekki kemur til kasta almannatryggingakerfisins.

6. *Er fyrirhugaður aukinn stuðningur við aðstandendur sem fara með börn sín í læknisaðgerðir til útlanda?*

Eins og fram kemur í svari við liðum 3 og 4 er stuðningur við foreldra sem fara með börn sín í læknisaðgerðir til útlanda töluverður. Eigi að auka þann stuðning þarf einnig, til að gæta samræmis, að huga að stuðningi við foreldra utan af landi sem eru með börn sín til meðferðar í Reykjavík eða á Akureyri. Ákveðið hefur verið að hefja vinnu við endurskoðun almannatryggingalaga og munu þessi mál þá koma til athugunar.

266. Frumvarp til laga [205. mál]

um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, sbr. lög nr. 1/1992 og lög nr. 50/1994.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað 7. tölul. koma þrír töluliðir er orðast svo:
   7. Leyfi til verðbréfamiðlunar 75.000 kr.
   8. Leyfi til vátryggingarmiðlunar 75.000 kr.
   9. Bráðabirgðaleyfi til vátryggingarmiðlunar 10.000 kr.

b. Á eftir 20. tölul., er verður 22. tölul., koma 4 nýir töluliðir er orðast svo:
   22. Áfengisinnflutningsleyfi 15.000 kr.
   23. Áfengisheildsöluleyfi 30.000 kr.
   24. Árlegt eftirlitsgjald þeirra sem hafa leyfi til innflutnings og heildsölu með áfengi og tóbak, sbr. lög nr. 63/1969 með síðari breytingum 5.000 kr.
   25. Árlegt eftirlitsgjald framleiðenda áfengis 50.000 kr.
c. Töluröð annarra tölulíða breytist í samræmi við breytingar skv. a- og b-liðum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:
a. Í stað 1. tölul. koma tveir töluliðir er orðast svo:
   1. Skráning hlutafélags og samvinnufélags 150.000 kr.
   2. Skráning einkahlutafélags 75.000 kr.
b. Á eftir 4. tölul., sem verður 5. tölul., kemur nýr töluliður sem verður 6. tölul., er orðast svo: Umskráning hlutafélaga í einkahlutafélög og einkahlutafélaga í hlutafélög 10.000 kr.
c. Töluröð annarra tölulíða breytist í samræmi við breytingar skv. a- og b-liðum.

3. gr.

1. mgr. 15. gr. laganna orðast svo:

Fyrir að afgreiða útlend fiskiskip sem koma hingað einvörðungu vegna fiskveiða og vöru- og flutningaskip sem koma frá útlöndum og fyrir að láta af hendi þau skilríki er skipið á að fá hér á landi skal greiða 20 kr. af hverju brúttótonni skipsins. Hálft brúttótonn eða þar yfir telst heilt. Af farþegaskipum skal greiða helmingi lægra gjald.

4. gr.

Við 16. gr. bætist ný málsgrein er orðast svo:

Fyrir eftirgerð af hljóðupptökum skal greiða eftirfarandi gjald:
1. Fyrir eftirgerð af hljóðupptöku, 90 mín. 400 kr.
2. Fyrir eftirgerð hljóðupptöku, 60 mín. 350 kr.

5. gr.

19. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu er heimilt að fella meginmál þeirra inn í lög nr. 88 31. desember 1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru ráðgerðar nokkrar breytingar á lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Í fyrsta lagi er lagt er til að kveðið verði á um gjald fyrir leyfi til vátryggingarmiðlunar, en með lögum nr. 60/1994, um vátryggingarstarfsemi og reglugerð nr. 473/1994, voru sett ákvæði um starfsemi vátryggingarmiðlara. Skipuð hefur verið prófnefnd vátryggingarmiðlara sem hefur undirbúið námskeið fyrir þá sem vilja afla sér starfsréttinda sem vátryggingarmiðlarar og munu fyrstu starfsleyfin væntanlega verða veitt vorið 1996.

Í öðru lagi er ráðgert að innheimta sérstakt leyfisgjald fyrir áfengisinnflutning og áfengisheildsölu og eftirlitsgjald með þeim sem fengið hafa slík leyfi eða framleiðsluleyfi.

Í þriðja lagi er um að ræða breytingar sem miða að því að samræma ákvæði 15. gr. laganna um afgreiðslugjald skipa við nýjar reglur um mælingar skipa.

Í fjórða lagi er fyrirhugað að taka sérstakt gjald fyrir eftirgerð af hljóðupptökum m.a. með vísan til 14. gr. laga um meðferð einkamála, en þar er kveðið á um að meðan mál er til meðferðar hjá dómstólum, er dómara skylt gegn greiðslu gjalds að láta viðkomandi í té eftirgerð af hljóðupptöku eða myndbandsupptöku ef þess er óskað.

Að lokum er lagt til að fellt verði niður ákvæði um heimild fjármálaráðherra til að ákveða hækkun gjaldanna í samræmi við breytingar á vísitölu vöru og þjónustu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagðar eru til nokkrar breytingar á 11. gr. laganna, en í því ákvæði er að finna gjöld fyrir leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi.

Að tillögu viðskiptaráðuneytis er lagt til að í stað 7. tölul. koma þrír töluliðir. Með lögum nr. 60 frá 11. maí 1994, um vátryggingarstarfsemi, voru m.a. sett ákvæði um vátryggingarmiðlun og vátryggingarmiðlara. Engin ákvæði eru í gildandi lögum um leyfisgjald fyrir vátryggingarmiðlun og fellur gjald fyrir slíkt leyfi samkvæmt gildandi lögum undir hið almenna ákvæði 23. tölul. 11. gr. laganna, þar sem kveðið er á um að fyrir önnur leyfi en um getur í 1.–22. tölul. greinarinnar skuli greiða 5.000 kr. Lagt er til að gjald fyrir leyfi til vátryggingarmiðlunar verði 75.000 kr. Þá er lagt til að gjald fyrir bráðabirgðaleyfi til vátryggingarmiðlunar verði 10.000 kr. Þar sem leyfi til verðbréfamiðlunar þykir eðlislíkt leyfi til vátryggingarmiðlunar er lagt til að gjald fyrir slíkt leyfi verði hækkað úr 50.000 kr. í 75.000 kr.

Með lögum nr. 95/1995, um breyting á áfengislögum, nr. 63/1969, voru rýmkaðar heimildir til framleiðslu, innflutnings og heildsölu með áfengi. Gjald fyrir leyfi til framleiðslu áfengis er nú 100.000 kr. og hefur það verið innheimt árlega. Lagt er til að bætt verði inn ákvæðum um gjald fyrir áfengisinnflutningsleyfi sem verður 15.000 kr. og áfengisheildsöluleyfi sem verður 30.000 kr. Í áfengisinnflutningsleyfi felst eingöngu heimild til innflutnings til eigin nota í atvinnuskyni svo sem fyrir veitingahús. Í áfengisheildsöluleyfi felst auk leyfis til innflutnings heimild til að selja áfengi til þeirra sem stunda smásölu með áfengi samkvæmt lögum. Í 3. gr. laga nr. 95/1995, um breyting á áfengislögunum, er kveðið á um eftirlit með starfsemi leyfishafa sem felst m.a. í því að fylgjast með að sala leyfishafa á áfengi verði í samræmi við 11. gr. áfengislaga. Þá er gert ráð fyrir að vegna áfengisverslunar verði haldið uppi sérstöku eftirliti og skráningu á þeim sem heimildir hafa til að stunda þessi viðskipti. Þessu eftirliti og skráningu fylgir óhjákvæmilega nokkur kostnaður sem væntanlega verður verulega meiri en þær tekjur sem ætla má að innheimtist með gjaldtöku þessari. Gert er ráð fyrir að eftirlitsgjaldið verði innheimt árlega af framleiðendum, innflytjendum og áfengisheildsölum.

Um 2. gr.

Að tillögu viðskiptaráðuneytisins eru lagðar til breytingar á 13. gr. laganna.

Annars vegar er lagt til að gjald fyrir skráningu samvinnufélaga og hlutafélaga verði hækkað úr 100.000 kr. í 150.000 kr. Jafnframt er lagt til að gjald fyrir skráningu einkahlutafélags verði lækkað úr 100.000 kr. í 75.000 kr.

Hins vegar er lagt til að sett verði sérstakt ákvæði um gjald fyrir umskráningar hlutafélaga í einkahlutafélög og öfugt.

Um 3. gr.

Að tillögu samgönguráðuneytisins eru lagðar til breytingar á 15. gr. laganna, þar sem kveðið er á um afgreiðslugjald skipa. Vegna breyttra reglna um mælingar skipa sem tóku gildi 18. júlí 1994, sem fela það í sér að mælingar skipa verða miðaðar við brúttótonn, er vegna samræmis lagt til að gjaldtakan miðist við brúttótonn í stað nettórúmlesta og að gjaldhlutfallið verði lækkað um 35,8% vegna þessara breyttu reglna. Gert er ráð fyrir að heildartekjur af gjaldinu haldist þær sömu og fyrir breytingar á mælingareglum.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að sett verði í lögin ákvæði um innheimtu gjalds fyrir eftirgerð af hljóðupptöku m.a. með vísan til 2. mgr. 14. gr. laga um meðferð einkamála, sbr. 1. gr. laga nr. 38/1994, um breytingu á þeim lögum. Fjárhæðir þær sem hér eru lagðar til byggja á upplýsingum um útlagðan kostnað við eftirgerð af hljóðupptökum.

Um 5. gr.

Í þessari grein er lagt til að felld verði niður ákvæði um heimild fjármálaráðherra til að hækka grunngjöld samkvæmt lögunum í samræmi við breytingar á vísitölu vöru og þjónustu. Breytingin er í samræmi við þá stefnumörkun ríkisstjórnarinnar að afnema sjálfvirkni eða sjálfvirka tengingu skatta, útgjalda, afsláttar- og bótagreiðslna við verð- eða launavísitölur.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist þegar gildi. Samkvæmt 2. mgr. greinarinnar er ráðgert að breytingar sem gerðar hafa verið á lögunum verði felldar inn í lögin og þau gefin út að nýju svo breytt.

267. Frumvarp til laga [206. mál]

um afnám laga nr. 96/1936, um að Mjólkursamsalan í Reykjavík og Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda skuli vera undanþegin útsvari og tekju- og eignarskatti.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

Lög nr. 96/1936, um að Mjólkursamsalan í Reykjavík og Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda skuli vera undanþegin útsvari og tekju- og eignarskatti, eru úr gildi felld og fer um skyldur félaganna eftir ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 2. gr. laga nr. 75/1981.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1997 vegna tekna á árinu 1996 og eigna í lok þess árs.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skattalegt mat á eignum.

Á árinu 1996 skal Mjólkursamsalan í Reykjavík framkvæma mat á þeim fyrnanlegu eignum, sbr. 32. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sem voru í eigu þeirra í byrjun þess árs. Skal þetta skattalega mat gilda í skattskilum félagsins.

Matið skal framkvæma þannig að kostnaðarverði (stofnverði) skal breytt eftir verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár. Kostnaðarverð, þannig framreiknað, myndar fyrningargrunn sem fyrning reiknast af, í fyrsta sinn á árinu 1996.

Til frádráttar framreiknuðu stofnverði reiknast sá hundraðshluti fyrninga af stofnverðinu, sem um getur í 38. gr. laga nr. 75/1981, eftir því sem við á, fyrir hvert ár frá og með kaup- eða byggingarári til ársloka 1995. Samtala þessara fyrninga telst fengin heildarfyrning. Hún skal þó aldrei vera hærri en 90% af framreiknuðu stofnverði, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1981 á eignum skv. 1. og 2. tölul. 32. gr. þeirra laga.

Mismunur fyrningargrunns, sbr. 2. mgr. þessa ákvæðis, og framreiknaðra fyrninga sbr. 3. mgr., telst eftirstöðvar fyrningarverðs. Fyrningargrunnur og fengnar fyrningar breytast síðan árlega, sbr. 26. gr. laga nr. 75/1981 með síðari breytingum.

Ríkisskattstjóri skal reikna verðbreytingarstuðul fyrir eignir sem Mjólkursamsalan í Reykjavík skv. 1. mgr. þessa bráðabirgðaákvæðis hefur eignast á árunum 1981–1995. Stuðullinn reiknast í samræmi við ákvæði 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV í lögum nr. 75/1981, sbr. 26. gr. sömu laga. Hafi Mjólkursamsalan í Reykjavík eignast fyrnanlegar eignir skv. 1., 3., eða 4. tölul. 32. gr. laga nr. 75/1981 fyrir ársbyrjun 1981 skulu þær ekki metnar samkvæmt þessu ákvæði. Þegar metnar eru eignir skv. 2. tölul. greindrar 32. gr., sem hafa verið í eigu Mjólkursamsölunnar í Reykjavík í fimmtán ár eða lengur, skal ríkisskattstjóri reikna stuðul til notkunar í því sambandi og skal hann hafa sömu viðmiðun og um getur í upphafi þessarar málsgreinar.

Matsverð mannvirkja, sbr. 2. tölul. 32. gr. laga nr. 75/1981, er Mjólkursamsölunni í Reykjavík heimilt að ákveða jafnt gildandi fasteignamati í árslok 1996 í stað framreiknaðs kostnaðarverðs (stofnverðs). Sé þessi heimild notuð myndar fasteignamatið nýjan fyrningargrunn. Sé fasteignamatið notað sem fyrningargrunnur samkvæmt þessari málsgrein reiknast ekki fyrningar skv. 3. mgr. þessa bráðabirgðaákvæðis fyrir liðinn tíma.

Reglur þessa ákvæðis gilda einnig um skattalegt mat ófyrnanlegra eigna eftir því sem við á.

Mjólkursamsalan í Reykjavík skal senda skattstjóra, eigi síðar en með skattframtali 1997, greinargerð um matið í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Matsbreyting samkvæmt þessu ákvæði telst ekki til tekna heldur færist í sérstakan reikning, reikning, vegna skattalegs mats sem telst til eigin fjár.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að felld verði niður ákvæði laga nr. 96/1936, um að Mjólkursamsalan í Reykjavík og Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda skuli undanþegin öllum tekju- og eignarskatti, svo og því að greiða aukaútsvar eftir efnum og ástæðum.

Breyting þessi hefur eingöngu í för með sér breytingu á skattlagningu Mjólkursamsölunnar í Reykjavík, þar sem Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda var slitið á árinu 1993 og hlutafélag stofnað um rekstur þess.

Mjólkursamsalan hefur á grundvelli skattleysisákvæðisins verið undanþegin tekjuskatti og eignarskatti að því er varðar vinnslu og dreifingu mjólkurafurða og vegna þeirrar eignamyndunar sem orðið hefur til vegna starfseminnar.

Í greinargerð að frumvarpi með lögunum kemur eftirfarandi fram: „Með því að nú allur sá arður, sem stofnanir þær, sem ræðir um í frumvarpi þessu, gefa, rennur til framleiðendanna sjálfra, þeir greiða skatta og skyldur af þeim arði, og þess vegna um engan milliliðagróða að ræða, þykir ekki rétt, að telja stofnanir þessar útsvars- eða skattskyldar".

Ljóst er að málum hefur verið skipað með öðrum hætti að því er varðar Mjólkursamsöluna og forsendur löggjafans fyrir skattfrelsi því löngu brostnar. Þá hefur komið fram að á vegum Mjólkursamsölunnar hefur verið byggður upp og rekinn margvíslegur annar atvinnurekstur en heföbundinn mjólkuriðnaður í samkeppni við annan matvælaiðnað í landinu.

Mjólkursamsalan í Reykjavík var fyrst skráð í firmaskrá á árinu 1993, sem samvinnufélag. Að einhverju leyti munu þó hafa verið stofnuð hlutafélög um afmarkaða þætti starfseminnar. Eftir stendur þó að Mjólkursamsalan nýtur óeðlilegrar samkeppnisstöðu gagnvart öðrum drykkjarvöruframleiðendum. Með vísan til þessa og meginreglunnar um jafnræði við skattlagningu þykja ekki vera sjáanleg rök fyrir skattfrelsi Mjólkursamsölunnar.

Um 1. og 2. gr.

Um skýringar vísast til almennra athugasemda.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Eins og gert hefur verið þegar aðilar t.d. á sínum tíma bankar eða sparisjóðir sem undanþegnir hafa verið skattlagningu verða skattskyldir þarf að meta eignir eftir þeim leiðum sem skattalög áskilja. Er hér lagt til að sömu reglur og settar voru í lög nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt og síðar í lög nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana verði viðhafðar í endurmati eða skattalegu mati fyrnanlegra eigna.

268. Frumvarp til laga [207. mál]

um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

Í stað „1,12%" í b-lið 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: 1,32%.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað „8%" í c-lið 1. mgr. kemur: 10,5%.
b. Í stað „15,5%" í d-lið 1. mgr. kemur: 18,5%.

c. E-liður 1. mgr. fellur brott.
d. 2. mgr. orðast svo:
Heimilt er að færa fjármagn milli c- og d-liða.

3. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Jöfnunarframlög skiptast í tvennt, tekjujöfnunarframlög og þjónustuframlög, og skal þeim úthlutað sem hér segir:

a. Tekjujöfnunarframlögum skal úthlutað til að jafna tekjur sveitarfélaga. Jöfnunin skal miðuð við sambærileg sveitarfélög og fullnýtingu tekjustofna þeirra.
b. Þjónustuframlögum skal úthlutað til að jafna mismunandi útgjaldaþörf sveitarfélaga með sérstöku tilliti til stærðarhagkvæmni þeirra.

Til jöfnunarframlaga skal verja þeim tekjum sjóðsins sem eru umfram ráðstöfun skv. 10. og 11. gr.

Í reglugerð skal meðal annars setja nánari ákvæði um útreikning jöfnunarframlaga, viðmiðanir um útgjaldaþörf sveitarfélaga, sbr. b-lið 1. mgr., með tilliti til íbúafjölda og verkefna og hvaða skilyrðum sveitarfélög þurfi að fullnægja til að hljóta þau.

4. gr.

1. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Framlögum skv. d-lið 11. gr. skal varið til að bæta dreifbýlissveitarfélögum upp aukinn kostnað við grunnskóla vegna breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga.

5. gr.

Í stað orðanna „skv. c-, d- og e-lið“ í 1. málsl. 15. gr. kemur: skv. c- og d-lið.

6. gr.

Á eftir 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum koma tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Sérstakur fasteignaskattur skv. 1. mgr. leggst á álagningarstofn í stiglækkandi þrepum sem hér segir:

Árið 1996 0,937%.
Árið 1997 0,625%.
Árið 1998 0,313%.
Árið 1999 fellur skatturinn niður.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 3. mgr. 3. gr. laganna skal hámark fasteignaskatts samkvæmt þessum lið vera sem hér segir miðað við álagningarstofn og hækka þannig í þrepum:

Árið 1996 1,17%.
Árið 1997 1,22%.
Árið 1998 1,27%.
Árið 1999 1,32%.

7. gr.

5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum orðast svo:

Bráðabirgðaákvæði þetta gildir þar til álagningu árið 1999 á grundvelli ákvæðisins er lokið.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1996.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Í frumvarpi þessu eru einkum lagðar til tvenns konar breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga:

1. Sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði lækki í þrepum á næstu fjórum árum og falli alveg niður 1999. Jafnhliða hækki fasteignaskattur skv. b-lið 3. mgr. 3. gr. laganna í þrepum. Hækkunin komi að fullu til framkvæmda 1999.
2. Hlutverk þjónustuframlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði að jafna mismunandi útgjaldaþörf sveitarfélaga með sérstöku tilliti til stærðarhagkvæmni þeirra. Samkvæmt tekjustofnalögunum er núverandi hlutverk þjónustuframlaga það að úthluta framlögum „til sveitarfélaga sem skortir tekjur til að halda uppi þeirri þjónustu sem eðlilegt má telja að sveitarfélag af þeirri stærð veiti".

II.

Félagsmálaráðherra skipaði 13. maí 1994 starfshóp til að fjalla um sérstakan fasteignaskatt vegna fasteigna sem nýttar eru til verslunarreksturs eða til skrifstofuhalds. Í starfshópinn voru skipuð Kristján Möller, forseti bæjarstjórnar á Siglufirði, sem skipaður var formaður starfshópsins, Maríanna Jónasdóttir, deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu, og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Húnboga Þorsteinssyni, skrifstofustjóra í félagsmálaráðuneytinu, var falið að vinna með starfshópnum.

Í desember 1993 var gerð breyting á lögum nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum. Sú breyting fól í aðalatriðum í sér að aðstöðugjaldið var fellt niður en í þess stað var útsvarið hækkað og einnig fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði. Um leið hætti ríkið álagningu sérstaks 1,5% skatts á verslunar- og skrifstofuhúsnæði en sveitarfélögin innleiddu svipaða skattlagningu, þó heldur lægri eða 1,25%. Þessi ráðstöfun var þó gerð með það fyrir augum að hún yrði aðeins til bráðabirgða, sbr. bráðabirgðaákvæði við tekjustofnalögin, en í lok þess segir:

„Bráðabirgðaákvæði þetta gildir þar til félagsmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa unnið að nánari útfærslu málsins með það að markmiði að þessi sérstaki viðbótarskattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði falli að núverandi fyrirkomulagi við álagningu fasteignaskatts sveitarfélaga."

Í samræmi við þetta og skipunarbréf starfshópsins leit hann á það sem hlutverk sitt að gera tillögur um á hve löngum tíma ætti að fella niður hinn sérstaka fasteignaskatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði og hvernig eigi að hækka hinn hefðbundna fasteignaskatt sveitarfélaga í staðinn. Starfshópurinn taldi eðlilegt að hækka eingöngu fasteignaskatt á atvinnuhúsnæði um leið og hinn sérstaki skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði yrði felldur niður. Jafnframt lagði hópurinn til að þessi breyting kæmi til framkvæmda á fjórum árum.

Við útreikning á því hver vera þyrfti hækkun fasteignaskattsins á atvinnuhúsnæði gekk starfshópurinn út frá eftirfarandi forsendum miðað við árið 1995:

Afföll af fasteignaskatti á verslunar- og skrifstofuhúsnæði: 7,00%
Afföll af fasteignaskatti skv. b-lið: 5,00%

Álagning fasteignaskatts á verslunar- og skrifstofuhúsnæði á árinu 1995 miðað við fullnýtingu er samtals:

Álagning	kr.	482.341.686
Álagningarstofn	kr.	38.587.334.897
Álagning miðað við 7,00% afföll	kr.	448.577.768

Skatturinn færður yfir í fasteignaskatt skv. b-lið: Taka verður tillit til innheimtuaffalla sem eru í þessum lið fasteignaskatts en þau gætu verið 5,00% samkvæmt framangreindum forsendum.

Álagningin þyrfti því að vera kr. 472.187.124.

Álagningarprósenta fasteignaskatts skv. b-lið þyrfti því að hækka um 0,2470% miðað við álagningarstofn kr. 191.202.300.801.

Í dag er hámarksálagning 1,40% og eftir breytingu yrði hún 1,6470% (1,32 x 1,25 = 1,65).

Breyting á fjórum árum:

	Fasteignaskattur skv. b-lið			**Fasteignaskattur á versl.- og skrifst.húsn.**		
	Hækkun álagn.prós.	Hækkun álagningar	Innheimt m.v. álagn.	Lækkun álagn.prós.	Lækkun álagningar	Lækkun innheimtu
1. ár	0,0617%	118.046.781	112.144.442	0,313%	120.585.422	112.144.442
2. ár	0,0617%	118.046.781	112.144.442	0,313%	120.585.422	112.144.442
3. ár	0,0617%	118.046.781	112.144.442	0,313%	120.585.422	112.144.442
4. ár	0,0617%	118.046.781	112.144.442	0,313%	120.585.422	112.144.442
Samtals:	0,2470%	472.187.124	448.577.768	1,250%	482.341.686	448.577.768

Á vegum starfshópsins voru samin drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga til samræmis við tillögurnar. Þessi frumvarpsdrög eru felld óbreytt inn í þetta frumvarp.

III.

Í febrúar 1992 skipaði félagsmálaráðherra nefnd til að endurskoða ákvæði reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, þ.e. 13. og 14. gr. reglugerðar nr. 390/1991.

Nefndina skipuðu í upphafi: Húnbogi Þorsteinsson skrifstofustjóri, formaður, Guðmundur Árni Stefánsson bæjarstjóri, Gunnlaugur Stefánsson alþingismaður, Sturla Böðvarsson alþingismaður og Valgarður Hilmarsson oddviti.

Ritari nefndarinnar var Elín Pálsdóttir deildarstjóri. Garðar Jónsson viðskiptafræðingur vann með nefndinni.

Þær breytingar urðu síðan á nefndinni að Þórður Skúlason framkvæmdastjóri kom í stað Guðmundar Árna Stefánssonar þegar hann tók við starfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra 1993 og Gísli S. Einarsson alþingismaður kom í stað Gunnlaugs Stefánssonar þegar hann óskaði að hverfa úr nefndinni vegna annarra starfa í maí 1994.

Tveir starfshópar unnu að einstökum verkefnum á vegum nefndarinnar. Starfshópur, sem vann að tillögugerð varðandi framlög vegna fyrirhugaðrar yfirfærslu á grunnskólakostnaði frá ríki til sveitarfélaga, var skipaður Garðari Jónssyni viðskiptafræðingi, Guðmundi Þór Ásmundssyni skrifstofustjóra og Valgarði Hilmarssyni oddvita. Starfshópur sem vann að tillögugerð varðandi aðra þætti þjónustuframlaga var skipaður Garðari Jóns-

syni viðskiptafræðingi, Gísla S. Einarssyni alþingismanni, Guðjóni Ingva Stefánssyni framkvæmdastjóra og Þórði Skúlasyni framkvæmdastjóra.

Í nóvember 1992 var vinna nefndarinnar komin á það stig að hún bjó sig undir að leggja fram endanlegar tillögur. Þá gerðust þær óvæntu breytingar í tekjustofnamálum sveitarfélaganna að samkomulag náðist milli ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um að aðstöðugjaldið yrði fellt niður. Hins vegar var þá ekki gengið frá því hvaða frambúðartekjustofn sveitarfélögin fengju í staðinn.

Hér var um svo viðamikla breytingu að ræða á tekjuöflun sveitarfélaganna að rétt þótti að bíða með endurskoðun reglugerðarinnar þar til fyrir lægi hvaða tekjur sveitarfélögin fengju í stað aðstöðugjaldsins. Einnig þótti eðlilegt að bíða eftir niðurstöðum kosninganna um sameiningu sveitarfélaganna í nóvember 1993 enda brýn þörf á að taka tillit til þeirra við endurskoðun á reglugerð um Jöfnunarsjóðinn.

Í desember 1993 var gengið frá breytingum á lögunum um tekjustofna sveitarfélaga þar sem sveitarfélögunum voru tryggðar tekjur í stað aðstöðugjaldsins þannig að óvissu í því efni var eytt. Einnig lá fyrir í stórum dráttum í byrjun þessa árs hver árangurinn varð í bili af átakinu í sameiningu sveitarfélaga. Nefndin hóf því starf að nýju snemma árs 1994 og tók þá að sjálfsögðu mið af þeim breyttu aðstæðum sem skapast höfðu við niðurfellingu aðstöðugjaldsins og áfangann í sameiningu sveitarfélaga.

Mikilla upplýsinga hefur verið aflað um tekjustofnakerfi sveitarfélaganna annars staðar á Norðurlöndum og fyrirkomulag jöfnunargreiðslna til sveitarfélaga og þar er að sjálfsögðu að finna margt sem við getum lært af. Þar hefur fyrirkomulag jöfnunargreiðslna til sveitarfélaga þróast í áttina frá svokölluðum eyrnamerktum framlögum, sem t.d. fela í sér greiðslu á ákveðnu hlutfalli kostnaðar af skólaakstri eða byggingarkostnaðar af íþróttahúsum, yfir í svonefnd rammaframlög, en með þeim er talið að almannafé nýtist íbúunum betur. Í Evrópusáttmálanum um sjálfsstjórn sveitarfélaga, sem Ísland hefur fullgilt, er lögð áhersla á að framlög til sveitarstjórna skuli ekki, ef unnt er, eyrnamerkja til fjármögnunar á ákveðnum verkefnum.

Á Íslandi hafa tekjujöfnunarframlög á undanförnum árum haft meira vægi en þjónustuframlög, en þessu er öfugt farið á hinum Norðurlöndunum. Með afnámi aðstöðugjalds hefur dregið úr þörf fyrir tekjujöfnunarframlög og með sameiningu sveitarfélaga mun draga enn frekar úr þeirri þörf. Við samanburð á fyrirkomulagi jöfnunargreiðslna hér og annars staðar á Norðurlöndum þarf að hafa það mjög ríkt í huga að þar eru greiðslur ríkisins mjög stór hluti af almennum tekjum sveitarfélaga en hér eru þessar tekjur hlutfallslega miklu lægri og fyrst og fremst hugsaðar til jöfnunar á milli sveitarfélaga.

Á fundi fulltrúaráðs Sambands íslenskra sveitarfélaga í mars 1994 voru kynntar þær hugmyndir sem þá voru uppi í nefndinni um breytingar á jöfnunarframlögunum. Í ályktun fulltrúaráðsfundarins var í öllum aðalatriðum lýst yfir stuðningi við þessar hugmyndir.

Tillögur nefndarinnar voru síðan kynntar á landsþingi sveitarfélaganna í september 1994 og í ályktun landsþingsins var lýst yfir stuðningi við meginatriði tillagnanna. Tillögurnar lágu fyrir í öllum aðalatriðum á landsþinginu en í framhaldi af því var unnið að útfærslu þeirra. Í nóvember 1994 voru tillögurnar síðan sendar öllum sveitarstjórnum til kynningar.

Helstu breytingar, sem lagðar voru til á tekjujöfnunarframlögunum, eru að í stað tveggja viðmiðunarflokka nú verði viðmiðunarflokkarnir fjórir og framlögin verði miðuð við fullnýtingu tekjustofna sveitarfélaganna.

Lagt var til að skilgreiningu þjónustuframlaganna verði breytt í tekjustofnalögunum þannig að hlutverk þeirra verði að jafna mismunandi útgjaldaþörf sveitarfélaga. Núverandi grunnskóla- og tónlistarskólaframlög verði felld inn í þjónustuframlögin og horfið verði frá þeim skörpu skilum sem nú eru í þjónustuframlögunum miðað við tiltekinn íbúafjölda. Í stað þess breytist þau framlög, sem tengd eru íbúafjölda, línulega eftir mismunandi stærðarhagkvæmni sveitarfélaga.

Í tillögunum kemur fram að gert er ráð fyrir að breyta þurfi Jöfnunarsjóðskafla tekjustofnalaganna til að tillögur um breytt þjónustuframlög geti náð fram að ganga.

Sá hluti frumvarps þessa, sem snertir Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, er byggður á tillögum nefndarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að fasteignaskattur skv. b-lið 3. mgr. 3. gr. hækki úr allt að 1,12% af álagningarstofni í allt að 1,32%. Þetta þýðir að með 25% álagi getur skatturinn þá hæst orðið 1,65% í stað 1,40% áður. Eins og kemur fram í 6. gr. frumvarps þessa er gert ráð fyrir að hækkun þessi komi til framkvæmda í þrepum á fjórum árum.

Um 2. gr.

Framlögum skv. e-lið 11. gr laganna hefur í stórum dráttum verið úthlutað þannig að um 1,8% af vergum tekjum sjóðsins hafa verið greidd dreifbýlissveitarfélögum sem standa að rekstri tónlistarskóla, um 2,5% til kostnaðarsamra stofnframkvæmda hjá fámennum sveitarfélögum, sbr. c-lið 11. gr., og um 3% til að aðstoða dreifbýlissveitarfélög við að standa undir auknum rekstrarkostnaði við grunnskóla, sbr. d-lið 11. gr.

Í samræmi við tillögur endurskoðunarnefndar um Jöfnunarsjóðinn er hér lagt til að tónlistarskólaframlögin falli niður en komi til hækkunar á þjónustuframlögunum. Það sem þá er eftir af framlagi skv. e-liðnum er fært til hækkunar á framlögum skv. c- og d-lið 11. gr. í þeim hlutföllum sem verið hafa. Við þetta verður e-liðurinn óþarfur og heimild til að millifæra fjármagn þarf þá einungis að ná til þeirra liða sem eftir eru, þ.e. c- og d-liða.

Um 3. gr.

Hér eru lagðar til breytingar í samræmi við tillögur endurskoðunarnefndarinnar. Að verulegu leyti fela þessar breytingar í sér skýrara og markvissara orðalag en nú er án þess að um efnislegar breytingar sé að ræða. Þó er lagt til að skilgreiningu þjónustuframlaganna verði breytt þannig að þeim verði úthlutað til að jafna mismunandi útgjaldaþörf sveitarfélaga með sérstöku tilliti til stærðarhagkvæmni þeirra, en nú segir að þeim skuli úthlutað „til sveitarfélaga sem skortir tekjur til að halda uppi þeirri þjónustu sem eðlilegt má telja að sveitarfélög af þeirri stærð veiti."

Í tillögum endurskoðunarnefndarinnar er talið að eftirfarandi þættir (viðmiðanir) geti endurspeglað útgjaldaþörf sveitarfélaga í sambandi við úthlutun þjónustuframlaganna:

1. Íbúafjöldi 0–5 ára:
   Endurspeglar útgjaldaþörf vegna leikskóla.
2. Íbúafjöldi 6–15 ára:
   Endurspeglar útgjaldaþörf t.d. vegna tónlistarskóla og æskulýðs- og íþróttamála.
3. Íbúafjöldi 70–80 ára:
   Endurspeglar útgjaldaþörf vegna ákveðinna þátta í öldrunarmálum.

4. Íbúafjöldi 81 árs og eldri:
   Endurspeglar útgjaldaþörf vegna ákveðinna þátta í öldrunarmálum.
5. Snjómokstur. (Vegalengdir ákveðinna gatna):
   Endurspeglar útgjaldaþörf vegna snjómoksturs.
6. Fjarlægðir. (Vegalengdir, fjöldi km.):
   Endurspeglar útgjaldaþörf vegna fjarlægða innan sveitarfélags.

Gert er ráð fyrir að í reglugerð verði m.a. ákveðið hver hlutfallsleg skipting þeirrar fjárhæðar, sem til ráðstöfunar er í þjónustuframlög, verði á hverja þessara viðmiðana. Einnig verði hægt að bæta við fleiri viðmiðunum ef þörf krefur.

Um 4. gr.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að framlög skv. e-lið 11. gr. laganna falli brott. Gildandi skýring vísar til þessara framlaga og verður því óþörf. Rétt þykir hins vegar að setja í staðinn skýringu á framlögum skv. d-lið 11. gr.

Um 5. gr.

Þar sem lagt er til að framlög skv. e-lið 11. gr. laganna falli brott þarf ekki að vísa til þess liðar í 15. gr. laganna.

Um 6. gr.

Í samræmi við tillögur starfshópsins, sem getið er um fyrr í athugasemdunum, er hér lagt til að sérstakur fasteignaskattur samkvæmt ákvæði til bráðabirgða við lögin verði felldur niður í stiglækkandi þrepum á fjórum árum en jafnframt hækki fasteignaskattur skv. b-lið 3. mgr. 3. gr. laganna samsvarandi í þrepum á fjórum árum.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Gildistökuákvæðið felur í sér að lagt er til að breytingarnar varðandi sérstaka fasteignaskattinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði komi til framkvæmda við álagningu þess skatts og fasteignaskatts skv. b-lið 3. mgr. 3. gr. laganna á árinu 1996. Einnig felur hún í sér að lagt er til að breytingarnar varðandi jöfnunarframlögin komi til framkvæmda við úthlutun framlaganna 1996.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995.

Í frumvarpinu felast einkum tvenns konar breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga verði það að lögum. Sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði lækkar í þrepum á næstu fjórum árum og fellur alveg niður árið 1999. Jafnhliða hækkar fasteignaskattur af atvinnuhúsnæði í þrepum og kemur að fullu til framkvæmda á sama ári. Hin breytingin felst í því að hlutverk þjónustuframlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verður að jafna mismunandi útgjaldaþörf sveitarfélaga með sérstöku tilliti til stærðar þeirra.

Verði frumvarpið að lögum verður fasteignaskattur greiddur af atvinnuhúsnæði í ríkiseign og er gert ráð fyrir að viðbótarútgjöld ríkisins vegna þessa verði um 50 m.kr. þegar lagaákvæðið er að fullu komið til framkvæmda eða um 12,5 m.kr. á ári árin 1996–1999.

269. Fyrirspurn [208. mál]

til menntamálaráðherra um læsi.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

Hvaða kannanir hafa verið gerðar á læsi Íslendinga á síðustu tíu árum og hvað hafa þær leitt í ljós?

Skriflegt svar óskast.

270. Fyrirspurn [209. mál]

til félagsmálaráðherra um norrænu karlaráðstefnuna í Stokkhólmi.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hverjar urðu helstu niðurstöður norrænu karlaráðstefnunnar í Stokkhólmi í apríl sl.?
2. Hvernig hyggst ráðherra fylgja niðurstöðunum eftir?

271. Tillaga til þingsályktunar [210. mál]

um opinberan stuðning við starfsþjálfun í fyrirtækjum.

Flm.: Hjálmar Árnason, Stefán Guðmundsson, Ólafur Örn Haraldsson, Magnús Stefánsson, Ísólfur Gylfi Pálmason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að móta stefnu um starfsþjálfun er hvetji til aukinnar þátttöku fyrirtækja í verknámi framhaldsskólanema.

Greinargerð.

Starfsþjálfun er snar þáttur í námi margra nemenda framhaldsskóla. Mikilvægur liður í námi flestra iðnnema er fólginn í starfsþjálfun á ábyrgð starfandi meistara í iðngreinum. Á undanförnum árum hefur gætt aukinna erfiðleika nemenda við að komast á samning eða í starfsþjálfun innan fyrirtækja. Staða þeirra nemenda er mjög óljós, enda geta þeir ekki hlotið starfsréttindi fyrr en að lokinni starfsþjálfun. Hér er um alvarlegan galla á menntakerfi okkar að ræða.

Í frumvarpi til laga um framhaldsskóla er gert ráð fyrir verulegri áherslu á starfsnám, ekki síst nýjar starfsmenntabrautir sem ekki hafa verið í framhaldsskólum til þessa. Nokkrir framhaldsskólar búa sig nú undir rekstur slíkra brauta. Þar er m.a. gert ráð fyrir starfsþjálfun að hluta á vinnustöðum. Mikilvægt er að fyrirtæki sjái sér hag í og verði umbunað fyrir að taka nemendur í starfsþjálfun. Það má t.d. gera með beinum styrkjum eða skattaívilnun.

Þingsályktunartillagan felur í sér að ríkisstjórnin móti skýrar tillögur á þessu sviði, en segja má að málið falli undir þrjú ráðuneyti, þ.e. menntamála-, iðnaðar- og fjármálaráðuneyti. Vænst er tillagna til lausnar málinu fyrir þinglok árið 1996 þannig að um haustið geti skólar og fyrirtæki lagað sig að breytingunum.

272. Tillaga til þingsályktunar [211. mál]

um könnun á nýtingu Krýsuvíkursvæðis.

Flm.: Hjálmar Árnason, Drífa Sigfúsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera úttekt á möguleikum Krýsuvíkursvæðisins í Gullbringusýslu á sviði iðnaðar, orku, ferðaþjónustu o.fl.

Greinargerð.

Á Krýsuvíkursvæðinu virðast miklir möguleikar vannýttir. Þar er náttúrufegurð mikil, jarðhiti verulegur, stórt stöðuvatn og þannig má áfram telja. Margar athuganir hafa verið gerðar á svæðinu án þess að frekar hafi orðið úr nýtingu nema að óverulegu leyti.

Reynslan af nýtingu Svartsengis á Suðurnesjum og Nesjavöllum í Árnessýslu sýnir að fjárfesting er fljót að skila sér. Þá virðist áhugi erlendra aðila fara vaxandi á því að fjárfesta í jarðhita og jarðefnum á Íslandi. Mikilvægt er að hafa svör á reiðum höndum ef fyrirspurnir berast frá erlendum fjárfestum.

Árið 1975 var skilað skýrslu, unninni af bandarísku ráðgjafarfyrirtæki, til samgönguráðuneytisins. Skýrslugerðin var kostuð af Sameinuðu þjóðunum. Þar komu fram mótaðar tillögur um Krýsuvík sem ferðamannastað. Jafnframt lágu fyrir loforð um fjárstuðning erlendis frá. Ekkert varð úr framkvæmdum.

Þingsályktunartillagan felur í sér að ráðherrar ferðamála og iðnaðar láti gera úttekt á möguleikum Krýsuvíkursvæðisins með frekari uppbyggingu svæðisins í huga.

273. Fyrirspurn [212. mál]

til samgönguráðherra um varnir gegn landbroti.

Frá Hjálmari Árnasyni, Guðna Ágústssyni og Drífu Sigfúsdóttur.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir sérstökum aðgerðum í því skyni að verjast landbroti af völdum sjávar á Suðurlandi og í Reykjaneskjördæmi?

274. Fyrirspurn [213. mál]

til menntamálaráðherra um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Við hvaða lagaheimild styðst sú regla sem kemur fram í úthlutunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna (1.3.2 Sérnám) að námsmenn þurfi að hafa náð 20 ára aldri til að fá lán til sérnáms erlendis?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Þegar frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna var lagt fram á Alþingi veturinn 1991–92 var í 2. gr. frumvarpsins lagt til að lán til sérnáms væru bundin því skilyrði að námsmaður hefði náð 20 ára aldri. Í meðförum Alþingis var frumvarpsgreininni breytt og aldursskilyrðið fellt brott. Engu að síður er slíkt skilyrði enn í úthlutunarreglum Lánasjóðsins. Nemendur, sem eru yngri en 20 ára og eru í sérnámi erlendis sem ekki er hægt að stunda hér á landi, hafa því fengið synjun um lán á grundvelli 20 ára reglunnar. Erfiðleikar þessara nemenda eru tilefni fyrirspurnarinnar.

275. Nefndarálit [45. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1994, sbr. lög nr. 143/1994.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Með frumvarpi þessu er leitað eftir staðfestingu Alþingis á niðurstöðutölum fjárlaga ársins 1994. Samkvæmt því hafa innheimtar tekjur orðið 2,8 milljörðum kr. hærri en fjárlög og aukafjárlög 1994 gerðu ráð fyrir. Þá voru gjaldaheimildir samkvæmt fjárlögum og aukafjárlögum 2,8 milljörðum kr. hærri en gjöldin urðu í raun, og endanlegur halli á rekstri ríkissjóðs varð því 7,4 milljarðar kr. árið 1994 eða 2,3 milljörðum kr. lægri en fjárlög gerðu ráð fyrir og heilum 5,6 milljörðum kr. lægri en reiknað var með við afgreiðslu fyrri fjáraukalaga ársins 1994. Sú niðurstaða gefur ekki tilefni til hárra einkunna fyrir áætlanagerð.

Fjárlaganefnd óskaði eftir áliti Ríkisendurskoðunar, og í greinargerð hennar er m.a. bent á að gjaldaheimildir hafi hækkað frá fjárlögum um 7,5 milljarða kr. eða um 6,6%. Á móti þeirri hækkun hafa gjaldaheimildir hins vegar verið lækkaðar um 4,3 milljarða kr. eða um 3,8%. Heildarbreytingar á gjaldahlið nema því um 10% sem verða að teljast mjög mikil frávik, og sýnir þetta enn einu sinni hversu erfiðlega gengur að setja raunhæf fjárlög. Alvarlegra er þó að ríkisstjórnin ákveður og framkvæmir flestar þessar breytingar án þess að bera þær undir Alþingi fyrr en eftir á. Minni hlutinn telur nauðsynlegt að á þessu verði breyting og leitað verði fyrir fram eftir samþykki Alþingis til fjárveitinga umfram heimildir fjárlaga. Gera þarf fjárlaganefnd kleift að fylgjast betur með framkvæmd fjárlaga og fjalla um allar hugsanlegar breytingar jafnóðum og tilefni gefast.

Minni hlutinn tekur undir það sem Ríkisendurskoðun segir í áliti sínu að telja verði „að framsetning frumvarpsins sé ekki nægilega skýr þannig að fyrir liggi hvað afgreiðsla frumvarpsins í raun felur í sér, einkum er varðar afgreiðslu fjárheimilda einstakra stofnana og viðfangsefna". Er í rauninni hálfgerð gestaþraut að þræða sig í gegnum einstaka liði og átta sig á niðurstöðum heildardæmisins þar sem ýmist er verið að sækja um heimildir vegna umframgjalda eða til niðurfellingar heimilda vegna ónotaðra fjárveitinga.

Samkvæmt áliti Ríkisendurskoðunar felur samþykkt frumvarpsins í sér eftirfarandi breytingar á gjaldahlið (í millj. kr.):

Viðbótargjaldaheimild á árinu 1994	180,0
Gjaldaheimildir falla niður í árslok 1994	(1.481,5)
Gjaldaheimildir vegna stofnframkvæmda árið 1994 fluttar til ársins 1995	(1.193,1)
Gjaldaheimildir vegna tilfærslu árið 1994 fluttar til ársins 1995	(362,6)
Gjaldaheimildir vegna reksturs árið 1994 fluttar til ársins 1995	(577,9)
Heimild til lækkunar gjaldaheimilda 1995	616,5
Til lækkunar	**(2.818,6)**

Með frumvarpinu er verið að leita staðfestingar Alþingis á þegar orðnum greiðslubreytingum og hefði þurft að afgreiða það miklu fyrr. Minni hlutinn gerir ekki frekari athugasemdir við einstakar greinar þess en mun sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. des. 1995.

Kristín Halldórsdóttir, frsm.	Bryndís Hlöðversdóttir.	Kristinn H. Gunnarsson.

276. Nefndarálit [75. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sbr. lög nr. 31/1994.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Berglindi Ásgeirsdóttur, ráðuneytisstjóra í félagsmálaráðuneytinu.

Í frumvarpinu er lagt til að karl og kona, sem hafa verið skráð í sambúð í þjóðskrá í a.m.k. eitt ár, hafi sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Með því er komið í veg fyrir að sambúðarfólk geti fengið umtalsvert hærri fjárhæð til framfærslu en hjón sem búa við sambærilega fjárhagslega afkomu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Bryndís Hlöðversdóttir og Arnbjörg Sveinsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. des. 1995.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Kristján Pálsson.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Einar K. Guðfinnsson.	Pétur H. Blöndal.
	Drífa Sigfúsdóttir.	

277. Nefndarálit [45. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1994, sbr. lög nr. 143/1994.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til meðferðar og leitað skýringa um einstök atriði frá fjármálaráðuneyti.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 4. des. 1995.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Árni Johnsen.
Árni M. Mathiesen.	Ísólfur Gylfi Pálmason.	Hjálmar Jónsson.
Arnbjörg Sveinsdóttir.		Gísli S. Einarsson.

278. Nefndarálit [44. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1995.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til meðferðar og leitað skýringa um einstök atriði frá fjármálaráðuneyti og fagráðuneytum varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir frá fjárlögum 1995. Einnig hafa komið fyrir nefndina forsvarsmenn nokkurra ríkisstofnana sem lagt hafa fram upplýsingar um tiltekin verkefni. Nefndin leitaði enn fremur eftir áliti Ríkisendurskoðunar um frumvarpið. Í ljósi þeirra skýringa hefur meiri hluti nefndarinnar fallist á þær tillögur um fjárheimildir sem fram koma í frumvarpinu. Nokkur atriði bíða 3. umræðu, svo sem málefni er varða Sjúkrahús Reykjavíkur og Sólheima í Grímsnesi.

Á meðan nefndin hafði frumvarpið til athugunar var unnið að sérstakri skoðun á nokkrum málum í ráðuneytunum sem nú hafa verið leidd til lykta, auk þess sem önnur ný útgjaldatilefni hafa komið fram.

Nefndin í heild og meiri hluti hennar ásamt fulltrúum Alþýðubandalagsins gera á tveimur þingskjölum 11 breytingartillögur við frumvarpið sem samtals nema 424,8 m.kr. til hækkunar. Þingmenn Alþýðuflokks og Kvennalista hafa fyrirvara um eina breytingartillögu og er hún því flutt á sérstöku þingskjali. Einstakar breytingartillögur eru skýrðar í athugasemdum með álitinu.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstökum þingskjölum.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

201 *Alþingi.* Lagt er til að fjárheimild stofnunarinnar verði aukin um 31,4 m.kr. Eru það annars vegar útgjöld sem fylgt hafa í kjölfar kosninga og breytinga á skipan þingsins, 11,4 m.kr., og hins vegar aðkallandi viðgerðir á Alþingishúsinu og framkvæmdir við hús Alþingis við Kirkjustræti, samtals 20 m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

905 *Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.* Fjárheimild verði hækkuð um 5,5 m.kr. vegna hallareksturs áranna 1994 og 1995.

989 *Ýmis íþróttamál.* Lagt er til að veitt verði 1,5 m.kr. viðbótarfjárveiting til Íþróttasambands Íslands til að mæta kostnaði sem fylgdi lántöku sambandsins til að fjármagna viðbyggingu íþróttahallarinnar í Laugardal vegna HM-keppninnar í handknattleik. Hér er um að ræða gjöld sem runnu í ríkissjóð, svo sem lántökugjald, þinggjöld o.fl.

03 Utanríkisráðuneyti

401 *Alþjóðastofnanir.* Lögð er til hækkun á fjárheimild um 29,7 m.kr. til Eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins.

04 Landbúnaðarráðuneyti

805 *Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu.* Lagt er til að veitt verði fjárheimild að fjárhæð 150 m.kr. vegna afsetningar birgða, en samningur, er undirritaður var 1. október sl., um breytingu á búvörusamningi felur í sér að ríkissjóður greiði þá fjárhæð á árinu 1995.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

361 *Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað.* Gerð er tillaga um 4,2 m.kr. viðbótarframlag vegna dóms sem fallinn er um greiðslur til starfsmanna sjúkrahússins fyrir gæsluvaktir. Með greiðslunum hefur spítalinn að fullu gert upp við hlutaðeigandi starfsmenn. Gerður er fyrirvari af hálfu ríkissjóðs um endurkröfurétt á sveitarfélagið sem stóð að rekstrinum á þeim tíma sem dómurinn tekur til.

586 *Heilsugæslustöðin Reykjalundi.* Lagt er til að veitt verði viðbótarfjárheimild að fjárhæð 15,5 m.kr. vegna rekstrarhalla frá árinu 1991.

09 Fjármálaráðuneyti

989 *Launa- og verðlagsmál.* Lagt er til viðbótarframlag að fjárhæð 130 m.kr. til launauppbóta í kjölfar kjarasamninga.

999 *Ýmislegt.* Gerð er tillaga um 25 m.kr. fjárveitingu til að mæta kostnaði við björgunaraðgerðir, útfararkostnað, tjón á búnaði og fleiri þætti í kjölfar snjóflóðanna á Flateyri.

10 Samgönguráðuneyti

330 *Vita- og hafnamálastofnun.* Lagt er til að veitt verði fjárheimild að fjárhæð 22 m.kr. til endurbóta á bryggjunni í Holti í Önundarfirði og til að laga skemmdir sem urðu á nokkrum sjóvarnargörðum í óveðri í október sl.

472 *Flugvellir.* Lagt er til að veitt verði fjárheimild að fjárhæð 10 m.kr. til snjómoksturs.

Alþingi, 4. des. 1995.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Árni Johnsen.
Árni M. Mathiesen.	Ísólfur Gylfi Pálmason.	Hjálmar Jónsson.
	Arnbjörg Sveinsdóttir.	

279. Breytingartillögur [44. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1995.

Frá fjárlaganefnd.

	Þús. kr.
1. Við 3. gr. 00-201 Alþingi. Nýir liðir:	
520 Fasteignir	20.000
601 Tæki og búnaður	11.400
2. Við 3. gr. 02-905 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.	
101 Almennur rekstur.	
Fyrir „35.000“ kemur	40.500
3. Við 3. gr. Nýr liður:	
02-989 Ýmis íþróttamál.	
110 Íþróttasamband Íslands	1.500
4. Við 3. gr. 03-401 Alþjóðastofnanir.	
a. 170 Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA.	
Fyrir „18.100“ kemur	25.500
b. Nýir liðir:	
171 Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	16.500
172 EFTA-dómstóllinn	5.800
5. Við 3. gr. Nýr liður:	
08-361 Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað.	
101 Almennur rekstur	4.200
6. Við 3. gr. Nýr liður:	
08-586 Heilsugæslustöðin Reykjalundi.	
101 Almennur rekstur	15.500
7. Við 3. gr. 09-989 190 Launa- og verðlagsmál.	
Fyrir „-126.000“ kemur	4.000

8. Við 3. gr. 09-999 Ýmislegt. Nýr liður:
   171 Aðstoð vegna snjóflóðs á Flateyri 25.000
9. Við 3. gr. Nýr liður:
   10-330 Vita- og hafnamálastofnun.
   670 Hafnamannvirki 22.000
10. Við 3. gr. 10-472 Flugvellir. Nýr liður:
   101 Rekstur flugvalla 10.000

280. Breytingartillaga [44. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1995.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, StB, ÁJ, ÁMM, ÍGP, HjálmJ, ArnbS, KHG, BH).

Þús. kr.

Við 3. gr. 04-805. Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu. Nýr liður:
132 Afsetning birgða 150.000

281. Nefndarálit [44. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1995.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Frumvarpið var lagt fram skömmu fyrir síðustu kosningar en varð ekki afgreitt. Minni hlutinn bendir á nauðsyn þess að fjáraukalög séu afgreidd tímanlega. Alþingi situr allt árið og ætti að vera hægðarleikur að leita eftir heimildum þegar þörfin liggur fyrir.

Nefndin hefur haft frumvarpið til meðferðar, leitað skýringa og fengið athugasemdir og upplýsingar frá ýmsum aðilum um beiðnir um auknar fjárheimildir frá fjárlögum 1995.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 4,9 milljarða kr. hækkun á gjaldahlið fjárlaga 1995. Ljóst er að sú tala hækkar í a.m.k. 5,3 milljarða kr. samkvæmt framkomnum breytingartillögum, auk þess sem nokkur atriði bíða 3. umræðu, svo sem málefni Sjúkrahúss Reykjavíkur og Sólheima í Grímsnesi. Ef þessar tölur standast, sem reyndar má telja vafasamt í ljósi reynslunnar, má reikna með að fjárlagahalli þessa árs verði a.m.k. 9,3 milljarðar kr. eða nær 2 milljörðum kr. meiri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Enn einu sinni stendur Alþingi frammi fyrir umtalsverðum skekkjum á áætlanagerð fjármálastjórnar ríkisins.

Vissulega geta orðið ýmis ófyrirsjáanleg atvik á fjárlagaári sem verður að bregðast við svo sem náttúruhamfarir, skyndilegir brestir í atvinnulífinu eða leiðréttingar vegna launaþróunar. Þótt ekki verði komist hjá því að samþykkja viðbótarheimildir vegna þróunar kjaramála er gagnrýnivert hversu miklu munar hverju sinni. Er ekki að undra þótt tortryggni gæti í þjóðfélaginu hvað varðar upplýsingar fjármálaráðherra um niðurstöð-

ur kjarasamninga þegar fram kemur í fjáraukalögum að launahækkanir hafi verið verulega vanreiknaðar við gerð fjárlaga.

Fjárlaganefnd fékk Ríkisendurskoðun til að gefa umsögn um frumvarpið. Í áliti Ríkisendurskoðunar er fjallað um flutning ónýttra heimilda milli ára. Þar segir:

„Miðað við þá fjárheimild sem sótt er um (4,9 milljarðar) og líklega útkomu varðandi gjöld ríkissjóðs á árinu (3,8 milljarðar) liggur fyrir að 1,1 milljarður kr. stendur út af í árslok sem vannýtt heimild. Miðað við þá venju sem skapast hefur er sennilegt að leitað verði eftir því á næsta ári að flytja hluta þessarar vannýttu heimildar yfir á árið 1996. *Í þessu sambandi er eðlilegt að spurt sé hvers vegna sótt er um hærri aukafjárveitingu en útlit er fyrir að þörf sé fyrir á árinu og jafnframt hvort ekki sé rétt að taka ákvörðun um flutning fjárheimilda til ársins 1996 við afgreiðslu fjárlaga fyrir það ár, en ekki með fjáraukalögum sem lögð verða fyrir þingið á næsta ári.* Á þessu geta reyndar verið réttmætar skýringar svo sem að fjárheimildir eru ekki teknar af stofnunum enda þótt útlit sé fyrir að þær verði ekki nýttar. Þá þarf að afgreiða fjárlög fyrir áramót áður en endanleg greiðsluafkoma fyrir árið liggur fyrir."

Minni hlutinn tekur undir þá ábendingu sem felst í tilvitnaðri umsögn Ríkisendurskoðunar og telur að draga beri verulega úr því að flytja heimildir milli ára eins og lagt er til. Athuga beri réttmæti slíkra aðgerða í hverju tilviki fyrir sig. Það er mjög óeðlilegt þegar allt að 69% ónýttra fjárheimilda er flutt milli ára eins og dæmi er um.

Þá eru í skýrslu Ríkisendurskoðunar reifuð nokkur sjónarmið sem stofnunin telur eðlilegt að eigi að gilda við aukafjárveitingar. Minni hlutinn telur ríka ástæðu til að birta umrædda kafla skýrslunnar jafnframt því að taka undir sjónarmið Ríkisendurskoðunar og bendir á að þau miða að því að styrkja raunverulegt fjárveitingavald Alþingis og gera ríkari kröfur til framvæmdarvaldsins en nú er.

— „Þegar sótt er um aukafjárveitingar í fjárlögum verður að gera kröfu til að beiðnir séu vel rökstuddar. Sérstaklega er nauðsynlegt að fram komi hvers vegna útgjaldatilefni varð ekki séð fyrir þegar gildandi fjárlög voru sett þannig að afgreiða hefði mátt fjárheimildir í tengslum við setningu þeirra."

— „Eins og málum er háttað í dag er í ýmsum tilfellum sótt um viðbótarheimildir vegna útgjalda sem þegar hafa fallið til. Af þessu leiðir að staðfestingu Alþingis á fjárlögum svipar meira til *formsatriðis* en að þinginu sé gefinn raunverulegur kostur á að samþykkja eða hafna útgjöldum. Að mati Ríkisendurskoðunar ætti fjármálaráðherra að sækja um fjárheimildir til Alþingis strax og tilefni gefst, og Alþingi að afgreiða slík frumvörp með skjótum hætti."

— „Hvað varðar flutning van- og ofnýttra fjárheimilda milli ára er eðlilegt að ganga út frá því að fjárlög endurspegli raunverulegt rekstrarumfang þeirra stofnana sem þar eru tilgreindar. Í flestum tilfellum má þá gera ráð fyrir því að stofnanirnar nýti fjárheimildir sínar innan ársins. Sérstakar aðstæður geta hins vegar leitt til þess að útgjöld sem reiknað var með á árinu frestist til þess næsta eða að ófyrirséð útgjöld falli til á árinu. Í því sambandi þarf að huga vel að því hvort fjárheimild stofnunar hafi einfaldlega verið of há miðað við eðlilegan rekstur á henni og fella heimildina þá niður. Eins kann að vera að hjá stofnun hafi verið stofnað til of mikilla útgjalda og því sé lagt til að hún byrji nýtt fjárhagsár í skuld. Sé því svo varið er nauðsynlegt að fram komi hvort ætla megi að stofnunin geti hagrætt í rekstri til að mæta skertri fjárveitingu, eða hvort beinlínis sé ætlast til að dregið verði úr starfseminni."

Frumvarp ríkisstjórnarinnar til fjáraukalaga sýnir að stjórn fjármála ríkisins hefur riðlast verulega frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins. Þrátt fyrir verulega auknar tekjur í kjölfar þess að einkaneysla og hagvöxtur jókst meira en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga eykst fjárlagahallinn um a.m.k. fimmtung. Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs eykst úr 21,9 milljörðum kr. í 31,9 milljarða kr. samkvæmt frumvarpinu, eða um 46%. Slíkt er mikið áhyggjuefni og hlýtur að vekja efasemdir um getu ríkisstjórnarinnar til að halda aftur af umtalsverðri vaxtahækkun og tryggja nauðsynlegan stöðugleika í efnahagsmálum.

Fulltrúar minni hlutans gera grein fyrir afstöðu sinni til einstakra tillagna sem felast í frumvarpinu og verður hún því ekki tíunduð hér, en þó er gerð athugasemd við lækkun húsaleigubóta um 180 millj. kr., úr 320 millj. kr. í 140 millj. kr. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er bent á að þegar var búið að greiða út tæplega 160 millj. kr. í lok september sl. og því augljóst að fjárveitingin samkvæmt frumvarpinu mun hvergi nærri duga.

Minni hluti fjárlaganefndar áskilur sér rétt til að styðja einstakar tillögur um viðbótarheimildir en situr að öðru leyti hjá við afgreiðslu frumvarpsins.

Alþingi, 5. des. 1995.

Gísli S. Einarsson, frsm. Bryndís Hlöðversdóttir. Kristín Halldórsdóttir.

Kristinn H. Gunnarsson.

282. Frumvarp til laga [96. mál]

um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99 8. september 1993, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 5. des.)

1. gr.

Í 1. mgr. 2. gr. laganna breytast eftirfarandi orðskýringar:

Greiðslumark lögbýlis er tiltekinn fjöldi ærgilda eða magn mjólkur mælt í lítrum sem ákveðið er fyrir hvert lögbýli og veitir rétt til beingreiðslu úr ríkissjóði.

Heildargreiðslumark er tiltekið magn mjólkur mælt í lítrum sem ákveðið er samkvæmt búvörusamningi með tilliti til heildarneyslu innan lands og skiptist milli lögbýla eftir greiðslumarki þeirra.

2. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. laganna bætast eftirfarandi orðskýringar:

Beingreiðslumark er tiltekin fjárhæð sem ákveðin er í 37. gr. og skiptist milli lögbýla eftir greiðslumarki þeirra.

Vetrarfóðraðar kindur eru ær, hrútar, sauðir og lömb sem sett eru á vetur og talin eru fram á forðagæsluskýrslu.

3. gr.

Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Verðlagning sauðfjárafurða samkvæmt þessari grein fellur niður frá og með 1. september 1998. Frá þeim tíma metur verðlagsnefnd framleiðslukostnað sauðfjárafurða fyrir meðalbú.

4. gr.

Við 1. málsl. 1. mgr. 14. gr. laganna bætist: nema annað sé tekið fram í samningi sem gerður er á grundvelli a-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna.

5. gr.

1. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

Innheimta skal verðmiðlunargjald á heildsölustigi af afurðum nautgripa og sauðfjár og telst gjaldið til heildsölu- og dreifingarkostnaðar sé hann ákveðinn af fimmmannanefnd. Verðmiðlunargjaldið skal vera af mjólk sem lögð er inn í afurðastöð innan greiðslumarks, 0,65 kr. á lítra, og af kindakjöti sem ætlað er til sölu á innlendum markaði, 7,00 kr. á kg.

6. gr.

20. gr. laganna orðast svo:

Innheimta skal verðskerðingargjald af verði kindakjöts og hrossakjöts til framleiðenda. Verðskerðingargjaldið skal vera af kindakjöti sem ætlað er til sölu á innlendum markaði, 5% af framleiðendaverði, og af hrossakjöti 2% af framleiðendaverði.

Verðskerðingargjaldi skal varið til markaðsaðgerða innan lands eða utan og til að leiðrétta birgðastöðu kjöts.

7. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Innheimta skal hjá afurðastöð 3% verðskerðingargjald af úrvinnslu- og heildsölukostnaði kindakjöts, sem ætlað er til sölu á innlendum markaði, í sama skyni og 20. gr. kveður á um. Sé úrvinnslu- og heildsölukostnaður ekki ákveðinn af fimmmannanefnd skal ráðherra ákveða viðmiðunarkostnað að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Af öllu kindakjöti, sem fer til útflutnings, skal innheimta af verði til framleiðenda sérstakt gjald, 30 kr. á kg, vegna útflutningsuppgjörs. Gjaldi þessu skal varið til þess að jafna eftir föngum skilaverð fyrir kindakjöt sem flutt er úr landi lítið unnið eða óunnið, þó þannig að tekið sé mið af gæða- og vöruflokkum, svo og árstíma.

8. gr.

Í stað 1. og 2. mgr. 25. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Til að standa straum af kostnaði Framleiðsluráðs landbúnaðarins við framkvæmd laga þessara, umfram þann kostnað sem það fær greiddan samkvæmt öðrum ákvæðum laganna, skal innheimta 0,25% gjald af heildsöluverði þeirra búvara sem lög þessi taka til.

9. gr.

Við 27. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um innheimtu, gjalddaga, álagningu gjaldanna samkvæmt áætlun og annað sem lýtur að framkvæmd á innheimtu gjaldanna.

Þá setur ráðherra í reglugerð ákvæði um framkvæmd uppgjörs og greiðslu tekna af verðmiðlunargjöldum, verðskerðingargjöldum og verðjöfnunargjaldi samkvæmt kafla þessum til afurðastöðva og framleiðenda og um uppgjörstímabil.

10. gr.

29. gr. laganna orðast svo:

Nú er ákveðið það magn mjólkur sem framleiðendum eru tryggðar beingreiðslur fyrir samkvæmt heimild í 30. gr. og verð hennar til framleiðanda er ákveðið skv. 8. gr. og er þá afurðastöð skylt að greiða framleiðanda fullt verð innan greiðslumarks samkvæmt gildandi verðlagsgrundvelli á innleggsdegi, sbr. þó 22. gr. Ber að inna greiðslu af hendi eigi síðar en 10. dag næsta mánaðar eftir innleggsmánuð. Heimilt er að semja um annan hátt á greiðslum en að framan greinir.

Taki mjólkursamlag við mjólk umfram greiðslumark framleiðanda sem verður utan heildargreiðslumarks við lokauppgjör skal samsvarandi magn mjólkurafurða markaðsfært erlendis á ábyrgð mjólkursamlags og framleiðanda. Framleiðsluráð landbúnaðarins getur þó heimilað sölu þeirra innan lands ef gengið hefur á birgðir og skortur á mjólkurvörum er því fyrirsjáanlegur. Um greiðsluskyldu afurðastöðva fyrir innlegg umfram greiðslumark mjólkur, en innan efri marka þess, fer eftir gildandi samningum landbúnaðarráðherra og Bændasamtaka Íslands skv. a-lið 1. mgr. 30. gr. laganna.

Við kaup á kindakjöti frá framleiðendum eða samkomulag um að annast sölu þess skal tilgreina hvort kjötið er til sölu innan lands eða til útflutnings, en greiðslur fyrir kindakjöt skulu vera óháðar greiðslumarki lögbýlis. Skilaverð til framleiðenda fyrir það kjöt sem þeir selja til útflutnings er umsamið söluverð kjötsins milli framleiðanda og afurðastöðvar (kaupanda) að frádregnu sérstöku gjaldi að teknu tilliti til verðjöfnunar skv. 2. mgr. 21. gr. laganna.

Landbúnaðarráðherra skal fyrir 1. september ár hvert, að fengnum tillögum Bændasamtaka Íslands, ákveða hlutfall kindakjöts sem flytja skal á erlendan markað. Ákvörðun þessi getur gilt fyrir allt að tólf mánaða framleiðslu- og sölutímabil. Framleiðsluráð landbúnaðarins skal kynna sláturleyfishöfum og sauðfjárframleiðendum ákvörðun um útflutningsþörf kindakjöts.

Sláturleyfishafa og öðrum sem annast sölu eða dreifingu á kindakjöti frá sláturhúsi er skylt að leggja til kjöt til útflutnings samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra eða semja við annan sláturleyfishafa um verkun og útflutning á sama magni. Sé þess ekki kostur er viðkomandi aðila skylt að greiða vegna útflutningskvaðar gjald sem landbúnaðarráðherra auglýsir fyrir 1. september ár hvert og skal svara til mismunar á heildsöluverði og viðmiðunarverði sem miðast við meðalverð við útflutning á undangengnum tólf mánuðum. Landbúnaðarráðherra skal, að fengnum tillögum Bændasamtaka Íslands og Landssamtaka sláturleyfishafa, setja nánari reglur um skipulag útflutnings svo að erlendir markaðir nýtist sem best.

Allir sauðfjárframleiðendur skulu taka þátt í útflutningi eða sæta útflutningsuppgjöri vegna útflutningskvaðar fyrir sama hlutfall af framleiðslu sinni að undanskildu því magni sem framleiðandi tekur til eigin nota samkvæmt heimild í reglugerð. Undanþegnir útflutningsuppgjöri eru þó þeir framleiðendur sem hafa 0,7 vetrarfóðraðar kindur eða minna

á hvert ærgildi greiðslumarks, enda liggi fyrir fullnægjandi vottorð um ásetning þeirra. Þá getur ráðherra ákveðið, að fenginni tillögu Bændasamtaka Íslands, að kjöt af dilkum sem slátrað er á ákveðnum tímabilum utan haustsláturtíðar verði undanþegið útflutningsuppgjöri. Hafi framleiðandi fjölgað vetrarfóðruðu fé frá því sem hann hafði veturinn 1994/1995 getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að fenginni tillögu framkvæmdanefndar búvörusamninga, að sú framleiðsla, sem svarar til fjölgunarinnar, fari öll á erlendan markað. Skal þá miðað við sama hlutfall af framleiðslu og fjölgun nemur. Því til viðbótar skal framleiðandi taka þátt í útflutningi eins og um óbreytta bústærð væri að ræða. Heimild þessari skal aðeins beita haustin 1996 og 1997.

Hafi verið tekin ákvörðun um verðskerðingu skv. 20. gr. og/eða 1. mgr. 21. gr. er afurðastöð skylt að halda henni eftir við uppgjör og standa Framleiðsluráði landbúnaðarins skil á hinu innheimta verðskerðingarfé.

11. gr.

Fyrirsögn IX. kafla laganna verður: **Um framleiðslu og greiðslumark sauðfjárafurða 1995–2000.**

12. gr.

36. gr. laganna orðast svo:

Markmið með ákvæðum þessa kafla um framleiðslu sauðfjárafurða eru:

a. að auka hagkvæmni og samkeppnishæfni sauðfjárframleiðslu til hagsbóta fyrir sauðfjárbændur og neytendur,
b. að treysta tekjugrundvöll sauðfjárbænda,
c. að ná jafnvægi milli framleiðslu og sölu sauðfjárafurða,
d. að sauðfjárrækt sé í samræmi við umhverfisvernd.

13. gr.

37. gr. laganna orðast svo:

Frá og með 1. janúar 1996 verður beingreiðslumark sauðfjárafurða 1.480 millj. kr. á almanaksári og skiptist hlutfallslega eins milli lögbýla og heildargreiðslumark sauðfjár verðlagsárið 1995/1996 gerði.

14. gr.

38. gr. laganna orðast svo:

Greiðslumark skal bundið við lögbýli. Framleiðsluráð landbúnaðarins skal halda skrá yfir greiðslumark lögbýla og handhafa réttar til beingreiðslu samkvæmt því. Á hverju lögbýli skal aðeins einn framleiðandi vera skráður handhafi beingreiðslu. Þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða sem standa að búrekstri getur hver og einn þeirra verið handhafi beingreiðslu.

Tilkynna skal fyrir 15. september ár hvert um greiðslumark lögbýlisins á næsta almanaksári. Greiðslumark lögbýla fyrir almanaksárið 1996 skal þó tilkynnt 1. febrúar 1996.

Fram til 1. júlí 1996 eru heimil aðilaskipti greiðslumarks á milli lögbýla, enda séu uppfyllt skilyrði sem ráðherra setur í reglugerð.

Heimilt er að flytja greiðslumark milli lögbýla: við sameiningu lögbýla; ef eigandi lögbýlis, sem hefur búið og stundað framleiðslu síðastliðin tvö ár, flytur á annað lögbýli; og ef eigandi að sérskráðu greiðslumarki flytur á annað lögbýli.

15. gr.

39. gr. laganna orðast svo:

Beingreiðsla greiðist úr ríkissjóði til handhafa í samræmi við greiðslumark lögbýlisins eins og það er á hverjum tíma. Beingreiðsla skal vera 3.734 kr. á hvert ærgildi á ári.

Réttur til beingreiðslu flyst milli aðila innan lögbýlis við ábúendaskipti og við breytingu skráningar ef um hjón eða sambýlisfólk er að ræða.

Til að fá fulla beingreiðslu þarf handhafi að eiga að lágmarki 0,6 vetrarfóðraðar kindur fyrir hvert ærgildi greiðslumarks árið 1996. Síðan skal landbúnaðarráðherra ákveða árlega ásetningshlutfall að fengnum tillögum framkvæmdanefndar búvörusamninga. Nái ásetningur ekki því lágmarki skerðist beingreiðsla hlutfallslega. Á lögbýlum, þar sem búfjárbeit kemur í veg fyrir eðlilega framkvæmd uppgræðslu eða veldur of miklu álagi á beitiland, er landbúnaðarráðherra heimilt að ákveða lægra ásetningshlutfall að fenginni umsögn Landgræðslu ríkisins og/eða Skógræktar ríkisins. Þá getur ráðherra ákveðið að víkja frá framangreindu ásetningshlutfalli hjá framleiðendum sem hafa skorið niður fé til útrýmingar sjúkdómum.

Ráðherra er heimilt að semja við bændur um lækkun ásetningshlutfalls án lækkunar beingreiðslu ef þeir taka þátt í umhverfisverkefnum í samráði við Landgræðslu ríkisins eða Skógrækt ríkisins, stunda nám eða starfsþjálfun eða taka þátt í atvinnuþróunarverkefnum.

Þá er heimilt að skerða eða fella niður beingreiðslu ef sauðfjárbóndi gefur rangar upplýsingar um ásettan fjölda sauðfjár eða stundar ólöglega sölu eða dreifingu á kjöti af heimaslátruðu sauðfé eða brýtur á annan hátt reglur eða samningsbundin ákvæði um afsetningu afurða.

Lögbýli heldur greiðslumarki sínu óskertu þótt réttur til beingreiðslu falli niður vegna búskaparhlés án þess að samið sé um búskaparlok og greiddar bætur fyrir.

16. gr.

40. gr. laganna orðast svo:

Á árunum 1995 og 1996 er ríkissjóði heimilt að kaupa greiðslumark til framleiðslu sauðfjárafurða, allt að 30.000 ærgildi, og greiða förgunarbætur vegna fækkunar áa eftir nánari ákvæðum í reglugerð sem ráðherra setur.

17. gr.

41. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarráðherra úthlutar greiðslumarki sem losnar með samningum um kaup ríkissjóðs á greiðslumarki og um búskaparlok. Við þá úthlutun skal taka mið af greiðslumarki lögbýlis þannig að aukning verði hjá bændum sem hafa 180 ærgilda greiðslumark í sauðfé eða meira, þó þannig að samanlagt greiðslumark í sauðfé og mjólk fari ekki yfir 450 ærgildi á fjölskyldu. Þeir sem hafa innan við 180 ærgilda greiðslumark í sauðfé geta sótt um aukningu, enda sé sauðfjárframleiðsla aðalatvinna viðkomandi bænda samkvæmt nánari skilgreiningu í reglugerð sem ráðherra skal setja. Við útreikning vegna úthlutunar skal miða við greiðslumarksskrár mjólkur og sauðfjárafurða eins og þær voru 1. maí 1995. Tekjuviðmiðun skal vera árið 1994.

Beingreiðslur, sem lausar eru án samninga um búskaparlok, skulu renna til sameiginlegra markaðsaðgerða.

18. gr.

43. gr. laganna orðast svo:

Allir þeir sem hafa greiðslumark til ráðstöfunar eða hagnýtingar eða hafa með höndum framleiðslu sauðfjárafurða eru háðir þeim breytingum á réttarstöðu sem lög þessi hafa í för með sér.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um greiðslumark lögbýla, beingreiðslur, framkvæmd og tilhögun þeirra, frávik frá ásetningshlutfalli, kaup ríkissjóðs á greiðslumarki og úthlutun þess.

19. gr.

Í stað orðanna „Stéttarsamband bænda“ í 1. mgr. 2. gr., 1.–5. mgr. 4. gr., 1. mgr. 7. gr., 1. og 2. mgr. 8. gr., a-lið 1. mgr. 30. gr., 2. mgr. 34. gr., 42. gr., 2. mgr. 47. gr. og 2. mgr. 48. gr. laganna koma í viðeigandi falli orðin: Bændasamtök Íslands.

20. gr.

67. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarráðherra skal setja reglugerð um gæðastjórn í landbúnaðarframleiðslu. Í reglugerðinni skal lýst kröfum um gæðastjórn, vinnslu, geymslu og dreifingu íslenskra landbúnaðarafurða.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skal 2. tölul. 1. mgr. 29. gr. laganna vegna haustsláturtíðar 1995 halda gildi sínu til 16. desember 1995. Við gildistöku laga þessara falla brott 22. og 23. gr. laganna, svo og ákvæði til bráðabirgða með lögum nr. 99 28. júní 1995, um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Heimilt er á árunum 1996 og 1997 að veita þeim framleiðendum, sem aukið hafa sauðfjárgreiðslumark lögbýlisins frá greiðslumarksskrá eins og hún var 1. maí 1995, undanþágu frá skerðingu beingreiðslu sem ella yrði vegna ásetningskröfu 3. mgr. 39. gr. laganna.

II.

Til að jafna skilaverð til framleiðenda fyrir afurðir frá sláturtíð 1995, sem seldar eru á erlendum mörkuðum, skal innheimta 10% verðjöfnunargjald af því verði sem kemur til skila við útflutning (fob) hjá hverri afurðastöð. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um innheimtu og ráðstöfun verðjöfnunargjaldsins.

III.

Til viðbótar verðskerðingargjöldum skv. 20. og 21. gr. laganna skal innheimta 3% verðskerðingargjald árin 1996 og 1997 af framleiðendaverði og 2% gjald af úrvinnslu- og heildsölukostnaði kindakjöts sem ætlað er til sölu á innlendum markaði. Gjaldi þessu skal verja til markaðsaðgerða til að tryggja jafnvægi í birgðum kindakjöts áður en verðlagning sauðfjárafurða skv. 8. gr. laganna er aflögð. Í sama tilgangi skal verja fé sem veitt er til uppkaupa greiðslumarks skv. 5. gr. samnings um framleiðslu sauðfjárafurða

frá 1. október 1995 milli landbúnaðarráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands, og Bændasamtaka Íslands, ef það nýtist ekki í þeim tilgangi.

283. Breytingartillaga [96. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99 8. september 1993, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar (GÁ, EgJ, GuðjG, HjálmJ, MS, ÁMM).

Við 7. gr. Síðari málsliður 2. efnismgr. verði svohljóðandi: Gjaldið endurgreiðist fyrir unnið kjöt og hráefni til þeirrar framleiðslu, en fyrir kindakjöt, sem flutt er úr landi óunnið, í heilum skrokkum eða niðurhlutuðum, skal því varið til að jafna eftir föngum skilaverð, þó þannig að tekið sé mið af gæða- og völuflokkum, svo og árstíma.

284. Lög [80. mál]

um breytingu á lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð.

(Afgreidd frá Alþingi 5. des.)

Samhljóða þskj. 81.

285. Lög [96. mál]

um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99 8. september 1993, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 5. des.)

Samhljóða þskj. 282 með þessari breytingu:

7. gr. hljóðar svo:

21. gr. laganna orðast svo:

Innheimta skal hjá afurðastöð 3% verðskerðingargjald af úrvinnslu- og heildsölukostnaði kindakjöts, sem ætlað er til sölu á innlendum markaði, í sama skyni og 20. gr. kveður á um. Sé úrvinnslu- og heildsölukostnaður ekki ákveðinn af fimmmannanefnd skal ráðherra ákveða viðmiðunarkostnað að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Af öllu kindakjöti, sem fer til útflutnings, skal innheimta af verði til framleiðenda sérstakt gjald, 30 kr. á kg, vegna útflutningsuppgjörs. Gjaldið endurgreiðist fyrir unnið kjöt og hráefni til þeirrar framleiðslu, en fyrir kindakjöt, sem flutt er úr landi óunnið, í heilum skrokkum eða niðurhlutuðum, skal því varið til að jafna eftir föngum skilaverð, þó þannig að tekið sé mið af gæða- og völuflokkum, svo og árstíma.

286. Frumvarp til laga [155. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr., 5. des.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Ahmed, Ait Youssef, verkamaður í Reykjavík, f. 6. desember 1963 í Marokkó.
2. Anna Lísa Jónsdóttir, nemi í Reykjavík, f. 17. febrúar 1975 í Reykjavík.
3. Avery, Martin Harris, sjómaður í Vestmannaeyjum, f. 9. desember 1959 í Ástralíu.
4. Balfour, Janice Margaret, nemi í Reykjavík, f. 29. mars 1950 í Englandi.
5. Bambir, Slavko, dýralæknir í Hafnarfirði, f. 1. september 1939 í Júgóslavíu.
6. Bernardino, Maria Theresa Buenaventura, ræstingakona í Reykjavík, f. 17. júní 1966 á Filippseyjum.
7. Billington, Helen Rachel, fiskvinnslukona á Hellissandi, f. 19. mars 1968 í Englandi.
8. Breiðaskarð, Poul Jacob, sjómaður á Ísafirði, f. 23. október 1947 í Færeyjum.
9. Buangsruang, Duangsiri, verkakona í Reykjavík, f. 30. maí 1964 í Tælandi.
10. Camilleri, Nicole Bernadette, húsmóðir í Hafnarfirði, f. 24. október 1954 í Túnis.
11. Carrilha, Maria Madalena, starfsmaður á elliheimili í Reykjavík, f. 3. janúar 1956 í Angóla.
12. Carrilha, Nuno Miguel, nemi í Reykjavík, f. 21. júlí 1976 í Portúgal.
13. Christensen, Sesselja Østerby, húsmóðir í Reykjavík, f. 8. maí 1971 í Reykjavík.
14. Daghlas, Mohamed Fathi, verkamaður í Reykjavík, f. 20. ágúst 1971 í Jórdaníu.
15. Dalton, Mary Immaculata, kennari á Akureyri, f. 11. febrúar 1917 á Írlandi.
16. Dao Kinh Hoang, ellilífeyrisþegi í Reykjavík, f. 2. febrúar 1926 í Víetnam.
17. Demian, Khalil Abdou, verkamaður í Reykjavík, f. 2. ágúst 1968 í Líbanon.
18. Duc Bien Vu, lagermaður í Reykjavík, f. 26. mars 1970 í Víetnam.
19. Espiritu, Marivic Cabilao, fiskvinnslukona í Reykjavík, f. 11. desember 1965 á Filippseyjum.
20. Franklin Jónsson, bóndi í Reykjavík, f. 26. desember 1919 í Kanada.
21. Gallacher, Beatrice, húsmóðir í Reykjavík, f. 5. mars 1934 í Skotlandi.
22. Ganey, Tammy Jean, tannfræðingur í Reykjavík, f. 3. október 1963 í Bandaríkjunum.
23. Garovic, Dana, húsmóðir í Kópavogi, f. 2. mars 1964 í Júgóslavíu.
24. Gopalpur, Chandrika, veitingakona í Reykjavík, f. 3. desember 1963 á Indlandi.
25. Graf, Johanna Theresa, fiskvinnslukona í Garðabæ, f. 17. september 1971 í Bandaríkjunum.
26. Gudmundsson, Laila, sjúkraþjálfari í Reykjavík, f. 29. september 1951 í Danmörku.
27. Hadid, Fedaa, húsmóðir í Reykjavík, f. 22. febrúar 1958 í Sýrlandi.
28. Hand, Ólafur William, sölumaður í Reykjavík, f. 8. september 1968 á Keflavíkurflugvelli.
29. Hassan, Hosni Mahrous, verkamaður í Reykjavík, f. 25. október 1952 í Egyptalandi.

30. Hjaltalín, Stuart Kristófer, kerfisfræðingur í Reykjavík, f. 8. janúar 1955 í Reykjavík.
31. Hood, Brooks Arther, verslunarmaður á Höfn, f. 13. mars 1968 í Bandaríkjunum.
32. Jancar, Igor, sjómaður í Ólafsvík, f. 2. september 1960 í Tékkóslóvakíu.
33. Jensen, Rigmor, húsmóðir á Höfn í Hornafirði, f. 8. apríl 1965 í Reykjavík.
34. Kim Cuong Bui, starfsmaður á veitingahúsi í Reykjavík, f. 3. maí 1956 í Víetnam.
35. Kleina, Andrzej Stanislaw, hljóðfæraleikari í Reykjavík, f. 1. mars 1956 í Póllandi.
36. Krasniqi, Besim, verkamaður í Kópavogi, f. 21. júní 1970 í Júgóslavíu.
37. Kristín Gissurardóttir, húsmóðir á Akureyri, f. 27. mars 1956 í Reykjavík.
38. Kristín Ólöf Kristjánsdóttir, nemi í Reykjavík, f. 24. október 1970 í Reykjavík.
39. Markovic, Dragan, verkamaður í Reykjavík, f. 6. október 1952 í Júgóslavíu.
40. Melendres, Moggrama M., þerna í Reykjavík, f. 10. maí 1957 á Filippseyjum.
41. Mendoza, Lucita Escalicas, verkakona í Reykjavík, f. 31. desember 1941 á Filippseyjum.
42. Mitchison, Erlingur John, nemi í Mosfellsbæ, f. 11. janúar 1967 í Neskaupstað.
43. Mitchison, Kristjón Þór, nemi í Mosfellsbæ, f. 10. maí 1972 í Neskaupstað.
44. Nielsen, Jocelyn Ereno, verkakona í Keflavík, f. 11. september 1963 á Filippseyjum.
45. Obas, Angelita, fiskvinnslukona í Kópavogi, f. 16. febrúar 1954 á Filippseyjum.
46. Ogorevc, Janko, verkamaður á Djúpavogi, f. 1. maí 1962 í Júgóslavíu.
47. Ottó Páll Arnarson, nemi í Mývatnssveit, f. 21. janúar 1976 í Kanada.
48. Ovtsinnikov, Ruslan, nemi í Reykjavík, f. 28. mars 1977 í Rússlandi.
49. Oyod, Mariena Siroy, húsmóðir í Keflavík, f. 1. október 1952 á Filippseyjum.
50. Palawong, Jongdee, húsmóðir í Keflavík, f. 9. maí 1962 í Tælandi.
51. Penning, Derek, tölvunarfræðingur í Reykjavík, f. 24. september 1956 í Englandi.
52. Perry, Tjörvi Ellert, nemi í Reykjavík, f. 3. mars 1972 í Reykjavík.
53. Phu Minh Nguyen, hjálpartækjasmiður í Reykjavík, f. 22. nóvember 1960 í Víetnam.
54. Quirk, Jane Yvonne, afgreiðslustúlka í Reykjavík, f. 25. febrúar 1975 í Englandi.
55. Ralston, Carrie Christine, nemi í Mosfellsbæ, f. 19. desember 1969 í Bandaríkjunum.
56. Rastrick, John Stephen, kerfisfræðingur í Reykjavík, f. 22. mars 1941 í Englandi.
57. Renegado, Epifania T., húsmóðir í Hveragerði, f. 6. október 1956 á Filippseyjum.
58. Roberts, Angela, ritari í Reykjavík, f. 16. janúar 1971 í Reykjavík.
59. Rodriguez, Elena T., fiskvinnslukona í Kópavogi, f. 22. maí 1951 á Filippseyjum.
60. Rotruamsin, Chuanchom, þerna í Reykjavík, f. 1. maí 1954 í Tælandi.
61. Rudge, Maria Telles, nemi í Reykjavík, f. 23. október 1960 í Brasilíu.
62. Ryan, Jóna Myrtle, húsmóðir í Hafnarfirði, f. 25. nóvember 1955 í Bandaríkjunum.
63. Saikham, Lai, verkakona í Reykjavík, f. 10. janúar 1961 í Tælandi.
64. Sands, Frank Walter, rekstrarhagfræðingur í Reykjavík, f. 22. janúar 1966 í Bandaríkjunum.
65. Savard, Christine Anne, verkakona á Höfn í Hornafirði, f. 29. maí 1967 í Kanada.
66. Severino, Maria Divina Gracia Bonifacio, verkakona í Keflavík, f. 24. ágúst 1961 á Filippseyjum.
67. Siivonen, Elena Konstantinovna, húsmóðir í Hafnarfirði, f. 26. febrúar 1958 í Rússlandi.
68. Skowronski, Guðrún Helga, nemi í Reykjavík, f. 12. ágúst 1975 í Reykjavík.

69. Skraban, Robert, nemi í Reykjavík, f. 29. apríl 1967 í Júgóslavíu.
70. Solórzano, José Luis Garcia, starfsmaður á veitingahúsi í Reykjavík, f. 3. nóvember 1961 í Hondúras.
71. Soto, Patricia Elvira Lopez, húsmóðir í Kópavogi, f. 20. desember 1955 í Kólumbíu.
72. Sólveig Sveinsdóttir, húsmóðir í Reykjavík, f. 8. febrúar 1958 í Þýskalandi.
73. Srdoc, Verica, ræstingakona í Keflavík, f. 21. nóvember 1955 í Júgóslavíu.
74. Sundaram, Sudha, húsmóðir í Reykjavík, f. 20. júlí 1964 á Indlandi.
75. Thi Dinh Vu, húsmóðir í Reykjavík, f. 22. júlí 1969 í Víetnam.
76. Thi Dung Vu, verkakona í Reykjavík, f. 16. janúar 1968 í Víetnam.
77. Thi Khuyen Vu, húsmóðir í Reykjavík, f. 13. ágúst 1963 í Víetnam.
78. Thi Luan Vu, verslunarkona í Reykjavík, f. 2. ágúst 1966 í Víetnam.
79. Thi Ngon Nguyen, húsmóðir í Reykjavík, f. 1. janúar 1931 í Víetnam.
80. Thi Tien Vu, húsmóðir í Reykjavík, f. 10. nóvember 1966 í Víetnam.
81. Thi Viet Le, verkakona í Kópavogi, f. 1. september 1962 í Víetnam.
82. Thi Vuong Nguyen, verkakona í Reykjavík, f. 1. janúar 1958 í Víetnam.
83. Thi Xuan Hoang, verkakona í Reykjavík, f. 4. júní 1956 í Víetnam.
84. Thordarson, Pamela Ingrid Kristin, hárgreiðslumeistari í Reykjavík, f. 19. september 1951 í Bandaríkjunum.
85. Thors, Maria, verkfræðingur í Reykjavík, f. 4. maí 1959 í Svíþjóð.
86. Tich Du, verkamaður í Reykjavík, f. 29. mars 1927 í Kína.
87. Tzankova, Iuliana Grigorova, húsmóðir í Reykjavík, f. 26. júlí 1959 í Búlgaríu.
88. Valiente, Merlie Tagalog, fiskvinnslukona í Keflavík, f. 29. apríl 1965 á Filippseyjum.
89. Van Bot Vu, verkamaður í Reykjavík, f. 4. janúar 1954 í Víetnam.
90. Van Khang Hoang, verslunarmaður í Reykjavík, f. 21. nóvember 1958 í Víetnam.
91. Van Son Luu, verkamaður í Reykjavík, f. 5. apríl 1964 í Víetnam.
92. Van Thiep Pham, starfsmaður á veitingahúsi í Kópavogi, f. 11. október 1958 í Víetnam.
93. Van Tuong Vu, ellilífeyrisþegi í Reykjavík, f. 1. janúar 1925 í Víetnam.
94. Van Yeu Tran, starfsmaður á veitingahúsi í Reykjavík, f. 5. maí 1962 í Víetnam.
95. Villareal, Maria Felisa, starfsmaður á spítala í Reykjavík, f. 16. desember 1956 á Filippseyjum.
96. Washington, Örn Jakup Dam, nemi í Reykjavík, f. 13. maí 1980 í Reykjavík.
97. Williams, Marcia Patricia, ritari í Reykjavík, f. 27. mars 1959 á Jamaíku.

2. gr.

Þeir sem heita nöfnum sem ekki fullnægja reglum laga um mannanöfn, nr. 37 27. mars 1991, skulu ekki öðlast íslenskt ríkisfang samkvæmt lögum þessum fyrr en fullnægt er ákvæðum 15. gr. laga um mannanöfn. Sama gildir um börn þeirra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

287. Breytingartillaga [155. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. bætist, í stafrófsröð:

1. Bartoszek, Stanislaw Jan, þýðandi í Reykjavík, f. 20. júní 1956 í Póllandi.
2. Brezovsek, Srecko, fiskvinnslumaður í Hafnarfirði, f. 15. nóvember 1963 í Júgóslavíu.
3. Cantila, Lelita C., verkakona í Reykjavík, f. 25. desember 1941 á Filippseyjum.
4. Dennis, Carole Elizabeth, afgreiðslukona á Húsavík, f. 20. janúar 1974 í Þýskalandi.
5. Dias, Arlinda Pereira, verkakona á Akureyri, f. 27. september 1964 á Grænhöfðaeyjum.
6. Hellal, Karim, afgreiðslumaður í Reykjavík, f. 26. desember 1970 í Marokkó.
7. Joshua Friðriksson, barn í Reykjavík, f. 18. desember 1990 í Bandaríkjunum.
8. Lilaa, Símon Pauli, ellilífeyrisþegi í Reykjavík, f. 25. júní 1925 í Færeyjum.
9. Lucic, Marija, húsmóðir í Grindavík, f. 27. júlí 1967 í Júgóslavíu.
10. Morina, Shkelzen, verkamaður í Kópavogi, f. 20. október 1964 í Júgóslavíu.
11. Paraiso, Josephus, barn í Reykjavík, f. 10. febrúar 1983 á Filippseyjum.

288. Tillaga til þingsályktunar [214. mál]

um almannavæðingu ríkisfyrirtækja.

Flm.: Kristjana Bergsdóttir.

Alþingi ályktar að einkavæðing ríkisfyrirtækja skuli fara fram á þann hátt:

a. að fyrirtækjunum verði fyrst breytt í hlutafélög,
b. og síðan verði öllum fjárráða Íslendingum afhentur endurgjaldslaust jafn hlutur í hverju fyrirtæki.

Greinargerð.

Það hefur verið gagnrýnt að við sölu fyrirtækja í eigu íslenska ríkisins sé hagsmuna eigenda, þ.e. alls almennings, ekki nægilega vel gætt. Við þessu telur flutningsmaður að Alþingi þurfi að bregðast án þess að afstaða sé tekin til einkavæðingar sem slíkrar. Við sölu ríkisfyrirtækja á síðasta kjörtímabili var ljóst af þeirri umræðu sem fram fór að almenningi er umhugað um að endurskoðaðar verði aðferðir við einkavæðingu þannig að hagsmunir eigenda, þ.e. íslenskra ríkisborgara, séu vel tryggðir, það kerfi sem notað er sé gegnsætt og réttlátt, og að engin leynd hvíli yfir neinu.

Ljóst er af reynslu annarra ríkja að við sölu ríkisfyrirtækja er verðlagning helsti vandinn. Í riti Alþjóðabankans frá 1992 um einkavæðingu og lærdóm reynslunnar er fullyrt að mat á verðmæti ríkisfyrirtækja til sölu sé ekki vísindi. Jafnvel á þróuðum fjármagnsmörkuðum sé sjaldgæft að tæknilegt mat á markaðsvirði eigna sem aldrei hafa verið seldar áður sé rétt.

Ef sala Lyfjaverslunar ríkisins er tekin sem dæmi er greinilegt að matsverð var of lágt áætlað í upphafi. Matsverð hlutabréfanna, sem seld voru í upphafi, var á genginu 1,34. Gengið er nú 2,10. Þau hafa því hækkað um 63,9% á innan við ári. Langir biðlistar mynduðust eftir bréfum sem seldust upp á nokkrum klukkutímum og fengu miklu færri en vildu — þannig var þegnunum gróflega mismunað.

Sú aðferð að almannavæða ríkisfyrirtæki með því að afhenda ríkisborgurum hlutabréf hefur verið notuð m.a. í Bresku Kólumbíu í Kanada og einnig við einkavæðingu ýmissa fyrirtækja í Rússlandi, Rúmeníu og Tékklandi. Slík almannavæðing ætti einnig að vera auðveld í framkvæmd hjá svo fámennri og vel upplýstri þjóð sem Íslendingum. Afhendingin getur farið fram í áföngum til að aðlaga stjórnkerfi fyrirtækisins hægt að hinu nýja almenningseignarhaldi.

Ríkissjóður tapar af sölutekjum en á móti kemur að skatttekjur af söluhagnaði afhentra hlutabréfa verða hærri. Jafnframt má búast við meiri umsetningu bréfa og þeim mun meiri skráðum söluhagnaði en þegar fáum aðilum er selt fyrirtækið. Enn fremur má gera ráð fyrir auknum óbeinum skatttekjum hins opinbera vegna meiri auðs almennings í kjölfarið.

Hafa verður í huga að sala ríkisfyrirtækja á undirverði felur í sér skattlagningu allra nema kaupenda sem hljóta í raun styrk.

Með þessari aðferð má forðast mistök í verðlagningu og spara umtalsverðan kostnað sem fylgt hefur sölu ríkisfyrirtækja. Ekki má heldur gleyma þeim mikla ávinningi sem felst í því að sem flestir landsmenn taki beinan þátt í og ábyrgð á atvinnurekstri í landinu.

Allir landsmenn eru nú eigendur íslenskra ríkisfyrirtækja sem hafa verið keypt og byggð upp fyrir skattfé beint og óbeint. Nauðsyn ber til að hægt verði að koma í veg fyrir óeðlilega yfirtöku einokunarafla við sölu á ríkisfyrirtækjum.

289. Frumvarp til laga [215. mál]

um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, sbr. lög nr. 12/1994 og nr. 58/1995.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

1. málsl. 26. gr. laganna hljóðar svo: Lánstími á fasteignaveðbréfum er húsbréfadeild kaupir skal vera 15, 25 eða 40 ár.

2. gr.

Á eftir 27. gr. laganna kemur ný grein, 27. gr. a, sem hljóðar svo:

Heimilt er Húsnæðisstofnun ríkisins að veita skuldurum fasteignaveðbréfa húsbréfadeildar og lánþegum Byggingarsjóðs ríkisins skuldbreytingu með því að skipta á fasteignaveðbréfum fyrir húsbréf til 15 ára. Skilyrði er að greiðsluvandi stafi af óvæntum, tímabundnum erfiðleikum, vegna veikinda, slysa, minni atvinnu, atvinnuleysis eða af öðrum ófyrirséðum atvikum. Heildarfjárhæð útgefinna fasteignaveðbréfa skal vera innan 65% af matsverði, sbr. 27. gr. Greiðslugeta skuldara skal vera innan þess ramma sem kveðið er á um í reglugerð um húsbréfaviðskipti og húsbréfadeild.

Húsnæðisstofnun ríkisins getur heimilað frestun á greiðslum hjá einstökum lánþegum Byggingarsjóðs ríkisins og skuldurum fasteignaveðbréfa húsbréfadeildar í allt að þrjú ár og leggjast þær greiðslur við höfuðstól skuldarinnar. Skilyrði frestunarinnar er að greiðsluvandi stafi af óvæntum, tímabundnum erfiðleikum, vegna veikinda, slysa, minni atvinnu, atvinnuleysis eða af öðrum ófyrirséðum atvikum.

Skuldbreyting skv. 1. mgr. og/eða greiðslufrestun skv. 2. mgr. getur náð yfir fimm ára greiðsluerfiðleikatímabil samanlagt.

3. gr.

32. gr. laganna hljóðar svo:

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal hafa eftirlit með því að starfsemi húsbréfadeildar sé í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Um eftirlitið fer eftir ákvæðum laga um Seðlabanka Íslands. Haft skal eftirlit með útgáfu húsbréfa og jafnframt skal fjárhagur húsbréfadeildar rannsakaður. Skal Húsnæðisstofnun ríkisins veita bankaeftirlitinu allar þær upplýsingar sem bankaeftirlitið telur nauðsynlegar. Í þeim mæli sem bankaeftirlitið telur nauðsynlegt til að meta fjárhagsstöðu húsbréfadeildar hefur það rétt til að afla upplýsinga og láta fara fram vettvangsrannsóknir hjá öðrum deildum Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Auk eftirlits með húsbréfadeild skv. 1. mgr. skal bankaeftirlitið hafa eftirlit með viðskiptum með húsbréf á eftirmarkaði á grundvelli laga um verðbréfaviðskipti, nr. 9/1993, og laga um verðbréfasjóði, nr. 10/1993. Seðlabanki Íslands skal stuðla að því að jafnvægi ríki á húsbréfamarkaði. Seðlabankinn skal í þeim mæli sem hann telur nauðsynlegt hindra að verulegt misvægi myndist á markaðnum fyrir húsbréf.

4. gr.

3. mgr. 58. gr. a laganna (lögbýli), sbr. 4. gr. laga nr. 12/1994, verður svohljóðandi:

Vextir af lánum Byggingarsjóðs verkamanna til sveitarfélaga skulu, að liðnum sex árum frá undirritun kaupsamnings, breytast til samræmis við vexti af lánum til kaupa á almennum kaupleiguíbúðum, nema sveitarfélag sýni fram á að kaupandi uppfylli enn þá skilyrði b-liðar 1. mgr. 64. gr. laganna um tekjumörk og njóti þar af leiðandi óbreyttra vaxtakjara á láni sínu frá sveitarfélagi. Slík endurskoðun skal síðan fara fram á þriggja ára fresti.

5. gr.

2. mgr. 100. gr. laganna, sbr. 26. gr. laga nr. 58/1995, fellur brott.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta styðst að hluta til við tillögur nefndar sem félagsmálaráðherra skipaði 2. júní 1995 til að athuga kosti þess að lánstími fasteignaveðbréfa verði breytilegur á bilinu 15–40 ár og að þeir skuldarar eldri fasteignaveðbréfa, sem eiga í verulegum greiðsluvandræðum, eigi kost á lengingu lána. Nefndinni var einnig falið að gera tillögur um frekari aðgerðir til að leysa og fyrirbyggja greiðsluvanda heimilanna. Í nefndina voru skipaðir Hákon Hákonarson, formaður húsnæðismálastjórnar, Ingi Valur Jóhannsson deildarstjóri, Pétur Blöndal alþingismaður og Steingrímur Ari Arason, aðstoðarmað-

ur fjármálaráðherra. Formaður nefndarinnar var skipaður Magnús Stefánsson alþingismaður.

Tillögum nefndarinnar sér stað í 1. og 2. gr. frumvarpsins. Í 1. gr. er kveðið á um mismunandi lánstíma fasteignaveðbréfa sem skal vera 15, 25 eða 40 ár eftir vali hvers og eins miðað við aðstæður hans. Í 2. gr., sem er að hluta til byggð á tillögum nefndarinnar, er kveðið á um að Húsnæðisstofnun ríkisins geti heimilað skuldurum fasteignaveðbréfa húsbréfadeildar að skuldbreyta lánum og/eða fresta greiðslum yfir fimm ára greiðsluerfiðleikatímabil samanlagt. Lögfest verði að þessar tvær leiðir geti farið saman. Höfuðáherslan er lögð á fyrirbyggjandi aðgerðir, þ.e. að fólk geti fengið frestun á greiðslum áður en til vanskila kemur.

Að auki er að finna í frumvarpinu þrjú óskyld atriði. Í 3. gr. eru þau nýmæli að eftirlit bankaeftirlits Seðlabanka Íslands með húsbréfum taki ekki einungis til húsbréfa á eftirmarkaði heldur jafnframt til innra starfs húsbréfadeildar. Í 4. gr., sem tekur til endurskoðunar vaxta af lánum Byggingarsjóðs verkamanna þegar lögbýli eiga í hlut, felst einungis samræming við 25. gr. laga nr. 58/1995. Og í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að eftirlitsskylda Húsnæðisstofnunar ríkisins með byggingarsamvinnufélögum verði felld brott.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að fólk geti valið hvort það vilji taka lán til 15, 25 eða 40 ára. Framkvæmdin nú er sú að einn lánstími, 25 ár, gildir. Að vísu er 1. málsl. 26. gr. laganna orðaður svo að 25 ár eru hámarkslánstími, en framkvæmdin hefur verið sú að þar er jafnframt um lágmarkslánstíma að ræða. Talið er að það geti komið fólki vel að eiga hér nokkurt val. Styttri lánstími henti t.d. einhverjum þeirra sem eiga íbúð fyrir og hyggja á íbúðaskipti, en lengri lánstími geti komið sér vel fyrir þá sem eru að hefja búskap og hafa þörf fyrir að dreifa greiðslubyrðinni yfir alllangan tíma. Jafnframt er álitið að 15 ára lánstími sé hæfilegur þegar endurbætur og viðhald á húsnæði á í hlut, fólk vilji síður taka langtímalán til þeirra hluta.

Kannað hefur verið hver áhrif breytilegs lánstíma innan húsbréfakerfisins eru á ávöxtunarkröfu og afföll, samspil lánstíma, ávöxtunarkröfu og markaðsaðstæðna, svo og á mat á greiðslubyrði einstaklinga. Jafnframt hefur fjöldi húsbréfaflokka verið athugaður í því sambandi. Verður hér gerð grein fyrir þessum atriðum:

Fjöldi húsbréfaflokka.

Ein afleiðing þess að bjóða húsbréf til mismunandi langs tíma er að huga þarf að fjölda húsbréfaflokka. Hér er áhersla lögð á nauðsyn þess að halda fjölda flokka í lágmarki. Kostnaður við hvern húsbréfaflokk er talsverður. Frá upphafi húsbréfakerfisins eru húsbréfaflokkar orðnir 19 talsins. Kostnaður við hvern húsbréfaflokk, vegna útdráttar og kynningar á númerum útdreginna bréfa, er um 15 millj. kr. á þeim 25 árum sem er líftími hvers húsbréfaflokks. Þar sem kostnaðurinn er sem næst óháður stærð hvers flokks er það augljóst hagsmunamál að hver húsbréfaflokkur sé sem stærstur. Að undanförnu hefur verið unnið að því að fækka húsbréfaflokkum úr þremur til fjórum á ári og eru flokkarnir orðnir tveir á árinu 1995. Til að ná þessu markmiði, ásamt því að lánstími verði mismunandi, er lagt til að hver flokkur verði hafður opinn í a.m.k. eitt ár. Þannig verði gefnir út þrír flokkar húsbréfa til mismunandi langs tíma og gengið út frá því að hver flokkur endist í a.m.k. eitt ár. Með því móti ætti húsbréfaflokkum að fækka þrátt fyrir að lánstími verði með þrenns konar hætti.

Útdráttardögum fækki.

Athuga þarf kosti þess að fækka útdráttardögum húsbréfa úr fjórum í tvo eða jafnvel einn á ári. Gæta þarf þó þess að útdrættir falli ekki á sama tíma á árinu.

Ávöxtunarkrafa og afföll.

Ljóst er að mismunandi lánstími húsbréfa hefur í för með sér mismunandi ávöxtunarkröfu og afföll, allt eftir lengd bréfanna og aðstæðum á markaði hverju sinni. Ávöxtunarkrafa getur t.d. verið lægri þegar lengri bréf eiga í hlut, svo sem við þær kringumstæður að raunvextir eru háir og aðilar á markaðnum meta aðstæður þannig að slíkt verði ekki til frambúðar. Talið er að bréf með löngum lánstíma geti hentað vel lífeyrissjóðum og öðrum þeim sem þurfa að geyma eigur sínar til langs tíma. Langur lánstími dragi úr áhættu og lækki umsýslukostnað.

Reiknað hefur verið út að afföll af 15 ára húsbréfi með 6,25% ávöxtunarkröfu séu nánast þau sömu og af húsbréfi til 25 ára með 5,75% ávöxtunarkröfu og af 40 ára húsbréfi þar sem ávöxtunarkrafan er 5,5%. Ef markaðurinn telur að vextir fari lækkandi gæti eftirspurn eftir 40 ára bréfum aukist og ávöxtunarkrafa þeirra og afföll lækkað. Því er ekki ólíklegt að 40 ára bréf geti selst með lægri afföllum en húsbréf til 25 ára (sjá fskj. I).

Áhrif á greiðslubyrði.

Um áhrif breytilegs lánstíma á greiðslubyrði lántakenda skal bent á að samkvæmt útreikningum lækkar greiðslubyrði um rúmlega 17% ef lánstími er lengdur úr 25 árum í 40 ár ef miðað er við að afföll verði þau sömu. Með sama hætti verður greiðslubyrði 35% hærri ef lánstími er styttur í 15 ár (sjá fskj. I).

Um 2. gr.

Greinin felur í sér tvenns konar aðgerðir vegna greiðsluvanda, þ.e. skuldbreytingu á vanskilum og/eða frestun á greiðslum. Einnig felst í greininni að þessar tvær leiðir geti farið saman.

Í úttekt Húsnæðisstofnunar ríkisins um útlán og vanskil, miðað við 1. júlí 1995, kemur fram að vanskil hafa aukist bæði hjá húsbréfadeild og Byggingarsjóði verkamanna frá áramótum 1994/1995. Á vegum félagsmálaráðuneytisins hefur verið unnið að því að leita leiða til að fyrirbyggja greiðsluvanda hjá fólki. Ljóst er að vandinn er af ýmsum toga og því nauðsynlegt að athuga fleiri kosti en nú eru í boði. Oft hefur verið bent á nauðsyn þess að bregðast við áður en vanskil nái að hlaðast upp. Því er í frumvarpi þessu lögð þung áhersla á fyrirbyggjandi aðgerðir. Lagt er til að lögfest verði að koma megi til móts við greiðsluvanda lánþega í húsbréfadeild eða hjá Byggingarsjóði ríkisins áður en til vanskila kemur ef sýnt þykir að í óefni stefni verði ekkert að gert.

Aðstoð við fólk í greiðsluerfiðleikum hefur nú staðið yfir í rúman áratug í Húsnæðisstofnun ríkisins. Ráðgjafarstöð stofnunarinnar var sett á laggirnar á árinu 1985. Starfssvið stöðvarinnar hefur aukist á síðustu árum. Leitast hefur verið við að koma í veg fyrir greiðsluvanda með fyrirbyggjandi aðgerðum, auk þess sem fólk í greiðsluerfiðleikum er aðstoðað eftir þeim leiðum sem færar eru á hverjum tíma.

Á árunum 1985–1990 voru veitt „greiðsluerfiðleikalán“ hjá Húsnæðisstofnun sem bein peningalán. Á þeim tíma bárust um 7.000 umsóknir um slík lán, en um 5.700 lán voru veitt, samtals að fjárhæð 3,4 milljarðar kr. á núverandi verðlagi.

Á árinu 1991 hafði Húsnæðisstofnun ríkisins heimild til að kaupa fasteignaveðbréf af íbúðareigendum í greiðsluerfiðleikum og greiða fyrir þau með húsbréfum. Um 1.900 umsóknir bárust og voru um 1.100 fasteignaveðbréf keypt, samtals að fjárhæð um 3,1 milljarður kr. á núverandi verðlagi.

Hinn 1. október 1993 fór Húsnæðisstofnun að taka við umsóknum um aðstoð vegna greiðsluerfiðleika í tengslum við samkomulag félagsmálaráðuneytis, Húsnæðisstofnunar, banka og sparisjóða, í samstarfi við samtök lífeyrissjóða frá 27. október 1993 um sérstakar aðgerðir til að leysa greiðsluerfiðleika íbúðareigenda. Miðað hefur verið við að greiðslubyrði þeirra, sem sækja um aðstoð, væri innan við 30% af heildarlaunum þeirra.

Um skuldbreytingar er nú ekki kveðið á um í lögum. Hins vegar hefur verið sett reglugerð, nr. 414/1993, um skuldbreytingar á lánum á vegum Byggingarsjóðs ríkisins samkvæmt heimild í lögunum um stofnun nýs lánaflokks. Reglugerðin nær bæði til vanskila lána Byggingarsjóðs ríkisins og af fasteignaveðbréfum húsbréfadeildar. Skuldbreytingarnar byggðust á sérstökum lánaflokki innan Byggingarsjóðs ríkisins og hafa verið veitt lán til allt að 15 ára. Samtals voru 300 millj. kr. til ráðstöfunar slíkra skuldbreytinga. Með reglugerð nr. 168/1995 um breytingu á fyrrgreindri reglugerð var fjármagn til ráðstöfunar skuldbreytinga aukið um 200 millj. kr. Þannig hefur samtals verið varið 500 millj. kr. í þetta verkefni og nú (nóvember 1995) eru 28 millj. kr. eftir til ráðstöfunar. Verði frumvarp þetta að lögum fellur reglugerð þessi úr gildi.

Um frestun á greiðslum hjá skuldurum Byggingarsjóðs ríkisins og skuldurum fasteignaveðbréfa húsbréfadeildar gildir ákvæði til bráðabirgða VI, sbr. 7. gr. laga nr. 12/1994. Ákvæðið fellur úr gildi 1. janúar 1996. Þegar greiðslu er frestað bætast áfallnir vextir við höfuðstól lánsins. Lánstími helst óbreyttur. Að frestun lokinni reiknast ný jafngreiðsla (annuitet). Frestunin getur staðið yfir í þrjú ár. Þannig felst í ákvæðinu að þeir sem eru í greiðsluvanda eða eiga slíkan vanda fyrirsjáanlega yfir höfði sér verði ekkert að gert fái heimild til að fresta greiðslum í allt að þrjú ár. Þriggja ára tímabilið kemur ekki fram í lögunum, en framkvæmdin verið sú og er það í samræmi við þær hugmyndir sem bjuggu að baki bráðabirgðaákvæðinu á sínum tíma.

Húsnæðisstofnun ríkisins hefur framkvæmt ákvæði reglugerðar og bráðabirgðaákvæðis í lögum, samhliða. Þannig hefur fólki bæði verið boðið upp á skuldbreytingu á vanskilum og frestun á greiðslu fram í tímann, ef svo ber undir. Þetta þýddi að fólki var boðið upp á þrenns konar úrlausnir í greiðsluvanda, þ.e. vanskilum hefur verið skuldbreytt, greiðslum verið frestað eða að báðar þessar leiðir hafa farið saman.

Í greininni er lagt til að framangreindar þrjár leiðir, þ.e. skuldbreyting, greiðslufrestun, eða að þessar tvær leiðir fari saman, fái skýra lagastoð og verði fundinn staður í kafla laganna um húsbréfaviðskipti. Með því að kveða á um skuldbreytingu og frestun á greiðslum í einni og sömu grein er bæði skotið skýrum lagalegum stoðum undir þessar tvær leiðir sem liðka eiga til hjá fólki í greiðsluvanda og jafnframt lögð áhersla á að leiðir þessar geti farið saman. Auk þess er lagt til að fallið verði frá þeirri lagasetningaraðferð að kveða á um greiðslufrestun í tímabundnu ákvæði til bráðabirgða, enda er frestun á greiðslu í fyrirbyggjandi skyni ekki síður mikilvæg fólki en skuldbreyting á vanskilum. Einnig er lagt til að skuldbreytingarnar verði fjármagnaðar með öðrum hætti en verið hefur, þ.e. með útgáfu húsbréfa í stað þess að vera sérstakur lánaflokkur innan Byggingarsjóðs ríkisins.

Að öðru leyti eru helstu atriði í greininni þessi:

1. Skuldbreyting og/eða greiðslufrestur geti náð yfir fimm ára greiðsluerfiðleikatíma samanlagt, þar af geti greiðslufrestur lengst staðið yfir í þrjú ár.
2. Um greiðslugetu skuldara fari eftir reglugerð um húsbréfadeild og húsbréfaviðskipti. Það þýðir að greiðslugeta verði að öllu jöfnu innan við 30%, sbr. 24. gr. reglugerðar nr. 467/1991.
3. Veðmörk verði 65% af matsverði.
4. Um matsverð íbúða vísast til 27. gr. laganna 97/1993 um eðlilegt matsverð. Með matsverði er átt við kaupverð íbúðarinnar að viðbættri hækkun er nemur vísitölu byggingarkostnaðar frá kaupsamningsdegi að telja, þó aldrei hærra en brunabótamat íbúðar.

Skilyrðin fyrir skuldbreytingu og/eða greiðslufrestun eru samkvæmt frumvarpi þessu þau sömu, þ.e. að greiðsluvandinn stafi af óvæntum, tímabundnum erfiðleikum vegna veikinda, slysa, minni atvinnu eða af öðrum óviðráðanlegum atvikum. Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða frá því sem nú er.

Í frumvarpinu er höfuðáhersla lögð á fyrirbyggjandi aðgerðir, að koma megi til móts við greiðsluvanda með frestun á greiðslu áður en til vanskila kemur ef sýnt þykir að í óefni stefni verði ekkert að gert.

Sé skuldbreyting á vanskilum nauðsynleg verði hún gerð með því að skipta á fasteignaveðbréfum fyrir húsbréf til 15 ára. Ástæða þess að 15 ára tími þykir nægjanlegur er að sá tími er hámarkslánstími samkvæmt áðurgreindri reglugerð um skuldbreytingar. Við athugun á framkvæmd skuldbreytinga í Húsnæðisstofnun ríkisins kemur í ljós að meðallánstími vegna skuldbreytinga er tíu ár. Því þykir óþarft að hafa tíma þennan lengri en 15 ár, enda lægri afföll eftir því sem lánstími er styttri.

Sem dæmi um hvernig skuldbreyting vanskila getur komið að notum má nefna hjón sem skulda 4 millj. kr. fasteignaveðbréf (sem er nokkuð yfir meðaltali). Fasteignaveðbréfið var tekið fyrir tveimur árum og ber 6% vexti og er með ársfjórðungslegum greiðslum. Ef hjónin hefðu orðið fyrir því að geta ekki greitt af bréfinu í upphafi vegna óvæntra erfiðleika, þ.e. veikinda, slysa, minni atvinnu, atvinnuleysis eða annarra ófyrirséðra atvika, og þau þar af leiðandi ekki getað greitt vanskilin upp gætu þau óskað eftir skuldbreytingu vegna þessara vanskila til 15 ára. Vanskil hjónanna í þessu dæmi eru um 720 þús. kr. Í útreikningnum er gert ráð fyrir að afföll þessara bréfa séu 6% og að vextir fasteignaveðbréfsins séu 5,1%. Í þessu tilfelli yrði skuldbreytingarlánið um 790 þús. kr. og væri greiðslubyrði þess rúm 6 þús. kr. á mánuði. Greiðslubyrði upphaflega lánsins væri tæplega 27 þús. kr. á mánuði (miðað við ársfjórðungslegar greiðslur) þannig að heildargreiðslubyrði eftir skuldbreytinguna væri þá um 33 þús. kr. á mánuði.

Formúlan að baki skuldbreytingarláni er þessi:

Skuldbreytingarlán = V + SÞ + RA + LS.

V: heildarvanskil viðkomandi aðila, þ.e. gjaldfallnar afborganir og samningsvextir, auk dráttarvaxta og innheimtukostnaðar miðað við síðasta gjalddaga.

SÞ: söluþóknun vegna húsbréfanna á verðbréfamarkaði, hér 0,75%.

RA: reiknuð afföll vegna sölu húsbréfanna miðað við útreikningsdag.

LS: lántökugjald húsbréfadeildar, nú 1%, stimpilgjald, nú 1,5%, auk þinglýsingarkostnaðar, nú 1.000 kr.

Sem dæmi um hvernig greiðslufrestun á sér stað skal gert ráð fyrir að fyrrgreind hjón hafi ekki verið í vanskilum heldur sjái þau fram á greiðsluerfiðleika og geta þau þá sótt um að fá frestun á greiðslum í allt að þrjú ár. Fasteignaveðbréfið ber þá einungis verðbætur og 6% samningsvexti næstu þrjú árin. Vextirnir mundu bætast við höfuðstól á 12 mánaða fresti þannig að í lok þessa þriggja ára tímabils hefðu þeir hækkað höfuðstólinn um 19%. Þannig yrði lánið komið í tæpar 4,8 millj. kr. þegar hjónin færu að greiða af því aftur og yrði mánaðarleg greiðslubyrði þá um 32 þús. kr. á mánuði.

Sem dæmi um hvernig þessar tvær leiðir, skuldbreyting og greiðslufrestur, geta komið að notum skal gert ráð fyrir að fyrrgreind hjón hafi bæði verið í vanskilum í tvö ár, svo og að þau þurfi á greiðslufrestun að halda þar sem skuldbreytingin nægi ekki næstu þrjú árin til þess að þau geti jafnframt greitt niður önnur og óhagstæðari lán. Í því tilfelli gætu þau fengið skuldbreytingu vanskila, eins og að framan er sýnt, þannig að greiðslur þeirra til Húsnæðisstofnunar lækkuðu úr 27 þús. kr. niður í um 6 þús. kr. á mánuði næstu þrjú árin, en eftir það yrði greiðslubyrðin um 38 þús. kr. á mánuði.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. eru lögð til þau nýmæli að eftirlit bankaeftirlits Seðlabanka Íslands taki til innri starfsemi húsbréfadeildar.

Í núgildandi lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins er kveðið svo á um í 32. gr. að bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skuli hafa eftirlit með viðskiptum með húsbréf á grundvelli laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði. Ákvæðið hefur verið túlkað svo að eftirlit bankaeftirlitsins takmarkist við viðskipti með húsbréf á eftirmarkaði en nái hvorki til útgáfu húsbréfa né annarrar starfsemi húsbréfadeildar Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Umfang húsbréfakerfisins hefur aukist mjög á undanförnum árum og eru húsbréf nú orðin stór þáttur í efnahagslífinu. Í lok þessa árs hafa verið gefnir út 19 flokkar húsbréfa að fjárhæð samtals 72 milljarðar kr. Heildarútlán Húsnæðisstofnunar eru nú um 170 milljarðar kr. en heildarútlán innlánsstofnana eru um 213 milljarðar kr.

Með hliðsjón af því hversu umfangsmikil útgáfa húsbréfa er, hversu starfsemin er frábrugðin annarri lánastarfsemi Húsnæðisstofnunar ríkisins — húsbréfakerfið fjármagnar sig sjálft án ríkisframlags, og er við það miðað að þau gjöld, sem húsbréfadeild er heimilt að áskilja sér samkvæmt lögum, nægi til að standa undir rekstrarkostnaði og áætluðum útlánatöpum — þykja þau efnislegu rök vega þungt að allur ferill húsbréfa, frá útgáfu til eftirmarkaðs, verði undir eftirliti bankaeftirlits Seðlabanka Íslands. Þannig séu ekki rök fyrir því að aðskilja útgáfu og eftirmarkað, eins og gert hefur verið, heldur sé rétt að líta á þennan feril sem eina órofa heild sem sami aðili hafi eftirlit með. Auk þess sem bankaeftirlitið hafi eftirlit með útgáfu húsbréfa er lagt til að það hafi eftirlit með allri starfsemi húsbréfadeildar. Við tillögu þessa er m.a. höfð hliðsjón af lögum, nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. einkum 15. gr. þeirra laga, en eðlilegt þykir að húsbréfadeild lúti svipuðu eftirliti og lánastofnanir sem undir þau lög falla.

Ákvæði 2. mgr. er samhljóða 32. gr. laganna, þó með þeirri einu breytingu að bætt er við hugtakinu eftirmarkaður til skýringarauka og aðgreiningar frá efni 1. mgr.

Um 4. gr.

Greinin felur einungis í sér samræmingu við 25. gr. laga, nr. 58/1995, breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, er fjallar um endurskoðun vaxta af lánum til félagslegra íbúða. Með þeim lögum var gerð sú breyting að einungis auknar tekjur, en ekki

eignir, geta leitt til vaxtahækkunar. Þegar lögin nr. 58/1995 voru sett hefur láðst að gera nauðsynlega breytingu á ákvæði 58. gr. a (lögbýli, sbr. 4. gr. laga nr. 12/1994) til samræmis við 25. gr. laganna. Er því lagt til að nú verði úr bætt.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að felld verði brott úr lögum sú skylda sem nú hvílir á Húsnæðisstofnun ríkisins að hafa eftirlit með framkvæmdum og húsbyggingum byggingarsamvinnufélaga.

Lagabreyting þessi á sér nokkurn aðdraganda. Húsnæðisstofnun hefur um nokkurt skeið talið 2. mgr. 100. gr. (áður 99. gr.) laganna um eftirlit Húsnæðisstofnunar með byggingarsamvinnufélögum óskýra og valda vafa í framkvæmd. Óljóst hefur þótt að hvaða þáttum í framkvæmdum og húsbyggingum byggingarsamvinnufélaga eftirlit Húsnæðisstofnunar eigi að lúta, en ekkert er kveðið á um slíkt í lögskýringargögnum. Mál af þessum toga hefur verið til umfjöllunar hjá umboðsmanni Alþingis. Í áliti hans koma m.a. fram fjögur atriði um eftirlit Húsnæðisstofnunar með byggingarsamvinnufélögum en þau eru: Að þungamiðja í eftirliti Húsnæðisstofnunar sé fjárhagslegs eðlis. Að nú séu það aðallega hagsmunir félaga í byggingarsamvinnufélögum sem eftirlitinu sé ætlað að vernda, en í upphafi hafi eftirlitið vafalítið einnig verið til verndar opinberum hagsmunum þar sem ríkisábyrgð var þá veitt af lánum til byggingarsamvinnufélaga. Að við nánari afmörkun á eftirlitinu verði að gæta að því að hver byggingarflokkur skal kjósa þrjá menn úr sínum hópi sem fylgjast eiga með framkvæmdum og fjárreiðum byggingarflokksins. Enn fremur eigi þeir ásamt löggiltum endurskoðanda að yfirfara öll skjöl og árita reikninga byggingarflokksins, sbr. 2. mgr. 97. gr. (áður 96. gr.) laganna. Og að með hliðsjón af hlutverki hinna kosnu eftirlitsmanna og löggilts endurskoðanda felist það í eftirlitshlutverki Húsnæðisstofnunar að ganga eftir því að fá senda ársreikninga byggingarsamvinnufélaga, hafa eftirlit með því að ársreikningar séu í lögmæltu formi, og að þeir hafi verið endurskoðaðir og áritaðir af hinum kosnu og löggiltu eftirlitsmönnum. (Álit umboðsmanns Alþingis, dags. 17. nóvember 1994, mál nr. 818/1993.)

Húsnæðisstofnun hefur ekki talið sér fært að hafa eftirlit með byggingarsamvinnufélögum nema að mjög litlu leyti, en vafasamt er að sú niðurstaða samrýmist orðalagi 2. mgr. 100. gr. laganna.

Umboðsmaður Alþingis hefur í fyrrgreindu áliti sínu vakið athygli félagsmálaráðuneytisins á því að ákvæði 2. mgr. 100. gr. laga laganna væru ekki nægjanlega skýr og því til þess fallin að valda réttaróvissu. Því væri brýnt að endurskoða ákvæðin. Félagsmálaráðuneytið sneri sér af því tilefni til húsnæðismálastjórnar og óskaði eftir áliti hennar. Á fundi húsnæðismálastjórnar 13. desember 1994 var samþykkt að leggja til við ráðuneytið að það beitti sér fyrir því að felld verði með öllu úr gildi þau lagaákvæði sem lúta að eftirlitshlutverki Húsnæðisstofnunar ríkisins með byggingarsamvinnufélögum.

Rökin fyrir því að fella niður eftirlit Húsnæðisstofnunar með byggingarsamvinnufélögum eru fyrst og fremst þau að frá því að núgildandi lagaákvæði um eftirlitsskyldu Húsnæðisstofnunar með byggingarsamvinnufélögum voru lögfest hafa tengsl ríkisins og byggingarsamvinnufélaga breyst þannig að ekki eru sömu rök fyrir eftirlitsskyldu opinberra aðila og áður. Þannig nutu byggingarsamvinnufélög ríkisábyrgðar á skuldabréfum sínum samkvæmt lögum nr. 71/1932, um byggingarsamvinnufélög, lögum nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum, og lögum nr. 59/1973, um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Ekki er heldur lengur um að ræða lánveitingar úr Byggingarsjóði ríkisins til fjármögnunar byggingarsamvinnufélaga, þ.e. fram-

kvæmdalán til þeirra hafa verið aflögð. Sú var reyndar raunin á þegar með lögum, nr. 54/1986, þar sem samkvæmt þeim lögum var ekki unnt að koma framkvæmdalánum við þar sem lánsumsóknir til einstakra kaupenda í byggingarflokki voru afgreiddar á mismunandi tímamarki. Við þessi rök bætist að skv. 1. og 2. mgr. 97. gr. laganna er félagsmönnum byggingarflokks veitt úrræði til að fylgjast með byggingarframkvæmdum og fjárreiðum byggingarsamvinnufélaga. Hver byggingarflokkur skal kjósa þrjá menn úr sínum hópi til þess að fylgjast með framkvæmdum og fjárreiðum byggingarflokkanna. Þessir menn hafa aðgang að öllum gögnum félagsins. Þeir skulu ásamt löggiltum endurskoðanda yfirfara öll fylgiskjöl og árita reikninga byggingarflokksins. Því er litið svo á með hliðsjón af þessum lagaákvæðum og eðli samvinnufélaga að eftirlitsskyldur með byggingarsamvinnufélögum hvíli fyrst og fremst á félagsmönnum sjálfum.

Framangreindar breytingar á „lagaumhverfi“ byggingarsamvinnufélaga leiða því til þess að lítil rök virðast nú fyrir því að Húsnæðisstofnun hafi þar á hendi sérstakt eftirlit, a.m.k. ekki með framkvæmdum, en einnig vafasamt hvað snertir fjárhagslegt eftirlit yfirleitt.

Það er síðan athugunarefni í víðara samhengi hvort endurskoða á ákvæði laganna um byggingarsamvinnufélög í heild sinni annars vegar og hvort lagaákvæði um byggingarsamvinnufélög eigi nú, við breyttar aðstæður, heima innan laga um Húsnæðisstofnun ríkisins. Þar sem hins vegar 2. mgr. 100. gr. laganna leggur, samkvæmt orðanna hljóðan, beinar skyldur á Húsnæðisstofnun, sem hvorki þykja samræmast breyttum aðstæðum né er mögulegt að framfylgja að mati Húsnæðisstofnunar, er nauðsynlegt að gera nú þá breytingu á 100. gr. laganna sem er lögð til í frumvarpinu.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Mat á afföllum húsbréfa

Afföll húsbréfa með mismunandi lánstíma miðuð við mismunandi ávöxtunakröfu.

Fasteignaveðbréf:			
1. greiðsla eftir	2 tímabil		
Fjöldi gr. á ári:	12		
Upphæð kr.:	1.000.000		
Nafnvextir:	5,1000%		
Vextir á tímabili:	0,4250%		
Lánstími	15 ár	25 ár	40 ár
Fjöldi greiðsla alls	178	298	478
Hver greiðsla	8.020	5.924	4.895
Hækkun/lækkun	35,4%	0,0%	-17,4%
vaxtagreiðsla	4.250	4.250	4.250

Húsbréf:			
1. greiðsla eftir	4 tímabil		
Fjöldi gr. á ári:	4		
Nafnvextir:	4,7500%		
Vextir á tímabili:	1,1669%		
Lánstími	15 ár	25 ár	40 ár
Fjöldi greiðsla alls	57	97	157
Hver greiðsla (útdráttur)	24.973	17.888	14.415

A f f ö l l h ú s b r é f a

miðað við 1. vaxtadag

Ávöxtunarkrafa:	15 ár	25 ár	40 ár
4,00%	5,4%	8,2%	11,6%
4,25%	3,5%	5,3%	7,5%
4,50%	1,7%	2,6%	3,6%
4,75%	0,0%	0,0%	0,0%
5,00%	-1,7%	-2,5%	-3,4%
5,25%	-3,4%	-5,0%	-6,7%
5,50%	-5,0%	-7,3%	-9,8%
5,75%	-6,6%	-9,5%	-12,7%
6,00%	-8,10%	-11,71%	-15,52%
6,25%	-9,6%	-13,8%	-18,2%
6,50%	-11,1%	-15,8%	-20,7%
6,75%	-12,5%	-17,8%	-23,1%
7,00%	-13,9%	-19,6%	-25,3%
7,25%	-15,3%	-21,5%	-27,5%
7,50%	-16,6%	-23,2%	-29,5%
7,75%	-17,9%	-24,9%	-31,5%
8,00%	-19,2%	-26,5%	-33,4%

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, sbr. lög nr. 12/1994 og nr. 58/1995.

Til að koma til móts við húsnæðiskaupendur er þrennt lagt til í frumvarpinu. Í fyrsta lagi að lánstími fasteignaverðbréfa verði 15, 25 eða 40 ár. Framkvæmdin nú er sú að einungis er lánað til 25 ára. Í öðru lagi að Húsnæðisstofnun ríkisins geti heimilað skuldurum fasteignaveðbréfa húsbréfadeildar að skuldbreyta lánum og fresta greiðslum í allt að fimm ár samanlagt vegna greiðsluerfiðleika. Í þriðja lagi að heimiluð verði frestun á greiðslum hjá lánþegum Byggingarsjóðs ríkisins og skuldurum fasteignaveðbréfa húsbréfadeildar í þrjú ár.

Að auki er að finna í frumvarpinu þrjú óskyld atriði. Þar má fyrst telja að eftirlit bankaeftirlits Seðlabanka Íslands með húsbréfum taki ekki einungis til húsbréfa á eftirmarkaði, heldur einnig til innra starfs húsbréfadeildar. Í öðru lagi að samræming verði á þeim þáttum sem geta leitt til hækkunar á vöxtum lána Byggingarsjóðs verkamanna. Í 25. gr. laga nr. 58/1995 var gerð sú breyting að einungis hækkaðar tekjur, en ekki eignir, geta leitt til vaxtahækkunar af lánum félagslegra íbúða. Þegar lög þessi voru sett láðist að gera nauðsynlegar breytingu á a-lið 58. gr. sem fjallar um endurskoðun vaxta af lánum Byggingarsjóðs verkamanna þegar lögbýli eiga í hlut. Í 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um að úr þessu verði bætt. Í þriðja lagi er lagt til að eftirlitsskylda Húsnæðisstofnunar ríkisins með byggingarsamvinnufélögum verði felld brott.

Húsbréfadeild Húsnæðisstofnunar ríkisins fjármagnar sig sjálf án ríkisframlags. Þannig er ráð fyrir því gert að þau gjöld, sem húsbréfadeildin er heimilt að áskilja sér samkvæmt lögum, nægi til að standa undir rekstarkostnði og áætluðum útlánatöpum. Með þetta í huga má gera ráð fyrir að frumvarp þetta hafi ekki kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

Gert er ráð fyrir að sá aukni sveigjanleiki í húsbréfakerfinu sem frumvarpið kveður á um verði ekki til þess að heildarútgáfa húsbréfa aukist umfram 13,5 milljarða króna sem gert er ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga og frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1996. Verði raunin önnur þarf að draga úr eftirspurninni með sérstökum aðgerðum.

290. Svar [116. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sighvats Björgvinssonar um aðild starfsmanna aðila vinnumarkaðarins að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Hafa starfsmenn aðila vinnumarkaðarins, svo sem VSÍ, BSRB, ASÍ og aðildarfélagar þeirra eða lands- eða starfsgreinasamtaka, verið aðilar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og notið þess réttar sem umræddur lífeyrissjóður tryggir félagsmönnum sínum með bakábyrgð ríkissjóðs? Hafi svo verið óskast upplýst:

a. *Hvaða einstaklinga er um að ræða, hvaða starfi gegndu þeir hjá aðilum vinnumarkaðarins, hvenær öðluðust þeir aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og hversu lengi hafa þeir verið sjóðfélagar?*
b. *Hafa umræddir einstaklingar, sem nutu sjóðsaðildar á meðan þeir störfuðu hjá aðilum vinnumarkaðarins en hafa horfið til annarra starfa eða gerst félagar í öðrum lífeyrissjóðum, flutt áunnin lífeyrisréttindi sín úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins til þeirra lífeyrissjóða sem þeir gerðust síðan aðilar að eða hafa þeir kosið að varðveita áunnin réttindi sín í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins?*
c. *Er bakábyrgð ríkissjóðs vegna aðildar umræddra starfsmanna aðila vinnumarkaðarins að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins með einhverjum hætti ólík bakábyrgð ríkissjóðs vegna lífeyrisréttinda ríkisstarfsmanna eða er um sambærilega ríkisábyrgð að ræða?*
d. *Hversu háar iðgjaldagreiðslur hafa verið greiddar samtals til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins vegna umræddra starfsmanna aðila vinnumarkaðarins og hver er að mati lífeyrissjóðsins sú tryggingafræðilega fjárhagsábyrgð sem Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins ber vegna tryggingarréttar þeirra?*

Samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins er heimilt að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn bandalaga opinberra starfsmanna, svo og starfsmenn aðildarfélaga þeirra. Heimild þessi kom inn í lögin með lögum nr. 23/1967 og hafa starfsmenn BSRB og síðar BHM og aðildarfélaga þeirra verið í sjóðnum frá þeim tíma. Aðild Alþýðusambands Íslands og starfsmanna þess að sjóðnum var samþykkt á árinu 1950 að líkindum á grundvelli ákvæðis í lögum um sjóðinn nr.101/1943, sem heimilaði að veita stofnunum sem störfuðu í almenningsþarfir aðild að sjóðnum. Það ákvæði er fellt út með lögum nr. 64/1955. Þær stofnanir sem höfðu fengið aðild að sjóðnum samkvæmt eldri lagaákvæðum gátu þó haldið henni áfram þar til þær sögðu henni upp.

Eftirtalin stéttarfélög og stéttarfélagasamtök hafa greitt iðgjöld til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fyrir starfsmenn sína: Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Bandalag háskólamanna, Starfsmannafélag ríkisstofnana, Hið íslenska kennarafélag, Kennarasamband Íslands, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Félag háskólakennara, Félag íslenskra símamanna, Landssamband lögreglumanna, Póstmannafélag Íslands, Sjúkraliðafélag Íslands og Félag opinberra starfsmanna á Suðurlandi.

Framangreind samtök eru enn aðilar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og hafa greitt iðgjöld fyrir starfsmenn sína á þessu ári, nema ASÍ, sem hætti að greiða í lífeyrissjóðinn í árslok 1990.

Þeir starfsmenn stéttarfélaga, sem greitt hefur verið fyrir í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, njóta þar sömu réttinda og aðrir sjóðfélagar og um ábyrgð á lífeyrisgreiðslum til þeirra gildir það sama, sbr. c-lið hér á eftir. Svör við einstökum stafliðum eru eftirfarandi:

a. Alls eru á skrá hjá sjóðnum 107 einstaklingar, sem annaðhvort eru lífeyrisþegar eða handhafar lífeyrisréttinda sem varðveitt er í sjóðnum. Af þessum hópi eru 13 lífeyrisþegar, þ.e. fyrrverandi starfsmenn eða makar þeirra, en 94 einstaklingar hafa ekki hafið upptöku lífeyris. Vegna þessara 107 einstaklinga voru greidd iðgjöld til sjóðsins af 703 árslaunum. Í eftirfarandi töflu er dregið saman yfirlit yfir fjölda þessara einstaklinga og lengd iðgjaldatíma eftir því hvaða samtök inntu iðgjaldagreiðslur af hendi. Réttindi fyrrverandi starfsmanna Hjúkrunarfélags Íslands eru talin með hjá BHM en sameinað félag hjúkrunarfræðinga er nú aðili að því bandalagi.

	Fjöldi	Iðgjaldatími í árum
Stéttarfélög og samtök alls	107	703
Lífeyrisþegar	13	192
Ekki á lífeyri	94	511
Þar af:		
ASÍ	26	209
Lífeyrisþegar	4	53
Ekki á lífeyri	22	156
BSRB og aðildarfélög þess	40	290
Lífeyrisþegar	5	77
Ekki á lífeyri	35	213
BHM og aðildarfélög þess	17	109
Lífeyrisþegar	2	43
Ekki á lífeyri	15	66
Kennarasamband Íslands	24	95
Lífeyrisþegar	2	18
Ekki á lífeyri	22	77

Þeir 107 einstaklingar sem rétt eiga í LSR samkvæmt framangreindu hafa öðlast þau réttindi allt frá árinu 1954. Hafa þeir greitt mjög mislengi í sjóðinn. Meðalsjóðsaldurinn er tæplega 7 ár en mesti sjóðsaldur er rúmlega 28 ár. Ekki liggja fyrir hjá sjóðnum upplýsingar um hvaða störfum viðkomandi einstaklingar gegndu. Eftirfarandi er yfirlit yfir fjölda rétthafa skipt eftir lengd iðgjaldatíma.

Iðgjaldatími	ASÍ	BSRB	BHM	KÍ	Alls
allt að 5 ár	11	24	10	18	63
5 til 10 ár	7	4	3	3	17
10 til 15 ár	3	6	2	3	14
15 til 20 ár	3	4	1	0	8
20 ár og meir	2	2	1	0	5
Samtals	26	40	17	24	107

b. Fáein dæmi eru um það að einstaklingar sem störfuðu hjá framangreindum samtökum hafi flutt iðgjöld og réttindi úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins til annarra lífeyrissjóða. Í langflestum tilvikum hafa iðgjöldin og þar með áunnin réttindi verið áfram í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

c. Um skuldbindingar þessar og ábyrgð á þeim vegna þessara sjóðfélaga gilda sömu reglur og um sjóðfélaga almennt. Skuldbinding sjóðsins miðast við fjárhæð lífeyris eins og hann er þegar lífeyristaka hefst. Hækkanir á lífeyri eftir það skiptast á milli sjóðsins og launagreiðanda þannig að sjóðurinn ber þann hluta hækkananna sem unnt er að greiða með 40% af vöxtum og verðbótum af heildarútlánum sjóðsins. Lífeyrishækkanir umfram það eru krafðar inn hjá þeim launagreiðendum sem starfsmennina tryggðu. Geti viðkomandi launagreiðandi og/eða Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins ekki staðið við þessar skuldbindingar ber ríkissjóður ábyrgð á lífeyrisgreiðslum.

d. Vegna þeirra einstaklinga sem fyrri liðir fyrirspurnarinnar taka til hafa iðgjaldagreiðslur til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins verið samtals tæpar 35 milljónir króna, sbr. fylgiskjal 1. Sú fjárhæð skiptist á bandalög eins og sýnt er hér á eftir.

	Iðgjöld samtals
ASÍ	6.119
BSRB og aðildarfélög	15.198
BHM og aðildarfélög	6.330
Kennarasamband Íslands	7.128
Samtals	34.775

Hinar tilgreindu fjárhæðir eru á verðlagi hvers tíma og þar sem iðgjöld til sjóðsins hafa verið greidd á mjög löngum tíma og á mismunandi tímabilum gefa þær ekki góða mynd af raungildi greiðslnanna. Innbyrðis samanburð á þessum fjárhæðum og samanburð við skuldbindingarnar hér á eftir verður því að gera með slíkum fyrirvara.

Vegna síðari hluta þessarar spurningar var Talnakönnun hf. fengin til að meta áfallnar skuldbindingar vegna þeirra einstaklinga og samtaka sem um er fjallað í fyrirspurninni. Við matið var gengið út frá launum eins og þau voru í árslok 1994 og þeim lífeyrisréttindum sem hver og einn hafði á þeim tíma. Þá var gengið út frá tryggingafræðilegum forsendum varðandi lífslíkur karla og kvenna svo og örorkulíkur í skrifstofustörfum. Reiknað var með að ávöxtun væri að jafnaði 2% umfram launahækkanir og að lífeyristaka hæfist að jafnaði við 68 ára aldur.

Að gefnum þessum forsendum og tryggingafræðilegu mati á skuldbindingum vegna þeirra er niðurstaðan sú að áfallnar skuldbindingar vegna réttinda sem myndast hafa fyrir iðgjaldagreiðslur frá launþegafélögum og samtökum þeirra séu samtals 235,8 milljónir króna.

Eftirfarandi tafla sýnir hvernig þessar skuldbindingar skiptast á samtök stéttarfélaganna en frekari sundurliðun á áföllnum skuldbindingum er að finna á fylgiskjali 2.

	Skuldbindingar samtals í þús. kr.
ASÍ	75.127
BSRB og aðildarfélög	91.603
BHMR og aðildarfélög	35.166
Kennarasamband Íslands	33.870
Samtals	235.766

Fylgiskjal I.

Listi yfir heildariðgjaldagreiðslur til ársloka 1994.

(LSR — 20. nóvember 1995.)

	IÐGJALD SJÓÐFÉLAGA	FRAMLAG LAUNAGR.	SAMTALS
Alþýðusamband Íslands	2.347.080.86	3.804.745.81	6.118.729.18
Bandalag starfsm. ríkis og bæja	3.679.288.95	5.514.829.01	7.380.809.93
Bandalag háskólamanna - BHMR	1.049.697.00	1.574.380.50	2.624.077.50
Starfsmannafélag ríkisstofnana	1.311.944.04	1.964.529.17	3.276.473.21
Hið íslenska kennarafélag	1.055.483.66	1.583.284.99	2.638.768.65
Kennarasamband Íslands	3.205.588.95	4.623.756.88	7.127.551.74
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	804.895.73	1.206.598.19	348.751.00
Félag háskólakennara	287.526.00	431.308.00	718.834.00
Félag íslenskra símamanna	457.071.27	685.613.90	1.142.685.17
Landssamband lögreglumanna	405.320.30	608.005.95	1.013.326.25
Póstmannafélag Íslands	463.694.65	695.382.13	1.159.076.78
Sjúkraliðafélag Íslands	401.011.00	601.529.00	1.002.540.00
Félag opinberra starfsm. á Suðurlandi	89.189.00	133.791.00	222.980.00
Samtals	15.557.791.41	23.427.754.53	34.774.603.41

Fylgiskjal II.

Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í árslok 1994 vegna starfsmanna stéttarfélaga og bandalaga þeirra sem greitt hafa í LSR.
(Nóvember 1995.)

Alþýðusamband Íslands	Fjöldi	Elli	Maka	Örorku	Barna	Samtals
LSR félagar des 1994	0	0	0	0	0	0
LSR annars staðar des 1994	3	1.107.693	126.241	189.631	47.408	1.470.973
Fyrrverandi LSR félagar	20	40.535.754	9.237.589	3.823.613	955.903	54.552.860
Lífeyrisþegar	4	10.382.873	8.720.385	0	0	19.103.258
SAMTALS	27	52.026.320	18.084.215	4.013.244	1.003.311	75.127.090

BHMR	Fjöldi	Elli	Maka	Örorku	Barna	Samtals
LSR félagar des 1994	1	2.212.156	2.863.178	282.266	70.566	5.428.166
LSR annars staðar des 1994	1	2.296.594	1.871.781	272.216	68.054	4.508.645
Fyrrverandi LSR félagar	3	1.976.200	210.041	304.160	76.040	2.566.441
Lífeyrisþegar	0	0	0	0	0	0
SAMTALS	5	6.484.950	4.944.999	858.642	214.660	12.503.251

BSRB	Fjöldi	Elli	Maka	Örorku	Barna	Samtals
LSR félagar des 1994	8	18.438.339	6.194.528	1.316.304	329.076	26.278.247
LSR annars staðar des 1994	4	3.347.531	2.984.722	346.740	86.685	6.765.678
Fyrrverandi LSR félagar	4	1.606.809	215.728	198.064	49.516	2.070.117
Lífeyrisþegar	6	17.177.652	5.295.630	0	0	22.473.282
SAMTALS	22	40.570.332	14.690.608	1.861.108	465.277	57.587.324

Félag háskólakennara	Fjöldi	Elli	Maka	Örorku	Barna	Samtals
LSR félagar des 1994	1	1.199.920	400.281	103.363	25.841	1.729.404
LSR annars staðar des 1994	0	0	0	0	0	0
Fyrrverandi LSR félagar	0	0	0	0	0	0
Lífeyrisþegar	0	0	0	0	0	0
SAMTALS	1	1.199.920	400.281	103.363	25.841	1.729.404

Félag ísl. hjúkrunarfr. og Hjúkrunarf	Fjöldi	Elli	Maka	Örorku	Barna	Samtals
LSR félagar des 1994	2	219.066	405.291	34.541	8.635	667.534
LSR annars staðar des 1994	1	224.069	57.931	17.159	4.290	303.449
Fyrrverandi LSR félagar	1	4.724	0	47	12	4.783
Lífeyrisþegar	2	12.671.582	0	0	0	12.671.582
SAMTALS	6	13.119.440	463.223	51.748	12.937	13.647.348

Félag íslenskra símamanna	Fjöldi	Elli	Maka	Örorku	Barna	Samtals
LSR félagar des 1994	1	4.243.910	0	178.104	44.526	4.466.539
LSR annars staðar des 1994	0	0	0	0	0	0
Fyrrverandi LSR félagar	0	0	0	0	0	0
Lífeyrisþegar	0	0	0	0	0	0
SAMTALS	1	4.243.910	0	178.104	44.526	4.466.539

Félag op. starfsm. á Suðurlandi	Fjöldi	Elli	Maka	Örorku	Barna	Samtals
LSR félagar des 1994	1	260.121	107.009	43.624	10.906	421.660
LSR annars staðar des 1994	0	0	0	0	0	0
Fyrrverandi LSR félagar	0	0	0	0	0	0
Lífeyrisþegar	0	0	0	0	0	0
SAMTALS	1	260.121	107.009	43.624	10.906	421.660

Hið íslenska kennarafélag	Fjöldi	Elli	Maka	Örorku	Barna	Samtals
LSR félagar des 1994	3	3.915.181	2.058.185	258.938	64.735	6.297.039
LSR annars staðar des 1994	2	860.190	0	103.155	25.789	989.134
Fyrrverandi LSR félagar	0	0	0	0	0	0
Lífeyrisþegar	0	0	0	0	0	0
SAMTALS	5	4.775.371	2.058.185	362.093	90.523	7.286.172

Kennarasamband Íslands	Fjöldi	Elli	Maka	Örorku	Barna	Samtals
LSR félagar des 1994	13	12.555.135	5.427.975	1.294.942	323.735	19.601.786
LSR annars staðar des 1994	9	2.957.420	840.791	365.224	91.306	4.254.740
Fyrrverandi LSR félagar	2	451.066	126.464	50.623	12.656	640.810
Lífeyrisþegar	2	6.020.783	3.351.741	0	0	9.372.524
SAMTALS	26	21.984.404	9.746.971	1.710.789	427.697	33.869.861

Landssamband lögreglumanna	Fjöldi	Elli	Maka	Örorku	Barna	Samtals
LSR félagar des 1994	2	1.546.214	1.958.439	211.647	52.912	3.769.211
LSR annars staðar des 1994	0	0	0	0	0	0
Fyrrverandi LSR félagar	1	422.416	55.867	31.354	7.839	517.475
Lífeyrisþegar	0	0	0	0	0	0
SAMTALS	3	1.968.630	2.014.305	243.001	60.750	4.286.687

Póstmannafélag Íslands	Fjöldi	Elli	Maka	Örorku	Barna	Samtals
LSR félagar des 1994	1	2.441.237	2.464.849	95.590	23.897	5.025.573
LSR annars staðar des 1994	1	1.039.810	346.870	89.571	22.393	1.498.644
Fyrrverandi LSR félagar	0	0	0	0	0	0
Lífeyrisþegar	0	0	0	0	0	0
SAMTALS	2	3.481.047	2.811.720	185.160	46.290	6.524.218

Starfsmannafélag ríkisstofnana	Fjöldi	Elli	Maka	Örorku	Barna	Samtals
LSR félagar des 1994	4	3.165.725	1.533.133	405.340	101.335	5.205.533
LSR annars staðar des 1994	4	5.947.012	589.229	468.024	117.006	7.121.271
Fyrrverandi LSR félagar	3	2.612.194	878.393	269.765	67.441	3.827.794
Lífeyrisþegar	0	0	0	0	0	0
SAMTALS	11	11.724.930	3.000.756	1.143.130	285.782	16.154.599

Sjúkraliðafélag Íslands	Fjöldi	Elli	Maka	Örorku	Barna	Samtals
LSR félagar des 1994	3	1.170.960	814.417	141.229	35.307	2.161.913
LSR annars staðar des 1994	0	0	0	0	0	0
Fyrrverandi LSR félagar	0	0	0	0	0	0
Lífeyrisþegar	0	0	0	0	0	0
SAMTALS	3	1.170.960	814.417	141.229	35.307	2.161.913

Öll stéttarfélög	Fjöldi	Elli	Maka	Örorku	Barna	Samtals
LSR félagar des 1994	40	51.367.964	24.227.285	4.365.887	1.091.472	81.052.608
LSR annars staðar des 1994	25	17.780.318	6.817.564	1.851.721	462.930	26.912.534
Fyrrverandi LSR félagar	34	47.609.163	10.724.082	4.677.628	1.169.407	64.180.280
Lífeyrisþegar	14	46.252.890	17.367.756	0	0	63.620.646
SAMTALS	113	163.010.335	59.136.687	10.895.236	2.723.809	235.766.067

291. Svar [182. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um þróun ríkisframlags til rannsóknastofnana.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver hefur verið þróun ríkisframlags til rannsóknastofnana frá 1989

a. miðað við fast verðlag fjárlagafrumvarps 1996 og

b. miðað við 100 árið 1989?

Flestar stofnanir hér á landi sem fást við rannsóknir hafa einnig þjónustu-, fræðslu- og ráðgjafarhlutverk. Rannsóknarþátturinn er í fæstum tilvikum skýrt afmarkaður í fjárlögum og ríkisreikningi. Í fyrirspurninni kemur ekki fram við hvaða rannsóknastofnanir er átt. Í svarinu er valin sú leið að gera grein fyrir framlögum til 19 ríkisstofnana sem fást að stórum hluta við rannsóknir. Í heildina fá stofnanirnar álíka hátt framlag í fjárlagafrumvarpi 1996 og þær fengu árið 1989, miðað við fast verðlag, samkvæmt meðfylgjandi fylgiskjölum. Frávikið ræðst af því hvaða viðmiðun er valin.

Framlög til rannsóknastofnana eru aðeins hluti af framlögum ríkisins til rannsókna. Auk þess að leggja rannsóknastofnunum til fé, leggur ríkið fé í nokkra vísinda- og rannsóknasjóði, styrkir ýmis rannsóknaverkefni beint og fjármagnar að hluta til rannsóknir á vegum háskóla. Skoða verður framlögin í samhengi. Sú aðferð að veita fé til vísinda- og rannsóknasjóða sem rannsóknastofnanir og vísindamenn sækja í er af vísindasamfélaginu sjálfu talin fela í sér margt jákvætt, m.a. að betra mat fæst á verkefni og rannsóknaraðferðir. Framlög í rannsóknasjóði hafa hækkað verulega frá árinu 1989 (sjá fylgiskjöl) þannig að þegar litið er á rannsóknasjóði og rannsóknastofnanir í heild er um töluverða hækkun að ræða.

Fylgiskjal I.

Framlög til rannsóknasjóða og rannsóknastofnana (1989 = 100).



Fylgiskjal II.

Framlög til rannsóknasjóða og rannsóknastofnana (1989–96).

	1989 Reikn.	1989 Heimild	1989 Fjárlög	1990 Reikn.	1990 Heimild	1990 Fjárlög	1991 Reikn.	1991 Heimild	1991 Fjárlög	1992 Reikn.	1992 Heimild	1992 Fjárlög
Ýmsir vísinda- og rannsóknasjóðir.												
Vísindaráð, Ranns.ráð ríkisins og Ranns.ráð Ísl.	19.426	18.450	15.866	23.372	19.270	18.257	32.954	31.184	30.340	31.840	31.356	31.000
Rannsóknasjóður og Tæknisjóður	80.109	80.109	80.000	83.200	83.200	95.000	110.000	110.000	110.000	109.326	110.001	110.000
Vísindasjóður	15.952	15.952	15.950	19.473	19.842	19.606	20.000	20.000	20.000	20.000	20.000	20.000
Byggingasj. rannsókna og Bygginga- og tæknisj.	60.629	62.300	62.300	72.317	42.944	43.800	62.508	67.600	67.600	50.077	80.050	74.000
Vísindaleg starfsemi og ýmis fræðistörf	3.210	3.210	11.742	3.354	3.354	12.910	5.387	8.521	14.650	24.574	24.815	15.500
Alþjóðlegt samstarf og alþjóðleg samskipti							17.039	22.600	18.100	33.679	40.727	36.900
Byggingarsjóður hafrannsóknarskips				164.000	164.000							
Vísinda- og rannsóknasjóðir, á verðlagi hvers árs	179.326	180.021	185.858	365.716	332.610	189.573	247.888	259.905	260.690	269.496	306.949	287.400
Vísinda- og rannsóknasjóðir, á verðlagi 1996	257.564	258.563	266.946	449.678	408.972	233.096	283.282	297.015	297.912	296.942	338.209	316.669
Fjárheimild 1989=100	100	100	103	174	158	90	110	115	115	115	131	122
Rannsóknastofnanir.												
Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum	64.541	66.689	55.970	78.710	77.036	52.786	99.541	116.737	71.430	83.901	87.292	75.500
Raunvísindastofnun Háskóla Íslands	110.296	108.850	90.976	105.570	108.237	97.130	123.263	115.399	110.410	118.094	113.657	109.900
Stofnun Sigurðar Nordal, annað en kennsla	3.883	3.960	3.960	5.325	5.905	5.905	6.491	7.710	7.470	7.184	10.021	6.100
Stofnun Árna Magnússonar	34.849	33.826	32.375	33.383	35.851	33.939	37.826	42.177	38.540	48.888	46.248	38.900
Rannsóknastofnun uppeldismála, án samr. prófa	4.647	4.641	4.132	6.074	6.127	5.008	6.953	7.517	7.230	15.371	15.264	7.400
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	108.886	114.661	104.800	128.679	129.224	128.685	147.182	144.063	129.600	147.534	147.589	140.200
Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins	11.574	15.134	15.134	43.928	32.870	29.586	40.501	42.950	32.370	33.832	18.300	18.300
Veiðimálastofnun	33.664	28.959	25.100	37.128	33.399	29.687	45.055	41.440	33.720	37.836	37.641	33.300
Laxeldisstöðin í Kollafirði og fiskeldisrannsóknir	16.284	16.284	7.600	16.676	16.676	8.320	31.984	31.800	25.400	33.907	33.907	34.000
Hafrannsóknastofnun	374.408	369.616	340.440	501.921	501.081	455.747	514.827	522.837	492.820	490.042	154.156	67.900
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	79.039	79.142	67.650	80.841	80.720	78.369	85.520	99.224	96.360	93.643	93.396	82.800
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins							20.000	20.000	20.000	25.000	25.000	25.000
Skrifstofa rannsóknastofna atvinnuveganna	45.787	53.719	47.116	50.505	56.196	55.162	56.363	60.488	58.300	62.319	71.795	69.600
Iðntæknistofnun Íslands	88.431	92.582	86.540	99.008	99.798	91.236	108.210	108.420	104.490	101.015	105.118	98.400
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	45.334	46.059	42.940	51.457	51.322	48.366	56.927	56.581	55.420	55.229	54.974	51.500
Orkustofnun	194.710	194.139	187.665	217.411	218.062	203.754	241.198	237.529	233.840	233.639	192.261	228.600
Náttúrufræðistofnun	33.890	33.959	24.556	31.231	28.686	28.461	34.012	31.942	29.740	35.429	34.530	31.400
Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn												
Veðurstofa Íslands	215.164	211.937	192.684	232.563	231.695	229.651	207.945	205.900	198.980	200.088	199.225	189.900
Rannsóknastofnanir, samtals á verðlagi hvers árs.	1.465.387	1.474.157	1.329.638	1.720.410	1.712.885	1.581.792	1.863.798	1.892.714	1.746.120	1.822.951	1.440.374	1.308.700
Rannsóknastofnanir, á verðlagi 1996	2.104.722	2.117.318	1.909.747	2.115.387	2.106.134	1.944.945	2.129.914	2.162.958	1.995.433	2.008.605	1.587.065	1.441.981
Fjárheimild 1989=100	99	100	90	100	99	92	101	102	94	95	75	68
Sjóðir og stofnanir, samtals.	1.644.713	1.654.178	1.515.496	2.086.126	2.045.495	1.771.365	2.111.686	2.152.619	2.006.810	2.092.447	1.747.323	1.596.100
Sjóðir og stofnanir, á verðlagi 1989.	2.362.286	2.375.881	2.176.693	2.565.065	2.515.106	2.178.040	2.413.195	2.459.973	2.293.345	2.305.547	1.925.275	1.758.651
Fjárheimild 1989=100	99	100	92	108	106	92	102	104	97	97	81	74

Athugasemdir:

1) Heimild: Ríkisreikningur 1989-1994, fjárlög 1994 og 1995 og fjárlagafrumvarp 1996.

2) Fjárhæðir eru færðar á fast verðlag samkvæmt verðvísitölu vergrar landsframleiðslu.

3) Skipting fjárheimilda er áætluð í eftirfarandi tilvikum:
   Stofnun Sigurðar Nordals, 1989 og 1990.
   Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins, 1989 og 1992
   Veiðimálastofnun og Laxeldisstöðin í Kollafirði, 1989 og 1990

	1993 Reikn.	1993 Heimild	1993 Fjárlög	1994 Reikn.	1994 Heimild	1994 Fjárlög	1995 Fjárlög	1996 Frumvarp
Ýmsir vísinda- og rannsóknasjóðir.								
Vísindaráð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknaráð Íslands	32.239	35.620	30.600	40.767	36.605	30.400	30.300	40.900
Rannsóknasjóður og Tæknisjóður	183.225	183.225	115.000	200.087	200.000	200.000	200.000	200.000
Vísindasjóður	25.000	25.000	25.000	25.000	25.000	25.000	25.000	15.000
Byggingasj. rannsókna og Byggingar- og tæknisj.	49.923	63.128	60.000	62.888	40.000	40.000	60.000	78.000
Vísindaleg starfsemi og ýmis fræðistörf	26.102	19.293	15.000	24.520	12.293	19.000	14.000	14.000
Alþjóðlegt samstarf og alþjóðleg samskipti	42.200	56.318	75.000	116.483	115.814	87.000	126.000	266.000
Byggingarsjóður hafrannsóknarskips								
Vísinda- og rannsóknasjóðir, á verðlagi hvers árs	358.689	382.584	320.600	469.745	429.712	401.400	455.300	613.900
Vísinda- og rannsóknasjóðir, á verðlagi 1996	386.709	412.470	345.644	493.588	451.523	421.774	470.375	613.900
Fjárheimild 1989=100	150	160	134	191	175	163	182	237
Rannsóknastofnanir.								
Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum	82.863	82.335	105.400	72.760	82.855	103.400	97.700	80.300
Raunvísindastofnun Háskóla Íslands	121.077	115.212	120.400	125.569	119.912	121.700	121.200	126.100
Stofnun Sigurðar Nordal, annað en kennsla	9.528	9.911	6.500	7.500	9.406	6.500	6.400	6.700
Stofnun Árna Magnússonar	45.326	57.901	41.900	58.425	56.202	41.500	41.300	42.300
Rannsóknastofnun uppeldismála, án samr. próf a	16.589	26.728	10.000	33.513	14.700	15.200	47.100	33.800
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	150.855	140.662	130.500	135.499	138.272	128.600	133.700	130.800
Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins	49.859	32.600	32.600	33.254	31.600	31.600	37.200	36.800
Veiðimálastofnun	38.833	37.119	36.700	38.417	38.972	36.100	38.500	35.000
Laxeldisstöðin í Kollafirði og fiskeldisrannsóknir	29.928	30.000	30.000	30.072	30.072	30.000	22.400	22.400
Hafrannsóknastofnun	611.317	606.462	300.900	396.272	395.398	603.400	613.600	647.800
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	105.671	93.799	90.700	101.557	98.864	89.100	91.500	94.800
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	25.000	25.000	25.000	25.000	25.000	25.000	21.000	21.000
Skrifstofa rannsóknastofna atvinnuveganna	68.315	72.651	72.600	67.955	70.632	70.500	68.100	71.600
Iðntæknistofnun Íslands	101.865	100.115	97.900	100.601	98.494	96.500	96.600	94.700
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	51.243	51.267	50.300	49.057	50.275	50.200	51.800	54.900
Orkustofnun	195.677	221.615	220.100	213.876	207.410	205.500	203.600	205.700
Náttúrufræðistofnun	45.814	45.020	46.800	55.125	56.944	56.600	62.800	75.100
Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn				4.626	4.107	4.100	2.000	5.100
Veðurstofa Íslands	212.838	215.592	201.500	218.192	210.001	207.700	218.100	247.800
Rannsóknastofnanir, samtals á verðlagi hvers árs.	1.962.598	1.963.989	1.619.800	1.767.270	1.739.116	1.923.200	1.974.600	2.032.700
Rannsóknastofnanir, á verðlagi 1996	2.115.911	2.117.410	1.746.334	1.856.970	1.827.387	2.020.815	2.039.978	2.032.700
Fjárheimild 1989=100	100	100	82	88	86	95	96	96
Sjóðir og stofnanir, samtals.	2.321.287	2.346.573	1.940.400	2.237.015	2.168.828	2.324.600	2.429.900	2.646.600
Sjóðir og stofnanir, á verðlagi 1989.	2.502.619	2.529.881	2.091.979	2.350.558	2.278.910	2.442.588	2.510.353	2.646.600
Fjárheimild 1989=100	105	106	88	99	96	103	106	111

292. Fyrirspurn [216. mál]

til fjármálaráðherra um bifreiðagjald.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hverjar voru tekjur ríkisins af bifreiðagjaldi árin 1993 og 1994?
2. Af hve mörgum ökutækjum voru tekin skráningarmerki árin 1993 og 1994 vegna vangoldins bifreiðagjalds?
3. Hve margar bifreiðar voru seldar á opinberu uppboði vegna vanskila á bifreiðagjaldi árin 1993 og 1994?
4. Hver var áætlaður kostnaður við innheimtu bifreiðagjalds árin 1993 og 1994?
5. Hversu mikið þyrfti verð á bensínlítra og lítra af dísilolíu að hækka til að ríkissjóður fengi sömu tekjur og hann hefur af bifreiðagjaldi nú?
6. Hver væri áætlaður innheimtukostnaður ef farin væri sú leið sem getið er um í 5. lið?

Skriflegt svar óskast.

293. Frumvarp til fjáraukalaga [44. mál]

fyrir árið 1995.

(Eftir 2. umr., 6. des.)

Samhljóða þskj. 44 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Eftirtaldar breytingar verða á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1995 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1995:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		**2 328 000**
Tekjuskattar	1 030 000	
Tryggingagjöld, launaskattar	-20 000	
Eignarskattar	75 000	
Skattar á vörur og þjónustu	749 000	
Vaxtatekjur	300 000	
Aðrar tekjur	194 000	
Gjöld		**5 386 400**
Samneysla	1 371 700	
Rekstrargjöld	1 132 700	
Viðhald	239 000	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	2 250 400	
Vaxtagjöld	330 000	
Fjárfesting	1 434 300	
Gjöld umfram tekjur		**3 058 400**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		8 120 000
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**11 178 400**
Afborganir af teknum lánum		450 000
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**11 628 400**
Lántökur		11 700 000
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**71 600**

2. gr. hljóðar svo:

Útgjöld ríkissjóðs breytast frá ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1995 sem hér segir, sbr. sundurliðun í 3. gr.:

	Þús.kr.	Þús.kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	89 400	
01 Forsætisráðuneyti	19 000	
02 Menntamálaráðuneyti	110 300	
03 Utanríkisráðuneyti	144 100	
04 Landbúnaðarráðuneyti	171 000	
05 Sjávarútvegsráðuneyti	14 700	
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	35 000	
07 Félagsmálaráðuneyti	223 800	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	2 354 300	
09 Fjármálaráðuneyti	1 905 900	
10 Samgönguráðuneyti	262 000	
11 Iðnaðarráðuneyti	40 300	
12 Viðskiptaráðuneyti	14 100	
14 Umhverfisráðuneyti	2 500	
Samtals		5 386 400

Eftirtaldir liðir 3. gr. bætast við eða breytast og hljóða svo:

	Þús. kr.	Þús. kr.
00–201 Alþingi		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		13 000
1 01 Alþingiskostnaður	13 000	
Viðhaldsverkefni:		20 000
5 20 Fasteignir	20 000	
Stofnkostnaður:		11 400
6 01 Tæki og búnaður	11 400	
Gjöld samtals		44 400
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	44 400	
5 Gjöld samtals		**44 400**
02–905 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		40 500
1 01 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	40 500	
Gjöld samtals		40 500
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	40 500	
5 Gjöld samtals		**40 500**
02–989 Ýmis íþróttamál		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		1 500
1 10 Íþróttasamband Íslands	1 500	
Gjöld samtals		1 500
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 500	
5 Gjöld samtals		**1 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–401 Alþjóðastofnanir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			47 800
1 70	Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	25 500	
1 71	Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	16 500	
1 72	EFTA-dómstóllinn	5 800	
	Gjöld samtals		47 800
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5918 Til erlendra aðila	47 800	
5	Gjöld samtals		**47 800**
08–361 Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 200
1 01	Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað	4 200	
	Gjöld samtals		4 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 200	
5	Gjöld samtals		**4 200**
08–586 Heilsugæslustöðin Reykjalundi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 500
1 01	Heilsugæslustöðin Reykjalundi	15 500	
	Gjöld samtals		15 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 500	
5	Gjöld samtals		**15 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–989	**Launa- og verðlagsmál**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			367 100
1 01	Rekstur	363 100	
1 90	Launa- og verðlagsmál	4 000	
Stofnkostnaður:			1 193 100
6 01	Stofnkostnaður	1 193 100	
	Gjöld samtals		1 560 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	434 100	
52–58	Önnur gjöld	1 017 200	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	108 900	
5	Gjöld samtals	1 560 200	
4	Sértekjur	−6 400	
	Mismunur		**1 566 600**
09–999	**Ýmislegt**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			100 000
1 60	Dómkröfur	15 000	
1 70	Aðstoð vegna snjóflóðs í Súðavík	60 000	
1 71	Aðstoð vegna snjóflóðs á Flateyri	25 000	
	Gjöld samtals		100 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	70 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	30 000	
5	Gjöld samtals		**100 000**

	Þús. kr.	Þús. kr.
10–330 Vita- og hafnamálastofnun		
Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		22 000
6 70 Hafnamannvirki	22 000	
Gjöld samtals		22 000
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5912 Til sveitarfélaga	22 000	
5 Gjöld samtals		**22 000**
10–472 Flugvellir		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		10 000
1 01 Rekstur flugvalla	10 000	
Stofnkostnaður:		30 000
6 80 Flugvellir, framkvæmdir	30 000	
Gjöld samtals		40 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	40 000	
5 Gjöld samtals		**40 000**

294. Fjáraukalög [45. mál]

fyrir árið 1994, sbr. lög nr. 143/1994.

(Afgreidd frá Alþingi 6. des.)

Samhljóða þskj. 45.

295. Lög [75. mál]

um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sbr. lög nr. 31/1994.

(Afgreidd frá Alþingi 6. des.)

Samhljóða þskj. 75.

296. Frumvarp til laga [217. mál]

um breyting á lögum nr. 131/1990, um Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

6. og 7. mgr. 21. gr. laganna orðast svo:

Við skrásetningu til náms greiðir stúdent skrásetningargjald, 24.000 kr. Upphæð gjaldsins kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert. Háskólaráði er heimilt að ráðstafa allt að 13% af gjaldinu til Félagsstofnunar stúdenta og allt að 10% til sérstakra verkefna samkvæmt samningi milli Háskólans og stúdentaráðs Háskóla Íslands sem háskólaráð staðfestir. Heimilt er að taka 15% hærra gjald af þeim sem fá leyfi til skrásetningar utan skrásetningartímabila.

Þeir teljast einir stúdentar við Háskóla Íslands sem skrásettir hafa verið til náms. Í reglugerð má kveða nánar á um árlega skrásetningu stúdenta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Háskólaárið 1995–96 greiðir Háskóli Íslands stúdentaráði 2.175 kr. vegna hvers skráðs stúdents.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt að ósk Háskóla Íslands á grundvelli samþykktar háskólaráðs 24. ágúst 1995.

Breyting á 21. gr. laga um Háskóla Íslands samkvæmt frumvarpinu lýtur að því að treysta lagagrundvöll undir töku skrásetningargjalds af stúdentum Háskóla Íslands. Er slík breyting nauðsynleg í ljósi álits umboðsmanns Alþingis, máls nr. 836/1993, dags. 19. maí 1995, þar sem fram kemur að skrásetningargjaldið er talið þjónustugjald og ekki nægilega skýrt í gildandi lögum hvaða kostnaðarliði megi fella þar undir og hvernig megi ráðstafa gjaldinu. Sértekjur, sem Háskólinn aflar með skrásetningargjaldi, þurfa þannig að hafa skýra lagastoð og hið sama gildir um ráðstöfun hluta þeirra til annarra aðila en Háskólans sjálfs. Í framhaldi af álitinu mæltist menntamálaráðherra til þess við háskólaráð að Háskóli Íslands gerði tillögu um breytingu á háskólalögum til að treysta lagagrunn undir töku skrásetningargjalds. Tillaga þessa efnis var samþykkt í háskólaráði 24. ágúst 1995 og barst menntamálaráðuneytinu 4. september 1995. Hún tekur til 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Menntamálaráðuneytið féllst á tillögu Háskólans en gerði á henni breytingar að því er varðar árlega endurskoðun gjaldsins við setningu fjárlaga og stöðu stúdentaráðs. Ráðuneytið telur eðlilegt að samið sé við stúdentaráð Háskóla Íslands um að það sinni sérstökum verkefnum fyrir Háskóla Íslands og til þess sé varið hluta skrásetningargjalda til skólans. Í tillögu ráðuneytisins er tekið mið af því að í drögum að samningi háskólaráðs og stúdentaráðs, sem fylgja tillögu Háskóla Íslands, kemur fram að umsamin verkefni eru ekki öll á starfssviði stúdentaráðs heldur einnig Stúdentaskiptasjóðs. Í tillögu ráðuneytisins er tekið mið af sjálfstæði stúdentaráðs sem samningsaðila en í bréfi ráðuneytisins til stúdentaráðs frá 14. ágúst 1995 segir að stúdentaráð sé félagsskapur stúdenta sem komi fram fyrir þeirra hönd í samskiptum við menntamálaráðuneytið. Telur ráðuneytið að tryggja beri stjórnarskrárverndaðan rétt manna til að standa utan félaga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Breytingin á 21. gr. laga um Háskóla Íslands, sem hér er lögð til, hefur eins og fyrr greinir þann tilgang að styrkja lagastoð skrásetningargjalds.

1. mgr. varðar skrásetningargjald og kemur í stað ákvæða þar um í gildandi 1. mgr. og 7. mgr. Gildandi gjaldheimild 1. mgr. 21. gr. laganna er of þröng að mati umboðsmanns Alþingis, þar sem líta verði á skrásetningargjaldið sem þjónustugjald sem verður að eiga sér beina stoð í lögum. Óheimilt er að taka hærra þjónustugjald en almennt nemur kostnaði við að veita þá þjónustu sem kveðið er á um í gjaldtökuheimildinni, í þessu tilviki skrásetningu. Hugtakið skrásetningargjald er því of þröngt til að fella megi undir það ýmsa kostnaðarliði sem mæta þarf í rekstri Háskólans, en grundvallarþýðingu hefur að afmarka þá kostnaðarliði sem felldir verða undir skrásetningargjaldið þegar metið er hversu hátt þetta þjónustugjald megi vera. Skrásetningargjaldið er bókfært hjá yfirstjórn Háskólans í samræmi við fjárlög og stendur undir hluta kostnaðar við háskólastarfið. Þar má sem dæmi nefna margvíslega þjónustu sem stúdentum er veitt á námstímanum utan formlegra kennslustunda, svo sem skráningu stúdenta í námskeið og próf, varðveislu upplýsinga um námsferil stúdenta, upplýsingar um námsferil sem sendar eru stúdentum þrisvar á hverju háskólaári, auglýsingu og miðlun upplýsinga vegna skráningar, skipulag kennslu og prófa, kennsluskrá, stúdentaskírteini og aðgang að þjónustu nemendaskrár, skrifstofu kennslusviðs, deildaskrifstofum, alþjóðaskrifstofu, upplýsingastofu um nám erlendis, námsráðgjöf, bókasafni og tölvum og prenturum Háskólans.

Grunngjaldið, sem miðað er við í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins, 24.000 kr., er framreiknuð sú upphæð sem Háskólinn innheimti fyrir háskólaárið 1992–93. Upphæð gjaldsins mun síðan koma til árlegrar endurskoðunar við setningu fjárlaga. Heimildin til að taka 15% hærra gjald af þeim sem fá leyfi til skrásetningar utan auglýstra skrásetningartímabila er nauðsynleg til að mæta viðbótarkostnaði vegna aukinnar vinnu við innheimtu og óvissu sem skapast við endanlegt skipulag og framkvæmd kennslu komandi háskólaárs. 15% álagið á grunngjaldið miðast við áætlaða meðaltalsupphæð sem standa á undir hinum aukna kostnaði sem af þeim stúdentum hlýst sem ekki sinna skráningu á auglýstum tímabilum. Miðað er við meðaltalskostnað til einföldunar í stað þess að reikna þurfi út kostnað á stúdent í hverju einstöku tilviki. Gæta verður að því að stúdentar njóta ekki þeirra réttinda sem skráningu fylgja fyrr en að greiddu gjaldinu. Síðbúnar breytingar á nemendaskrá og fjölda stúdenta í einstökum námskeiðum leiða af sér allmikla aukna vinnu í stjórnsýslu Háskólans sem kostnaður verður af.

Kveðið er skýrt á um ráðstöfun skrásetningargjaldsins til Háskólans, Félagsstofnunar stúdenta og stúdentaráðs Háskóla Íslands, en ráðstöfun hluta skrásetningargjaldsins til stúdentaráðs styðst ekki við lög að óbreyttu samkvæmt áliti umboðsmanns Alþingis. Skrásetningargjaldið, sem Háskólinn innheimtir, er eitt og óskipt gjald, skilgreint sem sértekjur. Í samræmi við fjárhagslegt sjálfstæði Háskólans er honum í sjálfsvald sett hvernig hann ráðstafar tekjum sínum, en sérstaka heimild þarf til að ráðstafa tekjum til annarra aðila en Háskólans sjálfs. Heimild til að ráðstafa hluta skrásetningargjalds til Félagsstofnunar stúdenta er þegar til staðar í lögum nr. 33/1968, um Félagsstofnun stúdenta, og í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins er sett heimildarákvæði um ráðstöfun hluta gjaldsins til stúdentaráðs samkvæmt samningi á milli stúdentaráðs og Háskólans um þau verkefni sem stúdentaráði er ætlað að sinna. Sýnishorn draga að slíkum samningi fylgir með frumvarpi þessu, sbr. fylgiskjal I.

Framlag Háskólans til stúdentaráðs er grundvallað á sömu rökum og undanfarna áratugi. Stúdentar skulu hafa umsjón með nauðsynlegri starfsemi í háskólasamfélaginu og lýðræðislega kjörið stúdentaráð er ákjósanleg leið til að gera það markmið að veruleika. Ekki er um það að ræða að með þessu innheimti Háskólinn félagsgjöld stúdentaráðs af stúdentum, heldur ráðstafar hann hluta sértekna sinna til starfsemi þeirra samkvæmt samningi við stúdentaráð.

Í frumvarpinu er lagt er til að heiti gjaldsins verði óbreytt. Hugtakið skrásetningargjald hefur frá öndverðu verið notað yfir þau gjöld sem nemendum er ætlað að greiða ár hvert við skrásetningu í Háskóla Íslands, sbr. lög nr. 35/1909. Þannig var heiti gjaldsins til dæmis ekki breytt þótt það hafi verið tilgangur 1. tölul. 4. gr. laga nr. 33/1968, um Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands, að í orðinu skrásetningargjöld fælist einnig sjálfstætt gjald til Félagsstofnunar. Háskóli Íslands hefur ávallt litið svo á að undir skrásetningargjald falli þeir gjaldaliðir sem samkvæmt hefð og venju hafa verið innheimtir í áratugi við Háskóla Íslands. Þetta má enn fremur ráða af gildandi 7. mgr. 21. gr. laga um Háskóla Íslands, sem kom inn í lög um Háskóla Íslands, nr. 77/1979, þar sem segir að skrásetningargjöld skuli háð samþykki háskólaráðs og menntamálaráðherra.

2. mgr. er að efni sömu merkingar og gildandi 6. mgr. 21. gr. laganna.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Nauðsynlegt er að hafa ákvæði til bráðabirgða sem heimilar Háskólanum að ráðstafa hluta skrásetningargjalds til stúdentaráðs vegna háskólaársins 1995–96 sem hófst 5. september 1995. Innheimta skrásetningargjalds hefur þegar farið fram, en ekki er unnt að ráðstafa hluta þess til stúdentaráðs án lagastoðar. Upphæðin sem um ræðir, 2.175 kr. vegna hvers skráðs stúdents, er sú upphæð sem háskólaráð samþykkti að rynni til stúdentaráðs á fundi sínum 17. mars 1994.

Fylgiskjal I.

Drög að samningi Háskóla Íslands og stúdentaráðs Háskóla Íslands.

Háskóli Íslands og stúdentaráð Háskóla Íslands gera með sér svofelldan samning í samræmi við 21. gr. laga um Háskóla Íslands nr. 131/1990, sbr. lög nr. xx/1995.:

I.

Stúdentaráð (SHÍ) tekur að sér að skipuleggja þátttöku stúdenta í starfsemi Háskólans, sbr. nánari ákvæði í samningi þessum. Allir skráðir stúdentar hafa kosningarrétt og kjörgengi til ráðsins. Samingsaðilar eru sammála um að stúdentaráð beri ábyrgð á nauðsynlegri þátttöku stúdenta í háskólasamfélaginu og gæti hagsmuna þeirra.

II.

Háskóli Íslands greiðir SHÍ sem svarar allt að 2.500 kr. af upphæð skrásetningargjalds ár hvert, sbr. ákvæði 21. gr. laga um Háskóla Íslands, nr. 131/1990, og lög nr. xx/1995.

III.

Að minnsta kosti 30% af framlögum Háskólans til SHÍ renna í Stúdentasjóð, sem styrkir starfsemi deildar-, skorar- og stúdentaskiptafélaga innan Háskólans. Að öðru leyti er fjármunum sem stúdentaráð fær frá Háskólanum varið til að greiða kostnað við rekstur skrifstofu ráðsins, svo sem launakostnað tveggja starfsmanna, ljósritun, síma og fleira. Í kostnaði við rekstur skrifstofunnar felast einkum eftirfarandi liðir:

— Atvinnumiðlun námsmanna.
— Húsnæðismiðlun stúdenta.
— Réttindaskrifstofa stúdenta.
— Barnagæslumiðlun stúdenta.
— Kennslumiðlun stúdenta.
— Nýsköpunarsjóður námsmanna.
— Stúdentasjóður.
— Stúdentablaðið.

IV.

Kjörnefnd á vegum stúdentaráðs hefur umsjón með árlegri kosningu fulltrúa stúdenta í háskólaráð.

V.

Samningur þessi skal endurskoðaður í mars ár hvert áður en til innheimtu skrásetningargjalds kemur.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um Háskóla Íslands, nr. 131/1990.

Frumvarpið felur í sér styrkari lagastoð fyrir innheimtu og ráðstöfun skrásetningargjalda Háskóla Íslands. Gert er ráð fyrir að frumvarpið hafi ekki áhrif á fjárhag ríkissjóðs.

297. Frumvarp til laga [218. mál]

um breyting á lögum um Háskólann á Akureyri, nr. 51/1992, með síðari breytingu.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Hver sá sem staðist hefur stúdentspróf frá íslenskum skóla sem heimild hefur til að brautskrá stúdenta getur sótt um að skrá sig til náms við háskólann gegn því að greiða skrásetningargjald, 24.000 kr. Upphæð gjaldsins kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert. Háskólanefnd er heimilt með samningi að ráðstafa allt að 13% af gjaldinu til Félagsstofnunar stúdenta á Akureyri og allt að 10% til sérstakra verkefna samkvæmt samningi milli Háskólans á Akureyri og Félags stúdenta við Háskólann á Akureyri sem háskólanefnd staðfestir. Heimilt er að taka 15% hærra gjald af þeim sem fá leyfi til skrásetningar utan auglýstra skrásetningartímabila.

Háskólanefnd er heimilt að leyfa skrásetningu einstaklinga er lokið hafa öðrum prófum en tilgreint er í 1. mgr. ef hlutaðeigandi deild eða námsbraut telur að um sé að ræða fullnægjandi undirbúning til náms við háskólann. Heimilt er að setja í reglugerð nánari ákvæði um inntökuskilyrði.

Inntaka nemenda er í höndum háskólanefndar og getur hún að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis takmarkað fjölda þeirra sem hefja nám við deildir háskólans. Setja skal í reglugerð ákvæði er mæla fyrir um árlega skráningu nemenda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilgangur framgreindrar breytingar sem til er lögð er að treysta lagagrundvöll undir töku skrásetningargjalds af stúdentum við Háskólann á Akureyri en samkvæmt áliti umboðsmanns Alþingis, máli nr. 836/1993, dags. 19. maí 1995, er skrásetningargjald við Háskóla Íslands þjónustugjald og ekki nægilega skýrt í gildandi lögum hvaða kostnaðarliði megi fella þar undir og hvernig megi ráðstafa gjaldinu. Forsvarsmenn Háskólans á Akureyri telja að ef grannt væri skoðað yrði komist að svipaðri niðurstöðu varðandi samsvarandi ákvörðun um fjárhæð skrásetningargjalds við Háskólann á Akureyri enda eru lög háskólanna hvað þetta atriði varðar býsna áþekk.

Háskólinn á Akureyri leggur því áherslu á að sé það vilji stjórnvalda að háskólinn afli sértekna með þeim hætti að innheimta gjöld af nemendum verði löggjafinn að tryggja að lagaákvæði sem heimili slíka gjaldtöku séu skýr og ótvíræð. Hið sama gildir um ráðstöfun þeirra til annarra aðila en háskólans sjálfs. Hér er því lagt til að upphæð gjaldsins verði tilgreind en komi til árlegrar endurskoðunar við setningu fjárlaga. Jafnframt verði kveðið á um heimild til ráðstöfunar hluta hennar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gjaldaheimildin, sem háskólinn hefur, er í 1. mgr. 15. gr. laga nr. 51/1992, um Háskólann á Akureyri, en hún hljóðar svo:

„Hver sá sem staðist hefur stúdentspróf frá íslenskum skóla, sem heimild hefur til að brautskrá stúdenta, getur sótt um að skrá sig til náms við háskólann gegn því að greiða skrásetningargjald."

Samsvarandi gjaldaheimild við Háskóla Íslands er of þröng að áliti umboðsmanns Alþingis, þar sem líta verði á skrásetningargjaldið sem þjónustugjald sem þurfi að eiga sér beina stoð í lögum. Óheimilt er að taka hærra þjónustugjald en almennt nemur kostnaði við að veita þá þjónustu sem kveðið er á um í gjaldtökuheimildinni, í þessu tilviki skrásetningu. Að óbreyttu nægir því hugtakið skrásetningargjald ekki til að fella megi undir það ýmsa kostnaðarliði sem mæta þarf í rekstri háskólans í tengslum við margvíslega þjónustu sem stúdentum er veitt á námstímanum utan formlegra kennslustunda, svo sem skráningu stúdenta í námskeið og próf, upplýsingar um námsferil stúdenta, skipulag kennslu og prófa, kennsluskrá, vottorð, prófskírteini, aðgang að þjónustu skrifstofu háskólans, deildarskrifstofum, bókasafni og tölvum og prenturum háskólans. Heimildin í tillögunni til að taka 15% hærra gjald af þeim sem fá leyfi til skrásetningar utan auglýstra skrásetningartímabila er nauðsynleg til að mæta viðbótarkostnaði vegna aukinnar vinnu við innheimtu og óvissu sem skapast við endanlegt skipulag og framkvæmd kennslu komandi háskólaárs. Upphæð 15% álagsins á grunngjaldið miðast við áætlaða meðaltalsupphæð sem standa á undir hinum aukna kostnaði sem af þeim stúdentum hlýst sem ekki sinna skráningu á auglýstum tímabilum.

Í frumvarpinu er kveðið á um ráðstöfun skrásetningargjaldsins til háskólans, Félagsstofnunar stúdenta á Akureyri og Félags stúdenta við Háskólann á Akureyri en ráðstöfun hluta skrásetningargjaldsins til þessara aðila styðst ekki við lög að óbreyttu samkvæmt áliti umboðsmanns Alþingis. Skrásetningargjaldið er eitt og óskipt gjald og skilgreint sem sértekjur en háskólinn þarf sérstaka heimild til að ráðstafa tekjum til annarra aðila en há-

skólans sjálfs. Með setningu þessara laga er því lögfest heimildarákvæði um ráðstöfun hluta gjaldsins til Félagsstofnunar stúdenta á Akureyri og Félags stúdenta við Háskólann á Akureyri samkvæmt samningi á milli þessara aðila og háskólans um þau verkefni sem þeim er ætlað að sinna. Félagsstofnun stúdenta á Akureyri er sjálfseignarstofnun og starfar á grundvelli sérstakrar skipulagsskrár frá 26. október 1988 (sjá fskj. I). Með frumvarpi þessu fylgja drög að samningi milli Háskólans á Akureyri og Félagsstofnunar stúdenta á Akureyri (sjá fskj. II).

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Skipulagsskrá Félagsstofnunar stúdenta á Akureyri.

1. gr.

Stofnunin er sjálfseignarstofnun með sjálfstæðri fjárhagsábyrgð.

2. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að eiga og reka námsmannaíbúðir og annast aðra þjónustu við námsmenn, svo sem rekstur bóksölu, kaffistofu o.s.frv.

3. gr.

Aðild að stofnuninni eiga:

a. Háskólinn á Akureyri og allir skrásettir stúdenta innan hans.
b. Skjöldur, félag áhugamanna um eflingu Háskólans á Akureyri.
c. Sveitarfélög og aðrir, sbr. 4. gr.

4. gr.

Aðilar að stofnuninni skipa fulltrúaráð. Fulltrúaráð skal þannig skipað:

a. Háskólanefnd Háskólans á Akureyri tilnefnir tvo fulltrúa.
b. Félag stúdenta við Háskólann á Akureyri tilnefnir tvo fulltrúa.
c. Skjöldur, félag áhugamanna um eflingu Háskólans á Akureyri tilnefnir einn fulltrúa.
d. Eftirtöldum sveitarfélögum er heimilt að tilnefna a.m.k. einn fulltrúa hvert: Akureyri, Blönduós, Dalvík, Húsavík, Ólafsfjörður, Sauðárkrókur og Siglufjörður.
e. Fulltrúaráði er heimilt að veita fleiri sveitarfélögum eða öðrum aðilum aðild að fulltrúaráðinu enda hafi þeir lagt fé til stofnunarinnar.

5. gr.

Fulltrúaráð skal vera stjórn stofnunarinnar til ráðgjafar og aðstoða hana við fjáröflun.

6. gr.

Stjórn stofnunarinnar er skipuð fimm mönnum og er kjörtímabil þeirra tvö ár. Stjórnina skal skipa svo sem hér segir: Fulltrúaráðið tilnefnir tvo menn og tvo til vara úr hópi þeirra sem eiga aðild skv. c-, d- og e-lið 4. gr. Félag stúdenta við Háskólann á Akureyri tilnefnir tvo menn og tvo til vara. Háskólinn á Akureyri tilnefnir einn mann og einn varamann.

7. gr.

Starfsár stjórnar og rekstrarár er almanaksár. Stjórnin skal skila árlegri starfsskýrslu.

8. gr.

Stjórnin skiptir með sér verkum, kýs sér formann, varaformann, ritara og gjaldkera er bera skal ábyrgð á fjárreiðum. Formaður boðar til funda. Sérhver stjórnarmaður getur krafist fundar í stjórn stofnunarinnar. Fundir teljast löglegir ef fjórir stjórnarmanna sitja fund. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

9. gr.

Gjaldkeri skal eigi síðar en 30. júní ár hvert senda Ríkisendurskoðun reikninga stofnunarinnar fyrir síðastliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári.

10. gr.

Frá og með 1. janúar 1989 skal formaður stofnunarinnar tilkynna sjóðaskrá hverjir skipa stjórn hverju sinni.

11. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru:

a. Tekjur af rekstri stofnunarinnar.
b. Gjafir sem stofnuninni kunna að berast.
c. Hluti af árlegum innritunargjöldum námsmanna eftir nánari ákvæðum í reglugerð um Háskólann á Akureyri.
d. Framlag úr ríkissjóði eftir því sem Alþingi ákveður hverju sinni.

12. gr.

Tekjur stofnunarinnar renna allar til hennar sjálfrar.

13. gr.

Stjórn stofnunarinnar ráðstafar tekjum hennar í samræmi við 2. gr. skipulagsskrár þessarar.

14. gr.

Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

15. gr.

Verði stofnunin lögð niður renna eignir hennar allar til Háskólans á Akureyri.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar tilnefnt er í stjórn í fyrsta sinn skal annar fulltrúi stúdenta í stjórn stofnunarinnar vera skipaður til eins árs en hinn til tveggja. Sami háttur skal hafður á um fyrstu tilnefningu fulltrúaráðs á stjórnarmönnum.

Samþykkt á stofnfundi 26. október 1988.

Fylgiskjal II.

Drög að samningi Háskólans á Akureyri og Félagsstofnunar stúdenta á Akureyri.

Háskólinn á Akureyri og Félagsstofnun stúdenta á Akureyri gera með sér svofelldan samning í samræmi við 15. gr. laga nr. 51/1992, um Háskólann á Akureyri, sbr. lög nr. xx/1995.

I.

Félagsstofnun stúdenta á Akureyri tekur að sér, sjálf eða í samvinnu við aðra, að eiga og reka námsmannaíbúðir og annast hvers konar þjónustu við námsmenn, svo sem rekstur bóksölu, kaffistofu o.fl., sbr. 2. gr. skipulagsskrár um stofnunina.

II.

Háskólinn á Akureyri greiðir Félagsstofnun stúdenta á Akureyri sem svarar 13% af upphæð skrásetningargjalds hvers nemenda ár hvert, sbr. ákvæði 15. gr. laga nr. 15/1992, um Háskólann á Akureyri, og lög nr. xx/1995.

III.

Samningur þessi skal endurskoðaður í mars ár hvert áður en innheimtu skrásetningargjalds kemur.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um Háskólann á Akureyri, nr. 51/1992.

Frumvarpið felur í sér styrkari lagastoð fyrir innheimtu og ráðstöfun skrásetningargjalda Hákólans á Akureyri. Gert er ráð fyrir að frumvarpið hafi ekki áhrif á fjárhag ríkissjóðs.

298. Tillaga til þingsályktunar [219. mál]

um loftpúða í bifreiðum.

Flm.: Ólafur Örn Haraldsson, Guðni Ágústsson, Hjálmar Árnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að því að veittur verði afsláttur af vörugjaldi bifreiða sem búnar eru sérstökum loftpúðum í öryggisskyni.

Greinargerð.

Loftpúðar í bifreiðar voru fundnir upp í Bandaríkjunum fyrir meira en 50 árum. Hugmyndin var síðan endurvakin á síðasta áratug er Bandaríkjamenn hófu að leita nýrra leiða til að draga úr afleiðingum umferðarslysa. Evrópskir bílaframleiðendur fóru á sama tíma að huga að því hvernig hægt væri að koma í veg fyrir aukinn fjölda hálsáverka sem leiddi af almennari notkun öryggisbelta og hófu í framhaldi af því að þróa loftpúðakerfið.

Í stuttu máli virka loftpúðarnir þannig að bak við fremri stuðara eða á öðrum hentugum stað eru skynjarar sem bregðast við árekstri. Yfirleitt er miðað við árekstur sem verður á meiri hraða en 20–30 km á klst. Púðinn, sem komið er fyrir í stýri bílsins, er blásinn upp með gasi og fyllist hann á u.þ.b. 0,02 sek. eða í tæka tíð til að taka við högginu sem verður þegar höfuð ökumannsins skellur á stýri bílsins. Til þess að forða því að höfðuð ökumannsins kastist til baka þegar það lendir á púðanum byrjar gasið að leka úr honum strax eftir að hann hefur fyllst. Tilraunir hafa sýnt að púðarnir bregðast nánast aldrei, þeir fyllast nær undantekningarlaust af gasi ef árekstur er nægilega harður.

Víða um lönd hafa nú þegar verið settar reglur um að allir nýir bílar skuli búnir loftpúðum, svo sem í Bandaríkjunum, Þýskalandi og Hollandi. Í áætlun sem fjöldi alþjóðlegra bílaframleiðanda tók þátt í að gera er talið að árið 2000 verði komnir loftpúðar í alla bíla í Bandaríkjunum, í 60% bíla í Japan og í 70% bíla í Evrópu.

Rannsóknir sýna að notkun loftpúða dregur verulega úr fjölda alvarlegra áverka af völdum umferðarslysa. Þannig hefur reynslan af notkun loftpúða í Bandaríkjunum leitt í ljós að dauðaslysum fækkar um 20%. Gildir það bæði um þá sem nota öryggisbelti og enn frekar þá sem ekki spenna beltin. Rannsókn á tíðni meðal- og alvarlegra áverka í umferðinni í Bandaríkjunum árið 1991 sýndi að slíkir áverkar voru 25–29% færri meðal ökumanna í bifreiðum af árgerð 1990 sem búnar voru loftpúðum en meðal ökumanna í

bifreiðum af sömu árgerð sem einungis voru búnar bílbeltum. Innlagnir á sjúkrahús voru 24% færri meðal ökumanna í bifreiðum sem búnar voru loftpúðum. Þannig eru loftpúðar þýðingarmikill öryggisbúnaður til viðbótar við öryggisbelti.

Flestir eru sammála um að nauðsynlegt sé að hafa loftpúða í öllum bifreiðum í framtíðinni. Eins og lögum er nú háttað hækkar öryggisbúnaður eins og loftpúðar bílverð verulega. Afsláttur af vörugjaldi bifreiða sem búnar eru loftpúðum ætti að vera sjálfsagt mál. Með slíkum afslætti aukast líkur á örari útbreiðslu loftpúða í bifreiðum. Þó að tekjur ríkissjóðs skerðist sem nemur afslættinum af vörugjaldinu skila þeir peningar sér margfaldlega í minni kostnaði af völdum umferðarslysa.

299. Tillaga til þingsályktunar [220. mál]

um bókaútgáfu.

Flm.: Ólafur Örn Haraldsson, Anna Jensdóttir, Drífa Sigfúsdóttir, Guðni Ágústsson, Hjálmar Árnason, Ísólfur Gylfi Pálmason, Kristjana Bergsdóttir, Magnús Stefánsson, Stefán Guðmundsson, Valgerður Sverrisdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja markvissar aðgerðir til þess að styrkja stöðu bókarinnar og efla bókaútgáfu á Íslandi. Markmiðið með aðgerðunum verði að efla íslenska tungu og glæða menntun og menningu þjóðarinnar jafnframt því að örva ritun bóka og bæta lestrarhæfni og aðstöðu til náms. Enn fremur verði haft að markmiði að auka atvinnustarfsemi tengda prentun, útgáfu og sölu bóka. Skipaður verði starfshópur sem móti tillögur um aðgerðir til eflingar bókinni. Í starfshópnum verði m.a. fulltrúar menntastofnana, námsmanna, kennara, aðila prentiðnaðarins, bókaútgefenda, neytenda og launþega. Hópurinn skili tillögum sínum fyrir lok mars 1996.

Greinargerð.

Ótvíræðar vísbendingar vitna um að óheillavænleg áhrif sæki að íslenskri tungu og að hún muni eiga í harðnandi samkeppni. Þá getur lítið málsamfélag þjóðarinnar lent í hættu innan skamms tíma. Staða bókarinnar kann að ráða úrslitum um þessa þróun en á síðustu árum hefur bóklestur dregist saman, lestrarkunnáttu hefur hrakað, skilningur ungs fólks á rituðu máli hefur rýrnað, ritun bóka hefur dalað, bókaútgáfa hefur verið á undanhaldi, útgefnum titlum hefur fækkað, bóksala hefur minnkað og bókakostnaður námsmanna hefur vaxið. Áhrif þessa hafa einnig verið alvarleg fyrir prentun, bókaútgáfu og annað atvinnulíf sem bókum tengist.

Íslensk tunga er sá stofn sem ber uppi íslenska menningu. Án rótfastrar og lifandi tungu eru Íslendingar sviptir þeim sérkennum og samkennd sem æ fleiri þjóðir gera sér grein fyrir að er nauðsynleg um leið og þær vilja auka samstarf hver við aðra. Íslendingar vilja flestir taka þátt í slíku samstarfi og njóta þeirra jákvæðu áhrifa sem menning annarra þjóða getur haft á þjóðlíf okkar. Við þurfum að geta tekið fullan þátt í alþjóðasamskiptum en jafnframt haldið einkennum okkar og gróskumikilli menningu.

Stórar og öflugar þjóðir svo sem Frakkar, Bretar, Norðmenn og fleiri leggja ofuráherslu á sérkenni og fegurð þjóðtungu sinnar og telja nauðsynlegt að verja málsamfélög sín með stuðningi við bókina.

Bókin flytur þá næringu sem tungunni og menningunni er nauðsynleg. Skammsýni og andvaraleysi getur leitt til óheillaþróunar sem ekki verður við snúið, jafnvel þó að miklum fjármunum yrði til kostað. Aðgerðir til þess að styrkja stöðu bókarinnar eru því aðkallandi.

300. Frumvarp til laga [221. mál]

um breytingar á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985, sbr. lög nr. 50/1995.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

Í stað orðanna „skipulagningu nýrra svæða“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: alla skipulagsgerð.

2. gr.

3. gr. laganna verður svohljóðandi:

Veðurstofa Íslands skal annast gerð hættumats skv. 2. gr. á grundvelli sérfræðilegrar þekkingar á eðli og afleiðingum snjóflóða.

Reglur um notkun á hættumati, flokkun hættusvæða og nýtingu þeirra, svo og gerð varnarvirkja, skulu settar af umhverfisráðherra, að höfðu samráði við Veðurstofuna.

Almannavarnir ríkisins skulu annast gerð neyðaráætlana og sjá um leiðbeiningar og almenningsfræðslu um hættu af ofanflóðum í samvinnu við Veðurstofuna.

3. gr.

4. gr. laganna verður svohljóðandi:

Þegar Veðurstofa Íslands gefur út viðvörun um staðbundna snjóflóðahættu og lýsir yfir hættuástandi skal fólk flutt á brott úr öllu húsnæði á svæðum, sem tilgreind skulu í viðvörun Veðurstofunnar, í samræmi við gildandi neyðaráætlun. Svæði þessi skulu afmörkuð á sérstökum uppdráttum sem Veðurstofan skal sjá um að gera á grundvelli sérfræðilegrar þekkingar á eðli og afleiðingum snjóflóða. Skulu uppdrættirnir staðfestir af umhverfisráðherra og kynntir Almannavörnum ríkisins og almannavarnanefndum á hlutaðeigandi stöðum.

Lögreglustjóri og almannavarnanefnd sjá um að rýma húsnæði skv. 1. mgr. og má beita valdi í því skyni ef þörf krefur. Á meðan hættuástand varir er öll umferð bönnuð um það svæði, sem rýmt hefur verið, nema með sérstöku leyfi lögreglustjóra.

Veðurstofan tekur ákvörðun um það hvenær hættuástandi skuli aflétt, að höfðu samráði við lögreglustjóra og almannavarnanefndir.

4. gr.

6. gr. laganna verður svohljóðandi:

Veðurstofa Íslands skal ráða starfsmenn til að kanna og fylgjast með landfræðilegum og veðurfarslegum aðstæðum með tilliti til hættu af snjóflóðum og/eða skriðuföllum í þeim umdæmum þar sem þörf er á slíkum athugunum. Veðurstofan skal hafa samráð við hlutaðeigandi lögreglustjóra við ráðningu þessara starfsmanna.

5. gr.

7. gr. laganna verður svohljóðandi:

Sveitarstjórn lætur, að fengnu samþykki nefndar skv. 8. gr., gera tillögu að varnarvirkjum fyrir hættusvæði sem byggð eru eða byggð verða samkvæmt aðalskipulagi.

Sé hagkvæmara talið, til að tryggja öryggi íbúa gagnvart ofanflóðum, er sveitarstjórn heimilt að gera tillögu um að kaupa eða flytja húseignir í stað annarra varnaraðgerða sem ofanflóðasjóður fjármagnar að hluta eða öllu leyti samkvæmt þessum lögum.

Greiðsla úr sjóðnum miðast við staðgreiðslumarkaðsverð sambærilegra húseigna í sveitarfélaginu utan hættusvæða. Við ákvörðun þess skal ekki tekið tillit til hækkunar á markaðsverði sem rekja má til ákvörðunar um kaup á húseignum á hættusvæði.

Heimilt er að miða greiðslu úr sjóðnum við framreiknað kaupverð húseignar, sem keypt hefur verið á síðustu árum, ásamt mati á kostnaði núverandi eiganda af endurbótum hennar, ef fyrir liggur að staðsetning húseignar á hættusvæði eða í námunda við það hefur haft áhrif til lækkunar markaðsverðs.

Eigi húseigandi ekki kost á sambærilegri húseign í sveitarfélaginu til kaups og byggi hann nýja húseign í sveitarfélaginu til íbúðar fyrir sig og fjölskyldu sína er heimilt að miða greiðslu úr sjóðnum við brunabótamat vátryggingafélags sem í gildi var á þeim tíma þegar ofanflóð féll. Sé ákveðið að inna greiðslu af hendi vegna yfirvofandi hættu, án þess að flóð hafi fallið, er við sömu aðstæður heimilt að miða hana við brunabótamat vátryggingafélags sem í gildi var við síðustu áramót. Sé brunabótamat hærra en endurstofnverð húseignar, að frádregnum afskriftum vegna aldurs og byggingarefnis eignarinnar, skal greiðsla miðast við endurstofnverð sem þannig er reiknað.

Sjóðurinn greiðir ekki fyrir kaup á húseign, sem unnt er að flytja, nema heildarkostnaður við flutning sé hærri en staðgreiðslumarkaðsverð.

Hlutaðeigandi sveitarsjóður verður eigandi húseigna sem keyptar eru samkvæmt þessari grein.

Náist ekki samkomulag um kaup á húseign er sveitarstjórn heimilt að taka eignina eignarnámi.

Ekki má hefja byggingar á óbyggðum hættusvæðum né þétta þá byggð, sem fyrir er á hættusvæðum, fyrr en tilskildum varnarvirkjum hefur verið komið upp.

6. gr.

8. gr. laganna verður svohljóðandi:

Tillaga sveitarstjórnar skv. 7. gr. ásamt framkvæmda- og kostnaðaráætlun skal lögð fyrir þriggja manna nefnd, skipaða fulltrúum umhverfisráðherra, félagsmálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fallist nefndin á tillöguna öðlast sú ákvörðun gildi að fenginni staðfestingu umhverfisráðherra.

Ráðherra getur sett nánari reglur um störf nefndar skv. 1. mgr.

7. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: umhverfisráðherra.
b. Við 2. tölul. 1. mgr. bætist: skv. 3. gr. og uppdrátta skv. 4. gr.

c. Í stað orðanna „má allt að 100% af kostnaði“ í fyrri málslið 3. tölul. 1. mgr. kemur: skal allan kostnað.
d. Í stað orðanna „hönnun og auka nýtingu“ í síðari málslið 3. tölul. 1. mgr. kemur: hættumat og hönnun.
e. 1. málsl. 2. mgr. hljóðar svo: Umhverfisráðherra ákveður úthlutun úr ofanflóðasjóði að fengnum tillögum Veðurstofu Íslands, þegar um er að ræða úthlutun skv. 1.–3. tölul., en að fengnum tillögum nefndar skv. 8. gr., þegar um er að ræða úthlutun skv. 4.–5. tölul.

8. gr.

Í stað orðanna „ofanflóðanefndar, sbr. 4. gr.“ í 13. gr. laganna kemur: nefndar skv. 8. gr.

9. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 14. gr. laganna kemur: Umhverfisráðherra.

10. gr.

Á eftir 14. gr. laganna bætist við ný grein er hljóðar svo:

Endurskoða skal lög þessi á árinu 1996 og skal stefnt að því að frumvarp til nýrra laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum verði lagt fyrir Alþingi eigi síðar en í desembermánuði 1996.

11. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er hljóðar svo:

Starfsmenn þeir, sem ráðnir hafa verið af lögreglustjórum skv. 6. gr. laganna, skulu sjálfkrafa verða starfsmenn Veðurstofu Íslands, enda skulu laun þeirra og önnur kjör ekki verða lakari við þá breytingu en um hefur verið samið.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í kjölfar umræðna í ríkisstjórn um að stjórnsýsla varna gegn snjóflóðum og skriðuföllum væri óþarflega flókin samkvæmt gildandi lögum skipaði forsætisráðherra nefnd til að semja frumvarp til laga um breytingar á samnefndum lögum.

Í nefndina voru skipuð: Eiríkur Tómasson prófessor, formaður, Berglind Ásgeirsdóttir ráðuneytisstjóri, tilnefnd af félagsmálaráðherra, Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Magnús Jóhannesson ráðuneytisstjóri, tilnefndur af umhverfisráðherra, og Þorsteinn Geirsson ráðuneytisstjóri, tilnefndur af dóms- og kirkjumálaráðherra. Ritari nefndarinnar hefur verið Kristján Andri Stefánsson fulltrúi í forsætisráðuneytinu.

Upphaflega var nefndinni falið að gera tillögur sem tryggðu að vald og ábyrgð færu saman á þessu sviði stjórnsýslunnar. Í kjölfar snjóflóðsins, sem féll á byggðina á Flateyri 26. október sl., var nefndinni jafnframt falið að gera tillögur að nauðsynlegum breytingum á lögunum til að tryggja öryggi fólks, eftir því sem kostur væri, ef hætta skapaðist á snjóflóðum. Enn fremur fékk nefndin það verkefni að fella inn í frumvarpið

ákvæði um greiðslur úr ofanflóðasjóði til eigenda þeirra húseigna, sem keyptar kunna að verða vegna yfirvofandi snjóflóðahættu.

Nefndin hefur unnið að gerð frumvarps þessa eins hratt og framast var unnt. Á fund hennar hennar komu fjölmargir þeirra sem best þekkja til þessa málaflokks, bæði embættismenn og sérfræðingar, auk þess sem haldinn var sérstakur fundur með framkvæmdastjórum þeirra sveitarfélaga þar sem snjóflóðahætta er talin mest. Segja má að samstaða sé, a.m.k. í meginatriðum, meðal allra þessara aðila um þær breytingar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Vegna þess hve lítill tími hefur verið til stefnu og einnig þess hve skipuleg vinna við nýtt hættumat, í ljósi breyttra aðstæðna, er skammt á veg komin eru nefndarmenn sammála um að leggja það til, í fullu samráði við alla hagsmunaaðila, að einungis verði að þessu sinni gerðar lágmarksbreytingar á gildandi lögum. Hins vegar verði stefnt að heildarendurskoðun laganna á næsta ári með það fyrir augum að frumvarp til nýrra laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum verði lagt fyrir Alþingi að ári liðnu, sbr. 10. gr. frumvarpsins. Við þá endurskoðun má hafa hliðsjón af niðurstöðum úr rannsóknum vísindamanna á eðli og afleiðingum snjóflóða, en fyrstu niðurstöður þeirra eru væntanlegar um eða upp úr næstu áramótum, svo og af reynslunni af því breytta stjórnsýsluskipulagi sem hér er lagt til að tekið verði upp. Jafnframt þarf að tryggja ofanflóðasjóði auknar tekjur til að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt lögunum.

Breytingar þær sem frumvarpið gerir ráð fyrir á núgildandi lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum eru þríþættar:

Í fyrsta lagi er lagt til að yfirstjórn þessa málaflokks verði færð frá félagsmálaráðherra til umhverfisráðherra þar sem gert er ráð fyrir að rannsóknir og forvarnir verði í höndum Veðurstofu Íslands, sem lýtur yfirstjórn umhverfisráðuneytis. Jafnframt verði svonefnd ofanflóðanefnd lögð niður. Samkvæmt þessu færist það verkefni að annast gerð hættumats frá Almannavörnum ríkisins til Veðurstofunnar. Snjóathugunarmenn verði jafnframt starfsmenn Veðurstofunnar en ekki sýslumanna á hlutaðeigandi stöðum þótt athugunarmenn verði ráðnir í samráði við þá, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að ofanflóðasjóður verði áfram í vörslu Viðlagatryggingar Íslands, en umhverfisráðherra ákveði fjárveitingar úr sjóðnum að fengnum tillögum Veðurstofunnar að því er varðar 1.–3. tölul. 11. gr. laganna, en sérstakrar nefndar sem skipuð er fulltrúum umhverfisráðherra, félagsmálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga að því er varðar 4.–5. tölul. 11. gr., sbr. nánar 7. gr. frumvarpsins.

Í öðru lagi er í 3. gr. frumvarpsins gerð tillaga um, a.m.k. til bráðabirgða, á meðan beðið er eftir nýju endurskoðuðu hættumati, að gerðar verði áætlanir um að rýma húsnæði á afmörkuðum svæðum þegar Veðurstofan gefur út viðvörun um staðbundna snjóflóðahættu og lýsir yfir sérstöku hættuástandi. Þessum neyðaráætlunum er ætlað að tryggja öryggi fólks, eftir því sem kostur er, og má alls ekki leggja þau svæði, sem þannig kunna að verða rýmd, að jöfnu við hættusvæði samkvæmt hættumati því að stefnt er að því að einungis þurfi að flytja fólk á brott af hluta rýmingarsvæðanna við tiltekin veðurskilyrði. Vonir standa til þess að með aukinni þekkingu á eðli og afleiðingum snjóflóða verði svo smám saman hægt að afmarka og skilgreina rýmingarsvæðin enn betur. Svo sem fram kemur í 3. gr. frumvarpsins er Veðurstofunni fengið það vandasama og að sumu leyti vanþakkláta hlutverk að ákveða hvenær tilgreind svæði skuli rýmd og er þá lögreglustjóra og almannavarnanefnd skylt að sjá um að flytja fólk á brott af svæðunum, með valdi ef þörf krefur, í samræmi við gildandi neyðaráætlun. Lagt er til að þær áætlanir verði hér eftir sem hingað til gerðar á vegum Almannavarna ríkisins og al-

mannavarnanefndar á hverjum stað, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Þótt ráð sé fyrir því gert að í lögum verði skilið á milli ákvörðunar um rýmingu og framkvæmdar á þeirri ákvörðun, ef hætta skapast á snjóflóði, ber að leggja áherslu á nauðsyn þess að allir þeir aðilar, sem að málum þessum koma, hafi með sér nána samvinnu og er ýmsum ákvæðum frumvarpsins, þar sem mælt er fyrir um samráð og samvinnu, einmitt ætlað að stuðla að því.

Loks er í þriðja lagi lagt til að teknar verði upp í lögin reglur um tilhögun á greiðslum úr ofanflóðasjóði til eigenda þeirra húseigna sem keyptar kunna að verða eða fluttar vegna yfirvofandi snjóflóðahættu, en reglur þessar er nú að finna í reglugerð nr. 440/1995, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Reglur þessar gera ráð fyrir mismunandi tilhögun á greiðslum eftir því hvort húseigandi, sem ekki á kost á sambærilegri húseign, hyggst byggja nýja húseign fyrir sig og fjölskyldu sína í sveitarfélaginu eða hvort hann hyggur á brottflutning. Af þeim sökum er tryggara að reglurnar verði lögfestar. Tilgangur mismunandi greiðslutilhögunar er fyrst og fremst að styrkja byggð í sveitarfélögum þar sem snjóðflóð hafa fallið eða snjóflóðahætta er yfirvofandi. Greiðslur til þeirra sem hyggjast búa áfram í heimabyggð sinni geta þar með samkvæmt reglunum orðið hærri en greiðslur til þeirra sem ætla að flytja á brott. Samt sem áður verður að hafa í huga að staðgreiðslumarkaðsverð nýrra húseigna, sem byggðar kunna að vera á umræddum stöðum, verður líklega mun lægra en greiðslunum nemur, a.m.k. eins og sakir standa, þannig að eigendurnir verða að þessu leyti ekki betur settir fjárhagslega en þeir eru nú.

Texti laganna, verði frumvarp þetta að lögum, er til hægðarauka birtur í heild sinni sem fylgiskjal I hér á eftir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til, í ljósi fenginnar reynslu, að tekið verði af skarið um að framvegis verði ekki aðeins tekið tillit til hættumats við skipulagningu nýrra svæða heldur við alla skipulagsvinnu, án tillits til þess hvort um er að ræða ný eða eldri svæði.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er lögð sérstök áhersla á að hættumat skuli unnið á grundvelli sérfræðilegrar þekkingar á eðli og afleiðingum snjóflóða. Með þessu orðalagi á jafnframt að vera girt fyrir að önnur sjónarmið geti haft áhrif á gerð hættumats. Þótt Veðurstofunni sé falið að annast það verkefni getur hún að sjálfsögðu leitað til sérfræðinga utan stofnunarinnar við framkvæmd þess, jafnt innan lands sem utan.

Þótt hættumat verði framvegis byggt á sérfræðilegri þekkingu þarf á grundvelli þess að setja reglur um hvernig það skuli notað, t.d. við áframhaldandi skipulagsvinnu. Þar sem slíkar reglur hljóta að byggjast á pólitísku mati, a.m.k. að einhverju leyti, er í 2. mgr. lagt til að ráðherra setji þær sjálfur og beri þannig á þeim ábyrgð í stað þess að hann staðfesti þær einvörðungu, svo sem mælt er fyrir um í núgildandi lögum.

Um 3. mgr. vísast til þess sem að framan segir um breytt hlutverk Almannavarna ríkisins á sviði snjóflóðavarna.

Um 3. gr.

Efni þessarar greinar hefur áður verið lýst. Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að uppdrættir, þar sem rýmingarsvæði eru afmörkuð, verði unnir á grundvelli sérfræðilegrar þekkingar á sama hátt og hættumat. Uppdrættirnir verði unnir á ábyrgð Veðurstofunnar og staðfestir af umhverfisráðherra, en síðan kynntir yfirvöldum almannavarna.

Sé lögreglustjóri búsettur á stað, þar sem hættuástandi hefur verið lýst yfir, fer hann skv. 2. mgr. með stjórn á brottflutningi fólks af rýmingarsvæðum, en annars hreppstjóri í umboði hans, í samvinnu við almannavarnanefnd. Sem fyrr segir er gert ráð fyrir að beita megi valdi í þessu skyni og kæmi það fyrst og fremst í hlut lögreglu þótt ekki væri loku fyrir skotið að aðrir gætu gert það ef lögreglu nyti ekki við.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að sveitarstjórn geti ekki hafist handa um að láta gera tillögu að varnarvirkjum með tilheyrandi kostnaði, sem greiddur er úr ofanflóðasjóði, nema nefnd sú sem gert er ráð fyrir að sett verði á stofn skv. 6. gr. frumvarpsins, hafi áður samþykkt að ráðist verði í vinnu við hönnun nýrra varnarvirkja og aðra þvílíka undirbúningsvinnu.

Í 3.–7. mgr. hafa verið teknar efnislega óbreyttar reglur um tilhögun á greiðslum úr ofanflóðasjóði sem nú er að finna í 6. og 9. gr. reglugerðar nr. 440/1995, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Þó hefur heimild til að greiða húseigendum kostnað vegna nýrra gatnagerðargjalda, auk brunabótamats, verið felld á brott. Orðalagi hefur að auki verið breytt á nokkrum stöðum til að gera reglurnar skýrari, þ. á m. er nú tiltekið í 5. mgr. við hvaða tímamark skuli miða ef greitt er samkvæmt brunabótamati og við hvert endurstofnverð skuli miða ef greitt er samkvæmt því. Með hugtakinu „endurstofnverð" er átt við áætlaðan heildarbyggingarkostnað húsa, án opinberra gjalda og án lóðarfrágangs. Frá endurstofnverði eru síðan dregnar afskriftir vegna hlutaðeigandi eignar. Þessar breytingar hafa verið gerðar til að tryggja að húseigendur, sem hyggjast byggja að nýju í sveitarfélaginu, án þess að hús þeirra hafi eyðilagst eða skemmst í snjóflóði, fái áþekkar bætur og þeir sem t.d. hafa misst hús sín í slíku flóði og fengið bætur frá Viðlagatryggingu Íslands á grundvelli laga nr. 55/1992.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 7. gr.

Efni þessarar greinar þarfnast fárra viðbótarskýringa. Í c-lið er lagt til að skylt verði að greiða úr ofanflóðasjóði allan kostnað við kaup og uppsetningu á tækjum og búnaði sem sérstaklega er aflað til rannsókna og eftirlits með hættu á snjóflóðum og skriðuföllum. Þá er, að ábendingu þeirra sérfræðinga sem vinna að snjóflóðarannsóknum, í d-lið gerð tillaga að orðalagsbreytingu á niðurlagi 3. tölul. 11. gr. gildandi laga.

Um 8.–12. gr.

Greinarnar þarfnast ekki frekari skýringa.

Fylgiskjal I.

Lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum,
nr. 28/1985, sbr. lög nr. 50/1995 og 102/1995,
með innfelldum breytingum, verði frumvarp þetta að lögum.
(Breytingar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, eru feitletraðar.)

1. gr.

Vinna skal að vörnum gegn tjóni og slysum af völdum snjóflóða og skriðufalla svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Samheitið ofanflóð er hér eftir notað um snjóflóð og skriðuföll.

2. gr.

Meta skal hættu á ofanflóðum í þeim sveitarfélögum þar sem ofanflóð hafa fallið á byggð eða nærri henni eða hætta er talin á slíku.

Hættumat skal ná til byggðra svæða, svo og annarra svæða sem skipuleggja skal.

Taka skal fullt tillit til hættumats við **alla skipulagsgerð** og skal matið lagt fram sem fylgiskjal með skipulagstillögu.

3. gr.

Veðurstofa Íslands skal annast **gerð** hættumats **skv. 2. gr. á grundvelli sérfræðilegrar þekkingar á eðli og afleiðingum snjóflóða.**

Reglur um **notkun á hættumati**, flokkun hættusvæða og nýtingu þeirra, svo og gerð varnarvirkja skulu **settar** af **umhverfisráðherra, að höfðu samráði við Veðurstofuna.**

Almannavarnir ríkisins skulu annast gerð neyðaráætlana og sjá um leiðbeiningar og almenningsfræðslu um hættu af ofanflóðum í samvinnu við Veðurstofuna.

4. gr.

Þegar Veðurstofa Íslands gefur út viðvörun um staðbundna snjóflóðahættu og lýsir yfir hættuástandi skal fólk flutt á brott úr öllu húsnæði á svæðum, sem tilgreind skulu í viðvörun Veðurstofunnar, í samræmi við gildandi neyðaráætlun. Svæði þessi skulu afmörkuð á sérstökum uppdráttum sem Veðurstofan skal sjá um að gera á grundvelli sérfræðilegrar þekkingar á eðli og afleiðingum snjóflóða. Skulu uppdrættirnir staðfestir af umhverfisráðherra og kynntir Almannavörnum ríkisins og almannavarnanefndum á hlutaðeigandi stöðum.

Lögreglustjóri og almannavarnanefnd sjá um að rýma húsnæði skv. 1. mgr. og má beita valdi í því skyni ef þörf krefur. Á meðan hættuástand varir er öll umferð bönnuð um það svæði, sem rýmt hefur verið, nema með sérstöku leyfi lögreglustjóra.

Veðurstofan tekur ákvörðun um það hvenær hættuástandi skuli aflétt, að höfðu samráði við lögreglustjóra og almannavarnanefndir.

5. gr.

Veðurstofa Íslands skal annast öflun gagna um snjóflóð og snjóflóðahættu og úrvinnslu úr þeim. Hún skal annast mælingar á snjóalögum og rannsóknir á þeim með sérstöku tilliti til snjóflóðahættu og gefa út viðvaranir um hana.

6. gr.

Veðurstofa Íslands skal ráða starfsmenn til að kanna og fylgjast með landfræðilegum og veðurfarslegum aðstæðum með tilliti til hættu af snjóflóðum og/eða skriðuföllum í þeim umdæmum þar sem þörf er á slíkum athugunum. **Veðurstofan skal** hafa samráð við **hlutaðeigandi lögreglustjóra** við ráðningu þessara starfsmanna.

7. gr.

Sveitarstjórn lætur, **að fengnu samþykki nefndar skv. 8. gr.**, gera tillögu að varnarvirkjum fyrir hættusvæði sem byggð eru eða byggð verða samkvæmt aðalskipulagi.

Sé hagkvæmara talið, til að tryggja öryggi íbúa gagnvart ofanflóðum, er sveitarstjórn heimilt að gera tillögu um að kaupa **eða flytja** húseignir í stað annarra varnaraðgerða sem ofanflóðasjóður fjármagnar að hluta eða öllu leyti samkvæmt þessum lögum.

Greiðsla úr sjóðnum miðast við staðgreiðslumarkaðsverð sambærilegra húseigna í sveitarfélaginu utan hættusvæða. Við ákvörðun þess skal ekki tekið tillit til hækkunar á markaðsverði sem rekja má til ákvörðunar um kaup á húseignum á hættusvæði.

Heimilt er að miða greiðslu úr sjóðnum við framreiknað kaupverð húseignar, sem keypt hefur verið á síðustu árum, ásamt mati á kostnaði núverandi eiganda af endurbótum hennar, ef fyrir liggur að staðsetning húseignar á hættusvæði eða í námunda við það hefur haft áhrif til lækkunar markaðsverðs.

Eigi húseigandi ekki kost á sambærilegri húseign í sveitarfélaginu til kaups og byggi hann nýja húseign í sveitarfélaginu til íbúðar fyrir sig og fjölskyldu sína er heimilt að miða greiðslu úr sjóðnum við brunabótamat vátryggingafélags sem í gildi var á þeim tíma þegar ofanflóð féll. Sé ákveðið að inna greiðslu af hendi vegna yfirvofandi hættu, án þess að flóð hafi fallið, er við sömu aðstæður heimilt að miða hana við brunabótamat vátryggingafélags sem í gildi var við síðustu áramót. Sé brunabótamat hærra en endurstofnverð húseignar, að frádregnum afskriftum vegna aldurs og byggingarefnis eignarinnar, skal greiðsla miðast við endurstofnverð sem þannig er reiknað.

Sjóðurinn greiðir ekki fyrir kaup á húseign, sem unnt er að flytja, nema heildarkostnaður við flutning sé hærri en staðgreiðslumarkaðsverð.

Hlutaðeigandi sveitarsjóður verður eigandi húseigna sem keyptar eru samkvæmt þessari grein.

Náist ekki samkomulag um kaup á húseign er sveitarstjórn heimilt að taka eignina eignarnámi.

Ekki má hefja byggingar á óbyggðum hættusvæðum né þétta þá byggð, sem fyrir er á hættusvæðum, fyrr en tilskildum varnarvirkjum hefur verið komið upp.

8. gr.

Tillaga sveitarstjórnar **skv. 7. gr.** ásamt framkvæmda- og kostnaðaráætlun **skal lögð** fyrir **þriggja manna nefnd, skipaða fulltrúum umhverfisráðherra, félagsmálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fallist nefndin á tillöguna öðlast sú ákvörðun gildi að fenginni** staðfestingu **umhverfis**ráðherra.

Ráðherra getur sett nánari reglur um störf nefndar skv. 1. mgr.

9. gr.

Sveitarstjórnir skulu annast framkvæmdir hver í sínu umdæmi í samræmi við samþykktar áætlanir. Framkvæmdir skulu unnar á grundvelli útboða þar sem því verður við komið. Áður en framkvæmdir hefjast skal liggja fyrir staðfesting ráðherra, sbr. 8. gr.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á viðhaldi varnarvirkja.

10. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, ofanflóðasjóð, er sé í vörslu Viðlagatryggingar Íslands. Tekjur sjóðsins skulu vera:

1. 5% af árlegum heildariðgjaldatekjum Viðlagatryggingar Íslands. Á árunum 1995–99, eða vegna fimm næstu iðgjaldaára, verða þær þó 10% aukaálag á iðgjöld viðlagatrygginga samkvæmt lögum nr. 36/1995 og á árunum 1995–2000, eða vegna sex næstu iðgjaldaára, 38% af heildariðgjaldatekjum Viðlagatryggingar Íslands.
2. Árlegt framlag á fjárlögum í samræmi við framkvæmdaáætlun sem lögð skal fram við gerð fjárlaga hverju sinni.
3. Aðrar tekjur.

11. gr.

Fé ofanflóðasjóðs, sbr. 10. gr., skal notað til að greiða kostnað við varnir gegn ofanflóðum sem hér segir:

1. Greiða skal allan kostnað vegna athugana skv. 6. gr. í samræmi við nánari reglur sem umhverfisráðherra setur.
2. Greiða skal allan kostnað við gerð hættumats skv. 3. gr. og uppdrátta skv. 4. gr.
3. Greiða skal allan kostnað við kaup og uppsetningu á tækjum og búnaði sem sérstaklega er aflað til rannsókna og eftirlits með ofanflóðahættu. Sama gildir um kostnað við rannsóknir sem miða að því að bæta hættumat og hönnun varnarmannvirkja.
4. Greiða má allt að 90% af kostnaði við undirbúning og framkvæmdir við varnarvirki. Kostnaður við kaup á löndum, lóðum og húseignum auk kostnaðar við flutning þeirra vegna varna telst með framkvæmdakostnaði.
5. Greiða má allt að 60% af kostnaði við viðhald varnarvirkja.

Umhverfisráðherra ákveður úthlutun úr ofanflóðasjóði að fengnum tillögum **Veðurstofu Íslands, þegar um er að ræða úthlutun skv. 1.–3. tölul., en að fengnum tillögum nefndar skv. 8. gr., þegar um er að ræða úthlutun skv. 4.–5. tölul.** Ráðherra er heimilt að veita sveitarfélögum lán úr ofanflóðasjóði sem nemur klostnaðarhlut þeirra skv. 4. tölul. 1. mgr., enda sé viðkomandi sveitarfélagi ofviða að leggja fram sinn kostnaðarhlut. Um lánskjör fer eftir nánari ákvörðun ráðherra.

12. gr.

Fella skal niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af efni og tækjum sem flutt eru sérstaklega til landsins til varna gegn ofanflóðum.

13. gr.

Kostnaður vegna nefndar **skv. 8. gr.** greiðist úr ríkissjóði.

14. gr.

Umhverfisráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

15. gr.

Endurskoða skal lög þessi á árinu 1996 og skal stefnt að því að frumvarp til nýrra laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum verði lagt fyrir Alþingi eigi síðar en í desembermánuði 1996.

Ákvæði til bráðabirgða.

Starfsmenn þeir sem ráðnir hafa verið af lögreglustjórum skv. 6. gr. laga þessara skulu sjálfkrafa verða starfsmenn Veðurstofu Íslands, enda skulu laun þeirra og önnur kjör ekki verða lakari við þá breytingu en um hefur verið samið.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneytið,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985, sbr. lög nr. 50/1995.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem skipuð var til að semja frumvarp til breytinga á lögum um snjóflóð og skriðuföll, m.a. með það að markmiði að vald og ábyrgð fari saman á þessu sviði stjórnsýslunnar sem talin er óþarflega flókin í núgildandi lögum. Jafnframt þarf að gera sérstakt átak í endurskoðun á forsendum hættumats vegna snjóflóða. Rétt er að geta þess að skv. 10. gr. frumvarpsins skal endurskoða lög þessi á árinu 1996 og stefnt að því að frumvarp til nýrra laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum verði lagt fyrir Alþingi eigi síðar en í desembermánuði 1996. Þeir þættir sem að mati fjármálaráðuneytis munu helst hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs eru eftirfarandi:

1. Í frumvarpinu er lagt til að yfirstjórn þessa málaflokks verði færð frá félagsmálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis. Ofanflóðanefnd hefur haft umsjón með ofanflóðasjóði og því hafa útgjöld í félagsmálaráðuneyti til þessa málaflokks verið lítil. Nú er hins vegar gert ráð fyrir að leggja ofanflóðanefnd niður og má ætla að útgjöld umhverfisráðuneytis vegna umsýslu með ofanflóðasjóði o.fl. sem tengist þessum málaflokki geti samsvarað kostnaði við um hálft stöðugildi eða um 1 m.kr. á ári.
2. Ofanflóðanefnd verður lögð niður en á móti skipuð þriggja manna nefnd með fulltrúum umhverfisráðherra, félagsmálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ekki er ljóst hve mikið starfsumfang þessarar nýju nefndar verður en hér er gert ráð fyrir að á móti kostnaðarauka vegna hennar verði sparnaður af niðurlagningu ofanflóðanefndar. Ætla má að kostnaður vegna ofanflóðanefndar nemi 400–500 þús. kr. á ári.

3. Með lögum nr. 50/1995, um breytingu á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985, og verði frumvarp þetta óbreytt að lögum hefur það í för með sér aukið starfsumfang Veðurstofu Íslands þar sem stofnunin þarf að leggja meiri áherslu á að afla sérfræðilegrar þekkingar á eðli og afleiðingum snjóflóða. Í frumvarpi til fjáraukalaga 1995 er gerð tillaga um 9 m.kr. fjárveitingu til Veðurstofunnar til þess að efla starfsemi á sviði snjóflóðavarna, einkum til kaupa á tækjabúnaði, og í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1996 er lagt til að útgjöld hennar verði aukin um 15 m.kr. vegna þessa málaflokks. Í ljósi þess að gera þarf sérstakt átak í endurskoðun á forsendum hættumats vegna snjóflóða og snjóflóðaspáa er talið nauðsynlegt að auka fjárveitingu til Veðurstofu Íslands enn frekar, eða um 12–13 m.kr. á næsta ári.
4. Í 11. gr. er kveðið á um að ofanflóðasjóður skuli greiða allan kostnað við gerð hættumats og uppdrátta en hið síðarnefnda er breyting frá núgildandi lögum. Sjóðurinn kostar einnig eftirlitsmenn sem kveðið er á um í 4. gr. og útgjöld tengd þeim. Að auki skal greiða úr sjóðnum allan kostnað við kaup og uppsetningu á tækjum og búnaði sem sérstaklega er aflað til rannsókna og eftirlits með ofanflóðahættu en í núgildandi lögum er heimild til að greiða allan þann kostnað. Talið er að framangreindar breytingar geti haft í för með sér 10–15 m.kr. útgjaldaauka á ári fyrir ofanflóðasjóð. Sjóðurinn kostar nú störf fjögurra sérfræðinga sem vinna að sérstöku rannsókna- og hættumatsverkefni í samstarfi við Háskóla Íslands og Veðurstofu Íslands. Fyrirhugað er að verkefninu ljúki um mitt næsta ár en að mati Veðurstofu Íslands eru áframhaldandi störf við rannsóknir forsenda gerðar hættumats.

   Samkvæmt lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum hefur ofanflóðasjóður til ráðstöfunar 5% af tekjum af iðgjöldum viðlagatrygginga eða um 20 m.kr. á ári. Að auki er framlag á fjárlögum og er það 6,5 m.kr. í fjárlögum 1995. Með breytingu á lögum um Viðlagatryggingu Íslands á 118. löggjafarþingi og breytingu á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum á 119. löggjafarþingi er gert ráð fyrir að til ofanflóðasjóðs skuli renna 10% aukaálag á iðgjöld viðlagatrygginga næstu fimm ár og 38% af heildariðgjaldatekjum Viðlagatryggingar Íslands næstu sex ár. Að mati framkvæmdastjóra Viðlagatrygginga Íslands mun þetta auka tekjur sjóðsins um 220–230 m.kr. á ári næstu fimm ár. Í september á þessu ári var eign sjóðsins um 160 m.kr. og er talið að eign hans í upphafi árs 1996 verði 300–350 m.kr.
5. Í 5. gr. er fjallað um heimildir til að kaupa eða flytja húseignir og er ákvæðið efnislega óbreytt frá lögum nr. 50/1995 en með þeim voru gerðar breytingar á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Ógerlegt er að leggja mat á hugsanleg kostnaðaráhrif þessa ákvæðis. Við bætast ákvæði um tilhögun á greiðslum úr ofanflóðasjóði en þær eru að mestu óbreyttar frá ákvæðum reglugerðar nr. 440/1995, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

301. Lög [155. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Alþingi 7. des.)

Samhljóða þskj. 286.

302. Fyrirspurn [222. mál]

til dómsmálaráðherra um símahleranir.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hvaða lagaákvæði hafa gilt eða gilda um símahleranir hér á landi?
2. Hversu oft hafa heimildir verið veittar til símahlerana á ári undanfarin tíu ár og hve mörg símanúmer hafa verið hleruð?
3. Í hve langan tíma hafa heimildirnar verið veittar
   a. lengst,
   b. að meðaltali?
4. Eru einhver dæmi um aðrar símahleranir á vegum ráðuneytanna en þær sem að framan eru nefndar?
5. Hefur utanríkisráðuneytið látið stunda símahleranir? Ef svo er, hverjar og af hvaða tilefni?

Skriflegt svar óskast.

303. Fyrirspurn [223. mál]

til samgönguráðherra um upptökumannvirki til skipaviðgerða.

Frá Ólafi Erni Haraldssyni.

1. Hefur ríkissjóður á sl. fjórum árum tekið þátt í kaupum eða viðhaldi á eldri hafnar- eða upptökumannvirkjum?
2. Hefur verið gerð greining á þörfum fyrir upptökumannvirki til skipaviðgerða? Liggur slík greining til grundvallar við núverandi forgangsröð og áætlanagerð um upptökumannvirki?
3. Hafa fjárveitingar ríkisins til upptökumannvirkja, til skipasmíða og skipaviðgerða á sl. fimm árum skekkt eðlilega samkeppnisstöðu fyrirtækja í skipaviðgerðum í landinu?
4. Hefur verið unnið í samræmi við niðurstöður skýrslu ráðgjafarfyrirtækisins A&P Appledore International Ltd., sem var unnin fyrir iðnaðarráðuneytið 1989, en í þeirri skýrslu var varað við frekari fjárfestingum í upptökumannvirkjum í landinu? Gilda þær enn um hagkvæmni skipasmíðaiðnaðarins í landinu?

304. Frumvarp til laga [224. mál]

um breytingu á lögum um laun forseta Íslands, nr. 10/1990.

Flm.: Ólafur Hannibalsson, Svanfríður Jónasdóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Guðný Guðbjörnsdóttir, Ólafur Örn Haraldsson, Pétur H. Blöndal.

1. gr.

Orðin „og er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum“ í 2. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1996. Jafnframt fellur úr gildi 1. tölul. 4. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981.

Greinargerð.

Nokkur umræða hefur orðið á undanförnum árum um skattfrelsi forseta Íslands. Telja verður óeðlilegt að launakjör forsetans felist að verulegu leyti í skattfríðindum og eru flutningsmenn sammála um að eðlilegra sé að laun forseta Íslands sæti almennum reglum. Best fari á því að launakerfi ríkisins sé gagnsætt: æðstu embættismenn þjóðarinnar hafi laun sem hefji þá yfir fjárhagsáhyggjur meðan þeir gegna starfi sínu, en um leið sæti þau almennri meðferð um skatta og önnur opinber gjöld.

Þessi skoðun hlýtur að teljast meira í takt við þá tíma sem við nú lifum en þau ákvæði sem gildandi eru, enda hefur þróunin verið sú á undanförnum árum að fyrri fríðindi embættismanna hafa verið afnumin og þeim breytt í beinar launagreiðslur. Einnig hefur löggjöf í Evrópu verið að þróast í þá átt að fyrri fríðindi þjóðhöfðingja hafa ýmist verið skert eða afnumin með öllu. Er það líka í samræmi við þá þróun löggjafar í vestrænum ríkjum að allir skuli jafnir fyrir lögunum. Má raunar segja að sú breyting, sem hér er lögð til, sé í anda hinnar nýju jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar sem Alþingi samþykkti sl. vor.

Í stjórnarskránni segir þetta eitt um launagreiðslur til forseta (2. mgr. 9. gr.): „Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra, sem fara með forsetavald. Óheimilt skal að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans.“

Um þetta segir dr. Bjarni Benediktsson í greininni „Um lögkjör forseta Íslands“ (Tímarit lögfræðinga, 4. hefti 1951, bls. 226): „Þetta síðasttalda ákvæði er sett til þess, að Alþingi geti ekki beitt fjárkúgun við forseta eða hann verði því um of fjárhagslega háður, og nær það ekki aðeins til hinna föstu launa, heldur einnig til annarra greiðslna, sem forseta er veittur réttur til með lögum.“

Af þessu leiðir að kjörum forseta verður ekki breytt nema fyrir upphaf kjörtímabils hans. Því er rétti tíminn til breytinga nú, ef menn á annað borð telja að breytingar séu tímabærar, og rétt að Alþingi taki um það ákvörðun áður en séð verður, og án tillits til, hver næstur muni gegna embætti forseta Íslands.

Við forsetakjör hefur komið upp spurningin um skattfrelsi forseta Íslands og ákveðnir hópar hafa lýst yfir vilja sínum til þess að afnema það og stutt frambjóðendur sem lýst hafa sig sömu skoðunar. Staðreyndin er sú að þá er það of seint samkvæmt því stjórnarskrárákvæði sem dr. Bjarni gerir að umtalsefni. Innan kjörtímabilsins verður kjörum forseta ekki breytt. Breytir þar engu hver kann að vera persónuleg skoðun forseta á þessum fríðindum. Um þetta segir prófessor Jónatan Þórmundsson í greininni „Skattskylda einstaklinga" (Tímarit lögfræðinga, 1. hefti 1982, bls. 25): „Hvorki forsetinn né maki hans geta afsalað sér skattfrelsi sínu almennt. Ef svo væri, gætu þessir aðilar í raun breytt lögum. Ríkisvaldið ákveður einhliða í lagaformi jafnt skattskyldu sem skattfrelsi. Ef forsetinn kýs að inna af hendi til hins opinbera fjárhæðir, er svara skattgreiðslum af tekjum, eignum og öðru, er þar um frjáls framlög að ræða, sem ekki hagga við skattfrelsinu. Skattyfirvöldum væri óheimilt að ákvarða forseta og maka hans skattgreiðslur, þótt beiðni bærist frá þeim þess efnis. Þar að auki mæla efnisrök gegn slíkum afsalsrétti. Löggjafarástæður þessara skattfrelsisákvæða eru opinbers eðlis og varða hefðbundna virðingu og forréttindi þjóðhöfðingja, en ekki persónuleg sjónarmið þess, er gegnir embætti hverju sinni."

Hér ber að sama brunni og hjá dr. Bjarna: Alþingi ber að ákvarða launakjör forseta áður en kjörtímabil hans hefst og innan kjörtímabilsins verður kjörunum ekki breytt. Við ákvörðun þessara launakjara ber Alþingi að hafa í huga reisn þjóðhöfðingjaembættisins: Forsetinn verður að vera fjárhagslega óháður löggjafar- og framkvæmdarvaldinu á kjörtímabili sínu. Hins vegar verður ekki séð að lausn forseta og maka hans undan hvers konar sköttum og skyldum séu ákjósanlegasta leiðin til þess. Það er hins vegar Alþingis að segja síðasta orðið í þeim efnum.

Frumvarp sama efnis var flutt af Ólafi Þ. Þórðarsyni á 115. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu.

Fylgiskjal I.

Bjarni Benediktsson:

Um lögkjör forseta Íslands.

(Úr grein í Tímariti lögfræðinga, 4. hefti, 1951.)

VII. Um launagreiðslur til forseta segir í 2. mgr. 9. gr. stjskr.: Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra, sem fara með forsetavald. Óheimilt skal að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans.

Þetta síðasttalda ákvæði er sett til þess, að Alþingi geti ekki beitt fjárkúgun við forseta eða hann verði því um of fjárhagslega háður, og nær það ekki aðeins til hinna föstu launa, heldur einnig til annarra greiðslna, sem forseta er veittur réttur til með lögum.

1) Um laun forseta Íslands er ákveðið með lögum nr. 37 17. júní 1944. Segir þar í 1. gr., að forsetinn hafi að launum 50.000 kr. á ári og að auki verðlagsuppbót samkvæmt lögum. Launin ásamt verðlagsuppbót greiðast á venjulegan hátt, mánaðarlega fyrir fram. Þetta ákvæði hefur verið skilið svo, að verðlagsuppbót hefur verið greidd eftir þeim lög-

um, þ.e. lögum nr. 48/1942, sbr. þingsk. 28. ágúst 1942, sem giltu þegar lög nr. 37/1944 voru sett, þ.e. áður en launalögin, nr. 60/1945, tóku gildi.

...

2) Þá hefur forseti ókeypis bústað, ljós og hita skv. 2. gr. laga nr. 37/1944, og allan útlagðan kostnað forseta vegna reksturs embættisins ber að greiða úr ríkissjóði sérstaklega, sbr. 3. gr. sömu laga.

E.t.v. má deila um, við hvað sé átt, þegar sagt er, að forseti skuli hafa ókeypis bústað, ljós og hita. Sjálfsagt er þar þó einungis átt við embættisbústað forseta, en skv. 12. gr. stjskr. hefur forseti lýðveldisins aðsetur í Reykjavík eða nágrenni. Það er sá bústaður, sem forseta er fenginn af hálfu ríkisvaldsins innan þessara marka, sem hann hefur ókeypis, ásamt ljósi og hita. Forseti á ekki kröfu til neins annars bústaðar á kostnað ríkisins en þessa.

Sjálfsagt ber ríkinu að leggja til í bústaðinn hæfileg húsgögn og annað slíkt, svo og að halda honum við með sæmilegum hætti. Um slíkar aðgerðir ber forseta að vísu að hafa hliðsjón af fjárlögum, en vitanlega á hann rétt á hæfilegu viðhaldi bústaðar og búsmuna, nægilegu ljósi og hita, og verður hann sjálfur að meta það innan hóflegra marka.

Sama máli gegnir um útlagðan kostnað hans við rekstur embættisins, en þar til telst risna, embættisferðalög, bifreiðar o.s.frv., en þennan kostnað á að borga eftir reikningi forseta. Þó mun sá háttur hafa komist á, a.m.k. síðari árin, að til risnu er goldin fastákveðin upphæð, án hliðsjónar af því, hvort henni er allri eytt í þessu skyni, og er það að vísu annað en lögin ætlast til.

Alþingi mundi ekki geta svipt forseta rétti til þessara greiðslna með því að veita ekki fé í þessu skyni á fjárlögum. En auðvitað ber forsætis- og fjármálaráðherrum að fylgjast með, að greiðslur fari ekki úr hófi fram.

VIII. Forseti Íslands er skv. 2. gr. laga nr. 37/1944 undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum.

Samkvæmt þessu er ótvírætt, að honum ber ekki að greiða nein bein opinber gjöld eða skatta, hvorki af embættistekjum sínum, öðrum tekjum né eignum.

Forseti er því undanþeginn tekjuskatti, stríðsgróðaskatti, útsvari og af fasteignum hans sýnist ekki eiga að borga fasteignaskatt eða nein fasteignagjöld, af einkabifreiðum hans ekki bifreiðagjöld. Hann er ekki gjaldskyldur af innflutningi sínum né heldur virðist hann, ef hann selur eignir sínar, þurfa að greiða viðskipta- og önnur slík gjöld. Um þinglýsingargjald, sem sumpart er greiðsla fyrir ákveðið verk, virðist e.t.v. vafasamara, en þó virðist ekki heimilt að krefjast greiðslu á því. Í framkvæmd mun þinglýsingargjald hafa verið greitt, án þess að greiðslu væri krafist.

Hið algera skattfrelsi forseta tekur fráleitt til atvinnurekstrar hans. Að vísu mundu hreinar tekjur forseta af atvinnurekstrinum ekki verða skattlagðar. Hins vegar er fráleitt, að t.d. innflutningur verslunar, sem forseti ræki, nyti undanþágu frá innflutningsgjöldum, vörusala hans væri laus við söluskatt, né mundi verksmiðja, sem rekin væri á ábyrgð forseta, komast hjá því að borga gjald af innlendum tollvörutegundum framleiðslu sinnar, framleiðslugjald, söluskatt og annað þvílíkt.

Nokkur vafi kann að vera á, hvernig fari, ef forseti kaupir innlendar framleiðsluvörur, sem skattskyldar eru. Ef talið er, að gjöldin séu lögð á framleiðendur eða seljendur, verða þeir að greiða þau. En ef kaupandi er talinn gjaldskyldur, mundi forseti ekki þurfa að greiða gjald af slíkum kaupum. Vandinn er sá, að jafnvel þótt seljandinn sé gjaldskyldur, mundi verðið geta lækkað, ef gjaldið félli niður og verðlækkunin þess vegna í

þessu tilfelli raunverulega verða forseta að gagni. Í framkvæmd mun gjald hafa verið greitt af slíkri innlendri framleiðslu, þótt forseti sé kaupandi.

Fylgiskjal II.

Jónatan Þórmundsson prófessor:

Skattfrelsi einstaklinga.

(Úr greininni Skattskylda einstaklinga í Tímariti lögfræðinga, 1. hefti, 1982.)

VII. . . . 2) *Almennt um skattfrelsi forseta Íslands og maka hans.* Óhjákvæmilegt er samhengisins vegna að fjalla um skattfrelsi forseta Íslands og maka hans skv. 4. gr. laga nr. 75/1981 í tengslum við hið almenna skattfrelsisákvæði 2. gr. laga nr. 3/1964. Samkvæmt því er forsetinn *undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum.* Ákvæðið er svo ótvírætt, að þrátt fyrir sérákvæðið í 1. tölul. 4. gr. laga nr. 75/1981 verður ekki gagnályktað á þann veg, að forsetinn geti orðið *skattskyldur* eftir yngri skattalögum, nema hið gagnstæða sé tekið fram. Skiptir ekki máli, þótt taldir séu upp ýmsir skattfrjálsir aðilar í hinum yngri skattalögum. Til þess að hnekkja þessu ákvæði með yngri lögum mundi þurfa skýlaust lagaákvæði, er gengi í aðra átt, eða a.m.k. sterk lögskýringargögn. Ákvæði 2. gr. laga nr. 3/1964 er bundið við forsetann persónulega og tekur því ekki til maka forseta.

Hvorki forsetinn né maki hans geta afsalað sér skattfrelsi sínu almennt. Ef svo væri, gætu þessir aðilar í raun breytt lögum. Ríkisvaldið ákveður einhliða í lagaformi jafnt skattskyldu sem skattfrelsi. Ef forsetinn kýs að inna af hendi til hins opinbera fjárhæðir, er svara skattgreiðslum af tekjum, eignum og öðru, er þar um frjáls framlög að ræða, sem ekki hagga við skattfrelsinu. Skattyfirvöldum væri óheimilt að ákvarða forseta og maka hans skattgreiðslur, þótt beiðni bærist frá þeim þess efnis. Þar að auki mæla efnisrök gegn slíkum afsalsrétti. Löggjafarástæður þessara skattfrelsisákvæða eru opinbers eðlis og varða hefðbundna virðingu og forréttindi þjóðhöfðingja, en ekki persónuleg sjónarmið þess, er gegnir embætti hverju sinni.

3) *Forseti Íslands og maki hans eru undanþegin tekjuskatti, eignarskatti, útsvari og aðstöðugjaldi,* sbr. 1. tölul. 4. gr. laga nr. 75/1981 og 21. og 36. gr. laga nr. 73/1980. Hið sama gildir um aðra skatta, ef lög um þá vísa til I. kafla laga nr. 75/1981, sbr. 1. gr. laga nr. 36/1981 og 2. gr. laga nr. 17/1981. Ekki skiptir máli, hvort um launatekjur er að ræða eða aðrar tekjur, t.d. arð af eignum eða hreinar tekjur af atvinnurekstri.[9] Skattfrelsið nær hins vegar ekki til fyrirtækis eða atvinnurekstrar, sem forseti er eigandi að eða á hlut í.

Maki forsetans er í ákvæðinu lagður að jöfnu við forsetann, þannig að hann er skattfrjáls af hvers konar tekjum og eignum eins og forsetinn. Hann verður líka að sæta sömu kjörum varðandi skattskyldu fyrirtækja, sem hann er eigandi að eða á hlut í. Sambýliskona (maður) forseta nýtur ekki góðs af ákvæðinu, það er bundið við hjúskap. Ákvæði

[9] Sjá *Ólafur Jóhannesson*, Stjórnskipun Íslands (2. útg. 1978), bls. 135.

3. mgr. 63. gr. og 81. gr. laga nr. 75/1981, um skattlagningu sambúðarfólks, eiga ekki heldur við. Það er ekki skilyrði fyrir skattfrelsi makans, að forsetahjónin búi saman, þótt vafalaust hafi verið gert ráð fyrir sambúð, þegar makanum var bætt við í ákvæðið.

Börn forsetans (forsetahjóna) eru skattskyld eftir venjulegum reglum af launatekjum og hliðstæðum tekjum, sbr. 6. gr. laga nr. 75/1981 og 21. og 2. mgr. 22. gr. laga nr. 73/1980. Ef börn forseta hafa skattskyldar tekjur, er forsetinn *framtalsskyldur* fyrir þau sem fjárhaldsmaður, sbr. 2. mgr. 91. gr. laga nr. 75/1981. Ef forseti og maki hans fara bæði með lögráð barna, eru þau bæði framtalsskyld. *Endranær eru forsetinn og maki hans ekki framtalsskyld,* meðan skattfrelsi þeirra varir, sbr. 1. mgr. 91. gr. laga nr. 75/1981. Forseti og maki hans *njóta ekki barnabóta* skv. 69. gr. laga nr. 75/1981. Að því leyti sem börn forseta (forsetahjóna) ættu að vera samsköttuð með foreldrum sínum falla einnig tekjur þeirra og eignir undir skattfrelsi forsetans (foreldranna).

Forsetinn og maki hans njóta skattfrelsis þann tíma, sem forsetinn gegnir embættinu, þ.e. frá því er hann tekur formlega við embætti forseta, þar til hann lætur af því. Eftirlaun forseta samkvæmt lögum nr. 26/1969 eru því ekki skattfrjáls, sbr. 1. gr. i.f. Við ákvörðun skattskyldu og skattfrelsis þarf að taka tillit til 2. mgr. 60. gr. laga nr. 75/1981 um tímaviðmiðun tekjuskattsstofns. Samkvæmt því þurfa forseti og maki hans að greiða tekjuskatt á því ári, sem forsetinn tekur við embætti, af þeim tekjum, sem urðu til á fyrra ári. Um tímaviðmiðun eignarskattsstofns, sjá 79. gr. sömu laga. Skattfrelsi forseta og maka hans helst, þótt handhafar forsetavalds gegni embættinu um stundarsakir og njóti þann tíma skattfrelsis af launum fyrir embættisræksluna.

4) *Hið almenna skattfrelsi forseta Íslands skv. 2. gr. laga nr. 3/1964* tekur bæði til beinna og óbeinna skatta, tekjustofna ríkis og sveitarfélaga og gildir án tillits til þess, hverjir skattstofnarnir eru. Forseti þarf því ekki að greiða fasteignaskatt af fasteignum sínum,[10] söluskatt né aðflutningsgjöld. Hins vegar á forsetinn að *greiða þjónustugjöld,* t.d. afnotagjald af útvarpi og sjónvarpi, þinglýsingargjald[11] og ýmis fasteignagjöld.[12]

Af framansögðu sést, að talsvert ber á milli um túlkun skattfrelsisákvæðisins í 2. gr. laga nr. 3/1964. Ákvæðið hefur verið í lögum allt frá því er Ísland fékk ríkisstjóra, sbr. 7. gr. laga nr. 25/1941. Engar skýringar á efni ákvæðisins komu fram í lögum nr. 25/1941 eða í lögskýringargögnum, hvorki í athugasemdum við frumvarpið né í umræðum á Alþingi. Slíkar skýringar hafa ekki heldur komið fram við síðari breytingar á lögunum. Með bréfi fjármálaráðuneytisins frá 7. febrúar 1969 var tekin afstaða til nokkurra vafatilvika við skýringu á 2. gr. laga nr. 3/1964, þegar um er að ræða aðflutningsgjöld og önnur gjöld af vörum, sem forseti Íslands kann að flytja til landsins. Var úrskurður ráðuneytisins á þá leið, „að forseti Íslands skuli undanþeginn tollum, söluskatti og öðrum ríkissjóðsgjöldum af vörum, sem hann flytur til landsins og telst persónulegur innflutningur hans. Innflutningur vara í þágu forsetaembættisins telst ekki undanþeginn aðflutningsgjöldum samkvæmt þessu lagaákvæði". Skattfrelsið nær hvorki til maka forseta né ann-

---

[10] Sbr. *Bjarni Benediktsson,* „Um lögkjör forseta Íslands", Tímarit lögfr., 4. hefti 1951, bls. 228. Gagnstæð niðurstaða kemur fram hjá *Ólafi Jóhannessyni,* Stjórnskipun Íslands (2. útg. 1978), bls. 135.

[11] *Bjarni Benediktsson* segir, að ef til vill sé vafasamt, hvernig fari um þinglýsingargjald, en þó virðist ekki heimilt að krefjast greiðslu á því. *Ólafur Jóhannesson* segir forseta ekki greiða þinglýsingargjöld, sjá tilvitnaðar heimildir í nmgr. 10.

[12] *Bjarni Benediktsson* virðist gera ráð fyrir, að sama regla gildi um öll fasteignagjöld, fasteignaskatt sem önnur gjöld, sjá tilvitnað rit í nmgr. 10.

arra heimilismanna eða starfsmanna. Allur innflutningur á vegum þessara aðila er því gjaldskyldur. Heimild forseta verður þó að teljast það rúm, að hún taki til innfluttra vara, sem ætlaðar eru fjölskyldu forsetans og öðru heimilisfólki til persónulegra nota, svo og hóflegra tækifærisgjafa handa vinum og vandamönnum. Forseti getur að sjálfsögðu látið annan mann hafa milligöngu fyrir sig um innflutning og tollafgreiðslu. Almenna reglan er sú, að forseti getur flutt inn hvaða vöru sem er án tillits til verðmætis hennar. Tollfrelsið tekur einnig til hluta, sem sendir eru forseta erlendis frá án endurgjalds. Tollfrelsi forseta breytir þó engu um almennar innflutningsreglur, sem banna, takmarka eða setja skilyrði fyrir innflutningi tiltekinna vörutegunda. Þessar reglur verður forseti að virða eins og aðrir. Undanþáguheimildin tekur ekki til innflutnings vegna fyrirtækis, sem forseti er eigandi að eða á hlut í, t.d. sölu eða leigu bifreiða.

Forseti Íslands nýtur skattfrelsis (tollfrelsis), meðan hann gegnir forsetaembætti, sjá bls. 26–27. Hann er því ekki undanþeginn opinberum gjöldum, t.d. söluskatti og aðflutningsgjöldum þann tíma, er líður frá forsetakjöri til embættistöku. Tollskyldar eru vörur, sem forseti hefur flutt inn, meðan hann gegndi embættinu, ef þær eru ekki tollafgreiddar fyrr en eftir að hann lætur af embætti. Skattfrelsi forseta helst, þótt handhafar forsetavalds gegni embættinu um stundarsakir vegna veikinda eða fjarveru forseta.

Úrskurður fjármálaráðuneytisins frá 7. febrúar 1969 tekur ekki til *varnings, sem flutt-ur er inn af öðrum en forseta og hann kaupir í verslunum hér á landi*. Slíkar vörur getur forseti ekki fengið keyptar án þess að leggja út fyrir aðflutningsgjöldum og söluskatti, þar sem seljandi vörunnar eða innflytjandi yrði að öðrum kosti sjálfur að bera þessi gjöld. Í lögum er engin heimild fyrir þessa aðila að fá gjöldin endurgreidd úr ríkissjóði. Af þessu mætti draga þá ályktun, að skattfrelsi forsetans sé takmarkað við eigin innflutning.[13] Sennilega verður þó að skýra 2. gr. laga nr. 3/1964 svo, að forsetinn eigi sjálfur rétt á endurgreiðslu úr ríkissjóði á aðflutningsgjöldum, vörugjöldum, m.a. af innlendri framleiðslu, og söluskatti.[14] Í framkvæmd hefur endurgreiðsluréttur forseta verið viðurkenndur að því er *söluskatt* varðar. Sama regla ætti sjálfsagt að gilda um tolla og vörugjöld, en endurgreiðsla þessara gjalda væri hins vegar mjög erfið í framkvæmd. Vitanlega getur forseti látið hjá líða að ganga eftir endurgreiðslu söluskatts og annarra gjalda, sem hann verður að leggja út fyrir.

5) *Handhafar forsetavalds* eru hvergi í lögum beinlínis undanþegnir skattskyldu. Verður því að skýra ákvæðin um skattfrelsi forsetans þröngt varðandi þá. Þeir munu vera framtalsskyldir eftir venjulegum reglum. En litið hefur verið svo á í framkvæmd, að laun þeirra vegna forsetastarfans séu skattfrjáls með sama hætti og laun forseta. Hins vegar njóta þeir vart skattfrelsis að öðru leyti.

---

[13] *Sigurgeir Jónsson*, Um persónulegt tollfrelsi (önnur tveggja kandidatsritgerða 1975), bls 7–8, sbr. *Bjarni Benediktsson*, „Um lögkjör forseta Íslands", Tímarit lögfr., 4. h. 1951, bls. 229, en þar er rætt um gjöld af innlendum framleiðsluvörum.

[14] Sjá *Ólafur Jóhannesson*, Stjórnskipun Íslands (2. útg. 1978), bls. 135.

305. Nefndarálit [118. mál]

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á sinn fund Húnboga Þorsteinsson, skrifstofustjóra í félagsmálaráðuneytinu.

Nefndin fékk sendar umsagnir frá bæjarráði Ísafjarðarkaupstaðar, héraðsnefnd Ísafjarðarsýslu og Landeigendafélagi Sléttu- og Grunnavíkurhrepps.

Lagt er til að Sléttuhreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu verði sameinaður Ísafjarðarkaupstað, en hreppurinn fór í eyði á sjötta áratugnum. Hlutaðeigandi aðilar hafa lýst sig sammála sameiningunni og því leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Bryndís Hlöðversdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. des. 1995.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Magnús Stefánsson.
Drífa Sigfúsdóttir.	Kristján Pálsson.	Pétur H. Blöndal.
Rannveig Guðmundsdóttir.		Einar K. Guðfinnsson.

306. Frumvarp til laga [225. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

Um breytingu á lögum nr. 71/1990, um Listskreytingasjóð ríkisins.

1. gr.

1. tölul. 3. gr. laganna orðast svo: Árlegt framlag úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

Um breytingu á lögum nr. 94/1984, um kvikmyndamál.

2. gr.

1. tölul. 5. gr. laganna orðast svo: Árlegt framlag úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

Um breytingu á lögum nr. 68/1985, útvarpslögum, með síðari breytingum.

3. gr.

Orðin „aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau“ í 2. mgr. 22. gr. laganna falla brott.

4. gr.

2. mgr. 23. gr. laganna fellur brott.

Um breytingu á lögum nr. 88/1989, þjóðminjalögum, með síðari breytingum.

5. gr.

2. og 3. mgr. 46. gr. laganna orðast svo:

Tekjur sjóðsins eru:

1. framlag ríkissjóðs eftir því sem ákveðið er í fjárlögum,
2. framlag sveitarfélaga,
3. frjáls framlög.

Framlag sveitarfélaga skal miðað við að það nemi 150 kr. á hvern íbúa hlutaðeigandi sveitarfélags.

Um breytingu á lögum nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, með síðari breytingum.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 1. tölul. orðast svo: Framlag ríkissjóðs eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.
b. 5. tölul. fellur brott.

Um breytingu á lögum nr. 84/1989, um búfjárrækt, með síðari breytingum.

7. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laganna, skal framlag ríkissjóðs til launa og vegna ræktunarstöðva eigi vera hærra en 34,8 m.kr. á árinu 1996.

Um breytingu á lögum nr. 56/1987, jarðræktarlögum, með síðari breytingum.

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. laganna, skal framlag ríkissjóðs til launa og aksturs héraðsráðunauta eigi vera hærra en 42,9 m.kr. á árinu 1996.

Um breytingu á lögum nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum.

9. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ráðherra skal heimilt að innheimta gjald af sláturleyfishöfum til greiðslu kostnaðar ríkissjóðs af yfirmati sem af lögum þessum leiðir. Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um innheimtu gjaldsins með reglugerð.

Um breytingu á lögum nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull, með síðari breytingum.

10. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ráðherra skal heimilt að innheimta gjald af sláturleyfum til greiðslu kostnaðar ríkissjóðs af yfirmati sem af lögum þessum leiðir. Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um innheimtu gjaldsins með reglugerð.

Um breytingu á lögum nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, með síðari breytingum.

11. gr.

C- og d-liður 3. gr. laganna falla brott.

Um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

12. gr.

Á eftir 2. mgr. 18. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Innheimta skal sérstakt gjald vegna afla báta er veiðar stunda með línu og handfærum með dagatakmörkunum skv. 1.–8. mgr. 6. gr. og vegna þess helmings afla sem ekki telst til aflamarks við línuveiðar yfir vetrarmánuðina skv. 6. mgr. 10. gr. Skal gjaldið vera jafnhátt gjaldi vegna tilkynningar um aflamark skv. 2. mgr. og gilda ákvæði þeirrar málsgreinar um gjald þetta eftir því sem við getur átt. Gjald samkvæmt þessari málsgrein skal innheimt árlega samhliða gjaldi vegna almenns veiðileyfis skv. 4. mgr. Skal gjaldið miðast við landaðan afla viðkomandi báts er veiðar stundar skv. 1.–8. mgr. 6. gr. á 12 mánaða tímabili frá 1. ágúst til 31. júlí fyrir upphaf hvers fiskveiðiárs og þann hluta línuafla hvers skips sem ekki taldist til aflamarks á næstliðnum vetri skv. 6. mgr. 10. gr. miðað við skráningu aflans í aflaupplýsingakerfi Fiskistofu.

13. gr.

Í stað orðanna „5. mgr.“ í 6. mgr. 18. gr. laganna er verður 7. mgr. koma orðin: 6. mgr.

14. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 4. málsl. 3. mgr. 18. gr. skal við innheimtu gjaldsins í fyrsta sinn 1. september 1996 miða gjaldið við landaðan afla viðkomandi krókabáts á sex mánaða tímabili frá 1. febrúar til 31. júlí 1996 og þann helming afla sem ekki telst til aflamarks við línuveiðar við afla landaðan í janúar og febrúar 1996 miðað við skráningu aflans í aflaupplýsingakerfi Fiskistofu.

Um breytingu á lögum nr. 36/1992, um Fiskistofu, með síðari breytingum.

15. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Fiskistofa getur með heimild ráðherra, og að höfðu samráði við Hagstofu Íslands, falið öðrum tiltekna þætti við söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga á sviði sjávarútvegs.

Um afnám laga nr. 90/1943, um reikningaskrifstofu sjávarútvegsins.

16. gr.

Lög nr. 90/1943, um Reikningaskrifstofu sjávarútvegsins, eru felld úr gildi.

Um breytingu á lögum nr. 21/1981, um kirkjubyggingasjóð.

17. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Ríkissjóður veitir fé til sjóðsins eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

Um breytingu á lögum nr. 69/1995, um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota.

18. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Bætur vegna einstaks verknaðar skulu ekki greiddar nema höfuðstóll kröfu sé 100.000 kr. eða hærri.

Ríkissjóður greiðir 50% af dæmdum eða ákvörðuðum bótum tjónþola. Af þannig ákvörðuðum bótum greiðir ríkissjóður ekki hærri fjárhæð en:

a. 250.000 kr. fyrir tjón á munum,
b. 2.500.000 kr. fyrir líkamstjón,
c. 400.000 kr. fyrir miska,
d. 750.000 kr. fyrir missi framfæranda.

19. gr.

Í stað orðanna „1. janúar 1996“ í 20. gr. laganna kemur: 1. júlí 1996.

20. gr.

Í stað orðanna „1. janúar 1996“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: 1. júlí 1996.

Um breytingu á lögum nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, með síðari breytingum.

21. gr.

1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Landið skiptist í 24 stjórnsýsluumdæmi auk Reykjavíkurumdæmis sem nær yfir Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstað, Mosfellsbæ, Kjalarneshrepp og Kjósarhrepp. Aðsetur sýslumanna eru sem hér segir: 1. Reykjavík, 2. Akranes, 3. Borgarnes, 4. Stykkishólmur, 5. Búðardalur, 6. Patreksfjörður, 7. Ísafjörður, 8. Hólmavík, 9. Blönduós, 10. Sauðárkrókur, 11. Siglufjörður, 12. Akureyri, 13. Húsavík, 14. Seyðisfjörður, 15. Neskaupstaður, 16. Eskifjörður, 17. Höfn í Hornafirði, 18. Vík í Mýrdal, 19. Hvolsvöllur, 20. Vestmannaeyjar, 21. Selfoss, 22. Keflavík, 23. Keflavíkurflugvöllur, 24. Hafnarfjörður, 25. Kópavogur. Umdæmi sýslumanna skv. 2.–25. tölul. skulu ákveðin með reglugerð að fenginni umsögn viðkomandi sýslumanna og sveitarstjórna.

Um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingum.

22. gr.

Þrátt fyrr ákvæði 40. gr. laganna skal verja allt að 40% af ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs fatlaðra á árinu 1996 til tiltekinna rekstrarverkefna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Um breytingu á lögum nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, með síðari breytingum.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laganna skulu tekjur af erfðafjárskatti á árinu 1996 umfram 257 m.kr. renna í ríkissjóð.

Um breytingu á lögum nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, með síðari breytingum.

24. gr.

C-liður 5. gr. laganna orðast svo: Framlag ríkissjóðs samkvæmt ákvörðun í fjárlögum.

Um breytingu á lögum nr. 93/1993, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

25. gr.

B-liður 5. gr. laganna fellur brott.

26. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Til Atvinnuleysistryggingasjóðs renna tekjur af atvinnutryggingagjaldi í samræmi við ákvæði laga um tryggingagjald.

27. gr.

15. gr. laganna fellur brott.

28. gr.

1. mgr. 23. gr. laganna orðast svo:

Hámarksbætur atvinnuleysistrygginga skulu nema 2.433 kr. á dag. Lágmarksbætur eru ¼ hluti sömu fjárhæðar. Fjárhæð hámarksbóta kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert. Þó er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta bótafjárhæð um allt að 3% frá forsendum fjárlaga ef verulegar breytingar verða á þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga.

29. gr.

Ákvæði til bráðabirgða V. í lögunum orðast svo:

Í samræmi við 5. mgr. 22. gr. skal stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt á árinu 1996, þrátt fyrir ákvæði 37. gr., að gera tillögu til að styrkja sérstök verkefni á vegum sveitarfélaga til eflingar atvinnulífi, enda verði dregið samsvarandi úr greiðslu atvinnuleysisbóta á viðkomandi stað. Úthlutun styrkja skal vera í samræmi við reglur sem ráðherra setur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Tillögur sjóðstjórnar um styrkveitingu skulu staðfestar af ráðherra.

Um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

30. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Nema annað sé tilgreint teljast til tekna skv. II. kafla laga þessara tekjur skv. II. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, að frádregnum tekjum skv. A-lið 1. mgr. 30. gr. sömu laga. Við ákvörðun tekjugrundvallar skulu tekjur skv. 3. tölul. C-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, metnar að 70 hundraðshlutum.

31. gr.

Við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verður 3. mgr, svohljóðandi:

Nú sinnir maður ekki lagaskyldu um greiðslu iðgjalda til lífeyrissjóðs samkvæmt lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum. Er þá heimilt að áætla honum tekjur sem koma til frádráttar greiðslu tekjutryggingar. Setja skal reglugerð með nánari ákvæðum um framkvæmd þessa frádráttar.

32. gr.

Í stað orðsins „lífeyristekjur“ í 3. mgr. 18. gr. laganna kemur: lífeyri úr lífeyrissjóðum og tekjur skv. 3. tölul. C-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

33. gr.

Við 31. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við ákvörðun á iðgjaldi vegna greiðslu slysatryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins á launum eða aflahlut sjómanna skv. 63. gr. skal tekið tillit til rekstrarkostnaðar slysatrygginga auk framlags í varasjóð, sbr. 2. mgr. Iðgjald þetta skal ákveða árlega með reglugerð.

34. gr.

10. mgr. 38. gr. laganna fellur brott.

35. gr.

65. gr. laganna orðast svo:

Bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 59. gr., skulu breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Heilbrigðisráðherra er þó heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta bótafjárhæðum allt að 3% frá forsendum fjárlaga, enda verði verulegar breytingar á þjóðhagsforsendum frá því að fjárlög voru samþykkt.

36. gr.

3. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum fellur brott.

Um breytingu á lögum nr. 113/1994, um eftirlaun aldraða.

37. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Kostnaður af eftirlaunum skv. I. kafla greiðist úr ríkissjóði.

38. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Kostnaður af eftirlaunum skv. II. kafla greiðist að ¾ hlutum úr ríkissjóði og að ¼ hluta af Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

39. gr.

2. málsl. 23. gr. laganna orðast svo: Viðbót þessi skal greidd úr ríkissjóði.

Um breytingu á lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

40. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Bætur félagslegrar aðstoðar eru mæðra- og feðralaun, barnalífeyrir vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmennis á aldrinum 18–20 ára, umönnunargreiðslur, endurhæfingarlífeyrir, makabætur, dánarbætur, heimilisuppbót, sérstök heimilisuppbót, frekari uppbætur, bætur vegna bifreiðakostnaðar, bifreiðakaupastyrkir og endurgreiðsla umtalsverðs kostnaðar við læknishjálp og lyf.

41. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Árleg mæðra- og feðralaun skulu vera sem hér segir:

Með tveimur börnum	37.728 kr.
Með þremur börnum eða fleiri	98.088 kr.

42. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Ef hlutaðeigandi er með barn yngra en 18 ára á framfæri eða við aðrar sérstakar aðstæður er heimilt að greiða bætur í a.m.k. 12 mánuði til viðbótar en þó aldrei lengri tíma en 48 mánuði, 12.139 kr. á mánuði.

43. gr.

7. gr. laganna fellur brott.

44. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Konur, sem fá greiddan ekkjulífeyri 31. desember 1995, skulu fá ekkjulífeyri greiddan til 67 ára aldurs enda uppfylli þær skilyrði fyrir greiðslu ekkjulífeyris sem giltu fyrir 1. janúar 1996. Greiðsla ekkjulífeyris til þessa hóps skal vera í samræmi við reglur um greiðslu ekkjulífeyris sem giltu fyrir 1. janúar 1996.

Um breytingu á lögum nr. 82/1989, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

45. gr.

2. og 3. málsl. 1. tölul. 10. gr. laganna orðast svo: Skal gjaldið nema 3.985 kr. á hvern gjaldanda. Fjárhæð gjaldsins kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert.

46. gr.

4. tölul. 12. gr. laganna orðast svo: Að veita rekstrarfé til stofnana fyrir aldraða í samræmi við ákvæði fjárlaga.

Um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

47. gr.

1. tölul. 21. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar stjórnir heilsugæslustöðva, einn eftir tilnefningu starfsliðs stöðvarinnar, þrjá er skulu kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnum og einn án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður. Kjörtímabil stjórna heilsugæslustöðva er hið sama og sveitarstjórna. Skipunartími fulltrúa ráðherra skal þó takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem skipaði hann.

48. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 30. gr. laganna:

a. 3. málsl. 1. tölul. orðast svo: Nefndin er skipuð til fjögurra ára í senn, þó þannig að skipunartími formanns nefndarinnar skal vera takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem skipaði hann.
b. Í stað 2. málsl. 3. tölul. koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Starfsmannaráð sjúkrahúsa tilnefna einn mann, hlutaðeigandi sveitarstjórn eða stjórnir þrjá og ráðherra einn; er hann jafnframt formaður stjórnarinnar. Skipunartími fulltrúa ráðherra skal takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem skipaði hann.

49. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum:

a. Í stað ártalsins „1995“ í 1. málsl. kemur: 1996.
b. Í stað orðanna „1. janúar 1996“ í 4. málsl. kemur: 1. janúar 1997.

50. gr.

2. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum orðast svo: Skipun bráðabirgðastjórnar Sjúkrahúss Reykjavíkur framlengist til 1. janúar 1997. Frá 1. janúar 1996 skal bráðabirgðastjórnin skipuð sjö fulltrúum, þremur frá Reykjavíkurborg, einum tilnefndum af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, einum af fjármálaráðherra, einum af yfirstjórn Sjálfseignarstofnunar St. Jósefsspítala og einum fulltrúa starfsmanna Sjúkrahúss Reykjavíkur. Starfsmannaráði Sjúkrahúss Reykjavíkur skal auk þess heimilt að tilnefna einn áheyrnarfulltrúa til setu á fundum stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Bráðabirgðastjórn Sjúkrahúss Reykjavíkur skal fara með yfirstjórn Sjúkrahúss Reykjavíkur í umboði borgarstjórnar Reykjavíkur.

Um breytingu á lögum nr. 39/1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, með síðari breytingu.

51. gr.

III. kafli laganna fellur brott.

Um breytingu á lögum nr. 117/1994, um skipulag ferðamála.

52. gr.

Í stað 1.–3. málsl. 1. mgr. 8. gr. laganna kemur nýr málsliður: Fjármagni því sem Ferðamálaráð hefur yfir að ráða skal varið á eftirfarandi hátt.

53. gr.

1. tölul. 21. gr. laganna orðast svo: Framlag úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

Um breytingu á hafnalögum, nr. 23/1994.

54. gr.

Við 31. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Tekjum af vörugjaldi skv. 1. og 3. tölul. 1. mgr. skal ráðstafað til sjóðsins eða til annarra þarfa samkvæmt ákvörðun Alþingis í fjárlögum hverju sinni.

Um breytingu á lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, með síðari breytingum.

55. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Tekjum af flugvallagjaldi skal varið til framkvæmda í flugmálum og rekstrar flugvalla.

Um breytingu á skipulagslögum, nr. 19/1964, með síðari breytingum.

56. gr.

33. gr. laganna orðast svo:

Kostnaður við mælingar, sem skipulagsstjóri framkvæmir, skal greiddur úr ríkissjóði. Skylt er sveitarfélagi að endurgreiða a.m.k. helming slíks kostnaðar vegna mælinga sem framkvæmdar eru í þess þágu.

Ef sveitarfélag annast mælingar skal kostnaður við þær mælingar greiddur úr sveitarsjóði, en skylt er ríkissjóði að endurgreiða allt að helming slíks kostnaðar eftir því sem nánar er kveðið á um í fjárlögum, enda hafi skipulagsstjórn samþykkt að sveitarfélagið annaðist mælingarnar.

57. gr.

1. og 2. mgr. 34. gr. laganna orðast svo:

Kostnaður við skipulagningu, sem skipulagsstjórn annast, skal greiddur úr ríkissjóði. Skylt er sveitarfélagi að endurgreiða a.m.k. helming slíks kostnaðar vegna skipulagningar sem framkvæmd er í þess þágu. Sama gildir um kostnað samvinnunefndar skv. 3. gr. Verði ágreiningur á milli sveitarfélaga um skiptingu kostnaðar sker ráðherra úr, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar.

Nú hefur sveitarstjórn annast fyrir eigin reikning undirbúning og gerð skipulagsuppdrátta í sínu sveitarfélagi með samþykki skipulagsstjórnar og undir yfirstjórn hennar, og er þá ráðherra heimilt að endurgreiða úr ríkissjóði allt að helming kostnaðar sveitarstjórnar við slíkar framkvæmdir eftir því sem nánar er kveðið á um í fjárlögum, þó eigi hærri fjárhæð en nemur helmingi þeirra gjalda sem greiðast af gjaldskyldum eignum í sveitarfélaginu skv. 35. gr. laga þessara.

58. gr.

2. mgr. 35. gr. laganna orðast svo:

Auk skipulagsgjalds, sem um ræðir í 1. mgr., skal árlega greiða úr ríkissjóði til framkvæmdar skipulagsmála fjárhæð sem nemur allt að helmingi skipulagsgjalda liðins árs eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum.

Um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

59. gr.

2. málsl. 4. mgr. laganna 12. gr. orðast svo: Viðkomandi sveitarstjórnir skulu árlega gefa skýrslur til veiðistjóraembættis um refaveiðar og kostnað við þær, hver á sínu svæði, og endurgreiðir ríkissjóður þá allt að helming kostnaðar við veiðarnar eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum.

60. gr.

2. málsl. 3. mgr. 13. gr. laganna orðast svo: Viðkomandi sveitarstjórnir skulu árlega gefa skýrslur til veiðistjóraembættis um minkaveiðar og kostnað við þær, hver á sínu svæði, og endurgreiðir ríkissjóður þá allt að helming kostnaðar við veiðarnar eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum.

Um breytingu á lögum nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana, með síðari breytingum.

61. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Ekki má setja á fót nýja ríkisstofnun, nema með lögum. Hlutaðeigandi ráðherra er þó heimilt, telji hann það hagkvæmt, að sameina þjónustusvæði og semja við sveitarfélög eða einkaaðila um að þeir taki að sér að veita þjónustu sem tiltekinni ríkisstofnun er ætlað að veita, svo og að heimila einni ríkisstofnun að taka að sér þjónustu sem er á ábyrgð annarrar ríkisstofnunar. Flutningur verkefna og fjárheimilda samkvæmt þessari málsgrein skal vera tímabundinn.

Um breytingu á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

62. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laganna, skulu 637 m.kr. af innheimtum mörkuðum tekjum samkvæmt lögunum renna í ríkissjóð á árinu 1996.

63. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1996. Ákvæði 12. gr. koma til framkvæmda við útgáfu almenns leyfis til veiða í atvinnuskyni vegna fiskveiðiársins er hefst 1. september 1996. Ákvæði 21. gr. öðlast gildi 1. mars 1996. Þrátt fyrir ákvæði 32. gr. skulu tekjur skv. 3. tölul. C-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eigi teljast með í tekjugrunni við ákvörðun á bótum fyrr en frá og með 1. september árið 1996 vegna tekna ársins 1995.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að venju byggir frumvarp til fjárlaga á ákveðnum forsendum um að lögum verði breytt til að þau nái fram að ganga. Rétt þykir að taka saman öll slík ákvæði, að undanskildum breytingum á tekjuhlið fjárlaga, í einn lagabálk. Er það gert til að leggja áherslu á að ákvæðin tengjast stefnu ríkisstjórnarinnar um aðhald í ríkisútgjöldum og viðleitni til að ná jafnvægi í ríkisbúskapnum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að nokkrum lagagreinum sem lögbinda ákveðin útgjöld verði breytt. Lagt er til að ýmis lögbundin ákvæði um sjálfvirk framlög verði afnumin en í stað þeirra ákvarðist framlög í fjárlögum hverju sinni. Um langt skeið hafa framlög ár hvert verið felld niður eða skert verulega með lögum. Sá háttur getur ekki talist eðlilegur til lengdar og hefur ríkisstjórnin því samþykkt að leggja til við Alþingi að varanleg breyting verði gerð á viðkomandi lögum. Markmiðið er að auka með því svigrúm löggjafans til að veita fé til ýmissa verkefna á vegum ríkisins eftir því sem hann telur hæfilegt hverju sinni. Í ákveðnum tilfellum er binding útgjalda við vísitölur afnumin í þeim tilgangi að draga úr sjálfvirkni útgjalda og tekna ríkissjóðs og sveitarfélaga. Ríkisstjórnin ráðgerir að endurskoða sérstaklega öll lagaákvæði þar sem útgjöld eru lögbundin, með afnám þeirra í huga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Undanfarin ár hefur framlag til Listskreytingasjóðs verið skert í tengslum við fjárlög. Hér er lagt til að ákveðið verði í fjárlögum hverju sinni hvert framlagið verður. Núverandi ákvæði laganna kveður svo á um að framlagið nemi 1% álagi á samanlagðar fjárveitingar ríkissjóðs í A-hluta fjárlaga til þeirra bygginga sem ríkissjóður stendur að einn eða með öðrum.

Um 2. gr.

Lagt er til að framlag ríkisins til Kvikmyndasjóðs fari eftir ákvörðun í fjárlögum hverju sinni. Í núgildandi lögum á það að nema áætluðum söluskatti af kvikmyndasýningum í landinu, en flest undanfarin ár hefur framlagið verið skert.

Um 3. og 4. gr.

Undanfarin ár hafa tekjur Ríkisútvarpsins af aðflutningsgjöldum af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau verið látnar renna í ríkissjóð. Hefur það verið gert með ákvæði sem gilt hefur til árs í senn en er nú lagt til að verði varanlegt. Þannig munu umrædd aðflutningsgjöld renna í ríkissjóð eins og aðrar tekjur.

Um 5. gr.

Með þessari grein er lagt til að framlag ríkissjóðs til húsafriðunarsjóðs verði ákveðið í fjárlögum hverju sinni og að framlag sveitarfélaga skuli nema 150 kr. á hvern íbúa héðan í frá og vísitölubinding þess verði afnumin. Í núverandi lögum reiknast greiðsluskylda ríkissjóðs 100 kr. á hvern íbúa miðað við verðlag í mars 1989, eða nær 150 kr. á núverandi verðlagi. Framlag sveitarfélaga er jafnhátt.

Um 6. gr.

Framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar hefur verið fellt niður með skerðingarákvæði til eins árs undanfarin ár. Annars vegar er um fast 250 þús. kr. árlegt framlag að ræða og hins vegar framlag er nemur 1% af óniðurgreiddu heildsöluverði landbúnaðarafurða. Hér er lagt til að sú skerðing verði gerð varanleg.

Um 7. og 8. gr.

Ákvæði þessi hafa verið sett til eins árs og hefur þá verið miðað við að útgjöld vegna umræddra laga yrðu takmörkuð við ákveðna fjárhæð. Svo er einnig gert nú.

Um 9. og 10. gr.

Ákvæði þessi eru í samræmi við núverandi fyrirkomulag en hafa til þessa verið sett til eins árs. Hér er lagt til að þau verði gerð varanleg. Þau fela í sér að kostnaður ríkissjóðs af yfirmati á sláturafurðum, gærum og ull verði borinn af sláturleyfishöfum.

Um 11. gr.

Framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs hefur verið fellt niður tímabundið til árs í senn nokkur undanfarin ár. Hér er lagt til að framlagið falli niður ótímabundið. Það nemur 350 þús. kr. á ári.

Um 12.–14. gr.

Sú lagabreyting, sem hér er lögð til, felur í sér að fiskiskip, er stunda veiðar með línu og handfærum með dagatakmörkunum, greiði sambærilegt veiðieftirlitsgjald og önnur fiskiskip greiða við úthlutun aflamarks. Þá mun verða innheimt sams konar veiðieftirlitsgjald vegna afla sem ekki telst til aflamarks við línuveiðar. Afli krókabáta og línutvöföldun aflamarksskipa eru nú undanþegin álagningu og innheimtu gjaldsins.

Um 12. gr.

Ákvæði greinar þessarar miða að því að jafna þann mun sem er á innheimtu á veiðieftirlitsgjaldi eftir því hvort skip stunda veiðar samkvæmt aflamarki eða svokölluðu krókaleyfi. Er við það miðað að innheimt verði sams konar gjald hjá útgerðum krókabáta og útgerðum aflamarksskipa er gert að greiða við úthlutun aflamarks og miðast við úthlutuð þorskígildistonn. Hjá krókabátum mun innheimtan miðast við landaðan afla viðkomandi báts á 12 mánaða tímabili frá 1. ágúst á undangengnu ári til 31. júlí á yfirstandandi ári. Með þessu móti verða greiðslur útgerða fiskiskipa á veiðieftirlitsgjaldi samræmdar og sambærilegar hvort sem skip stunda veiðar samkvæmt aflamarki eða svokölluðu krókaleyfi. Þá verður einnig innheimt sams konar veiðieftirlitsgjald vegna afla sem ekki telst til aflamarks við línuveiðar. Áætlað er að með þessu móti innheimtist 3,0 m.kr. í veiðieftirlitsgjald til viðbótar við það sem nú er innheimt þegar innheimta gjaldsins verður að fullu komin til framkvæmda. Samkvæmt gildistökuákvæðum í III. kafla er gert ráð fyrir að við innheimtu gjaldsins í fyrsta sinn 1. september 1996 verði eingöngu miðað við afla er viðkomandi krókabátur muni veiða á tímabilinu 1. febrúar til 31. júlí 1996 og afla aflamarksskipa sem ekki telst til aflamarks við línuveiðar í janúar og febrúar 1996. Því má gera ráð fyrir að innheimta veiðieftirlitsgjalds aukist um u.þ.b. 2. m.kr. á árinu 1996.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 14. gr.

Með bráðabirgðaákvæði þessu er lagt til að sá afli sem veiddur er á árinu 1996 komi einn til viðmiðunar þegar þessi hluti veiðieftirlitsgjalds verður innheimtur í fyrsta sinn 1. september 1996 vegna fiskveiðiársins 1996/1997. Að öðru leyti vísast til athugasemdar um 12. gr.

Um 15. og 16. gr.

Á undanförnum árum hafa umfangsmiklar skipulagsbreytingar átt sér stað á stjórnsýslu sjávarútvegsins. Vegur þar þyngst stofnun Fiskistofu á árinu 1992. Eitt af verkefnum Fiskistofu er að annast söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga á sviði sjávarútvegsmála. Fiskistofa gegnir þessu hlutverki og hefur jafnframt samið við Fiskifélag Íslands, eitt félaga, um að vinna tiltekin verkefni á þessu sviði.

Um 15. gr.

Með stofnun Fiskistofu var stjórnsýslu breytt og opinber verkefni sem Fiskifélagið hafði unnið flutt til hennar. Umfangsmikil söfnun og skráning upplýsinga fer nú fram á vegum Fiskistofu. Má í því sambandi nefna að afli fiskiskipa er veginn og skráður af hafnarstarfsmönnum á hafnarvogum í höfnum landsins. Hafnarskrifstofurnar eru í beinlínusambandi við Fiskistofu og senda daglega inn í gagnagrunn hennar upplýsingar um landaðan afla. Skv. 4. gr. laga nr. 36/1992 skal Fiskistofa semja við Fiskifélag Íslands um tiltekna þætti við söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga á sviði sjávarútvegsmála. Með frumvarpi þessu er lagt til að Fiskistofu verði heimilað, ef hagkvæmt þykir, að sjá sjálf um þá þætti í starfsemi sinni eða að stofan verði óbundin af samningsaðila og heimilað að fela öðrum aðilum að vinna slíka vinnu. Fiskifélag Íslands er frjálst almennt félag sem um langt árabil hefur unnið tiltekin störf fyrir ríkið, oft samkvæmt ákvæðum í lögum. Þess má geta að starfsmenn félagsins eru ekki ríkisstarfsmenn. Við stofnun Fiskistofu var talið rétt, til að tryggja samræmi við söfnun og skráningu upplýsinga, að stofan semdi við Fiskifélagið um að vinna tiltekin verkefni á sviði upplýsingasöfnunar og úrvinnslu. Er hér aðallega átt við svonefndar ráðstöfunarskýrslur. Má því segja að með ákvæði 4. gr. hafi Fiskifélaginu verið veitt lögbundið einkaleyfi til að safna, vinna úr og birta umræddar upplýsingar. Fiskistofa er því í veikri stöðu í samningum við Fiskifélagið um verð fyrir þjónustuna sem þykir dýr. Er með frumvarpi þessu lagt til að Fiskistofu verði heimilað, ef hagkvæmt þykir, að höfðu samráði við Hagstofu Íslands og með leyfi ráðherra, að semja um eða bjóða út á almennum markaði einstaka nánar skilgreinda verkþætti í söfnun, úrvinnslu og birtingu upplýsinga á sviði sjávarútvegsmála án þess að vera bundin af samningsaðila. Er það í samræmi við þróun í viðskiptum og þá stefnu ríkisstjórnarinnar að afnema skuli einkarétt einstakra félaga á ákveðnum verkefnum. Þá er margt sem bendir til að umrætt lagaákvæði samræmist ekki tilskipunum sem fylgja EES-samningi og Ísland hefur yfirtekið, um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um kaup á þjónustu af einkaaðilum.

Um 16. gr.

Felld eru úr gildi lög nr. 90/1943, um reikningaskrifstofu sjávarútvegsins. Skrifstofan var stofnuð á árinu 1943 til að bæta úr brýnni þörf fyrir upplýsingar um afkomu sjávarútvegsfyrirtækja og var Fiskifélagi Íslands falin yfirstjórn stofunnar. Undanfarin ár hefur skrifstofan fyrst og fremst safnað saman ársreikningum útgerðarfyrirtækja og metið hver staða greinarinnar er á grundvelli þeirra. Skýrsla reikningaskrifstofunnar, Útgerð og afkoma, er birt einu sinni á ári og fjallar um afkomu útgerðar á síðastliðnu ári. Oft hefur langt verið liðið á árið þegar vinnslu hefur verið lokið og niðurstöður birtar. Eitt af hlutverkum Þjóðhagsstofnunar er að semja og birta opinberlega tvisvar á ári yfirlitsskýrslur um þróun þjóðarbúskaparins og horfur í þeim efnum, þar á meðal afkomu atvinnuveganna. Þjóðhagsstofnun hefur því komið sér upp líkani af afkomu sjávarútvegsfyrirtækja, byggða á rekstrarreikningum og skattgögnum en að þeim gögnum hefur reikn-

ingaskrifstofan ekki aðgang. Því má að sumu leyti segja að verkefni Þjóðhagsstofnunar og reikningaskrifstofu sjávarútvegsins skarist þannig að um tvíverknað sé að ræða. Upplýsingar reikningaskrifstofu eru þó ítarlegri og meira sundurliðaðar. Þjóðhagsstofnun vinnur afkomureikninga fyrir aðra atvinnuvegi að landbúnaði undanskildum. Því má gera ráð fyrir að ákveðið hagræði yrði af því að úrvinnsla rekstrarreikninga sjávarútvegsfyrirtækja sem fram fer á kostnað ríkisins fari fram í Þjóðhagsstofnun. Með frumvarpi þessu er því lagt til að lög nr. 90/1943, um reikningaskrifstofu sjávarútvegsins, falli úr gildi.

Um 17. gr.

Framlag ríkissjóðs til kirkjubyggingasjóðs hefur verið skert eða fellt niður með sérstöku tímabundnu ákvæði nokkur undanfarin ár. Framlagið á að nema 600 þús. kr. á ári, miðað við byggingarvísitölu 1. júlí 1981. Það mundi nú nema 8,1 m.kr. Hér er lagt til að framlag til sjóðsins fari að ákvörðun Alþingis hverju sinni, en í fjárlagafrumvarpi er ekki gert ráð fyrir framlagi til þessa málefnis.

Um 18.–20. gr.

Fyrr á þessu ári voru sett lög nr. 69/1995, um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota. Við gerð fjárlagafrumvarps ákvað dómsmálaráðherra, þar sem fjárveitingar til dóms- og kirkjumálaráðuneytis væru takmarkaðar, að leita eftir frestun á gildistöku laganna um eitt ár og jafnframt að ákvæði laganna gildi um tjón sem leiðir af brotum sem framin voru 1. janúar 1994 og síðar í stað 1. janúar 1993 (sjá bls. 403 í fjárlagafrumvarpi). Nú hefur verið fallið frá þessum áformum og í stað þess eru settar fram aðrar tillögur um breytingu á lögunum.

Lagt er til að 7. gr. þeirra laga verði breytt þannig að útgjöld ríkisins vegna ákvæða laganna verði takmörkuð. Í breytingartillögunni felst ferns konar takmörkun. Í fyrsta lagi er lagt til að ríkissjóður greiði 50% af bótum tjónþola vegna einstaks verknaðar. Í öðru lagi er lagt til að ríkissjóður greiði bætur vegna einstaks verknaðar ef höfuðstóll kröfu er 100.000 kr. eða hærri, en skv. 1. mgr. 7. gr. er þessi fjárhæð 10.000 kr. Í þriðja lagi er lagt til að fjárhæðir skv. 2.–5. mgr. verði lækkaðar þannig að hámarksbætur vegna tjóns á munum verði 250.000 kr. í stað 500.000 kr., að hámarksbætur vegna líkamstjóns verði 2.500.000 kr. í stað 5.000.000 kr., að hámarksbætur vegna miska verði 400.000 kr. í stað 1.000.000 kr. og að hámarksbætur vegna missis framfæranda verði 750.000 kr. í stað 3.000.000 kr. Í fjórða lagi er lagt til að 6. mgr. 7. gr. falli brott en samkvæmt þeirri grein taka fjárhæðir samkvæmt greininni verðlagsbreytingum í samræmi við ákvæði skaðabótalaga.

Þá er lagt til að lögin öðlist gildi 1. júlí 1996 í stað 1. janúar 1996.

Um 21. gr.

Lagt er til að sýslumannsembættin í Bolungarvík og Ólafsfirði verði lögð niður. Bolungarvík heyri framvegis undir sýslumannsembættið á Ísafirði og Ólafsfjörður undir embættið á Akureyri. Fjarlægð á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur er um 15 km og á milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur 18 km, en þar er útibú frá sýslumannsembættinu á Akureyri.

Í 1. mgr. 11. gr. aðskilnaðarlaganna er fjallað um stjórnsýsluumdæmi. Í upphafi greinarinnar er fjöldi þeirra tilgreindur, svo og mörk Reykjavíkurumdæmis. Þá eru í málsgreininni talin upp aðsetur sýslumanna.

Í þessari grein er núgildandi ákvæði endurskrifað með þeim breytingum að sleppt er tilvísun til þess að aðsetur sýslumanna verði í Bolungarvík og á Ólafsfirði.

Þessi fækkun sýslumannsembætta er aðeins fyrsta skrefið í fyrirhugaðri endurskipulagningu á umdæmismörkum embættanna um land allt.

Um 22. og 23. gr.

Með þessum tveimur greinum er lagt til að fjármunum Framkvæmdasjóðs fatlaðra verði ekki eingöngu varið til framkvæmda og meiri háttar viðhalds heldur einnig til rekstrar á árinu 1996.

Um 24. gr.

Hér er fyrirhugað að framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs verði ákveðið í fjárlögum hverju sinni.

Um 25.–27. gr.

Gert er ráð fyrir að breyta lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, og taka upp sérstakt atvinnutryggingagjald sem renni í Atvinnuleysistryggingasjóð. Þar sem gjaldinu er ætlað að standa undir útgjöldum sjóðsins eru felld niður ákvæði um bein framlög ríkissjóðs í hann.

Um 28. gr.

Í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar er gerð tillaga um að upphæð bóta skuli ákveðin í fjárlögum, en samkvæmt gildandi lögum miðast þær við ákveðinn launataxta. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysisbætur hækki um 2.700 kr. á mánuði eða um 5,4% frá 1. janúar 1996 í samræmi við nýlega yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Um 29. gr.

Hér er framlengd heimild til Atvinnuleysistryggingasjóðs til að styrkja átaksverkefni sveitarfélaga sem fyrir var í 6. gr. laga nr. 148/1995, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995.

Um 30. gr.

Nauðsynlegt þykir að skilgreina í lögunum það tekjuhugtak sem notað er við ákvörðun tekjutengdra bóta með tilliti til laga um tekju- og eignarskatt. Þá er kveðið á um að fjármagnstekjur, það er þær tekjur sem falla undir 3. tölul. C-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, skuli aðeins teljast að 70 hundraðshlutum inn í tekjugrunn við ákvörðun á tekjutengdum bótum.

Um 31. gr.

Þrátt fyrir skýra lagaskyldu um að allir sem vinna skuli greiða í lífeyrissjóð eru ýmsir sem ekki sinna þeirri skyldu. Til að tryggja að þessir aðilar standi ekki betur að vígi gagnvart bótum almannatrygginga þykir rétt að heimilt verði að áætla viðkomandi tekjur til frádráttar greiðslu tekjutryggingar, sinni þeir ekki umræddri lagaskyldu héðan í frá.

Um 32. gr.

Við þá breytingu að fjármagnstekjur skuli teljast með í tekjuhugtaki við ákvörðun á tekjutengdum bótum þykir rétt að miða við sömu frítekjumörk og notuð eru við tekjur úr lífeyrissjóðum við ákvörðun á tekjutryggingu.

Um 33. gr.

Greiðslur slysatryggingabóta vegna sjómanna námu 174,6 m.kr. árið 1994, þar af var kaup og aflahlutur lögskráðra sjómanna 110,8 m.kr. Skv. 26. gr. laga nr. 117/1993, með síðari breytingum, eru bætur slysatrygginga sjúkrahjálp, dagpeningar, örorkubætur og dánarbætur. Slysadagpeningar greiðast frá og með 8. degi eftir að slys á sér stað hafi hinn slasaði verið óvinnufær í minnst 10 daga. Dagpeningarnir eru 698 kr. á dag og greiðast 52 vikur að hámarki. Engin ákvæði eru í kaflanum um slysatryggingar um greiðslu á launum og aflahlut sjómanna. Í 63. gr. C.-kafla almannatryggingalaganna, nr. 117/1993, segir:

„Ráðherra getur ákveðið að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja áhættu þá vegna bótaskyldra slysa og veikinda sem þeir bera skv. 36. gr. laga nr. 35/1985, þannig að Tryggingastofnunin greiði hinum tryggða fullt kaup eða aflahlut jafnlangan tíma og sjómannalög ákveða hverju sinni.

Halda skal tryggingum samkvæmt þessari grein reikningslega aðskildum frá annarri starfsemi stofnunarinnar. Dagpeningar skv. 28. og 38. gr. skulu renna til Tryggingastofnunarinnar þann tíma sem greiðsla kaups eða aflahlutar á sér stað *og skulu iðgjöld útgerðarmanna fyrir aukatryggingu þessa ákveðin með það fyrir augum að þau ásamt dagpeningum nægi fyrir útgjöldum.*“

Greiðsla á aflahlut sjómanna byggist á þessu heimildarákvæði tryggingaráðherra. Samkvæmt upplýsingum frá slysatryggingadeild TR veitti þáverandi heilbrigðisráðherra/ríkisstjórn heimild til að nýta umrætt ákvæði árið 1983. Ákvörðunin um að slysatryggingar endurgreiddu aflahlut í allt að tvo mánuði var tekin í kjölfar ákvörðunar um 14% hækkun fiskverðs 1. janúar 1983. Þess hefur hins vegar ekki verið gætt að virða síðari hluta málsgreinarinnar. Frá 1. janúar nk. er ætlunin að innheimta sérstakt iðgjald af útgerðarmönnum vegna aukatryggingar sjómanna.

Um 34. gr.

Fyrirhugað er að fella niður heimild sjúkratrygginga til að greiða vinnuveitanda sjúkradagpeninga greiði hann laun í veikindaforföllum. Því er nauðsynlegt að fella niður næstsíðustu mgr. 38. gr. laganna en þar er gert ráð fyrir að sjúkradagpeningagreiðslur renni til vinnuveitanda sem greiðir laun í veikindaforföllum.

Um 35. gr.

Fyrirhugað er að fella úr gildi öll lagaákvæði sem tengja bætur við laun og þess í stað að ákveða með fjárlögum hverju sinni hvernig bætur skuli breytast á næsta almanaksári. Er það í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um að rjúfa sjálfvirka tengingu útgjalda og skatta við vísitölur og laun. Rétt þykir þó að veita heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, heimild til að hækka bætur um allt að 3% innan fjárlagaárs, enda breytist forsendur fjárlaga verulega frá því sem ákvörðun bóta byggðist á.

Um 36. gr.

Er grunnlífeyrir almannatrygginga var tekjutengdur við launatekjur var orðalag 11., 12. og 17. gr. haft þannig að það náði til allra tekna annarra en bóta almannatrygginga og lífeyrissjóðstekna. Með 3. tölul. ákvæðis til bráðabirgða var á hinn bóginn tekið fram að vextir, verðbætur og gengishagnaður skyldu hvorki hafa áhrif á tekjur til skerðingar elli- og örorkulífeyris né tekjutryggingar. Fyrirhugað er að hefja álagningu fjármagnstekjuskatts og mun nefnd á vegum fjármálaráðherra skila tillögum um framkvæmd skattlagningarinnar. Einnig er hér lagt til að breyta framkvæmd þannig að fjármagnstekjur skerði bætur almannatrygginga. Því þarf að fella niður 3. tölul. ákvæðis til bráðabirgða.

Um 37.–39. gr.

Ákveðið hefur verið að skipta tryggingagjaldi í atvinnutryggingagjald og almennt tryggingagjald. Atvinnutryggingagjaldið mun renna til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Samhliða mun létt af Atvinnuleysistryggingasjóði kostnaði vegna eftirlauna til aldraðra samkvæmt lögum nr. 113/1994 sem sjóðurinn hefur hingað til borið. Þess í stað mun hlutur Atvinnuleysistryggingasjóðs framvegis greiddur beint úr ríkissjóði. Vegna þessarar breytingar þarf að breyta 21.–23. gr. laga um eftirlaun til aldraðra.

Um 40. gr.

Þar sem fyrirhugað er að fella niður bótaflokkana ekkju- og ekklabætur og ekkjulífeyri, en rýmka heimild til greiðslu dánarbóta í staðinn, er nauðsynlegt að breyta samhliða upptalningu 1. mgr. 1. gr. laga um félagslega aðstoð. Þá er tekið inn ákvæði um endurgreiðslu umtalsverðs kostnaðar við læknishjálp og lyf.

Um 41. gr.

Þessi breyting felst í því að mæðra- og feðralaun með einu barni falla niður. Þau nema nú 1.048 kr. á mánuði og lækka bætur um sömu fjárhæð á hvert barn með tveimur og þremur börnum.

Um 42. gr.

Þar sem ekkjulífeyrir verður felldur niður þykir rétt að rýmka heimild til framlengingar greiðslu dánarbóta þannig að framlengingin verði heimil í lengri tíma en 12 mánuði og af fleiri ástæðum en að hlutaðeigandi hafi barn yngra en 18 ára á framfæri. Með þessari breytingu er tryggt jafnrétti milli kynja gagnvart dánarbótum.

Um 43. gr.

Ekkjulífeyrir er bótaflokkur sem ekki er lengur í takt við jafnréttissjónarmið. Því þykir rétt að fella hann niður. Þær konur sem njóta nú ekkjulífeyris munu þó halda áfram að fá þessar bætur uns 67 ára aldri er náð.

Um 44. gr.

Nauðsynlegt er að heimild sé í bráðabirgðaákvæðum til að halda áfram greiðslu ekkjulífeyris til þeirra sem þegar hafa fengið slíkar bætur úrskurðaðar samkvæmt ákvæðum núgildandi laga.

Um 45. gr.

Hér er lagt til að gjald það til Framkvæmdasjóðs aldraðra sem lagt er á alla skattskylda menn í landinu hækki ekki sjálfkrafa eftir byggingarvísitölu heldur verði endurskoðað við afgreiðslu fjárlaga ár hvert.

Um 46. gr.

Á árinu 1992 var lögum um málefni aldraðra breytt þannig að Framkvæmdasjóði aldraðra væri heimilt á árunum 1993–1995 að greiða rekstrarfé til stofnana fyrir aldraða í samræmi við ákvæði fjárlaga. Hér er gerð tillaga um að ákvæðinu verði breytt þannig að heimildin verði ótímabundin.

Um 47. gr.

Hér er sú breyting lögð til að formaður stjórna heilsugæslustöðva verði skipaður af þeim ráðherra sem hann á að vera trúnaðarmaður fyrir. Fellt er niður það skilyrði að hann verði að vera búsettur á starfssvæði stöðvarinnar. Þar sem hann gegnir sérstöku trúnaðarhlutverki fyrir ráðherra þykir eðlilegt að starfstíma formanns ljúki þegar embættistíma ráðherra lýkur.

Um 48. gr.

Hér er lögð til sama breyting og í næstu grein á undan, þ.e. að skipunartími fulltrúa ráðherra skuli vera takmarkaður við embættistíma viðkomandi ráðherra af sömu ástæðu og áður getur. Einnig verði búsetuskilyrðið fellt brott.

Um 49. gr.

Breytingin framlengir þá starfsemi sem verið hefur á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur þar sem áætlun um framtíðarhlutverk hennar liggur enn ekki fyrir.

Um 50. gr.

Ákvæði þetta framlengir skipan bráðabirgðastjórnar Sjúkrahúss Reykjavíkur um eitt ár. Það er í samræmi við framhaldssamning milli fjármálaráðherra, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, borgarstjórans í Reykjavík og yfirstjórnar Sjálfseignarstofnunar St. Jósefsspítala um stofnun Sjúkrahúss Reykjavíkur.

Um 51. gr.

Með lögum um gjald af áfengi, sem sett voru fyrr á þessu ári, var settur á laggirnar sérstakur forvarnasjóður. Þá þykir rétt að fella niður ákvæði um gæsluvistarsjóð í lögum um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, enda hefur sjóðurinn ekki verið starfandi í raun um nokkurra ára skeið.

Um 52. og 53. gr.

Með endurorðun á 1. mgr. 8. gr. laganna er felld brott sú kvöð að Fríhöfnin í Keflavík skuli greiða til Ferðamálaráðs gjald er nemur 10% af árlegri vörusölu. Þetta ákvæði hefur verið skert árlega við afgreiðslu fjárlaga og er nú lagt til að framlag til Ferðamálaráðs komi úr ríkissjóði, sbr. breytingu á 1. tölul. 21. gr. laganna, og verði þar með ákveðið í fjárlögum.

Um 54. gr.

Hér er lagt til að ákveðið verði af Alþingi við setningu fjárlaga hversu mikið af vörugjaldi því sem um getur í 1. og 3. tölul. 31. gr. hafnalaga verði látið renna til Hafnabótasjóðs. Framlag til sjóðsins hefur verið ákveðið með skerðingarákvæðum undanfarin ár.

Um 55. gr.

Hér er sú breyting lögð til að tekjum af flugvallagjaldi verði einnig varið til rekstrar. Með lögum nr. 148/1994, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995, var þessi grein orðuð svo: „Tekjum af flugvallagjaldi skal einungis varið til framkvæmda í flugmálum, svo og snjómoksturs og viðhalds flugvalla og tækja.“ Hér er lagt til að ákvæðið verði rýmkað og nái til alls rekstrar á sama hátt og á við um fjáröflun til vegagerðar.

Um 56.–58. gr.

Með ákvæðum þessum er lagt til að greiðslur ríkissjóðs vegna skipulagskostnaðar verði takmarkaðar við það fé sem veitt verður á fjárlögum hverju sinni.

Um 59. og 60. gr.

Gerð er varanleg breyting á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, en framlög vegna veiða á refum og minkum hafa verið skert undanfarin ár. Ekki er gert ráð fyrir skerðingu á framlaginu í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1996 og hefur breytingin því ekki áhrif á útgjöld ríkisins á næsta ári.

Um 61. gr.

Gerð er tillaga um að ráðuneytum verði heimilt að færa verkefni milli stofnana eða fela sveitarfélögum og einkaaðilum að veita lögbundna þjónustu fyrir hönd ríkissjóðs, enda sé það talið hagkvæmt. Við það er miðað að mögulegt sé að breyta þjónustusvæðum og að um tímabundna samninga um þjónustuviðskipti verði að ræða.

Um 62. gr.

Ríkisstjórnin hefur endurskoðað forsendur fyrir framlagi til Vegagerðarinnar í fjárlögum fyrir árið 1996 og leggur til að það verði 7.013 m.kr., eða 100 m.kr. hærra en samkvæmt fjárlagafrumvarpi 1996. Þessi hækkun fer til nýrra framkvæmda. Áætlun um markaðar tekjur til vegamála er nokkurri óvissu háð. Eftirlit með innheimtu og skilum þungaskatts hefur verið aukið að undanförnu og stendur til að auka það enn. Heildarinnheimta þungaskatts 1996 er áætluð 2.440 m.kr. Reynist innheimtan meiri mun framlag til Vegagerðarinnar hækka í fjáraukalögum 1996 sem nemur umframtekjunum.

Um 63. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Lagt hefur verið mat á fjárhagsleg áhrif þessa frumvarps, verði það að lögum. Þau nýmæli eru í frumvarpi þessu frá fyrri lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum að flest skerðingarákvæði sem endurtekin hafa verið árum saman eru nú sett fram í varanlegu formi.

Eftirfarandi tafla sýnir hver þessi skerðingarákvæði eru og hve miklu fé lagt er til að varið verði til þeirra:

	Fjárlaga-frumvarp m.kr.
Listskreytingarsjóður, 1. gr.	4,0
Kvikmyndasjóður, 2. gr.	92,3
Ríkisútvarpið, 3. og 4. gr.	0
Húsafriðunarsjóður, 5. gr.	10,5
Stofnlánadeild landbúnaðarins, 6. gr.	0
Búfjárræktarlög, 7. gr.	34,8
Jarðræktarlög, 8. gr.	42,9
Mat á búvörum, 9.–10. gr.	0
Fiskveiðasjóður, 11. gr.	0
Kirkjubyggingasjóður, 17. gr.	0
Framkvæmdasjóður fatlaðra, stofnkostnaður, 22.–23. gr.	257,0
Framkvæmdasjóður fatlaðra, rekstur, 22.–23. gr.	133,0
Bjargráðasjóður, 24. gr.	0
Framkvæmdasjóður aldraða, stofnkostnaður, 46. gr.	160,0
Framkvæmdasjóður aldraða, rekstur, 46. gr.	330,0
Gæsluvistarsjóður, 51. gr.	0
Ferðamálaráð, 52.–53. gr. gr.	68,0
Hafnabótasjóður, 54. gr.	45,6
Flugmál, stofnkostnaður, 55. gr.	203,0
Flugmál, rekstur, 55. gr.	190,0
Fjáröflun til vegagerðar, 62. gr.	7.013,0

Um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

12.–14. gr.

Svo sem tekið er fram í athugasemdum með frumvarpinu, er með breytingu þessari stefnt að því að jafna þann mun sem er á innheimtu á veiðieftirlitsgjaldi eftir því hvort skip stunda veiðar samkvæmt aflamarki eða svokölluðu krókaleyfi. Áætlað er að 3 m.kr. innheimtist í veiðieftirlitsgjald til viðbótar við það sem nú er innheimt, þegar innheimta

gjaldsins verður að fullu komin til framkvæmda, en á árinu 1996 er gert ráð fyrir að innheimtan aukist aðeins um 2 m.kr.

Um breytingu á lögum nr. 36/1992, um Fiskistofu, með síðari breytingum.

15. gr.

Með lagabreytingu þessari er lagt til að Fiskistofu verði gert kleift að vinna sjálf eða bjóða út þau verkefni sem hún hefur til þessa samið um við Fiskifélag Íslands eingöngu, enda er nú mælt svo fyrir í 4. gr. laga nr. 36/1992. Ekki er ljóst hvað kann að sparast með því að afnema einkaleyfi Fiskifélagsins á verktakasamningi við Fiskistofu, en í forsendum fjárlagafrumvarps er gert ráð fyrir að sá sparnaður geti numið 10 m.kr.

Um afnám laga nr. 90/1942, um reikningaskrifstofu sjávarútvegsins.

16. gr.

Grein þessi tengist næstu grein á undan og leiðir ekki ein sér til sparnaðar.

Um breytingu á lögum nr. 69/1995, um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota.

18.–20. gr.

Lauslega er áætlað að ákvæði laga um bætur til þolenda afbrota mundi hafa í för með sér um 60-80 m.kr. útgjöld fyrir ríkissjóð á næsta ári vegna uppsöfnunar bóta frá 1. janúar 1993 og 30–40 m.kr. árlega þaðan í frá. Breyting á lögunum á þann veg að skilgreining og fjárhæð bóta verði takmörkuð og gildistöku laganna verði frestað um sex mánuði verður til þess að ráðuneytið áætlar að kostnaður við lögin geti numið 20 m.kr. á árinu 1996. Ekki er gert ráð fyrir þessum kostnaði í fjárlagafrumvarpinu og verður lagt til að frumvarpið breytist í meðförum þingsins sem þessari fjárhæð nemur. Til lengri tíma litið er talið að framangreind breyting á lögunum dragi úr kostnaði ríkissjóðs sem nemur 10–15 m.kr. árlega.

Um breytingu á lögum nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

21. gr.

Gert er ráð fyrir að sýslumannsembættið í Bolungarvík verði sameinað sýslumannsembættinu á Ísafirði og að sýslumannsembættið á Ólafsfirði verði sameinað embættinu á Akureyri. Breytingar þessar eiga taka gildi 1. mars 1996. Þetta hefur í för með sér tæplega 28 m.kr. lækkun framlags til þessara tveggja embætta en á móti kemur að gert er ráð fyrir hækkun framlags til embættanna á Ísafirði og Akureyri vegna reksturs lögreglu í Bolungarvík og á Ólafsfirði. Heildarsparnaður á næsta ári er því áætlaður 14,4 m.kr., þar af 7,4 m.kr. á Ólafsfirði og 7 m.kr. á Bolungarvík. Á næsta ári er áætlað fyrir kostnaði af fullum rekstri fram til 1. mars og vegna biðlauna o.fl. Á árinu 1997 fellur sá kostnaður alveg niður og lækkar framlag því um tæplega 12 m.kr. til viðbótar. Sá sparnaður skiptist u.þ.b. til helminga milli embættanna.

Um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, og á lögum nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, með síðari breytingum.

22.–23. gr.

Ákvæði 22. gr. gerir ráð fyrir að 40% af ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs fatlaðra renni til tiltekinna rekstrarverkefna. Heildarráðstöfunarfé samsvarar tekjum frá Erfðafjársjóði og er áætlað að muni nema 390 m.kr. Þar af er gert ráð fyrir að 257 m.kr. fari til stofnkostnaðar og viðhalds en 133 m.kr. verði varið til rekstrar á stofnunum fatlaðra sem er svipuð fjárhæð og í fjárlögum 1995. Heimildin er því ekki notuð að fullu. Mismunurinn liggur að mestu leyti í því að 20 m.kr. er varið til byggingar sambýla fyrir geðfatlaða og er framlag til stofnkostnaðar og viðhalds hærra sem því nemur og framlag til rekstrar lægra á móti.

Um breytingu á lögum nr. 93/1993, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

25.–29. gr.

Gert er ráð fyrir að breyta fjármögnun Atvinnuleysistryggingasjóðs þannig að atvinnutryggingagjald standi undir útgjöldum sjóðsins. Sérstakt frumvarp um breytingu á lögum um tryggingagjald verður lagt fram í því skyni. Nauðsynlegt er því að fella niður þau ákvæði í lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð þar sem kveðið er á um bein framlög ríkissjóðs og er það gert í 25.–27. gr. Þá er gert ráð fyrir í 28. gr. að sjálfvirkri tengingu bóta við ákveðinn launataxta verði hætt og þess í stað verði breytingar á bótafjárhæðum ákveðnar í fjárlögum. Gert er ráð fyrir að bótafjárhæðir hækki um 5,4% þann 1. janúar 1996 og nemi 2.433 kr. á dag.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1996 er gert ráð fyrir að til átaksverkefna renni 400 m.kr. og er leitað heimildar til þess í 29. gr. Ef sú spá gengur ekki eftir rennur mismunurinn til greiðslu atvinnuleysisbóta. Með öðrum orðum, hér er ekki um kostnaðarauka að ræða, heldur er verið að draga úr greiðslu atvinnuleysisbóta, krónu fyrir krónu, og verja fénu í stað þess til atvinnuskapandi verkefna.

Um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingu.

30.–36. gr.

Í 30. til 32. gr. og í 36 gr. eru lagðar til breytingar þannig að fjármagnstekjur skerði bætur almannatrygginga. Erfitt er að áætla hversu mikil áhrif þessi ákvæði hafa til lækkunar á greiðslur lífeyristrygginga frá Tryggingastofnun ríkisins. Í frumvarpi til fjárlaga 1996 var talið að þessi ákvæði skiluðu 285 m.kr. á ári í lægri útgjöldum. Í ljósi þess að þau verða ekki virk fyrr en 1. september 1996 má ætla út frá sömu forsendum að lækkun útgjalda á því ári nemi um 90 m.kr.

Samkvæmt 31. gr. er heimilt að áætla mönnum tekjur til frádráttar greiðslu tekjutryggingar, sinni þeir ekki lagaskyldu um greiðslu iðgjalda til lífeyrissjóðs. Þetta ákvæði mun hafa lítil áhrif til lækkunar á greiðslu tekjutryggingar fyrstu árin eftir gildistöku þess.

Í 34. gr. frumvarpsins er felld niður næstsíðasta málsgrein 38. gr. almannatryggingalaga þannig að endurgreiðslu sjúkradagpeninga til atvinnurekenda verði hætt. Áformað er að útgjöld sjúkratryggingadeildar lækki um 50 m.kr. vegna þessa.

Í 35. gr. er sjálfvirk tenging bóta almannatrygginga við laun felld brott og er ráðgert að bæturnar hækki framvegis í samræmi við ákvörðun í fjárlögum Gert er ráð fyrir að elli- og örorkulífeyrir ásamt tekjutryggingu hækki um 3,5% 1. janúar 1996.

Um breytingu á lögum nr. 113/1994, um eftirlaun aldraða.

37.–39. gr.

Hér er verið að fella úr gildi kvöð á Atvinnuleysistryggingasjóði að greiða framlag til Eftirlaunasjóðs aldraðra, en í stað þess greiðist kostnaðurinn beint úr ríkissjóði. Kostnaðarbreyting er því í raun engin.

Um breytingu á lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingu.

40.–44. gr.

Í 41. gr. eru mæðra- og feðralaun með fyrsta barni felld niður og fjárhæð fyrir annað og þriðja barn lækkuð um sömu krónutölu, eða 1.048 kr. á hvert barn. Áformað er að lækka útgjöld um 125 m.kr. með þessari aðgerð.

Í 42.–44. gr. eru ákvæði um ekkjulífeyri felld niður og til mótvægis er veitt heimild til að greiða dánarbætur í lengri tíma en samkvæmt gildandi lögum. Í 44. gr. er ákvæði þess efnis að konur, sem fá greiddan ekkjulífeyri við árslok 1995, haldi honum til 67 ára aldurs. Í heild telur heilbrigðisráðuneytið að þessar aðgerðir spari 5 m.kr.

Um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

47.–48. gr.

Hér er verið að leggja til að skipan stjórna heilsugæslustöðva og ákveðinna sjúkrahúsa verði breytt. Breytingin hefur ekki bein kostnaðaráhrif.

49. gr.

Hér er verið að framlengja ákvæði um starfsemi Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur. Breytingin hefur ekki bein kostnaðaráhrif.

50. gr.

Með ákvæði þessu er lagt til að skipan bráðabirgðastjórnar Sjúkrahúss Reykjavíkur verði framlengd. Breytingin hefur ekki bein kostnaðaráhrif.

Um breytingu á lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun vegna framkvæmda í flugmálum, með síðari breytingum.

55. gr.

Markaðir tekjustofnar flugmálaáætlunar, þ.e. flugvallagjald og eldsneytisgjald, eru taldir skila alls 393 m.kr. á árinu 1996. Lagt er til að 190 m.kr. af því verði varið til rekstrar flugvalla. Í fjárlögum 1995 var 40 m.kr. af tekjustofnunum varið til rekstrar.

Um breytingu á lögum nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana.

61. gr.

Ekki er gert ráð fyrir að breytingin hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs árið 1996, en lagagreinin eykur sveigjanleika í ríkisrekstrinum og gefur möguleika á hagræðingu síðar.

Um breytingu á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

62. gr.

Gert er ráð fyrir að af mörkuðum tekjustofnum til vegamála renni 637 m.kr. í ríkissjóð á árinu 1996. Samkvæmt fjárlögum 1995 runnu 275 m.kr. í ríkissjóð af sömu tekjustofnum.

Eftirfarandi tafla dregur saman þann útgjaldasparnað frá fjárlögum 1995 sem áformað er að muni hljótast af frumvarpi þessu, nái það óbreytt fram að ganga. Samtals er sparnaðurinn áætlaður 922 m.kr. á árinu 1996 miðað við fjárlög 1995 og 213 m.kr. til viðbótar á árinu 1997 og eftirleiðis.

	Áætlaður sparnaður 1996 m.kr.	**Áætlaður viðbótar-sparnaður 1997 m.kr.**
Stjórn fiskveiða, 12.–14. gr.	2	1
Fiskistofa, 15.–16. gr.	10	-
Þolendur afbrota, 18.–20. gr.	40	-
Sýslumannsembætti, 21. gr.	14	12
Lífeyristryggingar, 30.–32. gr.	85	200
Endurgreiðsla sjúkradagpeninga, 34. gr.	50	-
Mæðra- og feðralaun, 41.–42. gr.	125	-
Ekkjulífeyrir/dánarbætur, 43.–44. gr.	5	-
Framkvæmdasjóður aldraða, 45.–46. gr.	79	-
Flugmál, stofnkostnaður, 55. gr.	150	-
Ráðning starfsmanna og húsnæðismál, 61. gr.	-	-
Fjáröflun til vegagerðar, 62. gr.	362	
Samtals	**922**	**213**

307. Tillaga til þingsályktunar [226. mál]

um fæðingarorlof.

Flm.: Guðný Guðbjörnsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að láta semja frumvarp til laga um fæðingarorlof sem byggist á eftirfarandi markmiðum:

— að tryggja feðrum sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs í þrjá mánuði,
— að tryggja ungbörnum umönnun beggja foreldra á fyrsta æviárinu með því að lengja fæðingarorlof í tólf mánuði í áföngum,
— að gera foreldrum kleift að taka fæðingarorlofið á lengri tíma með hlutagreiðslum að eigin vali,

— að tryggja öllum mæðrum hvíldartíma fyrir fæðingu,
— að tryggja feðrum sérstakt fæðingarorlof í tvær vikur eftir fæðingu barns, sem ekki skerðir fæðingarorlof móður,
— að fæðingarorlof verði lengra eftir fjölburafæðingu,
— að fæðingarorlof ættleiðandi foreldra, uppeldis- eða fósturforeldra lengist í áföngum til jafns við fæðingarorlof annarra foreldra,
— að endurskoða fjármögnun fæðingarorlofs þannig að stofnaður verði sérstakur fæðingarorlofssjóður sem allir atvinnurekendur, jafnt í opinberum rekstri sem einkarekstri, greiði til ákveðið hlutfall af launum allra launþega, svokallað fæðingarorlofsgjald,
— að bæta kjör foreldra í fæðingarorlofi þannig að launþegar haldi sínum launum úr fæðingarorlofssjóði. Að auki greiði Tryggingastofnun ríkisins áfram fæðingarstyrk vegna þess kostnaðarauka sem fæðing barns hefur í för með sér. Þetta eigi við um fæðingar allra barna.

Greinargerð.

Núverandi löggjöf um fæðingarorlof er um margt ófullnægjandi enda hefur endurskoðun á henni staðið til á undanförnum árum. Árið 1974 var samþykkt frumvarp sem tryggði konum sem „forfölluðust frá vinnu“ atvinnuleysisbætur í 90 daga. Fram að þeim tíma höfðu aðrar konur en þær sem voru opinberir starfsmenn aðeins átt rétt á ákveðinni lágmarksupphæð í fæðingarstyrk við fæðingu barns. Árið 1980 var umsjón greiðslna í fæðingarorlofi flutt frá Atvinnuleysistryggingasjóði til lífeyrisdeildar Tryggingastofnunar. Sama ár var öllum konum tryggður lágmarksréttur til fæðingarstyrks. Árið 1987 var greiðslum skipt upp í fæðingarstyrk annars vegar, sem er óháður atvinnuþátttöku, og fæðingardagpeninga hins vegar, sem miðast við vinnuframlag. Jafnframt voru greiðslur í fæðingarorlofi lengdar fyrst í fjóra mánuði en í áföngum upp í sex mánuði árið 1990. Konur, sem eru opinberir starfsmenn eða félagar í Sambandi íslenskra bankamanna, fá greidd laun frá vinnuveitanda í fæðingarorlofi í stað greiðslna frá Tryggingastofnun. Í stuttu máli má segja að hér á landi sé þrenns konar kerfi við lýði. Það er háð atvinnuþátttöku og vinnuveitanda hver réttarstaðan er (lög um fæðingarorlof 57/1987; lög um almannatryggingar 117/1993).

Haustið 1989 var skipuð nefnd sem átti að fjalla um breytingar á lögum um fæðingarorlof. Sú nefnd samdi frumvarp sem aldrei var lagt fram. Þar var lagt til að greiðslur í fæðingarorlofi yrðu ákveðið hlutfall af tekjum, eða 80%. Opinberir starfsmenn voru á móti frumvarpinu, m.a. vegna þess að þeir töldu að það hefði leitt til skerðingar á kjörum þeirra og því verið skref aftur á bak.

Á árunum 1983–1987 lögðu kvennalistakonur í þrígang fram frumvarp um að lengja fæðingarorlof úr þremur mánuðum í sex sem ekki fékkst samþykkt. Árið 1987 var hins vegar samþykkt frumvarp ríkisstjórnarinnar um lengingu fæðingarorlofs í sex mánuði í áföngum. Á árunum 1990–1994 lögðu kvennalistakonur þrívegis fram frumvarp um lengingu fæðingarorlofs í níu mánuði. Helstu nýjungar í frumvarpi Kvennalistans voru eftirfarandi: Að lengja fæðingarorlofið um þrjá mánuði eftir fæðingu; að tryggja öllum mæðrum hvíldartíma fyrir fæðingu; að fæðingarorlof verði þremur mánuðum lengra eftir fjölburafæðingu; að fæðingarorlof ættleiðandi foreldra, uppeldis- eða fósturforeldra lengist í áföngum til jafns við fæðingarorlof annarra foreldra; og síðast en ekki síst að foreldrar geti dreift greiðslum fæðingarorlofs eftir ákveðinn tíma þannig að hægt sé að

lengja fæðingarorlofið á þann hátt ef foreldrar æskja þess. Frumvarp þetta fylgir með tillögu þessari sem fylgiskjal.

Ef litið er til Norðurlandanna er fæðingarorlof styst á Íslandi og í Danmörku eða sex mánuðir, sjö mánuðir í Noregi, níu mánuðir í Finnlandi og tólf mánuðir í Svíþjóð. Greiðslufyrirkomulagið er einnig með ólíkum hætti. Í Danmörku fá launþegar full laun, í Noregi og Finnlandi er greidd sama upphæð og ef um sjúkradagpeninga væri að ræða og í Svíþjóð eru greidd 90% af launum. Á Íslandi eru greiðslur vegna fæðingarorlofs háðar atvinnuþátttöku og vinnuveitendum. Þetta yfirlit sýnir að annars vegar er litið á fæðingarorlof sem hluta af bótagreiðslum almannatrygginga en hins vegar er litið á það sem samningsbundinn rétt launþega til að halda launum sínum á meðan á fæðingarorlofi stendur.

Á Íslandi er þessum aðferðum blandað saman þannig að í reynd er þrefalt kerfi við lýði. Öll umræða um að konur eða foreldrar njóti sömu réttinda þarf að taka á því hvort verið er að greiða fólki fyrir að eignast börn óháð atvinnuþátttöku eða hvort atvinnuþátttaka og laun á vinnumarkaði móta réttarstöðuna og greiðslurnar. Konur, sem eru opinberir starfsmenn eða félagar í Sambandi íslenskra bankamanna, fá laun frá vinnuveitanda í fæðingarorlofi en ekki greiðslur frá Tryggingastofnun. Þær konur, sem starfa hjá ríkinu, halda launum sínum óskertum fyrstu þrjá mánuði fæðingarorlofs en fá eftir það grunnlaun. Þær hafa einnig rétt til að lengja fæðingarorlofið með því að vinna hluta úr degi.

Þetta á hins vegar ekki við um feður. Fjármálaráðuneytið túlkar lögin þannig að karlar sem vinna hjá ríkinu eigi ekki rétt á launuðu fæðingarorlofi. Eiginmenn kvenna, sem eru ríkisstarfsmenn, eiga heldur ekki rétt á dagpeningum frá Tryggingastofnun. Þannig hafa ríkisstarfsmenn í raun takmarkaða möguleika til að skipta greiðslum í fæðingarorlofi milli foreldra. Kærunefnd jafnréttismála hefur a.m.k. tvisvar fengið kæru vegna þessa og einu sinni hefur mál af þessu tagi farið fyrir Jafnréttisráð. Í áliti kærunefndar Jafnréttisráðs frá því 10. september 1993 segir m.a.: „Með framkvæmd almannatryggingalaganna stendur stór hluti feðra ... án nokkurs réttar til greiðslna, taki þeir fæðingarorlof og eru beittir misrétti sem engin efnisleg rök virðast fyrir.“ Í niðurstöðum sínum beinir kærunefndin þeim tilmælum til fjármálaráðuneytisins að það „hlutist til um að gerðar verði þær ráðstafanir sem þarf til að þess að viðurkenndur verði og tryggður réttur feðra í þjónustu ríkisins til launa í fæðingarorlofi“.

Ekki hafa enn verið gerðar neinar ráðstafanir til þess að tryggja þessi réttindi feðra. Formlega geta feður fengið greiðslur í fæðingarorlofi í allt að fimm mánuði með leyfi móður, en það skerðir fæðingarorlofsgreiðslur til hennar sem því nemur. Árið 1993 fengu 5.499 konur greiðslur frá Tryggingastofnun í fæðingarorlofi en 17 karlar. Árið 1994 voru konurnar 5.286 en karlarnir 16. Og fyrstu fjóra mánuði þessa árs fengu tveir feður greiðslur frá Tryggingastofnun en 2.656 mæður.

Reynsla annars staðar á Norðurlöndum sýnir að hægt er að hafa áhrif í þessu mikilvæga jafnréttismáli ef lög og reglur eru hönnuð með jafnrétti fyrir augum. Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga þann kynbundna launamun sem enn ríkir. Ef einstaklingar halda ekki launum sínum í fæðingarorlofi má búast við að það foreldrið sem er tekjulægra nýti allt fæðingarorlofið nema það sé bundið við báða foreldra þannig að það nýtist ekki til fulls nema báðir foreldrar taki sinn hluta. Fáir sænskir feður fóru t.d. í fæðingarorlof fyrr en lögin urðu þannig að þeirra hluti nýttist ekki nema þeir tækju hann. Nú taka um 50% sænskra feðra einhvers konar leyfi í tengslum við fæðingu barns. Ef miðað er við börn fædd í Svíþjóð árið 1991 höfðu 25% feðra tekið að meðaltali 23 daga leyfi

þegar börnin voru sex mánaða. Þegar börnin voru ársgömul höfðu 39% feðra tekið að meðaltali 53 daga leyfi. Við lok ársins 1992 höfðu 45,5% sænsku feðranna tekið að meðaltali 63 daga leyfi. Reynslan sýnir að feður taka frekar leyfi eftir að barnið er orðið sex mánaða. Þá eru ekki meðtaldir svokallaðir pabbadagar sem eru 1–2 vikur eftir fæðingu í Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi og Noregi og eru eingöngu ætlaðir feðrum. Á svipaðan hátt taka nú yfir 50% danskra feðra einhvers konar leyfi í tengslum við fæðingu barns.

Flutningsmenn þessarar tillögu leggja áherslu á að við endurskoðun núverandi laga um fæðingarorlof sé nauðsynlegt að taka inn þau atriði sem áðurnefnd frumvörp kvennalistakvenna tóku til. Flutningsmenn leggja einnig mikla áherslu á nauðsyn þess að tryggja mun betur rétt beggja foreldra til töku fæðingarorlofs, m.a. sjálfstæðan rétt feðra til fæðingarorlofs. Það er mat flutningsmanna að á meðan kynbundinn launamunur er eins mikill og raun ber vitni verði slíkt ekki gert með því að heimila feðrum að taka hluta af leyfi móður. Það er nauðsynlegt að tryggja feðrum sjálfstæðan rétt til töku fæðingarorlofs. Eins er nauðsynlegt að breyta fyrirkomulagi á greiðslum í fæðingarorlofi þannig að stefnt verði að því að foreldrar fái full laun í fæðingarorlofi. Hér er lagt til að feður fái tveggja vikna fæðingarorlof eftir fæðingu sem sé óháð fæðingarorlofi móður. Í heild fái feður þriggja mánaða sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs sem einungis þeir geti nýtt.

Raunhæfasta leiðin til að tryggja að foreldrar fái full laun í fæðingarorlofi og sú sem hér er lögð til er að stofna sérstakan fæðingarorlofssjóð sem allir atvinnurekendur greiði í rétt eins og sjúkra- og lífeyrissjóði. Sjóðurinn standi síðan undir greiðslum til foreldra í fæðingarorlofi en ekki viðkomandi atvinnurekandi. Miðað við fæðingartíðni er ekki óraunhæft að miða sjóðsgjöldin við það að hver starfsmaður taki 9–12 mánaða fæðingarorlof einu sinni á starfsævi, þ.e. að „meðalhjón“ fái fæðingarorlof fyrir tvö börn. Þannig mætti tryggja að allir einstaklingar óháð kyni geti tekið fæðingarorlof án launaskerðingar sem foreldrar skipti með sér með ákveðnum takmörkunum. Þetta fyrirkomulag ætti að tryggja jafnan rétt og skyldur beggja foreldra til að taka fæðingarorlof og annast börn sín í frumbernsku og að tekjur fólks breytist ekki verulega til hins verra vegna töku fæðingarorlofs. Þá er lagt til að Tryggingastofnun greiði áfram fæðingarstyrk vegna þess kostnaðarauka sem fæðing barns hefur í för með sér.

Veruleg umræða um fæðingarorlof á sér nú stað í velflestum OECD-landanna um vaxandi atvinnuþátttöku kvenna á öllum sviðum og þá kröfu að foreldrar sitji við sama borð varðandi réttindi og skyldur til fæðingarorlofs. Stórfyrirtæki og atvinnurekendur sýna málinu yfirleitt mikinn áhuga því að mikið er í húfi, ekki síst þegar um sérhæfðan mannafla er að ræða. Það er víðar en hér á landi sem fæðingarorlofskerfið hefur ekki þróast í takt við breytingarnar á samfélaginu. Ekki verður lengur unað við ríkjandi ástand og því er þessi tillaga flutt.

Fylgiskjal.

Frumvarp til laga um breyting á lögum um fæðingarorlof, nr. 57 31. mars 1987.

(184. mál á 113. löggjafarþingi, þskj. 207.)

Flutningsmenn: Sigrún Jónsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Foreldrar, sem gegna launuðum störfum og eiga lögheimili á Íslandi, eiga rétt á níu mánaða fæðingarorlofi frá fæðingu barns.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Barnshafandi kona á rétt á fæðingarorlofi einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag fram að fæðingardegi. Staðfesta skal áætlaðan fæðingardag með læknisvottorði. Óheimilt er að bæta fæðingarorlofi samkvæmt þessari grein við fæðingarorlof sem tekið er eftir fæðingu barns skv. 2. gr.

3. gr.

1. málsl. 5. gr. laganna orðast svo: Ættleiðandi foreldrar, uppeldis- eða fósturforeldrar, eiga rétt til níu mánaða fæðingarorlofs vegna töku barns að fimm ára aldri þess.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fæðingarorlof skal vera sjö mánuðir frá gildistöku þessara laga til 1. janúar 1992. Fæðingarorlof skal vera átta mánuðir frá þeim tíma til 1. janúar 1993.

Fæðingarorlof ættleiðandi foreldra, uppeldis- eða fósturforeldra, skal vera sjö mánuðir frá gildistöku þessara laga til 1. janúar 1992, en átta mánuðir frá þeim tíma til 1. janúar 1993.

Greinargerð.

Tilgangur þessa lagafrumvarps er að lengja fæðingarorlof eftir fæðingu úr sex mánuðum í níu og að tryggja öllum barnshafandi konum einn mánuð sem hvíldartíma fyrir fæðingu.

Það er enginn vafi á því að bættar aðstæður foreldra ungbarna skila sér margfalt til baka til þjóðfélagsins í formi betra mannlífs, betri heilsu og færri félagslegra vandamála. Að öðru leyti vísast til greinargerðar með frumvarpi á þskj. 206.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Fæðingarorlof eftir fæðingu skal verða níu mánuðir. Í bráðabirgðaákvæði segir að orlofið skuli lengjast í þrepum, þ.e. nú þegar í sjö mánuði, frá 1. janúar 1992 í átta mánuði og frá 1. janúar 1993 í níu mánuði.

Um 2. gr.

Í greininni er mælt fyrir um þá nýbreytni að barnshafandi kona eigi rétt á fæðingarorlofi mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag. Kona, sem tekur fæðingarorlof einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag en á barn sitt fyrir tímann, fær fæðingarorlof samkvæmt þessari grein fram að fæðingunni, en eftir fæðinguna tekur við fæðingarorlof skv. 2. gr. laganna. Ef kona gengur með barn fram yfir áætlaðan fæðingardag er hún í orlofi samkvæmt þessari grein fram að fæðingardegi, en eftir það tekur hún fullt orlof skv. 2. gr. laganna. Þessi mánuður fyrir fæðingu er ætlaður sem hvíldartími fyrir barnshafandi konur og óheimilt er að bæta honum við fæðingarorlof eftir fæðingu.

Beri fæðingu að meira en einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag hefst þegar fæðingarorlof skv. 2. gr. laganna og konan getur ekki nýtt fæðingarorlof samkvæmt þessari grein.

Um 3. gr.

Í þessari grein er verið að samræma lengd fæðingarorlofs ættleiðandi foreldra, uppeldis- og fósturforeldra, við lengd fæðingarorlofs annarra foreldra. Við gildistöku þessara laga yrði það sjö mánuðir til 1. janúar 1992, en þá yrði það átta mánuðir og 1. janúar 1993 yrði það níu mánuðir.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

308. Tillaga til þingsályktunar [227. mál]

um bætta þjónustu hins opinbera.

Flm.: Ólafur Örn Haraldsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja markvissar aðgerðir til þess að bæta afgreiðslu og þjónustu opinberra stofnana við almenning og atvinnulífið.

Greinargerð.

Almenningur og atvinnufyrirtæki bera háan kostnað og hafa mikla fyrirhöfn af samskiptum sínum við stjórnsýslu og opinberar stofnanir. Samskipti þessi tengjast fjölþættum verkefnum sem hinu opinbera hafa verið falin en þau eru m.a. leyfisveitingar, eftirlit, eignaumsýsla og stjórn framkvæmda. Að stórum hluta eru ítök hins opinbera eðlileg eða óhjákvæmileg en að hluta til leifar eldri stjórnarhátta og að sumu leyti líka þær aðferðir sem hið opinbera notar í þjónustu og afgreiðslu erinda. Þetta á ekki aðeins við um samskipti við almenning og atvinnulífið heldur einnig um seinvirk samskipti milli opinberra aðila innbyrðis. Sennilega er margt sem veldur, m.a. fjárskortur, en á hitt ber að

líta að mikill fjárhagslegur ávinningur felst í endurbótum og aukinni skilvirkni í opinberri þjónustu.

Kröfur um aukna skilvirkni, bætta þjónustu og skjóta afgreiðslu mála hafa orðið háværari á síðustu árum. Samkeppni hefur harðnað, alþjóðaviðskipti aukist og tölvu- og fjarskiptatækni tekið byltingarkenndum breytingum. Viðmiðanir um hvað teljist góð þjónusta hafa gerbreyst. Almenningur og atvinnulífið hafa brugðist við þessum aðstæðum með bættri gæðastjórnun, aukinni tækniþekkingu og meiri framleiðni. Á þessu sviði verða Íslendingar að standast fremstu þjóðum snúning.

Víða hafa orðið endurbætur í opinberri þjónustu. Margt bendir þó til þess að stjórnsýslan og opinberar stofnanir hafi setið eftir í þessari þróun og að almenningur og atvinnurekstur fái þar hvorki jafngóða þjónustu né jafnskjóta afgreiðslu erinda og tíðkast á öðrum sviðum viðskiptalífsins. Meðal ábendinga er að ákvarðanataka sé seinvirk, fundir um aðkallandi mál skili ekki niðurstöðu, bréfum sé svarað seint eða aldrei, erfitt sé að vita hvar mál séu stödd, ábyrgð sé óljós, lipra þjónustu skorti og seint sé brugðist við kvörtunum. Einkafyrirtæki, sem þannig sinnti viðskiptavinum sínum, yrði fljótlega undir í samkeppninni en hið opinbera nýtur verndar að þessu leyti. Hið opinbera virðist því ekki hafa tekið að fullu þátt í þeim framförum sem orðið hafa og getur á þann hátt hamlað auknum afköstum í samfélaginu.

Þetta er þeim mun alvarlegra þegar á það er litið að afskipti hins opinbera af viðskiptum og daglegu lífi eru mikil. Opinberir aðilar fara með eignarhald og aðstöðu, sjá um leyfisveitingar og eftirlit í ótal þáttum samfélagsins. Á sama tíma hafa almenningur og íslensk fyrirtæki lítið fjármagn og hraði viðskiptalífsins þolir litlar tafir. Seinvirk afgreiðsla erinda getur stórskaðað viðkvæm fyrirtæki. Betri og skilvirkari þjónusta stjórnsýslunnar og opinberra stofnana mun skila íslensku samfélagi miklum ávinningi á sviði viðskipta og almenningsþjónustu.

309. Tillaga til þingsályktunar [228. mál]

um fæðingarorlof feðra.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að við endurskoðun laga um fæðingarorlof verði tryggður sjálfstæður réttur feðra til a.m.k. tveggja vikna orlofs á launum við fæðingu barns.

Greinargerð.

Mikilvægt er að tryggja barni rétt til samvista við bæði föður og móður á fyrsta æviskeiðinu. Það er réttur barnsins að fá að mynda náin tengsl við báða foreldra sína á fyrstu dögum og vikum ævi sinnar. Fram til þessa hafa feður verið afskiptir hvað varðar samskipti við börn sín og liggja til þess margar skýringar. Með tveggja vikna orlofi í kringum fæðingu er stuðlað að því að fjölskyldan geti verið saman.

Ljóst er að Íslendingar standa grannþjóðunum að baki varðandi feðraorlof. Það hefur komið í ljós að þar sem sjálfstæður réttur feðra til fæðingarorlofs hefur verið tryggður í lögum hafa feður í stórauknum mæli nýtt sér hann og þar með axlað aukna ábyrgð gagnvart fjölskyldu sinni.

Nauðsynlegt er að gera ýmsar breytingar á fæðingarorlofi almennt og skal í því sambandi vísað til nýlegra tillagna karlanefndar Jafnréttisráðs þar sem hvatt er til gagngerra úrbóta á þessu sviði. Tveggja vikna feðraorlof er fyrsti áfangi á þeirri leið.

Lenging fæðingarorlofs og aukinn réttur fjölskyldunnar að þessu leyti er viðamikið mál og kostar mikið fé. Það er hins vegar forsenda fjölskyldustefnu sem tekur mið af almennri atvinnuþátttöku og breyttum þjóðfélagsháttum að körlum sé gert kleift að sinna skyldum sínum að þessu leyti.

Fylgiskjal.

Tillögur karlanefndar Jafnréttisráðs.

Frá því fyrst var tekið að ræða á opinberum vettvangi hérlendis um hlutverk og þátttöku karla í baráttunni fyrir jafnrétti kynja hefur verið ljóst að lykilatriði þar er aukin þátttaka karla í heimilis- og uppeldisstörfum. Jafnljóst hefur verið að til þess að ná árangri þar væri nauðsynlegt að auka og bæta möguleika karla til að tengjast börnum sínum nánum böndum. Ekkert er líklegra til að skila okkur fram á við á því sviði en breytt og bætt lög um fæðingarorlof.

Karlanefnd Jafnréttisráðs telur því að brýna nauðsyn beri til að gjörbreyta lögum og reglum um fæðingarorlof. Nefndin telur þetta mikilvægt fyrir börnin, fyrir hvort foreldra um sig og fyrir jafnrétti kynjanna.

Tillögur karlanefndar Jafnréttisráðs til breytinga á lögum og reglum um fæðingarorlof eru þessar:

1. *Stefnt verði að lengingu fæðingarorlofs í 12 mánuði og verði fjórir mánuðir bundnir föður, fjórir móður en fjórum geti foreldrar skipt eftir hentugleikum.*

   Lenging orlofsins er mikilvæg af ýmsum ástæðum. Sex mánuðir eru það stuttur tími að karlar munu veigra sér við að taka eitthvað af því, sérstaklega í ljósi þess að flestar mæður kjósa að hafa börn sín á brjósti þennan tíma. Á Norðurlöndum hefur sýnt sig að karlar taka sinn hluta fæðingarorlofs fyrst og fremst eftir að barnið er orðið sex mánaða. Lenging fæðingarorlofs hafði í för með sér að fleiri karlar tóku fæðingarorlof. Erlendar athuganir hafa sýnt að lykilþáttur í því að brjóta niður fordóma gagnvart föðurhlutverkinu og fá karla til að taka sér leyfi er að ákveðinn hluti fæðingarorlofs sé bundinn feðrum og ekki yfirfæranlegur á móður.
2. *Lágmarkskrafa er að feður fái tveggja vikna orlof á launum við fæðingu barns.*

   Fjölskyldunni veitir ekki af þessum tíma meðan verið er að finna tilverunni nýjan takt, enda tíðkast slíkt orlof annars staðar á Norðurlöndum. Fyrst eftir fæðingu barns myndast mjög mikilvæg tengsl við þá sem næstir eru og það skiptir miklu fyrir barnið og föðurinn að hann sé þá virkur þátttakandi í fjölskyldulífinu.
3. *Foreldrar hafi hvort um sig sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs og greiðslna.*

   Eins og staðan er í dag er réttur annars foreldris (föður) afleiddur af rétti hins. Karlanefndin telur þetta mjög óeðlilegt og til þess fallið að ýta undir hugmyndir um að börnin séu kvennanna en ekki karlanna. Þetta skiptir þannig máli sem leið til að gera feðrum ljósari foreldraábyrgð sína.

4. *Áhersla verði á sveigjanleika í töku orlofs, til að mynda að því megi dreifa á tvö ár.*
   Sveigjanleiki er annað atriði sem erlendar athuganir hafa sýnt að skiptir miklu til að fá feður til að taka fæðingarorlof. Margir kjósa að halda tengslum við vinnustaðinn. Að sjálfsögðu er þetta einnig mikilvægt atriði til að draga úr því að konur á barneignaraldri teljist sérstakur áhættuhópur við ráðningu í starf en það er einn þeirra þátta sem hamla starfsframa kvenna. Það er skoðun karlanefndar að gefist foreldrum og atvinnurekendum færi á muni þessir aðilar finna þá lausn sem hentugust er í hverju einstöku tilfelli. Sumum kemur ef til vill vel að vinna aðra hverja viku, hjá öðrum er heppilegra að vinna hálfan daginn o.s.frv.
5. *Tekjuskerðing foreldra í fæðingarorlofi má ekki standa í vegi fyrir töku þess.*
   Að sjálfsögðu er æskilegast að fólk haldi fullum launum en mikið neðar en 90% má tekjutengingin ekki fara ef fjárhagsatriði eiga ekki að verða hindrun eða afsökun í vegi fæðingarorlofs karla, en eins og kunnugt er eru laun karla að jafnaði hærri en laun kvenna.

310. Fyrirspurn [229. mál]

til samgönguráðherra um framkvæmdir á Reykjavíkurflugvelli í kjölfar hættumats.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hverjar af tillögum nefndar þeirrar sem gerði hættumat fyrir Reykjavíkurflugvöll eru þegar komnar til framkvæmda?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Álit nefndarinnar var birt í skýrslunni „Reykjavíkurflugvöllur — sambýli flugs og byggðar“ árið 1991. Tillögurnar eru byggðar á hættumati nefndarinnar og mati á slysalíkum umhverfis flugvöllinn:

a. æfinga-, kennslu- og einkaflug fái aðstöðu á nýjum flugvelli í nágrenni höfuðborgarinnar,
b. ferjuflugi og millilandaflugi einkaflugvéla, öðru en sérstöku gestaflugi, verði beint til Keflavíkur,
c. hætt verði notkun á NA/SV-braut (07-25) og henni lokað,
d. tekin verði upp skráning á brautarnotkun á Reykjavíkurflugvelli og settar reglur sem leiða til aukinnar notkunar AV-brautar á kostnað NS-brautar,
e. eldsneytisgeymar á flugvallarsvæðinu verði fjarlægðir og komið upp eldsneytis- og olíubirgðageymslu á einum stað utan við öryggissvæði flugbrautanna,
f. gas- og olíugeymar í Skerjafirði verði fjarlægðir,
g. settar verði reglur um hávaðatakmarkanir á Reykjavíkurflugvelli,
h. flugsýningar verði framvegis haldnar utan Reykjavíkur,
i. hraðað verði framkvæmdum við endurbætur og nýbyggingu akbrauta á flugvellinum,

j. tryggt verði fé til kaupa á flugvallarratsjá í flugturn og aðflugs- og brottflugsleiðum beint sem mest frá þéttbýli umhverfis flugvöllinn út yfir sjó.

311. Fyrirspurn [230. mál]

til utanríkisráðherra um starfskjör í sendiráðum.

Frá Merði Árnasyni.

1. Eru upplýsingar, sem fram komu í fréttum Stöðvar tvö 1. desember sl. um launa- og starfskjör í ákveðnu sendiráði, réttar?
2. Hver voru laun og aðrar greiðslur til sendiherra í sendiráðum erlendis árin 1994 og 1995?
3. Hver var skattfrjáls hluti þeirra greiðslna og á hvaða forsendum eru þær greiðslur undanþegnar skatti?
4. Hver voru laun og aðrar greiðslur árin 1994 og 1995 til annarra starfsmanna í sendiráðum, flokkað eftir starfsheitum? Hver voru meðallaun og greiðslur á starfsmann, flokkað eftir starfsheitum?
5. Hver var skattfrjáls hluti þeirra greiðslna og á hvaða forsendum eru þær greiðslur undanþegnar skatti?
6. Hver var risna sendiherra og annarra starfsmanna í hverju sendiráði árin 1994 og 1995?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Í frétt Stöðvar tvö kom fram að árið 1994 hefði sendiherrann sem um ræðir haft 7,9 millj. ísl. kr. í árstekjur, eða um 660 þús. kr. á mánuði. Af heildarlaunum hans væru 415 þús. kr. undanþegnar skatti sem launauppbætur. Hann hefði að auki fengið 36.100 kr. á mánuði sem kostnaðargreiðslu fyrir barn. Húsnæði, rafmagn og hiti hefði verið ókeypis hjá sendiherranum. Ritari í sendiráðinu hefði haft í árstekjur 3,3 millj. ísl. kr., eða um 275 þús. kr. á mánuði. Af heildarlaunum hans væru 138 þús. kr. undanþegnar skatti. Að auki væru honum greiddar 150 þús. kr. til leigu íbúðar.

312. Fyrirspurn [231. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um gjöld fyrir ferliverk.

Frá Svavari Gestssyni.

Hverju nema alls gjöld fyrir svokölluð ferliverk:
a. 1995,
b. samkvæmt áætlun 1996?

Skriflegt svar óskast.

313. Frumvarp til laga [232. mál]

um breytingu á lögum nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:
a. Lokamálsliður 1. mgr. fellur brott.
b. 2. mgr. orðast svo:
Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg. Henni skal fylgja lýsing á starfseminni þar sem fram kemur, meðal annars, hvaða starfsemi ætlunin er að stunda og lýsing á innra skipulagi viðskiptabankans eða sparisjóðsins. Jafnframt skulu fylgja upplýsingar um stofnendur, hlutafé eða stofnfé, hluthafa eða stofnfjáreigendur og hlut hvers um sig, auk annarra upplýsinga og gagna sem viðskiptaráðherra ákveður. Samþykktir skulu fylgja umsókn um starfsleyfi hlutafélagsbanka eða sparisjóðs.
c. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Ákvörðun um umsókn um starfsleyfi skal ávallt liggja fyrir innan sex mánaða frá því að fullbúin umsókn barst ráðherra, sbr. ákvæði III. kafla.

2. gr.

2. málsl. 3. mgr. 8. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Orðin „um Lánastofnun sparisjóðanna hf.“ í 1. mgr. 10. gr. laganna falla brott.

4. gr.

26. gr. laganna orðast svo:
Synjun ráðherra á starfsleyfi skal rökstudd og send umsækjanda skriflega.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 46. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „og“ kemur: eða.
b. Nýr málsliður bætist við, svohljóðandi: Fari eignarhlutir samtímis fram yfir hlutföll skv. 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. skal hærri fjárhæðin af þeim sem umfram er dregin frá við útreikning eigin fjár hlutaðeigandi stofnunar.

6. gr.

Í stað orðanna „Lánastofnun sparisjóðanna eða félagi sem leysir hana af hólmi, sbr. 99. gr.“ í 52. gr. laganna kemur: Sparisjóðabanka Íslands hf.

7. gr.

Orðin „eða Lánastofnun sparisjóðanna“ í 53. gr. laganna falla brott.

8. gr.

54. gr. laganna orðast svo:

Eigið fé viðskiptabanka og sparisjóða, eins og það er skilgreint skv. 2. mgr., skal á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar til 8% af áhættugrunni. Áhættugrunnur stofnunar skal metinn með tilliti til heildareigna, liða utan efnahagsreiknings, gengisáhættu og áhættu annarra liða með markaðsáhættu samkvæmt nánari reglum um mat á áhættugrunni til útreiknings á eiginfjárhlutfalli viðskiptabanka og sparisjóða sem Seðlabankinn setur. Eiginfjárkrafan skv. 1. málsl. skal einnig gilda um samstæðureikning, sbr. 66. gr.

Við útreikning á eiginfjárhlutfalli skv. 1. mgr. skal eigið fé samsett af þremur þáttum, eiginfjárþætti A, eiginfjárþætti B og eiginfjárþætti C og frádráttarliðum skv. 55. gr. Heildarfjárhæð eiginfjárþáttar B má hæst nema 50% af eiginfjárþætti A. Eiginfjárþáttur A skal nema að lágmarki helmingi eigin fjár fyrir frádrátt skv. 55. gr.

Eiginfjárþáttur A telst vera:

1. Innborgað hlutafé.
2. Varasjóðir, yfirverðsreikningur hlutafjár og óráðstafað eigið fé að frádregnu tapi ársins.
3. Endurmatsreikningur samkvæmt verðbólgureikningsskilum.
4. Frá eiginfjárþætti A skal draga eigin hlutabréf, viðskiptavild og aðrar óáþreifanlegar eignir, svo og áfallnar ófærðar skattskuldbindingar sem rýra möguleika viðskiptabankans eða sparisjóðsins til að mæta tapi.

Eiginfjárþáttur B telst vera:

1. Víkjandi lán sem viðskiptabankar eða sparisjóðir taka gegn útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en fimm ár og að við gjaldþrot hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs eða slit hans fáist það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur viðskiptabankanum eða sparisjóðnum en endurgreiðslu hlutafjár eða stofnfjár eða sambærilegs eigin fjár ríkisviðskiptabanka. Þegar fimm ár eru eftir af lánstímanum skal lánið reiknast niður um 20% fyrir hvert ár sem líður af þessum fimm árum. Sé um að ræða lán sem greiðist niður með afborgunum á lánstímanum skal reikna eftirstöðvar hvers árs niður á sambærilegan hátt.
2. Endurmatsreikningar aðrir en gert er ráð fyrir í eiginfjárþætti A.

Eiginfjárþáttur C telst vera víkjandi lán til skamms tíma sem viðskiptabanki eða sparisjóður tekur gegn útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en tvö ár og að við gjaldþrot hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs eða slit hans fáist það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur viðskiptabankanum eða sparisjóðnum en endurgreiðslu hlutafjár eða stofnfjár eða sambærilegs eigin fjár ríkisviðskiptabanka. Jafnframt skal kveðið á um að óheimilt sé að greiða af láninu eða greiða af því vexti ef eiginfjárhlutfall hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs er lægra en 8% eða ef endurgreiðsla höfuðstóls eða greiðsla vaxta veldur því að eiginfjárhlutfallið fer niður fyrir 8%. Heildarfjárhæð eiginfjárþáttar C má hæst nema 50% af eiginfjárþætti A. Jafnframt má heildarfjárhæð eiginfjárþáttar C hæst nema 4,8% af reiknuðum áhættugrunni viðskiptabanka eða sparisjóðs vegna markaðsáhættu liða í veltubók og gengisáhættu. Bankaeftirlitið getur heimilað viðskiptabanka eða sparisjóði að fara tímabundið yfir umrædd mörk að uppfylltum nánari skilyrðum. Við mat á eiginfjárþætti C getur bankaeftirlitið jafnframt heimilað einstökum viðskiptabönkum eða sparisjóðum að tekið sé tillit til hagnaðar af veltubókarviðskiptum að frádreginni fyrirsjáanlegri gjaldfærslu eða arði og að frádregnu nettó tapi af annarri starfsemi enda sé engin þessara fjárhæða meðtalin í eiginfjárþætti A.

Bankaeftirlitið getur veitt heimild til að flýta endurgreiðslu víkjandi lána æski lánveitandi þess enda hafi slíkt ekki áhrif á viðunandi eiginfjárstöðu hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóð.

Ráðherra er heimilt að fengnum tillögum bankaeftirlitsins að ákveða í reglugerð að aðrir liðir en greindir eru í 3.–4. mgr. teljist með eigin fé viðskiptabanka eða sparisjóðs.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 55. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Lánastofnun sparisjóðanna hf., eða félagi sem leysir hana af hólmi, sbr. 99. gr.“ í 1. og 3. tölul. 1. mgr. kemur: Sparisjóðabanka Íslands hf.
b. 5. og 6. mgr. falla brott.

10. gr.

2. mgr. 56. gr. laganna orðast svo:

Ársreikningur skal undirritaður af bankaráði eða sparisjóðsstjórn og bankastjórum og sparisjóðsstjórum. Ársreikningur ríkisviðskiptabanka skal auk þess staðfestur af ráðherra. Hafi bankaráðsmaður eða stjórnarmaður sparisjóðs, bankastjóri eða sparisjóðsstjóri mótbárur fram að færa gegn ársreikningi skal hann gera grein fyrir því í áritun sinni.

11. gr.

3. mgr. 57. gr. laganna orðast svo:

Bankaeftirlitið setur reglur um uppsetningu ársreiknings, innihald einstakra liða rekstrar- og efnahagsreiknings og liða utan efnahagsreiknings og skýringar og mat á einstökum liðum.

12. gr.

Í stað orðanna „annars staðar í ársreikningum“ í 1. mgr. 58. gr. laganna kemur: í ársreikningnum.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 62. gr. laganna:

a. Í stað 7. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Við viðskiptabanka og sparisjóði skal starfa endurskoðunardeild sem annast innri endurskoðun undir stjórn forstöðumanns, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 39. gr. Innri endurskoðun er hluti af skipulagi viðskiptabanka og sparisjóða og er þáttur í eftirlitskerfi þeirra. Bankaeftirlitið getur veitt undanþágu frá starfrækslu slíkrar endurskoðunardeildar og sett þeim stofnunum skilyrði sem slíka undanþágu fá.

Viðskiptabanki eða sparisjóður skal á hverjum tíma hafa yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættu, þar með talið vaxtaáhættu, í tengslum við öll viðskipti sín. Bankaeftirlitið getur sett leiðbeinandi reglur um eftirlitskerfi vegna áhættuþátta í starfsemi viðskiptabanka eða sparisjóðs.

b. Við 8. mgr., sem verður 9. mgr., bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Bankaeftirlitið setur reglur um endurskoðun viðskiptabanka og sparisjóða.

c. 9. mgr. fellur brott.

14. gr.

Orðin „lánveitingar, ábyrgðir og“ í 1. málsl. 7. mgr. 66. gr. laganna falla brott.

15. gr.

Orðið „endurskoðanda“ í 2. málsl. 3. mgr. 67. gr. laganna fellur brott.

16. gr.

X. kafli laganna, er hefur fyrirsögnina Tryggingarsjóður innlánsstofnana, orðast svo:

a. (75. gr.)

Viðskiptabankar og sparisjóðir með staðfestu hér á landi skulu eiga aðild að Tryggingarsjóði innlánsstofnana. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun. Aðilar að sjóðnum bera ekki ábyrgð á skuldbindingum hans.

Tryggingarsjóður innlánsstofnana starfar í tveimur sjálfstæðum deildum, innstæðudeild og lánadeild, með aðskilinn fjárhag og reikningshald. Eignir annarrar deildarinnar verða ekki notaðar til að standa skil á skuldbindingum hinnar.

b. (76. gr.)

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum Tryggingarsjóðs innlánsstofnana. Sérhver aðili að sjóðnum fer á aðalfundi með atkvæðisrétt í samræmi við hlut hans í samanlögðum tryggðum innstæðum næstliðið ár fyrir aðalfund. Þrátt fyrir þetta má enginn aðila að sjóðnum fara með meira en 1/10 hluta heildaratkvæðamagns í honum. Um aðal- og aukafundi sjóðsins gilda að öðru leyti ákvæði 32.–34. gr. eftir því sem við getur átt.

Stjórn Tryggingarsjóðs innlánsstofnana fer með málefni hans milli aðal- og aukafunda. Hún skal skipuð fjórum mönnum til þriggja ára í senn. Einn þeirra skal skipaður af Sambandi íslenskra sparisjóða, einn af Sambandi íslenskra viðskiptabanka, einn af Seðlabanka Íslands og einn af ráðherra. Ráðherra skipar formann stjórnar úr hópi stjórnarmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Nánar skal kveðið á um skipan og verkefni stjórnar og starfsemi sjóðsins að öðru leyti í samþykktum hans. Þær skulu staðfestar af ráðherra.

Stjórnarmenn og starfsmenn Tryggingarsjóðs innlánsstofnana eru bundnir þagnarskyldu í samræmi við ákvæði 43. gr.

Um ársreikning og endurskoðun Tryggingarsjóðs innlánsstofnana fer samkvæmt ákvæðum VII. kafla. Um eftirlit með starfsemi sjóðsins fer samkvæmt ákvæðum XIV. kafla.

Tryggingarsjóður innlánsstofnana er undanþeginn tekjuskatti og eignarskatti samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

c. (77. gr.)

Meginhlutverk Tryggingarsjóðs innlánsstofnana er að tryggja innstæðueiganda skil á greiðslu innstæðu sem hann hefur krafist endurgreiðslu á í samræmi við þá skilmála er um hana gilda og viðskiptabanki eða sparisjóður er að áliti bankaeftirlitsins ekki fær um að inna tafarlaust af hendi eða í nánustu framtíð vegna greiðsluerfiðleika. Álit bankaeftirlitsins skal liggja fyrir eigi síðar en þremur vikum eftir að bankaeftirlitið fær fyrst staðfestingu á því að hlutaðeigandi viðskiptabanki eða sparisjóður hafi ekki greitt innstæðu eins og honum bar að gera. Greiðsluskylda tryggingarsjóðsins vaknar einnig ef ákveðið er að slíta viðskiptabanka eða sparisjóði, sbr. ákvæði VIII. kafla.

Með innstæðu í 1. mgr. er átt við innstæðu sem tilkomin er vegna innláns eða millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi og viðskiptabanka eða sparisjóði ber að endurgreiða samkvæmt skilmálum er gilda samkvæmt lögum eða samningum. Tryggingin nær hins vegar ekki til skuldabréfa, víxla og annarra krafna sem útgefnar eru af viðskiptabanka eða sparisjóði í formi verðbréfa.

Undanskildar tryggingu skv. 1. mgr. eru innstæður í eigu annarra viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana fyrir þeirra eigin reikning og innstæður sem tengjast málum þar sem sakfellt hefur verið fyrir peningaþvætti.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um eftirfarandi atriði að höfðu samráði við stjórn Tryggingarsjóðs innlánsstofnana:

1. Tryggingu á innstæðum í erlendum útibúum viðskiptabanka og sparisjóða með staðfestu hér á landi.
2. Aðild hérlendra útibúa viðskiptabanka og sparisjóða með staðfestu í öðru ríki að Tryggingarsjóði innlánsstofnana.
3. Tilhögun á greiðslum úr Tryggingarsjóði innlánsstofnana.
4. Skyldu viðskiptabanka og sparisjóða til að upplýsa viðskiptavini um aðild sína að Tryggingarsjóði innlánsstofnana og um helstu atriði innstæðutryggingarinnar og jafnframt takmörkun á notkun þessara upplýsinga í samkeppnisskyni.
5. Tryggingu á innstæðu þegar um sameiginlegan innlánsreikning er að ræða eða þegar innstæðueigandi á ekki ótvíræðan rétt til innstæðu.

d. (78. gr.)

Auk innstæðutrygginga er Tryggingarsjóði innlánsstofnana heimilt að veita viðskiptabanka eða sparisjóði víkjandi lán úr lánadeild í því skyni að efla eiginfjárstöðu hans, enda verði fjár til þess aflað sérstaklega með lántöku. Stjórn sjóðsins getur sett skilyrði fyrir lánveitingu.

Stjórn Tryggingarsjóðs innlánsstofnana er heimilt að láta rannsaka rekstur og efnahag viðskiptabanka eða sparisjóðs sem veitt er víkjandi lán. Getur stjórnin í þessu sambandi krafist nauðsynlegra upplýsinga frá hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði.

e. (79. gr.)

Stefnt skal að því að heildareign innstæðudeildar Tryggingarsjóðs innlánsstofnana nemi a.m.k. 1% af samanlögðum tryggðum innstæðum í viðskiptabönkum og sparisjóðum. Í þessu skyni skal hver viðskiptabanki og sparisjóður greiða eigi síðar en 1. mars ár hvert gjald til sjóðsins er nemur 1% af þeirri aukningu sem orðið hefur á tryggðum innstæðum í hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði frá meðaltali næstliðins árs frá árinu þar á undan. Greiðslur til sjóðsins eru óendurkræfar.

Fari heildareign Tryggingarsjóðs innlánsstofnana skv. 1. mgr. niður fyrir 1% af samanlögðum tryggðum innstæðum skulu allir viðskiptabankar og sparisjóðir hefja greiðslur í sjóðinn. Þær skulu nema 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði á næstliðnu ári. Greiðslur í sjóðinn skulu inntar af hendi eigi síðar en 1. mars ár hvert. Jafnframt skal hver viðskiptabanki og sparisjóður leggja fram ábyrgðaryfirlýsingu fyrir jafnháum hlut af þeirri fjárhæð sem á vantar til að heildareign sjóðsins nái 1% af samanlögðum tryggðum innstæðum og nemur hlut tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka og sparisjóði af samanlögðum tryggðum innstæðum í viðskiptabönkum og sparisjóðum.

Þegar heildareign sjóðsins hefur á ný náð 1% af samanlögðum tryggðum innstæðum skulu greiðslur skv. 2. mgr. falla niður en greiðslur skv. 1. mgr. teknar upp. Nú tekur viðskiptabanki eða sparisjóður til starfa á meðan greiðslur eru inntar af hendi skv. 2. mgr. og skal hann þá greiða í sjóðinn skv. 1. mgr. en ekki 2. mgr.

Nú hrökkva eignir Tryggingarsjóðs innlánsstofnana ekki til þess að greiða heildarfjárhæð tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði og skal þá greiðslu úr sjóðnum skipt þannig milli innstæðueigenda að heildarinnstæða hvers innstæðueiganda allt að 1,7 milljónum króna er bætt að fullu en allt sem umfram er þessa fjárhæð skal bætt hlutfallslega jafnt eftir því sem eignir sjóðsins hrökkva til. Fjárhæð þessi skal bundin við gengi evrópsku mynteiningarinnar ECU miðað við kaupgengi hennar 3. janúar 1995. Sjóðurinn verður ekki síðar krafinn um frekari greiðslu þótt innstæða hafi ekki verið bætt að fullu. Telji stjórn sjóðsins brýna ástæðu til er henni heimilt að taka lán til að greiða innstæðueigendum hrökkvi eignir sjóðsins ekki til.

Komi til greiðslu úr Tryggingarsjóði innlánsstofnana yfirtekur hann kröfu innstæðueiganda á hendur hlutaðeigandi viðskiptabanka, sparisjóði eða þrotabúi.

f. (80. gr.)

Nú uppfyllir viðskiptabanki eða sparisjóður ekki skyldur sínar gagnvart Tryggingarsjóði innlánsstofnana og skal þá stjórn hans tilkynna það ráðherra án tafar. Hann skal veita hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði allt að sex mánaða frest til úrbóta. Séu ríkar ástæður að mati ráðherra er honum heimilt að framlengja frestinn um allt að sex mánuði til viðbótar.

Nú rennur frestur skv. 1. mgr. út án þess að hlutaðeigandi viðskiptabanki eða sparisjóður hafi uppfyllt skyldur sínar gagnvart sjóðnum og skal ráðherra þá afturkalla starfsleyfi hans að fengnu áliti bankaeftirlitsins, sbr. 4. tl. 1. mgr. 89. gr. Ákvæði 2. mgr. 89. gr. á ekki við í slíkum tilfellum. Innstæður, sem stofnað er til áður en frestur skv. 1. mgr. rennur út, skulu njóta tryggingarverndar í samræmi við ákvæði 77. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga einnig við um útibú erlendra viðskiptabanka og sparisjóða hér á landi sem aðild eiga að Tryggingarsjóði innlánsstofnana. Nú rennur frestur skv. 1. mgr. út þegar um er að ræða útibú viðskiptabanka eða sparisjóðs með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og skal þá bankaeftirlitið banna starfsemi þess hér

á landi, sbr. 94. gr. Þegar um er að ræða útibú viðskiptabanka eða sparisjóðs með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins skal ráðherra afturkalla starfsleyfi þess að fengnu áliti bankaeftirlitsins.

g. (81. gr.)

Tryggingarsjóður innlánsstofnana yfirtekur allar eignir og skuldir Tryggingarsjóðs viðskiptabanka 1. janúar 1996 og skal síðarnefndi sjóðurinn þá lagður niður.

h. (82. gr.)

Tryggingarsjóður sparisjóða skal greiða Tryggingarsjóði innlánsstofnana 300 milljónir króna 1. janúar 1996. Tryggingarsjóður sparisjóða starfar áfram sem sjálfseignarstofnun og skulu allir sparisjóðir með staðfestu hér á landi eiga aðild að honum. Hlutverk sjóðsins er að tryggja fjárhagslegt öryggi sparisjóða. Í því skyni er stjórn hans heimilt að:

1. veita sparisjóði lán eða yfirtaka vissar eignir sparisjóðs,
2. ganga í ábyrgð fyrir sparisjóð,
3. bæta sérstakt tap og kostnað sem sparisjóður verður fyrir og
4. veita sparisjóðum stuðning að öðru leyti á hvern þann hátt sem stjórn sjóðsins ákveður í samræmi við ákvæði laga þessara og samþykktir sjóðsins.

Þá er stjórninni heimilt að láta rannsaka rekstur og efnahag sparisjóðs. Getur stjórnin í þessu sambandi krafist nauðsynlegra upplýsinga frá sparisjóði. Stjórn Tryggingarsjóðs er heimilt að taka lán í því skyni að tryggja fjárhagslegt öryggi sparisjóðs.

Stjórn og starfsmenn Tryggingarsjóðs sparisjóða eru bundin þagnarskyldu í samræmi við ákvæði 43. gr. Tryggingarsjóður sparisjóða er undanþeginn tekjuskatti og eignarskatti enda nemi árleg framlög sparisjóðanna til hans ekki hærri fjárhæð en sem svarar til 0,15% af heildarinnlánum hvers sparisjóðs um næstu áramót á undan.

Nánar skal kveðið á um starfsemi Tryggingarsjóðs sparisjóða í samþykktum hans, þar á meðal um greiðslu árgjalds. Samþykktir sjóðsins skulu staðfestar af ráðherra.

17. gr.

Á eftir 84. gr. laganna bætist við ný grein, 84. gr. A, svohljóðandi:

Fyrirtæki frá öðru ríki innan hins Evrópska efnahagssvæðis, sem heimilt er samkvæmt samþykktum sínum að stunda þá starfsemi sem tilgreind er í 1. mgr. 44. gr. laga þessara, er heimilt að stofna útibú eða veita þjónustu hér á landi án stofnunar útibús séu eftirtalin skilyrði uppfyllt:

1. Fyrirtækið skal vera dótturfyrirtæki viðskiptabanka eða sparisjóðs eða sameiginlegt dótturfyrirtæki tveggja eða fleiri viðskiptabanka eða sparisjóða skv. 3. mgr. 66. gr.
2. Dótturfyrirtækið skal lúta löggjöf í því ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins sem veitt hefur móðurfyrirtæki eða móðurfyrirtækjum skv. 1. tölul. starfsleyfi, og skal dótturfyrirtækið jafnframt stunda umrædda starfsemi í því ríki.
3. Móðurfyrirtækið eða móðurfyrirtækin skulu fara með a.m.k. 90% af atkvæðamagni því sem fylgir hlutum í fyrirtækinu.
4. Móðurfyrirtækið eða móðurfyrirtækin skulu uppfylla skilyrði bankaeftirlits um heilbrigða og trausta stjórnun dótturfyrirtækisins og skulu jafnframt lýsa því yfir með samþykki lögbærra yfirvalda í heimaríki þeirra að þau beri óskipta ábyrgð á skuldbindingum þeim sem dótturfyrirtækið tekur á sig.

5. Dótturfyrirtækið skal heyra undir eftirlit á samstæðugrundvelli sem móðurfyrirtækið eða sérhvert móðurfyrirtækjanna lýtur. Þetta á sérstaklega við um eftirlit með útreikningi á eiginfjárhlutfalli, eftirlit með útreikningi á lánum og ábyrgðum til einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila og eftirlit með takmörkunum á eignarhlutdeild í öðrum fyrirtækjum, sbr. 46. gr.

Með tilkynningu um starfsemi hér á landi skv. 1. mgr. skal fylgja staðfesting lögbærs yfirvalds í heimaríki móðurfyrirtækis eða móðurfyrirtækja á því að framangreind skilyrði séu uppfyllt. Jafnframt skulu lögbær yfirvöld í heimaríki móðurfyrirtækis eða móðurfyrirtækja lýsa því yfir að þau muni hafa fullnægjandi eftirlit með starfsemi fyrirtækisins. Að öðru leyti skal beita ákvæðum 83., 84. og 85. gr. eftir því sem við á.

Ákvæði 1. og 2. mgr. taka einnig til fyrirtækis sem er í eigu eða undir áhrifum eins eða fleiri dótturfyrirtækja, sbr. ákvæði 66. gr. laga þessara, eftir því sem við getur átt.

18. gr.

Við 1. mgr. 85. gr. laganna bætist: og 84. gr., svo og starfsemi fyrirtækja skv. 84. gr. A.

19. gr.

Á eftir 87. gr. laganna bætist við ný grein, 87. gr. A, svohljóðandi:

Ákvæði 86. og 87. gr. taka einnig til innlends dótturfyrirtækis viðskiptabanka eða sparisjóðs eða sameiginlegs dótturfyrirtækis tveggja eða fleiri viðskiptabanka eða sparisjóða sem heimilt er samkvæmt samþykktum sínum að stunda þá starfsemi sem tilgreind er í 1. mgr. 44. gr. og uppfylla skilyrði þau sem fram koma í 1.–5. tölul. 1. mgr. 84. gr. A., eftir því sem við getur átt. Tilkynningu bankaeftirlits til lögbærra eftirlitsaðila skv. 2. mgr. 86. gr. eða 2. mgr. 87. gr. skal fylgja staðfesting bankaeftirlits á því að fyrirtækið uppfylli framangreind skilyrði.

Ákvæði 1. mgr. tekur einnig til fyrirtækis sem er í eigu eða undir áhrifum eins eða fleiri dótturfyrirtækja, sbr. ákvæði 66. gr. laga þessara, eftir því sem við getur átt.

Fyrirtæki samkvæmt þessari grein skal lúta eftirliti bankaeftirlitsins. Uppfylli fyrirtæki, sem hafið hefur starfsemi skv. 1. mgr., ekki lengur skilyrði þau sem fram koma í 1.–5. tölul. 1. mgr. 84. gr. A skal bankaeftirlitið skýra viðkomandi lögbæru yfirvaldi frá því.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 89. gr. laganna:

a. Nýr töluliður, 1. tölul., bætist við, svohljóðandi: hafi hlutaðeigandi stofnun fengið starfsleyfið á grundvelli falsaðra yfirlýsinga eða á annan óeðlilegan hátt.
b. 2. tölul., sem verður 3. tölul., orðast svo: nýti hlutaðeigandi stofnun ekki starfsleyfið innan tólf mánaða frá því að það var veitt, afsali sér ótvírætt leyfinu eða hætti starfsemi í meira en sex mánuði samfellt.

21. gr.

Ný málsgrein, 3. mgr., bætist við 94. gr. laganna, svohljóðandi:

Nú gerist viðskiptabanki eða sparisjóður, sem hlotið hefur starfsleyfi hér á landi og stundar starfsemi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, brotlegur við lög þess ríkis, og lögbær yfirvöld þess ríkis grípa til ráðstafana sambærilegra þeim sem greinir í

1. mgr., og skal þá bankaeftirlitið aðstoða þarlend lögbær yfirvöld við samskipti þeirra við stjórnendur hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs.

22. gr.

99. gr. laganna orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 10. gr. er heimilt að leggja hömlur á viðskipti með hlutabréf í Sparisjóðabanka Íslands hf. sem stofnaður er af sparisjóðunum.

23. gr.

Ákvæði til bráðabirgða III í lögunum fellur brott.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 8. gr. koma þó ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1996.

Ákvæði til bráðabirgða.

Víkjandi lán, sem viðskiptabanki eða sparisjóður hefur tekið fyrir gildistöku laga þessara og greiðast skulu niður með afborgunum, eru undanþegin ákvæði 3. málsl. 1. tölul. 4. mgr. 54. gr. laganna um endurgreiðslu víkjandi lána sem teljast til eiginfjárþáttar B.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með þátttöku sinni í Evrópska efnahagssvæðinu (EES) skuldbatt Ísland sig til að lögtaka meginefni ýmissa tilskipana Evrópusambandsins (ESB) á sviði fjármálaþjónustu. Með setningu laga nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði, var bankalöggjöfin samræmd ákvæðum ýmissa þágildandi tilskipana ESB á þessu sviði. Síðan hafa þær aðstæður skapast að nauðsynlegt er að endurskoða ýmis ákvæði þessara laga. Þar kemur einkum þrennt til:

1. Samþykkt hefur verið að nokkrar nýjar tilskipanir ESB verði hluti af EES-samningnum. Ýmis ákvæði þeirra kalla á breytingar á innlendri bankalöggjöf.
2. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur í samvinnu við viðskiptaráðuneytið og Seðlabanka Íslands yfirfarið ákvæði bankalöggjafarinnar í því skyni að ganga úr skugga um að fullnægjandi samræming hafi náðst milli hennar og tveggja bankatilskipana ESB, fyrstu bankatilskipunarinnar (77/780/EBE) og annarrar bankatilskipunarinnar (89/646/EBE). Athugun ESA leiddi í ljós að íslensk bankalöggjöf telst í öllum helstu atriðum nægilega samræmd þessum tilskipunum. Hins vegar komu í ljós einstök atriði sem ESA taldi nauðsynlegt að bæta við bankalöggjöfina til að fullkominni samræmingu væri náð. Bréf ESA um þetta efni frá 11. nóvember 1994 er birt sem fylgiskjal I með frumvarpinu. Athugasemdir og ábendingar ESA hafa verið yfirfarnar gaumgæfilega. Nokkrar þeirra eru þess eðlis að þær kalla á breytingu á bankalöggjöfinni en aðrar leiddu til breytinga á reglugerð nr. 470/1986 fyrir Seðlabanka Íslands. Svar viðskiptaráðuneytis við bréfi ESA er birt sem fylgiskjal II með frumvarpinu.
3. Við framkvæmd laganna hafa komið í ljós nokkur atriði sem betur mættu fara. Nánar er fjallað um þessi atriði í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

Nýjar tilskipanir ESB er varða viðskiptabanka, sparisjóði og aðrar lánastofnanir.

Með aðild að Evrópska efnahagssvæðinu undirgengust íslensk stjórnvöld að aðlaga íslenskan rétt að framtíðarbreytingum á rétti ESB jafnóðum og ákveðið yrði að nýjar ESB-gerðir skyldu einnig gilda innan EES. Frá því að EES-samningurinn tók gildi 1. janúar 1994 hefur verið ákveðið að sex nýjar tilskipanir ESB, er varða starfsemi viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana, skuli einnig gilda innan EES-svæðisins. Þær tilskipanir sem hér um ræðir eru:

1. Tilskipun ráðsins 91/633/EBE frá 3. desember 1991 um framkvæmd tilskipunar 89/299/EBE um eigið fé lánastofnana. Þessi tilskipun var hluti af „viðbótarpakkanum" sem sameiginlega EES-nefndin tók ákvörðun um 21. mars 1994. Ekki er nauðsynlegt að breyta lagaákvæðum hér á landi vegna þessarar tilskipunar því að ákvæði hennar voru höfð til hliðsjónar þegar frumvarpið, sem varð að lögum nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði, var samið. Á grundvelli tilvísunar milli laga gilda þessi ákvæði bankalaganna einnig um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. lög nr. 123/1993.
2. Tilskipun ráðsins 92/16/EBE frá 16. mars 1992 um breytingu á tilskipun 89/299/EBE um eigið fé lánastofnana. Þessi tilskipun var hluti af „viðbótarpakkanum". Ekki er nauðsynlegt að breyta lagaákvæðum hér á landi vegna þessarar tilskipunar því að ákvæði hennar voru höfð til hliðsjónar þegar frumvarpið, sem varð að lögum nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði, var samið. Á grundvelli tilvísunar milli laga gilda þessi ákvæði bankalaganna einnig um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. lög nr. 123/1993.
3. Tilskipun ráðsins 92/30/EBE frá 6. apríl 1992 um eftirlit með lánastofnunum á samstæðugrundvelli. Þessi tilskipun var hluti af „viðbótarpakkanum". Ekki er nauðsynlegt að breyta lagaákvæðum hér á landi vegna þessarar tilskipunar því að ákvæði hennar voru höfð til hliðsjónar þegar frumvarpið, sem varð að lögum nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði, var samið. Á grundvelli tilvísunar milli laga gilda þessi ákvæði bankalaganna einnig um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. lög nr. 123/1993.
4. Tilskipun ráðsins 92/121/EBE frá 21. desember 1992 um eftirlit með stórum áhættum lánastofnana. Þessi tilskipun var hluti af „viðbótarpakkanum". Ákvæðum hennar var hrint í framkvæmd hér á landi með setningu reglugerðar nr. 366/1994 um hámark lána og ábyrgða viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana á grundvelli reglugerðarheimilda í lögum nr. 43/1993 og í lögum nr. 123/1993.
5. Tilskipun ráðsins 93/6/EBE frá 15. mars 1993 um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana. Þessi tilskipun var hluti af „viðbótarpakkanum". Ákvæði hennar eiga að koma til framkvæmda eigi síðar en 31. desember 1995 þótt vitað sé að bæði í Danmörku og Englandi hyggjast stjórnvöld ekki láta hana taka gildi fyrr en 1. janúar 1996. Aðildarríkin eru skuldbundin til að breyta lögum og reglugerðum vegna hennar í síðasta lagi 1. júlí 1995. Strangt til tekið er unnt að hrinda ákvæðum þessarar tilskipunar í framkvæmd hér á landi að því er viðskiptabanka, sparisjóði og aðrar lánastofnanir varðar á grundvelli reglugerðarheimildar ráðherra í 55. gr. laga nr. 43/1993 og reglusetningarheimildar Seðlabanka Íslands í 54. gr. sömu laga og gildandi tilvísunar milli laga nr. 43/1993 og laga nr. 123/1993 í 2. mgr. 10. gr. þeirra síðarnefndu. Af ástæðum sem raktar eru hér á eftir er þó talið heppilegra að breyta eiginfjárákvæðum í lögum nr. 43/1993. Í 8. og 9. gr. frumvarpsins eru tillögur um breytingar þar að lútandi.

6. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/19/EB frá 30. maí 1994 um innlánatryggingakerfi. Sameiginlega EES-nefndin ákvað á fundi sínum 28. október 1994 að þessi tilskipun skyldi verða hluti af EES-samningnum. Ákvæði hennar áttu að koma til framkvæmda eigi síðar en 1. júlí 1995. Við fyrstu athugun var talið að unnt yrði að hrinda ákvæðum þessarar tilskipunar í framkvæmd á grundvelli almennrar reglugerðarheimildar og sérstakrar heimildar til að setja reglugerð um Tryggingarsjóð viðskiptabanka í lögum nr. 43/1993 og með því að breyta samþykktum fyrir Tryggingarsjóð sparisjóða. Nánari skoðun hefur hins vegar leitt í ljós að slík lausn yrði ekki byggð á nægjanlega traustum lagagrunni að því er varðar tiltekin ákvæði í þessari tilskipun. Hér er einkum um að ræða skilgreiningu á innstæðu, afdráttarlausa skyldu til að undanþiggja tilteknar innstæður tryggingunni, ótvíræða skylduaðild viðskiptabanka og sparisjóða að tryggingarsjóði, möguleika á aðild útibúa erlendra viðskiptabanka og sparisjóða að tryggingarsjóði hér á landi, ákvæði um auglýsingar viðskiptabanka og sparisjóða á aðild sinni að tryggingarsjóðunum og úrræði sem unnt er að grípa til ef viðskiptabanki eða sparisjóður eða útibú slíkrar erlendrar stofnunar hér á landi stendur ekki við skyldur sínar gagnvart tryggingarsjóði. Í 16. gr. frumvarpsins eru því lagðar til umtalsverðar breytingar á X. kafla laga nr. 43/1993 en í honum er fjallað um Tryggingarsjóð viðskiptabanka og Tryggingarsjóð sparisjóða.

Tilskipun ESB um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana.

Sem fyrr segir tekur tilskipun ráðsins 93/6/EBE um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana til viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana hér á landi. Auk þeirra tekur hún til fjárfestingarfyrirtækja (verðbréfafyrirtækja) og samhliða þessu frumvarpi er lagt fram á Alþingi frumvarp til nýrra laga um verðbréfaviðskipti í stað gildandi laga, nr. 9/1993. Í því frumvarpi er m.a. kveðið á um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

Í stuttu máli er megintilgangur tilskipunar 93/6/EBE sá að tryggja að eiginfjárhlutfall fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana endurspegli ýmiss konar áhættu sem sérhvert fyrirtæki tekur á sig vegna markaðsáhættu verðbréfa og vegna gengisáhættu. Þá er í tilskipuninni kveðið á um lágmarksstofnfé fjárfestingarfyrirtækja. Einnig er þar að finna ákvæði er lúta að hámarki lána og ábyrgða til einstakra viðskiptavina eða fjárhagslega tengdra viðskiptavina og ákvæði er lúta að eftirliti á samstæðugrundvelli og koma þau til viðbótar ákvæðum sérstakra tilskipana um þessi atriði (tilskipanir ráðsins 92/121/EBE og 92/30/EBE).

Auk meginmáls eru sex viðaukar í tilskipun 93/6/EBE þar sem nánar er fjallað um mismunandi áhættu og þá eiginfjárkröfu sem gerð er í hverju tilviki:

I. viðauki: Stöðuáhætta.
II. viðauki: Uppgjörsáhætta og mótaðilaáhætta.
III. viðauki: Gengisáhætta.
IV. viðauki: Önnur áhætta.
V. viðauki: Eigið fé.
VI. viðauki: Stór áhætta.

Grundvallarhugmyndin í eiginfjárreglunum í tilskipuninni er að greint sé á milli áhættutegunda fyrir hverja einustu skuldbindingu í svokallaðri veltubók (í henni eru verðbréf sem keypt eru til að hagnast á markaðssveiflum) og eiginfjárkrafa reiknuð út fyrir sérhverja áhættutegund. Heildareiginfjárkrafa vegna sérhverrar skuldbindingar er svo fundin út með því að leggja saman eiginfjárkröfu vegna hverrar áhættutegundar. Rétt er

að benda á að þær eiginfjárreglur, sem í gildi eru hér á landi og í öðrum iðnríkjum (Basel-reglurnar), endurspegla einungis þá áhættu sem felst í því hver útgefandi skuldbindingar er.

Samhliða því sem gerðar eru auknar eiginfjárkröfur til banka, sparisjóða og annarra lánastofnana og fjárfestingarfyrirtækja er þeim samkvæmt tilskipuninni heimilað að telja nýja liði til eigin fjár. Lagt er til að hér á landi verði farin sama leið og Danir hafa aðhyllst, þ.e. að einungis verði heimilað að telja einn þessara liða, víkjandi lán til skamms tíma, til eigin fjár en hinum sleppt.

Þar sem sömu eiginfjárkröfur eru gerðar til viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana annars vegar og fjárfestingarfyrirtækja hins vegar þykir eðlilegt að ákvæði þar að lútandi séu eins í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði (þau ákvæði munu síðan gilda um aðrar lánastofnanir vegna tilvísunar milli laga) og lögum um verðbréfaviðskipti. Því er í 8. og 9. gr. frumvarpsins lagt til að gerðar verði breytingar á 54. og 55. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði þannig að orðalag þeirra greina verði samhljóða hliðstæðum ákvæðum í lögum um verðbréfaviðskipti, að breyttu breytanda, sem fram koma í frumvarpi til nýrra laga þar að lútandi.

Tilskipun um innstæðutryggingar.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/19/EB um innlánatryggingakerfi (innstæðutryggingar) tekur við af tilmælum framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins frá 1986 um að komið yrði á innstæðutryggingum innan bandalagsins. Er talið nauðsynlegt að fyrirkomulag innstæðutrygginga verði samræmt innan Evrópusambandsins nú þegar komið hefur verið á sameiginlegum markaði fyrir bankaþjónustu. Í tilskipuninni eru innstæður skilgreindar. Auk hefðbundinna innlána teljast til þeirra skuldabréf, víxlar og hliðstæðar skuldaviðurkenningar sem bankar, sparisjóðir og hliðstæðar stofnanir gefa út sem verðbréf. Undanþegnar tryggingu skulu vera innstæður í eigu annarra lánastofnana, liðir sem flokkast geta undir eigið fé, svo sem hlutafé og varasjóðir, og innstæður sem tengjast málum þar sem sakfellt hefur verið fyrir peningaþvætti. Þá er stjórnvöldum heimilt að undanskilja aðra liði tryggingunni eða lækka hana, svo sem innstæður í eigu ríkisins, bæjar- og sveitarfélaga, tryggingafélaga, verðbréfasjóða, lífeyrissjóða og stjórnenda hlutaðeigandi stofnunar, innstæður annarra félaga í samsteypu með hlutaðeigandi stofnun, nafnlausa innlánsreikninga, innstæður í gjaldmiðlum ríkja utan ESB (breytist í EES þegar tilskipunin tekur gildi innan EES) og skuldabréf, víxla og hliðstæðar skuldaviðurkenningar sem hlutaðeigandi stofnun gefur út.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að starfandi sé opinberlega viðurkennt kerfi innstæðutrygginga. Það skal vera skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis til innlánsstofnunar að hún sé aðili að slíku kerfi. Standi innlánsstofnun ekki við skuldbindingar sínar gagnvart innstæðutryggingakerfinu á að vera unnt að grípa til aðgerða, jafnvel svipta stofnunina starfsleyfi.

Tryggingin skal einnig ná til innstæðna í útibúum innlendra stofnana í öðrum aðildarríkjum, þó þannig að ef tryggingin í heimaríkinu er betri en tryggingin í gistiríkinu þar sem útibúið er staðsett skal tryggingin skert þannig að innstæður í útibúinu njóti ekki betri tryggingar. Þessi takmörkun gildir til ársloka 1999. Þegar um hið gagnstæða er að ræða, þ.e. að trygging í gistiríki þar sem útibú er staðsett er betri en í heimaríki hlutaðeigandi stofnunar, á útibúinu að vera heimilt að afla sér aukinnar tryggingar hjá innstæðutryggingarkerfinu í gistiríkinu. Þessi tvö atriði, „útflutningsbannið“ og „uppbótarákvæðið“, hafa mætt harðri andstöðu þýskra stjórnvalda og þarlendra banka en þar í landi

hefur verið komið á laggirnar betra innstæðutryggingarkerfi en þekkist í flestum öðrum aðildarríkjum ESB. Hyggjast þýsk stjórnvöld leita allra leiða til að fá þessum ákvæðum tilskipunarinnar hnekkt. Andstaða þeirra byggist aðallega á því að umrædd ákvæði valda því að samkeppnisforskot þýskra banka vegna betri innstæðutrygginga hverfur.

Lágmarkstrygging samkvæmt tilskipuninni skal nema 20.000 ECU (tæplega 1,7 milljónir króna). Þessi fjárhæð miðast við innstæðueigendur en ekki innlánsreikninga. Þetta þýðir að samanlagðar innstæður hvers innstæðueiganda innan sömu stofnunar skulu vera tryggðar upp að jafnvirði 20.000 ECU hið lægsta. Í tilskipuninni er gefinn aðlögunarfrestur að þessu lágmarki í ríkjum þar sem trygging er lægri við gildistöku tilskipunarinnar þannig að heimilt er að miða við 15.000 ECU fram til ársloka 1999. Þá er heimilt að takmarka trygginguna við ákveðið hlutfall af innstæðum, þó ekki lægra en 90% þar til tryggingin nær 20.000 ECU. Þess má geta að samkvæmt tilskipuninni getur ríkisábyrgð eða ábyrgð annarra opinberra aðila á skuldbindingum viðskiptabanka eða sparisjóðs ekki komið í stað innstæðutrygginga.

Loks skal nefnt að aðildarríkin skulu sjá til þess að innlánsstofnanir veiti núverandi og væntanlegum innstæðueigendum nauðsynlegar upplýsingar um það hvaða innstæðutryggingarkerfi stofnunin tengist og helstu upplýsingar um tryggingunа.

Helstu atriði frumvarpsins.

Veigamestu atriði frumvarpsins eru í 8. og 16. gr. þess. Í fyrri greininni eru lagðar til breytingar á ákvæðum um eigið fé og eiginfjárhlutfall viðskiptabanka og sparisjóða. Tilgangur þeirra er að orðalag þessara ákvæða verði nánast samhljóða hliðstæðum ákvæðum í lögum um verðbréfaviðskipti, að breyttu breytanda, sbr. frumvarp til nýrra laga um það efni sem lagt er fram á Alþingi samhliða þessu frumvarpi, og endurspegli ákvæði í tilskipun um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja (verðbréfafyrirtækja) og lánastofnana. Á móti nýjum eiginfjárkröfum vegna áhættu sem viðskiptabankar og sparisjóðir taka á sig í tengslum við kaup þeirra á ýmiss konar verðbréfum verður þeim heimilað að telja nýjan lið, víkjandi lán til skamms tíma, til eigin fjár.

Í 16. gr. eru lagðar til umtalsverðar breytingar á X. kafla laganna í því skyni að unnt sé að hrinda í framkvæmd hér á landi ákvæðum tilskipunar ESB um innstæðutryggingar. Þótt skilgreining á innstæðu í tilskipuninni, þ.e. innlán að viðbættum verðbréfum, sé víðtækari en sú skilgreining sem beitt hefur verið hér á landi þegar innstæðutryggingar eru annars vegar er ekki gert ráð fyrir að víðtækari skilgreining verði tekin upp hér á landi. Er þetta í fullu samræmi við heimildir í tilskipuninni um að undanskilja megi liði eins og verðbréf. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir að heimildir tilskipunarinnar til að undanskilja aðra liði eða lækka tryggingunа á einstökum liðum verði nýtt. Því er gert ráð fyrir að gildissvið tryggingarinnar hér á landi verði óbreytt frá því sem verið hefur að undanskildum innstæðum í eigu viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana sem verða skilyrðislaust að vera undaþegnar tryggingunni.

Hér á landi gildir að bætur skulu skertar hlutfallslega jafnt ef eignir Tryggingarsjóðs viðskiptabanka eða Tryggingarsjóðs sparisjóða duga ekki til að bæta innstæður að fullu. Í tilskipuninni er hins vegar gert ráð fyrir að innstæður upp að jafnvirði 20.000 ECU skuli bættar að fullu eins og þegar hefur verið rakið. Þetta þýðir að breyta verður innstæðutryggingum hér á landi á þann hátt að samanlagðar innstæður innstæðueiganda undir þessu marki verða að fullu tryggðar en hugsanleg skerðing vegna ónógra eigna tryggingarsjóðanna að koma á þann hluta samanlagðrar innstæðu sem er umfram fyrrgreind mörk.

Í tilskipuninni er gert ráð fyrir að til greiðslu úr tryggingarsjóðum geti komið fyrr og undir öðrum kringumstæðum en gilt hefur hér á landi. Í tilskipuninni er miðað við að greiðsla skuli innt af hendi þegar viðskiptabanki eða sparisjóður er að mati lögbærra yfirvalda af fjárhagslegum ástæðum ekki fær um að endurgreiða nú þegar eða í nánustu framtíð innstæðu í samræmi við þá skilmála sem um hana gilda. Slíkt mat verður að liggja fyrir eigi síðar en þremur vikum eftir að staðfest var að hlutaðeigandi viðskiptabanki eða sparisjóður gat ekki endurgreitt innstæðuna. Hér á landi er hins vegar miðað við að viðskiptabanki eða sparisjóður hafi verið tekinn til gjaldþrotaskipta.

Nefnd, sem viðskiptaráðherra skipaði í maí 1993 til að móta tillögur um framtíðarfyrirkomulag innstæðutrygginga hér á landi og hlutverk og starfsheimildir tryggingarsjóðanna tveggja, lauk störfum í apríl 1994. Hún lagði til að tryggingarsjóðirnir störfuðu áfram með óbreyttum hætti að öðru leyti en því sem reynast kann nauðsynlegt vegna samræmdra reglna um innstæðutryggingar innan Evrópska efnahagssvæðisins. Hún lagði með öðrum orðum til að tryggingarsjóðirnir störfuðu aðskildir enn um sinn. Hins vegar taldi nefndin margt mæla með því að innan nokkurra ára yrðu tryggingarsjóðirnir sameinaðir.

Í 16. gr. frumvarpsins er lagt til að hluti af starfsemi Tryggingarsjóðs sparisjóða verði sameinaður Tryggingarsjóði viðskiptabanka í ársbyrjun 1996 undir heitinu Tryggingarsjóður innlánsstofnana. Sá sjóður mun annast innstæðutryggingar hjá öllum viðskiptabönkum og sparisjóðum auk þess sem hann getur veitt þessum stofnunum víkjandi lán til að efla eiginfjárstöðu þeirra. Nýi sjóðurinn yfirtekur allar eignir og skuldir Tryggingarsjóðs viðskiptabanka og verður sá sjóður lagður niður. Lagt er til að Tryggingarsjóður sparisjóða greiði Tryggingarsjóði innlánsstofnana 300 milljónir króna við stofnun þess síðarnefnda. Þessi fjárhæð er rétt rúmlega 1% af áætluðum tryggðum innstæðum í sparisjóðunum 1994 miðað við reglur frumvarpsins. Eignir Tryggingarsjóðs viðskiptabanka námu 1.540 milljónum króna í árslok 1994. Heildareignir Tryggingarsjóðs innlánsstofnana yrðu því milli 1.800 og 1.900 milljónir króna við stofnun hans. Er þetta vel yfir 1% af áætluðum tryggðum innstæðum samkvæmt reglum frumvarpsins. Sameining tryggingarsjóðanna leiðir því ekki til þess að viðskiptabankar og sparisjóðir þurfi að hefja inngreiðslur í hinn nýja sjóð.

Lagt er til að Tryggingarsjóður sparisjóða starfi áfram með sömu starfsheimildir og áður að undanskildum innstæðutryggingum. Tryggingarsjóður sparisjóða hefur á undanförnum árum gegnt veigamiklu hlutverki í endurskipulagningu sparisjóðakerfisins og á þátt í að greiða fyrir sameiningu ýmissa sparisjóða og fjárhagslegri endurskipulagningu nokkurra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur bent á að í bankalögunum sé ekki ótvírætt ákvæði eins og í hlutaðeigandi tilskipun um að heimilt sé að afturkalla starfsleyfi ef stofnun hefur ekki starfsemi innan tólf mánaða frá því að leyfi var veitt. Í 1. mgr. 4. gr. laganna er kveðið á um að ráðherra geti bundið starfsleyfi því skilyrði að hefjist starfsemi ekki innan tilskilins tíma eftir veitingu leyfisins falli það úr gildi. Til að bæta úr þessu er í a-lið 1. gr. frumvarpsins lagt til að lokamálsliður 1. mgr. 4. gr. falli brott. Í 20. gr. frumvarpsins er lagt til að 1. mgr. 89. gr. verði breytt og kveðið þar á um tólf mánaða tímamörkin.

Í ljós hefur komið að í bankalögin vantar ákvæði úr hlutaðeigandi tilskipun um að með umsókn um starfsleyfi skuli fylgja lýsing á því hvaða starfsemi ætlunin er að stunda og á innra skipulagi viðskiptabanka eða sparisjóðs. Í b-lið 1. gr. frumvarpsins er lagt til að úr þessu verði bætt með breytingu á 2. mgr. 4. gr.

Í 26. gr. laganna er kveðið á um að synjun ráðherra á umsókn um starfsleyfi skuli send umsækjanda að jafnaði eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst ráðherra. Jafnframt er kveðið á um að slík ákvörðun skuli ávallt liggja fyrir innan sex mánaða. Enginn slíkur frestur er tilskilinn þegar um er að ræða jákvæða afgreiðslu á umsókn skv. 4. gr. laganna. Nú er lagt til að úr þessu verði bætt þannig að í 4. gr. laganna verði almennt ákvæði um skyldu til að afgreiða umsókn innan sex mánaða frá því að fullbúin umsókn berst ráðherra. Stjórnvöldum er óheimilt að brjóta á þessum rétti umsækjanda um leyfi, en hann getur eftir atvikum leitað réttar síns fyrir dómstólum brjóti stjórnvöld gegn þeim rétti. Í c-lið 1. gr. frumvarpsins er lagt til að slíkt ákvæði bætist við 4. gr. laganna.

Um 2. gr.

Í samræmi við tillögu frá Seðlabanka Íslands er lagt til að fellt verði brott gildandi ákvæði laga um að ríkisviðskiptabankar skuli leita eftir samþykki Alþingis til að taka víkjandi lán til að efla eiginfjárstöðu sína. Ríkisbankarnir taka lán með margs konar hætti án sérstakrar heimildar Alþingis, svo sem með sölu verðbréfa og víxla en slíkar lántökur fela í raun í sér ríkari skuldbindingar en víkjandi lán. Rétt þykir því að umrætt ákvæði verði fellt brott úr lögunum.

Um 3. gr.

Í ýmsum gildandi ákvæðum laganna er kveðið á um Lánastofnun sparisjóðanna hf. eða félag sem leysir hana af hólmi, sbr. ákvæði til bráðabirgða III í lögunum. Sparisjóðabanki Íslands hf. er viðskiptabanki (hlutafélagsbanki) í eigu sparisjóðanna. Hann tók til starfa 1. janúar 1994 og leysti Lánastofnun sparisjóðanna hf. af hólmi. Rétt þykir að leggja til að nafn bankans komi alls staðar í stað Lánastofnunar sparisjóðanna hf. í lögunum.

Um 4. gr.

Um athugasemdir við þessa grein er vísað til athugasemda við c-lið 1. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

ESA hefur bent á að gildandi ákvæði 3. mgr. 46. gr. laganna séu ekki fyllilega í samræmi við ákvæði hlutaðeigandi tilskipunar. Hér er lagt til að úr þessu verði bætt.

Um 6. og 7. gr.

Um athugasemdir við þessar greinar er vísað til athugasemda við 3. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Í athugasemdum við frumvarpið er gerð grein fyrir ákvæðum tilskipunar Evrópubandalagsins 93/6/EBE um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana og að þau nái til verðbréfafyrirtækja, viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana. Strangt

til tekið er ekki nauðsynlegt að breyta ákvæðum laga um viðskiptabanka og sparisjóði til að uppfylla ákvæði tilskipunarinnar gagnvart þessum stofnunum því í 5. mgr. 55. gr. er ráðherra heimilað að bæta nýjum liðum við eigið fé eins og það er skilgreint í 54. gr. Í fyrrgreindri tilskipun er einmitt heimilað að telja nýja liði til eigin fjár. Önnur atriði tilskipunarinnar, eins og þau snerta viðskiptabanka og sparisjóði, stangast ekki á við gildandi lagaákvæði en hafa þess í stað áhrif á reglur um mat á áhættugrunni til útreiknings á eiginfjárhlutfalli þessara stofnana sem Seðlabankinn gefur út á grundvelli heimildar í 1. mgr. 54. gr. Gildandi reglur um það efni eru frá 30. desember 1993. Þær þarf að endurskoða með tilliti til ákvæða tilskipunarinnar.

Þar sem ákvæði um eigið fé eiga að vera eins fyrir fjárfestingarfyrirtæki, viðskiptabanka, sparisjóði og aðrar lánastofnanir þykir hins vegar rétt að leggja til að ákvæðum laga um viðskiptabanka og sparisjóði verði breytt til samræmis við orðalag hliðstæðra ákvæða í frumvarpi til nýrra laga um verðbréfaviðskipti sem lagt er fram á Alþingi samhliða þessu frumvarpi, að breyttu breytanda.

Mikilvægasta breytingin frá gildandi lögum er sú að viðskiptabönkum og sparisjóðum verður heimilt að telja nýjan lið, eiginfjárþátt C, til eigin fjár. Hér er um að ræða víkjandi lán sem tekin eru til minnst tveggja ára. Ýmis skilyrði gilda um þennan eiginfjárþátt og eru þau talin upp í ákvæðinu.

Auk hins nýja eiginfjárþáttar eru lagðar til tvær breytingar á eiginfjárþáttum A og B. Varðandi eiginfjárþátt A er í 3. mgr. ekki lengur gert ráð fyrir því ákvæði í gildandi 3. mgr. 54. gr. að til eiginfjárþáttar A teljist sá hluti afskriftareiknings sem endurspeglar ekki rýrnun á verðmæti útlána, þó að hámarki 1,25% af áhættugrunni, og er umfram almenn og sérstök tillög í reikninginn. Þetta ákvæði, sem á sér fyrirmynd í hlutaðeigandi tilskipun, er óþarft miðað við reikningsskilavenjur hér á landi og getur jafnvel valdið misskilningi. Því er lagt til að það verði ekki tekið upp í 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins.

Varðandi eiginfjárþátt B er í 3. mgr. lagt til að kveðið verði á um að sé um að ræða víkjandi lán sem greiðist niður með afborgunum á lánstímanum þá skuli reikna hvern afborgunarhluta lánsins niður á sambærilegan hátt. Þessi breyting er nauðsynleg til samræmis við túlkun annarra ríkja á tilsvarandi ákvæði tilskipunarinnar um eiginfjárhlutfall lánastofnana. Samkvæmt þessu ákvæði er gert ráð fyrir að t.d. afborgunarhluti, sem á fjögur ár eftir til gjalddaga, reiknist niður um 20% og afborgunarhluti, sem á eftir eitt ár til gjalddaga, reiknist niður um samtals 80% o.s.frv. Lán með jöfnum afborgunum, sem á fimm ár eftir til síðasta gjalddaga, mundi þannig reiknast niður um samtals 40% þegar fimm ár eru eftir. Hér er um að ræða strangari ákvæði en samkvæmt túlkun þeirri sem beitt hefur verið á gildandi ákvæði laganna og er því gert ráð fyrir í ákvæði til bráðabirgða að þetta breytta ákvæði gildi ekki fyrir þau víkjandi lán sem tekin eru fyrir gildistöku laganna. Þess má geta að enn strangari túlkun er beitt í ýmsum öðrum ríkjum á þessu ákvæði tilskipunarinnar en hér er gert ráð fyrir.

Um 9. gr.

Um athugasemdir við a-lið er vísað til athugasemda við 3. gr. frumvarpsins. Í b-lið felst annars vegar breyting á gildandi ákvæði 5. mgr. 55. gr. um að ráðherra geti ákveðið að aðrir efnahagsliðir en taldir eru upp í 54. gr. skuli teljast til eigin fjár. Í 8. gr. frumvarpsins er lagt til að hliðstætt ákvæði verði í 54. gr. Er eðlilegra að kveða á um þetta atriði í þeirri grein en 55. gr. Hins vegar felst í b-lið að 6. mgr. 55. gr. falli brott en í henni er kveðið á um að ákvæði 54. og 55. gr. gildi um Lánastofnun sparisjóðanna hf. Í athugasemdum við 3. gr. kemur fram að Sparisjóðabanki Íslands hf. sem er viðskipta-

banki (hlutafélagsbanki) hafi leyst Lánastofnun sparisjóðanna hf. af hólmi. Ákvæði 54. og 55. gr. gilda með almennum hætti um hann og er ákvæði 6. mgr. því óþarft.

Um 10. gr.

Í þessari grein er lagt til að breytt verði ákvæði 2. mgr. 56. gr laganna til samræmis við lög nr. 144/1994, um ársreikninga, sbr. og fyrirliggjandi frumvarp til laga um verðbréfaviðskipti. Jafnframt hefur bankaeftirlit Seðlabanka Íslands bent á að eðlilegt er að tilgreina að ársreikningur sé undirritaður af þeim er greinir í ákvæðinu og jafnframt skuli þeir hinir sömu gera grein fyrir fyrirvörum sínum í árituninni. Skýrsla stjórnar er samþykkt á venjubundinn hátt.

Um 11. gr.

Þegar frumvarpið, sem varð að lögum um viðskiptabanka og sparisjóði, var til umfjöllunar á Alþingi ákvað efnahags- og viðskiptanefnd að leggja til að ákvæði um að bankaeftirlitið gæfi út reglur um gerð ársreiknings yrði breytt á þann veg að aðeins skyldi kveðið á um að almennar leiðbeinandi reglur skyldu liggja fyrir. Samkvæmt tilskipun ráðsins 86/635/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana, sem er hluti af EES-samningnum, er það hins vegar ótvírætt skylda aðildarríkjanna að setja reglur um þetta efni. Af hálfu ráðuneytisins var litið svo á að orðalag 57. gr. heimilaði bankaeftirlitinu að gefa út reglur um þetta efni. Var það gert 7. október 1994. Strangt til tekið eru þær reglur hins vegar aðeins leiðbeinandi. Drög að þeim voru samin í bankaeftirlitinu í ágætri samvinnu við viðskiptabanka og sparisjóði, endurskoðendur þeirra og Félag löggiltra endurskoðenda. Ráðuneytið á því ekki von á öðru en að farið verði eftir þessum leiðbeinandi reglum. Sú hætta er hins vegar fyrir hendi að svo verði ekki gert. Það mundi leiða til þess að viðskiptabanki eða sparisjóður hér á landi setti upp ársreikning sinn með öðrum hætti en gildir innan EES-svæðisins. Samkvæmt EES-samningnum eiga stjórnvöld hins vegar að sjá til þess að fylgt sé samræmdum reglum. Því er lagt til að ákvæðinu verði breytt þannig að bankaeftirlitinu verði gert að gefa út reglur um gerð ársreiknings. Er það í samræmi við ákvæði í lögum nr. 9/1993, um verðbréfaviðskipti, og lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, að fela bankaeftirlitinu þetta verkefni.

Um 12. gr.

Í 56. gr. laganna kemur skýrt fram að skýrsla stjórnar er ekki hluti af ársreikningi viðskiptabanka og sparisjóðs. Orðalag gildandi 58. gr. bendir hins vegar til að skýrsla stjórnar sé hluti af ársreikningnum. Þar sem það er rangt er lagt til að orðalagi 58. gr. verði breytt.

Um 13. gr.

Í lokamálslið 7. mgr. 62. gr. er kveðið á um að bankaeftirlitið geti veitt sparisjóði undanþágu frá því að stofna endurskoðunardeild sem annast innri endurskoðun. Í a-lið er lagt til að undanþáguheimildin verði ekki bundin við sparisjóði eingöngu. Vegna tilvísunar í lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, gildir þetta ákvæði einnig um aðrar lánastofnanir. Þykir eðlilegt að bankaeftirlitið geti veitt slíkum stofnunum undanþágu frá stofnun endurskoðunardeildar. Gert er ráð fyrir að ákvörðun um undanþágu verði byggð á faglegu mati og að fyrst og fremst verði litið til

umfangs og aðstæðna hlutaðeigandi stofnunar. Jafnframt er lögð til sú nýjung að bankaeftirlitið geti bundið undanþáguna skilyrði.

Breytingin í b-lið er nauðsynleg vegna tilskipunar ESB um eigið fé fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana. Í henni er kveðið á um að þessar stofnanir skuli hafa yfir að ráða eftirlitskerfi með vaxtaáhættu. Samkvæmt b-lið er bankaeftirlitinu veitt heimild til að setja leiðbeinandi reglur um eftirlitskerfi vegna áhættuþátta í starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða.

Í b-lið er lagt til að bankaeftirlitinu verði gert að setja reglur sem kveðið er á um í 9. mgr. 62. gr. laganna. Í c-lið er lagt til að sú málsgrein falli brott. Samkvæmt 9. mgr. 62. gr. skulu almennar leiðbeinandi reglur um endurskoðun liggja fyrir á aðgengilegan hátt. Þetta orðalag er óljóst og hefur valdið vandkvæðum. Í fyrsta lagi er óljóst hver á að setja slíkar reglur og í öðru lagi er ekki ljóst hvort átt er við að fyrirliggjandi skuli vera almennar reglur um endurskoðun fyrirtækja almennt. Því er lagt til að ákvæðinu verði breytt þannig að skýrt komi fram hver eigi að setja slíkar reglur og enn fremur eru felld út orðin „almennar og leiðbeinandi“, enda er talið eðlilegt að um endurskoðun fjármálastofnana á borð við viðskiptabanka og sparisjóði gildi reglur sem fara skuli eftir. Þess má geta að bankaeftirlitið hefur sett reglur um endurskoðun viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana skv. 62. gr. laganna, sbr. 11. gr. laga nr. 123/1993, enda þótt lagagrundvöllurinn hafi ekki verið skýr. Reglur þessar voru samdar í samráði við Félag löggiltra endurskoðenda.

Um 14. gr.

Í 53.–55. gr. laganna er fjallað um laust fé og eigið fé en ekki lánveitingar og ábyrgðir. Því er lagt til að mistök í orðalagi 1. málsl. 7. mgr. 66. gr. verði leiðrétt.

Um 15. gr.

Af orðalagi 2. mgr. 67. gr. er ljóst að það er stjórnar hlutaðeigandi stofnunar að útbúa reikningsuppgjör það sem um getur í 2. málsl. 3. mgr. sömu greinar en ekki endurskoðandans. Því er lagt til að orðalag síðarnefnda ákvæðisins verði leiðrétt.

Um 16. gr.

Hér eru lagðar til verulegar breytingar á X. kafla laganna í því skyni að lögfesta meginatriði tilskipunar um innstæðutryggingar. Jafnframt er lagt til að nýr sjóður, Tryggingarsjóður innlánsstofnana, annist innstæðutryggingar hér á landi og yfirtaki þar með Tryggingarsjóð viðskiptabanka og hluta af starfsemi Tryggingarsjóðs sparisjóða.

Um 75. gr.

Í 1. mgr. er kveðið afdráttarlaust á um aðild viðskiptabanka og sparisjóða að Tryggingarsjóði innlánsstofnana. Er það í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar um innstæðutryggingar. Í núgildandi 76. gr. er kveðið með afdráttarlausum hætti á um aðild sparisjóðanna að Tryggingarsjóði sparisjóða en hliðstætt ákvæði um viðskiptabanka er ekki að finna í núgildandi 75. gr. Tryggingarsjóður viðskiptabanka er í eigu ríkisins en Tryggingarsjóður sparisjóða er sjálfseignarstofnun. Gert er ráð fyrir að hinn nýi sjóður verði sjálfseignarstofnun. Hvorki ríkissjóður né viðskiptabankar og sparisjóðir sem aðilar eru að sjóðnum munu bera ábyrgð á skuldbindingum hans.

Í 2. mgr. er kveðið á um deildaskiptingu Tryggingarsjóðs innlánsstofnana. Önnur deildin, innstæðudeild, annast innstæðutryggingar og hin, lánadeild, getur veitt víkjandi lán. Þykir eðlilegt að deildirnar hafi algerlega aðskilinn fjárhag og reikningshald og að eignir annarrar verði ekki notaðar til að standa skil á skuldbindingum hinnar. Sams konar ákvæði er að finna um Tryggingarsjóð viðskiptabanka í núgildandi 1. mgr. 75. gr.

Um 76. gr.

Hér er kveðið á um meginatriðin varðandi stjórnun Tryggingarsjóðs innlánsstofnana. Ákvæðin eiga sér ákveðna fyrirmynd í ákvæðum um Tryggingarsjóð sparisjóða í núgildandi 78.–82. gr. Gert er ráð fyrir að nánari útfærsla verði í samþykktum sjóðsins. Vegna hlutverks sjóðsins þykir eðlilegt að samþykktirnar þurfi að hljóta staðfestingu ráðherra. Sömuleiðis þykir eðlilegt vegna hlutverks sjóðsins að stjórn hans skuli skipuð fulltrúum stjórnvalda til jafns á við fulltrúa aðildarstofnana og að annar fulltrúi aðildarstofnana sé skipaður af viðskiptabönkunum og hinn af sparisjóðunum. Skv. 4. mgr. er gert ráð fyrir að sömu reglur gildi um ársreikning og endurskoðun Tryggingarsjóðs innlánsdeilda og um viðskiptabanka og sparisjóði og að bankaeftirlit Seðlabankans hafi eftirlit með starfsemi hans.

Um 77. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um meginhlutverk Tryggingarsjóðs innlánsstofnana sem er að tryggja innstæðueiganda skil á greiðslu innstæðu þegar viðskiptabanki eða sparisjóður getur ekki innt hana af hendi af ástæðum sem tengjast beint fjárhagslegri stöðu hlutaðeigandi stofnunar. Greiðsluskyldan getur vaknað með tvennum hætti: Annars vegar metur bankaeftirlitið það svo í síðasta lagi þremur vikum eftir að endurgreiðslu var krafist að hlutaðeigandi viðskiptabanki eða sparisjóður geti ekki innt hana af hendi nú þegar eða í nánustu framtíð. Hugtakið nánasta framtíð er ekki skilgreint en ljóst er að þar getur ekki verið um að ræða lengri tíma en nokkra mánuði. Hins vegar vaknar greiðsluskylda tryggingarsjóðs ef viðskiptabanka eða sparisjóði er slitið. Slit geta tekið langan tíma og er bagalegt fyrir innstæðueigendur að þurfa að bíða lengi eftir innstæðum sínum. Þetta ákvæði, sem er í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar, er verulega frábrugðið hliðstæðu ákvæði í núgildandi 75. og 76. gr. Samkvæmt núgildandi ákvæðum kemur ekki til greiðslu úr tryggingarsjóðunum fyrr en við skipti á búi.

Í 2. mgr. er innstæða skilgreind. Er þar byggt á skilgreiningu á þessu hugtaki í tilskipuninni um innstæðutryggingar. Til innstæðu teljast innlán og millifærslur. Dæmi um hið síðarnefnda er þegar greitt er í einum banka inn á reikning í öðrum banka. Svo kann að fara að fyrrnefndi bankinn geti ekki staðið skil á greiðslunni til hins síðarnefnda og kemur þá til kasta tryggingarsjóðsins. Í tilskipuninni um innstæðutryggingar er kveðið á um að til innstæðu teljist einnig skuldabréf, víxlar og aðrar kröfur sem útgefnar eru af viðskiptabanka eða sparisjóði í formi verðbréfa. Dæmi um þess háttar verðbréf eru bankabréf og bankavíxlar sem gefin hafa verið út af viðskiptabönkum og sparisjóðum hér á landi til að afla sér fjár. Þetta er víðtækari skilgreining á innstæðu en gildir hér á landi því samkvæmt núgildandi 75. og 76. gr. er Tryggingarsjóði viðskiptabanka og Tryggingarsjóði sparisjóða einungis ætlað að tryggja skil á innlánsfé. Í tilskipuninni er ákvæði sem heimilar aðildarríkjunum að undanþiggja tryggingunni ýmis innlán sem og útgefin verðbréf. Hér er því lagt til að þessi heimild verði nýtt þannig að verðbréf teljist ekki til innstæðu.

Í 3. mgr. eru taldar upp innstæður sem samkvæmt tilskipuninni skulu ávallt vera undanþegnar tryggingu. Þar er í fyrsta lagi um að ræða innstæður í eigu annarra viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana fyrir þeirra eigin reikning. Innstæðutryggingum er fyrst og fremst ætlað að bæta tjón almennra innstæðueigenda en ekki annarra lánastofnana sem ættu að búa yfir nægjanlegri þekkingu á fjárhagsstöðu annarra slíkra stofnana til að vita hvar þeim er óhætt að leggja inn fé sitt. Í öðru lagi er um að ræða innstæður sem tengjast málum þar sem sakfellt hefur verið fyrir peningaþvætti. Samkvæmt núgildandi lagaákvæðum eru þessar innstæður ekki undanþegnar tryggingu þannig að hér er um að ræða þrengingu frá núgildandi fyrirkomulagi. Sem fyrr greinir eru íslensk stjórnvöld bundin af ákvæðum tilskipunarinnar hvað þetta atriði varðar.

Í 4. mgr. eru talin upp fimm atriði sem kveðið er á um í tilskipuninni um innstæðutryggingar og taka verður upp í íslenskan rétt. Þessi atriði eru þess eðlis að lagt er til að þau verði útfærð í reglugerð. Í fyrsta lagi á tryggingin að ná til innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka og sparisjóða erlendis. Í öðru lagi eiga hérlend útibú erlendra viðskiptabanka og sparisjóða að geta tryggt innstæður sínar hjá Tryggingarsjóði innlánsstofnana. Um útibú viðskiptabanka og sparisjóða með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins á að gilda að það á að geta aflað sér viðbótartrygginga hér á landi ef innstæðutryggingar hér á landi eru betri en í heimaríki hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs. Vilji útibúið afla sér viðbótartryggingar á Tryggingarsjóði innlánsstofnana að vera skylt að veita hana. Um útibú viðskiptabanka og sparisjóða með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins á að gilda að stjórnvöld eiga að sjá til þess að innstæðueigendur njóti tryggingar. Það getur ýmist gerst þannig að trygging í heimaríki hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs taki einnig til innstæðna hér á landi eða að útibúinu verði veitt aðild að Tryggingarsjóði innlánsstofnana. Í þriðja lagi þarf að kveða nánar á um það hvernig greiðslum úr Tryggingarsjóði innlánsstofnana skuli háttað. Í tilskipuninni er kveðið á um ákveðin tímamörk með möguleikum til framlenginga. Í fjórða lagi ber viðskiptabönkum og sparisjóðum að upplýsa viðskiptavini um aðild sína að Tryggingarsjóði innlánsstofnana en jafnframt ber stjórnvöldum að setja skorður við því að þessar upplýsingar séu notaðar í samkeppnisskyni. Loks ber að setja reglur um það hvernig með skuli farið þegar um sameiginlegan innlánsreikning er að ræða (t.d. reikning í nafni hjóna) eða þegar innstæðueigandi á ekki ótvíræðan rétt til innstæðunnar.

Um 78. gr.

Hér er Tryggingarsjóði innlánsstofnana heimilað að veita viðskiptabanka eða sparisjóði víkjandi lán. Bæði Tryggingarsjóður viðskiptabanka og Tryggingarsjóður sparisjóða hafa slíka heimild. Gert er ráð fyrir að fjár til að veita víkjandi lán verði aflað með sérstakri lántöku því skv. 2. mgr. 75. gr. getur lánadeild ekki nýtt fjármuni innstæðudeildar í þessu skyni.

Um 79. gr.

1. mgr. svarar til núgildandi 3. mgr. 75. gr. og 1. og 2. mgr. 77. gr. Þess skal getið að eignir innstæðudeildar Tryggingarsjóðs viðskiptabanka náðu 1% markinu 1992 og eignir Tryggingarsjóðs sparisjóða munu ná því í ár. Eins og rakið er í athugasemdum við frumvarp þetta mun sameining sjóðanna ekki leiða til þess að eignir hins nýja sjóðs fari niður fyrir 1% af tryggðum innstæðum. Viðskiptabankar og sparisjóðir munu því ekki þurfa að hefja inngreiðslur í sjóðinn. Í ljósi þess að í frumvarpinu er lagt til í samræmi

við ákvæði tilskipunarinnar um innstæðutryggingar að greiðslur úr Tryggingarsjóði innlánsstofnana geti hafist fyrr en samkvæmt gildandi lagaákvæðum og að ekki verði unnt að skerða greiðslur úr sjóðnum með sama hætti og nú gildir ef eignir hans hrökkva ekki til kynni að vera æskilegt að efla sjóðinn frekar. Hér er þó ekki gerð tillaga um að lögbundið 1% viðmiðunarmark fyrir heildareign Tryggingarjsóðs innlánsstofnana verði hækkað.

Ákvæði 1. og 2. mgr. um greiðslur í Tryggingarsjóð innlánsstofnana eru í tveimur veigamiklum atriðum frábrugðin gildandi ákvæðum um greiðslur í Tryggingarsjóð viðskiptabanka og Tryggingarsjóð sparisjóða. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að greitt skuli 1% gjald af innlánsaukningu milli ára. Þótt það sé ekki tekið fram í greininni er augljóst að þetta ákvæði gildir einnig um viðskiptabanka eða sparisjóð sem er að hefja starfsemi. Er þetta eðlilegt í ljósi þess að greiðslu í sjóðinn má líkja við greiðslu iðgjalds. Að sama skapi er eðlilegt að greiðslur í sjóðinn verði óendurkræfar. Í öðru lagi er við útreikning á greiðsluskyldu einstakra viðskiptabanka og sparisjóða miðað við meðalinnstæður á árinu fremur en árslokastöðu eins og nú gildir. Með því að nota meðalinnstæður er dregið úr sveiflum milli ára sem gætu komið fram ef einungis er litið á stöðuna í lok ársins. Loks er í 2. mgr. tekið fram að ef heildareignir sjóðsins fara niður fyrir 1% lágmarkið hefja allir viðskiptabankar og sparisjóðir greiðslu í sjóðinn samkvæmt sérreglu og að á meðan það ástand varir leggi þeir jafnframt fram ábyrgðaryfirlýsingar vegna þess sem upp á vantar að 1% lágmarkinu sé náð. Sérregla þessi nær þó ekki til viðskiptabanka og sparisjóða sem taka til starfa á meðan henni er beitt heldur greiða þeir samkvæmt meginreglunni um 1% af tryggðum innstæðum.

Í 4. mgr. eru lagðar til breytingar á núgildandi ákvæðum um skerðingu bóta ef eignir Tryggingarsjóðs innlánsstofnana duga ekki til að tryggja full skil á innlánum. Samkvæmt núgildandi fyrirkomulagi í bæði Tryggingarsjóði viðskiptabanka og Tryggingarsjóði sparisjóða skulu öll innlán skerðast hlutfallslega jafnt. Í tilskipuninni um innstæðutryggingar er gert ráð fyrir að samanlagðar innstæður innstæðueiganda allt upp að 20.000 ECU skuli vera tryggðar. Þetta þýðir með öðrum orðum að reynist nauðsynlegt að skerða bætur vegna þess að eignir Tryggingarsjóðs innlánsstofnana reynast ekki nægjanlegar til að tryggja full skil á innstæðum má skerðingin ekki ná til innstæðueigenda sem eiga samanlagðar innstæður að lægri fjárhæð en sem svarar til 20.000 ECU. Sú staða gæti því komið upp að innstæðueigandi, sem samanlagt á 500.000 krónur, fær fjárhæðina að fullu bætta en innstæðueigandi, sem samanlagt á 2.500.000 krónur, fær 1.700.000 krónur að fullu bættar en afganginn einungis hlutfallslega eftir því sem eignir Tryggingarsjóðsins hrökkva til. Sú staða getur einnig komið upp að sjóðurinn eigi ekki nægjanlegar eignir til að greiða lágmarksbæturnar. Því er talið nauðsynlegt að veita sjóðnum lántökuheimild. Einnig getur verið verjanlegt að sjóðurinn greiði fullar bætur í stað þess að skerða þær ef eignir hrökkva ekki til.

Ákvæði 5. mgr. þykir eðlilegt og þarfnast ekki skýringa.

Um 80. gr.

Ákvæði þessarar greinar er nýjung. Í tilskipun Evrópusambandsins um innstæðutryggingar er gert ráð fyrir að aðildarríkin eigi að geta gripið til ráðstafana ef stofnanir standa ekki við skyldur sínar gagnvart tryggingarsjóðum. Hér er lagt til að ráðherra geti veitt viðskiptabanka eða sparisjóði allt að sex mánaða frest til að uppfylla skyldur sínar gagnvart Tryggingarsjóði innlánsstofnana. Þennan frest má lengja um allt að sex mánuði ef ríkar ástæður eru til. Líði fresturinn án þess að úr sé bætt skal ráðherra afturkalla starfs-

leyfi viðskiptabankans eða sparisjóðsins að fengnu áliti bankaeftirlitsins. Auk viðskiptabanka og sparisjóða sem stofnaðir eru hér á landi tekur ákvæðið til útibúa erlendra viðskiptabanka og sparisjóða sem opnuð eru hér á landi.

Rétt er að benda á að ákvæðið nær til allra skyldna viðskiptabanka og sparisjóða gagnvart Tryggingarsjóðnum. Þar er mikilvægust skylda til að greiða iðgjald en einnig má benda á skyldu til að veita upplýsingar um iðgjaldastofninn og skyldur sem viðskiptabanki eða sparisjóður kann að taka á sig í tengslum við lántöku úr Tryggingarsjóðnum.

Um 81. gr.

Greinin þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 82. gr.

Þegar hefur verið rakið að innstæðutryggingar hjá bæði viðskiptabönkum og sparisjóðum munu verða í höndum nýs sjóðs, Tryggingarsjóðs innlánsstofnana. Hann yfirtekur Tryggingarsjóð viðskiptabanka og hluta af starfsemi Tryggingarsjóðs sparisjóða. Í 81. gr. er lagt til að fyrrnefndi sjóðurinn verði lagður niður en í 1. mgr. 82. gr. er lagt til að sá síðarnefndi starfi áfram. Samhliða því sem Tryggingarsjóður innlánsstofnana tekur við því hlutverki að tryggja innstæður í sparisjóðum greiðir Tryggingarsjóður sparisjóða honum 300 milljónir króna. Í frumvarpinu er ekki kveðið á um að sparisjóðir greiði árgjald til Tryggingarsjóðs sparisjóða en þeim er það að sjálfsögðu heimilt.

Tryggingarsjóður sparisjóða hefur gegnt mikilvægu hlutverki fyrir sparisjóðina á undanförnum árum. Hann hefur greitt fyrir því að sparisjóðir sameinuðust og þannig átt þátt í því að auka öryggi sparisjóðakerfisins. Jafnframt hefur hann komið sparisjóðum sem lent hafa í fjárhagslegum erfiðleikum til aðstoðar með ýmsum hætti áður en það hefur verið um seinan. Þótt þörf sparisjóðanna fyrir aðstoð Tryggingarsjóðs sparisjóða sé enn fyrir hendi er ástæða til að ætla að hún kunni að minnka á næstu árum. Það stafar bæði af því að markvisst er unnið að því að sameina sparisjóði þannig að smám saman verði þeir færri og hver og einn fjárhagslega öflugri en nú er. Þá hafa á síðustu árum verið settar reglur um ýmsa þætti í starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða sem ætlað er m.a. að stuðla að enn frekara öryggi í rekstri þeirra. Má þar nefna reglur um eigið fé, eiginfjárhlutfall og reglur um hámark útlána og ábyrgða til einstakra aðila eða fjárhagslega tengdra aðila.

Í greininni er kveðið á um nokkur meginatriði í starfsemi Tryggingarsjóðs sparisjóða en lagt til að nánar verði kveðið á um hana í samþykktum sjóðsins. Þær skulu staðfestar af ráðherra.

Um 17. gr.

ESA hefur bent réttilega á að í bankalögin vanti ákvæði hlutaðeigandi tilskipunar um að dótturfyrirtæki eins eða fleiri viðskiptabanka eða sparisjóðs í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins geti að ákveðnum skilyrðum uppfylltum starfað hér á landi. Starfsemin sem um er að ræða er sú sama og viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimil, sbr. 1. mgr. 44. gr. laganna. Dótturfyrirtækinu á að vera frjálst að opna útibú hér á landi eða veita þjónustu án þess að hafa hér starfsstöð. Nú er lagt til að ákvæði um þetta verði bætt í lögin. Slík heimild nær samkvæmt ákvæði tilskipunarinnar einnig til dótturfyrirtækja slíkra dótturfyrirtækja en með því er átt við svonefnda „þriðju kynslóð“ fjármálastofnana.

Um 18. gr.

Þessa breytingu leiðir af breytingunni í 17. gr. frumvarpsins. Einnig þykir eðlilegt að reglugerðarheimild þessi nái til 84. gr. laganna.

Um 19. gr.

Hér er fjallað um rétt innlends dótturfyrirtækis eins eða fleiri viðskiptabanka eða sparisjóða til að veita þjónustu í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Um er að ræða sömu réttindi og fjallað er um í 17. gr. frumvarpsins.

Um 20. gr.

ESA hefur bent réttilega á að í bankalögin vanti ákvæði hlutaðeigandi tilskipunar um að afturkalla megi starfsleyfi viðskiptabanka eða sparisjóðs ef það er fengið á grundvelli falsaðra yfirlýsinga eða á annan óeðlilegan hátt. Í a-lið þessarar greinar frumvarpsins er lagt til að úr þessu verði bætt.

Breytingar, sem lagðar eru til í b-lið, varða einnig ábendingar frá ESA en í núgildandi lög vantar ákvæði um afturköllun leyfis nýti stofnun ekki starfsleyfi innan 12 mánaða frá veitingu þess eða hætti starfsemi í meira en sex mánuði samfellt.

Um athugasemdir við b-lið er að öðru leyti vísað til athugasemda við 1. gr. frumvarpsins.

Um 21. gr.

Þetta ákvæði er í hlutaðeigandi tilskipun en vegna mistaka var það ekki í frumvarpinu sem varð að gildandi lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Með samskiptum er í ákvæðinu meðal annars átt við að koma formlegum bréfum frá lögbærum yfirvöldum erlendis í hendur á réttum stjórnendum viðskiptabanka og sparisjóðs hér á landi.

Um 22. gr.

Um athugasemdir við þessa grein er vísað til athugasemda við 3. gr. frumvarpsins.

Um 23. gr.

Ákvæði til bráðabirgða III hefur þegar verið uppfyllt og hefur því ekkert gildi lengur. Eins og fram kemur í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins tók Sparisjóðabanki Íslands hf. sem er viðskiptabanki (hlutafélagsbanki) til starfa 1. janúar 1994 og leysti af hólmi Lánastofnun sparisjóðanna hf.

Um 24. gr.

Greinin þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Um athugasemdir við þetta ákvæði til bráðabirgða er vísað til athugasemda við 8. gr. frumvarpsins.

Fylgiskjal I.

Bréf frá eftirlitsstofnun EFTA til íslenskra stjórnvalda með athugasemdum við ýmis lagaákvæði á sviði fjármálaþjónustu.
(11. nóvember 1994.)

Efni: Breytingar á löggjöf og reglugerðum innanlands til að tryggja fullt samræmi við tilskipanir þær sem til umræðu voru á „pakkafundi" í Reykjavík dagana 24.–25. október 1994.

Ágæti viðtakandi:

Í kjölfar fundarins, sem getið er hér að framan, hefur skrifstofa fjármagnsflutninga og fjármálaþjónustu farið yfir niðurstöður viðræðna við fulltrúa íslenskra stjórnvalda að því er varðar eftirfarandi tilskipanir:

1. Fyrstu tilskipun um bankamál (77/780/EEC).
2. Aðra tilskipun um bankamál (89/646/EEC).
3. Tilskipun um peningaþvott (91/308/EEC).
4. Tilskipun um verðbréfasjóði (UCITS) (86/611/EEC).
5. Fyrstu tilskipun um bifreiðatryggingar (72/166/EEC).
6. Aðra tilskipun um bifreiðatryggingar (84/5/EEC).
7. Þriðju tilskipun um bifreiðatryggingar (90/232/EEC).
8. Tilskipun um tryggingamiðlun (77/92/EEC).

Að lokinni þessari yfirferð hefur stofnunin komist að þeirri niðurstöðu að til þess að ríkisstjórn yðar uppfylli að fullu skilyrði þessara tilskipana þurfi að gera ýmsar breytingar á íslenskri löggjöf.

Ákvæði þau, sem Ísland á eftir að taka upp, eru talin upp í viðaukum við bréf þetta.

Til að auðvelda vinnu við breytingarnar mun stofnunin senda stjórnvöldum yðar bæklinga af því tagi sem sýndir voru á fundinum. Yfirleitt verður um að ræða fimm bæklinga, einn fyrir hvert EFTA-ríki fyrir hverja tilskipun sem um ræðir. Í hverjum bæklingi er sett fram endurskoðuð samanburðartafla fyrir upptöku tilskipunarinnar svo og texti þeirra ráðstafana sem gerðar eru til þess að taka viðkomandi ákvæði upp í landsrétt.

Bæklingarnir lýsa að sjálfsögðu aðstæðum eins og þær eru nú í hinum einstöku EFTA-ríkjum, áður en breytingar hafa verið gerðar á lögum í því skyni að tryggja fullt samræmi við tilskipanirnar eins og farið er fram á í þessu bréfi og sambærilegum bréfum til hinna EFTA-ríkjanna. Bæklingarnir ættu engu að síður að gera upptöku tilskipananna gegnsærri og veita raunhæf og nytsamleg dæmi um það hvernig hin einstöku ríki EFTA hafa framkvæmt ákvæði þeirra.

Að því er varðar ráðstafanir til breytinga á landsrétti vil ég bjóða stjórnvöldum yðar að veita Eftirlitsstofnuninni, að því er varðar sérhvern lið (eða undirlið þegar við á) sem tilgreindur er í viðaukum með þessu bréfi, eftirfarandi upplýsingar:

1. Í því tilviki að ríkisstjórn yðar hyggist samþykkja eða sé í þann veginn að samþykkja breytingar í því skyni að taka upp viðkomandi ákvæði:
   a. tímasetningu þegar breytingin eða breytingarnar verða samþykktar,
   b. tímasetningu þegar breytingin eða breytingarnar taka gildi,
   c. lögin, reglugerðir eða stjórnsýsluákvæði þar sem breytingin eða breytingarnar verða teknar upp.

2. Í því tilviki að ríkisstjórn hyggist ekki gera ráðstafanir til breytinga, þá rökin fyrir þeirri ákvörðun.

Þessar upplýsingar eru nauðsynlegar til þess að stofnunin geti tekið formlega afstöðu til þess hvort og þá hvenær tryggt verði að fyrrnefndar tilskipanir muni taka fullt gildi á ljósan og ótvíræðan hátt að íslenskum lögum. Þessar upplýsingar skulu berast stofnuninni fyrir 12. desember 1994.

Virðingarfyllst,

Hannu von Hertzen
framkvæmdastjóri.

Ákvæði sem Íslandi er boðið að taka upp að loknum „pakkafundi" í Reykjavík dagana 24.–25. október 1994.

Fyrsta tilskipun um bankamál (77/780/EEC)(FBD).
Önnur tilskipun um bankamál (89/646/EEC)(SBD).

A. Umsókn um leyfi (3. gr. FBD).

1. Ráðstafanir til að tryggja að upplýsingar um starfsáætlun, þ.m.t. um tegund viðskipta og skipurit lánastofnunarinnar fylgi umsókn um leyfi (3(4)(1/) og 3(4)(2/) FBD).

B. Samstarf/samvinna milli lögbærra aðila.

2. Ráðstafanir til að tryggja möguleika á samráði/samstarfi milli lögbærra aðila aðildarríkjanna í eftirfarandi tilvikum:
   a. Samstarf milli lögbærra yfirvalda til þess að hafa eftirlit með starfsemi lánastofnana (7(1)FBD),
   b. samráð samkvæmt 7. gr. SBD milli lögbærra stjórnvalda áður en leyfi er veitt,
   c. samráð samkvæmt SBD 11(2) þegar virkur eignarhluti er keyptur eða aukinn,
   d. samstarf um eftirlit með lausafjárstöðu útibúa (14(2(1/)SBD),
   e. samstarf um eftirlit með áhættu sem skapast vegna opinnar stöðu á markaði (14(3)SBD),
   f. upplýsingar til stjórnvalda í heimaríkjum frá íslenskum stjórnvöldum þegar erlend lánastofnun, sem opnar útibú á Íslandi, hlítir ekki kröfum íslenskra stjórnvalda (21(3)1/)SBD), og upplýsingar til stjórnvalda í heimaríkjum, varðandi þær ráðstafanir sem íslensk stjórnvöld hafa gert (21(3)(3/) og 21(4)(1/)SBD).

(Frekari upplýsingar er að finna í meðfylgjandi eintaki af 15. og 16. gr. austurrísku bankalaganna.)

3. Ráðstafanir til að tryggja að hægt sé að birta aðilum lagaleg skjöl sem eru nauðsynleg til aðgerða varðandi lánastofnanir (21(4)(2/)SBD).

C. Tilefni til leyfissviptinga (8. gr. FBD).

4. Ráðstafanir til að tryggja að unnt sé að afturkalla leyfi
   a. ef það er ekki nýtt innan 12 mánaða (8(1)(a)(1/)FBD),
   b. ef lánastofnun hefur hætt starfsemi í sex mánuði (8(1)(a)(2/)FBD).

D. Þagnarskylda (12. gr. FBD).

5. Ráðstafanir sem aflétta trúnaði af upplýsingum sem veittar eru vegna málshöfðunar eða kröfumála þegar lánastofnun hefur verið lýst gjaldþrota.
6. Reglur sem kveða á um takmarkanir á notkun fenginna upplýsinga (12(4)FBD).
7. Reglur um upplýsingaskipti milli lögbærra stjórnvalda á Íslandi (12(5)FBD).

E. Réttur til að leita til dómstóla.

8. Reglur sem tryggja rétt til að leita til dómstóla ef sótt er um starfsleyfi og ákvörðun hefur ekki verið tekin innan sex mánaða eftir að allar upplýsingar hafa verið lagðar fram (13(2/)FBD).
9. Reglur sem tryggja rétt til að leita til dómstóla ef lögbær stjórnvöld á Íslandi veita ekki þær upplýsingar sem getið er um í 19. gr. SBD (19(3).3(2/)SBD).
10. Reglur sem tryggja að leita megi til dómstóla vegna ráðstafana sem gerðar eru skv. 3., 4., og 5. lið 21. gr. SBD (21(6)(2/)SBD).

F. Um eignarhlut lánastofnana (12. gr. SBD).

11. Ráðstafanir sem tryggja að þegar farið er fram úr báðum takmörkunum í 1. og 2. lið 12. gr. SBD sé sú upphæð sem eigið fé skal ná yfir hærri talan af upphæðunum tveimur (12(8)(2/)SBD).

G. Sannprófun á staðnum (2. mgr. 15. gr. SBD).

12. Ráðstafanir er tryggja stjórnvöldum gistiríkis möguleika á að sannreyna upplýsingar varðandi lánastofnun sem staðsett er í öðru aðildarríki að beiðni stjórnvalda heimaríkis innan ESB í samræmi við 7. mgr. 7. gr. tilskipunar EB um eftirlit á samstarfsgrundvelli nr. 92/30/EEC.

H. Starfsemi sem fer fram í gistiríki innan ESB (2. mgr. 18. gr. SBD).

13. Ráðstafanir sem tryggja
   a. að fjármálastofnanir, sem eru dótturfyrirtæki annarrar lánastofnunar eða annarra fjármálastofnana og uppfylla skilyrði skv. 2. mgr. 18. gr. SBD, geti stofnað útibú í öðrum aðildarríkjum (18(2)SBD),
   b. að fjármálastofnanir, sem eru dótturfyrirtæki fjármálafyrirtækis sem getið er um í a-lið hér að framan og uppfylla skilyrði 2. mgr. 18. gr., geti stofnað útibú í öðrum aðildarríkjum (18(2)4 SBD).

Ráðstafanir sem Íslandi er boðið að grípa til í kjölfar „pakkafundar" í Reykjavík dagana 24. og 25. október 1994.

Tilskipun um peningaþvætti (91/308/EEC).

Að forðast grunsamleg viðskipti (7. gr.).

Ráðstafanir til að tryggja að stjórnvöld einstakra ríkja sem vinna gegn peningaþvætti geti, í samræmi við skilyrði í íslenskum lögum, beint þeim fyrirmælum til fjármálastofnana að ljúka ekki tilteknum grunsamlegum viðskiptum ((2/)7. gr. tilskipunarinnar).

Ráðstafanir sem Íslandi er boðið að gera í kjölfar „pakkafundar" í Reykjavík dagana 24.–25. október 1994.

Tilskipun um verðbréfasjóði („UCITS") (85/611/EEC) (UCD).

A. Skyldur varðandi uppbyggingu verðbréfasjóða (2. mgr. 7. gr. og 9. gr.).

1. Ráðstafanir til að tryggja ábyrgð vörslufyrirtækis gagnvart rekstrarfélagi og handhafa hlutdeildarskírteinis fyrir skaða sem þau verða fyrir vegna óréttlætanlegrar vanrækslu eða ófullnægjandi efnda á skyldum sínum.
   Að öðrum kosti skal leggja gögn fyrir Eftirlitsstofnun EFTA til sönnunar þess að íslenskur fordæmisréttur tryggi hið framansagða.

B. Skyldur varðandi fjárfestingarstefnu verðbréfasjóða (UCITS).

2. Breytingar á 26. og 27. gr. íslenskra laga um verðbréfasjóði (UCITS) þannig að þeim sé óheimilt að fjárfesta í fasteignum eins og nú er.
   Þetta er nauðsynlegt þar sem reglur varðandi fjárfestingarstefnu verðbréfasjóða (UCITS), eins og þær eru skilgreindar í 19.–26. gr. UCD, heimila ekki að fé, sem aflað er hjá almenningi, sé fest í fasteignum. Eina undantekningin sem er veitt er skv. c-lið 2. mgr. 19. gr. UCD, og hún á einungis við um fjárfestingarfyrirtæki sem eru ekki til á Íslandi skv. 1. og 2. gr. íslenskra laga um verðbréfasjóði, sbr. 12. gr. sömu laga.
3. Ráðstafanir til að tryggja fulla upptöku heimildar til verðbréfasjóða til að fjárfesta allt að 25% eignar sinnar í tilteknum skuldabréfum sem gefin eru út af lánastofnun sem hefur skráða skrifstofu í aðildarríki og lýtur samkvæmt lögum opinberu eftirliti sem hefur það markmið að vernda eigendur skuldabréfanna og tryggja að fé, sem aflast af útgáfu þeirra, sé fest í eignum sem nægja til þess að mæta kröfum er tengjast bréfunum og sem notaðar yrðu á forgangsgrundvelli til þess að endurgreiða höfuðstól og uppsafnaða vexti ef til gjaldþrots útgefanda kæmi (1. liður 4. mgr. 22 gr. UCD).
4. Ráðstafanir ber að gera til þess að taka upp skyldu til þess að geta í sjóðsreglum um þau ríki, stjórnvöld eða alþjóðlegar opinberar stofnanir sem gefa út eða ábyrgjast verðbréfin sem verðbréfasjóðurinn hyggst fjárfesta meira en 35% af eignum sínum í (2. mgr. 23 gr. UCD).

5. Ráðstafanir til þess að tryggja að verðbréfasjóðir megi aðeins eignast verðbréf í öðrum verðbréfasjóðum ef hinir síðarnefndu falla undir UCD og að slíkar fjárfestingar megi aldrei vera umfram 5% af eignum sjóðsins (1. og 2. mgr. 24. gr. UCD).
6. Ráðstafanir til að tryggja að fjárfestingar verðbréfasjóðs í verðbréfum annars verðbréfasjóðs, sem lýtur sama eða mjög skyldu rekstrarfélagi, eða í verðbréfum mjög skylds fjárfestingarfyrirtækis séu því aðeins heimilar að um sé að ræða verðbréfasjóð sem sérhæfir sig í fjárfestingum á tilteknu landsvæði eða í tiltekinni atvinnugrein (1. tölul. 3. mgr. 24. gr. og 2. tölul. 4. mgr. 24. gr. UCD).

C. Skyldur varðandi upplýsingar sem veita skal eigendum verðbréfa.

7. Ráðstafanir til þess að tryggja fullt samræmi við 23., 27., 28., 29., 30., 32., 33. og 35. gr. UCD varðandi þá skyldu verðbréfasjóðs að gefa út útboðslýsingu og skyldur um efni slíkra útboðslýsinga.

D. Almennar skyldur verðbréfasjóða (42. gr.).

8. Ráðstafanir til að tryggja að verðbréfasjóðir ráðist ekki í sölu framseljanlegra verðbréfa sem þeir hafa enn ekki eignast.

Fylgiskjal II.

Svar viðskiptaráðuneytis til eftirlitsstofnunar EFTA vegna athugasemda stofnunarinnar við ýmis lagaákvæði á sviði fjármálaþjónustu.
(12. desember 1994.)

Ráðuneytið vísar til bréfs yðar frá 11. nóvember 1994 (skjal yðar nr. 94-16553 D) þar sem þér teljið upp ákvæði átta tilskipana á sviði fjármálaþjónustu sem að yðar mati hafa ekki verið teknar upp á Íslandi. Þetta ráðuneyti ber ábyrgð á upptöku fjögurra af tilskipununum átta:

fyrstu tilskipun um bankamál (77/780/EEC),
annarri tilskipun um bankamál (89/646/EEC),
tilskipun um peningaþvætti (91/308/EEC),
tilskipun um verðbréfasjóði (UCITS) (85/611/EEC).

Hér á eftir fer svar ráðuneytisins við sérhverju þeirra atriða sem upp eru talin í viðaukanum við bréf yðar.

Fyrsta og önnur tilskipun um banka (77/780/EEC og 89/646/EEC).

A.1 Gerð verður ráðstöfun til breytinga í breytingarfrumvarpi við lög nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði, er tekur mið af ákvæðum í tilskipuninni um eiginfjárkröfu og tilskipuninni um innstæðutryggingu sem nú er verið að semja. Frumvörpin verða lögð fyrir Alþingi 1994–1995 og verða væntanlega að lögum á því þingi.

B.2 Gerðar verða ráðstafanir varðandi liði (a)–(f) með breytingu á reglugerð fyrir Seðlabanka Íslands. Þetta er hægt að gera fyrir janúarlok 1995.

B.3 Gerð verður ráðstöfun til breytinga, sbr. A.1.
C.4 Gerð verður ráðstöfun til breytinga, sbr. A.1.
D.5-7 Gerð verður ráðstöfun til breytinga. Ákvæðin ættu að komast inn í lög um Seðlabanka Íslands. Frumvarp til nýrra laga um Seðlabanka Íslands hefur verið samið og verður það væntanlega lagt fyrir Alþingi í nánustu framtíð.
E.8-10 Gerð verður ráðstöfun til breytinga, sbr. A.1.
F.11 Gerð verður ráðstöfun til breytinga, sbr. A.1.
G.12 Gerð verður ráðstöfun til breytinga, sbr. B.2.
H.13 Gerð verður ráðstöfun til breytinga, sbr. A.1.

Tilskipun um peningaþvætti (91/308/EEC).

Fulltrúar þessa ráðuneytis og Seðlabanka Íslands skýrðu Eftirlitsstofnun EFTA frá því á „pakkafundinum" í Reykjavík að það væri mat þeirra að 7. gr. hefði verið tekin upp með fullnægjandi hætti í 7. gr. laga nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti. Ráðuneytið er enn þeirrar skoðunar að annar málsliður 7. gr. tilskipunarinnar skyldi ekki aðildarríki til þess að veita stjórnvöldum einstakra landa sem vinna gegn peningaþvætti vald til þess að gefa fjármálastofnunum fyrirmæli um að ljúka ekki grunsamlegum viðskiptum. Ráðuneytið telur enn fremur að slík skylda sé í raun gefin í skyn í 2. og 7. gr. laganna. Ef saksóknari upplýsir fjármálastofnun um grun um peningaþvætti væri þeirri stofnun skylt að ljúka ekki viðskiptunum skv. 2. gr. og 2. mgr. 7. gr. laganna. Ráðuneytið hyggst því ekki gera ráðstafanir til breytinga á þessu.

Tilskipun um verðbréfasjóði (UCITS) (85/611/EEC).

A.1 Gerð verður ráðstöfun til breytingar. Frumvarp til breytinga á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði (UCITS), er nú í smíðum. Frumvarpið verður lagt fyrir Alþingi 1994–1995 og verður væntanlega afgreitt sem lög á því þingi.
B.2 Gerð verður ráðstöfun til breytinga, sbr. A.1.
B.3 Íslensk stjórnvöld og Eftirlitsstofnun EFTA virðast sammála um að ákvæðið í 1. lið 4. mgr. 1. gr. sé heimildarákvæði. Ráðuneytið staðhæfir að þessari heimild megi beita hvenær sem er. Ákveði íslensk stjórnvöld að beita þessari heimild verður það gert með því að beita reglum sem Seðlabanki Íslands gefur út (sbr. 3. mgr. 21. gr. laga nr. 10/1993, um verðbréfasjóði). Þar til þessar reglur hafa verið gefnar út verður heimildinni einfaldlega ekki beitt. Ráðuneytið hyggst því ekki gera ráðstafanir til breytinga.
B.4 Ekki verður gerð ráðstöfun til breytinga, með sömu rökum og í B.3.
B.5 Gerð verður ráðstöfun til breytinga, sbr. A.1.
B.6 Ekki verður gerð ráðstöfun til breytinga, með sömu rökum og í B.3.
C.7 Gerð verður ráðstöfun til breytinga, sbr. A.1.
D.8 Gerð verður ráðstöfun til breytinga, sbr. A.1.

Virðingarfyllst,

Finnur Sveinbjörnsson
skrifstofustjóri

Gunnar Viðar
lögfræðingur

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði.

Frumvarp þetta er lagt fram um leið og fjögur önnur frumvörp er öll varða peningastofnanir og verðbréfaviðskipti. Með frumvarpi þessu er lagt til að lög um viðskiptabanka og sparisjóði verði aðlöguð að nokkrum breytingum sem orðið hafa á Evrópska efnahagssvæðinu, svo og að nokkur ákvæði laganna verði gerð skýrari.

Tvær aðalbreytingar eru lagðar til með frumvarpinu. Annars vegar er lagt til í 7. og 8. gr. frumvarpsins að skilgreiningu á eigin fé innlánsstofnana verði breytt þannig að tekinn verði upp nýr eiginfjárþáttur, þar sem víkjandi lán til minnst tveggja ára geti talist til eigin fjár. Jafnframt eru gerðar nokkrar breytingar á þeim eiginfjárþáttum sem áður höfðu verið skilgreindir. Skilgreining eigin fjár verði færð til samræmis við það sem gildir í verðbréfaviðskiptum en frumvarp til nýrra laga þar að lútandi er flutt samhliða frumvarpi þessu.

Hins vegar er lagt til í 14. gr. að Tryggingarsjóður viðskiptabanka, sem er í eigu ríkissjóðs skv. 75. gr. laga nr. 43/1993, verði lagður niður og eignir hans og skuldbindingar verði færðar til Tryggingarsjóðs innlánsstofnana sem verði sjálfseignarstofnun án ríkisábyrgðar. Tryggingarsjóður sparisjóða mun einnig eiga að leggja Tryggingarsjóði innlánsstofnana til 300 m.kr. og færist innstæðutrygging sparisjóðanna til Tryggingarsjóðs innlánsstofnana þar með. Að öðru leyti verði Tryggingarsjóður sparisjóðanna áfram til, en hann hefur gegnt veigamiklu hlutverki við endurskipulagningu sparisjóðakerfisins. Eftirstöðvar eigin fjár í sjóðnum verða um 25 m.kr.

Hrein eign Tryggingarsjóðs viðskiptabanka nam um 1.540 m.kr. í árslok 1994. Þetta var nær allt eign tryggingardeildar sjóðsins, en eign og jafnhá skuld lánadeildar nam 1.017 m.kr. Er þar um að ræða fyrirgreiðslu við Landsbanka Íslands sem ríkissjóður er og verður áfram ábyrgur fyrir. Eftir skilgreiningu laganna er eigið fé sjóðsins ríkiseign, sem ríkissjóður afsalar sér, verði frumvarp þetta að lögum. Hins vegar er henni ætlað að standa undir ákveðnu hlutverki, þ.e. að tryggja innstæður og aðrar skuldbindingar viðskiptabanka, og er því ekki hægt að nota eignina til annars. Þess ber og að gæta að meðan Tryggingarsjóður viðskiptabanka er í eigu ríkisins, hefur því verið haldið fram að á sjóðnum hvíli óbein ríkisábyrgð, hrökkvi eignir hans ekki til. Það á hins vegar ekki við um fyrirhugaðan Tryggingarsjóð innlánsstofnana sem verður sjálfseignarstofnun. Samkvæmt 14. gr. frumvarpsins verður Tryggingasjóður innlánsstofnana undanþeginn tekju- og eignarskatti samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Ekki verður talið að til komi önnur áhrif á eignir, ábyrgð eða kostnað ríkissjóðs en að ofan er getið.

314. Frumvarp til laga [233. mál]

um breytingu á lögum um einkaleyfi, nr. 17/1991, með síðari breytingum, lögum um vörumerki, nr. 47/1968, með síðari breytingum, og lögum um hönnunarvernd, nr. 48/1993.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

I. KAFLI
Breyting á lögum um einkaleyfi.

1. gr.

3. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Iðnaðarráðherra getur ákveðið að umsóknir, sem lagðar eru inn í ríkjum sem ekki eru aðilar að Parísarsáttmálanum, geti orðið grundvöllur forgangsréttar samkvæmt þessari grein.

2. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Umsókn um einkaleyfi má ekki breyta á þann hátt að sótt sé um einkaleyfi fyrir einhverju því sem ekki kom fram í umsókninni þegar hún var lögð inn.

4. gr.

14. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

19. gr. laganna orðast svo:

Þegar umsóknin er í samræmi við settar reglur og ekkert er því til fyrirstöðu að veita einkaleyfi og fyrir liggur samþykki umsækjanda við texta væntanlegs einkaleyfis tilkynna einkaleyfayfirvöld umsækjanda að unnt sé að veita einkaleyfi gegn tilskilinni greiðslu fyrir útgáfu á einkaleyfisskjali.

Eftir að einkaleyfayfirvöld hafa sent tilkynningu skv. 1. mgr. er ekki heimilt að breyta einkaleyfiskröfum þannig að umfang verndar samkvæmt einkaleyfinu verði víðtækara.

Greiða skal útgáfugjald innan tveggja mánaða frá tilkynningu einkaleyfayfirvalda skv. 1. mgr. Sé gjaldið ekki greitt skal umsóknin afskrifuð. Umsóknin verður þó tekin til meðferðar að nýju ef umsækjandi greiðir útgáfugjaldið og tilskilið endurupptökugjald innan fjögurra mánaða frá því að frestur rann út.

Uppfinningamaður, sem sjálfur sækir um einkaleyfi, getur, innan þess frests sem um ræðir í 3. mgr., farið fram á að hann verði undanþeginn greiðslu á útgáfugjaldi. Einkaleyfayfirvöld geta orðið við slíkri beiðni ef telja má að umsækjandi eigi í verulegum erfiðleikum með að greiða gjaldið. Ef slíkri beiðni er synjað telst greiðsla, sem innt er af hendi innan tveggja mánaða frá synjun, vera greidd á réttum tíma.

6. gr.

20. gr. laganna orðast svo:

Þegar skilyrðum 19. gr. er fullnægt skulu einkaleyfayfirvöld veita einkaleyfi og útbúa einkaleyfisbréf. Jafnframt skal auglýsa veitingu einkaleyfisins.

Frá þeim tíma sem veiting einkaleyfis er auglýst skal vera hægt að fá hjá einkaleyfayfirvöldum eintök af lýsingu, einkaleyfiskröfum og ágripi þess. Þar skal koma fram hver sé uppfinningamaður og umsækjandi.

7. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Hver sem er getur borið upp við einkaleyfayfirvöld andmæli gegn veittu einkaleyfi. Andmæli skulu vera skrifleg og rökstudd og þurfa að berast einkaleyfayfirvöldum innan níu mánaða frá því að veiting einkaleyfis var auglýst.

Andmæli geta aðeins byggst á því að einkaleyfi hafi verið veitt þrátt fyrir að:

1. skilyrði 1. og 2. gr. hafi ekki verið uppfyllt,
2. uppfinningu sé ekki lýst svo skýrt og greinilega að fagmaður geti á grundvelli lýsingarinnar útfært uppfinninguna,
3. efni einkaleyfisins sé víðtækara en umsóknin í þeirri mynd sem hún var lögð inn.

Einkaleyfayfirvöld skulu auglýsa að andmæli hafi borist.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna:

a. 1. og 2. mgr. orðast svo:

Frá og með þeim degi, sem einkaleyfi er veitt, skulu umsóknargögnin vera öllum aðgengileg.

Þegar liðnir eru átján mánuðir frá umsóknardegi eða þeim degi, sem krafist er forgangsréttar frá, sbr. 6. gr., skulu umsóknargögnin vera öllum aðgengileg, jafnvel þótt einkaleyfi hafi ekki verið veitt. Hafi verið tekin ákvörðun um að afskrifa eða hafna umsókninni má þó ekki veita aðgang að umsóknargögnunum nema umsækjandi krefjist endurupptöku, áfrýi ákvörðun um höfnun eða krefjist endurveitingar réttinda skv. 72. eða 73. gr.

b. 5. mgr. orðast svo:

Hafi skjal að geyma viðskiptaleyndarmál sem ekki varðar uppfinningu þá sem sótt er um einkaleyfi fyrir eða veitt hefur verið einkaleyfi fyrir geta einkaleyfayfirvöld, ef þess er óskað og sérstakar ástæður eru fyrir hendi, ákveðið að skjalið í heild eða að hluta verði ekki gert aðgengilegt almenningi. Hafi slík beiðni verið sett fram verður skjalið ekki gert aðgengilegt fyrr en tekin hefur verið ákvörðun þar að lútandi eða liðinn er áfrýjunarfrestur vegna þeirrar ákvörðunar. Áfrýjun hefur í för með sér frestun á framkvæmd ákvörðunar.

c. 7. mgr. orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. getur umsækjandi farið fram á að sýni af örverurækktinni skuli aðeins afhent sérfræðingum þar til einkaleyfi hefur verið veitt eða þar til endanlega hefur verið úrskurðað um umsókn án þess að hún hafi leitt til einkaleyfis. Iðnaðarráðherra setur reglur um frest til að setja slíka beiðni fram og hverjir teljast skuli sérfræðingar í þessu samhengi.

9. gr.

23. gr. laganna orðast svo:

Einkaleyfayfirvöld skulu tilkynna einkaleyfishafa um fram komin andmæli og gefa honum kost á að tjá sig um þau.

Einkaleyfayfirvöldum er heimilt að taka andmælamál til meðferðar þó að einkaleyfi sé fallið eða muni falla úr gildi skv. 51. eða 54. gr., andmælin séu dregin til baka eða andmælandi falli frá eða glati hæfi sínu til að fara með slík mál.

Einkaleyfayfirvöld geta lýst einkaleyfi ógilt, ákveðið að það skuli standa óbreytt eða í breyttu formi. Fallist einkaleyfayfirvöld á að einkaleyfi verði breytt og fyrir liggur að einkaleyfishafi sé því sammála skal breyta einkaleyfisskjali í samræmi við áorðnar breytingar eftir að einkaleyfishafi hefur greitt tilskilið gjald fyrir endurútgáfu leyfisins. Hjá einkaleyfayfirvöldum skal vera hægt að fá eintök af endanlegri gerð einkaleyfisskjalsins.

Sé einkaleyfishafi ekki sammála því að einkaleyfi verði breytt eða hann greiðir ekki tilskilið gjald fyrir útgáfu nýs einkaleyfisskjals telst einkaleyfið fallið úr gildi.

Þegar fyrir liggur endanleg ákvörðun í andmælamáli skal úrskurðurinn auglýstur.

10. gr.

24. gr. laganna orðast svo:

Umsækjandi getur skotið endanlegum ákvörðunum einkaleyfaskrifstofunnar er varða einkaleyfisumsóknir til áfrýjunarnefndar. Ef einkaleyfi hefur verið lýst ógilt eða ef einkaleyfaskrifstofan telur að einkaleyfi geti staðið í breyttri mynd eftir úrskurð í andmælamáli getur einkaleyfishafi skotið þeim ákvörðunum til áfrýjunarnefndar. Ef einkaleyfi skal standa óbreytt eða telji einkaleyfaskrifstofan að einkaleyfi geti staðið í breyttri mynd þrátt fyrir löglega fram borin andmæli getur andmælandi skotið þeim ákvörðunum til áfrýjunarnefndar. Falli andmælandi frá málskoti sínu er eigi að síður heimilt að taka það til umfjöllunar ef sérstakar ástæður mæla með því.

Ef beiðni um endurupptöku skv. 3. mgr. 15. gr. eða 3. mgr. 19. gr. er hafnað eða orðið er við beiðni um yfirfærslu umsóknar skv. 18. gr. getur umsækjandi skotið slíkum ákvörðunum til áfrýjunarnefndar. Ef beiðni um yfirfærslu umsóknar er hafnað getur sá sem setti beiðnina fram skotið ákvörðuninni til áfrýjunarnefndar.

Ef beiðni skv. 5. og 8. mgr. 22. gr. er hafnað getur sá sem sett hefur slíka beiðni fram skotið ákvörðuninni til áfrýjunarnefndar.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Þegar ákvörðun skv. 24. gr. er áfrýjað skal það tilkynnt áfrýjunarnefnd í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir að einkaleyfayfirvöld tilkynna viðkomandi um ákvörðunina. Innan sama frests skal greiða tilskilið áfrýjunargjald. Sé það ekki gert skal vísa áfrýjuninni frá.

b. 3. mgr. orðast svo:

Dómsmál vegna þeirra ákvarðana einkaleyfaskrifstofunnar, sem skjóta má til áfrýjunarnefndar, verður ekki höfðað fyrr en fyrir liggur niðurstaða áfrýjunarnefndar, sbr. þó 52. og 53. gr. Dómsmál vegna þeirrar ákvörðunar áfrýjunarnefndar að hafna einkaleyfisumsókn eða lýsa einkaleyfi ógilt skal höfða innan tveggja mánaða frá því að viðkomandi var tilkynnt um ákvörðunina.

12. gr.

26. gr. laganna orðast svo:

Sé umsókn, sem almenningur hefur haft aðgang að, endanlega hafnað eða hún afskrifuð skal birta auglýsingu um það.

13. gr.

34. gr. laganna orðast svo:

Einkaleyfi verður ekki veitt á grundvelli alþjóðlegrar einkaleyfisumsóknar eða henni hafnað fyrr en liðinn er frestur samkvæmt reglugerð nema umsækjandi hafi samþykkt að tekin verði ákvörðun um umsóknina innan þess frests.

14. gr.

35. gr. laganna orðast svo:

Án samþykkis umsækjanda mega einkaleyfayfirvöld ekki veita einkaleyfi á grundvelli alþjóðlegrar einkaleyfisumsóknar né gera hana opinbera fyrr en umsóknin hefur verið gerð opinber af Alþjóðahugverkastofnuninni eða tuttugu mánuðir eru liðnir frá alþjóðlegum umsóknardegi eða forgangsréttardegi sé forgangsréttar krafist.

15. gr.

46. gr. laganna orðast svo:

Þegar hagnýting einkaleyfðrar uppfinningar er háð einkaleyfi, sem annar á, getur eigandi fyrrnefnda einkaleyfisins fengið nauðungarleyfi til að hagnýta uppfinningu þá sem vernduð er með síðarnefnda einkaleyfinu teljist fyrrnefnda uppfinningin marka mikilvægt tæknilegt framfaraskref sem hefur verulega efnahagslega þýðingu.

Hafi verið veitt nauðungarleyfi skv. 1. mgr. til að hagnýta einkaleyfða uppfinningu á einkaleyfishafi þeirrar uppfinningar rétt á að fá nauðungarleyfi með sanngjörnum kjörum til að hagnýta hina uppfinninguna.

16. gr.

49. gr. laganna orðast svo:

Nauðungarleyfi verður eingöngu veitt þeim sem ekki hefur með samningi tekist að fá nytjaleyfi með sanngjörnum kjörum og ætla má að sé fær um að hagnýta uppfinninguna á sanngjarnan og viðunandi hátt og í samræmi við leyfið.

Nauðungarleyfi hindrar ekki að einkaleyfishafi sjálfur hagnýti uppfinninguna eða veiti öðrum nytjaleyfi.

Aðilaskipti að nauðungarleyfi eru aðeins heimil í tengslum við aðilaskipti að atvinnurekstri þeim sem leyfið er hagnýtt í eða til stóð að hagnýta það. Enn fremur gildir fyrir nauðungarleyfi sem veitt er skv. 1. mgr. 46. gr. að aðilaskipti að nauðungarleyfinu skulu fara fram um leið og aðilaskipti að því einkaleyfi sem háð er einkaleyfi í eigu annars aðila.

Nauðungarleyfi varðandi hálfleiðaratækni verður aðeins veitt til opinberrar hagnýtingar, sem ekki er viðskiptalegs eðlis, eða til að koma í veg fyrir athæfi sem dómstóll eða stjórnvald hefur talið samkeppnishamlandi.

17. gr.

50. gr. laganna orðast svo:

Héraðsdómur Reykjavíkur sker úr um hvort nauðungarleyfi skuli veitt, að hvaða marki hagnýta má uppfinninguna, hve hátt endurgjald skuli greitt einkaleyfishafa og önnur skilyrði nauðungarleyfis. Breytist aðstæður verulega getur dómstóllinn að kröfu annars hvors aðila fellt leyfið úr gildi eða ákveðið nýja skilmála.

18. gr.

4. tölul. 1. mgr. 52. gr. laganna orðast svo:

4. verndarsvið einkaleyfisins hefur verið rýmkað eftir að einkaleyfayfirvöld tilkynntu umsækjanda skv. 19. gr. að unnt sé að veita einkaleyfi.

19. gr.

60. gr. laganna orðast svo:

Hagnýti einhver uppfinningu í atvinnuskyni án heimildar eftir að umsóknargögn hafa verið gerð almenningi aðgengileg, og leiði umsóknin til veitingar einkaleyfis, verður ákvæðum um einkaleyfisskerðingu beitt eftir því sem við getur átt, að undanskildum ákvæðum 57. gr. Áður en einkaleyfi er veitt, nær einkaleyfisverndin aðeins til þess sem leiða má bæði af einkaleyfiskröfum eins og þær voru þegar umsóknin var gerð almenningi aðgengileg og af einkaleyfinu eins og það var veitt eða því breytt skv. 3. mgr. 23. gr.

Aðili, sem hagnýtir sér uppfinningu, sbr. 1. mgr., er aðeins skyldur til greiðslu skaðabóta að því marki sem um ræðir í 2. mgr. 58. gr. fyrir tjón sem leiðir af skerðingu sem átt hefur sér stað áður en veiting einkaleyfis var auglýst skv. 20. gr.

20. gr.

1. málsl. 1. mgr. 63. gr. laganna orðast svo: Sá sem höfðar mál til ógildingar einkaleyfi eða um yfirfærslu á rétti til einkaleyfis eða til að öðlast nauðungarleyfi skal tilkynna það einkaleyfayfirvöldum.

21. gr.

Á eftir 64. gr. kemur ný grein, 64. gr. a, sem orðast svo:

Taki einkaleyfi til aðferðar við framleiðslu nýrrar afurðar ber að líta svo á að sama afurð, sem framleidd er af öðrum en einkaleyfishafa, hafi verið framleidd með einkaleyfðu aðferðinni, nema annað verði sannað.

Við sönnunarfærslu fyrir hinu gagnstæða skal virða réttmæta hagsmuni aðila til að vernda framleiðslu- og viðskiptaleyndarmál.

22. gr.

Á eftir IX. kafla laganna kemur nýr kafli, IX. kafli a, **Viðbótarvernd,** með einni nýrri grein, 65. gr. a, sem orðast svo:

Reglugerð ESB-ráðsins nr. 1768/1992 um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd lyfja, 6. liður í viðauka 17 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, fylgir lögum þessum og telst hluti af þeim. Ákvæði reglugerðarinnar skulu hafa lagagildi hér á landi.

Umsókn um viðbótarvernd skal leggja inn skriflega til einkaleyfayfirvalda. Umsækjandi skal greiða tilskilið umsóknargjald.

Fyrir viðbótarvernd skal greiða tiltekið árgjald fyrir hvert gjaldár sem hefst eftir að einkaleyfið fellur úr gildi. Um árgjöld gilda að öðru leyti sömu reglur og um árgjöld af einkaleyfum.

Nánari reglur um umsóknir um viðbótarvernd, meðferð þeirra og rannsókn, skráningu viðbótarverndar og fleira skulu settar í reglugerð.

Viðurlagaákvæði 57. og 62. gr. eiga einnig við um viðbótarvernd.

23. gr.

1. mgr. 67. gr. laganna orðast svo:

Umsækjandi, einkaleyfishafi eða sá sem krafist hefur ógildingar á einkaleyfi getur skotið til áfrýjunarnefndar öðrum endanlegum ákvörðunum einkaleyfaskrifstofunnar en getið er í 24. gr. í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir að honum var tilkynnt um ákvörðunina. Sama gildir um ákvarðanir skv. 42. gr. eða 1. og 2. mgr. 72. gr., svo og 73. gr. Aðrir, sem hagsmuna eiga að gæta, geta með sama hætti skotið umræddum ákvörðunum til áfrýjunarnefndar í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir að hún var birt.

24. gr.

1. málsl. 1. mgr. 69. gr. laganna orðast svo: Iðnaðarráðherra setur nánari reglur um einkaleyfisumsóknir og meðferð þeirra, um meðferð andmælamála, um skipulag og færslu einkaleyfaskrár, um útgáfu og efni einkaleyfatíðinda, um skipulag og starfshætti einkaleyfaskrifstofu og áfrýjunarnefndar, svo og almennt um framkvæmd laga þessara.

25. gr.

2. mgr. 75. gr. laganna orðast svo:

Einkaleyfi fyrir lækningalyfjum er hægt að veita eftir 1. janúar 1996 á grundvelli umsókna sem lagðar eru inn eftir 1. janúar 1995.

II. KAFLI
Breyting á lögum um vörumerki.

26. gr.

30. gr. laga um vörumerki orðast svo:

Iðnaðarráðherra getur ákveðið að sá sem sótt hefur um skráningu vörumerkis í öðru ríki geti, innan tilskilins frests, lagt inn umsókn um skráningu sama merkis hérlendis með þeim áhrifum að umsóknin telst, hvað varðar merki er aðrir hafa sótt um skráningu á eða tekið í notkun, fram komin samtímis umsókninni í hinu erlenda ríki.

III. KAFLI
Breyting á lögum um hönnunarvernd.

27. gr.

2. málsl. 7. gr. laga um hönnunarvernd orðast svo: Iðnaðarráðherra getur ákveðið að umsóknir, sem lagðar eru inn í ríkjum sem ekki eru aðilar að Parísarsamþykktinni, skuli vera grundvöllur forgangsréttar samkvæmt þessari grein.

IV. KAFLI
Gildistökuákvæði.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1996.

29. gr.

Lög þessi eiga við um einkaleyfisumsóknir sem lög nr. 17/1991 taka til og eru til meðferðar hjá einkaleyfayfirvöldum við gildistöku þessara laga. Hafi verið send tilkynning um að fallist sé á framlagningu umsóknar fyrir gildistöku þessara laga fer um meðferð þeirrar umsóknar eftir ákvæðum laganna fyrir breytingu.

Ákvæði 7. gr. laga þessara á ekki við um einkaleyfi sem veitt voru áður en lög þessi tóku gildi.

Ákvæði 13., 14. og 2. mgr. 19. gr. laga nr. 17/1991 eiga við um umsóknir sem lagðar voru inn fyrir gildistöku laga þessara.

Ákvæði 22. gr. laga þessara taka ekki gildi fyrr en 2. janúar 1998.

Fylgiskjal I.

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1768/92 frá 18. júní 1992 um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd lyfja.

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar (1),

í samvinnu við Evrópuþingið (2),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar (3),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Rannsóknir á lyfjum gegna mikilvægu hlutverki í áframhaldandi framförum á sviði almannaheilbrigði.

Ekki verður unnið áfram innan bandalagsins og í Evrópu að þróun lyfja, einkum þeirra sem krefjast langra og kostnaðarsamra rannsókna, nema settar verði hagstæðar reglur sem tryggja nægilega vernd til að hvetja til slíkra rannsókna.

Sem stendur er tíminn sem líður frá því að umsókn um einkaleyfi fyrir nýtt lyf er lögð fram þar til leyft er að setja sérlyf á markað svo takmarkaður að tímabilið sem lyfið nýtur verndar nægir ekki til þess að fjárfesting í rannsóknum skili sér til baka.

Við þessar aðstæður er vernd ófullnægjandi og háir það lyfjarannsóknum. Þetta ástand getur hæglega leitt til þess að rannsóknarstöðvar í bandalaginu flytjist til landa sem þegar veita meiri vernd.

Finna þarf samræmda lausn á vettvangi bandalagsins til að koma í veg fyrir að landslög þróist á mismunandi vegu og auki enn á ósamræmið sem getur orðið til hindrunar frjálsum flutningi á lyfjum innan bandalagsins og þar með haft bein áhrif á stofnun og starfsemi hins innri markaðar.

Því er nauðsynlegt að gefa út viðbótarvottorð um vernd lyfja samkvæmt sömu skilyrðum í hverju aðildarríki að beiðni þess sem hefur innlent eða evrópskt einkaleyfi fyrir lyf og hefur fengið leyfi til að setja það á markað. Reglugerð er því það lagaskjal sem helst á við í þessu tilviki.

Sú vernd sem vottorðið veitir skal vara nógu lengi til að vernda lyfið á árangursríkan hátt. Til að svo megi verða ber að sjá til þess að sá sem hefur bæði einkaleyfi og vottorð skuli njóta einkaréttar til framleiðslu í fimmtán ár að minnsta kosti frá þeim tíma að lyfið sem um ræðir fær fyrst markaðsleyfi í bandalaginu.

Þó ber að taka tillit til allra sem eiga hagsmuna að gæta í málinu og ekki síst til almannaheilbrigðis, þar sem framleiðsla lyfja er bæði flókin og viðkvæm atvinnugrein. Af þeirri ástæðu er óheimilt að veita vottorð til lengri tíma en fimm ára. Þar að auki ber að takmarka þá vernd sem það veitir einungis við það lyf sem fékk markaðsleyfi.

Einnig skal leitast við að ná jafnvægi þegar bráðabirgðafyrirkomulag er ákveðið. Með slíku fyrirkomulagi skal veita lyfjaiðnaði í bandalaginu möguleika á að vinna upp að einhverju marki það forskot sem aðalkeppinautar hans hafa haft, sem hafa árum saman notið góðs af lögum er veittu þeim árangursríkari vernd, en gæta þess jafnframt að fyrirkomulagið torveldi ekki framkvæmd annarra löghelgaðra markmiða sem stefnt er að í heilbrigðismálum bæði í aðildarríkjunum og í bandalaginu.

Rétt er að skilgreina það bráðabirgðafyrirkomulag sem verður látið gilda um umsóknir um vottorð sem hafa verið lagðar fram eða vottorð sem hafa verið gefin út á grundvelli landslaga áður en reglugerð þessi öðlast gildi.

(1) Stjtíð. EB nr. C 114, 8. 5. 1990, bls. 10.
(2) Stjtíð. EB nr. C 19, 28. 1. 1991, bls. 94 og Stjtíð. EB nr. C 150, 15. 6. 1992.
(3) Stjtíð. EB nr. C 69, 18. 3. 1991, bls. 22.

Þörf er á sérstöku fyrirkomulagi í aðildarríkjum sem nýlega hafa samþykkt lög um einkaleyfi fyrir lyf.

Kveða skal sérstaklega á um hæfilegar takmarkanir á gildistíma vottorðs í þeim tilvikum þegar gildistími einkaleyfis hefur þegar verið framlengdur á grundvelli landslaga.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „lyf": hvers konar efni eða efnasamsetningar sem ætlaðar eru til lækninga eða varnar gegn sjúkdómum í mönnum eða dýrum og hvers konar efni eða efnasamsetningar sem koma má fyrir í eða á líkama manna eða dýra í þeim tilgangi að greina sjúkdóma, bæta eða breyta líffærastarfsemi manna eða dýra eða færa hana í rétt horf;

b) „framleiðsluvara": virkt efni eða virkar efnasamsetningar í lyfi;

c) „grunneinkaleyfi": einkaleyfi sem verndar framleiðsluvöru sem skilgreind er í b-lið, aðferð við framleiðslu á vöru eða notkunarmöguleikar vöru, sem einkaleyfishafi þarf að tilgreina vegna útgáfu vottorðs;

d) „vottorð": viðbótarvottorð um vernd lyfja.

2. gr.

Gildissvið

Heimilt er að gefa út vottorð, samkvæmt þeim skilmálum og með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í reglugerð þessari, fyrir hvaða framleiðsluvöru sem er ef hún nýtur einkaleyfaverndar á yfirráðasvæði aðildarríkis og er háð opinberu leyfi áður en hún er markaðssett sem lyf, samkvæmt málsmeðferð sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 65/65/EBE ([1]) eða tilskipun 81/851/EBE ([2]).

3. gr.

Skilyrði fyrir útgáfu vottorðs

Gefa skal út vottorð ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt í aðildarríkinu þar sem umsóknin er um getur í 7. gr. er lögð fram á þeim tíma sem sótt er um:

a) framleiðsluvaran nýtur verndar gildandi grunneinkaleyfis;

b) framleiðsluvaran hefur fengið markaðsleyfi í samræmi við tilskipun 65/65/EBE eða tilskipun 81/851/EBE, eftir því sem við á;

c) framleiðsluvaran hefur ekki þegar fengið vottorð;

d) leyfið sem um getur í b-lið er fyrsta leyfið til að setja framleiðsluna á markað sem lyf.

4. gr.

Efni sem nýtur verndar

Sú vernd sem vottorð veitir takmarkast af umfangi grunneinkaleyfisins og tekur einungis til þeirrar framleiðsluvöru sem markaðsleyfið fyrir lyfið gildir um og til þeirra nota lyfsins sem heimiluð hafa verið á gildistíma vottorðsins.

5. gr.

Áhrif vottorðs

Með fyrirvara um ákvæði 4. gr., skal vottorðið veita sama rétt og grunneinkaleyfið og vera háð sömu takmörkunum og skuldbindingum.

6. gr.

Réttur til vottorðs

Vottorðið skal veitt rétthafa grunneinkaleyfis eða síðari handhafa réttinda.

7. gr.

Umsókn um vottorð

1. Leggja skal inn umsókn um vottorð innan sex mánaða frá þeim degi er leyfið sem um getur í b-lið 3. gr. var veitt til að markaðssetja framleiðsluna sem lyf.

2. Þrátt fyrir 1. mgr., hafi markaðsleyfi verið veitt vegna lyfsins áður en grunneinkaleyfið var veitt, ber að leggja inn umsókn um vottorð innan sex mánaða frá þeim degi er grunneinkaleyfið var veitt.

([1]) Stjtíð. EB nr. L 22, 9. 12. 1965, bls. 369. Síðast breytt með tilskipun 89/341/EBE (Stjtíð. EB No L 142, 25. 5. 1989, bls. 11).

([2]) Stjtíð. EB nr. L 317, 6. 11. 1981, bls. 1. Breytt með tilskipun 90/676/EBE (Stjtíð. EB nr. L 373, 31. 12. 1990, bls. 15).

8. gr.

Upplýsingar í umsókn um vottorð

1. Í umsókn um vottorð skal veita eftirfarandi upplýsingar:

a) beiðni um útgáfu vottorðs, þar sem einkum kemur fram:

i) nafn og heimilisfang umsækjanda;

ii) nafn og heimilisfang fulltrúa hans, ef hann hefur tilnefnt fulltrúa;

iii) númer grunneinkaleyfisins og heiti uppfinningarinnar;

iv) númer og dagsetning fyrsta markaðsleyfis, eins og um getur í b-lið 3. gr. og, ef þetta er ekki fyrsta markaðsleyfið innan bandalagsins, númer og dagsetningar þess leyfis;

b) afrit af markaðsleyfinu, eins og um getur í b-lið 3. gr., með lýsingu á framleiðsluvörunni, einkum númeri og dagsetningu leyfisins og samantekt um eiginleika lyfsins eins og fram kemur í 4. gr. a í tilskipun 65/65/EBE eða 5. gr. a í tilskipun 81/851/EBE;

c) ef leyfið sem um getur í b-lið er ekki fyrsta markaðsleyfið sem fengist hefur fyrir lyfið innan bandalagsins, skal veita upplýsingar um framleiðsluvöruna sem leyfi hefur fengist fyrir og lagaákvæði sem farið var eftir við veitingu leyfisins, ásamt afriti af opinberu tilkynningunni um markaðsleyfi.

2. Aðildarríki geta kveðið á um gjald sem greiða skal þegar sótt er um vottorð.

9. gr.

Umsókn um vottorð lögð fram

1. Leggja skal inn umsókn um vottorð hjá lögbærri einkaleyfastofu í aðildarríkinu sem gaf út grunneinkaleyfið eða sem ber ábyrgð á veitingu leyfisins og þar sem markaðsleyfið sem um getur í b-lið 3. gr. fékkst fyrir framleiðsluvöruna, nema það aðildarríki tilnefni annað yfirvald til þess.

2. Yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. skal birta tilkynningu um umsókn um vottorð. Í tilkynningunni skulu koma fram að minnsta kosti eftirfarandi upplýsingar:

a) nafn og heimilisfang umsækjanda;

b) númer grunneinkaleyfisins;

c) heiti uppfinningarinnar;

d) númer og dagsetning markaðsleyfis sem um getur í b-lið 3. gr. og hvaða framleiðsluvöru leyfið gildir um;

e) þegar við á, númer og dagsetning fyrsta markaðsleyfis sem veitt var vegna framleiðsluvörunnar innan bandalagsins.

10. gr.

Útgáfa vottorðs eða synjun umsóknar

1. Ef umsókn um vottorð og framleiðsluvaran sem um er að ræða uppfylla skilyrði sem mælt eru fyrir um í þessari reglugerð skal yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. gefa út vottorðið.

2. Yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. skal, með fyrirvara um 3. mgr., synja umsókn um vottorð ef umsóknin eða framleiðsluvaran sem um er að ræða uppfylla ekki skilyrðin sem mælt er fyrir um í reglugerð þessari.

3. Ef umsókn um vottorð uppfyllir ekki skilyrði sem mælt er fyrir um í 8. gr. skal yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. veita umsækjanda færi á að ráða bót þar á eða greiða gjaldið innan tilskilins tíma.

4. Verði ekki ráðin bót á ágöllum eða gjaldið ekki greitt innan tiltekins tíma, eins og greint er frá í 3. mgr., skal yfirvaldið synja umsókninni.

5. Aðildarríkjum er heimilt að kveða á um að yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. skuli gefa út vottorð án þess að ganga úr skugga um að skilyrði í c- og d-lið 3. gr. hafi verið uppfyllt.

11. gr.

Útgáfa

1. Yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. skal birta opinbera tilkynningu þess eðlis að vottorð hafi verið gefið út. Í tilkynningunni skulu að minnsta kosti eftirfarandi upplýsingar koma fram:

a) nafn og heimilisfang þess sem hefur fengið vottorð;

b) númer grunneinkaleyfisins;

c) heiti uppfinningarinnar;

d) númer og dagsetning markaðsleyfisins sem um getur í b-lið 3. gr. og hvaða framleiðsluvöru leyfið gildir fyrir;

e) þegar við á, númer og dagsetning fyrsta markaðsleyfis sem veitt var vegna framleiðsluvörunnar innan bandalagsins;

f) gildistími vottorðsins.

2. Yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. skal birta opinbera tilkynningu þess eðlis að umsókninni hafi verið synjað. Í tilkynningunni skulu koma fram að minnsta kosti þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 2. mgr. 9. gr.

12. gr.

Árgjald

Aðildarríkjum er heimilt að krefjast greiðslu árgjalds fyrir vottorðið.

13. gr.

Gildistími vottorðs

1. Vottorðið tekur gildi þegar lögbundinn gildistími grunneinkaleyfisins rennur út og gildir á tímabili sem er jafnlangt þeim tíma er leið frá því umsóknin um grunneinkaleyfi var lögð fram og þangað til fyrsta markaðsleyfið var veitt fyrir framleiðsluvöruna innan bandalagsins, að frádregnum fimm árum.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal vottorðið ekki gilda lengur en fimm ár frá gildistökudeginum.

14. gr.

Vottorð fellur úr gildi

Vottorðið fellur úr gildi:

a) þegar tímabil sem kveðið er á um í 13. gr. er útrunnið;

b) ef handhafi vottorðs skilar því;

c) hafi árgjald sem sett er í samræmi við 12. gr. ekki verið greitt á tilsettum tíma;

d) ef og svo lengi sem óheimilt verður að setja framleiðsluvöruna sem vottorðið gildir um á markað í kjölfar þess að markaðsleyfi hefur verið afturkallað í samræmi við tilskipun 65/65/EBE eða tilskipun 81/851/EBE. Yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. getur ákveðið að fella vottorð úr gildi, að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni þriðja aðila.

15. gr.

Ógilding vottorðs

1. Vottorðið skal ógilt ef:

a) það hefur verið gefið út á forsendum sem stangast á við ákvæði 3. gr.;

b) grunneinkaleyfið hefur fallið niður áður en gildistími þess er útrunninn;

c) grunneinkaleyfið hefur verið afturkallað eða takmarkað þannig að framleiðsluvaran, sem vottorðið var gefið út fyrir, nýtur ekki lengur verndar grunneinkaleyfisins eða, eftir að grunneinkaleyfið er útrunnið, ástæða er fyrir því að afturkalla það eða takmarka það með þessum hætti.

2. Sérhver einstaklingur getur sótt um að fá vottorð ógilt, eða hafið mál til þess, hjá þeim aðila sem ber ábyrgð samkvæmt landslögum á endurnýjun á samsvarandi einkaleyfi.

16. gr.

Tilkynning um vottorð sem hafa fallið úr gildi eða verið ógilt

Yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. skal birta opinbera tilkynningu um það ef vottorð fellur úr gildi í samræmi við b-, c- eða d-lið 14. gr. eða er ógilt í samræmi við 15. gr.

17. gr.

Áfrýjun

Unnt skal vera að áfrýja ákvörðunum yfirvaldsins sem um getur í 1. mgr. 9. gr. eða aðilans sem um getur í 2. mgr. 15. gr. á þann hátt sem kveðið er á um í landslögum um ákvarðanir í einkaleyfamálum í viðkomandi landi.

18. gr.

Málsmeðferð

1. Sé ekki kveðið á um sérstaka málsmeðferð í þessari reglugerð skal sú málsmeðferð sem gildir um grunneinkaleyfið samkvæmt landslögum gilda um vottorðið nema kveðið sé á um sérstaka málsmeðferð fyrir vottorð í þeim lögum.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal undanskilja málsmeðferð vegna andmæla við útgáfu vottorðs.

19. gr.

Bráðabirgðaákvæði

1. Heimilt er að gefa út vottorð fyrir allar framleiðsluvörur sem njóta verndar grunneinkaleyfis þegar reglugerð þessi tekur gildi og hafa fyrst fengið lyfjamarkaðsleyfi í bandalaginu eftir 1. janúar 1985.

Þegar um er að ræða vottorð sem gefin verða út í Danmörku og Þýskalandi skal dagsetningin 1. janúar 1988 koma í stað 1. janúar 1985.

Þegar um er að ræða vottorð sem gefin verða út í Belgíu og Ítalíu skal dagsetningin 1. janúar 1982 koma í stað 1. janúar 1985.

2. Leggja ber fram umsókn um vottorð sem um getur í 1. mgr. innan sex mánaða frá því að reglugerð þessi tekur gildi.

20. gr.

Reglugerð þessi gildir ekki um vottorð sem hafa verið gefin út í samræmi við landslög í aðildarríki áður en reglugerð þessi tekur gildi eða umsóknir um vottorð í samræmi við þau lög sem lagðar eru fram áður en reglugerð þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

21. gr.

Í aðildarríkjunum þar sem landslög gerðu ekki ráð fyrir veitingu einkaleyfa vegna lyfjavara 1. janúar 1990 skal beita ákvæðum reglugerðar þessarar fimm árum eftir að hún öðlast gildi.

Ákvæði 19. gr. gilda ekki í þeim aðildarríkjum.

22. gr.

Verði vottorð gefið út vegna framleiðsluvöru sem nýtur einkaleyfaverndar og gildistími einkaleyfisins hefur verið framlengdur eða sótt hefur verið um framlengingu samkvæmt landslögum áður en þessi reglugerð öðlast gildi, skal stytta þann tíma sem varan nýtur verndar samkvæmt vottorðinu um þann fjölda ára umfram tuttugu sem einkaleyfaverndin varir.

LOKAÁKVÆÐI

23. gr.

Gildistaka reglugerðarinnar

Reglugerð þessi öðlast gildi sex mánuðum eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það til breytinga á einkaleyfa-, vörumerkja- og hönnunarlögum, sem hér liggur fyrir, er flutt af iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Þann 1. júní 1995 skipaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra þriggja manna nefnd til að vinna að endurskoðun á ákvæðum einkaleyfalaga, nr. 17/1991. Nefndin fjallaði einnig um lítils háttar breytingu á vörumerkja- og hönnunarlögum. Í nefndinni voru Ásgeir Einarsson lögfræðingur, Ásta Valdimarsdóttir lögfræðingur og Ómar Grétar Ingvarsson verkfræðingur. Nefndin lauk störfum og skilaði ráðherra drögum að frumvarpi 8. nóvember 1995.

Með frumvarpi þessu er lagt til að breytt verði ýmsum ákvæðum laga um einkaleyfi, vörumerki og hönnunarvernd. Þessar breytingar eru nauðsynlegar vegna skuldbindinga Íslands, annars vegar samkvæmt samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO, World Trade Organization) og samningnum um hugverkarétt í viðskiptum (TRIPS, Agreement on Trade-Related Aspects of Intellectual Property Rights) og hins vegar samkvæmt EES-samningnum. Enn fremur eru teknar inn í frumvarpið nokkrar breytingar sem norrænn vinnuhópur um einkaleyfamál hefur lagt til.

Sú breyting, sem mun hafa mest áhrif, verði frumvarpið að lögum, felst í því að heimilt verður að veita einkaleyfi fyrir lækningalyfjum hér á landi.

Þá er í frumvarpinu lagt til að ESB-reglugerð nr. 1768/92, um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd lyfja, hafi lagagildi hér á landi. Reglugerðin fylgir frumvarpi þessu sem viðauki.

Breytingar vegna samningsins um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) og samningsins um hugverkarétt í viðskiptum (TRIPS).

Samningurinn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) ásamt viðaukum og ákvörðunum var samþykktur í Marrakech 15. apríl 1994. Megintexti samningsins fjallar um hlutverk stofnunarinnar, starfsemi o.fl. Samningurinn myndar ramma um ýmsa samninga sem gerðir voru í Úrúgvæviðræðunum og er að finna í viðaukunum. Viðauki 1C er samningur um hugverkarétt í viðskiptum (TRIPS).

Samningurinn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar var lagður fyrir Alþingi og samþykktur í formi þingsályktunar á 118. löggjafarþingi 1994.

Í samningnum um hugverkarétt í viðskiptum er kveðið á um hvernig beri að beita almennum reglum GATT á þessu sviði, svo og reglum alþjóðlegra sáttmála á sviði hugverkaréttinda. Í samningnum er einnig að finna reglur um lágmarksvernd hugverkaréttinda, hvernig sú vernd skuli tryggð og hvernig leysa skuli milliríkjadeilur á þessu sviði.

Nokkrar breytingar verður að gera á einkaleyfalögum vegna þessa samnings. Stærsta breytingin felst í rýmkun ákvæða varðandi gildissvið einkaleyfa. Auk núgildandi ákvæða, sem heimila veitingu einkaleyfis fyrir aðferð við framleiðslu lækningalyfja, verður eftir 1. janúar 1996 unnt að fá afurðareinkaleyfi fyrir lyfjum hér á landi. Aðrar breytingar varða ákvæði um nauðungarleyfi, forgangsrétt og ákvæði um öfuga sönnunarbyrði í málum varðandi aðferðareinkaleyfi.

Enn fremur leiðir fyrrnefndur samningur til minni háttar breytinga á hönnunarlögum og vörumerkjalögum.

Breytingar vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Í 65. gr. EES-samningsins er vísað til bókunar nr. 28 við samninginn og viðauka nr. 17. Í ákvæðum þessum er fjallað um hugverkaréttindi. Með viðbótarsamningi frá 21. mars 1994 var nokkrum ESB-gerðum bætt við EES-samninginn sem eru hluti af viðauka 17 við EES-samninginn, sbr. viðauka 15 við viðbótarsamninginn. Þar á meðal er ESB-reglugerð nr. 1768/92 frá 18. júní 1992 um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd lyfja. Þessi reglugerð á samkvæmt viðauka 15 við viðbótarsamninginn að bætast við viðauka 17 við EES-samninginn og er 6. liður í lista yfir ESB-gerðir sem eru hluti af EES-samningnum.

Reglugerð ESB um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd lyfja er til komin vegna þess að hinn raunverulegi eða „virki" gildistími einkaleyfa á sviði lyfja er oft mun styttri en annarra einkaleyfðra uppfinninga. Ástæðuna má rekja til þeirra umfangsmiklu tilrauna sem eru undanfari framleiðslu og markaðssetningar margra lyfja. Ekki er óalgengt að helmingur einkaleyfistímans, sem er 20 ár, líði áður en heimilt er að markaðssetja lyf. Til að bæta úr þessu kveður ESB-reglugerðin á um að verndartími fyrir lyf skuli lengdur um fimm ár með útgáfu viðbótarvottorðs.

Í samræmi við framangreind samningsákvæði og reglugerð er í frumvarpinu (26. gr.) kveðið á um lagagildi reglugerðarinnar hér á landi og meginreglur varðandi viðbótarvernd fyrir lyf hér á landi. Hins vegar er gert ráð fyrir að reglur þessar taki ekki gildi hér á landi fyrr en á árinu 1998. Í 21. gr. fyrrnefndrar ESB-reglugerðar segir að í þeim ríkjum, sem ekki gerðu ráð fyrir veitingu einkaleyfa á lyfjum árið 1990, skuli beita ákvæðum hennar fimm árum eftir að hún öðlast gildi. Skv. 23. gr. ESB-reglugerðarinnar öðlast hún gildi sex mánuðum eftir að hún var birt. Reglugerðin var birt 2. júlí 1992 þannig að hún öðlaðist gildi 2. janúar 1993. Samkvæmt þessu munu ákvæði fyrrnefndrar ESB-reglugerðar taka gildi hér á landi 2. janúar 1998.

Breytingar sem rekja má til samræmingar á norrænni og evrópskri löggjöf.

Nokkrar af þeim breytingum, sem frumvarpið boðar, má rekja til umfjöllunar á vegum norrænu einkaleyfastofnananna. Á vegum stofnananna hefur undanfarið starfað óformlegur hópur sérfræðinga á sviði einkaleyfa. Starf hópsins hefur ekki einvörðungu beinst að innbyrðis samræmingu norrænnar löggjafar, heldur og ekki síður að samræmingu með tilliti til þróunar einkaleyfalaga í ríkjum Evrópu og víðar. Forstjórar stofnananna hafa komið tillögum og ábendingum hópsins á framfæri við viðkomandi ráðuneyti í hverju landi.

Með hliðsjón af ábendingum norræna sérfræðingahópsins eru nokkur ný ákvæði tekin upp í frumvarpið. Veigamesta breytingin snýr að því hvenær hugsanleg andmæli gegn veitingu einkaleyfis skuli lögð fram. Í gildandi lögum (21. gr.) er veittur frestur til andmæla á umsóknarstigi, þ.e. eftir að umsókn hefur verið birt almenningi (með framlagningu) og áður en endanleg ákvörðun er tekin um útgáfu eða synjun einkaleyfis.

Lagt er til að horfið verði frá framangreindri tilhögun og andmæli einungis heimiluð eftir að umsókn hefur hlotið fullnaðarafgreiðslu og einkaleyfi verið veitt. Í stað þriggja mánaða andmælafrests fyrir veitingu einkaleyfis er lagt til að tekinn verði upp níu mánaða andmælafrestur eftir veitingu.

Önnur breyting, sem einnig er til samræmis við evrópska löggjöf, varðar afnám heimildar til að færa til gildisdag umsóknar. Að baki ákvæði núgildandi laga býr sú hugsun að umsækjanda, sem ekki tekst að gera umsókn sína nægilega vel úr garði áður en hún er lögð inn, sé veittur frestur í allt að sex mánuði til að lagfæra umsóknina. Raunveru-

legur innlagningardagur (gildisdagur) færist þá til að sama skapi. Þess eru dæmi að einkaleyfayfirvöld utan heimalands umsækjanda hafi neitað að viðurkenna hinn nýja gildisdag sem viðmiðun fyrir tólf mánaða forgangsfresti. Því er með frumvarpinu lagt til að ákvæði þetta verði fellt brott.

Áhrif og kostnaður af frumvarpinu.

Verði frumvarp þetta að lögum mun framkvæmdin ekki hafa mikinn viðbótarkostnað í för með sér fyrir einkaleyfayfirvöld. Gert er ráð fyrir að kostnaði þeim, sem hlýst af viðbótareinkaleyfum fyrir lyf, verði mætt með gjöldum fyrir leyfin.

Breytingin, sem kveðið er á um í 25. gr. frumvarpsins, hefur það í för með sér að unnt verður að fá einkaleyfi fyrir lyfjum hér á landi. Í kjölfarið má búast við því að erlend lyfjafyrirtæki muni sækja um einkaleyfi hér á landi í ríkara mæli en áður. Erfiðara verður því fyrir íslensk lyfjafyrirtæki að stunda framleiðslu á svonefndum samheitalyfjum. Líklegt er að þetta muni hafa í för með sér einhverja hækkun á verði lyfja því talsverð bið verður á því að samheitalyf, sem oftast eru ódýrari, komi á markað. Þetta mun hafa í för með sér aukin útgjöld bæði fyrir almenning og heilbrigðiskerfið.

Þegar ákvæði, er varða viðbótarvottorð fyrir lyfjum, taka gildi hér á landi mun verndartími einkaleyfa er varða lyf lengjast og mun þá jafnframt verða lengri bið eftir að samheitalyf komist á markað.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í núgildandi ákvæði 3. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna segir: „Einnig má byggja forgangsrétt á umsókn um vernd sem lögð er inn í ríki sem ekki er aðili að Parísarsáttmálanum ef íslenskar umsóknir um einkaleyfi njóta sambærilegra réttinda í því ríki og löggjöf þar er í aðalatriðum í samræmi við sáttmálann.“

Í frumvarpinu er lagt til að ráðherra sé heimilt að setja reglugerð þess efnis að byggja megi forgangsrétt á umsókn sem lögð er inn í ríki sem ekki er aðili að Parísarsáttmálanum.

Ástæðan fyrir þessari breytingartillögu er sú að heimildin til að viðurkenna forgangsrétt frá ríki, sem ekki er aðili að Parísarsáttmálanum, er of takmörkuð með tilliti til TRIPS-samningsins. Með forgangsrétti er átt við að umsókn, sem lögð er inn hér á landi, telst vera lögð inn á sama tíma og sams konar umsókn erlendis. Það er þó skilyrði að umsóknin sé lögð inn hér innan tólf mánaða frá innlagningardegi fyrri umsóknar. Samkvæmt TRIPS-samningnum skal einnig veita umsóknum frá ríkjum, sem eru aðilar að WTO, en ekki Parísarsáttmálanum, forgangsrétt, sbr. 2. gr. TRIPS-samningsins.

Um 2. gr.

Um greinina vísast til athugasemda við 1. gr.

Um 3. gr.

Í 13. gr. laganna segir að ekki megi breyta umsókn á þann hátt að sótt sé um einkaleyfi á einhverju sem ekki kom fram í umsókninni þegar hún var lögð inn eða þegar hún telst lögð inn skv. 14. gr.

Fella þarf brott síðari hluta málsgreinarinnar til samræmis við þá tillögu sem kemur fram í 4. gr., þ.e. að 14. gr. laganna verði felld brott.

Um 4. gr.

Í 14. gr. núgildandi laga er undantekningarákvæði sem fjallar um tilfærslu á upphaflegum innlagningardegi eða gildisdegi umsóknar. Meginregla einkaleyfaréttarins er að ekki megi breyta efni umsóknar, að beiðni umsækjanda, þannig að hún taki til einhvers sem ekki kemur fram í upphaflegri umsókn. Undantekningarreglan var sett til að umsækjandi þyrfti ekki að leggja inn nýja umsókn þegar breytingin væri af framangreindum toga.

Ákvæði af þessu tagi er óþekkt í löggjöf ríkja annarra en Norðurlanda og Eistlands. Umsækjendur, sem sækja um einkaleyfi utan þessara ríkja og hafa fengið gildisdag umsóknarinnar færðan til í samræmi við ákvæðið, hafa því lent í vandræðum þegar þeir krefjast forgangsréttar frá hinum nýja gildisdegi og eiga jafnvel á hættu að forgangsréttur þeirra verði ekki viðurkenndur. Því er í frumvarpinu lagt til að ákvæði þetta falli brott.

Hafa ber í huga að einstaklingar og lítil fyrirtæki leggja oft inn umsóknir án milligöngu umboðsmanna sem hafa góða þekkingu á þessu sviði. Þar sem fyrrnefnda aðila skortir oft reynslu og þekkingu varðandi einkaleyfi er umsóknum þeirra stundum mjög ábótavant. Þetta getur haft í för með sér að umsækjandi verður síðar að lagfæra upprunalega umsókn svo mikið til að uppfylla formskilyrði að breytingin rúmast ekki innan ramma fyrrgreindrar meginreglu. Hann getur því fengið gildisdaginn færðan til þess dags sem innlagning breytingarinnar átti sér stað án þess að greiða nýtt umsóknargjald samkvæmt ákvæðum 14. gr. Eftir brottfall ákvæðisins verður þetta ekki hægt heldur verður umsækjandi að leggja inn nýja umsókn, greiða nýtt umsóknargjald og draga upphaflegu umsóknina til baka — eða nýta sér reglur um hlutun og úrfellingu. Til að komast hjá þessum aukakostnaði og vinnu verður hann að gera umsóknina betur úr garði þegar í upphafi. Í þessu felst óhagræðið við brottfall ákvæðisins. Á móti kemur að ekki er hætta á að forgangsréttarkröfu verði hafnað í öðru ríki.

Um 5. gr.

Þegar umsókn uppfyllir skilyrði laganna samkvæmt núgildandi lögum og ekkert telst því til fyrirstöðu að veita einkaleyfi eiga einkaleyfayfirvöld að leggja hana fram svo að almenningur eigi þess kost að kynna sér efni hennar. Hægt er að andmæla umsókninni innan þriggja mánaða frá því að framlagning er auglýst. Að liðnum þessum fresti taka einkaleyfayfirvöld umsóknina til frekari meðferðar í því skyni að ákveða hvort hægt sé að veita einkaleyfi eða hefja málsmeðferð andmælamáls hafi andmæli komið fram. Þegar umsókn er endanlega samþykkt telst einkaleyfi veitt og er skráð í einkaleyfaskrá.

Í frumvarpinu er lagt til að þessu andmælaferli verði breytt á þann hátt sem kveðið er á um m.a. í þessari grein, 6. og 7. gr. frumvarpsins. Meginbreytingin er sú að andmæli verða nú einungis borin fram eftir að einkaleyfi hefur verið veitt og eftir að sú ákvörðun hefur verið birt almenningi.

Með breytingunni er í 1. mgr. 19. gr. horfið frá framlagningu umsókna. Í 20. gr. einkaleyfalaga segir að umsækjandi skuli greiða tilskilið framlagningargjald innan tveggja mánaða frá því að einkaleyfayfirvöld tilkynntu að umsóknin hefði verið samþykkt til framlagningar. Gert er ráð fyrir að í 1. mgr. 19. gr. sé kveðið á um að umsækjanda verði tilkynnt um að unnt sé að veita einkaleyfi gegn greiðslu útgáfugjalds. Í stað framlagningargjalds nú er útgáfugjaldinu ætlað að standa undir kostnaði við útgáfu einkaleyfisskjalsins og einkaleyfisbréfs sem því fylgir. Til að umsækjandi geti gætt hagsmuna sinna varðandi ákvörðun á umfangi einkaleyfisins verður hann að samþykkja orðalag einkaleyfisins. Einkaleyfi er því ekki veitt nema umsækjandi hafi fallist á texta þess.

Í 2. mgr. 19. gr. einkaleyfalaga segir að ekki megi breyta einkaleyfiskröfum eftir að umsókn hefur verið samþykkt til framlagningar. Til samræmis við ákvæði 1. mgr. verður samkvæmt þessari málsgrein ekki heimilt að breyta einkaleyfiskröfum eftir að yfirvöld hafa sent tilkynningu skv. 1. mgr.

3. mgr. 19. gr. er í samræmi við 1. mgr. 20. gr. núgildandi laga. Hér er kveðið á um að greiða þurfi útgáfugjald innan tveggja mánaða frá tilkynningunni og hverjar séu afleiðingar þess ef gjaldið er ekki greitt.

Í 4. mgr. 19. gr. er kveðið á um undanþágu frá greiðslu útgáfugjalds eins og nú er gert um framlagningargjald í 2. mgr. 20. gr.

Um 6. gr.

Efni greinarinnar er í samræmi við þá breytingu að horfið er frá framlagningu umsókna. Ákvæði 20. gr. verður því svipað og ákvæði núgildandi 1. mgr. 26. gr. laganna ef frumvarp þetta verður að lögum.

Tekið skal fram að útgáfudagur einkaleyfis er sá dagur þegar einkaleyfi er veitt en ekki sá dagur sem auglýsing um veitinguna er birt. Frá útgáfudegi hefjast að fullu réttaráhrif einkaleyfis.

Um 7. gr.

Eins og fram kemur í athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins er samkvæmt núgildandi lögum gert ráð fyrir því að umsókn, sem uppfyllir skilyrði laganna, sé lögð fram svo að almenningur eigi þess kost að kynna sér hana. Hægt er að andmæla umsókninni innan þriggja mánaða frá því að framlagning er birt. Að liðnum þessum fresti taka einkaleyfayfirvöld umsóknina aftur til frekari meðferðar og úrskurðar um andmæli hafi þau komið fram. Þegar umsókn er endanlega samþykkt telst einkaleyfi veitt og er það skráð í einkaleyfaskrá. Ef umsókn er hafnað skal birta ákvörðun um það.

Í frumvarpinu er lagt til að þetta andmælaferli eigi sér stað eftir veitingu og auglýsingu einkaleyfis. Einnig er lagt til að frestur til að andmæla veitingunni verði lengdur í níu mánuði frá þeim degi er veitingin var auglýst. Ef mótmæli koma fram skulu aðilar fá tækifæri til að tjá sig varðandi andmælin og síðan taka einkaleyfayfirvöld einkaleyfið til athugunar að nýju. Ef einkaleyfayfirvöld telja að athugun lokinni að ekki hefði átt að veita einkaleyfið verður leyfið ógilt að hluta eða öllu leyti og sú ákvörðun birt.

Þar sem andmæli gegn einkaleyfi eru fremur sjaldgæf hefur þessi breyting í för með sér hagræði fyrir umsækjanda því að hann fær einkaleyfi sitt mun fyrr en nú gerist. Breytingin er einnig til hagræðis fyrir einkaleyfayfirvöld. Þetta mun þó ekki hafa áhrif á réttaröryggið. Forsendur andmæla eru að verulegu leyti þær sömu og áður.

Þessi breyting er enn fremur til samræmis við málsmeðferð hjá aðildarríkjum Evrópsku einkaleyfastofnunarinnar (EPO) og fleiri iðnríkjum. Auk þess er breytingin í samræmi við alþjóðlegan sáttmála um einkaleyfalöggjöf (Patent Law Treaty) sem unnið er að hjá Alþjóðahugverkastofnuninni (WIPO).

1. mgr. kveður á um þá breytingu að andmæli verði einungis borin fram eftir að einkaleyfi hefur verið veitt. Þá getur hver sem er andmælt leyfinu, einstaklingur sem lögaðili, og búseta skiptir ekki máli. Samkvæmt frumvarpinu getur umsækjandi einnig sjálfur andmælt leyfinu. Þannig getur hann komist hjá yfirvofandi ógildingarmáli sem oft er kostnaðarsamara.

Frestur til að bera fram andmæli reiknast frá þeim degi þegar veiting leyfisins er birt almenningi. Skv. 2. málsl. 1. mgr. er gert ráð fyrir að veiting einkaleyfis og birting þessarar gjörðar gerist samtímis. Rétt þykir að lengja andmælafrestinn þar sem þrír mánuðir eru oft of skammur tími til að útvega fræðirit og önnur gögn sem nauðsynleg kunna að vera til að unnt sé að vega og meta hvort andmæli skuli lögð fram. Frumvarpið hefur í för með sér að andmæli tefja ekki lengur veitingu einkaleyfa.

Í 2. mgr. kemur fram það nýmæli að tilgreint er nákvæmlega á hverju andmæli geta byggst. Hér er um tæmandi upptalningu að ræða. Tilvikin eru þau sömu og leitt geta til ógildingar hjá dómstólum skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. 52. gr. laganna og eru til samræmis við ákvæði ýmissa ríkja, þar á meðal danskra laga. Eins og hingað til má ekki byggja andmæli á galla í málsmeðferð eða formgalla einkaleyfis.

Samkvæmt 3. mgr. skulu einkaleyfayfirvöld auglýsa framkomin andmæli. Slík auglýsing er nauðsynleg þriðja manni sem hefur hagsmuna að gæta varðandi það hvort einkaleyfi muni örugglega standa óbreytt.

Um 8. gr.

Hér er kveðið á um þá breytingu að umsóknargögn séu aðgengileg almenningi frá þeim degi sem einkaleyfi er veitt en ekki frá framlagningu umsóknar eins og núgildandi ákvæði kveður á um.

Samkvæmt 5. mgr. 22. gr. núgildandi laga geta einkaleyfayfirvöld ákveðið að skjal, sem hefur að geyma viðskiptaleyndarmál, verði ekki aðgengilegt almenningi. Með breytingunni er gert ráð fyrir að slík leynd verði heimiluð meðan á andmælamáli stendur og einnig eftir að einkaleyfi hefur verið veitt. Tilvik af þessu tagi getur komið upp, t.d. í máli um endurveitingu réttinda skv. 2. mgr. 72. gr. laganna.

Breytinguna á 7. mgr. leiðir af breytingum, samkvæmt frumvarpinu, á 19.–21. gr., þ.e. um andmæli eftir veitingu.

Um 9. gr.

1. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 23. gr. laganna að öðru leyti en því að þegar andmælin koma fram er umsækjandi orðinn einkaleyfishafi.

Ákvæði 2. mgr. skýrist af því að einkaleyfi er veitt áður en meðferð andmælamáls getur hafist. Ef einkaleyfishafi hættir að greiða árgjöld, sbr. 51. gr., eða fellur frá einkaleyfi sínu, sbr. 54. gr., hefur það ekki afturvirk áhrif. Einkaleyfishafi getur því borið fyrir sig réttarverndina þar til leyfið fellur úr gildi. Þess vegna hefur þriðji maður lögmæta hagsmuni af því að fá úr því skorið hvort einkaleyfi teljist aldrei hafa verið veitt. Andmælamál getur þannig hafist eða haldið áfram þótt einkaleyfi sé fallið úr gildi vegna vangoldinna árgjalda eða af þeirri ástæðu að fallið hafi verið frá einkaleyfi. Sama á við ef andmælandi fellur frá eða glatar hæfi sínu.

Samkvæmt 3. mgr. ber að gefa út breytt einkaleyfi ef niðurstaða andmælamáls er sú að hvorki skuli ógilda einkaleyfi í heild né beri að láta það standa óbreytt. Útgáfa á nýju, breyttu einkaleyfi er háð því annars vegar að einkaleyfishafi hafi áhuga á að halda við einkaleyfi sínu í breyttri mynd og hins vegar að hann greiði tilskilið gjald fyrir það.

Samkvæmt 4. mgr. verður einkaleyfi fellt úr gildi ef einkaleyfishafi er ósammála breyttum texta eða greiðir ekki gjaldið.

Ákvæði 5. mgr. um að auglýsa beri niðurstöðu andmælamáls er í samræmi við þá meginreglu að þriðji maður eigi að geta fylgst með stöðu allra einkaleyfa og einkaleyfisumsókna sem gerðar hafa verið aðgengilegar.

Um 10. gr.

Samkvæmt 24. gr. núgildandi laga er hægt að skjóta endanlegum ákvörðunum varðandi umsókn til áfrýjunarnefndar. Sérstaklega er tekið fram að ef einkaleyfi er veitt þrátt fyrir andmæli geti andmælandi skotið þeirri ákvörðun til áfrýjunarnefndar.

Breytinguna á 24. gr. leiðir af breytingu þeirri sem lögð er til á 19.–21. gr., þ.e. um andmæli eftir veitingu. Samkvæmt frumvarpinu er einnig möguleiki á því að einkaleyfi sé breytt í kjölfar andmæla og þarf því að breyta orðalagi ákvæðisins. Í ákvæðinu er kveðið skýrar á um möguleika andmælanda til að bera ákvörðun einkaleyfaskrifstofunnar undir áfrýjunarnefnd.

Um 11. gr.

Breytingu á 25. gr. leiðir af breytingu þeirri sem lögð er til á 24. gr. Breytingin felst í því að skotið er inn tilvísun til 24. gr.

Í b-lið felst breytingin í því að í 2. málsl. 3. mgr. er bætt orðunum „eða lýsa einkaleyfi ógilt“ og leiðir hana af breytingu á 19.–21. gr., þ.e. um andmæli eftir veitingu.

Um 12. gr.

Ákvæði 1. mgr. 26. gr. laganna er samkvæmt frumvarpinu flutt til og er nú að finna í 2. mgr. 20. gr. Aðeins stendur eftir ákvæði 2. mgr. 26. gr. um að auglýsa skuli umsókn sem hefur verið gerð almenningi aðgengileg, verið hafnað eða hún afskrifuð.

Um 13. og 14. gr.

Breytinguna leiðir af breytingu þeirri sem lögð er til á 19.–21. gr., þ.e. um andmæli eftir veitingu.

Um 15. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 46. gr. núgildandi laga getur eigandi einkaleyfis fengið nauðungarleyfi til að hagnýta aðra einkaleyfða uppfinningu sé það nauðsynlegt til að hann geti hagnýtt eigin uppfinningu. Skilyrði slíks nauðungarleyfis er að það teljist „sanngjarnt með hliðsjón af mikilvægi fyrrnefndu uppfinningarinnar eða af öðrum sérstökum ástæðum“.

Hér er lögð til breyting á þessum skilyrðum, þannig að fyrrnefnda uppfinningin verður að „marka mikilvægt tæknilegt framfaraskref sem hefur verulega efnahagslega þýðingu“.

Samkvæmt núgildandi 2. mgr. 46. gr. getur sá sem á einkaleyfi sem veitt er nauðungarleyfi á fengið nauðungarleyfi til að hagnýta hina uppfinninguna „nema sérstakar ástæður mæli því í mót“ (víxlnauðungarleyfi). Lögð til sú breyting á 2. mgr. að einkaleyfishafinn geti fengið nauðungarleyfi á hinni uppfinningunni „með sanngjörnum kjörum“.

Breytingin er tilkomin vegna ákvæða í (i) og (ii) lið í 1. mgr. 31. gr. TRIPS-samningsins. Breytingin hefur í för með sér nákvæmari skilyrði fyrir veitingu nauðungarleyfis til annars einkaleyfishafa.

Um 16. gr.

Um 1. mgr.: Samkvæmt núgildandi lögum er það ekki sett sem skilyrði fyrir veitingu nauðungarleyfis að sá er sækir um nauðungarleyfi hafi áður reynt að fá nytjaleyfi. Samkvæmt (b) lið 31. gr. TRIPS-samningsins er gerð sú krafa að sá er sækir um nauðungarleyfið hafi áður en til þess kemur reynt að fá heimild rétthafa með sanngjörnum viðskiptaskilmálum og skilyrðum og slíkar tilraunir hafi ekki borið árangur innan hæfilegs tíma. Í samræmi við þetta er lagt til að bætt verði inn í 1. mgr. 49. gr. því skilyrði að viðkomandi hafi ekki tekist að fá nytjaleyfi með samningi við einkaleyfishafa.

Lagt er til að ákvæði 1. málsl. 2. mgr. 49. gr. núgildandi laga standi óbreytt sem 2. mgr.

Í 2. málsl. 2. mgr. núgildandi laga er kveðið á um aðilaskipti að nauðungarleyfi. Lagt er til að aftan við þann málslið komi nýr málsliður er taki á aðilaskiptum „víxlnauðungarleyfa“ skv. 1. mgr. 46. gr. og þessir málsliðir saman verði 3. mgr. 49. gr.

Þessi breyting er komin til vegna ákvæðis liðar (1) í 31. gr. TRIPS-samningsins, sérstaklega ákvæðis í (iii) lið. Samkvæmt ákvæði núgildandi 2. málsl. 2. mgr. eru aðilaskipti að nauðungarleyfum aðeins heimil í tengslum við aðilaskipti að atvinnurekstri þeim sem leyfið er hagnýtt í eða til stóð að hagnýta það. Í (iii) lið liðar (1) í 31. gr. TRIPS-samningsins er enn fremur sett skilyrði um aðilaskipti að nauðungarleyfi sem varðar „víxleinkaleyfi“ (sbr. 1. mgr. 46. gr.). Samkvæmt ákvæðinu skal vera óheimilt að framselja nauðungarleyfi á fyrra einkaleyfinu nema með framsali á síðara einkaleyfinu.

Þá er í 4. mgr. ákvæði er varða nauðungarleyfi fyrir einkaleyfum á sviði hálfleiðaratækni. Þessi skilyrði eru til samræmis við ákvæði (c) liðar 31. gr. TRIPS-samningsins.

Um 17. gr.

Þegar einkaleyfalögin voru samþykkt í mars 1991 hófst 50. gr. á orðunum „Bæjarþing Reykjavíkur sker úr um“.

Með 106. gr. laga nr. 92/1991, um breytingu á ýmsum lögum vegna aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði, var ákvæði þessu breytt í það horf að lagt var í hendur áfrýjunarnefndar að vera ákvörðunaraðili um nauðungarleyfi. Telja verður að hér hafi verið um augljós mistök að ræða því að vart hefur það verið ætlunin að fela stjórnsýslunafa að taka ákvarðanir um nauðungarleyfi. Annars staðar á Norðurlöndum eru slíkar ákvarðanir teknar af dómstólum.

Með greininni er lagt til að Héraðsdómur Reykjavíkur skeri úr um hvort nauðungarleyfi skuli veitt. Breytingin er til samræmis við upphaflegt ákvæði 50. gr.

Um 18. og 19. gr.

Breytinguna leiðir af breytingu þeirri sem lögð er til á 19.–21. gr., þ.e. um andmæli eftir veitingu.

Um 20. gr.

Með 106. gr. laga nr. 92/1991, um breyting á ýmsum lögum vegna aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði, var ákvæði þessu breytt á þann hátt að felld voru brott orðin „eða til að öðlast nauðungarleyfi“. Breytingu þessa hefur leitt af þeim breytingum sem gerðar voru á 50. gr. laganna (sjá athugasemdir við 17. gr.).

Um 21. gr.

Í 34. gr. TRIPS-samningsins er að finna ákvæði um sönnunarbyrði varðandi aðferðareinkaleyfi (process patent). Í því felst að í málum, sem rísa vegna skerðingar á einkaleyfi á aðferð við að framleiða nýja afurð, telst sá brotlegi hafa notað hina einkaleyfðu aðferð þar til hann sannar hið gagnstæða. Ákvæði af þessu tagi er í lögum margra ríkja. Í samræmi við þetta er gerð sú tillaga að hafa sérstaka reglu um sönnun vegna brota á aðferðareinkaleyfum.

Samkvæmt 1. mgr. skal gilda önnur regla um sönnun en almennt gerist. Almennt er talið að einkaleyfishafi eigi að sanna að brotið sé á rétti hans samkvæmt einkaleyfinu. Erfiðara er að sanna brot á aðferðareinkaleyfi en afurðareinkaleyfi því auðveldara er að bera saman orðalag einkaleyfisins og afurð þriðja manns. Í raun er því réttarvernd aðferðareinkaleyfa minni. Lagt er til að þetta verði lagfært með því að sá sem sóttur er til saka í máli um aðferðareinkaleyfi til framleiðslu á nýrri afurð hafi sönnunarbyrðina fyrir því að aðferðin, sem hann hafi notað, sé ekki hin einkaleyfða aðferð. Í tilvikum sem þessum eru miklar líkur á því að sá sem sóttur hefur verið til saka hafi notað sömu aðferð og vernduð er með einkaleyfinu. Afurðin, sem fæst við aðferðina, er einmitt ný og frábrugðin í skilningi 2. gr. laganna.

Með ákvæðinu í 2. mgr. er kveðið á um að virða skuli vissa hagsmuni hins ætlaða brotamanns. Hér er um að ræða réttmæta hagsmuni hans af því að geta verndað framleiðslu- og viðskiptaleyndarmál sín.

Um 22. gr.

Í 1. mgr. 22. gr. er kveðið á um að við lögin verði bætt nýjum kafla um viðbótarvernd.

Um 2. mgr.: Ráðherraráð ESB samþykkti 18. júní 1992 reglugerð um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd lyfja. Reglugerðin, nr. 1768/92, tók gildi í ríkjum ESB 2. janúar 1993. Ákvæði þessarar reglugerðar eiga að gilda á Evrópska efnahagssvæðinu samkvæmt viðauka 17 við EES-samninginn. Gert er ráð fyrir að efni þessarar ESB-reglugerðar verði tekið inn í einkaleyfalögin, sbr. 1. mgr.

Gera má ráð fyrir að síðar verði gefnar út fleiri ESB-reglugerðir um viðbótarvernd einkaleyfa. Heiti kaflans, „Viðbótarvernd“, tekur mið af því að efni þessara reglugerða verði fellt inn í þennan kafla laganna.

Umræddur 6. liður viðauka 17 við EES-samninginn, sem hér er vísað til, er ESB-reglugerð nr. 1768/92 frá 18. júní 1992 um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd lyfja. Reglugerðin mælir fyrir um að sá sem hefur öðlast einkaleyfi fyrir lækningalyfi geti sótt um viðbótarvottorð þannig að verndartíminn lengist um allt að fimm ár. Hve löng viðbótarverndin verður í reynd er háð því hve langur tími fór í rannsóknir á lyfinu, en þær eru forsendan fyrir veitingu sölu-/markaðsleyfis. Umræddum rannsóknum getur lokið nokkrum árum eftir að fengist hefur einkaleyfi fyrir lækningalyfinu. Virkur verndartími slíkra einkaleyfa er því mun styttri en einkaleyfa fyrir uppfinningar á öðrum tæknisviðum — oft ekki nema u.þ.b. tíu ár.

Reglugerð þessi var birt í íslenskri þýðingu í Stjórnartíðindum EB 2. júlí 1992. Reglugerðin fylgir frumvarpinu sem fylgiskjal.

Viðbótarvottorð eru veitt fyrir afurðum sem myndaðar eru úr virku efni eða blöndu af virkum efnum lyfja og þegar njóta einkaleyfisverndar í því ríki þar sem sótt er um viðbótarverndina. Hægt er að framlengja einkaleyfi hvort heldur því er ætlað að vernda afurð (afurðareinkaleyfi), aðferðina við að framleiða hana (aðferðareinkaleyfi) eða notkun afurðarinnar (notkunareinkaleyfi).

Réttaráhrif viðbótarverndar hefjast þegar lögmæltum verndartíma grunneinkaleyfisins lýkur, sbr. 76. gr. laganna. Gildistími viðbótarverndar svarar til þess tíma sem líður frá innlagningardegi umsóknar um grunneinkaleyfi og til þess tíma er leyfi til markaðssetningar er gefið út, að frádregnum fimm árum. Viðbótarverndin getur þó aldrei orðið lengri en fimm ár. Þessar reglur leiða til þess að samanlagður virkur verndartími lækningalyfs getur orðið allt að 15 ár með grunneinkaleyfi og viðbótarvernd. Á þennan hátt er leitast við að nálgast hinn venjulega virka verndartíma uppfinninga á öðrum tæknisviðum.

Um 3., 4. og 6. mgr.: Umsókn um viðbótarvernd er lögð inn hjá Einkaleyfastofunni sem gefur út vottorð fyrir viðbótarvernd. Umsókn verður að uppfylla öll sömu skilyrði og almennt eru gerð til umsókna samkvæmt einkaleyfalögum, reglugerð og auglýsingu. Ef ekki er annað tekið fram eiga almenn ákvæði einkaleyfalaga við um meðferð umsókna um viðbótarvernd. Þetta hefur t.d. í för með sér að ákvæði 15. gr. um endurupptöku, ákvæði 16. gr. um frekari frest og ákvæði 72. gr. um endurveitingu eiga við þegar teknar eru ákvarðanir um fresti.

Um 5. mgr.: Nánari reglur um umsóknir o.fl. varðandi viðbótarvernd verða settar í reglugerð.

Samkvæmt ákvæði 29. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að reglur þessar um viðbótarvernd taki ekki gildi hér á landi fyrr en á árinu 1998. Í 21. gr. fyrrnefndrar ESB-reglugerðar nr. 1768/92 frá 18. júní 1992, um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd lyfja, segir að í þeim ríkjum, sem ekki gerðu ráð fyrir veitingu einkaleyfa á lyfjum 1. janúar 1990, skuli beita ákvæðum hennar fimm árum eftir að hún öðlast gildi. Skv. 23. gr. ESB-reglugerðarinnar öðlast hún gildi sex mánuðum eftir birtingu. Reglugerðin var birt 2. júlí 1992 og öðlaðist gildi frá 2. janúar 1993. Samkvæmt þessu munu ákvæði fyrrnefndrar ESB-reglugerðar taka gildi hér á landi 2. janúar 1998.

Um 23. gr.

Í greinina er bætt við aðila sem getur skotið til áfrýjunarnefndar ákvörðunum einkaleyfaskrifstofunnar. Sá sem krafist hefur ógildingar á einkaleyfi getur einnig skotið máli til nefndarinnar.

Um 24. gr.

Í greininni eru talin upp þau tilvik þar sem þörf er á nánari leiðbeiningum í reglugerð. Til viðbótar við fyrri tilvik kemur „meðferð andmælamála".

Um 25. gr.

Á 119. löggjafarþingi var lagt fram frumvarp til breytinga á einkaleyfalögum sem hafði í för með sér þá breytingu á 75. gr. laganna sem hér um ræðir. Frumvarpið náði ekki fram að ganga og er efni þess því tekið upp í þessa grein.

Lög um einkaleyfi, nr. 17/1991, tóku gildi 1. janúar 1992. Samkvæmt ákvæði 2. mgr. 75. gr. laganna var þó ekki unnt að fá einkaleyfi fyrir lækningalyfjum fyrr en fimm árum eftir gildistöku laganna.

Samkvæmt þeim hluta GATT-samningsins, sem fjallar um hugverkaréttindi (TRIPS, Agreement on Trade-Related Aspects of Intellectual Property Rights), skulu aðildarríkin heimila veitingu einkaleyfa fyrir lækningalyfjum, sbr. 27. gr. samningsins. Aðildarríkin hafa þó eins árs frest frá gildistöku samningsins til að koma ákvæðum hans í framkvæmd (sbr. 65. gr. samningsins). GATT/TRIPS-samningurinn tók gildi 1. janúar 1995. Af framansögðu leiðir að frá 1. janúar 1996 skal vera heimilt að veita einkaleyfi fyrir lækningalyfjum hér á landi.

Samkvæmt 8. mgr. 70. gr. GATT/TRIPS-samningsins skal aðildarríki, sem ekki veitir einkaleyfi á lækningalyfjum við gildistöku samningsins, tryggja að unnt sé að leggja inn umsóknir fyrir slíkum uppfinningum frá gildistöku samningsins. Samkvæmt þessu skal veita slíkum umsóknum viðtöku frá 1. janúar 1995 þótt ekki verði þær teknar til meðferðar fyrr en eftir 1. janúar 1996.

Um II. og III. kafla.

Í þessum köflum eru lagagreinar sem varða breytingu á lögum vegna aðildar Íslands að samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Hér er um að ræða rýmkun á ákvæðum er varða forgangsrétt.

Um 26. og 27. gr.

Í núgildandi ákvæðum er það skilyrði fyrir viðurkenningu á forgangsrétti frá erlendum ríkjum að um gagnkvæma réttarvernd sé að ræða.

Ástæðan fyrir þessari breytingu á sér þá skýringu að krafa um gagnkvæma réttarvernd er ófullnægjandi með hliðsjón af þeim skuldbindingum sem Ísland hefur tekið á sig með aðild að TRIPS-samningnum. Talið er rétt að ráðherra kveði á um í reglugerð hvaða ríki geti notið forgangsréttar hér á landi.

Um 28. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 29. gr.

Samkvæmt 1. mgr. eiga þessi lög við um þær einkaleyfaumsóknir sem eru nú í meðferð hjá einkaleyfaskrifstofunni og lög nr. 17/1991 taka til, sbr. 78. og 79. gr. laganna eins og þeim var breytt með lögum nr. 67/1993. Þó er talið rétt að gera undantekningu frá þessu varðandi þær umsóknir sem þegar hafa verið samþykktar til framlagningar.

Um 2. mgr.: Ákvæði 21. gr. kveður á um andmæli við veittu einkaleyfi. Að sjálfsögðu verður ekki hægt að andmæla einkaleyfum sem voru á fyrri stigum lögð fram til andmæla.

Um 3. mgr.: Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að umsækjendur, sem þegar hafa lagt inn einkaleyfaumsóknir, geti nýtt sér núgildandi heimildir varðandi tilfærslu innlagningardags. Þannig er komið í veg fyrir að umsækjendur, sem ekki gerðu ráð fyrir aukakostnaði af breytingum á umsókn vegna ákvæðis 14. gr., verði fyrir frekari útgjöldum.

Um 4. mgr.: Í 4. mgr. er skýrlega kveðið á um að ákvæði ESB-reglugerðar nr. 1768/92 frá 18. júní 1992 um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd lyfja taki ekki gildi fyrr en árið 1998. Í 21. gr. fyrrnefndrar reglugerðar segir að í þeim ríkjum, sem ekki gerðu ráð fyrir veitingu einkaleyfa á lyfjum árið 1990, skuli beita ákvæðum hennar fimm árum eftir að hún öðlast gildi. Skv. 23. gr. ESB-reglugerðarinnar öðlast hún gildi sex mánuðum eftir að hún var birt. Reglugerðin var birt 2. júlí 1992 þannig að hún öðlaðist gildi 2. jan-

úar 1993 fyrir aðildarríki ESB. Samkvæmt þessu munu ákvæði fyrrnefndrar ESB-reglugerðar taka gildi hér á landi 2. janúar 1998.

Fylgiskjal II.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um einkaleyfi, nr. 17/1991, með síðari breytingum, lögum um vörumerki, nr. 47/1968, með síðari breytingum, og lögum um hönnunarvernd, nr. 48/1993.

Þær breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á ýmsum ákvæðum laga um einkaleyfi, vörumerki og hönnunarvernd, eru nauðsynlegar vegna skuldbindinga Íslands, annars vegar samkvæmt samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) og samningnum um hugverkarétt í viðskiptum (TRIPS) og hins vegar samkvæmt EES-samningnum. Einnig má nefna breytingar til samræmingar á norrænni og evrópskri löggjöf.

Í samningnum um hugverkarétt í viðskiptum er kveðið á um hvernig beita beri almennum reglum GATT á þessu sviði, svo og reglum alþjóðlegra sáttmála á sviði hugverkaréttinda. Þar er einnig að finna reglur um lágmarksvernd hugverkaréttinda, hvernig sú vernd skuli tryggð og hvernig leysa skuli milliríkjadeilur. Vegna samningsins verður að gera nokkrar breytingar á einkaleyfalögunum og felst stærsta breytingin í rýmkun ákvæða varðandi gildissvið einkaleyfa. Auk núgildandi ákvæða, sem heimila veitingu einkaleyfis fyrir aðferð við framleiðslu lækningalyfja, verður eftir 1. janúar 1996 unnt að fá afurðaeinkaleyfi fyrir lyfjum hér á landi. Aðrar breytingar varða ákvæði um nauðungarleyfi og forgangsrétt, svo og ákvæði um öfuga sönnunarbyrði í málum varðandi aðferðareinkaleyfi. Fyrrnefndur samningur leiðir til minni háttar breytinga á hönnunarlögum og vörumerkjalögum.

Verði frumvarpið að lögum mun framkvæmd þess ekki hafa aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð að því er snertir veitingu einkaleyfa þar sem gert er ráð fyrir að kostnaði er hlýst af veitingu viðbótareinkaleyfa verði mætt með gjöldum fyrir leyfin.

Sú breyting, sem mun hafa mest áhrif, verði frumvarpið að lögum, felst í því að heimilt verður að veita einkaleyfi fyrir lækningalyfjum hér á landi. Samþykkt ákvæða í 25. gr. frumvarpsins leiðir af sér að erlend lyfjafyrirtæki muni sækja um einkaleyfi hér á landi í ríkari mæli en áður. Erfiðara verður fyrir innlend lyfjafyrirtæki að framleiða svonefnd samheitalyf og sem líklega mun hafa í för með sér einhverja hækkun á lyfjaverði og aukinn kostnað fyrir neytendur og heilbrigðiskerfið. Hins vegar er það nánast ógerningur að meta þennan kostnað en talið er að samheitalyfjaverðskráin nái yfir um fjórðung af lyfjamarkaði þar sem samkeppni er möguleg.

315. Svar [177. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um einkahlutafélög.

1. *Hve mörg hlutafélög og einkahlutafélög hafa verið skráð frá því lög um einkahlutafélög tóku gildi 1. janúar 1995 og hvernig skiptast þau eftir starfsgreinum?*

Þar eð spurt er um skiptingu eftir starfsgreinum fara hér á eftir upplýsingar fyrirtækjaskrár Hagstofu Íslands:

	Einkahlutafélög skráð 1995	Hlutafélög skráð 1995	Einkahlutafélög sem áður voru hf.
Landbúnaður	7		5
Fiskveiðar	36	4	17
Vinnsla hráefna úr jörðu	4		
Matvæla- og drykkjarvöruiðnaður	31	6	16
Annar iðnaður	57	11	37
Byggingarstarfsemi	64	5	26
Verslun og viðgerðarstarfsemi	132	10	107
Hótel- og veitingahúsarekstur	44	1	8
Samgöngur og flutningar	26	5	16
Fjármálaþjónusta	7	3	
Ýmis sérhæfð þjónusta	162	10	109
Fræðslustarfsemi	4		2
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	3	1	3
Önnur samfélagsþjónusta	27	2	8
Engin starfsemi (starfsemi hætt)	3		20
Starfsemi ókunn*	21	1	30
Samtals	**628**	**59**	**404**

* Starfsemi ókunn þýðir fyrirtæki sem ekki hafa hafið starfsemi eða ekki er unnt að flokka vegna skorts á upplýsingum.

2. *Hve mörgum hlutafélögum og sameignarfélögum hefur verið breytt í einkahlutafélög frá því lög um einkahlutafélög tóku gildi og hvernig skiptast þau eftir starfsgreinum?*

Að því er varðar breytingu hlutafélaga í einkahlutafélög er vísað í aftasta dálk 1. töluliðar.

Ekki liggja fyrir tölur um breytingu á sameignarfélögum, sem skráð eru hjá sýslumönnum, í einkahlutafélög en telja má að einhver þeirra 628 einkahlutafélaga, sem skráð voru á tímabilinu janúar til nóvember 1995, hafi áður starfað sem sameignarfélög. Um tvö óskyld félagsform er þó að ræða og tengist afskráning sameignarfélags ekki formlega stofnun einkahlutafélags. Ekki hefur orðið vart sérstakrar aukningar á afskráningu sameignarfélaga hjá sýslumanninum í Reykjavík á þessu ári en mest ber reyndar á breytingum í lok hvers árs.

Ljóst er að forráðamenn margra eldri hlutafélaga (hlutafélaga sem skráð voru fyrir 1. janúar 1995) eiga eftir að tilkynna ákvörðun um hvort félögunum sé ætlað að vera áfram hlutafélög eða þeim verði breytt í einkahlutafélög. Um miðjan október 1995, skömmu eftir sérstaka tilkynningu til hlutafélaganna um nauðsyn ákvörðunar, voru tæp 10.000 félög skráð hjá hlutafélagaskrá, 726 sem einkahlutafélög en 8.284 sem hlutafélög. Auk þess voru þar skráð um 600 hlutafélög sem höfðu verið úrskurðuð gjaldþrota og voru enn í skiptameðferð. Búist er við að hlutfall félaga breytist í byrjun næsta árs þannig að

90–95% félaganna í skránni verði einkahlutafélög en 5–10% hlutafélög enda verða þá öll eldri hlutafélög skráð sem einkahlutafélög hafi þau ekki tilkynnt að þau vilji starfa sem hlutafélög samkvæmt nýjum lögum um hlutafélög.

Því má bæta hér við til fróðleiks að skráning nýrra hlutafélaga hefur aukist mjög á síðustu árum svo sem eftirfarandi tölur frá hlutafélagaskrá gefa til kynna:

1980	108	1988	800
1981	168	1989	944
1982	189	1990	495
1983	230	1991	530
1984	330	1992	627
1985	416	1993	882
1986	535	1994	1018
1987	635		

3. *Hvert er skattalegt hagræði þess að sjálfstæðir atvinnurekendur stofni til einkahlutafélags um rekstur sinn, svo sem varðandi tekjuskatt og eignarskatt og mat á hlunnindum?*

Helsti munur á skattareglum milli sjálfstætt starfandi einstaklinga og einkahlutafélaga er mismunandi skattlagningarprósenta. Af atvinnurekstrartekjum einstaklinga greiðast um 42,0% og allt að 47,0% í tekjuskatt og útsvar séu þær tekjur að viðbættum öðrum skattskyldum tekjum hans ofan skattleysismarka. Af tekjum einkahlutafélags greiðast í skatt 33,0% af hagnaði. En áður en skattskyldur hagnaður er ákveðinn er heimilt að draga frá útborgaðan arð allt að 10% af nafnverði hlutafjár, sbr. 8. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Jafnframt er munur á skattalegri stöðu einkahlutafélaga og einstaklinga í rekstri við ráðstöfun þess fjár sem eftir er í félaginu að skattgreiðslum loknum. Á því fé hefur einstaklingur í rekstri fullt forræði án skattlagningar, en í einkahlutafélögunum verður ráðstöfunin að eiga sér stað innan félagaformsins og gilda um þá ráðstöfun arðsreglur 2. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. og 8. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Að því er varðar mat á hlunnindum gilda sömu reglur um launamenn einkahlutafélags og aðra launamenn.

316. Frumvarp til laga [234. mál]

um breytingu á vatnalögum, nr. 15/1923, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

Við 87. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 5. mgr. og orðast svo:

Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður holræsagjald sem tekjulitlum elli- eða örorkulífeyrisþegum er gert að greiða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 24. nóvember 1995 barst félagsmálaráðuneytinu erindi frá borgarstjóranum í Reykjavík þar sem greint er frá áskorun borgarráðs þess efnis að félagsmálaráðherra flytji á Alþingi frumvarp um breytingu á 87. gr. vatnalaga, nr. 15/1923. Sú breyting verði á þá leið að sveitarstjórnum verði heimilt að lækka eða fella niður holræsagjald sem tekjulitlum elli- eða örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur með sérstakri ályktun tekið undir þetta sjónarmið borgaryfirvalda.

Í 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, er heimild fyrir sveitarstjórn til lækkunar eða niðurfellingar fasteignaskatts sem tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Telja verður eðlilegt að þess konar heimild sé einnig fyrir hendi varðandi holræsagjöld, en vafi getur leikið á því að lækkun eða niðurfelling þeirra gjalda sé heimil án sérstaks ákvæðis í lögum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að við 87. gr. laganna bætist ný málsgrein sem tilgreini að sveitarstjórn sé heimilt að lækka eða fella niður holræsagjald sem tekjulitlum elli- eða örorkulífeyrisþegum er gert að greiða.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á vatnalögum, nr. 15/1923, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er kveðið á um að sveitarstjórn verði heimilað að lækka eða fella niður holræsagjald sem tekjulitlum elli- eða örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Frumvarpinu fylgir ekki kostnaðarauki fyrir ríkissjóð.

317. Fyrirspurn [235. mál]

til menntamálaráðherra um ofbeldisefni í fjölmiðlum.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Telur ráðherra þörf á sérstökum aðgerðum til að draga úr ofbeldisefni í dagskrá fjölmiðla eða að breyta þurfi tilhögun dagskrár fjölmiðlanna til þess að slíkt efni komi síður fyrir augu barna?

318. Fyrirspurn [236. mál]

til viðskiptaráðherra um kvikmyndaauglýsingar í sjónvarpi.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Telur ráðherra að kvikmyndaauglýsingar í sjónvarpi, þar sem sýnd eru ofbeldisatriði úr kvikmyndum sem bannaðar eru börnum, samrýmist ákvæðum samkeppnislaga, sbr. sérstaklega 22. gr.?
2. Ef svo er ekki, hvað hyggst ráðherra aðhafast í málinu?

319. Fyrirspurn [237. mál]

til menntamálaráðherra um starfsþjálfun nemenda á framhalds- og háskólastigi.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hversu margar ríkisstofnanir og fyrirtæki hafa tekið nemendur á framhalds- og háskólastigi í starfsþjálfun árin 1990–95? Hvaða stofnanir og fyrirtæki er um að ræða? Hver var fjöldi nemenda í starfsþjálfun hvert ár, skipt niður á stofnanir og fyrirtæki? Hvaða nám stunda þessir nemendur?
2. Hversu margar aðrar stofnanir og fyrirtæki hafa tekið nemendur framhalds- og háskólastigs í starfsþjálfun árin 1990–95? Hver er fjöldi nemenda og í hvaða atvinnugreinum eru þessi fyrirtæki og stofnanir?
3. Hversu margar stofnanir og fyrirtæki fá eða hafa fengið greiðslur úr ríkissjóði fyrir starfsþjálfun nemenda á framhalds- og háskólastigi árin 1990–95? Hversu háar eru greiðslurnar:
   a. til ríkisstofnana og fyrirtækja,
   b. til annarra stofnana og fyrirtækja?
4. Hefur menntamálaráðuneytið eða önnur ráðuneyti gert formlega samninga við fyrirtæki eða stofnanir um starfþjálfun nemenda á framhalds- og háskólastigi árin 1990–95? Ef svo er, um hvaða atvinnugreinar er að ræða? Ef svo er ekki, mun ráðuneytið beita sér fyrir að slíkir samningar verði gerðir?
5. Eru fyrirhugaðar af hálfu menntamálaráðuneytis eða annarra ráðuneyta einhverjar þær aðgerðir sem auðvelda ríkisfyrirtækjum, stofnunum ríkisins eða öðrum stofnunum og fyrirtækjum að taka við nemendum í starfsþjálfun? Ef svo er, í hverju eru þær aðgerðir fólgnar?

Skriflegt svar óskast.

320. Tillaga til þingsályktunar [238. mál]

um farskóla fyrir vélaverði og undirbúning fyrir vélstjóranám.

Flm.: Gísli S. Einarsson, Sighvatur Björgvinsson, Lúðvík Bergvinsson.

Alþingi ályktar að stofna skuli farskóla fyrir vélavarðanám og undirbúningskennslu fyrir vélstjóranám. Alþingi felur ríkisstjórninni að undirbúa málið og koma því í framkvæmd.

Greinargerð.

Fiskveiðar og fiskvinnsla eru mikilvægustu atvinnugreinar Íslendinga. Engin þjóð á jafnmikið undir því að sjómannastéttin sé vel menntuð og eigi kost á viðeigandi menntun á hagkvæman hátt. Fjölbreytt útgerð, aukin tækni og mikil sérhæfing kalla á betri menntun þeirra sem annast tæki og vélbúnað skipa. Fækkun nemenda í Vélskóla Íslands er mikið áhyggjuefni, svo og að ekki virðist lengur unnt að starfrækja vélstjórnarbrautir í fjölbrautaskólum.

Margir þeirra sem hafa stundað vélstjórn án réttinda hafa mikla starfsreynslu en skortir menntun til að geta leyst af hendi allt sem krafist er á fiskibátum og togurum, t.d. hvað varðar flókinn stýribúnað, vökva-, loft- eða rafknúinn. Vélaverðir á veiðiflota landsmanna þurfa að kunna skil á ýmsu fleira, svo sem frystitækni og meðferð efna í frystikerfum, svo og að hafa grundvallarþekkingu í rafmagnsfræði.

Á landsbyggðinni hefur nokkur kennsla farið fram á þessu sviði, t.d. var hópur vélvirkja og annarra í slíku námi á Akranesi fyrir um áratug. Síðastliðinn vetur var kennd vélavarsla í Stykkishólmi og nú í vetur á Höfn í Hornafirði. Framhald verður á kennslunni í Stykkishólmi því að nemendur sem stunduðu nám þar fóru eindregið fram á það. Kennsla á áðurnefndum stöðum hefur farið fram að loknum hefðbundnum vinnudegi og um helgar, enda eru nemendur iðulega fyrirvinnur og fjölskyldufólk.

Nauðsyn er að endurskoða framkvæmd vélstjórnarkennslu, eins og annarrar kennslu, sérstaklega hvað varðar undirbúning hennar eða aðfararnám. Sú tillaga sem hér er lögð fram lýtur að undirbúningsnámi og fullorðinsfræðslu sem getur í framtíðinni styrkt stöðu Vélskólans. Með farandnámskeiðum á grunnstigum eflist grunnnám á landsbyggðinni, sérstaklega í landshlutum þar sem útgerð er hvað mest. Skólahúsnæði getur nýst á kvöldin og um helgar til fullorðinsfræðslu og kennslubúnaður, sem er umfram það sem skólarnir geta boðið upp á og nota má um borð í skipum heimamanna, er ekki meiri en svo að honum má koma fyrir í sendibíl. Sem dæmi má nefna stýritæknibúnað o.fl. sem nota þarf við vélavarðakennslu.

Tillagan er í samræmi við nýjar hugmyndir um skipan skólamála á framhaldsskólastigi, sérstaklega hugmyndir um svokallaðan kjarnaskóla sem veita á grunnmenntun til undirbúnings starfa í viðkomandi starfsgrein og annast endurmenntun, í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins. Hann á einnig að hafa forgöngu um að þróa með markvissum hætti námsefni, námsskipan, kennsluaðferðir og námsmat og leiðbeina öðrum skólum sem að einhverju leyti veita menntun á sama sviði.

321. Fyrirspurn [239. mál]

til fjármálaráðherra um skattareglur gagnvart listamönnum.

Frá Ágústi Einarssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir breytingum á lögum þannig að íslenskir listamenn, eins og Björk Guðmundsdóttir og Kristján Jóhannsson, sem njóta heimsathygli og hafa veruleg fjármálaleg umsvif, geti verið með starfsemi sína í íslensku skattaumhverfi?

322. Frumvarp til laga [240. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

Í lok 8. málsl. 8. mgr. 6. gr. laganna falla brott orðin „enda verði bátum ekki haldið til veiða á því veiðitímabili sem sóknardagar eru fluttir frá".

2. gr.

Í stað orðanna „þess veiðitímabils sem sóknardagar eru fluttir frá" í 11. málsl. 8. mgr. 6. gr. laganna kemur: þriðja veiðitímabils

3. gr.

Í stað orðanna „fiskveiðiársins 1996/1997" í 12. málsl. 8. mgr. 6. gr. laganna kemur: fiskveiðiársins 1995/1996.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og kunnugt er blasir við mikill vandi hjá bátum undir 6 brl. sem stundað hafa veiðar með línu og handfærum með dagatakmörkunum, þ.e. svokölluðum krókabátum.

Heimildir krókabáta til veiða hafi verið auknar á undanförnum árum með breytingum á lögum um stjórn fiskveiða, t.d. með hækkun á heildarviðmiðun krókabáta í 21.500 lestir af þorski með lögum 87/1994 og frjálsum veiðum á öðrum tegundum en þorski með lögum 83/1995. Þrátt fyrir þessa aukningu er ljóst að þær veiðiheimildir, sem mögulega geta verið til ráðstöfunar fyrir þennan útgerðarhóp, duga ekki til að allir, sem hafa krókaleyfi, geti haft af þeim lífsviðurværi.

Breytingum á lögum um stjórn fiskveiða, frá s.l. sumri, var sérstaklega stefnt gegn þessum vanda með því að gefa mönnum kost á að velja ákveðið hlutfall af eigin aflareynslu sem aflahámark í stað frekari takmarkana á veiðidögum. Allt að einu sýnist nauðsynlegt að gera frekari breytingar á reglum um veiðar þessara báta.

Ráðuneytið hefur undanfarnar vikur átt viðræður við Landssamband smábátaeigenda, í kjölfar aðalfundar sambandsins, um það hvaða mögulegar breytingar séu helst til þess fallnar að skapa lífvænlegt starfsumhverfi fyrir þá sem hafa haft atvinnu af krókaveiðum og jafnframt að gefa öðrum kost á að draga sig út úr þessum veiðum á viðunandi kjörum.

Þær viðræður hafa spannað flesta þá meginþætti sem mynda starfsumhverfi krókaveiðanna. Viðræðunum hefur miðað vel áfram og er nú stefnt að því að upp úr miðjum janúar nk. geti legið fyrir heildstæðar tillögur um breytingar á reglum um krókaveiðar sem geti tekið gildi fyrir upphaf næsta fiskveiðiárs.

Heildartillögur um efnislegar breytingar á þeim ákvæðum laga um stjórn fiskveiða, sem lúta að veiðum krókabáta, liggja ekki fyrir nú. Var samstaða um það milli ráðuneytis og Landssambands smábátaeigenda að nauðsynlegt væri að leiðrétta ákveðin mistök sem urðu við breytingu á lögum um stjórn fiskveiða sl. sumar og því er það frumvarp flutt sem hér liggur fyrir. Enn fremur var einhugur um að rétt væri að flytja strax frumvarp til laga um breytingu á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins og leggja til tímabundna hækkun úreldingar fyrir krókabáta til að freista þess að ná fram fækkun í útgerðarhópnum. Er slíkt frumvarp flutt samhliða þessu. Mistökin komu fram í 8. mgr. 6. gr. og valda því að flutningur róðrardaga frá tímabilinu 1. febrúar til 30. apríl og yfir á sumartímabilin, mundi einungis vera heimill frá og með 1. febrúar 1997, en ekki þegar á næsta ári. Hér er um mistök að ræða og því er hér flutt tillaga til úrbóta. Í tengslum við þessa leiðréttingu þykir rétt að leggja einnig til að dagar, sem ganga af á fyrsta og öðru tímabili, geti færst á milli tímabila með sama hætti og þegar veiði hefur ekki hafist á því tímabili sem daga á að flytja frá.

Ekki þykir þörf á að skýra sérstaklega einstakar greinar frumvarpsins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga, um breyting á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu eru gerðar nokkrar tæknilegar leiðréttingar á lögum um stjórn fiskveiða í samræmi við samkomulag sjávarútvegsráðuneytisins og Landssambands smábátaeigenda.

Samþykkt frumvarpsins mun ekki leiða til kostnaðar fyrir ríkissjóð.

323. Frumvarp til laga [241. mál]

um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, sbr. lög nr. 89 21. júní 1995.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

Í stað „á árinu 1995“ í ákvæði til bráðabirgða I í lögunum kemur: á árinu 1996.

2. gr.

Í stað „til ársloka 1995“ í ákvæði til bráðabirgða III í lögunum kemur: til ársloka 1996.

Við ákvæði til bráðabirgða III bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. um að styrkur til úreldingar skuli að hámarki nema 45% af húftryggingarverðmæti fiskiskips skal jafnframt heimilt að ákveða að til 1. október 1996 geti úreldingarstyrkur vegna krókabáta numið að hámarki 80% af húftryggingarverðmæti.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I laga nr. 89 21. júní 1995, um breytingu á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, var fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilað að taka á árinu 1995 að láni og endurlána Þróunarsjóði sjávarútvegsins allt að 500 milljónir króna. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða III sömu laga var heimilað til ársloka árið 1995 að miða styrk vegna úreldingar krókabáta við hærra hlutfall af húftryggingarverðmæti en gildir um önnur skip.

Með frumvarpi þessu er lagt til að þessar heimildir verði framlengdar um eitt ár. Jafnframt er gerð tillaga um að til 1. október 1996 verði heimilt að miða úreldingarstyrk vegna krókabáta við allt að 80% af húftryggingarverðmæti. Sú tillaga er gerð í ljósi þess að þrátt fyrir mikla afkastagetu krókabátaflotans umfram veiðiheimildir hefur tilboð um 45% úreldingarstyrk ekki skilað árangri til fækkunar báta með krókaleyfi. Einungis tveir krókabátar munu hafa verið úreltir frá því að núgildandi ákvæði til bráðabirgða laga nr. 89/1995 tóku gildi.

Með hliðsjón af þessu er talið nauðsynlegt að sjávarútvegsráðherra hafi tímabundna heimild til hækkunar á þeim úreldingarstyrk sem í boði er. Lagt er til að tímamörk þeirrar heimildar nái fram yfir upphaf næsta fiskveiðiárs þannig að boð um hærri úreldingarstyrk geti eftir atvikum varað fram yfir þau tímamörk að menn sjái til hlítar starfsumhverfi komandi fiskveiðiárs.

Þrátt fyrir þá heimild til hækkunar á úreldingarstyrk til krókabáta sem lögð er til í frumvarpinu er ekki á þessu stigi gert ráð fyrir að verja meiri fjármunum til þessa úreldingarátaks en áður var miðað við og því er ekki lögð til hækkun á lántökuheimild ákvæðis til bráðabirgða I.

Einstakar greinar frumvarpsins þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga,
um breyting á lögum nr. 92 24. maí 1994, um
Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er leitað heimildar til að hækka tímabundið úreldingarstyrk til krókabáta úr 45% í 80% af húftryggingarverðmæti. Jafnframt er lagt til að heimildir til framlengingar á bráðabirgðarákvæðum um 500 m.kr. lántökuheimild til ríkissjóðs til að endurlána Þróunarsjóði verði framlengd um eitt ár.

Þar sem lántökuheimildin er óbreytt og gengið er út frá því að hún dugi til að standa straum af úreldingarkostnaði verður ekki séð að samþykkt þessa frumvarps hafi sérstakan kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

324. Nefndarálit [136. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Indriða H. Þorláksson, Bolla Þór Bollason, Braga Gunnarsson og Maríönnu Jónasdóttur frá fjármálaráðuneyti og Steinþór Haraldsson frá embætti ríkisskattstjóra. Þá fékk nefndin sendar umsagnir um málið frá Bandalagi háskólamanna, BSRB og Verslunarráði Íslands.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði afgreitt með þeim breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Þær fela í sér í fyrsta lagi að rýmkuð verði skilyrði 18. gr. laganna til endurgreiðslu á staðgreiðslu námsmanna, í öðru lagi að í stað verðbóta samkvæmt lánskjaravísitölu í 18. gr. laganna komi álag til samræmis við þær breytingar sem

lagðar eru til á 34. gr. laganna og þær breytingar sem lagðar eru til á 121. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. þingmál 147. Þá er einnig til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til á 121. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt lagt til að í stað orðsins „verðbóta“ í 38. gr. staðgreiðslulaganna komi orðið „álag“.

Alþingi, 12. des. 1995.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Sólveig Pétursdóttir.
Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Jón Baldvin Hannibalsson.	Pétur H. Blöndal.
Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.	Einar Oddur Kristjánsson.	Drífa Sigfúsdóttir.

325. Breytingartillögur [136. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við bætist ný grein, er verði 1. gr., og orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:
   a. Í stað orðsins „sex“ í 2. mgr. kemur: fjóra.
   b. 5. mgr. greinarinnar orðast svo:
      Við endurgreiðslu skv. 1. og 2. mgr. skal bæta álagi sem skal vera 0,2% af endurgreiðslufjárhæð fyrir hvern byrjaðan mánuð frá því staðgreiðsla var innt af hendi og þar til endurgreiðsla fer fram.
2. Við bætist ný grein, er verði 4. gr., og orðist svo:
   Í stað orðsins „verðbóta“ í 1. málsl. 1. mgr. 38. gr. laganna kemur: álags.

326. Nefndarálit [135. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 48/1992, um breyt. á l. nr. 65/1992, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund nefndarinnar komu frá fjármálaráðuneyti Indriði H. Þorláksson, Bolli Þór Bollason, Bragi Gunnarsson og Maríanna Jónasdóttir og frá embætti ríkisskattstjóra Steinþór Haraldsson. Þá fékk nefndin sendar umsagnir um málið frá iðnþróunarsjóði, Verslunarráði Íslands og Sambandi íslenskra viðskiptabanka.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. des. 1995.

Vilhjálmur Egilsson. form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Sólveig Pétursdóttir.
Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Jón Baldvin Hannibalsson.	Pétur H. Blöndal.
Steingrímur J. Sigfússon.	Einar Oddur Kristjánsson.	Drífa Sigfúsdóttir.

327. Nefndarálit [137. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Indriða H. Þorlákssson, Bolla Þór Bollason, Braga Gunnarsson og Maríönnu Jónasdóttur frá fjármálaráðuneyti og Steinþór Haraldsson frá embætti ríkisskattstjóra. Þá fékk nefndin sendar umsagnir um málið frá BSRB og Verslunarráði Íslands.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri

BREYTINGU:

Efnismálsliður b-liðar 2. gr. orðist svo: Eindagar bifreiðagjalds eru 15. febrúar og 15. ágúst ár hvert.

Breytingin felur í sér að eindagar bifreiðagjalds verði sex vikur en ekki fjórar vikur eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Alþingi, 12. des. 1995.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Sólveig Pétursdóttir.
Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Jón Baldvin Hannibalsson.	Pétur H. Blöndal.
Steingrímur J. Sigfússon.	Einar Oddur Kristjánsson.	Drífa Sigfúsdóttir.

328. Frumvarp til laga [242. mál]

um breyting á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34/1991.

Flm.: Ágúst Einarsson, Svanfríður Jónasdóttir.

1. gr.

Í stað 1. og 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur nýr töluliður er orðast svo: Erlendir aðilar mega eiga allt að 20% hlut í fyrirtækjum sem vinna sjávarafurðir hér á landi og/eða stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Núverandi lagaákvæði heimila ekki erlenda eignaraðild í sjávarútvegi hérlendis. Þetta eru að mörgu leyti úrelt ákvæði og í ljós hefur komið að þau halda ekki þar sem nú þegar er um að ræða óbeina eignaraðild erlendra aðila í sjávarútvegsfyrirtækjum.

Hér hefur lengi ríkt það viðhorf að gæta verði sérstakrar varkárni gagnvart útlendingum við veiðar í íslenskri fiskveiðilögsögu og að ekki komi til greina að þeir fái eignaraðild að fyrirtækjum sem stunda veiðar hér við land. Afstaða þessi mótast m.a. af landhelgisdeilum okkar þegar við þurftum að berjast fyrir rétti okkar við fiskveiðar hér við land gegn óbilgjörnum, erlendum stórveldum. Síðan þessi barátta átti sér stað hefur því oft verið haldið fram að koma verði í veg fyrir að útlendingar komist bakdyra megin inn í íslenska landhelgi. Þessi afstaða er mjög skiljanleg en tekur ekki tillit til þess að í landhelgisdeilum okkar vorum við að eiga við erlend fyrirtæki sem lutu ekki íslenskum lögum, en ef útlendingum yrði heimiluð takmörkuð eignaraðild að íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, er um íslensk fyrirtæki og íslensk veiðiskip að ræða sem lúta íslenskum lögum og forræði.

Kostir erlendrar eignaraðildar eru margvíslegir. Fyrirtæki geta sótt sér áhættufé sem eigið fé en þurfa ekki að vera eins háð erlendu lánsfé. Spyrja má hvort menn telji það betri stefnu að hlaða erlendum skuldum á íslensk sjávarútvegsfyrirtæki en að freista þess að byggja upp eigið fé fyrirtækjanna. Einnig má ætla að eignartengsl Íslendinga og útlendinga gætu örvað markaðssamstarf en slíkt er mjög algengt erlendis.

Það er misskilningur ef menn ætla að eignaraðild útlendinga í sjávarútvegsfyrirtækjum þýði að útlendingar mundu flytja fisk óunninn úr landi og verðmætasköpunin yrði öll erlendis. Í fyrsta lagi lúta þessi fyrirtæki íslenskum lögum og vissar takmarkanir og leyfisveitingar eru vegna útflutnings á ferskum fiski. Í öðru lagi er engin ástæða til að ætla annað en að útlendingar sem vilja eignast hér lítinn hlut í sjávarútvegsfyrirtækjum séu fyrst og fremst að hugsa um arð af fjárfestingu sinni, sem er sama hugsun og hjá mörgum innlendum fjárfestum. Hugsanlega gætu þeir einnig litið á slíka eignaraðild sem lykil að frekari samvinnu við viðkomandi fyrirtæki hér á landi og henni gætu fylgt ýmis tækifæri í markaðsmálum auk fjárhagslegrar styrkingar.

Hafa þarf í huga að varla er mögulegt að mismuna fyrirtækjum eftir því hvort þau stunda fiskveiðar eða fiskvinnslu þar sem mörg fyrirtæki stunda bæði fiskvinnslu og útgerð. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að takmarka eignaraðild útlendinga við 20% hlut. Þetta er gert til að áhrif þeirra verði lítil, en full ástæða er til að fara með gætni í slíkar heimildir. Þess ber að geta að útlendingum er heimilt að eiga fyrirtæki að fullu í öllum atvinnurekstri með örfáum undantekningum. Þessar undantekningar eru að fjárfestingar erlendra aðila í fiskveiðum og fiskvinnslu hafa verið bannaðar og að einungis Íslendingar mega standa að virkjunarframkvæmdum, orkuvinnslu og orkudreifingu. Útlendingar mega eiga minna en 25% í hlutafélagsviðskiptabanka. Nú er einungis einn slíkur banki hérlendis, Íslandsbanki hf., en þar er engin erlend eignaraðild. Eignarhluti erlendra aðila í fyrirtækjum sem stunda flugrekstur hérlendis má ekki vera meiri en 49%. Þessar takmarkanir eru ekki miklar en snerta viss grundvallaratriði.

Íslendingar hafa alltaf möguleika á að skerpa löggjöf sína (þó innan takmarkana EES-samningsins) ef þeir telja hættu stafa af erlendum áhrifum. Þegar hömlum var létt af erlendum fjárfestingum hérlendis kom í ljós að það var síður en svo biðröð eftir að fjárfesta hér.

Brýnt er að auka eigið fé í íslenskum fyrirtækjum, sjávarútvegsfyrirtækjum sem öðrum. Aukin þátttaka almennings og lífeyrissjóða í sjávarútvegsfyrirtækjum er af hinu góða. Viðskiptastefna heimsins er að örva alþjóðaviðskipti. Íslendingar eiga eins og aðrar þjóðir að vera opnir fyrir erlendu fjármagni. Benda má á að erlendar fjárfestingar hérlendis eru að langmestu leyti í einni atvinnugrein, þ.e. álvinnslu. Erlendir aðilar eiga í nokkrum fyrirtækjum hérlendis og það hefur ekki valdið neinum vandræðum nema síður sé. Sem dæmi má nefna olíufélög, verktakaiðnað, sjónvarpsrekstur, ferðaþjónustu, fiskeldi, skiparekstur og tölvuþjónustu.

Skynsamlegt er að reyna að dreifa erlendum fjárfestingum en vitaskuld eru það hinir erlendu fjárfestar sem ráða því í hverju er fjárfest, alveg eins og það er okkar val ef við fjárfestum erlendis. Að mati flutningsmanna eru hugmyndir um að heimila einungis óbeina fjárfestingu ekki skynsamlegar vegna þess að eftirlit með þeim er í reynd tæpast framkvæmanlegt og þá nýtast ekki kostir beinnar fjárfestingar eins og hugsanleg samvinna um markaðsmál og fleira. Það má jafnframt velta því fyrir sér hvort það að leyfa erlendum aðilum beina fjárfestingu í sjávarútvegi geti verið lykill að frekari fjárfestingu í öðrum greinum þar sem okkur er meira kappsmál að fá erlenda aðila til samstarfs.

Almennt gilda ekki staðbundnar takmarkanir við fjárfestingar erlendis, enda er erfitt að framfylgja eftirliti með slíku banni. Þyngra vegur þó að flestir telja að frjálsræði við fjárfestingar og örvun viðskipta milli landa sé mjög hagkvæm leið til verðmætasköpunar í einstökum löndum.

Íslendingar eiga mikla möguleika í fjárfestingum í sjávarútvegi erlendis eins og mörg dæmi sanna nú þegar. Fyrst er að nefna fjárfestingar íslensku fisksölufyrirtækjanna í Bandaríkjunum, Bretlandi og Frakklandi en þessar fjárfestingar hafa skapað sterka stöðu í markaðsmálum á undanförnum áratugum. Íslensk fyrirtæki hafa einnig fjárfest beint erlendis og má þar nefna Granda hf. í Chile og fjárfestingar Útgerðarfélags Akureyringa hf. og Samherja hf. í Þýskalandi, en nú er svo komið að nær öll togaraútgerð Þjóðverja er undir íslensku forræði. Ekki hafa vaknað neinar áhyggjur hjá Þjóðverjum vegna þessarar þróunar nema síður sé. Einnig hafa Íslendingar fjárfest mikið í Afríku og ýmiss konar uppbyggingarstarf er í gangi í Rússlandi, Indlandi og víðar.

Flutningsmenn frumvarpsins leggjast gegn þeim hugmyndum að heimila erlendum aðilum að fjárfesta að vild í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum og benda jafnframt á að óbein eignaraðild hefur enga nýja kosti í för með sér fyrir íslenskan sjávarútveg og er í raun fyrst og fremst viðurkenning og staðfesting á því ástandi sem nú er.

Með óbeinni eignaraðild er átt við að erlend fyrirtæki eigi í fyrirtækjum sem síðan eiga í fyrirtækjum í sjávarútvegi. Hugmyndir eru uppi um að heimila að takmörkuðu leyti slíka fjárfestingu, t.d. þannig að erlent fyrirtæki geti átt hlut í fyrirtæki sem síðan á allt að 25% eignarhlut í sjávarútvegsfyrirtæki. Vandkvæði við eftirlit með óbeinni eignaraðild má sjá á eftirfarandi dæmi: Ef tíu félög eru með eignaraðild útlendinga og þau eiga hlut í sjávarútvegsfyrirtæki þarf að fylgjast með hlutabréfaviðskiptum allra félaganna tíu til að geta reiknað út erlenda hlutdeild í íslenska fyrirtækinu. Eins og áður er komið fram er óbein eignaraðild þegar víða í íslenskum sjávarútvegi. Erlend olíufélög eiga t.d. stóran hlut í tveimur olíufélaganna en þau eiga hlut í mörgum íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum.

Til álita kemur að takmarka fjárfestingar erlendra aðila við sjávarútvegsfyrirtæki sem eru skráð á Verðbréfaþingi eða á hlutabréfamörkuðum eða tryggja á annan hátt meiri upplýsingaskyldu gagnvart fyrirtækjum sem erlendir aðilar eiga hlut í. Þó yrði að gæta þess að smærri fyrirtæki ættu einnig góða möguleika á að fá erlenda samstarfsaðila með þeim hætti sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir.

Mun auðveldara er að hafa eftirlit með fyrirtækjum sem búa við beina erlenda eignaraðild en óbeina. Eftirlit með erlendri eignaraðild getur t.d. falist í því að tilkynna beri um það ef erlendur aðili fjárfestir beint í sjávarútvegsfyrirtæki, svo og um breytingar á eignaraðild. Þannig væri vitað á hverjum tíma hver hin beina eignaraðild er. Samkvæmt vitneskju flutningsmanna er ekki til samantekt yfir óbeina erlenda eignaraðild í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum og alls ekki eftirlit á hverjum tíma. Hægt er að hugsa sér að hluthafaskrá sé skoðuð á tilteknum tíma, t.d. um áramót, og þannig reynt að hafa eftirlit með því hvernig eignaraðildin þróast. Það sýnir hins vegar ekki hvaða breytingar eiga sér stað á eignaraðild innan ársins. Flutningsmenn vekja athygli á því að til greina kemur að lögbinda að samanlögð bein og óbein eignaraðild í einstökum fyrirtækjum fari ekki yfir tiltekin mörk miðað við áramót.

Sú hætta að erlendir aðilar fái innlenda leppa fyrir sig til fjárfestingar í íslenskum sjávarútvegi er fyrir hendi hvort sem fjárfestingar eru heimilar eða ekki, enda er þá um ólögmæta starfsemi að ræða.

Óeðlilegt er að við beitum allt annarri aðferðafræði við fjárfestingar í sjávarútvegi erlendis en hérlendis. Okkur finnst sjálfsagt að við fjárfestum í útlöndum og ætlum að auka hlut okkar þar á sama tíma við lokum á útlendinga hér. Að vísu er mikilvægi auðlindarinnar ótvírætt hérlendis og því er hér gerð tillaga um að fara varlega í þessum málum og heimila einungis takmarkaða fjárfestingu erlendra aðila.

329. Tillaga til þingsályktunar [243. mál]

um samræmda verklagsreglur við rannsókn og úrvinnslu nauðgunar- og sifskaparmála.

Flm.: Drífa Sigfúsdóttir.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að setja samræmdar verklagsreglur um rannsókn og úrvinnslu nauðgunar- og sifskaparmála.

Greinargerð.

Það er mikilvægt fyrir alla sem fást við rannsókn og úrvinnslu kynferðisbrotamála að til séu samræmdar verklagsreglur sem unnið er eftir um allt land. Slíkar reglur auka líkur á að fleiri mál verði upplýst og að málsaðilar sitji við sama borð varðandi málsmeðferð. Það er réttlætismál að við sönnunarmat sé stuðst við samræmdar verklagsreglur og því hvetja flutningsmenn til þess að afgreiðslu málsins verði hraðað. Má minna á að dómsmálaráðherra tók undir þau sjónarmið að settar yrðu samræmdar verklagsreglur í svari við fyrirspurn um meðferð nauðgunar- og sifskaparmál 8. desember sl.

330. Fyrirspurn [244. mál]

til samgönguráðherra um ferjuflug um Keflavíkurflugvöll.

Frá Hjálmari Árnasyni og Drífu Sigfúsdóttur.

Hyggst ráðherra beita sér sérstaklega fyrir því að svokallað ferjuflug fari um Keflavíkurflugvöll fremur en Reykjavíkurflugvöll í ljósi þess að öryggisbúnaður er meiri á fyrrnefnda staðnum?

331. Beiðni um skýrslu [245. mál]

frá dómsmálaráðherra um kynferðis- og sifskaparbrotamál.

Frá Drífu Sigfúsdóttur, Ólafi Erni Haraldssyni, Sigríði A. Þórðardóttur, Svavari Gestssyni, Jóni Kristjánssyni, Kristínu Ástgeirsdóttur, Magnúsi Stefánssyni, Össuri Skarphéðinssyni, Ísólfi Gylfa Pálmasyni, Hjálmari Jónssyni, Svanfríði Jónasdóttur, Hjálmari Árnasyni, Bryndísi Hlöðversdóttur, Kristjönu Bergsdóttur.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að dómsmálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um kynferðis- og sifskaparbrotamál.

Í skýrslunni komi fram svör við eftirfarandi spurningum:

1. Hafa verið gerðar rannsóknir sem gefa hugmynd um árlegan fjölda nauðgana?
2. Eru til upplýsingar um hve hátt hlutfall nauðgana er kært á ári?
3. Hve mörg mál, er varða kynferðisbrot, bárust ríkissaksóknara sl. tíu ár? Svar óskast sundurliðað eftir árum, tegund og fjölda brota. Óskað er upplýsinga um öll kynferðisbrot, jafnt innan sem utan heimilis.

4. Hve mörgum málum, er varða kynferðisbrot, hefur lokið með niðurfellingu eða sátt sl. tíu ár?
5. Hvaða ástæður voru tilgreindar fyrir slíkri afgreiðslu? Svar óskast sundurliðað eftir helstu ástæðum fyrir niðurfellingu, kæruefnum og að tekið sé mið af sl. tíu árum.
6. Hve margir dómar hafa gengið í kynferðis- og sifskaparmálum sl. tíu ár?
7. Hvernig féllu dómar í þeim málum?
   a. Dómarnir óskast flokkaðir eftir sýknu eða tegund og fjölda brota sem viðkomandi var dæmdur sekur fyrir. Ef viðkomandi var einnig dæmdur fyrir fleiri brot óskast upplýst hver þau voru. Óskað er eftir að fram komi ef dómur er skilorðbundinn.
   b. Sundurliðun taki einnig til miska- og þjáningabóta.
8. Hve margir dómar, er varða kynferðisbrot, fóru fyrir Hæstarétt sl. tíu ár?
9. Féllu hæstaréttardómar á þessu tímabili á annan veg en héraðsdómar? Ef svo er, þá hvernig? Óskað er eftir að fram komi upplýsingar um breytingar á þyngd refsingar.
10. Hve lengi voru mál, sem varða kynferðisbrot, að jafnaði til umfjöllunar hjá ríkissaksóknara sl. fimm ár?
11. Hvaða reglur gilda hjá lögreglu og heilbrigðisstéttum um meðferð og rannsókn á meintum kynferðis- og sifskaparbrotum? Gilda sömu reglur um allt land, t.d. varðandi sakbendingu, hvort rannsaka eigi áfengismagn í blóði, hvenær og hvernig eigi að nota myndbandstæki o.s.frv.?
12. Eru til nothæfar aðferðir sem hlífa fórnarlömbum án þess að ganga á rétt þess ákærða, bæði við rannsókn og úrvinnslu mála? Ef svo er, hverjar eru þær og hyggst ráðherra beita sér fyrir að þær verði nýttar í auknum mæli?
13. Hvaða úrræðum öðrum en fangelsisvist má beita gagnvart þessum brotamönnum og hvernig er þeim beitt í dag?

332. Lög [118. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 130.

333. Frumvarp til laga [136. mál]

um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 12. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „sex“ í 2. mgr. kemur: fjóra.
b. 5. mgr. greinarinnar orðast svo:
Við endurgreiðslu skv. 1. og 2. mgr. skal bæta álagi sem skal vera 0,2% af endurgreiðslufjárhæð fyrir hvern byrjaðan mánuð frá því staðgreiðsla var innt af hendi og þar til endurgreiðsla fer fram.

2. gr.

Síðari málsliður 6. mgr. 28. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

2. mgr. 34. gr. laganna orðast svo:
Að móttekinni álagningarskrá skv. 1. mgr. skal ríkisskattstjóri ákveða greiðslustöðu hvers gjaldanda með samanburði á álagningarskrá og skrá um staðgreiðslu á staðgreiðsluárinu, að teknu tilliti til álags skv. 121. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

4. gr.

Í stað orðsins „verðbóta“ í 1. málsl. 1. mgr. 38. gr. laganna kemur: álags.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

334. Frumvarp til laga [137. mál]

um breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 12. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:
a. Í stað fjárhæðarinnar „5,62 kr.“ kemur: 5,86 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „3,65 kr.“ kemur: 3,80 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „2.870 kr.“ kemur: 2.993 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „18.136 kr.“ kemur: 18.915 kr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:
a. Orðin „en eindagi er síðasti dagur næsta mánaðar eftir gjalddaga“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er verður 2. málsl. og orðast svo: Eindagar bifreiðagjalds eru 15. febrúar og 15. ágúst ár hvert.
c. Í stað fjárhæðarinnar „500 kr.“ í 2. mgr. kemur: 523 kr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er verður 2. málsl. og orðast svo: Eiganda eða umráðamanni bifreiðar er þó ekki skylt að færa sönnur á að hafa greitt gjaldfallið bifreiðagjald fyrr en eftir eindaga.
b. 2. mgr. orðast svo:

Óheimilt er að skrá eigendaskipti að bifreið nema gjaldfallið bifreiðagjald hafi áður verið greitt.

4. gr.

5. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Í stað orðanna „Bifreiðaeftirliti ríkisins“ í 7. gr. laganna kemur: skoðunarstöðvum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

335. Lög [136. mál]

um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 333.

336. Lög [135. mál]

um breyting á lögum nr. 48/1992, um breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 161.

337. Lög [137. mál]

um breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 334.

338. Nefndarálit [74. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Björgu Thorarensen, deildarstjóra í dómsmálaráðuneyti. Þá fékk nefndin sendar umsagnir um málið frá Íslandsdeild Amnesty International, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Fangavarðafélagi Íslands, Sýslumannafélagi Íslands, Fangelsismálastofnun ríkisins, Landssambandi lögreglumanna og lögreglustjóranum í Reykjavík.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Hún vill þó benda á að í umsögnum Íslandsdeildar Amnesty International og Mannréttindaskrifstofu Íslands komu fram ábendingar um nauðsyn þess að gerður verði samanburður á ákvæðum alþjóðlegra mannréttindasáttmála, sem Ísland er aðili að, og íslenskum lögum og réttarframkvæmd.

Alþingi, 12. des. 1995.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Sighvatur Björgvinsson.	Kristján Pálsson.
Guðný Guðbjörnsdóttir.	Ögmundur Jónasson.	Ólafur Örn Haraldsson.
Arnbjörg Sveinsdóttir.		Hjálmar Jónsson.

339. Nefndarálit [92. mál]

um frv. til l. um viðurkenningu og fullnustu erlendra ákvarðana um forsjá barna, afhendingu brottnuminna barna o.fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Björgu Thorarensen, deildarstjóra í dómsmálaráðuneytinu. Þá fékk nefndin sendar umsagnir um málið frá Barnaheillum, barnaverndarstofu, Sálfræðingafélagi Íslands, Bernskunni, Geðlæknafélagi Íslands, Heimili og skóla, Sýslumannafélagi Íslands, barnaverndarráði, biskupsstofu og réttarfarsnefnd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Í þeim breytingum felst:

1. Tekin eru af tvímæli um að dómsmálaráðuneytinu er aðeins ætlað að endurskoða ákvörðun sýslumanns að því er varðar inntak umgengnisréttarins, en ekki framkvæmd aðfarargerðar að öðru leyti. Skv. 3. mgr. 37. gr. barnalaga úrskurðar sýslumaður ávallt um inntak umgengnisréttar ef foreldra greinir á um umgengnina. Fullnustu sýslumanns á erlendri umgengnisréttarákvörðun á grundvelli Evrópusamningsins er undantekning frá þeirri meginreglu íslenskra laga að ekki verði gerð aðför til að fullnægja ákvörðun um umgengnisrétt, sbr. niðurlag 38. gr. barnalaga. Þykir eðlilegt að ákvörðun um inntak umgengnisréttarins verði áfram í höndum sýslumanns með kæruheimild til dómsmálaráðuneytis en færist ekki til dómstóla samhliða öðrum ágreiningsefnum um aðfarargerðina.

   Að öðru leyti en því sem snertir inntak umgengnisréttarins, er orðað sérstaklega í breytingartillögunni að komi ágreiningur upp um önnur atriði varðandi aðfarargerðina, gildi almennar reglur aðfararlaga. Með þessu er fyrst og fremst átt við ákvæði 14. kafla laga um aðför, nr. 90/1989, um úrlausn ágreinings sem rís við framkvæmd aðfarargerðar eða um endurupptöku hennar og 15. kafla sömu laga um úrlausn ágreinings eftir lok aðfarargerðar.
2. Með því að bæta inn í 16. gr. frumvarpsins ákvæði um að aðeins beiðandi geti krafið dóminn um skýringar eru tekin af tvímæli um að þessi heimild er einskorðuð við hann. Beiðandi getur krafist skýringanna beint eða fyrir milligöngu móttökustjórnvaldsins hér á landi, þ.e. dómsmálaráðuneytisins.

   2. mgr. 16. gr. er byggð á 2. mgr. 11. gr. Haagsamningsins. Þar segir að þeir sem geti krafist skýringa samkvæmt ákvæðinu séu beiðandi eða móttökustjórnvald þess ríkis sem beiðni er beint til (þ.e. dómsmálaráðuneytið hér á landi) annaðhvort að eigin frumkvæði eða að ósk móttökustjórnvalds þess ríkis sem ber fram beiðni.

   Rétt er að vekja athygli á að þessi regla er undantekning frá þeirri meginreglu íslensks réttarfars að dómari verði ekki krafinn skýringa eða verði gert skylt að tjá sig um gang máls á meðan það er til meðferðar fyrir dómi. Á móti kemur þó að reglan er afdráttarlaust bundin í 1. mgr. 11. gr. Haagsamningsins og er þannig þjóðréttarleg skuldbinding sem samningsríkjum er óheimilt að gera fyrirvara við. Þess má geta til hliðsjónar að í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hefur reglan verið lögfest í sambærilegar meginreglur réttarfars um að dómari verði almennt ekki krafinn skýringa um mál sem eru til meðferðar fyrir dómi.
3. Tilvísun í barnalögin, í 17. gr. frumvarpsins, er gerð afdráttarlaus, enda ekki önnur ákvæði þeirra sem koma sérstaklega til álita varðandi þetta atriði. Í 4. mgr. 34. gr. barnalaganna eru skýrar reglur um hvenær skylt er að leita afstöðu barns og hvaða aðferðum er beitt í því markmiði.

Rétt er að benda á að í umsögn Barnaheilla um frumvarpið kemur fram að nauðsyn sé að kanna hvort ekki beri að fullgilda hér á landi Norðurlandasamning frá 1977, um viðurkenningu og fullnustu norrænna einkamálaákvarðana, sem heimilar að fullnægja ákvörðunum um forsjá, umgengnisrétt eða afhendingu á barni sem teknar eru í einu Norðulandanna í einhverju hinna, ef ákvörðun er fullnustuhæf í því landi þar sem hún var tekin. Tekur þessi samingur bæði til barna giftra og ógiftra foreldra.

Alþingi, 12. des. 1995.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Sighvatur Björgvinsson.	Kristján Pálsson.
Guðný Guðbjörnsdóttir.	Ögmundur Jónasson.	Ólafur Örn Haraldsson.
Arnbjörg Sveinsdóttir.		Hjálmar Jónsson.

340. Breytingartillögur [92. mál]

við frv. til l. um viðurkenningu og fullnustu erlendra ákvarðana um forsjá barna, afhendingu brottnuminna barna o.fl.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 10. gr. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Um endurskoðun annarra ákvarðana sýslumanns varðandi aðfarargerðina gilda almennar reglur laga um aðför.
2. Við 16. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Hafi ekki verið tekin ákvörðun um afhendingu samkvæmt Haagsamningnum innan sex vikna frá því að beiðni barst frá héraðsdómi skal dómurinn samkvæmt beiðni frá beiðanda gera grein fyrir ástæðum þess.
3. Við 17. gr. 2. málsl. orðist svo: Ákvæði 4. mgr. 34. gr. barnalaga eiga við þegar afstaða barns er könnuð.

341. Frumvarp til laga [246. mál]

um breytingu á útvarpslögum, nr. 68/1985, með síðari breytingum.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Margrét Frímannsdóttir.

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Óheimilt er að birta auglýsingar sem ganga gegn lagaákvæðum um umhverfisvernd eða hvetja til hegðunar sem stangast á við lög eða gildandi reglur um umgengni við náttúru landsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangurinn með frumvarpi þessu er að koma í veg fyrir að með auglýsingum í ljósvakamiðlum sé hvatt til hegðunar sem gengur gegn settum reglum um umhverfisvernd og markmiðum um góða umgengni við lifandi og dauða náttúru. Öðru hvoru sjást í máli og myndum, m.a. í ljósvakamiðlum, auglýsingar sem virðast stangast á við lög og reglur á þessu sviði. Sem dæmi má nefna auglýsingar sem sýna akstur vélknúinna ökutækja utan vega í því skyni að hvetja til að þau séu keypt og um leið að tækin séu notuð við slíkar aðstæður.

Nú er ekki að finna í lögum eða reglugerðum ákvæði sem banna í auglýsingum birtingu á atferli sem valdið getur umhverfisspjöllum. Helstu ákvæði er nú gilda um auglýsingar í ljósvakamiðlum er að finna í útvarpslögum, nr. 68/1985, og í reglugerð nr. 611/1989 um auglýsingar í útvarpi. Í 4. gr. útvarpslaga koma fram almennar reglur um auglýsingar. Eðlilegt er að þær breytingar, sem hér eru lagðar til, verði felldar inn í þetta ákvæði laganna.

342. Nefndarálit [198. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samkomulags um breytingu á samstarfssamningi milli Norðurlanda.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Snjólaugu Ólafsdóttur, skrifstofustjóra Norðurlandamálaskrifstofu forsætisráðuneytisins.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Hjálmar Árnason og Össur Skarphéðinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. des. 1995.

Geir H. Haarde, form., frsm.	Ólafur Ragnar Grímsson.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Tómas Ingi Olrich.	Árni R. Árnason.
	Ásta R. Jóhannesdóttir.	

343. Nefndarálit [164. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 26/1994, um fjöleignarhús.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á sinn fund Elínu S. Jónsdóttur, deildarsérfræðing í félagsmálaráðuneytinu, og Sigurð Helga Guðjónsson, hrl. og formann Húseigendafélagsins. Þá komu á fund nefndarinnar Marteinn Másson, framkvæmdastjóri Lögmannafélags Íslands, og Andri Árnason hrl., formaður laganefndar félagsins, Gylfi Thorlacius, lögmaður húsnæðisnefndar Reykjavíkur, Jón Guðmundsson, formaður Félags fasteignasala, Sigurður Harðarson framkvæmdastjóri og Magni Baldursson frá Arkitektafélagi Íslands og Magnús Sædal, byggingarfulltrúi í Reykjavík.

Skriflegar athugasemdir um málið bárust frá Lögmannafélagi Íslands og Arkitektafélagi Íslands.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lögð er til breyting á 1. gr. frumvarpsins til skýringar á því hvenær allir eigendur fjöleignarhúss þurfi að undirrita eignaskiptayfirlýsingar. Er þar vísað til A-liðar 1. mgr. 41. gr. laganna, en í 9. og 10. tölul. þess stafliðar er tilvitnun til ákvæða 4. mgr. 35. gr. og 3. mgr. 57. gr. laganna. Í þeim ákvæðum er annars vegar kveðið á um að einstökum eigendum verði ekki fenginn aukinn og sérstakur réttur til hagnýtingar sameignar umfram aðra eigendur nema allir eigendur ljái því samþykki. Hins vegar segir að húsfélag geti ekki tekið ákvarðanir gegn vilja eiganda sem feli í sér meiri og víðtækari takmarkanir á ráðstöfunar- og umráðarétti hans yfir séreign en leiði af ákvæðum laganna eða eðli máls. Í slíkum tilvikum þarf eignaskiptayfirlýsing fortakslaust að vera undirrituð af öllum eigendum, þ.e. ef leggja skal ríkari skyldur eða kvaðir á eigendur eða skerða rétt eigenda meira en gengur og gerist í sambærilegum húsum á grundvelli fyrirmæla laganna. Með sömu rökum er lögð til breyting á 4. gr. frumvarpsins.
2. Þá eru lagðar til breytingar á 2. gr. frumvarpsins. Breytingarnar eru í fyrsta lagi nánari útlistun á hvaða skilyrðum menn þurfi að fullnægja til að fá leyfi félagsmálaráðherra til að gera eignaskiptayfirlýsingar. Í öðru lagi er lögð til breyting sem felur í sér að þeir sem eftir leyfi sækjast þurfi ekki nauðsynlega að gangast undir próf til að fá leyfið. Nefndin telur ýmsa aðra kosti en próf koma til greina til að staðreyna þekkingu og færni manna, m.a. í formi raunhæfra verkefna.

Þá vill nefndin leggja áherslu á að við setningu reglugerðar um skilyrði leyfisveitingar verði skoðað sérstaklega hvort ástæða sé til að leyfishafi taki sérstaka starfsábyrgðartryggingu.

Pétur H. Blöndal var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. des. 1995.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm. Magnús Stefánsson. Einar K. Guðfinnsson.

Kristján Pálsson. Drífa Sigfúsdóttir. Arnbjörg Sveinsdóttir.

Bryndís Hlöðversdóttir. Rannveig Guðmundsdóttir.

344. Breytingartillögur [164. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 26/1994, um fjöleignarhús.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 1. gr. 1. málsl. efnismgr. a-liðar orðist svo: Eignaskiptayfirlýsing skal undirrituð af öllum eigendum ef í henni felst yfirfærsla á eignarrétti, sérstakar kvaðir, afsal réttinda eða frekari takmarkanir á eignarráðum en leiðir af fyrirmælum laga þessara, sbr. ákvæði A-liðar 1. mgr. 41. gr.
2. Við 2. gr.
   a. Á eftir orðunum „er máli skiptir“ í 2. tölul. 3. efnismgr. komi: og kunnáttu í að beita gildandi útreikningsreglum og aðferðum.
   b. Orðin „og próf og um“ í 7. efnismgr. falli brott.
3. Við 4. gr. Í stað orðanna „umfram það sem venjulegt og almennt er, sbr.“ í 2. málsl. efnismgr. komi: eins og um getur í.

345. Frumvarp til laga [247. mál]

um breyting á lögum um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, nr. 83/1989, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „5.078.000“ í 1. málsl. a-liðar kemur: 5.277.058.
b. 2. málsl. a-liðar fellur brott.
c. Við b-lið bætist nýr málsliður er orðast svo: Þó skal ekki lagður sérstakur eignarskattur á eignarskattsstofn dánarbús í lok andlátsárs, sbr. 5. tölul. 2. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og manna sem takmarkaða skattskyldu bera skv. 3. gr. sömu laga, nema að því leyti sem stofninn er umfram 5.277.058 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu sérstaks eignarskatts á árinu 1996 á eignir í lok ársins 1995.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt til að samræma innbyrðis álagningarreglur um dánarbú fyrsta ár eftir andlát. Einnig er gerð tillaga um að viðmiðunarfjárhæð sérstaks eignarskatts verði fastsett og að tilvísun til skattvísitöluákvæða laga um tekjuskatt og eignarskatt verði felld brott.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a-lið er gert ráð fyrir að viðmiðunarmark sérstaks eignarskatts verði hið sama og gilti við álagningu árið 1995.

Í b-lið er lagt til að felld sé niður tilvísun til uppreiknings samkvæmt skattvísitölu í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, 147. þingmáli.

Í c-lið felst að í lögin sé sett sama regla og felst í 2. mgr. 84. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 9. gr. laga nr. 147/1994, þ.e. að dánarbú njóti persónubundins fríeignamarks í skattstofni. Þannig er gert ráð fyrir að sams konar regla gildi um álagningu eignarskatts og „þjóðarbókhlöðuskatts“ að því er varðar dánarbú. Jafnframt eru lagðar til breytingar til samræmis við tillögur í 147. þingmáli að því er varðar eignarskatt manna sem takmarkaða skattskyldu bera. Breytingin felur í sér að þessir menn geti nýtt persónubundið fríeignamark samkvæmt lögunum.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

346. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1996.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Störf nefndarinnar við afgreiðslu frumvarpsins hafa verið með hefðbundnum hætti. Nefndin hóf störf 26. september sl. og átti viðtal við fulltrúa sveitarfélaga sem gerðu henni grein fyrir erindum sínum. Samstarf fjárlaganefndarmanna og sveitarstjórnarmanna hefur nú sem áður verið gott og sú yfirsýn, sem fundir nefndarinnar með sveitarstjórnarmönnum gefa, er mikilvæg fyrir nefndina við afgreiðslu fjárlaga. Þá hefur nefndin kallað fyrir fulltrúa ráðuneyta og einstakra stofnana.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. þingskapa getur fjárlaganefnd vísað til annarra fastanefnda þeim þáttum fjárlagafrumvarpsins sem fjalla um málefnasvið þeirra. Nefndin óskaði eftir með bréfi, dags. 14. október sl., álitum fastanefnda þingsins um frumvarp til fjárlaga, þ.e. þá þætti er varða málefnasvið einstakra nefnda. Nefndirnar hafa skilað áliti og fylgja þau nefndarálitinu sem fylgiskjöl eins og fyrir er mælt í þingsköpum. Þetta er fimmta árið

sem þessi skipan er höfð á um samskipti fastanefnda þingsins við fjárlaganefnd um afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins.

Eftir að frumvarp til fjárlaga hefur verið lagt fram á Alþingi eru fjölmargir aðilar, félög, samtök og stofnanir, sem telja sig eiga erindi við fjárlaganefnd og kallar þá nefndin fyrir sig forsvarsmenn ýmissa stofnana til viðræðna um starfsemi þeirra og fjárframlög.

Frá því að nefndin hóf störf við afgreiðslu frumvarpsins hefur hún haldið 36 fundi og átt viðtöl við fjölmarga aðila. Auk þess hafa undirnefndir unnið að afgreiðslu einstakra málaflokka.

Nefndin hefur lokið afgreiðslu flestra þeirra erinda sem henni bárust, svo sem skiptingu allra fjárfestingarliða. Breytingartillögur þær, sem eru til umfjöllunar við 2. umræðu, nema samtals 187,2 millj. kr. til hækkunar á 4. gr. frumvarpsins.

Meiri hluti nefndarinnar vill þakka fulltrúum stjórnarandstöðunnar í nefndinni fyrir mjög gott samstarf. Þá hefur nefndin notið aðstoðar fjármálaráðuneytisins og einstök ráðuneyti hafa veitt nefndinni upplýsingar og aðstoð.

Eins og venja er bíða 3. umræðu afgreiðsla á tekjuhlið frumvarpsins, B-hluti og heimildir skv. 6. gr. Auk þess bíða ýmis viðfangsefni 3. umræðu, smærri og stærri, sem nefndin hefur enn til umfjöllunar.

Hér á eftir fylgja skýringar á breytingartillögum meiri hluta nefndarinnar.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

101 Embætti forseta Íslands: Viðfangsefnið 1.01 Yfirstjórn hækkar um 2,4 m.kr. vegna biðlauna forseta Íslands en núverandi forseti lætur af embætti um mitt næsta ár.

201 Alþingi: Rekstrarframlag hækkar alls um 16,5 m.kr. Viðfangsefnið 1.01 Alþingiskostnaður hækkar um 7,8 m.kr. vegna endurmats á starfskostnaði þingmanna. Viðfangsefnið 1.02 Aðalskrifstofa hækkar um 0,5 m.kr. og verður 52,4 m.kr. Framlag til viðfangsefnisins 1.03 Þingmálaskrifstofa hækkar um 1 m.kr. og verður 122 m.kr. Að lokum hækkar viðfangsefnið 1.04 Rekstrarskrifstofa um 7,2 m.kr., m.a. vegna aukins húsnæðiskostnaðar.

610 Umboðsmaður Alþingis: Framlag til embættisins hækkar um 4,9 m.kr. vegna nýs starfs lögfræðings, auk viðbótarútgjalda vegna námsleyfa o.fl.

01 Forsætisráðuneyti

190 Ýmis verkefni: Viðfangsefni 1.23 Hrafnseyri hækkar um 1,5 m.kr. og verður 3 m.kr. Hækkunin er vegna framkvæmda á vegum Hrafnseyrarnefndar.

02 Menntamálaráðuneyti

221 Kennaraháskóli Íslands: Framlag til viðfangsefnisins 1.05 Kennsla hækkar um 2 m.kr. og er ætlað til fjarnáms í sérkennslufræðum.

299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi: Viðfangsefnið 1.15 Nýsköpunarsjóður hækkar um 5 m.kr. og verður 15 m.kr.

318 Framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður: Framlag til fjárlagaliðarins lækkar alls um 15 m.kr. Viðfangsefnið 5.90 Viðhald lækkar um 10 m.kr. og viðfangsefnið 6.90 Byggingarframkvæmdir lækkar um 5 m.kr. Í breytingartillögu nefndarinnar er fjár-

hæðum á viðfangsefnum 5.90 Viðhald og 6.90 Byggingarframkvæmdir skipt á einstök verkefni í sérstöku yfirliti.

506 Vélskóli Íslands: Tekinn er inn nýr liður, 6.01 Tæki og búnaður, og er framlagið 3 m.kr.

514 Iðnskólinn í Reykjavík: Tekinn er inn nýr liður, 6.01 Tæki og búnaður, og er framlagið 3 m.kr.

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna: Framlag til sjóðsins hækkar um 50 m.kr. og verður 1.450 m.kr. Hækkunin er vegna endurmats á framlagi ríkisins sem hlutfall af veittum lánum og vegna verðlagsútreikninga.

902 Þjóðminjasafn Íslands: Fjárveiting til fjárlagaliðarins hækkar um 6,5 m.kr. og verður 106,1 m.kr. Framlag til viðfangsefnisins 1.01 Almennur rekstur hækkar um 5 m.kr. vegna endurskipulagningar á tölvukerfi safnsins. Viðfangsefnið 1.10 Byggða- og minjasöfn hækkar um 1,5 m.kr. vegna framlags til minjasafna og vegna launa minjavarða.

903 Þjóðskjalasafn Íslands: Viðfangsefnið 1.11 Héraðsskjalasöfn hækkar um 1 m.kr. og verður 4 m.kr.

909 Blindrabókasafn Íslands: Almennur rekstur hækkar um 2 m.kr. og þar af er 1 m.kr. ætluð til eignakaupa í rekstri.

969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður: Viðfangsefnið 6.21 Stofnkostnaður lækkar um 85 m.kr. og verður 330 m.kr. Í breytingartillögu nefndarinnar er fjárhæðinni skipt á einstök verkefni í sérstöku yfirliti.

974 Sinfóníuhljómsveit Íslands: Framlag hækkar um 3 m.kr. og er ætlað til ferðakostnað-ar vegna tónleika erlendis.

979 Húsafriðunarsjóður: Framlag hækkar um 5 m.kr. og verður 15,5 m.kr.

980 Listskreytingasjóður: Framlag hækkar um 4 m.kr. og verður 8 m.kr.

988 Æskulýðsmál: Fjárveiting til viðfangsefnisins 1.10 Æskulýðsráð ríkisins hækkar um 0,5 m.kr. vegna upplýsingahandbókar fyrir ungt fólk.

989 Ýmis íþróttamál: Framlag til fjárlagaliðarins hækkar um 8,8 m.kr. og verður 81 m.kr. Hækkunin skiptist á fjögur viðfangsefni. Viðfangsefnið 1.11 Ólympíunefnd Íslands hækkar um 5 m.kr. og verður 8 m.kr. vegna ólympíuleika í Atlanta á næsta ári. Viðfangsefnið 1.16 Íþróttafélög hækkar um 0,3 m.kr. og verður 14,8 m.kr. Í breytingartillögu nefndarinnar er fjárhæðinni skipt á einstök verkefni í sérstöku yfirliti. Framlag til Bridgesambands Íslands á viðfangsefni 1.30 hækkar um 1 m.kr. og verður 2 m.kr. Tekinn er inn nýr liður, 6.11 Skáksamband Íslands, byggingarstyrkur og er fjárveitingin 2,5 m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa: Framlag til viðfangsefnisins 6.01 Tæki og búnaður hækkar um 1,4 m.kr. og verður 6,2 m.kr.

190 Ýmis verkefni: Viðfangsefnið 1.11 Samskipti við Vestur-Íslendinga hækkar um 1,5 m.kr. og verður 3 m.kr.

391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi: Viðfangsefnið 1.14 Aðstoð Íslands á svæðum Palestínumanna í Ísrael lækkar um 5,4 m.kr. og verður 25,1 m.kr. Tekinn er inn nýr liður, 1.21 Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM, og er framlag 2,5 m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins: Viðfangsefni 1.01 Almennur rekstur hækkar um 1,5 m.kr. vegna Stóra-Ármóts.

233 Yfirdýralæknir: Viðfangsefnið 1.52 Eftirlit og eftirlitsferðir hækkar um 3,2 m.kr. og er ætlað til rannsókna á útbreiðslu salmónellu í sauðfé. Á móti lækkar framlag til fjárlagaliðarins 851 Greiðslur vegna riðuveiki um sömu fjárhæð.

261 Bændaskólinn á Hvanneyri: Framlag til viðfangsefnisins 6.01 Tæki og búnaður hækkar um 2 m.kr. og verður 6 m.kr. Hækkunin er ætluð til lyftubúnaðar í heimavistarhúsnæði skólans.

283 Garðyrkjuskóli ríkisins: Viðfangsefni 6.25 Tilraunagróðurhús hækkar um 4 m.kr. og verður 8 m.kr.

805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu: Framlag til fjárlagaliðarins hækkar um 217 m.kr. og verður 2.727 m.kr. Breytingin skiptist á fimm viðfangsefni. Viðfangsefnið 1.01 Beinar greiðslur til bænda hækkar um 60 m.kr. og verður 1.480 m.kr. Framlag til viðfangsefnisins 1.05 Niðurgreiðslur á ull og gærum lækkar um 20 m.kr. og verður 230 m.kr. Viðfangsefnið 1.10 Vaxta- og geymslukostnaður lækkar um 11 m.kr. og verður 279 m.kr. Framlag til viðfangsefnisins 1.30 Uppkaup á fullvirðisrétti hækkar um 125 m.kr. og verður 595 m.kr. Að lokum er tekinn inn nýr liður, 1.32 Afsetning birgða, og er framlagið 63 m.kr.

851 Greiðslur vegna riðuveiki: Framlag lækkar um 3,2 m.kr. á móti hækkun til yfirdýralæknis vegna rannsókna á salmónellu í sauðfé.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

190 Ýmis verkefni: Framlag til liðarins hækkar um 5,5 m.kr. og skiptist hækkunin á tvö viðfangsefni. Viðfangsefnið 1.21 Sjóvinnukennsla, sjóvinnu- og rannsóknarbátur hækkar um 3,5 m.kr. og verður 6,5 m.kr. vegna sjóvinnukennslu. Tekinn er inn nýr liður, 1.23 Tæknideild Fiskifélagsins. Framlagið er 2 m.kr. og er ætlað til rekstrar og tækjakaupa.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

190 Ýmis verkefni: Tekinn er inn nýr liður, 1.45 Mannréttindaskrifstofa Íslands, og er framlagið 3 m.kr.

290 Dómsmál, ýmis kostnaður: Viðfangsefni 1.15 Lögfræðiþjónusta neyðarmóttöku vegna nauðgana hækkar um 1 m.kr. og verður 3,3 m.kr.

321 Almannavarnir ríkisins: Almennur rekstur hækkar um 3,5 m.kr. og verður 30 m.kr. Hækkunin er vegna flutnings stofnunarinnar.

418 Sýslumaðurinn á Ísafirði: Framlag til fjárlagaliðarins hækkar um 2,6 m.kr. vegna lækkunar sértekna. Á móti lækkar framlag til fjárlagaliðarins 490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta um sömu fjárhæð þannig að um millifærslu er að ræða.

490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta: Fjárveiting til viðfangsefnisins 1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður lækkar um 2,6 m.kr. og verður 4,8 m.kr. Á móti hækkar framlag til sýslumannsins á Ísafirði um sömu fjárhæð.

491 Húsnæði og búnaður sýslumanna: Viðfangsefnið 6.26 Húsnæði sýslumannsins á Seyðisfirði hækkar um 2 m.kr. og er ætlað til viðhalds á húsnæði sýslumannsembættisins.

701 Biskup Íslands: Framlag til fjárlagaliðarins hækkar um 4,8 m.kr. og verður 539,7 m.kr. Viðfangsefni 1.15 Kirkjumiðstöð Austurlands hækkar um 1,3 m.kr. og verður 1,5 m.kr. Tekinn er inn nýr liður 1.16, Langamýri í Skagafirði, og er framlagið 1,5 m.kr. Að lokum hækkar framlag til viðfangsefnisins 1.21 Prestar og prófastar um 2 m.kr. og er ætlað til stöðu aðstoðarprests.

07 Félagsmálaráðuneyti

702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi: Viðfangsefnið 1.20 Sambýli hækkar um 1 m.kr. og er ætlað vistheimilinu að Einibergi 29 í Hafnarfirði.

703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi: Framlag hækkar um 6 m.kr. og skiptist á tvö viðfangsefni. Viðfangsefnið 1.40 Leikfangasöfn Vesturlandi hækkar um 1 m.kr. og verður 4,6 m.kr. Hækkunin er vegna stöðu þroskaþjálfa í Dalasýslu. Viðfangsefnið 1.61 Skammtímavistun hækkar um 5 m.kr. og verður 12 m.kr. Af hækkuninni eru 2 m.kr. vegna Snæfellsness og 3 m.kr. vegna Akraness.

972 Bjargráðasjóður: Þetta er nýr fjárlagaliður. Framlagið er 30 m.kr. og er tilfærsla til B-hluta.

981 Vinnumál: Viðfangsefnið 1.90 Ýmislegt lækkar um 10 m.kr. og verður 18,8 m.kr. Á móti hækka nokkrir liðir er varða málefni fatlaðra um sömu fjárhæð.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi: Viðfangsefni 1.90 Ýmis framlög hækkar um 4 m.kr. og verður 12 m.kr. og er hækkunin ætluð til málefna fatlaðra. Í breytingartillögu nefndarinnar er fjárhæðinni skipt á einstök verkefni í sérstöku yfirliti.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

381 Sjúkrahús og læknisbústaðir: Viðfangsefni 6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða hækkar um 48,8 m.kr. og verður 76 m.kr. Í breytingartillögu nefndarinnar er fjárhæðinni skipt á einstök verkefni í sérstöku yfirliti.

385 Framkvæmdasjóður aldraðra: Framlag til viðfangsefnisins 1.01 Kostnaður skv. 3.–5. tölul. 12. gr. laga um málefni aldraðra lækkar um 20 m.kr. og verður 310 m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

989 Launa- og verðlagsmál: Framlag til viðfangsefnisins 1.90 Launa- og verðlagsmál lækkar um 100 m.kr. og verður 40 m.kr. Á móti hækka framlög til ýmissa stofnana alls um 158,4 m.kr. vegna endurmats á áhrifum kjarasamninga.

999 Ýmislegt: Viðfangsefnið 1.19 Ýmsar endurgreiðslur hækkar um 5 m.kr. og verður 40 m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

190 Ýmis verkefni: Framlag til viðfangsefnisins 1.12 Vetrarsamgöngur og vöruflutningar hækkar um 2,2 m.kr. og verður 30,2 m.kr. Í breytingartillögu nefndarinnar er fjárhæðinni skipt á einstök verkefni í sérstöku yfirliti. Viðfangsefnið 1.31 Landsbjörg hækkar um 2 m.kr. og verður 11 m.kr. Hækkunin er til kaupa á björgunarbátnum Þór. Tekinn er inn nýr liður, 1.43 Heilsárshótel á landsbyggðinni. Framlag er 15 m.kr. og er ætlað til markaðsaðgerða samkvæmt tillögu nefndar samgönguráðherra.

211 Vegagerðin: Framlag til fjárlagaliðarins lækkar um 250 m.kr. og verður 6.663 m.kr. en jafnframt verður nokkur breyting á framsetningu liða. Fjárhæðir eftirfarandi viðfangsefna breytast: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 49 m.kr. og verður 284 m.kr. Viðfangsefni 5.05 Þjónustuviðhald hækkar um 50 m.kr. og verður 1.465 m.kr.

Jafnframt fær liðurinn nýtt heiti, 5.05 Þjónusta. Viðfangsefni 5.10 Stofnviðhald lækkar um 25 m.kr. og verður 1.160 m.kr. Jafnframt fær liðurinn nýtt heiti, 5.10 Viðhald. Viðfangsefni 6.10 Nýframkvæmdir hækkar um 3 m.kr. og verður 2.009 m.kr. Viðfangsefni 6.11 Framkvæmdaátak vegna atvinnumála lækkar um 350 m.kr. og verður 650 m.kr. Viðfangsefni 6.40 Tilraunir hækkar um 3 m.kr. og verður 65 m.kr. Viðfangsefni 6.55 Ferjur og flóabátar hækkar um 1 m.kr. og verður 470 m.kr. Eftirfarandi viðfangsefni falla brott: 6.30 Fjallvegir, 6.51 Sýsluvegir og 6.52 Þéttbýlisvegir. Eftirfarandi viðfangsefni eru ný: 5.52 Þéttbýlisvegir, 310 m.kr., 6.21 Landsvegir, 60 m.kr., 6.43 Safnvegir, 155 m.kr., 6.45 Styrkvegir, 25 m.kr., og 6.47 Reiðvegir, 10 m.kr.

330 Vita- og hafnamálastofnun: Heildarframlag til fjárlagaliðarins breytist ekki en gerðar eru eftirfarandi millifærslur milli liða: Viðfangsefni 6.70 Hafnamannvirki hækkar um 54,6 m.kr. og verður 567 m.kr. Framlag til viðfangsefnisins 6.74 Lendingarbætur lækkar um 3 m.kr. og verður 2 m.kr. Viðfangsefni 6.76 Ferjubryggjur við Ísafjarðardjúp lækkar um 19 m.kr. og verður 5 m.kr. Viðfangsefni 6.80 Sjóvarnargarðar hækkar um 1 m.kr. og verður 51 m.kr. Framlag til viðfangsefnis 6.90 Hafnabótasjóður, framlag lækkar um um 27,6 m.kr. og verður 18 m.kr. Að lokum hækka sértekjur fjárlagaliðarins um 6 m.kr. og verða 206 m.kr. Í breytingartillögu nefndarinnar er fjárhæðum á viðfangsefnum 6.70 Hafnamannvirki og 6.80 Sjóvarnargarðar skipt á einstök verkefni í sérstöku yfirliti.

651 Ferðamálaráð: Framlag til fjárlagaliðarins hækkar um 9 m.kr. og verður 141,7 m.kr. Hækkunin skiptist á þrjú viðfangsefni. Framlag til viðfangsefnis 1.01 Almennur rekstur hækkar um 3 m.kr. og verður 34 m.kr. Hækkunin er ætluð til rannsókna á sviði ferðamála og markaðssetningar vestan hafs. Viðfangsefni 1.11 Ferðamálasamtök landshluta hækkar um 1 m.kr. og verður 6 m.kr. Framlag til viðfangsefnisins 1.21 Fjölsóttir ferðamannastaðir hækkar um 5 m.kr. og verður 10 m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

201 Iðntæknistofnun: Almennur rekstur hækkar um 0,5 m.kr. og er framlagið ætlað til að sinna rannsókna- og fræðslumiðstöð í hveralíffræði í Hveragerði.

14 Umhverfisráðuneyti

101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 Almennur rekstur hækkar um 7,8 m.kr. og er ástæða hækkunar margþætt. Í fyrsta lagi er 1,5 m.kr. framlag til hálfs stöðugildis starfsmanns vegna frumvarps til breytinga á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þessi málaflokkur verði færður frá félagsmálaráðuneytinu til umhverfisráðuneytisins. Í öðru lagi hækkar húsaleiga um 2,5 m.kr. vegna aukins húsnæðis. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að ráðuneytið beri að hálfu kostnað vegna ráðherrabílstjóra landbúnaðar- og umhverfisráðherra og er kostnaðurinn metinn 2,3 m.kr. Að lokum er sérstök fjárveiting að fjárhæð 1,5 m.kr. til að gera rekstrarlega og stjórnskipulega úttekt á Hollustuvernd ríkisins.

190 Ýmis verkefni: Viðfangsefnið 1.23 Ýmis umhverfisverkefni lækkar um 2,3 m.kr. á móti hækkun til Náttúrufræðistofnunar Íslands. Tekinn er inn nýr liður, 1.58 Náttúrugripasafn Vestmannaeyja. Framlag verður 2 m.kr. en framlag til safnsins var áður á safnlið undir menntamálaráðuneyti.

401 Náttúrufræðistofnun Íslands: Viðfangsefni 1.02 Setur í Reykjavík hækkar um 2,3 m.kr. en á móti lækkar framlag til fjárlagaliðarins 14-190-1.23 Ýmis umhverfisverkefni um sömu fjárhæð.

410 Veðurstofa Íslands: Viðfangsefni 1.01 Almenn starfsemi hækkar um 13 m.kr. en það er í samræmi við mat á fjárþörf stofnunarinnar ef frumvarp til breytinga á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum verður óbreytt að lögum. Sértekjur fjárlagaliðarins hækka um 0,9 m.kr. vegna þátttöku Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í kostnaði vegna veðurþjónustu fyrir millilandaflug.

Flutt er sérstök breytingartillaga við 4. gr. vegna endurmats launabóta. Áhrif kjarasamninga hafa verið endurmetin frá því sem þau voru talin vera við gerð fjárlagafrumvarps, en frá þeim tíma hefur verið samið við nokkur stéttarfélög. Að auki bætist við hækkun launa vegna úrskurðar Kjaradóms. Samtals hækkar framlag til einstakra stofnana í A-hluta ríkissjóðs um 158,4 m.kr., en á móti lækkar framlag til fjárlagaliðarins 09-989 Launa- og verðlagsmál um 100 m.kr.

Alþingi, 13. des. 1995.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Árni Johnsen.
Árni M. Mathiesen.	Ísólfur Gylfi Pálmason.	Hjálmar Jónsson.
	Arnbjörg Sveinsdóttir.	

Fylgiskjal I.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1996 (01 Forsætisráðuneyti, 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 14. október 1995. Á fund nefndarinnar kom frá forsætisráðuneyti Guðmundur Árnason deildarstjóri og frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti Þorsteinn Geirsson ráðuneytisstjóri, Þorsteinn A. Jónsson skrifstofustjóri og Dagný Leifsdóttir deildarstjóri. Þá kom einnig á fund nefndarinnar Guðmundur Malmquist, forstöðumaður Byggðastofnunar, og Eiríkur Tómasson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands.

Ekki er gert ráð fyrir teljandi breytingum á framlagi til forsætisráðuneytis. Áætluð rekstrarútgjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytisins hækka hins vegar nokkuð á árinu. Mestan hluta þeirrar hækkunar má rekja til hækkunar launagjalda vegna kjarasamninga, en raunhækkun, tæplega 100 millj. kr., má að mestu rekja til þriggja stofnana. Þannig hækkar framlag til lögreglustjórans í Reykjavík um 30 millj. kr., framlög til Fangelsis-

málastofnunar hækka um rúmlega 50 millj. kr., bæði vegna reksturs nýja fangelsisins að Litla-Hrauni og vegna halla frá fyrra ári, og framlag til biskupsstofu vegna launa presta og prófasta hækkar um 35 millj. kr. Auk þess hækka aðrir smærri liðir nokkuð. Framlag vegna kosninga lækkar hins vegar úr 35 millj. kr. á þessu ári í 10 millj. kr. Þá ber að nefna að í frumvarpinu er gert ráð fyrir framlögum til þriggja nýrra fjárlagaliða, þ.e. 5,2 millj. kr. vegna samfélagsþjónustunefndar sem starfar á grundvelli 5. gr. laga um samfélagsþjónustu, nr. 55/1994, er tóku gildi 1. júlí á þessu ári, 15 millj. kr. vegna neyðarsímsvörunar, sbr. lög um neyðarsímsvörun, nr. 25/1995, og loks 2 millj. kr. til rannsókna á heimilisofbeldi, en sú rannsókn byggist á þingsályktunartillögu sem Alþingi samþykkti á árinu 1994.

Síðastliðið vor samþykkti Alþingi lög um greiðslur ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995, og áttu þau að öðlast gildi 1. janúar nk. Í fylgiskjali með fjárlagafrumvarpinu kemur fram að fyrirhugað er að þessum bótagreiðslum verði frestað um eitt ár og jafnframt að ákvæði laganna gildi um tjón sem leiðir af brotum sem framin voru 1. janúar 1994 og síðar í stað 1. janúar 1993. Allsherjarnefnd afgreiddi frumvarp til þessara laga samhljóða frá sér í upphafi ársins og frumvarpið varð að lögum með samþykki allra þeirra þingmanna er tóku þátt í afgreiðslu málsins. Nefndin telur afar óeðlilegt að nú, átta mánuðum síðar, eigi að fresta gildistöku laganna. Þar sem tilteknir nefndarmenn óskuðu eftir upplýsingum um hvort slík frestun bryti gegn eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar fékk nefndin Eirík Tómasson prófessor við lagadeild Háskóla Íslands á fund sinn. Hann lét í ljós það álit sitt að þar sem lögin hefðu ekki enn öðlast gildi gæti löggjafinn, ef honum sýndist svo, breytt lögunum fyrir gildistöku. Sú aðgerð bryti ekki í bága við stjórnarskrá. En annað mál er svo hvort löggjafinn telur sig fullsæmdan af slíkri lagasetningu. Þar sem ekki er gert ráð fyrir framlögum í fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi til að fullnægja þeim skyldum sem gildistaka umræddra laga mun hafa í för með sér fyrir ríkissjóð á næsta ári leggur nefndin til að leitað verði annarra leiða þannig að meginmarkmiðum laganna verði náð.

Þær gagnrýnisraddir hafa heyrst á síðustu árum að vægi álita einstakra fastanefnda til fjárlaganefndar um frumvarp til fjárlaga væri ekki mikið. Allsherjarnefnd fagnar því þeirri hugmynd fjárlaganefndar að veita formönnum nefndanna kost á að koma á fund nefndarinnar og gera grein fyrir áliti þeirrar nefndar sem þeir eru í forustu fyrir.

Alþingi, 23. nóv. 1995.

Sólveig Pétursdóttir, form.
Valgerður Sverrisdóttir.
Sighvatur Björgvinsson.
Kristján Pálsson.
Guðný Guðbjörnsdóttir.
Ögmundur Jónasson.
Hjálmar Jónsson, með fyrirvara.
Viktor B. Kjartansson.

Fylgiskjal II.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1996 (07 Félagsmálaráðuneyti).

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. ákvæði 2. mgr. 25. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, og beiðni fjárlaganefndar frá 14. október 1995.

Nefndin fékk á sinn fund Berglindi Ásgeirsdóttur ráðuneytisstjóra og Húnboga Þorsteinsson skrifstofustjóra frá félagsmálaráðuneyti. Þá komu á fund nefndarinnar Grétar J. Guðmundsson og Hilmar Þórisson frá Húsnæðisstofnun ríkisins, Gunnar E. Sigurðsson forstöðumaður og Stefán Stefánsson frá vinnumálaskrifstofunni, Ríkharður Steinbergsson, framkvæmdastjóri húsnæðisnefndar Reykjavíkur, og frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson formaður og Þórður Skúlason framkvæmdastjóri.

Enn fremur komu á fund nefndarinnar Helgi Seljan og Ásgerður Ingimarsdóttir frá Öryrkjabandalagi Íslands, Sigurður Einarsson frá Sjálfsbjörgu, Guðmundur Ragnarsson formaður og Friðrik Sigurðsson framkvæmdastjóri Þroskahjálpar og Bragi Guðbrandsson, forstöðumaður barnaverndarstofu.

Loks fékk nefndin á sinn fund Rannveigu Sigurðardóttur, hagfræðing BSRB, frá ASÍ hagfræðingana Gylfa Arnbjörnsson og Guðmund Gylfa Guðmundsson og Hervar Gunnarsson varaforseta og frá VSÍ Þórarin V. Þórarinsson framkvæmdastjóra og Hannes Sigurðsson.

Í máli fulltrúa Húsnæðisstofnunar ríkisins kom fram að rekstrarkostnaður stofnunarinnar hafi verið innan fjárlaga síðastliðin ár og yrði svo væntanlega einnig á næsta ári. Aðaláhyggjuefnið væri hins vegar eiginfjárstaða Byggingarsjóðs verkamanna. Forsvarsmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga töldu að í fjárlagafrumvarpinu væri gert ráð fyrir að framlag til Byggingarsjóðs verkamanna lækkaði úr 608 millj. kr. í 400 millj. kr. á næsta ári og að íbúðarbyggingum fækki úr 418 í 230. Jafnframt komu þeir inn á að samkvæmt frumvarpinu lægi fyrir að í lok síðasta árs hafi 115 félagslegar íbúðir verið óseldar í 25 sveitarfélögum og þar af hafi 46 íbúðir staðið auðar. Ljóst væri að mörg sveitarfélög gætu ekki staðið við þær ábyrgðarskuldbindingar sem á þeim hvíla vegna félagslega íbúðakerfisins. Sveitarfélögin hafa haft þá lagaskyldu að byggja félagslegar íbúðir ef gildar umsóknir hafa legið fyrir frá einstaklingum um kaup slíkra íbúða. Þegar sveitarfélögin geta ekki lengur staðið undir skuldbindingum sínum vegna félagslegra íbúða og þær eru ekki lengur raunverulegur valkostur fyrir efnalitlar fjölskyldur verði löggjafarvaldið að taka á þeim vanda áður en í algjört óefni er komið. Varðandi húsaleigubætur ætti framlag ríkissjóðs til greiðslu bóta á næsta ári að nægja, en það er áætlað 200 millj. kr., ef ekki fjölgar þeim sveitarfélögum sem greiða húsaleigubætur. Framkvæmdastjóri húsnæðisnefndar Reykjavíkur benti síðan á að biðlistar vegna eldri íbúða væru orðnir mjög langir og lengri en vegna nýrra íbúða, en þær nýrri gengju út þótt hægt væri. Forsvarsmenn vinnumálaskrifstofunnar komu inn á það að gera mætti ráð fyrir sparnaði með tilkomu nýju laganna um atvinnuleysistryggingar, en sá þáttur væri þó enn óviss. Gert er ráð fyrir því í fjárlagafrumvarpinu að endurskoðunin muni skila um 300 millj. kr. í lækk-

uðum útgjöldum. Varðandi útboð námskeiða upplýstu þeir að allir gætu sótt um og síðan ákvæði sjóðstjórn hvaða námskeið væru viðurkennd, m.a. með hliðsjón af ákvæðum í reglugerð.

Fulltrúar Öryrkjabandalags Ísland, Sjálfsbjargar og Þroskahjálpar lýstu yfir áhyggjum af niðurskurði til framlaga til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Framlögin eru skert um 133 millj. kr. miðað við áætlaðar tekjur af erfðafjárskatti 1996. Vandi Framkvæmdasjóðs fatlaðra verður því verulegur árið 1997 ef skerðing verður varanleg þar sem langstærsti hluti tekna sjóðsins fer í rekstur, en óverulegur hluti í stofnframkvæmdir.

Forsvarsmaður barnaverndarstofu skýrði frá því að dagdeild mundi taka við þeirri starfsemi sem áður fór fram á Tindum, en heimilið hefur nú verið lagt niður. Einnig benti hann á að skortur væri á langtímavistunarrými fyrir unglinga.

Fulltrúar ASÍ og BSRB telja fullvíst að atvinnuleysi muni aukast á næsta ári. Þeir lögðu áherslu á að efla þyrfti alla tækni- og starfsmenntun í landinu. Fulltrúar VSÍ lýstu yfir áhyggjum af því ef hækka ætti launatengd gjöld og að stefna þyrfti að því að koma í veg fyrir það.

Alþingi, 24. nóv. 1995.

Siv Friðleifsdóttir, varaform.
Einar K. Guðfinnsson.
Kristján Pálsson.
Magnús Stefánsson.
Arnbjörg Sveinsdóttir.
Pétur H. Blöndal.

Fylgiskjal III.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1996 (07 Félagsmálaráðuneyti).

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Félagsmálanefnd hefur á undanförnum vikum farið yfir þau atriði fjárlaga sem snúa að nefndinni og hefur kallað til sín fjölda aðila til að fá umsögn um frumvarpið. Á fundi nefndarinnar 14. nóvember sl. urðu nokkrar umræður um það hvernig staðið hefði verið að álitum nefnda þingsins til fjárlaganefndar og hvort það þjónaði nokkrum tilgangi að leggja vinnu í skoðun á fjárlagafrumvarpinu þar sem lítið tillit virtist vera tekið til þeirra ábendinga sem nefndirnar koma með. Það var þó samdóma álit þeirra þingmanna sem hafa reynslu af þessu fyrirkomulagi að það væri mjög gagnlegt fyrir þingmenn að kanna fjárlagafrumvarpið til hlítar en að áfram þyrfti að vinna að því að auka ábyrgð fagnefnda líkt og tíðkast í norska þinginu.

Minni hluti félagsmálanefndar gerir eftirfarandi athugasemdir við þá liði fjárlagafrumvarpsins sem heyra undir félagsmálaráðuneytið.

Málefni fatlaðra.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1996 er Framkvæmdasjóður fatlaðra skertur verulega þrátt fyrir að sjóðurinn hafi í auknum mæli tekið á sig rekstur sem léttir á stofnanaþjónustu. Sú skýring er gefin að á móti komi peningar sem fást fyrir söluna á Sólborg á Akureyri, eða rúmar 80 millj. kr., en áður fjármagnaði framkvæmdasjóðurinn þau sambýli sem vistmenn Sólborgar hafa nú flutt í. Hingað til hefur erfðafjárskatturinn runnið óskertur í Framkvæmdasjóð fatlaðra lögum samkvæmt og þótt það sem á vantar, eða 133 millj. kr. samkvæmt áætlun, renni til reksturs stofnana fatlaðra viljum við eindregið vara við því að haldið sé inn á þessa braut. Reynslan af þjóðarbókhlöðuskatti og fleiri eyrnamerktum tekjustofnum ætti að kenna okkur að erfitt er að snúa til baka þegar einu sinni er farið að taka peningana í eitthvað annað.

Málefni barna og ungmenna.

Miklar breytingar eiga sér nú stað varðandi þennan málaflokk með stofnun barnaverndarstofu sem vonandi á eftir að bæta meðferð þeirra mála sem undir hana heyra. Undirritaðir nefndarmenn vilja sérstaklega benda á þann vanda sem steðjar að þjóðinni vegna vímuefnaneyslu unglinga og benda í því sambandi á nýlega ályktun Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem fram kemur að vímuefnaneysla sé að breiðast út um allt land. Þetta eru mjög alvarleg tíðindi sem Alþingi verður að bregðast við með auknum forvörnum, aðstoð við unglinga og harðari refsingum við smygli og sölu fíkniefna.

Húsnæðismál.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1996 er boðaður verulegur niðurskurður til byggginga nýrra íbúða á vegum Byggingarsjóðs verkamanna. Samdrátturinn er skýrður með því að húsnæði standi autt í 25 sveitarfélögum. Ýmislegt bendir þó til þess að reyndin sé önnur. Allt annað ástand blasir við á höfuðborgarsvæðinu þar sem hundruð fjölskyldna bíða eftir félagslegu húsnæði. Það hefur hins vegar komið í ljós að eftirspurn er mun meiri eftir gömlum íbúðum eða húsnæði í eldri hverfum. Minni hlutinn varar við því að nota ástandið úti á landi sem röksemd fyrir niðurskurði sem bitnar á þeim sem mest þurfa á félagslegu húsnæði að halda. Það á að beina peningunum þangað sem þörfin er og beina sjónum í mun ríkari mæli en hingað til að eldra húsnæði og byggingu eða kaupum á leiguhúsnæði. Í starfi nefndarinnar og í heimsókn nokkurra þingmanna Reykjavíkur til húsnæðisnefndar borgarinnar kom fram ósk um að það fólk sem býr í félagslegum kaupleiguíbúðum sem leigjendur sitji við sama borð og aðrir leigjendur hvað varðar húsaleigubætur og viljum við vekja sérstaka athygli á þeirri beiðni. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1996 kemur fram að hugmyndir séu um að ríkið hætti þátttöku í kostnaði við húsaleigubætur. Það teljum við varhugavert nema að undangengnum samningum við Samband íslenskra sveitarfélaga, þar sem framkvæmd húsaleigubóta væri tryggð, því annars væri grunninum kippt undan þessu bótakerfi og þau sveitarfélög, sem ákveðið hafa að greiða ekki húsaleigubætur fengju, þar með sannanir fyrir því sem var þeirra aðalröksemd gegn bótum: að þær mundu standa stutt við og að þeim yrði fyrr en varði komið yfir á sveitarfélögin.

Atvinnuleysistryggingasjóður.

Þjóðhagsstofnun spáir því að atvinnuleysi verði á næsta ári svipað og verið hefur eða um 4,8%. Það þýðir veruleg útgjöld til atvinnuleysismála eins og á undanförnum árum. Ríkisstjórnin ætlar að hluta til að leysa vandann með því að hækka tryggingagjald um 0,5%. Undirritaðir nefndarmenn hafa miklar áhyggjur af því hvort tryggð sé fjármögnun á námskeiðum og fræðslu fyrir atvinnulausa og telja að miklu betur þurfi að gera til að skapa atvinnulausu fólki nýja möguleika til menntunar og vinnu. Í athugasemdum með frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1996 er sagt að meðal annars standi til að tryggja að atvinnulausu fólki verði boðin laus störf og að það hætti að fá bætur taki það ekki tilboðinu. Ekki er ljóst hvað við er átt, t.d. hvort fólk hafi ekki rétt til að neita starfi í öðrum landshluta. Þarna þarf að fara varlega því margt getur hamlað því að fólk taki starfi. Við eigum að læra af reynslu annarra í þessum efnum, t.d. Dana sem segja nú að allt of seint hafi verið gripið til þess ráðs að bjóða upp á hvers kyns menntun og endurmenntun sem reynst hefur besta leiðin til að draga úr atvinnuleysi og þeim mikla félagslega vanda sem það skapar.

Alþingi, 24. nóv. 1995.

Kristín Ástgeirsdóttir.
Rannveig Guðmundsdóttir.
Bryndís Hlöðversdóttir.

Fylgiskjal IV.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1996 (08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti).

Frá meiri hluta heilbrigðis- og tryggingnefndar.

Heilbrigðis- og tryggingnefnd hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og beiðni fjárlaganefndar frá 14. október 1995.

Nefndin fékk á sinn fund til að ræða framtíðarsýn í heilbrigðismálum þau Ástu Möller hjúkrunarfræðing og Ólaf F. Magnússon lækni. Þá kynnti nefndin sér sérstaklega þróun og málefni sjúkrahúsa og komu á fund nefndarinnar vegna þessa frá Sjúkrahúsi Reykjavíkur þau Jóhannes Pálmason forstjóri, Jóhannes Gunnarsson lækningaforstjóri, Sigríður Snæbjörnsdóttir hjúkrunarforstjóri, Magnús Skúlason og Logi Guðbrandsson framkvæmdastjóri, svo og Bjarni Arthúrsson framkvæmdastjóri Sjúkrahúss Suðurlands.

Enn fremur komu á fund nefndarinnar til að ræða fjárhagsstöðu geðdeilda þau Tómas Helgason, yfirlæknir á geðdeild Landspítalans, og Valgerður Baldvinsdóttir, læknir á barna- og unglingageðdeild, og til að ræða málefni glasafrjóvgunardeildar Landspítala komu Reynir Tómas Geirsson, yfirlæknir kvennadeildar Landspítala, og Þórður Óskarsson, læknir á glasafrjóvgunardeildinni.

Ólafur Ólafsson landlæknir, Matthías Halldórsson aðstoðarlandlæknir og Vilborg Ingólfsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur komu einnig á fund nefndarinnar fyrir hönd landlæknisembættisins.

Loks fékk nefndin á sinn fund frá Öryrkjabandalagi Íslands þau Ólöfu Ríkharðsdóttur og Helga Seljan, Pál Gíslason, formann Félags eldri borgara í Reykjavík, Ólaf Jónsson, formann Landssambands aldraðra, og Guðríði Ólafsdóttur, framkvæmdastjóra Landssambands aldraðra og Félags eldri borgara í Reykjavík.

Verður hér gerð grein fyrir því helsta sem fram kom í máli framangreindra aðila:

Hjá Ástu Möller og Ólafi F. Magnússyni kom fram að leggja þyrfti áherslu á að efla rekstur heilbrigðisstofnana í stað þess að leggja mikið fjármagn í að byggja nýtt húsnæði.

Fram kom í máli forsvarsmanna Sjúkrahúss Reykjavíkur að í kjölfar sameiningar Borgarspítala og Landakotsspítala hafi orðið veruleg lækkun á fjárveitingum og rekstrarkostnaði og því ljóst að ávinningur er mikill nú þegar, þó að formlega verði sameining ekki fyrr en um næstu áramót. Þeir bentu þó á að fyrirhuguð hagræðing af sameiningu næðist ekki að fullu nema ný skrifstofuaðstaða fengist og jafnframt skapaðist þá meira rými á spítalanum í Fossvogi. Í máli þeirra kom einnig fram að nauðsynlegt er að huga frekar að endurnýjun og viðhaldi búnaðar og tækja sem eru mörg orðin úrelt og úr sér gengin. Þá lýstu forsvarsmenn sjúkrahússins yfir áhyggjum sínum vegna lækkunar framlaga til reksturs.

Framkvæmdastjóri Sjúkrahúss Suðurlands gerði nefndinni grein fyrir stöðu sjúkrahússins og aðstöðu sjúkrahúsa á landsbyggðinni gagnvart sjúkrastofnunum í Reykjavík. Kom fram í máli hans að inniliggjandi sjúklingum hefur fjölgað nokkuð en ferliverkum hins vegar fækkað til muna. Af þessum sökum ykist kostnaður til muna. Taldi hann mega rekja þessa þróun að nokkru leyti til mismunandi reglna um þátttöku sjúklinga í kostnaði og starfsaðferða sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu.

Fram kom á fundi nefndarinnar með fulltrúum frá glasafrjóvgunardeild Landspítalans að um 650 pör eru á biðlista hjá deildinni. Þá kom fram að húsnæði deildarinnar er mjög þröngt, vinnuálag mikið og ekki er rúm fyrir nauðsynlegar tækninýjungar. Læknarnir reifuðu enn fremur óánægju sína með að fyrirhugað er að aukin gjaldtaka vegna glasafrjóvgunarmeðferða á ekki að nýtast til þess að byggja upp deildina, heldur eru framlög til kvensjúkdómadeildar skorin niður sem nemur fyrirhugaðri hækkun.

Fram kom hjá læknum á geðdeildum Ríkisspítala að 125 millj. kr. vantaði til að hægt væri að halda öllum geðdeildum spítalans opnum. Einnig kom fram að óhagræði hlýst af miklum sparnaði. Ekki er hægt að ljúka verkefnum sem búið er að leggja fjármagn í og þau nýtast ekki að fullu. Þá kom enn fremur fram að sökum fjárskorts er göngudeildarmeðferð fyrir börn og unglinga mjög áfátt.

Landlæknir kynnti nefndinni þau verkefni sem hann hyggst beita sér fyrir á næstunni. Í erindi hans er að finna ýmsar tillögur um aðgerðir á sviði forvarna sem virðast til þess fallnar að skila í senn verulegum sparnaði, þegar fram í sækir, og bæta heilsu landsmanna. Einnig ræddi hann hugmyndir um sjúkrahótel sem hann taldi geta minnkað mjög rekstrarkostnað sjúkrahúsa.

Í máli fulltrúa aldraðra og öryrkja kom fram að mikil óánægja ríkir með að lífeyrisgreiðslur skuli ekki hækka til samræmis við verðlag og laun í landinu. Þá bentu fulltrúar þessara hópa á að fjölmargir aldraðir og sjúkir bíða eftir þjónustu heilbrigðisstofnana. Einnig kom fram í máli þeirra óánægja með áform um að fjármagnstekjur skerði líf-

eyri. Sömuleiðis vöktu þeir máls á áhyggjum umbjóðenda sinna yfir því að þeim sem ekki hafa greitt í lífeyrissjóði verði reiknaðar tekjur eins og iðgjöld hefðu verið greidd.

Að lokum bendir meiri hluti heilbrigðis- og tryggingaefndar á að sjálfvirk þensla í heilbrigðiskerfinu veldur því að brýnt er að leita skynsamlegra úrræða til að sporna við síauknum kostnaði.

Að öðru leyti munu einstakir nefndarmenn gera grein fyrir viðhorfum sínum við 2. umræðu fjárlaga.

Alþingi, 27. nóv. 1995.

Siv Friðleifsdóttir.
Sigríður A. Þórðardóttir.
Katrín Fjeldsted.
Sólveig Pétursdóttir.
Guðni Ágústsson.
Guðmundur Hallvarðsson.

Fylgiskjal V.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1996 (08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti).

Frá minni hluta heilbrigðis- og tryggingaefndar.

Heilbrigðis- og tryggingaefnd hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og beiðni fjárlaganefndar frá 14. október 1995.

Nefndin fékk á sinn fund til að ræða framtíðarsýn í heilbrigðismálum þau Ástu Möller hjúkrunarfræðing og Ólaf F. Magnússon lækni. Þá kynnti nefndin sér sérstaklega þróun og málefni sjúkrahúsa og komu á fund nefndarinnar vegna þessa frá Sjúkrahúsi Reykjavíkur þau Jóhannes Pálmason forstjóri, Jóhannes Gunnarsson lækningaforstjóri, Sigríður Snæbjörnsdóttir hjúkrunarforstjóri, Magnús Skúlason og Logi Guðbrandsson framkvæmdastjóri, svo og Bjarni Arthúrsson, framkvæmdastjóri Sjúkrahúss Suðurlands.

Enn fremur komu á fund nefndarinnar til að ræða fjárhagsstöðu geðdeilda þau Tómas Helgason, yfirlæknir á geðdeild Landspítalans, og Valgerður Baldvinsdóttir, læknir á barna- og unglingageðdeild Landspítalans, og til að ræða málefni glasafrjóvgunardeildar Landspítala komu Reynir Tómas Geirsson, yfirlæknir kvennadeildar Landspítala, og Þórður Óskarsson, læknir á glasafrjóvgunardeildinni.

Ólafur Ólafsson landlæknir, Matthías Halldórsson aðstoðarlandlæknir og Vilborg Ingólfsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur komu einnig á fund nefndarinnar fyrir hönd landlæknisembættisins.

Loks fékk nefndin á sinn fund frá Öryrkjabandalagi Íslands þau Ólöfu Ríkharðsdóttur og Helga Seljan, Pál Gíslason, formann Félags eldri borgara í Reykjavík, Ólaf Jónsson, formann Landssambands aldraðra, og Guðríði Ólafsdóttur, framkvæmdastjóra Landssambands aldraðra og Félags eldri borgara í Reykjavík.

Verður hér gerð grein fyrir því helsta sem fram kom í máli framangreindra aðila:

Sjúkrahús Reykjavíkur.

Fram kom í máli forsvarsmanna Sjúkrahúss Reykjavíkur að í kjölfar sameiningar Borgarspítala og Landakotsspítala hafi orðið veruleg lækkun á fjárveitingum og rekstrarkostnaði og því ljóst að verulegur ávinningur hefur náðst nú þegar þó að formlega verði sameining ekki fyrr en um næstu áramót. Þeir bentu þó á að fyrirhuguð hagræðing af sameiningu næðist ekki að fullu nema ný skrifstofuaðstaða fengist og jafnframt skapaðist þá meira rými á spítalanum í Fossvogi. Forsvarsmenn sjúkrahússins lýstu einnig yfir áhyggjum sínum vegna lækkunar framlaga til reksturs um 225 millj. kr. frá árinu 1995 og telja að leita verði leiða til að ná niður rekstrarhalla þessa árs sem er áætlaður 105 millj. kr. Í máli þeirra kom einnig fram að nauðsynlegt er að huga frekar að endurnýjun og viðhaldi búnaðar og tækja.

Sjúkrahús á landsbyggðinni.

Framkvæmdastjóri Sjúkrahúss Suðurlands gerði nefndinni grein fyrir stöðu sjúkrahússins og aðstöðu sjúkrahúsa á landsbyggðinni gagnvart sjúkrastofnunum í Reykjavík. Kom fram í máli hans að inniliggjandi sjúklingum hefur fjölgað nokkuð en ferliverkum hins vegar fækkað til muna. Af þessum sökum ykist kostnaður til muna. Taldi hann mega rekja þessa þróun að nokkru leyti til mismunandi reglna um þátttöku sjúklinga í greiðslu kostnaðar og starfsaðferða sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu.

Glasafrjóvgunardeild Landspítalans.

Fram kom á fundi nefndarinnar með fulltrúum frá glasafrjóvgunardeild Landspítalans að um 650 pör eru á biðlista hjá deildinni. Einnig kom fram að stór hluti kvenna sem óska eftir meðferð er fæddur fyrir 1960. Flestar þurfa á tveimur eða fleiri meðferðum að halda og er löng bið því mjög slæm. Síðan 1991 hefur meðalaldur kvenna sem fara í fyrstu meðferð hækkað um tvö ár sem rekja má til langs biðtíma eftir meðferð. Þá kom fram að húsnæði deildarinnar er mjög þröngt, vinnuálag mikið og ekki er pláss fyrir nauðsynlegar tækninýjungar. Læknarnir reifuðu enn fremur óánægju sína með að fyrirhugað er að aukin gjaldtaka vegna glasafrjóvgunarmeðferða á ekki að nýtast til þess að byggja upp deildina, heldur eru framlög til kvensjúkdómadeildar skorin niður sem nemur fyrirhugaðri hækkun.

Málefni geðsjúkra.

Fram kom hjá læknum á geðdeild Landspítala að 125 millj. kr. vantaði upp á að hægt væri að halda öllum geðdeildum spítalans opnum. Einnig kom fram að gífurlegt óhagræði hlýst af miklum sparnaði og ekki er hægt að klára verkefni sem búið er að leggja fjármagn í og þau nýtast þannig ekki að fullu. Þá kom enn fremur fram að sökum fjárskorts er göngudeildarmeðferð fyrir börn og unglinga mjög áfátt, og stendur geðdeildin samsvarandi deildum annars staðar á Norðurlöndum langt að baki að því leyti.

Landlæknir.

Landlæknir kynnti nefndinni þau verkefni sem hann hyggst beita sér fyrir á næstunni og fór yfir þann fjárstuðning sem nauðsynlegur er til að árangri verði náð. Einnig ræddi hann hugmyndir um sjúkrahótel og taldi hann slík hótel geta sparað mikið fjármagn af rekstrarkostnaði sjúkrahúsa.

Aldraðir og öryrkjar.

Í máli fulltrúa aldraðra og öryrkja, sem komu á fund nefndarinnar, kom fram að mikil óánægja ríkir með að lífeyrisgreiðslur skuli ekki hækka til samræmis við verðlag og laun í landinu. Þá bentu fulltrúar þessara hópa á að fjölmargir aldraðir og sjúkir bíða eftir þjónustu heilbrigðisstofnana. Einnig kom fram í máli þeirra óánægja með fyrirætlanir um að leggja fjármagnstekjuskatt óbeint á ellilífeyrisþega þannig að lífeyrir skerðist. Sömuleiðis vöktu þeir máls á áhyggjum umbjóðenda sinna yfir því að þeim, sem ekki hafa greitt í lífeyrissjóði, verði reiknaðar tekjur eins og iðgjöld hefðu verið greidd.

Niðurstaða.

Við undirritaðir nefndarmenn teljum að brýn þörf sé á heildarstefnumörkun í heilbrigðismálum þjóðarinnar og að ekki verði gengið lengra í handahófskenndum niðurskurði og sparnaði í velferðarþjónustunni. Því mótmælum við þeim hugmyndum sem fram koma í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1996.

Við lýsum andstöðu við aukna gjaldtöku í heilbrigðisþjónustunni og teljum að ekki megi víkja frá þeim meginþætti í heilbrigðislöggjöf okkar að ekki skuli mismuna þegnum eftir efnahag. Það mun gerast ef tekin verða upp innritunargjöld á sjúkrahús eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu.

Fyrirhuguð aftenging elli- og örorkulífeyris almannatrygginga við þróun launa á vinnumarkaði og afnám eingreiðslna til lífeyrisþega mun þýða verulega kjaraskerðingu fyrir þennan hóp. Hvetja undirritaðir nefndarmenn í heilbrigðis- og tryggingaefnd fjárlaganefnd til að koma í veg fyrir slíkt misrétti.

Alþingi, 28. nóv. 1995.

Össur Skarphéðinsson, form.
Ásta R. Jóhannesdóttir.
Ögmundur Jónasson.

Fylgiskjal VI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1996 (11 Iðnaðarráðuneyti).

Frá iðnaðarnefnd.

Iðnaðarnefnd hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. þingskapa og bréf fjárlaganefndar frá 14. október 1995.

Nefndin fékk á sinn fund til viðræðna um málið Þorkel Helgason, ráðuneytisstjóra iðnaðarráðuneytisins, Kristmund Halldórsson, deildarstjóra í iðnaðarráðuneytinu, Jakob Björnsson orkumálastjóra, Hallgrím Jónasson, forstjóra Iðntæknistofnunar, Kristján Jónsson, forstjóra Rarik, og Eirík Briem, fjármálastjóra Rarik.

Nefndin ítrekar enn þá afstöðu sem sett hefur verið fram í álitum hennar á undanförnum árum að nauðsynlegt sé að koma betri skipan á samskipti fjárlaganefndar og fagnefnda við umfjöllun um fjárlagafrumvarpið. Um leið fagnar nefndin því að fjárlaganefnd hyggst ræða við formenn einstakra fagnefnda um álit viðkomandi nefndar og telur að hér sé um að ræða skref í rétta átt að skipulegri samskiptum nefndanna við gerð fjárlaga.

Í framhaldi af þeirri umræðu, sem varð um málið, vill nefndin vekja athygli á eftirfarandi atriðum:

1. Rafmagnsveitur ríkisins, Rarik.

a. Óveðurstjón.

Verulegt tjón varð á dreifikerfi Rarik í óveðri sem geisaði í lok október og er metið á um 210 millj. kr. Í samræmi við ákvörðun stjórnvalda er Rarik ekki tryggt fyrir slíku tjóni. Telja má að með þeirri ákvörðun taki ríkissjóður á sig ákveðna ábyrgð á tjóni sem þessu og telur iðnaðarnefnd eðlilegt að kanna hvort ekki sé unnt að bæta Rarik tjónið á svipaðan hátt og gert var eftir mikið tjón sem varð á dreifikerfinu 1991. Þá var tjónsupphæðin 250 millj. kr. og greiddi ríkissjóður 200 millj. kr. en Rafmagnsveitur ríkisins greiddu sjálfar 50 millj. kr.

b. Jarðstrengir.

Fram kom á fundi nefndarinnar að háspennudreifikerfi í sveitum er um 6.500 km. Rætt hefur verið um hvort leggja megi það í jörðu en almennt er þó talið að ekki sé unnt að ráðast í slíkar stórframkvæmdir. Til að auka rekstraröryggi kerfisins má þó telja raunhæft að leggja um 10–20% af því í jörðu en kostnaður af því er áætlaður allt að 2.000 millj. kr.

c. Arðgreiðslur.

Í áliti iðnaðarnefndar um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1995 kemur fram að nefnd, sem fjallaði um arðgreiðslur Rarik til ríkissjóðs, hafði ekki lokið störfum þegar iðnaðarnefnd skilaði áliti sínu til fjárlaganefndar. Niðurstaða nefndarinnar varð sú að árin 1995 og 1996 yrði öllum arði sem Rarik skilar varið til framkvæmda við rafmagnsdreifikerfi í sveitum eða um 100 millj. kr. Jafnframt hefur stofnunin óskað eftir heimild til að veita 100 millj. kr. til viðbótar til styrkingar dreifikerfi í sveitum á næsta ári. Frá og með árinu 1997 mun 65% af arðgreiðslum Rarik verða varið til framkvæmda við dreifikerfi í sveitum og 5% í þróunarverkefni og 30% renna í ríkissjóð.

2. Iðntæknistofnun.

a. Fjármögnun verkefna.

Nefndin leggur áherslu á að fjármagn til stuðnings- og þróunarverkefna Iðntæknistofnunar verði ekki skert. Iðntæknistofnun á nú í viðræðum við iðnaðarráðuneytið um fjármögnun þessara verkefna og væntir iðnaðarnefnd þess að þær leiði til jákvæðrar niðurstöðu þar sem hér er um að ræða mikilvæga starfsemi sem nauðsynlegt er að sinna.

b. Viðhald bygginga.

Með stofnun Rannsóknarráðs Íslands árið 1994 tók Bygginga- og tækjasjóður við hlutverki Byggingarsjóðs rannsóknarstarfsemi í þágu atvinnuveganna. Ekki hefur verið gert ráð fyrir framlögum af fjárlögum til viðhalds húsbyggingum Iðntæknistofnunar þar sem slík framlög komu úr Byggingarsjóði sem og framlög til nýbygginga. Huga þarf að fjárveitingum til viðhalds á húsakosti stofnunarinnar í kjölfar þessara breytinga þannig að ekki þurfi að taka fé frá öðrum rekstrarliðum stofnunarinnar vegna viðhalds.

3. Orkustofnun.

Á síðustu tíu árum hefur starfsmannahald Orkustofnunar dregist verulega saman. Þar af leiðandi hefur stofnunin síður getað sinnt dýrum rannsóknum. Iðnaðarnefnd gerir ekki sérstakar athugasemdir við fjárveitingar til Orkustofnunar en minnir á stöðugt og áframhaldandi mikilvægi þeirra verkefna sem stofnunin vinnur að sem mörg hver eru langtímaverkefni.

4. Nefnd um starfsemi Orkustofnunar og Iðntæknistofnunar.

Iðnaðarráðherra hefur skipað nefnd sem ætlað er að kanna ýmsa þætti í starfsemi Orkustofnunar og Iðntæknistofnunar, m.a. hugsanlega sameiningu stofnananna, og er henni ætlað að skila skýrslu eigi síðar en í janúar á næsta ári. Iðnaðarnefnd mun kynna sér rækilega niðurstöður þessara nefndarstarfa þegar þær liggja fyrir.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum er fram kunna að koma.

Jóhanna Sigurðardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. nóv. 1995.

Stefán Guðmundsson, form.
Guðjón Guðmundsson.
Svavar Gestsson.
Sigríður A. Þórðardóttir.
Guðmundur Árni Stefánsson.
Viktor B. Kjartansson.
Drífa Sigfúsdóttir.
Katrín Fjeldsted.

Fylgiskjal VII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1996 (04 Landbúnaðarráðuneyti).

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

1. Inngangur.

Nefndin hefur farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. ákvæði 2. mgr. 25. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, og beiðni fjárlaganefndar frá 14. október 1995.

Nefndin fékk á sinn fund Ingimar Jóhannsson, deildarsérfræðing í landbúnaðarráðuneyti, og Ingólf Bender frá fjármálaráðuneyti. Þá komu á fund nefndarinnar Ari Teitsson formaður og Sigurgeir Þorgeirsson, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, Gísli Karlsson frá Framleiðsluráði landbúnaðarins, Árni Ísaksson veiðimálastjóri, Þröstur Eysteinsson frá Skógrækt ríkisins, Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri og Ólafur Guðmundsson frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Loks komu til fundar við nefndina Jón Bjarnason, skólastjóri Bændaskólans á Hólum, Magnús B. Jónsson, skólastjóri Bændaskólans á Hvanneyri, og Grétar Unnsteinsson, skólastjóri Garðyrkjuskóla ríkisins.

2. Jarðræktarframlög.

Vakin er athygli á því að í fjárlagafrumvarpinu er ekki gert ráð fyrir neinum framlögum samkvæmt jarðræktarlögum. Ekki hefur fengist fé fyrir fjölda styrkhæfra framkvæmda frá árunum 1992–94. Meiri hluti landbúnaðarnefndar beinir því til fjárlaganefndar að mikilvægt er að gera þessi framlög upp. Jarðræktarstyrkir eru inni í útreikningi á verðlagsgrunni búvara. Vinna er lögð í að taka út styrkhæf verkefni á hverju ári. Meiri hlutinn telur því mikilvægt að gera upp skuldir vegna jarðræktarstyrkja og móta verðstefnu til frambúðar.

3. Landgræðsla og skógrækt.

Meiri hluti landbúnaðarnefndar lýsir yfir áhyggjum af því að framlög til fyrirhleðslna lækka stöðugt. Matsnefndir fyrirhleðslna sem starfa í öllum sýslum landsins, samkvæmt lögum um landbrot af völdum fallvatna, nr. 43/1975, með síðari breytingum, hafa gert úttektir á þessum vanda í viðkomandi sýslum. Ljóst er að landeyðing er mest og hröðust á Suðurlandi, Austurlandi, Norðurlandi eystra og Norðurlandi vestra. Landgræðslan hefur raðað verkefnum í forgangsröð en hún breytist frá ári til árs. Fjögur brýnustu verkefnin nú eru við Markarfljót, Jökulsá á Dal, Skaftá og Jökulsá í Lóni. Meiri hluti landbúnaðarnefndar leggur áherslu á að gera þurfi langtímaáætlun um þessi mál og stefna að því að ákvörðunarvald og áætlanagerðir séu ekki á margra hendi.

Fulltrúi Skógræktarinnar lýsti því yfir að þar væru menn mótfallnir því að Rannsóknastöð Skógræktarinnar að Mógilsá yrði sameinuð Rannsóknastofnun landbúnaðarins og ekki talið að sameining Skógræktar ríkisins og Landgræðslunnar leiði til sparnaðar eða bættra rannsókna. Í sama streng tók landgræðslustjóri. Nú þegar er mikil samvinna fyrir hendi.

4. Veiðimálastofnun.

Veiðimálastjóri benti á að í fjárlagalið til Veiðimálastofnunar í frumvarpi til fjárlaga væri niðurskurður um 9% miðað við fjárlög 1995. Framlög til annarra stofnana, sem annast rannsóknir, t.d. Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, væru hins vegar einungis skorin niður um 2%. Með þessum niðurskurði taldi hann hætt við að landsbyggðardeildir yrðu verst úti.

5. Yfirdýralæknir.

Meiri hluti landbúnaðarnefndar bendir á að niðurskurður til embættis yfirdýralæknis hefur sætt gagnrýni og nemur lækkunin að raunvirði um 10% á milli ára. Ljóst þykir að draga verður úr allri starfsemi embættisins, m.a. rannsóknum á sjúkdómavörnum. Stefnt hafði verið að óbreyttum rekstri og því að bæta við einu stöðugildi til að auka eftirlit vegna skuldbindinga í tengslum við GATT-samninginn. Verkefni embættisins hafa einnig aukist við aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Efasemdir eru því m.a. um að skuldbindingum vegna GATT verði fullnægt nema þá með því að skera verulega niður aðra þætti í starfsemi embættisins.

6. Bændaskólar og Garðyrkjuskóli ríkisins.

Skólastjórar bændaskólanna á Hvanneyri og Hólum og Garðyrkjuskóla ríkisins lýstu yfir áhyggjum sínum yfir þeirri boðuðu stefnu að sameina rannsóknir í landbúnaði undir eina stofnun, Rannsóknamiðstöð landbúnaðarins. Þeir lögðu áherslu á hlutverk skólanna í þessu sambandi og að rannsóknarverkefni, sem þar er nú sinnt, verði ekki færð frá skólunum.

7. Loðdýrarækt.

Meiri hluti landbúnaðarnefndar telur að skoða þurfi vel stöðu loðdýraræktenda. Fulltrúar loðdýrabænda hafa sent nefndinni erindi og komið á hennar fund og gert grein fyrir fjárhagsörðugleikum þeirra. Í fyrsta sinn í mörg ár er eftirspurn eftir skinnum meiri en framboð. Meiri hluti nefndarinnar vill benda á að refarækt gengur núna án styrkja en minkaræktin hefur fengið umtalsvert fé í fóðurniðurgreiðslur. Nefndin telur að ef engar niðurgreiðslur fást samkvæmt fjárlögum eða frá Framleiðnisjóði gæti það valdið hruni greinarinnar.

Margrét Frímannsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 23. nóv. 1995.

Guðni Ágústsson, form.
Egill Jónsson.
Magnús Stefánsson.
Guðjón Guðmundsson.
Hjálmar Jónsson, með fyrirvara.
Árni M. Mathiesen, með fyrirvara.

Fylgiskjal VIII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1996 (04 Landbúnaðarráðuneyti).

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

1. Inngangur.

Nefndin hefur farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. ákvæði 2. mgr. 25. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, og beiðni fjárlaganefndar frá 14. október 1995.

Nefndin fékk á sinn fund Ingimar Jóhannsson, deildarsérfræðing í landbúnaðarráðuneyti, og Ingólf Bender frá fjármálaráðuneyti. Þá komu á fund nefndarinnar Ari Teitsson formaður og Sigurgeir Þorgeirsson, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, Gísli Karlsson frá Framleiðsluráði landbúnaðarins, Árni Ísaksson veiðimálastjóri, Þröstur Eysteinsson frá Skógrækt ríkisins, Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri og Ólafur Guðmundsson frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Loks komu til fundar við nefndina Jón Bjarnason, skólastjóri Bændaskólans á Hólum, Magnús B. Jónsson, skólastjóri Bændaskólans á Hvanneyri, og Grétar Unnsteinsson, skólastjóri Garðyrkjuskóla ríkisins.

2. Skólamál.

Minni hluti nefndarinnar telur rétt að fjárveitingar verði auknar til sérskóla landbúnaðarins, þ.e. bændaskólanna og Garðyrkjuskólans, að því tilskildu að samvinna verði mikil milli skólanna eins og nú er, rannsóknir samhæfðar og skólarnir verði ótvírætt hluti stefnumörkunar á sviði menntamála, svo sem háskólamenntunar.

3. Rannsóknir.

Brýnt er að sameina rannsóknir í landbúnaði eins og hægt er, m.a. með samvinnu og/eða sameiningu stofnana.

4. Landgræðsla og skógrækt.

Því er beint til fjárlaganefndar að kanna ítarlega hagkvæmni þess að sameina Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins.

5. Yfirdýralæknir.

Minni hluti nefndarinnar telur rétt að fjárveitingar verði auknar til embættis yfirdýralæknis vegna skuldbindinga í tengslum við GATT-samninginn. Verkefnum embættisins hefur einnig fjölgað við aðild okkar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

6. Búvörusamningur.

Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu eru verulegar samkvæmt frumvarpinu en það mál er í vinnslu í tengslum við frumvarp til laga um breytingar á búvörulögum, nr. 99/1993, með síðari breytingum, vegna staðfestingar á nýjum búvörusamningi. Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu eru 2.612 millj. kr. á næsta ári. Hér er um verulegar fjárhæðir að ræða og er tímabært að endurskoða fyrirkomulag opinberra framlaga vegna mjólkurframleiðslu.

7. Fyrirhleðslur.

Minni hluti nefndarinnar bendir á að Vegagerðin ætti að koma meira að málum er varða fyrirhleðslur en það er brýnt verkefni eins og fram kom á fundum nefndarinnar.

8. Ýmislegt.

Umtalsverðum fjármunum er varið til Bændasamtaka Íslands. Ástæða er til að endurskoða stoðkerfi landbúnaðarins og tengsl þess við ríkisvaldið. Jafnframt er því varpað fram hvort nauðsynleg starfsemi Hagþjónustu landbúnaðarins ætti betur heima innan Þjóðhagsstofnunar og Hagstofu Íslands.

Alþingi, 23. nóv. 1995.

Ágúst Einarsson.
Lúðvík Bergvinsson.

Fylgiskjal IX.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1996 (02 Menntamálaráðuneyti).

Frá menntamálanefnd.

Menntamálanefnd hefur skv. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og í samræmi við beiðni fjárlaganefndar, sbr. bréf dags. 14. október 1995, farið yfir þann kafla frumvarps til fjárlaga sem er á hennar málefnasviði.

Nefndin fékk á sinn fund frá menntamálaráðuneyti Örlyg Geirsson skrifstofustjóra og Ólaf Darra Andrason deildarsérfræðing og frá fjármálaráðuneyti Leif Eysteinsson deildarstjóra. Þá komu á fund nefndarinnar frá Stúdentaráði Háskóla Íslands þeir Guðmundur Steingrímsson formaður og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson lánasjóðsfulltrúi og frá Lánasjóði íslenskra námsmanna Lárus Jónsson framkvæmdastjóri og Gísli Fannberg deildarstjóri.

Þeir fjárlagaliðir, sem snúa að menntamálum, voru ítarlega ræddir á fundum nefndarinnar.

Menntamálanefnd telur gagnlegt að fara yfir frumvarp til fjárlaga með þeim hætti sem nú er gert þar sem við yfirferð koma fram upplýsingar sem veita nefndinni betri yfirsýn yfir málefnasvið sitt. Nefndin gerir ekki tillögur um breytingar á einstökum liðum frumvarpsins en bendir á eftirfarandi atriði sem komu fram í máli gesta er komu á fund nefndarinnar:

Í máli fulltrúa frá Lánasjóði íslenskra námsmanna kom fram að skipuð hefur verið nefnd sem vinnur að endurskoðun laga um lánasjóðinn. Þá er komin fram skýrsla Ríkisendurskoðunar um lánasjóðinn sem varpar ljósi á fjárhagsstöðu sjóðsins. Í ljósi þessa þykir ekki ástæða til að fjalla nánar um málefni lánasjóðsins að svo stöddu.

Fulltrúar stúdenta sem komu á fund nefndarinnar lýstu áhyggjum sínum yfir því að framlög til Rannsóknarnámssjóðs og Nýsköpunarsjóðs námsmanna hafa verið skert nokkuð frá síðasta ári. Sjóðir þessir, sem eru nýjungar, hafa sannað gildi sitt og er ástæða til að styrkja þá frekar. Þá eru hugmyndir um aðstoðarmannakerfi við Háskóla Íslands athyglisverðar en þær þykja líklegar til að stuðla að því að kennarar hljóti meira svigrúm til rannsókna, stúdentar öðlist reynslu sem nýtist þeim á vinnumarkaði eða í framhaldsnámi og gæti slíkt kerfi að einhverju leyti minnkað þörf nemenda fyrir lán úr Lánasjóði íslenskra námsmanna.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að gera nánar grein fyrir afstöðu sinni í umræðum um frumvarpið og flytja við það breytingartillögur.

Tómas Ingi Olrich var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 23. nóv. 1995.

Sigríður A. Þórðardóttir, form.
Ólafur Örn Haraldsson.
Drífa Sigfúsdóttir.
Bryndís Hlöðversdóttir.
Arnbjörg Sveinsdóttir.
Lúðvík Bergvinsson.
Árni Johnsen.
Guðný Guðbjörnsdóttir.

Fylgiskjal X.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1996 (10 Samgönguráðuneyti).

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. ákvæði 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis.

Nefndin fékk á sinn fund Jón Birgi Jónsson, ráðuneytisstjóra í samgönguráðuneytinu. Þá komu til fundar við nefndina Helgi Hallgrímsson vegamálastjóri og Jón Rögnvaldsson frá Vegagerð ríkisins, Hermann Guðjónsson, vita- og hafnamálastjóri, og Benedikt Árnason, viðskiptafræðingur frá Vita- og hafnamálastofnun, Þorgeir Pálsson flugmálastjóri, Haukur Hauksson og Jóhann Jónsson frá Flugmálastjórn og loks Magnús Oddsson framkvæmdastjóri og Birgir Þorgilsson frá Ferðamálaráði.

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir umtalsverðum niðurskurði til allra helstu framkvæmdaflokka samgöngumála og er það verulegt áhyggjuefni.

Niðurskurður til vegamála samkvæmt frumvarpinu er um 700 millj. kr. miðað við vegáætlun en um 350 millj. kr. miðað við síðustu fjárlög. Heildarfjárframlög til rekstrar Vegagerðarinnar og hvers konar framkvæmda í vegamálum voru á fjárlögum þessa

árs 7.425 millj. kr. en samsvarandi fjárhæð í fjárlagafrumvarpinu er 6.913 millj. kr., þar af er gert ráð fyrir að framlög til reksturs ferja og flóabáta séu óbreytt milli ára.

Framlög til vita- og hafnamála lækka um 91,5 millj. kr. frá fjárlögum ársins í ár í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1996. Heildarframlög samkvæmt núgildandi fjárlögum nema 783,6 millj. kr. en fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir 692,1 millj. kr. Ljóst er að ef litið er til lengri tíma hafa framlög til framkvæmda í hafnarmálum dregist verulega saman og því blasir við að fresta verður framkvæmdum á næsta ári miðað við óbreytta fjárlagatölu. Þess ber að geta að gerð hefur verið úttekt á stöðu 60 hafnarsjóða og í ljós kom að 34 hafnarsjóðir hafa enga eða litla fjárhagslega getu til að standa við heimahluta framkvæmda og þar að auki er í 27 tilfella veikur sveitarsjóður á bak við hafnarsjóð.

Framlög til framkvæmda og reksturs flugvalla eru samkvæmt fjárlagafrumvarpinu 501,3 millj. kr., þar af 203 millj. kr. til framkvæmda. Fulltrúar Flugmálastjórnar lýstu yfir áhyggjum vegna niðurskurðar til flugmála. Ljóst er að fresta verður framkvæmdum við ýmsa flugvelli vegna fjárskorts ef tekið er mið af fjárlagafrumvarpinu. Fjárveitingar til framkvæmda verða 150 millj. kr. lægri en í gildandi fjárlögum og 190 millj. kr. lægri en tekjustofnar flugáætlunar gera ráð fyrir sem er um 50% niðurskurður. Fram undan eru mörg brýn verkefni og ber þar hæst stórverkefni á Reykjavíkurflugvelli sem orðið er mjög aðkallandi.

Framlög til Ferðamálaráðs hafa ekki haldið raungildi sínu á undanförnum árum. Heildarframlögin eru samkvæmt fjárlagafrumvarpinu 115,2 millj. kr. Sérstakar fjárveitingar til landkynningar hafa þó auðveldað að halda uppi starfseminni. Mikilvægt er að verja fjármagni til rannsókna og þróunarstarfsemi í ferðamálum. Það er álit samgöngunefndar að forsenda fyrir aukinni sókn í ferðamálum sé að þeim málum verði betur sinnt.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að gera nánar grein fyrir afstöðu sinni í umræðu um fjárlagafrumvarpið og flytja við það breytingartillögur.

Alþingi, 24. nóv. 1995.

Einar K. Guðfinnsson, form.
Magnús Stefánsson.
Árni Johnsen.
Stefán Guðmundsson.
Egill Jónsson.
Kristján Pálsson.
Guðmundur Árni Stefánsson.
Ásta R. Jóhannesdóttir.
Ragnar Arnalds.

Fylgiskjal XI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1996 (05 Sjávarútvegsráðuneyti).

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur að beiðni fjárlaganefndar, sbr. bréf frá 14. október sl., farið yfir þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði. Nefndin fékk á sinn fund frá sjávarútvegsráðuneyti Árna Kolbeinsson ráðuneytisstjóra og Arndísi Steinþórsdóttur skrifstofustjóra. Þá komu á hennar fund Jakob Jakobsson, Jóhann Sigurjónsson og Vignir Thoroddsen frá Hafrannsóknastofnun, Grímur Valdimarsson og Jón Heiðar Ríkharðsson frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og loks Bjarni Kr. Grímsson, Hjörtur Gíslason og Kristján Loftsson frá Fiskifélagi Íslands.

Þeir fjárlagaliðir sem snúa að sjávarútvegsmálum voru ítarlega ræddir á fundum nefndarinnar.

Í máli fulltrúa Hafrannsóknastofnunar kom fram eindregin ósk um fjárveitingu til að hleypa af stokkunum sérstöku „haustralli“ og „þorsknetaralli“ sem lið í að efla stofnrannsóknir. Þá telur stofnunin brýnt að efla rannsóknir á djúpslóð vegna síaukinna úthafs- og djúpvatnsveiða. Sjávarútvegsnefnd er hlynnt báðum þessum verkefnum og telur mikilvægt að reynt verði að koma til móts við óskir stofnunarinnar að þessu leyti. Á fundi nefndarinnar með Hafrannsóknastofnun var spurt um stöðu rannsókna á áhrifum mismunandi veiðarfæra á lífríkið. Í ljós kom að stofnunin hefur haft lítið bolmagn til að sinna þeim rannsóknum og telur sjávarútvegsnefnd það miður. Í þessu sambandi má minna á umfjöllun í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar um öflugar líffræði- og hagkvæmnirannsóknir og nauðsyn þess að bæta umgengni um auðlindir sjávar, sem og að í verkefnaskrá sjávarútvegsráðuneytisins frá 20. apríl 1995 er sérstaklega vikið að samanburðarrannsóknum á áhrifum mismunandi veiðarfæra. Nefndin telur kominn tíma til að huga að endurnýjun á skipakosti Hafrannsóknastofnunar, en til að geta sinnt rannsóknum á djúpslóð er nauðsynlegt að fá stærra og öflugra rannsóknaskip.

Fulltrúar Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins sem og ráðuneytisins lögðu áherslu á nauðsyn þess að vinna meira að rannsóknum á nýtingu vannýttra tegunda. Sérstaklega var bent á nauðsyn sýnatöku og rannsókna vegna fyrirhugaðra nytja á kúfiski. Nefndin tekur undir að það sé slæmt að skortur á fé til nauðsynlegra rannsókna og sýnatöku hamli nýtingu vannýttra fisktegunda og *leggur því til að stofnunin fái aukið fé til þessa á næsta ári, a.m.k. 3–5 millj. kr.* Þá bentu fulltrúar stofnunarinnar á að mörg helstu viðskiptalönd Íslands gerðu sífellt meiri heilbrigðiskröfur og kröfur um upplýsingar í sambandi við kaup á sjávarfangi. Nauðsynlegt væri að fylgja þessari þróun og efla rannsóknir á lífríki sjávar og ýmsum umhverfisþáttum.

Sjávarútvegsnefnd telur að undirbúa þurfi betur fyrirhuguð útboð á upplýsingaöflun sem minnst er á í lið 1 42 í frumvarpinu og eyða þeirri óvissu sem þetta mál skapar fyrir Fiskifélag Íslands. Nefndin beinir þeim tilmælum til fjárlaganefndar að hún skoði þetta mál vel með ráðuneytinu og Fiskifélaginu áður en gengið verður endanlega frá fjárlögum næsta árs. Sjávarútvegsnefnd telur jafnframt að sjóvinnukennsluverkefnið, sem Fiskifélagið óskar eftir stuðningi við, sé mjög þarft málefni og því nauðsynlegt að fjárlaganefnd leiti leiða til að styðja við það verkefni. Nefndin telur hins vegar að nauðsynlegt

sé að endurskoða tilhögun starfsmenntunar og námskeiðahalds sem tengist sjávarútveginum og bendir á áherslur í framhaldsskólafrumvarpi um að efla verkmenntun innan skólanna í samvinnu við atvinnulífið. Þá leggur nefndin áherslu á að Fiskifélagið fái áframhaldandi stuðning til reksturs tæknideildar þar sem sú starfsemi sem þar fer fram, m.a. rannsóknir á toggetu fiskiskipa, er sérlega mikilvæg fyrir togveiðar í heild sinni og ekki fyrirsjáanlegt hver mundi annast slíkar rannsóknir ef frekari fjárstyrkur verður ekki veittur. Sjávarútvegsnefnd gerir þá *tillögu að Fiskifélagið fái 5 millj. kr. til reksturs tæknideildarinnar á næsta ári.*

Þá vill sjávarútvegsnefnd taka undir það sem fram kom bæði hjá Hafrannsóknastofnun og sjávarútvegsráðuneyti að mjög mikilvægt er að halda áfram rannsókna- og tilraunastarfi á klaki og eldi lúðu. Þar geta legið miklir möguleikar í framtíðinni og íslenskir vísindamenn hafa þegar náð árangri sem skipar okkur í fremstu röð. Þessu starfi verður að fylgja eftir, m.a. með stuðningi við eldistilraunir sem nú er komin röðin að.

Loks vill sjávarútvegsnefnd vekja athygli fjárlaganefndar á því að fjárlagaliðinn 1 41, Lúðueldi á Reykjanesi, væri réttara að nefna t.d. „Tilraunastöðin á Stað" miðað við að sú starfsemi sem nú fer þar fram er alls ekki bundin við lúðueldi.

Alþingi, 22. nóv. 1995.

Steingrímur J. Sigfússon, form.
Stefán Guðmundsson.
Guðmundur Hallvarðsson.
Svanfríður Jónasdóttir.
Ólafur Hannibalsson.
Drífa Sigfúsdóttir.
Sighvatur Björgvinsson.
Vilhjálmur Egilsson.
Viktor B. Kjartansson.

Fylgiskjal XII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1996 (14 Umhverfisráðuneyti).

Frá umhverfisnefnd.

Umhverfisnefnd hefur skv. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og í samræmi við bréf fjárlaganefndar frá 14. október 1995 farið yfir þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem snýr að hennar málefnasviði.

Nefndin fékk til viðræðna við sig Þórð H. Ólafsson, skrifstofustjóra í umhverfisráðuneyti, og skýrði hann þá liði frumvarpsins sem varða ráðuneytið og stofnanir þess. Þá kom á fund nefndarinnar Magnús Jónsson veðurstofustjóri. Einnig átti nefndin fund með Náttúruverndarráði og starfsmönnum þess um þann hluta fjárlagafrumvarps sem að ráðinu snýr.

Nefndin gerir ekki formlegar breytingartillögur við einstaka liði þess þáttar fjárlagafrumvarpsins sem heyrir undir málefnasvið hennar en leggur áherslu á eftirfarandi atriði:

Fulltrúar Náttúruverndarráðs vöktu athygli umhverfisnefndar á því að áætlað framlag til almenns reksturs ráðsins dugar ekki til að ráðið geti rækt nægilega vel það hlutverk sem því er ætlað í lögum. Kom fram í máli þeirra að 3–5 millj. kr. vantar til að hægt sé að sinna þeim verkefnum sem nauðsynlegt er að ljúka eða hefja vinnu við á árinu. Er þar m.a. um að ræða verndaráætlanir fyrir Jökulsárgljúfur og Skaftafell, rannsóknir og uppbyggingu hverasvæðisins við Geysi og skipulagningu friðlýsts svæðis á Búðum. Beinir nefndin því til fjárlaganefndar að þetta verði skoðað sérstaklega.

Að því er varðar fjárhagsvanda Hollustuverndar ríkisins vísar nefndin til þess að fulltrúar frá fjárlaganefnd og umhverfisráðuneyti vinna nú að lausn málsins. Í ljósi þess þykir nefndinni ekki ástæða til að fjalla nánar um málið að svo stöddu.

Fram kom í máli veðurstofustjóra að skortur á rekstrarfé hamlar því að Veðurstofa Íslands geti tekið tilboðum sem borist hafa stofnuninni um fjármögnun og uppsetningu á jarðskjálftamælum víðs vegar um landið. Þá benti hann einnig á að vegna aukinnar eftirspurnar væru veðurspár orðnar markaðsvara sem skilað gætu verulega auknum sértekjum í framtíðinni, en vegna skorts á stofnfjármagni væri ekki hægt að nýta þessa nýju markaðsmöguleika. Var það mat hans að í verkefnið þyrfti að leggja u.þ.b. 10 millj. kr. á ári næstu tvö til þrjú ár. Vekur umhverfisnefnd athygli fjárlaganefndar á málinu.

Loks beinir umhverfisnefnd því til fjárlaganefndar að nefndin taki til greina þá ósk veðurstofustjóra að Veðurstofunni verði veitt 3,5 millj. kr. framlag á fjáraukalögum ársins 1995 vegna kostnaðarauka er orðið hefur af aukinni veðurþjónustu við snjóflóðasvæði og snjóflóðaeftirliti á Vestfjörðum, auk þess sem kostnaður af framkvæmdum við húsnæði reyndist hærri en gert var ráð fyrir.

Tómas Ingi Olrich og Hjörleifur Guttormsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. nóv. 1995.

Ólafur Örn Haraldsson, form.
Gísli S. Einarsson.
Árni M. Mathiesen, með fyrirvara.
Ísólfur Gylfi Pálmason.
Kristín Halldórsdóttir.
Katrín Fjeldsted.
Ólafur Hannibalsson.

Fylgiskjal XIII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1996 (03 Utanríkisráðuneyti).

Frá utanríkismálanefnd.

Utanríkismálanefnd hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. þingskapa og bréf fjárlaganefndar frá 14. október 1995. Nefndin fékk á sinn fund til viðræðna um málið Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra og Benedikt Jónsson, skrifstofustjóra í utanríkisráðuneytinu.

Í framhaldi af þeirri umræðu, sem varð um málið í nefndinni, vill hún vekja athygli á eftirfarandi atriðum:

1. Á liðnu kjörtímabili fjallaði nefndin nokkuð um málefni Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og hefur ákveðið að skoða þau sérstaklega áfram. Nefndin leggur áherslu á að rekstri flugstöðvarinnar verði þannig hagað að tryggt sé að hún standi undir þeim lánum er á henni hvíla og verði ekki fjárhagslegur baggi á ríkissjóði. Enn fremur mun nefndin kynna sér vegabréfaeftirlit og tollskoðun í stöðinni og hugsanleg áhrif hins svonefnda „Schengen-samkomulags“ á þá þætti og á fjármál stöðvarinnar.
2. Nefndarmenn ræddu nokkuð framlög Íslands til þróunarmála en þau verða samkvæmt frumvarpinu 264,4 millj. kr. og lækka um 13,4 millj. kr. milli ára. Framlög til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands verða 152,6 millj. kr. og lækka um 8 millj. kr. en framlög til þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi verða 111,8 millj. kr. og lækka um 5,4 millj. kr. á milli ára. Nefndarmenn minna á að vorið 1985 samþykkti Alþingi þingsályktun þess efnis að Íslendingar skyldu á næstu sjö árum þar á eftir ná því marki að verja 0,7% af vergri landsframleiðslu til þróunaraðstoðar á hverju ári. Langt er í land með að þetta markmið náist. Nefndin fagnar því að áætlað er að veita 3,5 millj. kr. til Sjávarútvegsháskóla Sameinuðu þjóðanna.
3. Nefndin vekur athygli á erindi Menntastofnunar Íslands og Bandaríkjanna, Fulbright-stofnunarinnar, þar sem farið er fram á hækkun framlags um 2,5 millj. kr. Nefndin telur æskilegt, ekki síst í ljósi sívaxandi tengsla við Evrópu, að styrkja eftir megni fjárhagsgrundvöll tengsla Íslands og Bandaríkjanna á sviði menntamála.
4. Nefndarmenn eru almennt sammála um að tímabært sé orðið að endurskoða lög nr. 39/1971, um utanríkisþjónustu Íslands, og vænta þess að eiga samstarf við utanríkisráðuneytið um slíka endurskoðun.
5. Að lokum mælist nefndin til þess að hugsanleg aðild Íslands að Norður-Suðurstofnun Evrópuráðsins, sem staðsett er í Portúgal, verði könnuð. Talið er að árlegur kostnaður geti numið um 300.000 kr.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum er fram kunna að koma við þá hluta fjárlagafrumvarpsins er undir nefndin heyra.

Tómas Ingi Olrich var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. nóv. 1995.

Geir H. Haarde, form.
Ólafur Ragnar Grímsson.
Siv Friðleifsdóttir.
Jóhanna Sigurðardóttir.
Össur Skarphéðinsson.
Ólafur Örn Haraldsson.
Vilhjálmur Egilsson.
Árni M. Mathiesen, með fyrirvara.

347. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1996.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, StB, ÁJ, ÁMM, ÍGP, HjálmJ, ArnbS).

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 00-101 Embætti forseta Íslands. 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „49.000“ kemur	51.400
2. Við 4. gr. 00-201 Alþingi.	
a. Við 101 Alþingiskostnaður.	
Fyrir „296.500“ kemur	304.300
b. Við 102 Aðalskrifstofa.	
Fyrir „51.900“ kemur	52.400
c. Við 103 Þingmálaskrifstofa.	
Fyrir „121.000“ kemur	122.000
d. Við 104 Rekstrarskrifstofa.	
Fyrir „168.400“ kemur	175.600
3. Við 4. gr. 00-610 101 Umboðsmaður Alþingis.	
Fyrir „27.900“ kemur	32.800
4. Við 4. gr. 01-190 Ýmis verkefni. 123 Hrafnseyri.	
Fyrir „1.500“ kemur	3.000
5. Við 4. gr. 02-221 Kennaraháskóli Íslands. 105 Kennsla.	
Fyrir „157.700“ kemur	159.700

Þús. kr. Þús. kr.

6. Við 4. gr. 02-269 521 og 621 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður (02-269 521 og 621).

1.	Háskólinn á Akureyri,	
	tæki og búnaður	8.000
	endurbætur	15.000
	nýbyggingar	5.000
2.	Tilraunastöðin Keldum,	
	endurbætur	10.000
	fisksjúkdómahús	7.000
3.	Kennaraháskóli Íslands,	
	viðhald	10.000
	Varmaland	8.000
	nýbygging	5.000
	kaup á tækjum	8.000
4.	Stofnun Árna Magnússonar	1.000
5.	Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	5.000
6.	Tækniskóli Íslands	1.000
7.	Norræna eldfjallastöðin	40.000
		123.000

7. Við 4. gr. 02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi. 115 Nýsköpunarsjóður.
   Fyrir „10.000“ kemur 15.000
8. Við 4. gr. 02-318 Framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður.
   a. Við 590 Viðhald.
      Fyrir „166.000“ kemur 156.000
   b. Við 690 Byggingarframkvæmdir.
      Fyrir „560.000“ kemur 555.000
   c. Sundurliðun 590 Viðhald og 690 Byggingarframkvæmdir kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Þús. kr.

Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður (02-318 590 og 690).

Reykjavík:

1.	Menntaskólinn í Reykjavík, viðhald	5.000
2.	Menntaskólinn við Hamrahlíð, viðhald	5.000
3.	Menntaskólinn við Sund, viðhald	4.000
4.	Kvennaskólinn í Reykjavík, viðhald	5.000
5.	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, viðhald	18.000
6.	Fjölbrautaskólinn Ármúla, viðhald	3.000
7.	Sjómannaskólahúsið, viðhald	15.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
8. Fósturskóli Íslands, viðhald	3.000	
9. Myndlista- og handíðaskóli Íslands, viðhald	2.000	
10. Iðnskólinn í Reykjavík, viðhald	20.000	
11. Skóli í Borgarholti, nýbygging	127.588	
		207.588
Reykjanes:		
1. Menntaskólinn í Kópavogi,		
viðhald	7.000	
nýbygging	50.825	
búnaður	30.000	
2. Flensborg, Hafnarfirði, viðhald	6.000	
3. Fjölbrautaskóli Suðurnesja,		
viðhald	2.000	
byggingarframkvæmdir	33.806	
4. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ,		
viðhald	1.000	
byggingarframkvæmdir	49.040	
5. Iðnskólinn í Hafnarfirði, viðhald	1.000	
		180.671
Vesturland:		
Fjölbrautaskóli Vesturlands, Reykholti,		
viðhald	5.000	
		5.000
Vestfirðir:		
Framhaldsskóli Vestfjarða,		
verknámshús	10.000	
viðhald	3.000	
		13.000
Norðurland vestra:		
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra,		
byggingarframkvæmdir, bóknámshús	16.907	
bóknámshús, 2. áfangi	4.800	
uppgjör, heimavist o.fl.	3.000	
viðhald	1.000	
		25.707
Norðurland eystra:		
1. Menntaskólinn á Akureyri, viðhald	2.000	
2. Verkmenntaskólinn á Akureyri,		
viðhald	2.000	
byggingarframkvæmdir VMA og MA	50.000	

	Þús. kr.	Þús. kr.
3. Framhaldsskólinn á Laugum,		
viðhald	13.000	
sundlaug	2.000	
4. Framhaldsskólinn á Húsavík, viðhald	1.000	
		70.000
Austurland:		
1. Menntaskólinn á Egilsstöðum, Eiðar,		
viðhald	15.000	
íþróttahús	9.071	
2. Verkmenntaskóli Austurlands,		
bóknámsbygging	3.000	
verknámsbygging	20.000	
3. Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu,		
viðhald	1.000	
		48.071
Suðurland:		
1. Skólar á Laugarvatni, byggingar-		
framkvæmdir	45.000	
2. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum,		
byggingarframkvæmdir	20.920	
3. Fjölbrautaskóli Suðurlands,		
viðhald	5.000	
byggingarframkvæmdir	43.369	
4. Héraðsskólinn Skógum, hitaveita	2.400	
		116.689
Viðhaldskostnaður vegna leigutekna, óskipt		30.000
Héraðsskólar, viðhald		6.000
Óskipt, viðhald		8.274
		711.000
9. Við 4. gr. 02-506 Vélskóli Íslands. Nýr liður:		
601 Tæki og búnaður		3.000
10. Við 4. gr. 02-514 Iðnskólinn í Reykjavík. Nýr liður:		
601 Tæki og búnaður		3.000
11. Við 4. gr. 02-872 101 Lánasjóður íslenskra námsmanna.		
Fyrir „1.400.000“ kemur		1.450.000
12. Við 4. gr. 02-902 Þjóðminjasafn Íslands.		
a. Við 101 Almennur rekstur.		
Fyrir „85.300“ kemur		90.300
b. Við 110 Byggða- og minjasöfn.		
Fyrir „14.300“ kemur		15.800

		Þús. kr.	Þús. kr.
13.	Við 4. gr. 02-903 Þjóðskjalasafn Íslands. 111 Héraðsskjalasöfn. Fyrir „3.000“ kemur		4.000
14.	Við 4. gr. 02-909 101 Blindrabókasafn Íslands. Fyrir „30.500“ kemur		32.500
15.	Við 4. gr. 02-919 190 Söfn, ýmis framlög. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		
	Söfn, ýmis framlög (02-919 190).		
	1. Sjávargarðurinn á Akranesi	300	
	2. Botndýrasafn í Sandgerði	400	
	3. Minjasafnið á Hofsósi	2.000	
			2.700
16.	Við 4. gr. 02-969 621 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður.		
	a. Fyrir „415.000“ kemur		330.000
	b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		
	Menningarstofnanir (02-969 621).		
	1. Þjóðarbókhlaða	150.000	
	2. Þjóðminjasafn Íslands	54.000	
	3. Þjóðskjalasafn Íslands	20.000	
	4. Þjóðleikhús	15.000	
	5. Listasafn Íslands	15.000	
	6. Verndun gamalla húsa	25.000	
	7. Byggðasöfn	15.000	
	8. Stýrimannaskólinn við Öldugötu	8.500	
	9. Langabúð	3.500	
	10. Listasafn Einars Jónssonar	2.000	
	11. Safnahúsið við Hverfisgötu	2.000	
	12. Listaháskóli	20.000	
			330.000
17.	Við 4. gr. 02-974 101 Sinfóníuhljómsveit Íslands. Fyrir „113.000“ kemur		116.000
18.	Við 4. gr. 02-979 610 Húsafriðunarsjóður. Fyrir „10.500“ kemur		15.500
19.	Við 4. gr. 02-980 601 Listskreytingasjóður. Fyrir „4.000“ kemur		8.000
20.	Við 4. gr. 02-982 190 Listir. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		
		Þús. kr.	
	Listir (02-982 190).		
	1. Samtök íslenskra myndlistarmanna	1.000	
	2. Leikbrúðuland	1.000	

	Þús. kr.	Þús. kr.
3. Kammersveit Reykjavíkur	1.300	
4. Sumartónleikar Skálholtskirkju	1.300	
5. Íslenska brúðuleikhúsið	400	
6. Samband íslenskra lúðrasveita	300	
7. Íslensk tónverkamiðstöð	5.600	
8. Íslenski arkitektaskólinn	1.000	
9. Sumartónleikar Norðurlandi	500	
10. Djassklúbbur Egilsstaða	300	
11. Útileikhúsið	400	
12. Listvinafélag Vestmannaeyja	300	
13. Skaftárhreppur, tónleikahald á Kirkjubæjarklaustri	300	
14. Samtök íslenskra skólalúðrasveita	300	
Óskipt	32.500	
		46.000

21. Við 4. gr. 02-983 110 Fræðistörf. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

	Þús. kr.	
Fræðistörf (02-983 110).		
1. Hið íslenska bókmenntafélag	1.000	
Óskipt	1.300	
		2.300

22. Við 4. gr. 02-988 Æskulýðsmál.
a. Við 110 Æskulýðsráð ríkisins.
Fyrir „1.500“ kemur 2.000
b. Við 190 Æskulýðsmál. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

	Þús. kr.	
Æskulýðsmál (02-988 190).		
1. Landssamband hestamannafélaga	700	
2. Alþjóðlegar sumarbúðir barna á Íslandi	400	
3. Skátaskólinn að Úlfljótsvatni	1.500	
4. Fræðslustarfsemi KFUM, Vatnaskógi	1.500	
Óskipt	1.900	
		6.000

23. Við 4. gr. 02-989 Ýmis íþróttamál.
a. Við 111 Ólympíunefnd Íslands.
Fyrir „3.000“ kemur 8.000
b. Við 116 Íþróttafélög.
1. Fyrir „14.500“ kemur 14.800

	Þús. kr.	Þús. kr.
2. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		
Íþróttafélög (02-989 116).		
Reykjanes:		
1. Knattspyrnufélagið Haukar, vökvunarbúnaður	300	
2. Frjálsíþróttadeild FH, keppniskastbúr	200	
3. Ungmennafélag Bessastaðahrepps, grasvöllur	200	
4. Tennisfélag Kópavogs, aðstöðuhús og tæki	300	
5. Siglingafélagið Ýmir, seglbátar	200	
6. Fimleikadeild Keflavíkur, kaup á tækjum	200	
7. Golfklúbbur Vatnsleysustrandar, golfskáli	250	
8. Golfklúbbur Sandgerðis, vallarsvæði	250	
9. Golfklúbbur Ness, golfvöllur	250	
		2.150
Reykjavík:		
1. Siglingafélag Reykjavíkur, björgunarbátur	200	
2. Knattspyrnufélagið Víkingur, íþróttahús	300	
3. Íþróttafélagið Leiknir, gervigras og tæki	300	
4. Fimleikadeild Ármanns, kaup á tækjum	300	
5. Íþróttafélag Reykjavíkur, kaup á tækjum	300	
6. Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík, kurling-sett	200	
		1.600
Vesturland:		
1. Ungmennafélagið Dagrenning, sundlaug	200	
2. Golfklúbburinn Leynir, brautarsláttuvél	200	
3. Ungmennafélagið Reynir, íþróttasvæði	200	
4. Ungmennafélagið Þröstur, íþróttavöllur	100	
5. Golfklúbburinn Mostri, golfvöllur	300	
		1.000
Vestfirðir:		
1. Golfklúbbur Bíldudals, golfskáli	300	
2. Íþróttafélagið Hörður, íþróttavöllur	300	
3. Golfklúbbur Patreksfjarðar, aðstaða	200	
4. Golfklúbbur Bolungarvíkur, golfvöllur og skáli	300	
5. Golfklúbburinn Gláma, golfvöllur í Meðaldal	300	
6. Golfklúbbur Ísafjarðar, áhaldakaup	300	
		1.700

	Þús. kr.	Þús. kr.
Norðurland vestra:		
1. Ungmennafélagið Hvöt, íþróttavöllur	300	
2. Golfklúbbur Skagastrandar, áhaldageymsla	300	
3. Ungmennafélagið Grettir, íþróttavöllur	100	
4. Ungmennafélagið Vorboðinn, vallarhús	300	
5. Ungmennafélagið Geisli, völlur á Húnavöllum	200	
		1.200
Norðurland eystra:		
1. Íþróttafélagið Þór, æfinga- og leikaðstaða	300	
2. Ungmennafélagið Snörtur, íþróttavöllur	200	
3. Golfklúbbur Húsavíkur, Kötluvellir, kaup á tækjum	200	
4. Akur – íþróttafélag fatlaðra, kaup á tækjum	200	
5. Ungmennafélag og íþróttasamband Ólafsfjarðar, félagsaðstaða, kaup á tækjum	500	
6. Skotfélag Akureyrar, riffil- og skammbyssusvæði	200	
7. Ungmennafélagið Æskan, vallaraðstaða	200	
8. Skautafélag Akureyrar, tímaklukka	300	
		2.100
Austurland:		
1. Siglingaklúbburinn Aldan, öryggisbátur	200	
2. Ungmennafélagið Súlan, vallarsvæði og tæki	200	
3. Golfklúbbur Norðfjarðar, golfvöllur, skáli og tæki	300	
4. Ungmennafélagið Þristur, íþróttasvæði	200	
5. Íþróttafélagið Höttur, skíðaskálar	300	
6. Ungmennfélagið Neisti, kaup á tækjum	200	
7. Ungmennafélag og íþróttafélag Bakkafjarðar, íþróttavöllur	300	
8. Ungmennafélagið Huginn Seyðisfirði, íþróttavöllur	300	
		2.000
Suðurland:		
1. Íþróttafélagið Hamar, frjálsíþróttaaðstaða	300	
2. Ungmennafélagið Hekla, knattspyrnuvöllur og hlaupabraut	300	
3. Golfklúbbur Selfoss, golfvöllur og aðstaða	300	
4. Ungmennafélagið Ármann, aðstöðuhús	300	
5. Golfklúbburinn Dalbúi, kaup á tækjum	300	

	Þús. kr.	Þús. kr.
6. Golfklúbbur Hveragerðis, kaup á tækjum	300	
7. Golfklúbbur Vestmannaeyja, golfvöllur og áhaldakaup	300	
		2.100
Aðstoð og leiðbeiningar við framkvæmdir íþróttafélaga		800
Ófyrirséð		150
		14.800

c. Við 130 Bridgesamband Íslands.
Fyrir „1.000“ kemur 2.000

d. Við 190 Ýmis íþróttamál. Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:

Ýmis íþróttamál (02-989 190).		
1. Landssamband íslenskra akstursíþróttafélaga ...	500	
2. Fimleikasamband Íslands	300	
Óskipt	900	
		1.700

e. Nýr liður:
611 Skáksamband Íslands, byggingarstyrkur 2.500

24. Við 4. gr. 02-999 190 Ýmis framlög. Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:

	Þús. kr.	
Ýmis framlög (02-999 190).		
1. Kvenfélagasamband Íslands	1.500	
2. Landssamtökin heimili og skóli	300	
3. Heimilisiðnaðarskólinn	1.300	
4. Landssamband Gídeonfélaga á Íslandi	500	
5. Smíði víkingaskips (Gunnar Marel Eggertsson)	500	
6. Björgunarsveitin Sigurvonin	200	
7. Framkvæmdasjóður Skrúðs	900	
8. Bókaútgáfa Leifs Eiríkssonar	2.500	
Óskipt	2.300	
		10.000

25. Við 4. gr. 03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa. 601 Tæki og búnaður.
Fyrir „4.800“ kemur 6.200

Þús. kr.

26. Við 4. gr. 03-190 111 Samskipti við Vestur-Íslendinga.
Fyrir „1.500“ kemur 3.000

27. Við 4. gr. 03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi.
a. Við 114 Aðstoð Íslands á svæðum Palestínumanna í Ísrael.
Fyrir „30.500“ kemur 25.100
b. Nýr liður:
121 Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna í þróunarlöndum, UNIFEM 2.500

28. Við 4. gr. 04-190 Ýmis verkefni.
a. Við 121 Landþurrkun. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

	Þús. kr.	
Landþurrkun (04-190 121).		
1. Mýrdalshrepppur, Dyrhólaós	50	
2. Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppar, Holtsós	50	
3. Austur-Landeyjahreppur	250	
4. Vestur-Landeyjahreppur	50	
5. Djúpárhreppur	50	
6. Skaftárhreppur	50	
		500

b. Við 190 Ýmis verkefni. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

	Þús. kr.	
Ýmis verkefni (04-190 190).		
1. Æðarræktarfélag Íslands	200	
2. Flóaveitufélagið	500	
Óskipt	2.500	
		3.200

29. Við 4. gr. 04-211 101 Rannsóknastofnun landbúnaðarins.
Fyrir „196.400“ kemur 197.900

30. Við 4. gr. 04-233 Yfirdýralæknir. 152 Eftirlit og eftirlitsferðir.
Fyrir „1.000“ kemur 4.200

31. Við 4. gr. 04-261 Bændaskólinn á Hvanneyri. 601 Tæki og búnaður.
Fyrir „4.000“ kemur 6.000

32. Við 4. gr. 04-283 Garðyrkjuskóli ríkisins. 625 Tilraunagróðurhús.
Fyrir „4.000“ kemur 8.000

33. Við 4. gr. 04-311 Landgræðsla ríkisins. 190 Fyrirhleðslur. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

	Þús. kr.	Þús. kr.
Fyrirhleðslur (04-311 190).		
a. Fyrirhleðslur:		
1. Jökulsá á Dal	4.000	
2. Hoffellsá, Hornafjarðarfljót	500	
3. Jökulsá í Lóni	2.000	
4. Skaftá	500	
5. Kúðafljót	500	
6. Markarfljót	6.500	
7. Þjórsá	500	
		14.500
b. Fyrirhleðslur og viðhald:		
1. Reykjaneskjördæmi	100	
2. Vesturlandskjördæmi	600	
3. Vestfjarðakjördæmi	100	
4. Norðurlandskjördæmi vestra	500	
5. Norðurlandskjördæmi eystra	1.500	
6. Austurlandskjördæmi	1.000	
7. Suðurlandskjördæmi	1.000	
		4.800
		19.300
34. Við 4. gr. 04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu.		
a. Við 101 Beinar greiðslur til bænda.		
Fyrir „1.420.000“ kemur		1.480.000
b. Við 105 Niðurgreiðslur á ull og gærum.		
Fyrir „250.000“ kemur		230.000
c. Við 110 Vaxta- og geymslukostnaður.		
Fyrir „290.000“ kemur		279.000
d. Við 130 Uppkaup á fullvirðisrétti.		
Fyrir „470.000“ kemur		595.000
e. Nýr liður:		
132 Afsetning birgða		63.000
35. Við 4. gr. 04-851 190 Greiðslur vegna riðuveiki.		
Fyrir „75.200“ kemur		72.000
36. Við 4. gr. 05-190 Ýmis verkefni.		
a. Við 121 Sjóvinnukennsla, sjóvinnu- og rannsóknarbátur.		
Fyrir „3.000“ kemur		6.500
b. Nýr liður:		
123 Tæknideild Fiskifélagsins		2.000
37. Við 4. gr. 06-190 Ýmis verkefni. Nýr liður:		
145 Mannréttindaskrifstofa Íslands		3.000

Þús. kr.

38. Við 4. gr. 06-290 Dómsmál, ýmis kostnaður. 115 Lögfræðiþjónusta neyðarmóttöku vegna nauðgana.
Fyrir „2.300“ kemur 3.300
39. Við 4. gr. 06-321 101 Almannavarnir ríkisins.
Fyrir „26.500“ kemur 30.000
40. Við 4. gr. 06-418 Sýslumaðurinn á Ísafirði. 4 Sértekjur.
Fyrir „2.700“ kemur 100
41. Við 4. gr. 06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta. 110 Ýmis sameiginlegur kostnaður.
Fyrir „7.400“ kemur 4.800
42. Við 4. gr. 06-491 Húsnæði og búnaður sýslumanna. 626 Húsnæði sýslumannsins á Seyðisfirði.
Fyrir „15.000“ kemur 17.000
43. Við 4. gr. 06-701 Biskup Íslands.
a. Við 115 Kirkjumiðstöð Austurlands.
Fyrir „200“ kemur 1.500
b. Nýr liður:
116 Langamýri í Skagafirði 1.500
c. Við 121 Prestar og prófastar.
Fyrir „428.200“ kemur 430.200
44. Við 4. gr. 07-702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi. 120 Sambýli.
Fyrir „77.300“ kemur 78.300
45. Við 4. gr. 07-703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi.
a. Við 140 Leikfangasöfn Vesturlandi.
Fyrir „3.600“ kemur 4.600
b. Við 161 Skammtímavistun.
Fyrir „7.000“ kemur 12.000
46. Við 4. gr. Nýr liður:
07-972 110 Bjargráðasjóður 30.000
47. Við 4. gr. 07-981 Vinnumál. 190 Ýmislegt.
Fyrir „28.800“ kemur 18.800
48. Við 4. gr. 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi.
a. Við 130 Sjómannastofur. Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:

	Þús. kr.	Þús. kr.
Sjómannastofur (07-999 130).		
Færeyska sjómannaheimilið	500	
Óskipt	600	
		1.100

Þús. kr.

b. Við 131 Félagasamtök, styrkir. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

	Þús. kr.	
Félagasamtök, styrkir (07-999 131).		
1. Samtök um sorg og sorgarviðbrögð	500	
2. Daufblindrafélag Íslands	700	
3. Landssamtökin Þroskahjálp	3.200	
4. Félag einstæðra foreldra	500	
5. Kvennaráðgjöfin	500	
6. Samtökin 78	500	
7. Barnaheill	200	
8. Landssamband aldraðra	300	
9. Geðhjálp	3.500	
10. Félag heyrnarlausra	3.000	
11. Blindrafélagið	3.000	
12. Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	1.500	
13. Félagasamtökin Vernd	250	
14. Umsjónarfélag einhverfra	500	
15. Þroskahjálp	2.500	
16. Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra	200	
17. Geðverndarfélag Akureyrar	300	
Óskipt	150	
		21.300

c. Við 190 Ýmis framlög.
1. Fyrir „8.000“ kemur 12.000
2. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

	Þús. kr.	
Ýmis framlög (07-999 190).		
Íslensk ættleiðing	2.000	
Óskipt	10.000	
		12.000

49. Við 4. gr. 08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir. 690 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða.
a. Fyrir „27.200“ kemur 76.000
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

	Þús. kr.
Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 690).	
a. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar:	
1. Stykkishólmur, St. Fransiskusspítali	10.000
2. Ísafjörður, sjúkrahús	20.000
3. Hvammstangi, sjúkrahús	5.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
4. Blönduós, sjúkrahús	2.600	
5. Eskifjörður, H2	1.200	
6. Laugarás, H2	13.000	
7. Kópavogur, H2	13.000	
		65.000
b. Hjúkrunarheimili aldraðra:		
1. Höfn í Hornafirði	5.000	
2. Kirkjubæjarklaustur	6.000	
		11.000

50. Við 4. gr. 08-385 Framkvæmdasjóður aldraðra. 101 Kostnaður skv. 3.–5. tölul. 12. gr. laga um málefni aldraðra.
Fyrir „330.000“ kemur 310.000

51. Við 4. gr. 08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. 190 Ýmis framlög.
Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

	Þús. kr.	
Ýmis framlög (08-399 190).		
1. Landssamtök áhugafólks um flogaveiki	400	
2. Styrktarfélag Perthessjúkra	200	
3. Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna	300	
4. Umhyggja	300	
5. Parkinsonssamtökin	200	
6. CCU	200	
7. Tilvera	100	
8. MS-félagið	100	
9. Samtök psoriasis- og exemsjúklinga	1.000	
10. Samtök endurhæfðra mænuskaddaðra	1.500	
11. Gigtarfélag Íslands	1.000	
12. Félag heilablóðfallsskaðaðra	100	
13. Alnæmissamtökin	500	
Óskipt	2.100	
		8.000

52. Við 4. gr. 08-621 Áfengisvarnir og bindindismál. 190 Annað.
Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

	Þús. kr.
Annað (08-621 190).	
1. Íslenskir ungtemplarar	2.000
2. Stórstúka Íslands	2.000
3. Fræðslumiðstöð í fíknivörnum	2.000
4. Líknarfélagið Skjöldur	1.000
5. Áfangaheimilið Dyngjan	1.000
6. Krossgötur	2.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
7. Líknarfélagið Þrepið	1.000	
8. Áfangi, líknarfélag	1.000	
Óskipt	28.900	
		40.900

53. Við 4. gr. 09-989 190 Launa- og verðlagsmál.
Fyrir „140.000“ kemur 40.000
54. Við 4. gr. 09-999 119 Ýmsar endurgreiðslur.
Fyrir „35.000“ kemur 40.000
55. Við 4. gr. 10-190 112 Vetrarsamgöngur og vöruflutningar.
a. Fyrir „28.000“ kemur 30.200
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

	Þús. kr.
Vetrarsamgöngur og vöruflutningar (10-190 112).	
a. Almennir styrkir:	
1. Knarrarnes, Mýrabátur	100
2. Snæfellsbær, Breiðuvíkurhreppur og Neshreppur	150
3. Dalahérað	200
4. Reykhólahreppur	300
5. Mjólkurflutningar í Vestur-Barðastrandarsýslu	100
6. Rauðasandshreppur	300
7. Vesturbyggð	300
8. Þingeyrarhreppur	200
9. Mýrahreppur	400
10. Mosvallahreppur, Önundarfjörður	100
11. Súðavíkurhreppur	100
12. Hólmavík/Nauteyrarhreppur	150
13. Ísafjörður	100
14. Árneshreppur	1.250
15. Djúpavík og Gjögur	150
16. Kaldrananeshreppur	150
17. Skagahreppur	130
18. Skefilsstaðahreppur	130
19. Snjóbifreið í Skagafirði	100
20. Fljótahreppur	200
21. Björgunarsveitin Strákar	100
22. Ólafsfjarðarsveit	100
23. Svarfaðardalur	150
24. Grýtubakkahreppur	80
25. Hálshreppur	80
26. Húsavík–Vopnafjörður–Egilsstaðir, sérleyfi	600
27. Mývatnssveit	100

	Þús. kr.	Þús. kr.
28. Mývatn–Húsavíkurflugvöllur	100	
29. Hólsfjöll	400	
30. Öxarfjörður–Kópasker	50	
31. Þórshöfn	50	
32. Bakkafjörður	50	
33. Vopnafjörður	50	
34. Borgarfjörður eystri	300	
35. Hjaltastaðarhreppur	80	
36. Jökuldalur, vetrarflutningar	200	
37. Möðrudalur	100	
38. Eiðahreppur	100	
39. Snjóbifreið á Egilsstöðum	100	
40. Fjarðarheiði	700	
41. Oddsskarð	700	
42. Breiðdalsvík	200	
43. Djúpivogur–Hornafjörður, sérleyfi	300	
44. Svínafell í Nesjum	100	
45. Mýrdalshreppur	250	
		9.650
b. Stofnstyrkir.		
Fljótahreppur (snjóbíll)		500
c. Styrkir til flugfélaga:		
1. Sjúkraflug á Vestfjörðum	4.500	
2. Flugfélag Norðurlands hf. (sjúkraflug)	1.900	
3. Flugfélag Austurlands hf. (sjúkraflug)	4.500	
4. Flugfélag Vestmannaeyja hf. (sjúkraflug)	3.700	
5. Flugsamgöngur við Gjögur	1.500	
6. Flugsamgöngur við Siglufjörð	1.100	
7. Flugsamgöngur við Grímsey	1.500	
8. Flugsamgöngur Kópasker–Raufarhöfn	700	
		19.400
d. Óskipt		650
		30.200
56. Við 4. gr. 10-190 Ýmis verkefni.		
a. Við 131 Landsbjörg.		
Fyrir „9.000“ kemur		11.000
b. Nýr liður:		
143 Heilsárshótel á landsbyggðinni		15.000
57. Við 4. gr. 10-211 Vegagerðin.		
a. Við 101 Yfirstjórn.		
Fyrir „235.000“ kemur		284.000

Þús. kr.

b. Við 505 Þjónustuviðhald. Liðurinn orðist svo:
505 Þjónusta 1.465.000
c. Við 510 Stofnviðhald. Liðurinn orðist svo:
510 Viðhald 1.160.000
d. Nýr liður:
552 Þéttbýlisvegir 310.000
e. Við 610 Nýframkvæmdir.
Fyrir „2.006.000“ kemur 2.009.000
f. Við 611 Framkvæmdaátak vegna atvinnumála.
Fyrir „1.000.000“ kemur 650.000
g. Nýr liður:
621 Landsvegir 60.000
h. Við 630 Fjallvegir.
Liðurinn fellur brott.
i. Við 640 Tilraunir.
Fyrir „62.000“ kemur 65.000
j. Nýr liður:
643 Safnvegir 155.000
k. Nýr liður:
645 Styrkvegir 25.000
l. Nýr liður:
647 Reiðvegir 10.000
m. Við 651 Sýsluvegir.
Liðurinn fellur brott.
n. Við 652 Þéttbýlisvegir.
Liðurinn fellur brott.
o. Við 655 Ferjur og flóabátar.
Fyrir „469.000“ kemur 470.000

58. Við 4. gr. 10-330 Vita- og hafnamálastofnun.
a. Við 670 Hafnamannvirki.
1. Fyrir „512.400“ kemur 567.000
2. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Þús. kr.

Hafnamannvirki (10-330 670).
Vesturland:
1. Akranes 3.200
2. Snæfellsbær 26.200
3. Grundarfjörður 3.500

32.900

Vestfirðir:
1. Vesturbyggð 13.100
2. Tálknafjörður 7.200
3. Þingeyri 3.500
4. Flateyri 5.600
5. Suðureyri 4.400

	Þús. kr.	Þús. kr.
6. Bolungarvík	6.300	
7. Ísafjörður	9.900	
8. Súðavík	2.000	
9. Norðurfjörður	600	
10. Drangsnes	3.700	
11. Hólmavík	8.100	
		64.400
Norðurland vestra:		
1. Hvammstangi	900	
2. Blönduós	35.300	
3. Hofsós	5.000	
4. Siglufjörður	27.100	
		68.300
Norðurland eystra:		
1. Hafnasamlag Eyjafjarðar	28.500	
2. Hrísey	2.200	
3. Akureyri	45.000	
4. Grenivík	5.800	
5. Grímsey	9.000	
6. Húsavík	18.000	
7. Kópasker	6.300	
8. Raufarhöfn	1.400	
9. Þórshöfn	10.000	
		126.200
Austurland:		
1. Bakkafjörður	4.500	
2. Vopnafjörður	2.000	
3. Seyðisfjörður	9.600	
4. Neskaupstaður	15.700	
5. Fáskrúðsfjörður	12.500	
6. Höfn í Hornafirði	29.900	
		74.200
Suðurland:		
1. Vestmannaeyjar	25.000	
2. Þorlákshöfn	67.000	
		92.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
Reykjanes:		
1. Grindavík	25.000	
2. Sandgerði	50.000	
3. Reykjanesbær	30.000	
4. Hafnarfjörður	4.000	
		109.000
		567.000

b. Við 674 Lendingarbætur.
1. Fyrir „5.000“ kemur 2.000
2. Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:

Lendingarbætur (10-330 674).

1. Búðir í Snæfellsbæ	400
2. Reykjafjörður, Snæfjallahreppi	100
3. Drangar, Árneshreppi	100
4. Gjögur, Árneshreppi	500
5. Selvík, Skefilsstaðahreppi	500
6. Hellisfjörður, Neskaupstað	400
	2.000

c. Við 676 Ferjubryggjur við Ísafjarðardjúp.
Fyrir „24.000“ kemur 5.000

d. Við 680 Sjóvarnargarðar.
1. Fyrir „50.000“ kemur 51.000
2. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Sjóvarnargarðar (10-330 680).

	Þús. kr.
1. Akranes	700
2. Flateyri	6.600
3. Ísafjörður	5.500
4. Blönduós	6.000
5. Haganesvík	400
6. Ólafsfjörður	6.500
7. Árskógshreppur	3.600
8. Grenivík	700
9. Eyrarbakki	11.500
10. Bessastaðahreppur	5.500
11. Seltjarnarnes	4.000
	51.000

Þús. kr.

e. Við 690 Hafnabótasjóður, framlag.
Fyrir „45.600“ kemur 18.000
f. Við 4 Sértekjur.
Fyrir „200.000“ kemur 206.000

59. Við 4. gr. 10-651 Ferðamálaráð.
a. Við 101 Ferðamálaráð.
Fyrir „31.000“ kemur 34.000
b. Við 111 Ferðamálasamtök landshluta.
Fyrir „5.000“ kemur 6.000
c. Við 121 Fjölsóttir ferðamannastaðir.
Fyrir „5.000“ kemur 10.000

60. Við 4. gr. 11-201 101 Iðntæknistofnun Íslands.
Fyrir „258.600“ kemur 259.100

61. Við 4. gr. 14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.
Fyrir „79.100“ kemur 86.900

62. Við 4. gr. 14-190 123 Ýmis umhverfisverkefni.
a. Fyrir „16.000“ kemur 13.700
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

	Þús. kr.	
Ýmis umhverfisverkefni (14-190 123).		
Surtseyjarfélagið	400	
Óskipt	13.300	
		13.700

c. Nýr liður:
158 Náttúrugripasafn í Vestmannaeyjum 2.000

63. Við 4. gr. 14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands. 102 Setur í Reykjavík.
Fyrir „54.900“ kemur 57.200

64. Við 4. gr. 14-410 Veðurstofa Íslands.
a. Við 101 Almennur rekstur.
Fyrir „249.100“ kemur 262.100
b. Við 4 Sértekjur.
Fyrir „101.800“ kemur 102.700

65. Við 4. gr. Framlög til stofnana hækki vegna endurmats launabóta í kjölfar kjarasamninga eftir 1. september sl. um 158.400 þús. kr. Sundurliðun á stofnanir verði samkvæmt eftirfarandi yfirliti:

00-301	Ríkisstjórn	2.800
00-401	Hæstiréttur	400
	Æðsta stjórn ríkisins	**3.200**
02-201	Háskóli Íslands	41.000
02-202	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	600
02-203	Raunvísindastofnun Háskólans	3.000
02-205	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	700

		Þús. kr.
02-206	Orðabók Háskólans	400
02-210	Háskólinn á Akureyri	5.500
02-211	Tækniskóli Íslands	5.100
02-221	Kennaraháskóli Íslands	7.100
02-223	Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	200
02-580	Samvinnuskólinn	1.600
02-902	Þjóðminjasafn Íslands	200
02-903	Þjóðskjalasafn Íslands	200
	Menntamálaráðuneyti	**65.600**
03-101	Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	300
03-201	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	400
03-303	Sendiráð Íslands í London	500
03-304	Sendiráð Íslands í Moskvu	800
03-307	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	1.500
03-308	Sendiráð Íslands í Washington	800
03-309	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York	800
03-314	Sendiráð Íslands í Peking	700
	Utanríkisráðuneyti	**5.800**
04-211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	2.200
04-221	Veiðimálastofnun	800
04-271	Bændaskólinn á Hólum	600
04-293	Hagþjónusta landbúnaðarins	200
04-311	Landgræðsla ríkisins	200
04-321	Skógrækt ríkisins	200
	Landbúnaðarráðuneyti	**4.200**
05-101	Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	400
05-202	Hafrannsóknastofnun	5.000
05-203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	600
05-204	Fiskistofa	200
	Sjávarútvegsráðuneyti	**6.200**
06-211	Héraðsdómur Reykjavíkur	1.500
06-215	Héraðsdómur Norðurlands eystra	200
06-217	Héraðsdómur Suðurlands	200
06-218	Héraðsdómur Reykjaness	500
06-301	Ríkissaksóknari	400
06-311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	3.900
06-413	Sýslumaðurinn í Borgarnesi	200
06-414	Sýslumaðurinn í Stykkishólmi	200
06-420	Sýslumaðurinn á Blönduósi	200
06-422	Sýslumaðurinn á Siglufirði	200
06-424	Sýslumaðurinn á Akureyri	200

		Þús. kr.
06-425	Sýslumaðurinn á Húsavík	300
06-426	Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	200
06-427	Sýslumaðurinn í Neskaupstað	200
06-432	Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	200
06-433	Sýslumaðurinn á Selfossi	500
06-434	Sýslumaðurinn í Keflavík	500
06-436	Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	300
06-437	Sýslumaðurinn í Kópavogi	200
06-501	Fangelsismálastofnun ríkisins	6.200
	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	**16.300**
07-331	Vinnueftirlit ríkisins	800
07-701	Málefni fatlaðra, Reykjavík	200
07-706	Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	200
	Félagsmálaráðuneyti	**1.200**
08-350	Sjúkrahúsið Akranesi	1.300
08-352	Sjúkrahúsið Patreksfirði	200
08-353	Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði	400
08-355	Sjúkrahús Austur-Húnvetninga, Blönduósi	200
08-356	Sjúkrahúsið Sauðárkróki	500
08-357	Sjúkrahúsið Siglufirði	200
08-358	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	3.400
08-359	Sjúkrahúsið Húsavík	500
08-361	Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað	300
08-363	Sjúkrahúsið Egilsstöðum	200
08-365	Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi	800
08-366	Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	300
08-367	Sjúkrahúsið Suðurnesjum	800
08-368	Sólvangur, Hafnarfirði	500
08-371	Ríkisspítalar	21.900
08-375	Sjúkrahús Reykjavíkur	11.300
08-400	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	800
	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	**43.600**
09-901	Framkvæmdasýslan	400
	Fjármálaráðuneyti	**400**
10-330	Vita- og hafnamálastofnun	500
10-341	Siglingamálastofnun ríkisins	600
	Samgönguráðuneyti	**1.100**
11-201	Iðntæknistofnun Íslands	1.200
11-203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	1.300
11-301	Orkustofnun	1.900
	Iðnaðarráðuneyti	**4.400**

		Þús. kr.
14-210	Veiðistjóri	200
14-221	Hollustuvernd ríkisins	700
14-310	Landmælingar Íslands	600
14-401	Náttúrufræðistofnun Íslands	900
14-403	Náttúrustofur	300
14-410	Veðurstofa Íslands	3.700
	Umhverfisráðuneyti	**6.400**

348. Frumvarp til laga [92. mál]

um viðurkenningu og fullnustu erlendra ákvarðana um forsjá barna, afhendingu brottnuminna barna o.fl.

(Eftir 2. umr., 13. des.)

Samhljóða þskj. 94 með þessum breytingum:

10. gr. hljóðar svo:

Sýslumaður getur vegna fullnustu ákvörðunar um umgengnisrétt tekið ákvörðun um inntak umgengnisréttarins og hversu honum verði beitt.

Ákvörðun sýslumanns sætir kæru til dómsmálaráðuneytisins samkvæmt ákvæðum barnalaga. Um endurskoðun annarra ákvarðana sýslumanns varðandi aðfarargerðina gilda almennar reglur laga um aðför.

16. gr. hljóðar svo:

Meðferð mála til fullnustu ákvörðunar samkvæmt Evrópusamningnum og til afhendingar samkvæmt Haagsamningnum skal hraða svo sem unnt er.

Hafi ekki verið tekin ákvörðun um afhendingu samkvæmt Haagsamningnum innan sex vikna frá því að beiðni barst frá héraðsdómi skal dómurinn samkvæmt beiðni frá beiðanda gera grein fyrir ástæðum þess.

17. gr. hljóðar svo:

Áður en héraðsdómari tekur ákvörðun um fullnustu ákvörðunar samkvæmt Evrópusamningnum eða um afhendingu samkvæmt Haagsamningnum skal kanna afstöðu barns sem hefur náð þeim aldri og þroska að rétt sé að taka tillit til skoðana þess. Ákvæði 4. mgr. 34. gr. barnalaga eiga við þegar afstaða barns er könnuð.

349. Þingsályktun [198. mál]

um staðfestingu samkomulags um breytingu á samstarfssamningi milli Norðurlanda.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 248.

350. Frumvarp til laga [164. mál]

um breytingu á lögum nr. 26/1994, um fjöleignarhús.

(Eftir 2. umr., 13. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. 2. mgr. verður svohljóðandi:

Eignaskiptayfirlýsing skal undirrituð af öllum eigendum ef í henni felst yfirfærsla á eignarrétti, sérstakar kvaðir, afsal réttinda eða frekari takmarkanir á eignarráðum en leiðir af fyrirmælum laga þessara, sbr. ákvæði A-liðar 1. mgr. 41. gr. Hafi eignaskiptayfirlýsing einvörðungu að geyma samantekt, skráningu og lýsingu á húsi og skiptingu þess í samræmi við þinglýstar heimildir og útreikning á hlutfallstölum í samræmi við gildandi reglur þar að lútandi er nægilegt að hún sé undirrituð af stjórn húsfélagsins þegar eignarhlutar eru sex eða fleiri en ella af meiri hluta eigenda, annaðhvort miðað við fjölda eða hlutfallstölur. Um rétt og heimild eigenda til að vefengja slíka eignaskiptayfirlýsingu fer eftir fyrirmælum 18. gr.

b. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þegar um er að ræða fjöleignarhús með félagslegum íbúðum sem falla undir ákvæði V. og VI. kafla laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með síðari breytingum, skulu viðkomandi húsnæðisnefndir láta gera og þinglýsa eignaskiptayfirlýsingu fyrir húsið eigendum að kostnaðarlausu.

Telji eigandi rétti sínum hallað með eignaskiptayfirlýsingu skv. 8. mgr. getur hann nýtt sér heimildir og úrræði þau sem mælt er fyrir um í 18. gr. Komi í ljós við þá prófun að aðfinnslur hans eiga við rök að styðjast og eru réttmætar, þannig að nauðsynlegt er að gera breytingar á eignaskiptayfirlýsingunni, skal húsnæðisnefndin bera kostnaðinn af því. Einnig skal nefndin þá greiða viðkomandi eiganda kostnað sem hann hefur sannanlega haft af þessu.

2. gr.

Á eftir 16. gr. laganna bætist við ný grein, 16. gr. a, svohljóðandi:

Gerð eignaskiptayfirlýsinga.

Eftir 1. júní 1996 mega þeir einir taka að sér að gera eignaskiptayfirlýsingar sem fengið hafa til þess sérstakt leyfi félagsmálaráðherra.

Leyfið skal gefið út til fimm ára og skal viðkomandi greiða fyrir leyfisbréf gjald í ríkissjóð samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Auglýsing um veitingu leyfis og leyfissviptingu skal birta í Lögbirtingablaðinu.

Skilyrði fyrir leyfinu eru þessi:

1. Lögræði og búsforræði.
2. Að viðkomandi sýni fram á að hann hafi staðgóða þekkingu á fjöleignarhúsalöggjöfinni, byggingarlöggjöfinni, lögum um skráningu og mat fasteigna, þinglýsingalögum og annarri löggjöf er máli skiptir og kunnáttu í að beita gildandi útreikningsreglum og aðferðum, allt samkvæmt nánari fyrirmælum sem sett verða í reglugerð.

Leyfishafi skal ætíð vanda vel til skiptayfirlýsingar og gæta þess að þar komi fram allar nauðsynlegar upplýsingar og skýringar og að hún sé réttilega gerð miðað við þau gögn sem eru lögð til grundvallar og gildandi laga- og reglugerðafyrirmæli.

Fyrir gerð eignaskiptayfirlýsingar ber leyfishafa sanngjörn þóknun úr hendi þess sem um verkið biður. Skal fjárhæð þóknunar miðuð við umfang verksins, þann tíma sem það tekur og hversu vandasamt það er. Sé þess kostur skal jafnan samið um endurgjaldið fyrir fram. Aðilar geta skotið ágreiningi sínum um endurgjaldið til kærunefndar fjöleignarhúsamála sem skal áður en hún lætur álit í té leita umsagnar viðkomandi byggingarfulltrúa. Gerist leyfishafi sekur um vanrækslu og handvömm við undirbúning og gerð eignaskiptayfirlýsinga, brjóti gegn laga- eða reglugerðafyrirmælum sem hér um gilda eða missi hann einhver leyfisskilyrði getur félagsmálaráðherra svipt hann leyfinu.

Félagsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um skilyrði leyfisveitingar, svo sem um námsefni, námskeið, réttindi, skyldur og ábyrgð leyfishafa og önnur atriði hér viðvíkjandi. Skal ráðherra í því efni hafa samráð við önnur þau stjórnvöld sem málið snertir.

3. gr.

Orðin „og stærðir“ í lok 4. mgr. 17. gr. laganna falla brott.

4. gr.

1. mgr. 18. gr. laganna verður svohljóðandi:

Allir eigendur skulu eiga þess kost að vera með í ráðum um breytingar á þinglýstri eignaskiptayfirlýsingu og hlutfallstölum. Er samþykki allra eigenda, sem hagsmuna eiga að gæta, áskilið ef breytingarnar hafa í för með sér eignayfirfærslu eða kvaðir á eignarhluta eins og um getur í 2. mgr. 16. gr. Skulu þeir þá allir standa að slíkum breytingum og undirrita þau skjöl sem þarf. Felist í breytingum aðeins leiðréttingar í samræmi við þinglýstar heimildir um húsið og einstaka eignarhluta og ákvörðun hlutfallstalna samkvæmt gildandi reglum er nægilegt að stjórn húsfélags í húsi þar sem eignarhlutar eru sex eða fleiri láti gera slíkar breytingar og undirriti nauðsynleg skjöl í því skyni. Skal stjórnin áður gefa öllum eigendum kost á að koma sjónarmiðum sínum og athugasemdum á framfæri. Séu eignarhlutar færri en sex nægir að meiri hluti eigenda, sbr. 2. mgr. 16. gr., undirriti nauðsynleg skjöl.

5. gr.

Á eftir 22. gr. laganna bætist við ný grein, 22. gr. a, svohljóðandi:

Bílskúrar í eigu utanaðkomandi aðila.

Sé bílskúr í eigu utanaðkomandi aðila og vilji sá ráðstafa honum til eignar, t.d. selja hann, skal hann skriflega gefa hlutaðeigandi eigendum og húsfélagi kost á að kaupa bílskúrinn.

Skulu þeir svara kaupboðinu skriflega innan 14 daga nema veigamiklar ástæður mæli með og réttlæti lengri frest. Berist svar ekki innan frestsins telst kaupboðinu vera hafnað. Vilji fleiri en einn kaupa ræður eigandi bílskúrsins hverjum þeirra hann selur.

Náist ekki samkomulag um kaupverðið geta aðilar leitað til viðkomandi héraðsdóms og fengið dómkvaddan matsmann til að meta bílskúrinn til verðs. Nægir einn til undirmats og tveir til yfirmats.

Sömuleiðis geta aðilar komið sér saman um að skjóta ágreiningi sínum um kaupverðið til kærunefndar fjöleignarhúsamála og una áliti hennar.

Nú bregður svo við að hvorki einstakir eigendur né húsfélag kæra sig um að kaupa bílskúr af utanaðkomandi eiganda, sem falboðinn er samkvæmt framansögðu, og er honum þá heimilt, þrátt fyrir fyrirmæli og takmarkanir í 22. gr., að ráðstafa bílskúrnum til annarra.

Skal hann áður en kaupsamningur er gerður leggja fram gögn um að eigendur og húsfélag vilji ekki kaupa og að honum sé því ráðstöfunin heimil. Kaupsamningur sem gerður er í bága við þessi fyrirmæli er ógildur.

Skjölum um eigendaskipti að þeim bílskúrum sem hér um ræðir verður ekki þinglýst nema óyggjandi sé að framangreindum skilyrðum sé fullnægt.

6. gr.

2. mgr. 23. gr. laganna verður svohljóðandi:

Um breytingu á eignaskiptayfirlýsingu vegna yfirfærslu eigna innan hússins fer eftir fyrirmælum 1. mgr. 18. gr.

7. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Fyrirmæli 16. gr. um að þinglýst eignaskiptayfirlýsing sé skilyrði fyrir þinglýsingu á eignayfirfærslum í fjöleignarhúsum skulu koma að fullu til framkvæmda 1. janúar 1997. Þann frest og aðlögunartíma, sem hér er mælt fyrir um, skulu eigendur og húsfélög nota til undirbúnings og gerðar eignaskiptayfirlýsinga og hlutaðeigandi stjórnvöld til fræðslu, kynningar og annarra undirbúningsráðstafana, sbr. 16. gr. a og 78. gr.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

351. Nefndarálit [234. mál]

um frv. til l. um breyt. á vatnalögum, nr. 15/1923, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið.

Í frumvarpinu er lagt til að sveitastjórnum verði heimilt að fella niður eða lækka holræsagjald hjá tekjulitlum elli- eða örorkulífeyrisþegum sem þeim er gert að greiða í sínu sveitarfélagi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Svanfríður Jónasdóttir sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu. Pétur H. Blöndal og Kristján Pálsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. des. 1995.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Einar K. Guðfinnsson.
Bryndís Hlöðversdóttir.	Drífa Sigfúsdóttir.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
	Rannveig Guðmundsdóttir.	

352. Nefndarálit [207. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á sinn fund Húnboga Þorsteinsson skrifstofustjóra og Inga Val Jóhannesson deildarstjóra frá félagsmálaráðuneytinu. Þá komu til fundar við nefndina Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson formaður og Þórður Skúlason framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Svanfríður Jónasdóttir sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu. Pétur H. Blöndal og Kristján Pálsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. des. 1995.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm.	Drífa Sigfúsdóttir.	Einar K. Guðfinnsson.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Magnús Stefánsson.
	Bryndís Hlöðversdóttir.	

353. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1996.

Frá Kristínu Halldórsdóttur, Guðnýju Guðbjörnsdóttur og Kristínu Ástgeirsdóttur.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02-725 Námsgagnastofnun.	
Fyrir „290.200“ kemur	300.200
2. Við 4. gr. 03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi. Nýr liður:	
116 UNIFEM	5.000
3. Við 4. gr. Nýr liður:	
06-233 Bætur til þolenda afbrota.	
110 Bætur	60.000
4. Við 4. gr. 07-981 Vinnumál. 170 Atvinnumál kvenna.	
Fyrir „19.600“ kemur	50.000
5. Við 4. gr. 08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Nýr liður:	
193 Fræðsla um kynlíf og barneignir	2.580
6. Við 4. gr. 09-989 Launa- og verðlagsmál. Nýr liður:	
191 Átak til að jafna launamun kynjanna	200.000

354. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1996.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið fyrir næsta ár til meðferðar undanfarna tvo mánuði. Umfjöllun nefndarinnar hefur einkum beinst að útgjaldahlið frumvarpsins og hafa fjölmargir mætt á fund nefndarinnar og gert grein fyrir erindi sínu, einstaklingar, fulltrúar félagasamtaka, sveitarstjórnarmenn, embættismenn ráðuneyta og stjórnendur stofnana ríkisins.

Ekki tókst að leiða til lykta útgjaldaþátt frumvarpsins og verður að fresta til 3. umræðu að afgreiða tillögur nefndarinnar um fjárveitingar til heilbrigðisþjónustunnar. Að auki er nokkrum málum frestað og má þar nefna framlög til Sólheima í Grímsnesi, svo og B-hluta stofnanir og 6. gr. Umfjöllum um tekjuhlið bíður 3. umræðu svo sem venja er.

Með endemum er að stjórnarliðið hafi ekki getað afgreitt rekstur heilbrigðisstofnana frá nefndinni til 2. umræðu fjárlaga. Að vísu hefur undanfarin ár ekki tekist að afgreiða fjárveitingar til sjúkrahúsanna í Reykjavík fyrr en við 3. umræðu, en svo slæmt hefur ástandið ekki verið fyrr en nú að allur heilbrigðiskafli frumvarpsins frestast. 1. minni hluti fjárlaganefndar gagnrýnir harðlega þessa málsmeðferð.

Þjóðhagshorfur.

Í þjóðhagsáætlun fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að dragi úr hagvexti frá yfirstandandi ári og að landsframleiðsla aukist um 2% í stað 3,2% á þessu ári. Eins og á þessu ári er talið að þjóðarútgjöld aukist meira en landsframleiðslan og þjóðartekjur og því muni afgangur á viðskiptajöfnuði minnka.

Í áætlun þjóðhagsstofnunar er einnig gert ráð fyrir 2,5% verðbólgu á næsta ári og að nokkur aukning verði á kaupmætti ráðstöfunartekna á mann eða um 1,8%. Ljóst er að þessar forsendur þarf að endurskoða, laun muni hækka meira en gert var ráð fyrir og nú er ljóst að ráðist verður í stækkun álversins í Straumsvík og eru þær framkvæmdir taldar auka landsframleiðsluna um a.m.k. ½% sem aftur mun hafa áhrif á fjárlagagerðina, einkum á tekjur ríkissjóðs. Þá virðast forsendur Þjóðhagsstofnunar um aflabrögð á næsta ári ætla að standast í meginatriðum og enn er gert ráð fyrir að afurðaverð erlendis haldist hátt. Því er ljóst að tekjur frumvarpsins eru verulega vanáætlaðar. Það mun skýrast frekar við 3. umræðu.

Almennt má segja um þróun efnahagsmála undanfarin ár að ótrúleg umskipti hafa orðið til hins betra eftir að verkalýðshreyfingin beitti sér fyrir tímamótakjarasamningum í febrúar 1990. Grundvöllur þeirra samninga var að nauðsynlegur trúnaður myndaðist milli forustumanna verkalýðshreyfingarinnar, atvinnurekanda og þáverandi ríkisstjórnar. Með umræddum kjarasamningum tókst að ná verðbólgunni niður og koma á forsendum fyrir efnahagslegum stöðugleika sem birtist í stöðugu gengi, viðskiptajöfnuði við útlönd og minni verðbólgu. Í efnahagshorfum eru nokkrir veikleikar sem ástæða er til að hafa áhyggjur af.

1. Misrétti í launamálum — lág laun.

Meðal launþega gætir vaxandi óþolinmæði og gremju með kjör sín. Það er öllum ljóst að þjóðarsáttarsamningarnir byggðust á því að verkalýðshreyfingin féllst á að verkafólk axlaði að mestu byrðarnar af því að koma stöðugleikanum á. Ákveðið var að frysta að mestu þáverandi ástand í launamálum með því óréttlæti sem í því er, enda talið öðrum markmiðum mikilvægara að ná tökum á íslensku efnahagslífi. Það hefur tekist og er komið að því að stjórnvöld styðji við bakið á verkalýðshreyfingunni og mæti kröfum hennar um réttlátari skiptingu teknanna láglaunafóki til hagsbóta og jafnframt að treysta það öryggisnet sem velferðarkerfið á að vera sjúkum, öldruðum og láglaunafólki. Áform ríkisstjórnarinnar eru til þess fallin að vekja upp efasemdir um að stjórnvöld ætli að standa við sinn þátt þjóðarsáttarsamninganna og hafa þegar valdið talsverðum óróa meðal launafólks. Stjórnarstefnan hefur svipt burt þeim trúnaði sem ríkti milli verkalýðshreyfingarinnar og stjórnvalda og er þannig orðin sjálfstætt efnahagsvandamál.

2. Atvinnuleysi.

Lítil sem engin merki sjást um að atvinnuleysi sé á undanhaldi. Gert er ráð fyrir að það verði svipað á næsta ári og á þessu eða um 4,8%. Reyndar standa vonir til þess að framkvæmdir við stækkun álvers geti minnkað það eitthvað, að öðru leyti er ekki að finna í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar alvarleg áform um að takast eigi á við atvinnuleysið. Sem dæmi um hversu alvarlega horfir er sú staðreynd að um 15% atvinnulausra hafa verið án atvinnu lengur en eitt ár og að atvinnuleysi meðal fólks á aldrinum 16–24 ára er um 13%. Hin metnaðarlausa atvinnustefna ríkisstjórnarinnar er alvarleg ögrun við stöðugleika í efnahagsmálum af þeirri einföldu staðreynd að verkalýðshreyfingin mun aldrei sætta sig við aðgerðaleysi og tómlæti gagnvart atvinnulausu fólki.

3. Skortur á atvinnuuppbyggingarstefnu.

Lítil fjármunamyndun er alvarleg meinsemd í efnahagsstjórn. Á árunum 1992–1994 varð um fjórðungssamdráttur á þessu sviði og þrátt fyrir lítils háttar aukningu síðan er Ísland í hópi þeirra þjóða sem hafa hvað lægst hlutfall fjármunamyndunar af landsframleiðslu eða 15,5%. Að jafnaði er náið samband á milli fjármunamyndunar og atvinnustigs. Það er hlutverk stjórnvalda á hverjum tíma að stuðla að fjárfestingu og nýsköpun í atvinnulífinu og skapa þannig störf fyrir hið unga fólk sem streymir inn á vinnumarkaðinn. Skortur á slíkri stefnu er ávísun á viðvarandi atvinnuleysi.Varanlegum stoðum verður ekki skotið undir hagvöxt í framtíðinni nema hlutfall fjármunamyndunar hækki. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að lækka viðhalds- og fjárfestingarframlög að raunvirði um 3 milljarðar kr. og verða þau þá hin lægstu í tíu ár. Í breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar er lagt til að skerða þessi framlög enn frekar með frekari skerðingu í vegamálum. Með samdrætti af þessari stærðargráðu í viðhalds- og fjárfestingu er stuðlað að auknu atvinnuleysi, almennum samdrætti og alið á viðhorfum svartsýni og vonleysi. Þessi stefna er sannkölluð samdráttarstefna.

4. Eyðsluhagvöxtur.

Verulegum áhyggjum veldur hversu hagvöxtur á þessu ári stendur ótraustum fótum. Meginaflið á bak við hagvöxt ársins um 3,2% er aukin einkaneysla sem skýrir um 80% af hagvextinum. Þegar nánar er athugað kemur í ljós að mikill hluti þessarar auknu einkaneyslu stafar af auknum innflutningi. Gert er ráð fyrir að þessi þróun haldi áfram á næsta ári, þ.e. hagvexti verði að mestu haldið uppi af eyðslu. Er hér um mikla breytingu að

ræða frá síðasta ári þegar hagvöxtur byggðist fyrst og fremst á auknum útflutningi. Þá veldur það frekari áhyggjum að heimilin, sem halda uppi þessum hagvexti, eru talin auka neysluútgjöld sín bæði í ár og á næsta ári meira en sem nemur aukningu kaupmáttar. Það þýðir að annaðhvort er gengið á sparnað eða safnað skuldum. Hvorugur kosturinn getur talist góður þar sem sparnaður heimilanna er afar lítill fyrir á alþjóðlegum mælikvarða og skuldsetning þegar mikil. Það er enn fremur slæmt að vaxandi innflutningur takmarkar mjög áhrif þessarar auknu einkaneyslu á atvinnustig, þ.e. eyðslan skapar færri störf en efni standa til. Fjárlagafrumvarpið hefur ekki áhrif á þessa slæmu þróun að öðru leyti en því að stuðla frekar að henni.

5. Skuldasöfnun.

a. Opinberir aðilar.

Einn veikleikinn enn í efnahagslífinu er hin gríðarlega skuldasöfnun sem orðið hefur undanfarin ár og er enn í gangi. Það er auðvitað mikið áhyggjuefni að á tímum sæmilegs hagvaxtar skuli halli ríkissjóðs vera svo mikill sem raun ber vitni. Það er óhjákvæmilegt í sæmilegri uppsveiflu eins og nú er að ríkissjóður verði rekinn án halla og jafnvel með afgangi þannig að unnt sé að greiða niður skuldir ríkissjóðs. Viðvarandi halli á ríkissjóði með tilheyrandi skuldasöfnun er alvarlegasta atlagan sem gerð er að velferðarkerfinu.

Undanfarin ár hafa sveitarfélögin verið rekin með miklum halla. Hann er talinn hafa verið 5 milljarðar kr. árið 1993, 7 milljarðar kr. 1994, ætlaður 3 milljarðar kr. á þessu ári og svipað á því næsta. Þetta þýðir um 18 milljarða kr. halla á fjórum árum að viðbættum vaxtakostnaði af þeirri skuld. Hér er um gríðarlega upphæð að ræða sem sést best af því að hún er þrisvar sinnum hærri en sveitarfélögin höfðu á þessu árabili til fjárfestingar og afborgunar lána, miðað við eðlilegan rekstur þeirra.

Nú er talið að samanlagðar skuldir ríkis og sveitarfélaga nemi um 260 milljörðum kr. og fari vaxandi enda gert ráð fyrir að tekjur hins opinbera dugi ekki fyrir útgjöldum og því enginn afgangur til þess að greiða niður skuldir. Skuldir hins opinbera hafa tvöfaldast á átta árum sem hlutfall af vergri landsframleiðslu eða úr 28% árið 1987 í 55% á þessu ári.

Slíkur búskapur endurspeglar ekki hygginna manna ráð og er algerlega óviðunandi efnahagsstefna, jafnvel að metnum öllum skynsamlegum skýringum um aflasamdrátt og efnahagslægð sem orsaka tímabundna niðursveiflu. Afleiðingar skuldasöfnunarinnar eru gífurlegir vextir sem hið opinbera verður að greiða með skattfé. Alvarlegast er þó þegar gríðarlegar fjárhæðir hverfa úr landi til greiðslu á vöxtum til erlendra skuldareigenda. Þeir peningar verða ekki notaðir til starfsemi og uppbyggingar innan lands.

Í skýrslu Seðlabankans um peninga, gengi og greiðslujöfnuð frá því í nóvember sl. kemur fram að vaxtajöfnuður við útlönd á sex ára tímabili 1989–1994 var samtals neikvæður um 85.900 millj. kr. þar sem lagðar eru saman fjárhæðir á verðlagi hvers árs. Þetta eru risavaxnar upphæðir sem greiða þarf til útlanda í leigu fyrir lánsfé. Í skýrslu Seðlabankans er varað alvarlega við áframhaldandi halla á opinberum rekstri og bent á að „langvarandi opinber skuldasöfnun getur enn fremur leitt til þess að traust glatist skyndilega og snögg hækkun verði á vöxtum við það að fjárfestar endurmeta áhættuálag í vöxtum".

Áætlað er að vaxtajöfnuðurinn við útlönd verði neikvæður þetta árið um 16 milljarða kr. og um 15,4 milljarða kr. næsta ár. Hreinar vaxtagreiðslur til útlanda nema nú um 9–10% af útflutningstekjum og um 3,5% af vergri landsframleiðslu.

b. Heimilin.

Sömu sögu er að segja af heimilunum. Skuldir þeirra hafa vaxið með miklum hraða. Á árunum 1980–1993 sexfölduðust skuldir heimilanna miðað við fast verðlag sem svarar til þess að skuldir hafi aukist um 15% á ári. Þó ber að hafa í huga að endurfjármögnun íbúðalánakerfisins þýðir að lánamöguleikar hafa aukist vegna kaupa eða byggingar íbúðarhúsnæðis og skýra nokkurn hluta skuldaaukningarinnar. Fyrirliggjandi upplýsingar um aukna einkaneyslu benda til að heimili séu enn að auka skuldsetningu sína umfram vöxt vegna íbúðalána. Að öllu samanlögðu er nauðsynlegt að vara við þeim hættum sem felast í skuldasöfnun undanfarinna ára. Áframhald á þeirri braut af hálfu opinberra aðila og heimila er ein alvarlegasta ógnin við stöðugleika í íslensku efnahagslífi.

Fyrsti minni hluti fjárlaganefndar varar við framangreindum veikleikum í efnahagslífinu og telur ástæðu til þess að hafa verulegar áhyggjur af stjórn efnahagsmála í ljósi stjórnarstefnunnar sem fram kemur í fjárlagafrumvarpinu. Þrátt fyrir nauðsyn á aðhaldi og sparnaði í ríkisrekstrinum er grundvallaratriði að standa vörð um meginstoðir velferðarkerfisins og varðveita hina samfélagslegu ábyrgð.

Verður nú vikið að einstökum málaflokkum sem 1. minni hluti telur rétt að taka til umfjöllunar hér.

Samgöngumál.

Samgöngumál fá hrikalega útreið hjá stjórnarflokkunum í frumvarpinu og breytingartillögum stjórnarliðsins.

Framlag til vita- og hafnamála lækka um 91,5 millj. kr. frá núgildandi fjárlögum.

Niðurskurður í vegamálum á næsta ári nemur alls 1.015 millj. kr. frá núgildandi vegáætlun sem samþykkt var í febrúar sl. Þar af eru stofnframkvæmdir skornar niður um 940 millj. kr. sem þýðir um fjórðungssamdrátt í áformuðum framkvæmdum næsta árs.

Enn verri útreið fær flugmálaáætlun, en þar er ætlunin að skerða framkvæmdir um helming eða um 190 millj. kr. og er áætlun næsta árs hreinlega í rúst ef þessi áform ná fram að ganga.

Samanlagt er niðurskurður í þessum þremur veigamiklu málaflokkum samgöngumála um *1.300 millj. kr.*, bara á einu ári.

Engar hliðstæður eru um þvílíkt skilningsleysi á bættum samgöngum í þjóðfélagi samtímans og auk þess sem niðurskurður af þessari stærðargráðu fækkar atvinnutækifærum sem nemur hundruðum.

Ferðaþjónusta.

Ferðaþjónusta hefur sífellt aukið hlut sinn í íslensku atvinnu- og efnahagslífi. Erlendum ferðamönnum fjölgar ár frá ári, og Íslendingar hafa stóraukið ferðalög um eigið land. Tekjur af greininni fara sífellt vaxandi, og aðeins sjávarútvegur skilar meiri gjaldeyristekjum en ferðaþjónustan. Enn eru fjölmargir möguleikar vannýttir til fjölgunar starfa og þróunar í ferðaþjónustu, og þar hefur ríkisvaldið skyldum að gegna. Það þarf að efla menntun og rannsóknir í greininni til þess að unnt sé að standa skynsamlega að uppbyggingu og þróun. Það þarf að auka upplýsingaþjónustu, almenna landkynningu og markaðsöflun. Og ekki síst þarf að treysta undirstöðuna undir íslenskri ferðaþjónustu, vernda sérstæða náttúru landsins og lítt mengað umhverfi, bæta aðstæður á ferðamannastöðum og lagfæra spjöll. Það er því ekki vansalaust að meiri hluti Alþingis hefur aldrei treyst sér til að standa við ákvæði laga um tekjur til að standa undir þeim verkefnum sem

Ferðamálaráði eru falin. Sá lögbundni tekjustofn, þ.e. 10% af sölu Fríhafnarinnar, mundi skila 200 millj. kr. á næsta ári. Nú hefur ríkisstjórnin lagt til að það ákvæði verði fellt úr lögunum en framlagið ákveðið í fjárlögum hverju sinni. Fjárlaganefnd hefur náð samstöðu um aukið framlag til ferðamála á næsta ári og þótt hér sé ekki um háar upphæðir að ræða er þessi niðurstaða vonandi til marks um aukinn skilning á mikilvægi greinarinnar.

Mennta- og menningarmál.

Framtíð þjóðarinnar og samkeppnisstaða hennar á alþjóðavettvangi byggist að miklu leyti á góðri menntun landsmanna og öflugu rannsóknar- og vísindastarfi. Frumvarpið ber ekki vott um framsækna stefnu í þessum efnum og þrátt fyrir auknar fjárveitingar til nokkurra málaflokka í meðförum fjárlaganefndar er enn margt sem er athugasemda vert.

Enn er ekki séð fyrir endann á kostnaðarþættinum varðandi flutning grunnskólans til sveitarfélaga þrátt fyrir að lögum um grunnskólann, nr. 66/1995, sé ætlað að taka gildi 1. ágúst 1996. Má þar nefna réttindamál kennara og ýmis mál sem tengjast markmiðinu um einsetningu skólanna innan sex ára frá gildistöku laganna.

Frumvarpið gerir ráð fyrir niðurskurði á framlögum til innlendra rannsókna og menntunar þrátt fyrir yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um að framlög hafi verið aukin til þessa málaflokks. Framlag til Nýsköpunarsjóðs námsmanna stendur nú í stað frá árinu 1995 eftir að það hefur verið hækkað um 5 millj. kr. í meðförum fjárlaganefndar, en fjárlagafrumvarpið gerði ráð fyrir að framlög til sjóðsins yrðu skert úr 15 millj. kr. í 10 millj. kr. 1. minni hluti vekur athygli á tillögum stúdentaráðs Háskóla Íslands en samkvæmt þeim er fjárþörf sjóðsins 25 millj. kr. eigi hann að standa undir hlutverki sínu. Rannsóknarnámssjóður fær úthlutað 20 millj. kr. í frumvarpinu í stað 25 millj. kr. árið áður og Vísindasjóður Rannsóknarráðs er skorinn niður um 10 millj. kr. á milli ára, eða úr 25 millj. kr. í 15 millj. kr. Rannsóknarráð Íslands hefur bent á að niðurskurður til sjóðanna grafi undan trúverðugleika þeirrar stefnu sem lá til grundvallar að stofnun Rannsóknarráðs Íslands og að með niðurskurðinum yrðu send mjög alvarleg, neikvæð skilaboð til ungs hæfileikafólks og þar með dregið úr áhuga þess og möguleikum á að hasla sér völl hér á landi. 1. minni hluti fjárlaganefndar varar við þeirri þróun að skera niður framlög til innlendra rannsókna og bendir á að grundvöllur þess að Íslendingar geti verið samkeppnishæfir í alþjóðlegu rannsóknastarfi er sá að hlúð sé að innlendum rannsóknum og vísindum.

Fyrsti minni hluti bendir á skerðingar á framlögum til Kvikmyndasjóðs, en sjóðnum eru ætlaðar 92,3 millj. kr. í stað 101,6 millj. kr. í fjárlögum fyrir árið 1995. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að skerða enn framlög til sjóðsins þrátt fyrir að í kvikmyndaiðnaðinum felist mikill vaxtarbroddur í íslensku atvinnulífi, ekki síst á seinni árum. Miðað við þau framlög sem sjóðnum eru nú ætluð getur hann ekki staðið að kynningu og markaðssetningu íslenskra kvikmynda erlendis sem er þó nauðsynlegt eigi að styðja við íslenskan kvikmyndaiðnað.

Þá bendir 1. minni hluti á óskir um viðbótarframlag til Háskóla Íslands, en alls er farið fram á aukningu allt að 130 millj. kr. frá því sem gert er ráð fyrir á fjárlögum. Í samtölum fjárlaganefndar við forsvarsmenn Háskóla Íslands kom fram að fjárlagatillögur skólans eru byggðar á áliti fjármálanefndar Háskólaráðs sem hefur unnið að því síðustu 18 mánuði að bera saman kostnað við reglubundið nám í Háskóla Íslands og hliðstæða þætti í skólum erlendis. Nefndin lét gera sérstakt reiknilíkan sem er ætlað að leggja mat á lágmarksfjárþörf skólans til þess að hann geti sinnt því hlutverki sem honum er ætlað

samkvæmt reglugerð en samkvæmt þeim samanburði vantar verulega upp á að kennslan verði sambærileg við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndum. Þá vill 1. minni hluti vekja athygli á því að fleiri skólastofnanir telja sig vart geta sinnt hlutverki sínu sem skyldi vegna skorts á fjármagni þrátt fyrir að fyllsta aðhalds hafi verið gætt og má þar nefna Tækniskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Kennaraháskóla Íslands og Stýrimannaskólann svo að dæmi séu tekin.

Félagsmál.

Þrátt fyrir að 1. minni hluti telji nauðsynlegt að ná niður ríkisútgjöldum til að minnka fjárlagahallann telur hann að fjárlagafrumvarpið feli í sér árásir á velferðarkerfið sem ekki verður við unað. Öryggisnet þeirra sem þurfa á samfélagslegri aðstoð að halda er orðið gisið og stefna, er felur í sér yfirbragð ölmusu, setur mark sitt á tillögur frumvarpsins. Áform ríkisstjórnarinnar um að svipta þá sem njóta greiðslna úr sameiginlegum sjóðum velferðarkerfisins réttinum til hækkana í samræmi við almenna launaþróun, fela í raun í sér afnám sjálfsagðra réttinda og 1. minni hluti telur slíkar árásir á þá sem síst geta vörnum við komið með öllu óþolandi.

Í frumvarpi til fjárlaga er gert ráð fyrir að Framkvæmdasjóður fatlaðra verði skertur verulega, þrátt fyrir að sjóðurinn hafi í síauknum mæli tekið á sig rekstur sem léttir á þjónustu stofnana. Hingað til hefur erfðafjárskattur runnið óskertur í sjóðinn lögum samkvæmt, en nú stendur til að taka 133 millj. kr. af framlagi sjóðsins til rekstrar stofnana fatlaðra. 1. minni hluti varar eindregið við því að haldið sé inn á þessa braut, jafnvel þótt umrætt fé renni til stofnana fatlaðra.

Með tilkomu barnaverndarstofu hafa miklar breytingar í átt til hins betra orðið í málefnum barna og ungmenna. 1. minni hluti tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í áliti minni hluta félagasmálanefndar um fjárlagafrumvarpið þar sem varað er sérstaklega við þeim vanda sem að þjóðinni steðjar vegna vímuefnanotkunar unglinga. Lögð er á það áhersla í áliti minni hluta félagsmálanefndar að Alþingi verði að bregðast sérstaklega við þróuninni í þessum málum með auknum forvörnum, aðstoð við unglinga og harðari refsingum við smygli og sölu fíkniefna.

Í fjárlagafrumvarpinu er boðaður verulegur niðurskurður til bygginga nýrra íbúða á vegum Byggingasjóðs verkamanna og er samdrátturinn skýrður með því að húsnæði standi autt í 25 sveitarfélögum. Vakin er athygli á því að ýmislegt bendir til að raunin sé allt önnur, einkum á höfuðborgarsvæðinu þar sem hundruð fjölskyldna bíða eftir félagslegu húsnæði. Varað er við að nota ástandið á einum stað sem röksemd fyrir niðurskurði á öðrum stöðum, en slíkar alhæfingar bitna verst á þeim sem mest þurfa á félagslegu húsnæði að halda. Það er nauðsynlegt að taka tillit til þarfa hvers sveitarfélags fyrir sig og fjármuni þarf að veita þar sem þörfin er. Þá vekur 1. minni hluti athygli á þeim áformum sem fram koma í fjárlagafrumvarpinu, að ríkið hætti þátttöku í kostnaði við greiðslu húsaleigubóta. Varar 1. minni hluti við slíkum áformum án undangenginna samninga við sveitarfélögin í landinu og samtök þeirra og vekur athygli á ábendingum sem fram hafa komið frá borgarstjóranum í Reykjavík um að þar hafi húsaleigubótakerfið reynst vel og mikilvægt sé að gefa því tækifæri til að þróast í samvinnu ríkis og sveitarfélaga.

Spá Þjóðhagsstofnunar gerir ráð fyrir 4,8% atvinnuleysi á næsta ári sem er svipað og verið hefur. Þetta hefur í för með sér aukna útgjaldaþörf til atvinnuleysismála, en hluta þess vanda ætlar ríkisstjórnin að leysa með því að hækka tryggingagjald um 0,5%. 1. minni hluti telur mikilvægt að tryggja fjármögnun á námskeiðum fyrir atvinnulausa og

telur að auka þurfi skilning á mikilvægi þess að skapa atvinnulausu fólki tækifæri til menntunar og vinnu. Í frumvarpi til fjárlaga má sjá áform um að leysa hluta vandans með því að bjóða atvinnulausum í auknum mæli vinnu og svipta þá bótum ef þeir þiggja ekki þá vinnu sem er í boði. Minnt er á að orsök atvinnuleysisvandans er ekki að finna í því að fólk vilji ekki vinna og yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í tengslum við málefni atvinnulausra eru því brenndar marki fordóma gagnvart atvinnulausum og afneitun á atvinnuleysi sem raunverulegu hagstjórnarvandamáli. Þá bendir 1. minni hluti á að skert er framlag til Félagsmálaskóla alþýðu frá því sem var á fjárlögum 1995 sem verður að teljast óeðlilegt með tilliti til mikillar þarfar á aukinni starfsmenntun í atvinnulífinu og þjónustu við atvinnulausa.

Þá fordæmir 1. minni hluti þá aðgerð að afnema tengsl greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði og almannatryggingakerfinu við almenna launaþróun í landinu. Í gildandi lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð er tenging við kjarasamninga fiskverkafólks sem felur í sér að bæturnar hækka í samræmi við almennar launahækkanir í þeirri starfsgrein. Með því að falla frá þessari tengingu er verið að snúa til kerfis sem minnir á ölmusu en slíkar hugmyndir höfðu sem betur fer verið aflagðar hér á landi. Ríkisstjórnin hyggst nú taka slíkt skref til fortíðarinnar og gerir það í nafni þess að það falli undir heildarstefnu um afnám sjálfvirkni og verðlagsuppfærslna. 1. minni hluti telur tengingu við laun vera grundvallarréttindamál fyrir þá sem þurfa á greiðslum úr tryggingakerfinu að halda og gildir sá skilningur allt að einu þótt ríkisstjórnin hafi samið um greiðslurnar nú um áramót í tengslum við aðgerðir á vinnumarkaði. Eftir stendur að atvinnulausum er ekki tryggð þessi tenging í framtíðinni en það telur 1. minni hluti vera mikla afturför og minnir á að atvinnulausir eru formlega séð á vinnumarkaði og því er sjálfsagt að greiðslur til þeirra fylgi almennri launaþróun. Þá bendir 1. minni hluti á að það var almenn krafa verkalýðshreyfingarinnar að fallið yrði frá þessum áformum og það að ekki hefur verið fallist á þær kröfur mun leiða til harðari átaka við frágang kjarasamninga í framtíðinni þar sem verkalýðshreyfingin mun eftir sem áður leitast við að tryggja þessum félagsmönnum sínum sambærilegar launabreytingar og öðrum.

Heilbrigðismál.

Fjárlaganefnd hefur fengið fjölda fólks á sinn fund vegna reksturs og stjórnunar heilbrigðiskerfisins. Hallatölur frá fyrri árum hljóða upp á a.m.k. 700 millj. kr. og samkvæmt framlögðum tillögum þeirra aðila sem lagt hafa fram erindi fyrir nefndina vantar a.m.k. 2–2,5 milljarða kr. á það sem stjórnendur meta að þurfi til að veita nauðsynlega þjónustu. 1. minni hluti vill vekja athygli á nokkrum atriðum varðandi heilbrigðismál.

Ljóst er samkvæmt heimildum forsvarsmanna Sjúkrahúss Reykjavíkur að sameining Borgarspítala og Landakotsspítala hefur skilað verulegum ávinningi nú þegar þótt formlega verði sameining ekki fyrr en um næstu áramót. Bentu þeir þó á að fyrirhuguð hagræðing næðist ekki að fullu nema ný skrifstofuaðstaða fengist og jafnframt skapaðist þá meira rými í spítalanum í Fossvogi. Þá lýstu forsvarsmenn sjúkrahússins áhyggjum sínum af lækkun framlaga til reksturs um 225 millj. kr. frá árinu 1995 og telja að leita verði leiða til að ná niður rekstrarhalla þessa árs, en hann er áætlaður 105 millj. kr. Þá kom einnig fram að nauðsyn er á að huga frekar að viðhaldi búnaðar og tækja.

Varðandi sjúkrahúsin á landsbyggðinni vekur 1. minni hluti athygli á því sem fram kom í máli ýmissa forsvarsmanna þeirra, að innlögðum sjúklingum hefur fjölgað nokkuð á meðan ferliverkum hefur fækkað til muna. Þetta hefur í för með sér stóraukinn kostnað fyrir sjúkrahúsin á landsbyggðinni.

Þá vekur 1. minni hluti sérstaka athygli á málefnum glasafrjóvgunardeildar Landspítalans, en fram kom á fundum með fulltrúum frá deildinni að um 650 pör eru þar á biðlista. Þá kom einnig fram að meðalaldur kvenna á biðlista fer hækkandi í samræmi við lengd biðlistans og hefur hann hækkað um tvö ár síðan á árinu 1991. Þá vöktu fulltrúar deildarinnar athygli á því hversu húsnæði deildarinnar er þröngt og vinnuálag mikið. Þá er mikil óánægja með þá ráðstöfun sem fyrirhuguð, er að láta aukna gjaldtöku vegna glasafrjóvgunarmeðferða ekki nýtast til að byggja upp deildina sjálfa heldur eru framlög til kvensjúkdómadeildar skorin niður sem nemur fyrirhugaðri hækkun. Þá vekur 1. minni hluti athygli á ummælum fulltrúa kvennadeildar Landspítalans sem taldi aukið vinnuálag auka verulega líkur á mistökum sem auk annars tjóns hefði í för með sér mikinn skaðabótakostnað fyrir ríkið. Einnig bentu fulltrúar kvennadeildarinnar á ófremdarástand er ríkir í menntun ljósmæðra en kennsla í faginu hefur ekki farið fram í tvö ár.

Þær upplýsingar liggja fyrir frá geðdeild Landspítalans að 125 millj. kr. vanti upp á að hægt sé að halda öllum geðdeildum spítalans opnum. Gífurlegt óhagræði getur hlotist af slíkum fjárskorti, enda ekki hægt að ljúka við verkefni sem ráðist hefur verið í og þau nýtast því ekki að fullu. Þá vekur 1. minni hluti athygli á því að göngudeildarmeðferð fyrir börn og unglinga er mjög áfátt.

Fyrsti minni hluti vill vekja athygli á skerðingum í frumvarpinu sem bitna á öldruðum og öryrkjum. Mikil óánægja ríkir með að lífeyrisgreiðslur skuli ekki hækka til samræmis við launaþróun í landinu. Tekur 1. minni hluti eindregið undir þau sjónarmið og vísar til rökstuðnings varðandi tengingu greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði við launaþróun.

Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir hafa farið fram á framlag af fjárlögum sem nemur 2 millj. kr. til að setja á stofn skrifstofu. Samtökin voru stofnuð árið 1992 en sams konar samtök hafa verið starfandi um allan heim í áratugi. Að íslensku samtökunum standa bæði einstaklingar og félög en meginmarkmið samtakanna er að stuðla að heilbrigðu kynlífi og tímabærum barneignum. 1. minni hluti styður að fé sé veitt til þessarar starfsemi, enda hafa samtökin samfélagslegu hlutverki að gegna sem ekki er sinnt annars staðar.

Fyrsti minni hluti telur brýna nauðsyn á stefnumörkun í heilbrigðismálum í stað handahófskennds niðurskurðar við fjárlagagerð ár hvert og telur sýnt að lengra verði ekki gengið á þessari braut. 1. minni hluti lýsir andstöðu við aukna gjaldtöku í heilbrigðiskerfinu og telur að ekki megi víkja frá þeim meginþætti í heilbrigðislöggjöf okkar að fólki skuli ekki mismunað eftir efnahag.

Löggæsla — vímuefnanotkun og ofbeldi.

Hvergi sér þess stað í þessu frumvarpi að ríkisstjórnin hyggist á einhvern hátt bregðast við vaxandi ofbeldi og eiturlyfjaneyslu í þjóðfélaginu sem er öllum hugsandi mönnum mikið áhyggjuefni. Ástand löggæslumála hefur farið versnandi um allt land á undanförnum árum og er víða talið undir öryggismörkum þar sem tæpast er hægt að halda uppi lágmarksþjónustu. Þótt framlag til embættis lögreglustjórans í Reykjavík sé hækkað er skýrt tekið fram að það sé vegna rauntalna síðustu ára en ekki aukinnar starfsemi.

Engin viðleitni er í þá átt að efla starf fíkniefnalögreglunnar og á þau mál er yfirleitt ekki minnst í frumvarpinu. Öllum ætti þó að vera ljóst að þar er við gríðarlegan vanda að etja sem taka verður á með skipulegum hætti.

Bótagreiðslur til þolenda afbrota.

Ljótasti bletturinn á þessu frumvarpi er lítilsvirðing ríkisstjórnarinnar gagnvart nýsettum lögum um greiðslur ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota sem taka eiga gildi 1. janúar nk. Allsherjarnefnd afgreiddi frumvarp þessa efnis samhljóða frá sér snemma á þessu ári og frumvarpið varð að lögum rétt fyrir síðustu kosningar með samþykki allra sem þátt tóku í afgreiðslu málsins. Með þessari lagasetningu var náð mikilvægum áfanga í baráttunni fyrir bættri meðferð brotaþola og fyrir breyttum viðhorfum í þeim efnum. Það er alkunna að flestum brotaþolum hefur reynst afar erfitt að sækja bætur í greipar þeirra sem tjóninu valda. Einkum hafa brotaþolar vegna nauðgunar eða annars kynferðislegs ofbeldis verið í erfiðri stöðu. Með einróma samþykkt þessara umbóta fengu þolendur ofbeldisbrota þau mikilvægu skilaboð að samfélaginu væri ekki sama um örlög þeirra. Margra ára barátta ýmissa kvennahópa virtist í höfn. Mörgum brá því illa í brún þegar ljóst var að ekki var gert ráð fyrir þessum greiðslum í frumvarpi til fjárlaga 1996 og boðuð tillaga ríkisstjórnarinnar um frestun gildistöku þeirra um eitt ár. Jafnframt átti afturvirkni þeirra að færast til um eitt ár, og um leið voru þeir sviptir voninni sem þegar höfðu fengið úrskurðaðar miskabætur vegna brota sem framin höfðu verið eftir 1. janúar 1993. Vegna harðra viðbragða utan sem innan þings var hafist handa við að leita leiða til að falla frá frestun gildistöku laganna, og nú hefur ríkisstjórnin lagt til að gildistöku laganna verði frestað um hálft ár í stað eins árs og að jafnframt verði bótafjárhæðir stórlega lækkaðar. Þetta er gjörsamlega óviðunandi niðurstaða sem 1. minni hluti getur engan veginn fallist á og leggur þunga áherslu á að Alþingi tryggi nægjanlegt framlag á fjárlögum 1996 til þess að staðið verði við lögin að fullu. Meðferð ríkisstjórnarinnar á þessu máli er öll með eindæmum. Hún er hneyksli sem Alþingi getur ekki þolað.

Landhelgisgæslan.

Landhelgisgæslan á í töluverðum rekstrarvanda sem stafar fyrst og fremst af rekstri nýju þyrlunnar, TF-LÍF. Þó hefur sá kostnaður orðið nokkru lægri en ráð var fyrir gert. Landhelgisgæslan telur sig vanta rúmar 78 millj. kr. til rekstursins. Ekki var orðið við þeirri beiðni og virðist því blasa við að gera þurfi róttækar ráðstafanir til að ná endum saman. Sú leið kynni að verða valin að selja þyrluna TF-SIF sem væntanlega gæfi um 20 millj. kr. Það hefði þann ókost í för með sér að þá yrði ekki lengur hægt að nota TF-SIF í smærri verkefni þar sem hún hentar jafnvel betur en TF-LÍF og er í mörgum tilvikum mun ódýrari kostur. Auk þess er TF-LÍF frá vegna skoðana í 5–6 vikur á ári og er þá ekki reiknað með stoppum vegna bilana. Tilkoma stóru þyrlunnar hefur gjörbreytt aðstæðum til björgunarstarfa og gert Landhelgisgæslunni kleift að vinna þrekvirki við erfiðustu skilyrði. Er skemmst að minnast atburðanna á Flateyri í október sl. en einnig fjölmargra ferða eftir sjúkum og slösuðum sjómönnum langt á haf út í slæmum veðrum. Á rekstrarvanda gæslunnar verður að finnast varanleg lausn því að Íslendingar hafa ekki efni á að vera án þessarar þjónustu. Skip gæslunnar eru rekin þannig að nær allt árið er eitt skip bundið við bryggju. Áhafnir verða að taka sitt frí þegar skipin eru bundin því ekki eru áhafnir til afleysinga hjá gæslunni. Þar við bætist að floti gæslunnar er orðinn mjög gamall og þótt honum sé vel við haldið er nauðsynlegt að hugsa fyrir endurnýjun á næstu árum.

Hafrannsóknir.

Fyrsti minni hluti tekur undir sjónarmið um hafrannsóknir sem fram koma í áliti sjávarútvegsnefndar um fjárlagafrumvarpið. Þar er lagt til að reynt verði að koma til móts við óskir Hafrannsóknastofnunar um fjárveitingu til að hleypa af stokkunum sérstöku „haustralli" og „þorsknetaralli" í því skyni að efla stofnrannsóknir. Þá er einnig lagt til að rannsóknir stofnunarinnar á djúpslóð vegna síaukinna úthafs- og djúpvatnsveiða verði efldar. Þá bendir 1. minni hluti á að fulltrúar Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og sjávarútvegsráðuneytisins hafa lagt áherslu á nauðsyn þess að vinna meira að rannsóknum á nýtingu vannýttra tegunda og tekur 1. minni hluti nefndarinnar undir það. Þá tekur 1. minni hluti undir ábendingar frá Hafrannsóknastofnun og sjávarútvegsráðuneyti varðandi nauðsyn áframhaldandi rannsókna á klaki og eldi lúðu, enda geta miklir möguleikar legið þar í framtíðinni. 1. minni hluti vekur þannig athygli á mikilvægi rannsókna til þess að efla undirstöður sjávarútvegsins.

Umhverfismál.

Mörg og stór verkefni bíða úrlausnar á sviði umhverfismála. Ef Íslendingar ætla að fylgjast með þróuninni í þeim efnum og standa við alþjóðasamninga er ljóst að aukið fé þarf til þessara mála á næstu árum.

Fyrsti minni hluti tekur undir með umhverfisnefnd sem í áliti sínu til fjárlaganefndar bendir á að Náttúruverndarráð skorti rekstrarfé til að geta rækt nægilega vel það hlutverk sem því er ætlað með lögum. Ráðið fór þó aðeins fram á 3–5 millj. kr. til viðbótar til nokkurra verkefna sem verið er að vinna að eða ætlunin að hefja vinnu við á næsta ári. Er þar m.a. um að ræða merkingar á friðlýstum svæðum, verndaráætlanir fyrir Jökulsárgljúfur og Skaftafell, rannsóknir og umbætur á hverasvæðinu við Geysi og skipulagningu friðlýsts svæðis á Búðum. Ekki var orðið við þessari hóflegu beiðni ráðsins um aukið framlag.

Ekki treysti meiri hlutinn sér heldur til að taka á rekstrarvanda Hollustuverndar ríkisins sem m.a. með tilkomu samninga um EES og GATT hefur orðið að taka að sér fjölda nýrra verkefna án þess að fá til þess aukið rekstrarfé. Ákveðið hefur verið að veita 1,5 millj. kr. til að finna leiðir til að leysa vanda Hollustuverndar, en augljóst er að með því er aðeins verið að fresta afgreiðslu málsins til næstu fjáraukalaga.

Í áliti umhverfisnefndar er einnig greint frá viðtali við veðurstofustjóra. Hann benti m.a. á þá staðreynd að Veðurstofan hefur ekki ráð á að taka rausnarlegum tilboðum til stofnunarinnar um fjármögnun og uppsetningu jarðskjálftamæla víðs vegar um landið þar sem hún hefur ekki fé til að reka þá og annast. Þá benti veðurstofustjóri einnig á að vegna aukinnar eftirspurnar væru veðurspár orðnar markaðsvara sem skilað gæti verulega auknum sértekjum til stofnunarinnar í framtíðinni en vegna skorts á stofnfjármagni væri ekki hægt að nýta þessa markaðsmöguleika. Var það mat hans að til þessa verkefnis þyrfti að leggja u.þ.b. 10 millj. kr. árlega næstu 2–3 ár. Þróunarmöguleikum Veðurstofu eru þannig skorður settar og væri þarft að leita leiða til að gera henni kleift að efla rannsóknir og þjónustu.

Lokaorð.

Fjárlög markast af efnahagsstefnu þeirrar ríkisstjórnar sem við völd er. 1. minni hluti getur ekki tekið ábygð á efnahagsstefnu núverandi ríkisstjórnar og mun því sitja hjá við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Alþingi, 13. des. 1995.

Kristinn H. Gunnarsson, frsm.	Kristín Halldórsdóttir.	Bryndís Hlöðversdóttir.

355. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1996.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1996 er á margan hátt sérkennilegt. Það er sérkennilegt m.a. fyrir þá sök að það fer á skjön við tíðarandann sem undanfarið hefur einkennst af vaxandi áhyggjum af sífelldum hallarekstri ríkissjóðs. Kröfur um heilbrigðan ríkisrekstur, sem ekki felur í sér stöðuga umframeyðslu, hafa orðið háværari með hverju nýju fjárlagafrumvarpi. Ungt fólk hlýtur að horfa með ótta til þess tíma þegar það þarf að greiða upp skuldir þeirrar kynslóðar sem stofnaði til þeirra, jafnvel á veltitímum góðæris og mikils hagvaxtar. Þegar þær kynslóðir, sem nú stjórna fjármálum þjóðarinnar, tóku við búi af fyrri kynslóð voru yfirteknar skuldir aðeins lítið brot af því sem næsta kynslóð fær í arf.

Sá halli, sem við hefur verið að glíma, hefur verið innbyggður í rekstrarkerfi ríkissjóðs. Hann hefur í reynd leitt til áframhaldandi samfelldrar skuldasöfnunar sem haft hefur bæði verðbólguáhrif og leitt til vaxtahækkana. Það má líkja þessu ástandi við sjálfaukandi vaxta- og skuldagildru.

Skuldastaða ríkissjóðs og ríkisstofnana hefur farið hríðversnandi undanfarin ár. Á meðalverðlagi hafa skuldir ríkissjóðs aukist úr 11,7 milljörðum kr. árið 1985 í 126,7 milljarða kr. árið 1994 sem munu vera um 1.000%. Á sama tíma hafa skuldir sveitarfélaganna aukist úr 7,4 milljörðum kr. í 36,8 milljarða kr. Þau eru rétt um hálfdrættingar í hundraðshluta. Ef skoðaðar eru skuldir heimilanna hafa þær aukist um tæp 700% en skuldir fyrirtækjanna aðeins um 260%.

Þessar tölur eru settar fram til að sýna þá mjög svo slaklegu fjármálastjórn sem einkennt hefur fjármál hins opinbera. Það sker sig algjörlega úr.

Nú er svo komið að áætlað er að vextir og afborganir af skuldum ríkisins nemi á næsta ári 34,2 milljörðum kr. Það jafngildir öllum útgjöldum menntamálaráðuneytis, öllum útgjöldum félagsmálaráðuneytis og öllum útgjöldum dóms- og kirkjumálaráðuneytis.

Þótt allir geri sér grein fyrir því að þessar skuldir verða ekki greiddar á næstunni er um hrikalegar tölur að ræða. Vaxtagreiðslurnar einar saman eru nokkuð hærri en allar greiðslur til allra framhaldsskóla, grunnskóla og sérskóla.

Það er þessi bakgrunnur sem knýr þingmenn Alþýðuflokksins til að leggja fram breytingartillögur við 2. umræðu um fjárlagafrumvarpið er miða að hallalausum fjárlögum. Það má ekki að fresta því enn í kæruleysi að taka á halla ríkissjóðs. Breytingartillögur þingmanna Alþýðuflokksins eru birtar á sérstöku þingskjali, en yfirlit yfir þær er birt á fylgiskjali með þessu áliti. Alþýðuflokkurinn lagði sig fram í síðustu ríkisstjórn um að ná halla ríkissjóðs sem mest niður. Þótt margt hafi þar verið vel gert tókst það ekki nema að hluta. Ástæður þess að það tókst ekki sem skyldi voru að þjóðin var að ganga í gegnum sjö ára samdráttarskeið og talið var erfitt að dýpka þá lægð enn frekar með meiri samdrætti í ríkisútgjöldum.

Nú hefur grunnurinn verið lagður að nýju framfaraskeiði og því er rétt að nota hann til að ná tökum á ríkisbúskapnum.

Þjóðhagshorfur.

Í Þjóðhagsáætlun fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að dragi úr hagvexti frá yfirstandandi ári og að landsframleiðsla aukist um 2% í stað 3,2% á þessu ári. Eins og á þessu ári er talið að þjóðarútgjöld aukist meira en landsframleiðslan og þjóðartekjur og afgangur á viðskiptajöfnuði muni því minnka.

Í áætlun Þjóðhagsstofnunar er einnig gert ráð fyrir 2,5% verðbólgu á næsta ári og að nokkur aukning verði á kaupmætti ráðstöfunartekna á mann eða um 1,8%. Ljóst er að þessar forsendur þarf að endurskoða, laun muni hækka meira en gert var ráð fyrir og nú er ljóst að ráðist verður í stækkun álversins í Straumsvík og eru þær framkvæmdir taldar auka landsframleiðsluna sem aftur mun hafa áhrif á fjárlagagerðina, einkum á tekjur ríkissjóðs. Þá virðast forsendur Þjóðhagsstofnunar um aflabrögð á næsta ári ætla að standast í meginatriðum og enn er gert ráð fyrir að afurðaverð erlendis haldist hátt og afli aukist.

Almennt má segja um þróun efnahagsmála undanfarin ár að ótrúleg umskipti hafa orðið til hins betra eftir að verkalýðshreyfingin og ríkisstjórnin beittu sér fyrir tímamótakjarasamningum í febrúar 1990. Grundvöllur þeirra samninga var að nauðsynlegur trúnaður myndaðist milli forustumanna verkalýðshreyfingarinnar, atvinnurekenda og þáverandi ríkisstjórnar. Með umræddum kjarasamningum tókst að ná verðbólgunni niður og koma á forsendum fyrir efnahagslegum stöðugleika sem birtist í stöðugu gengi, viðskiptajöfnuði við útlönd og minni verðbólgu.

Tekjuhlið.

Eins og fram kemur í áætlunum um breyttar forsendur í ríkisbúskapnum eru lagðar fram áætlanir um að aukin umsvif og breyttar forsendur geti skilað a.m.k. 800 millj. kr. tekjuauka í ríkissjóð. Þá er ljóst að framkvæmdir við nýtt álver muni leiða til um 800 millj. kr. aukningu á tekjum ríkissjóðs.

Þingmenn Alþýðuflokks gera þar að auki tillögu um að dregið verði verulega úr starfsemi Lánasýslu ríkisins. Bæði er það að nýjar lántökur ríkissjóðs munu dragast saman ef tillögurnar verða samþykktar, svo og hitt að hægt er að sameina þessa starfsemi sambærilegri vinnu sem fram fer í Seðlabanka Íslands. Þannig má draga úr skerðingu á áhættufé ríkisábyrgða og auka þar með tekjur ríkissjóðs.

Þá eru gerðar tillögur um að sett verði lög um fjármagnstekjuskatt strax á þessu þingi og að hann komi til framkvæmda 1. september 1996. Hér er gengið út frá því að núverandi tekjuskattskerfi verði beitt á fjármagnstekjurnar með ákveðnu frítekjumarki en síðan verði lagt á samkvæmt sérstöku skatthlutfalli sem er 30%. Þetta gæti gefið tæplega 1.300 millj. kr. yfir heilt ár í tekjur. Eins og hér sést er ekki unnið út frá þeirri reglu að setja flatan staðgreiðsluskatt á fjármagnstekjur. Unnið er út frá því að nýr fjármagnstekjuskattur falli sem best að gildandi tekjuskattskerfi en ekki þurfi að búa til nýtt kerfi fyrir hann.

Að lokum er lagt til að auka tekjur ríkissjóðs um 200 millj. kr. með því að breyta um aðferð við að ívilna hlutabréfakaupum almennings. Nú háttar svo til að hægt er að kaupa hlut í félögum án þess að vera beinn eigandi að hlut þar. Það er gert með því að kaupa bréf í einhverjum hlutabréfasjóði sem veitir ekki réttindi til setu á aðalfundi. Þetta er gert til að geta búið til tilefni til skattfrádráttar án þess að áhættan sé mikil. Síðan eru bréfin seld eftir þrjú ár og ný keypt.

Hér er lagt til að aðeins þau hlutabréf, sem keypt eru í beinu hlutabréfaútboði fyrirtækja sem gerð eru til að styrkja eiginfjárstöðuna, séu gild til að fá skattfrádrátt. Þá er jafnframt rétt að endurskoða þá upphæð sem fæst í skattfrádrátt hverju sinni.

Gjaldahlið.

Lagðar eru fram allmargar tillögur um sparnað á gjaldahlið eða alls 1.510 millj. kr. Lækkun á framlagi til Byggðastofnunar eða heimildarákvæðum fjármálaráðherra og til ráðstöfunar ríkisstjórnarinni þarfnast ekki nánari útskýringa. Þar er um hreinar skerðingar að ræða. Það sama gildir um þær skerðingar sem lagt er til að gerðar verði á fjárlagalið landbúnaðarráðuneytis.

Með nýjum búvörusamningi voru fjárveitingar til búvöruframleiðslunnar auknar stórlega þannig að á næsta ári aukast þessar fjárveitingar rétt um 250 millj. kr. Við gerð rammafjárlaga hefur það verið regla að mæta aukningu á einum fjárlagalið innan ráðuneytis með því að skera niður annars staðar.

Þeirri reglu er fylgt hér en eilítið bætt við sparnaðinn í samræmi við yfirlýsta stefnu um að draga úr stuðningi við landbúnaðinn og búa hann þannig undir breytta tíma.

Gerð er tillaga um að dregið verði úr starfsemi Námsgagnastofnunar. Hún starfar að hluta í samkeppni við útgáfur á frjálsum markaði og er það óeðlilegt. Þá er mun eðlilegra að bókaforlög á almennum markaði sjái í meiri mæli um gerð námsefnis en verið hefur. Þau sjá nánast um allt námsefni á framhaldsskólastiginu og eru fullfær um að takast á við meiri verkefni á grunnskólastiginu. Þó er áfram þörf fyrir öfluga starfsemi hjá Námsgagnastofnun en til þess verður nægileg fjárveiting eftir.

Á fjárlagalið félagsmálaráðuneytis er lagt til að aukin verði þátttaka aðila utan ríkisins til að létta undir með greiðslum vegna ábyrgðasjóðs launa. Ræða þarf bæði við fulltrúa vinnuveitenda og verkalýðshreyfingar til að finna réttan farveg fyrir þessi útgjöld.

Lagt er til að sparað verði í ferðakostnaði og risnureikningi aðalskrifstofa ráðuneytanna. Hér er um mjög stóran lið að ræða þar sem auðvelt ætti að vera að spara undir venjulegum kringumstæðum.

Að lokum er lagt til að tekin verði upp kostnaðarþátttaka sjávarútvegsins vegna margvíslegrar þjónustu sem ríkið veitir greininni. Rannsókna- og eftirlitsstofnanir sem ríkið rekur í þágu sjávarútvegsins munu fá í beina fjárveitingu á næsta ári 971 millj. kr., þar af er rekstrarkostnaður 844,8 millj. kr.

Á undanförnum árum hefur mikið verið rætt um svokallaða kostun sem aðferð við að ná niður halla ríkissjóðs og sporna við sjálfvirkum hækkunum. Þessari aðferð hefur að litlu leyti verið beitt í heilbrigðisstofnunum og í meira mæli í öðrum þjónustustofnunum almennings. Árangur þessarar aðferðar er þess eðlis að eðlilegt er að beita henni á fleiri sviðum. Núverandi fjármálaráðherra hefur lýst því yfir að beita eigi kostunaraðferðinni sem víðast og einnig í sjávarútvegi.

Hér er því lagt til að Fiskistofa innheimti veiðileyfagjald til að standa straum af kostnaði við rekstur sinn, svo og Hafrannsóknastofnunar. Afgangurinn renni í ríkissjóð til að mæta kostnaði við aðrar stofnanir sjávarútvegsins.

Hér er lagt til að innheimt verði 1,65 kr./kg af lönduðum fiski umreiknuðum í þorskígildi. Ekki mun fjarri láta að þau hafi verið tæplega 490 þúsund tonn á síðasta ári. Þannig fæst umrædd upphæð.

Þær tillögur, sem gerðar eru um hækkanir á gjaldahlið, nema 645 millj. kr. Lagt er til að framlag til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands verði aukið um 32 millj. kr. Ísland hefur margsinnis á undanförnum árum skuldbundið sig til að auka framlag til þróunarmála. Alþingi hefur samþykkt þingsályktunartillögu þess efnis.

Framlag Íslands nemur aðeins rúmlega 0,1% af VLF og er það langlægsta hlutfall, ekki aðeins á Norðurlöndum heldur um alla norðanverða Evrópu. Þessi hækkun er í samræmi við samþykkt sem stjórn ÞSSÍ gerði á sl. ári og kynnt var í ríkisstjórn. Samþykkt stjórnar ÞSSÍ miðaðist við að ná 0,7% framlagi af VLF á árinu 2002 en til þess þyrfti að hækka framlögin um 15% á ári.

Á þessu ári voru samþykkt lög frá Alþingi um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota. Þar sem ekki er gert ráð fyrir neinum kostnaði vegna þessa í fjárlögum er nauðsynlegt að bæta þar um. Ekki kemur annað til álita en að Alþingi tryggi framgang þessara laga. Þolendur afbrota eru sá hópur þjóðfélagsþegna sem ekki getur með nokkru móti spornað við afleiðingum afbrotanna. Samfélaginu ber því að standa við bakið á þeim. Því er lagt til að framlag til bóta til þolenda afbrota verði ákveðið 60 millj. kr. á fjárlögum fyrir næsta ár.

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að spara í lífeyristryggingum við að tekjutengja þær fjármagnstekjum. Þetta á að spara ríkissjóði 250 millj. kr. á árinu. Hér er lagt til að fjármagnstekjutengingin taki ekki gildi fyrr en um leið og fjármagnstekjuskattur verður lagður á. Samkvæmt tillögum hér að framan er lagt til að það gerist 1. september 1996. Við þetta aukast útgjöld til lífeyristrygginga um 190 millj. kr.

Á sviði menntamálaráðuneytisins er lagt til að framlag til Kvikmyndasjóðs verði aukið um 13 millj. kr. Er þetta gert til að framlag til sjóðsins verði sem næst óbreytt að raungildi á komandi ári. Fáar fjárfestingar skila betri arði en framlög til kvikmynda. Það er því lagt til að hér verði gerð á bragarbót.

Alþýðuflokkurinn hefur vakið máls á þeirri miklu tekjutengingu með tilheyrandi háum jaðarsköttum sem innleiddir hafa verið í skattakerfið. Þótt flokkurinn sé ekki alfarið á móti tekjutengingu er hann þeirrar skoðunar að of langt hafi verið gengið. Beri nú að vinda ofan af því með viðeigandi ráðstöfunum. Því er lagt til að til viðbótar þeim 500 millj. kr. sem gert er ráð fyrir að veita til að auka barnabótaaukann skuli veittar 350 millj. kr. þar til viðbótar. Þá hækkar barnabótaaukinn um 20% í stað þess að hækka um 12,6% eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu.

Með því móti hefur jaðarskatturinn verið lækkaður umtalsvert. Fyrir fjölskyldu með fjögur börn og liðlegar meðaltekjur ætti skerðingin með þessari viðbót að vera orðin lítil með þriðja barni en engin með fjórða barni.

Svipaðar aðgerðir eru nauðsynlegar við vaxtabæturnar. Þar er þó rétt að breyta aðferðinni og taka upp hlutfallslegar bætur af höfuðstól húsnæðisskuldar og afnema skerðinguna. Ekki er gert ráð fyrir að bótaþökum verði breytt. Til að halda óbreyttum útgjöldum ríkissjóðs þarf bótahlutfallið að vera 2,1%.

Þingflokkur Alþýðuflokksins mun leggja þetta fram sem sérstakt mál á yfirstandandi þingi.

Sala eigna.

Lagt er til að framleiðslu- og þjónustufyrirtækjum í eigu ríkisins, sem ekki eru í einokunarstöðu á markaðnum, svo sem Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, verði breytt í almenningshlutafélög og hluti þeirra seldur almenningi samkvæmt nánari ákvörðun Alþingis. Auðvelt ætti að vera að selja hlutabréf fyrir u.þ.b. 700 millj. kr. á næsta ári.

Hallalaus fjárlög.

Samhliða þessu nefndaráliti flytja þingmenn Alþýðuflokksins tillögur um breytingar á fjárlagafrumvarpinu sem miða að hallalausum fjárlögum. Þingflokkur Alþýðuflokksins lítur svo á að það sé skylda Alþingis að afgreiða fjárlög næsta árs án halla. Þannig spornar löggjafarsamkoman best gegn hugsanlegri þenslu og dregur úr skuldum ríkissjóðs, en það er forgangsmál.

Alþingi, 14. des. 1995.

Gísli S. Einarsson.

Fylgiskjal.

Yfirlit yfir breytingartillögur þingmanna Alþýðuflokksins við 2. umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1996.

1. Tekjuhlið breytist þannig:
   a. Almenn hækkun vegna álframkvæmda ..... 800.0 m.kr.
   b. Hækkun vegna aukinna umsvifa í efnahagslífi og breyttra forsenda í veiðum ..... 800.0 m.kr.
   c. Áhættugjald ríkisábyrgða, framlag til Lánasýslu ríkisins fellt niður að hluta og starfsemin flutt til Seðlabanka Íslands ..... 100.0 m.kr.
   d. Fjármagnstekjuskattur lagður á frá 1. september 1996 ..... 420.0 m.kr.
   e. Ívilnunum vegna hlutabréfakaupa fækkað ..... 200.0 m.kr.

   Samtals hækkun tekna ..... 2.320.0 m.kr.

2. Lækkun útgjalda einstakra ráðuneyta.
   a. *Forsætisráðuneyti*
      Byggðastofnun (lækkun framlags) ..... 100.0 m.kr.
   b. *Fjármálaráðuneyti*
      Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum (þak) ..... 50.0 m.kr.
      Ríkisstjórnarákvarðanir (lækkun) ..... 50.0 m.kr.
   c. *Sjávarútvegsráðuneyti*
      Sértekjur Fiskistofu (veiðileyfagjald) 1,65 kr./kg af lönduðum afla umreiknuðum í þorskígildi (landaður afli u.þ.b. 485.000 þorskígildistonn). Gjaldið renni til Fiskistofu. Afgangur í ríkissjóð ..... 800.0 m.kr.
   d. *Menntamálaráðuneyti*
      Námsgagnastofnun (starfsemi stofnunarinnar dregin saman, samkeppnisdeildum lokað, verkefni boðin út) ..... 60.0 m.kr.
   e. *Félagsmálaráðuneyti*
      Ábyrgðasjóður launa (aukin verði þátttaka atvinnulífsins í fjármögnun sjóðsins) ..... 100.0 m.kr.
   f. *Landbúnaðarráðuneyti*
      Hagþjónusta bænda (lögð niður) ..... 10.0 m.kr.
      Bændasamtökin (stuðningi hætt í áföngum) ..... 100.0 m.kr.
      Framleiðnisjóður (framlag lækkað) ..... 200.0 m.kr.
   g. *Aðalskrifstofa ráðuneyta* (kröfur um sparnað í ferðum og risnu) . 40.0 m.kr.

Samtals lækkun útgjalda ..... 1.510.0 m.kr.

3. Hækkun útgjaldaliða einstakra ráðuneyta.
   a. *Utanríkisráðuneyti*
      Þróunarsamvinnustofnun Íslands ..... 32.0 m.kr.
   b. *Dóms- og kirkjumálaráðuneyti*
      Bætur til þolenda afbrota ..... 60.0 m.kr.
   c. *Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti*
      Tekjutenging lífeyrisgreiðslna við fjármagnstekjur verði lækkuð frá frumvarpi ..... 190.0 m.kr.
   d. *Menntamálaráðuneyti*
      Framlög til Kvikmyndasjóðs ..... 13.0 m.kr.
   e. *Fjármálaráðuneyti*
      Skerðing barnabótaauka lækkuð (tekjutengingin). Barnabótaauki hækki um 20% í stað 12,6% ..... 350.0 m.kr.

Samtals hækkun útgjalda ..... 645.0 m.kr.

4. Sala eigna.
   Lagt er til að framleiðslu- og þjónustufyrirtækjum í eigu ríkisins, sem ekki eru með einokunarstöðu, svo sem Landsbanki Íslands og Búnaðarbanki Íslands, verði breytt í almenningshlutafélög og hluti þeirra seldur almenningi samkvæmt nánari ákvörðun Alþingis. Hafin verði sala á hlutabréfum upp úr miðju næsta ári og stefnt að því að selja fyrir u.þ.b. **700.0** m.kr. á árinu.

5. Samantekið.
   a. Hækkun tekna ..... 2.320.0 m.kr.
   b. Hækkun útgjalda ..... 645.0 m.kr.
   c. Lækkun útgjalda ..... 1.510.0 m.kr.
   d. Sala eigna ..... 700.0 m.kr.

   Samtals lækkun útgjalda og hækkun tekna ..... 3.885.0 m.kr.
   Halli samkvæmt fjárlagafrumvarpi ..... 3.880.0 m.kr.

Tillögur þingflokks Alþýðuflokksins skila *hallalausum fjárlögum fyrir árið 1996.*

356. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1996.

Frá Margréti Frímannsdóttur og Svavari Gestssyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02-201 Háskóli Íslands. 106 Kennslu- og vísindadeildir. Fyrir „1.110.500“ kemur	1.240.500
2. Við 4. gr. 02-239 101 Rannsóknarnámssjóður. Fyrir „20.000“ kemur	30.000
3. Við 4. gr. 02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi. 115 Nýsköpunarsjóður. Fyrir „10.000“ kemur	25.000

357. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1996.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 10-211 Vegagerðin. 610 Nýframkvæmdir. Fyrir „2.006.000“ kemur	2.643.000
2. Við 4. gr. 10-330 Vita- og hafnamálastofnun. Nýr liður: 681 Til rannsókna- og undirbúnings varðveislu Kolbeinseyjar	6.000
3. Við 4. gr. 10-472 608 Flugvellir, framkvæmdir. Fyrir „203.000“ kemur	393.000
4. Við 4. gr. 10-651 Ferðamálaráð. 181 Ferðamálaráð skv. 8. gr. laga nr. 117/1994. Fyrir „68.000“ kemur	90.000

358. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1996.

Frá Svavari Gestssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 02-983 Ýmis fræðistörf. Nýr liður:	
112 Ættfræðifélagið	500

359. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1996.

Frá Svavari Gestssyni og Ragnari Arnalds.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02-730 101 Skólabúðir að Reykjum.	
Fyrir „9.600“ kemur	14.600
2. Við 4. gr. 02-980 601 Listskreytingasjóður.	
Fyrir „4.000“ kemur	14.000
3. Við 4. gr. 02-981 101 Kvikmyndasjóður.	
Fyrir „88.700“ kemur	108.700

360. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1996.

Frá Bryndísi Hlöðversdóttur og Ögmundi Jónassyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 07-985 Félagsmálaskóli alþýðu. 110 Almennur rekstur.	
Fyrir „12.300“ kemur	12.800

361. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1996.

Frá Svavari Gestssyni og Hjörleifi Guttormssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 02-979 610 Húsafriðunarsjóður.	
Fyrir „10.500“ kemur	30.500

362. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1996.

Frá Ögmundi Jónassyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 08-371 Ríkisspítalar. Nýr liður:	
102 Til geðdeildar og barnaspítala samkvæmt nánari ákvörðun stjórnarnefndar	120.000

363. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1996.

Frá Svavari Gestssyni og Margréti Frímannsdóttur.

	M.kr.
1. Við 3. gr. Nýr liður:	
40120 Sérstakur hátekjuskattur	300
2. Við 3. gr. Nýr liður:	
40550 Sérstakur tekjutengdur stóreignaskattur	500
3. Við 3. gr. Nýr liður:	
415 Fjármagnstekjuskattur	700

364. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1996.

Frá Steingrími J. Sigfússyni, Bryndísi Hlöðversdóttur, Hjörleifi Guttormssyni, Kristni H. Gunnarssyni, Margréti Frímannsdóttur, Ólafi Ragnari Grímssyni, Ragnari Arnalds, Svavari Gestssyni og Ögmundi Jónassyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands.	
Fyrir „152.600“ kemur	182.600

365. Lög [74. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 74.

366. Lög [92. mál]

um viðurkenningu og fullnustu erlendra ákvarðana um forsjá barna, afhendingu brottnuminna barna o.fl.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 348 (sbr. 94).

367. Lög [164. mál]

um breytingu á lögum nr. 26/1994, um fjöleignarhús.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 350.

368. Nefndarálit [194. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Magnús Pétursson, ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins, og Tómas Sigurðsson frá Iðnlánasjóði.

Nefndin leggur áherslu á að trygging verkábyrgða fari eftir almennum reglum sem settar verði af iðnaðar- og fjármálaráðherra sem staðfesta ákvarðanir stjórnar Iðnlánasjóðs um iðgjöld og tryggingarhlutföll, sbr. 15. gr. laga nr. 76/1987.

Í reglunum komi fram:

a. hámark ábyrgða á hverjum tíma,
b. hámark ábyrgða fyrir hvert verkefni,
c. þeir málaflokkar sem ábyrgð er veitt til og skipting milli þeirra.

Jafnframt tekur nefndin undir athugasemdir fjármálaráðuneytisins, sem birtar eru sem fylgiskjal með frumvarpinu, um iðgjöld Iðnlánasjóðs og varasjóðstillag. Einnig er vakin athygli á að iðnaðarráðherra hefur skrifað stjórn Iðnlánasjóðs bréf og mælst til að iðgjöld verði hækkuð til að standa undir útgjöldum sjóðsins vegna verkábyrgðartrygginga.

Með vísan til framangreindra athugasemda leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. des. 1995.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Svavar Gestsson, með fyrirvara.	Pétur H. Blöndal.
Árni R. Árnason.	Drífa Sigfúsdóttir.	Petrína Baldursdóttir.

369. Nefndarálit [171. mál]

um frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse-Lonza Holding Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og rætt við Halldór J. Kristjánsson, skrifstofustjóra í iðnaðarráðuneytinu, Ingimar Sigurðsson, skrifstofustjóra í umhverfisráðuneytinu, Helgu Jónsdóttur, stjórnarformann Landsvirkjunar, Halldór Jónatansson, forstjóra Landsvirkjunar, Jóhann Má Maríusson, aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar, Agnar Olsen, framkvæmdastjóra verkfræði- og framkvæmdasviðs Landsvirkjunar, Elías B. Elíasson, deildarstjóra þróunarmála hjá Landsvirkjun, Kristján Gunnarsson, yfirmann fjárhags- og hagmála hjá Landsvirkjun, Stefán Pétursson, deildarstjóra fjármála- og markaðsdeildar Landsvirkjunar, Þorstein Hilmarsson, upplýsingafulltrúa Landsvirkjunar, Baldur Guðlaugsson, lögmann Landsvirkjunar, Yngva Harðarson, hagfræðing Landsvirkjunar, Gylfa Ingvarsson, aðaltrúnaðarmann starfsmanna Ísals, Einar Guðmundsson og Rannveigu Rist frá Ísal, Ingvar Viktorsson, bæjarstjóra Hafnarfjarðar, Jóhann G. Bergþórsson, Valgerði Sigurðardóttur, Magnús Jón Árnason, Guðmund Benediktsson og Eyjólf Sæmundsson frá Hafnarfjarðarbæ, en auk þess mætti Eyjólfur á annan fund nefndarinnar fyrir hönd Vinnueftirlits ríkisins. Þá komu Jón Erlingur Jónasson, varaformaður stjórnar Hollustuverndar ríkisins, og Ólafur Pétursson frá Hollustuvernd á fund nefndarinnar. Einnig bárust að ósk iðnaðarnefndar umsagnir efnahags- og viðskiptanefndar og umhverfisnefndar um skattalegar hliðar málsins og umhverfisþætti þess, auk gagna sem gestir lögðu fram.

Auk þess sem að framan er talið fjallaði iðnaðarnefnd um málið á 119. þingi. Á fundi nefndarinnar 30. maí 1995 gerðu Halldór J. Kristjánsson og Geir A. Gunnlaugsson nefndinni grein fyrir stöðu álviðræðna og 19. júlí 1995 var haldinn sameiginlegur fundur iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra með iðnaðarnefnd og umhverfisnefnd þar sem kynnt var mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðra framkvæmda í álverinu í Straumsvík.

Með viðaukasamningi ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse-Lonza, sem undirritaður var 16. nóvember 1995 og nú er borinn undir Alþingi til staðfestingar, er áætlað að auka framleiðslugetu álbræðslu Íslenska álfélagsins hf. (Ísals) í Straumsvík úr 100.000 árstonnum í alls 162.000 árstonn í árslok 1997. Til þess að unnt sé að ná því markmiði þarf að reisa nýjan kerskála til álvinnslu með 160 rafgreiningarkerum, auk annarra mannvirkja, svo sem þurrhreinsibúnaðar og viðbótar við álsteypuskála. Þá þarf einnig að bæta

hafnaraðstöðu með byggingu nýs 100 m viðlegukants í Straumsvík. Hafnarfjarðarbær mun annast bygginguna sem á að vera lokið áður en rekstur hefst í fyrirhuguðum kerskála. Ísal greiðir kostnað af gerð hafnaraðstöðunnar en verður undanþegið greiðslu vörugjalda fyrir útflutning af áli um það sem nemur framleiðsluaukningu vegna stækkunar fram til 1. október 2014. Stækkun álbræðslunnar leiðir til þess að öll umframorka í raforkukerfi Landsvirkjunar, um 730 gwst. í árslok 1997, fullnýtist auk þess sem ráðast þarf í frekari framkvæmdir til orkuöflunar. Með samningnum um stækkun Ísals er leitast við að gera skattaumhverfi álversins sem líkast því sem önnur fyrirtæki á Íslandi búa við. Vegna viðaukasamningsins hefur fyrirtækið nú fengið útgefið starfsleyfi á grundvelli íslenskra laga en fram til þessa hafa ákvæði um mengunarvarnir og umhverfismál verið hluti af aðalsamningi.

Eftir nokkurra ára stöðnun í uppbyggingu stóriðju og litlar erlendar fjárfestingar er nauðsynlegt að kanna fyrst hvaða áhrif mætti ætla að viðaukasamningurinn hefði á þjóðarhag. Fjárfesting eykst væntanlega á næstu tveimur árum um 14 milljarða kr. vegna stækkunar álversins og hafnaraðstöðu en um 3 milljarða kr. vegna fjárfestingar í raforkumannvirkjum, eða um 10–11% frá því sem orðið hefði að óbreyttum horfum. Rúmlega þriðjungur þessarar eftirspurnar, um 4,5 milljarðar kr., fer væntanlega til innlendra aðila og væntir meiri hluti nefndarinnar þess að íslensk fyrirtæki geti boðið í sem flesta verkþætti. Hlutfall fjárfestingar af landsframleiðslu árið 1996 hækkar um 1,5% og árið 1997 væntanlega um 1,8% og verður þá í heild 18,5%, en talið er æskilegt að hlutfall fjárfestingar af landsframleiðslu sé nálægt 20% til að standa undir væntanlegum hagvexti á næstu árum.

Ársverk vegna framkvæmdanna verða á bilinu 800–900 og er áætlað að eftirspurn verði mest vorið 1997. Stækkun álversins mun auka byggingarstarfsemi um 3–4% árin 1996 og 1997 en þar hafa framleiðsluþættir verið vannýttir að undanförnu og er tímasetning framkvæmdanna því hagkvæm frá þjóðfélagslegu sjónarmiði að mati Þjóðhagsstofnunar. Um 90 varanleg störf munu skapast í Straumsvík vegna stækkunarinnar, 72 hjá Ísal og 18 við verktöku. Á undanförnum árum hefur Ísal leitast við að hagræða í rekstri sínum og hefur starfsmönnum fækkað verulega. Framleiðni í fyrirtækinu hefur aukist verulega og nemur álframleiðsla á þessu ári um 230 tonnum á hvern starfsmann. Byggðastofnun telur að fyrir hvert starf í álverinu skapist 2,6 störf utan þess, aðallega í þjónustu, verslun eða iðnaði, vegna margfeldisáhrifa og varanleg heildaraukning verði því rúmlega 300 ársverk. Þegar stækkun álversins er lokið er gert ráð fyrir að heildarfjöldi starfsmanna í Straumsvík verði um 530 manns. Með hliðsjón af framangreindum margfeldisáhrifum má segja að eftir stækkun álversins hafi orðið til hér á landi um 1.900–2.000 störf vegna starfsemi Ísals.

Lauslegar áætlanir Þjóðhagsstofnunar benda til þess að hagvöxtur árið 1996 verði 0,7% meiri en ella, að viðskiptajöfnuður verði 1% lakari en ella, að verðbólga og kaupmáttur launa verði óbreytt og að atvinnuleysi verði 0,3% minna en ella. Þá má búast við að með stækkun álversins aukist útflutningur um 6,6–8 milljarða kr. á ári, eða sem nemur 3,7–4,4% af útflutningi vöru og þjónustu. Ekki er unnt að gera tæmandi talningu á áhrifum stækkunarinnar á þjóðarhag en í nýrri endurskoðun þjóðhagsspár vegna lokaafgreiðslu fjárlaga, sem er væntanleg innan skamms, verður tekið tillit til stækkunarinnar. Meiri hlutinn telur að með vísan til þess sem að framan er greint og út frá þjóðhagslegum ávinningi hnígi öll rök til þess að viðaukasamningur ríkisstjórnarinnar og Alusuisse-Lonza um álbræðslu við Straumsvík verði staðfestur.

Veigamikil forsenda fyrir viðaukasamningnum, sem nú er lagður fram til staðfestingar, er samningur Landsvirkjunar og Ísals um breytingar á orkusölusamningi til álversins. Var viðauki við samninginn undirritaður 16. nóvember 1995. Stjórn Landsvirkjunar telur þörf á að viðskiptaleynd hvíli yfir orkusölusamningum við einstaka stórnotendur og ályktaði að það gæti verið til þess fallið að veikja samningsstöðu Landsvirkjunar að því er varðar orkusölu til stóriðju að viðsemjendur fyrirtækisins hefðu aðgang að verðákvörðun áður gerðra orkusölusamninga. Því samþykkti stjórnin að viðskiptaleynd skyldi hvíla yfir orkuverðsákvæði viðaukasamningsins við Ísal. Iðnaðarráðherra féllst á framangreind sjónarmið Landsvirkjunar og því hefur ekki verið skýrt opinberlega frá orkuverðinu sjálfu. Á fundi með iðnaðarnefnd gerði Landsvirkjun grein fyrir öllum þáttum orkusölusamningsins, einnig orkuverðinu sem trúnaðarmáli. Hjá nokkrum nefndarmönnum í iðnaðarnefnd komu fram efasemdir um réttmæti þeirrar ákvörðunar að viðskiptaleynd hvíldi yfir orkuverði, en meiri hlutinn gerir ekki athugasemdir við þá málsmeðferð. Fram kom í máli stjórnarformanns Landsvirkjunar að erlendis hvíli almennt viðskiptaleynd yfir orkusölusamningum í áliðnaði og að slíkt færðist í vöxt hvað varðar orkusölusamninga yfirleitt. Landsvirkjun ætti nú í könnunarviðræðum við aðra aðila um orkuverð en Ísal, eða að slíkar viðræður væru fyrirhugaðar, og því væri talið mikilvægt að meðal annars þeir aðilar gætu ekki fengið staðfestar upplýsingar frá fyrirtækinu um orkuverð í nýgerðum samningi við Ísal. Rétt er einnig að benda á að ályktun stjórnar Landsvirkjunar um viðskiptaleynd nær aðeins til orkusölusamningsins við Ísal en hefur ekki almennt gildi.

Iðnaðarnefnd hefur kynnt sér alla þætti samningsins um orkuverð milli Landsvirkjunar og Ísals sem Landsvirkjun telur mjög hagstæðan sér. Samkvæmt útreikningum Landsvirkjunar verður núvirtur hagnaður af viðaukanum við orkusölusamninginn um 8 milljarðar kr. miðað við grundvallarforsendur og um 80% líkur á því að arðsemi af nauðsynlegum fjárfestingum Landsvirkjunar vegna viðaukans verði 15% eða meira og nánast engar líkur á því að fjárfestingin skili minni arði en 5,5%. Meiri hlutinn tekur undir það mat iðnaðarráðherra að samningurinn uppfylli skilyrði laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, þ.e. hann valdi ekki hærra raforkuverði til almenningsveitna en ella hefði orðið. Þvert á móti gerir Landsvirkjun ráð fyrir að orkuverð til almenningsveitna muni lækka til lengri tíma litið fyrir áhrif samningsins.

Mikilvægt er að hafa í huga að raforkukerfi Landsvirkjunar hefur ekki verið fullnýtt og getur framleitt verulega orku sem í dag er skilgreind sem umframorka. Samkvæmt gildandi raforkusamningi skal Landsvirkjun sjá álverinu fyrir 1.413 gwst. á ári, þar af 106 gwst. sem afgangsorku, auk samnings um 223 gwst. af ótryggu rafmagni á ári til ársins 1997. Samkvæmt nýgerðum orkusölusamningi ber Landsvirkjun að sjá álverinu fyrir 2.583 gwst. á ári eigi síðar en 1. janúar 1998. Aukningin, 1.170 gwst. á ári, samanstendur annars vegar af viðbótarorkuþörf Ísals vegna stækkunarinnar, 947 gwst. á ári, og hins vegar hefur framangreindur samningur um ótryggt rafmagn verið felldur inn í samninginn. Einnig er umsamið að Ísal geti óskað eftir því að árlegt samningsbundið rafmagn verði aukið um allt að 88 gwst. í tveimur áföngum, árin 1999 og 2000. Talið er að um 730 gwst. af forgangsorku verði til reiðu í raforkukerfinu árið 1997 en til þess að útvega það sem á vantar og anna orkuþörf almenningsveitna fram til aldamóta þarf að ráðast í eftirtaldar virkjunarframkvæmdir: Stækkun Blöndulóns, fimmta áfanga Kvíslaveitu og 35 mw. aflaukningu í núverandi Búrfellsstöð auk þess sem settir verða upp raðþéttar í háspennulínur. Samkvæmt núgildandi orkusölusamningi ber Ísal að greiða að lágmarki fyrir 1.110 gwst. á ári enda þótt orkuneysla ársins kunni að hafa verið minni, en

með nýgerðum samningi mun lágmarksmagnið hækka í 2.006 gwst. á ári. Nýti Ísal rétt sinn til að fá allt að 88 gwst. aukningu á árlegu samningsbundnu rafmagni eykst lágmarksmagnið um 0,765 gwst. fyrir hverja gwst. til viðbótar. Samningnum er ætlað að gilda til ársins 2014, en eftir það er gagnkvæm heimild til framlengingar um 10 ár til viðbótar og verða verðákvæði samningsins þá háð endurskoðun. Umsamið orkuverð til stækkunar álversins ræðst á hverjum tíma af verði áls á alþjóðamarkaði. Gert er ráð fyrir að í nokkur ár frá upphafi samningstímabilsins verði í gildi afsláttur á orkuverði til stækkunarinnar. Árið 2004 mun núgildandi orkuverð til tveggja eldri kerskálanna falla úr gildi, en frá þeim tíma gildir fyrir allt álverið það orkuverð sem nú hefur verið samið um.

Viðaukasamningurinn, sem hér er til umfjöllunar, gerir ráð fyrir töluverðum breytingum á þeim skattareglum sem gilt hafa um Ísal. Felast þær breytingar fyrst og fremst í því að gera skattaumhverfi álversins sem líkast því sem önnur fyrirtæki á Íslandi búa við. Þannig verður horfið frá stighækkandi skattþrepi, á bilinu 35–55%, yfir í sama skattþrep og gildir um íslensk hlutafélög, þ.e. 33%. Álverið í Straumsvík hefur að meira eða minna leyti verið rekið með tapi á undanförnum árum. Reksturinn hefur því skilað litlum tekjuskattsgreiðslum í ríkissjóð umfram lágmarksframleiðslugjald. Þar sem álverð hefur hækkað mikið nú á allra síðustu árum og gert er ráð fyrir að sú þróun haldi áfram á næsta ári má búast við verulegum tekjuskattsgreiðslum vegna áranna 1995 og 1996. Ólíklegt er að fyrirtækið greiði tekjuskatt á afskriftartíma meginhluta fjárfestingarinnar, þ.e. frá 1997 og næstu sjö ár þar á eftir. Hins vegar er gert ráð fyrir verulegri hækkun tekna af tekjuskatti miðað við 160.000 tonna framleiðslu eftir þann tíma. Samkvæmt núgildandi samningi er það fastagjald sem Ísal greiðir af framleiðslu sinni að lágmarki 20 Bandaríkjadalir á hvert útskipað tonn af áli og viðbótarframleiðslugjald ef hagnaður gefur tilefni til. Samkvæmt hinum nýja samningi lækkar lágmarksgjaldið í 10 Bandaríkjadali á hvert tonn og verður jafnframt aðeins frádráttarbært frá tekjum sem rekstrarkostnaður í stað þess að vera frádráttarbært frá tekjuskattsgreiðslum. Helsta breytingin frá núverandi fyrirkomulagi er því að lágmarksgjaldið lækkar í 10 Bandaríkjadali fyrir hvert útflutt tonn frá og með 1. janúar 1998 og í stað stighækkandi skattþreps kemur eitt 33% skattþrep sem tekur gildi frá og með 1. janúar 1995. Miðað við gefnar forsendur um álverð er gert ráð fyrir að hagnaður verði af rekstri Ísals á árunum 1995 til og með 1997 eða fram til þess tíma að stækkunin verður tekin í notkun.

Samningurinn gerir ekki ráð fyrir að Hafnarfjarðarbær fái hlutdeild í tekjuskatti fyrirtækisins eftir 1. janúar 1998. Gert er ráð fyrir að hlutdeild Hafnarfjarðarbæjar í framleiðslugjaldi á árunum 1995–1997 verði 28% í stað 18% nú og fastagjaldið hækki úr 250.000 Bandaríkjadölum í 500.000 Bandaríkjadali í samræmi við samkomulag milli Hafnarfjarðarbæjar og ríkissjóðs. Viðbótarhlutdeild Hafnarfjarðarbæjar í framleiðslugjaldi áranna 1995 og 1996 gæti því orðið á bilinu 40–80 millj. kr., en er þó alfarið háð afkomu Ísals. Frá 1. janúar 1998 er hins vegar gert ráð fyrir að Hafnarfjarðarbær fái 6 Bandaríkjadali fyrir hvert tonn af útfluttu áli. Miðað við 160.000 tonna framleiðslu nemur þetta um 62 millj. kr. á ári. Þetta jafngildir fasteignagjaldi á lögðu með 0,80–0,85% stuðli eða sem svarar um 30% afslætti frá því fasteignagjaldi sem gildir í Hafnarfirði í dag.

Á fundi með bæjarstjórn Hafnarfjarðar komu fram upplýsingar um bréfaskipti Ísals og iðnaðarráðuneytisins annars vegar og bæjarins hins vegar um þróun byggðar í nágrenni álverksmiðjunnar frá nóvember og desember 1995. Meiri hlutinn lýsir ánægju með að frekari viðræður eigi sér nú stað á milli aðila um þessi mál.

Í umsögn efnahags- og viðskiptanefndar til iðnaðarnefndar um skattaþátt viðaukasamningsins frá 4. desember 1995 segir: „Ljóst er að til lengri tíma litið mun hinn nýi viðaukasamningur þýða verulega auknar tekjuskattsgreiðslur Ísals í ríkissjóð vegna aukinnar framleiðslu og meiri hagkvæmni. Í raun mun fyrirtækið greiða sambærilega skatta í framtíðinni eins og ef það félli undir gildandi íslensk skattalög að frátalinni heimild til 10% arðsfrádráttar. Efnahags- og viðskiptanefnd gerir því ekki athugasemdir við afgreiðslu frumvarpsins.“ Á fund efnahags- og viðskiptanefndar komu Halldór J. Kristjánsson og Þorkell Helgason frá iðnaðarráðuneyti, Indriði H. Þorláksson frá fjármálaráðuneyti, Ólafur Kristinsson og Gunnar Sigurðsson frá Coopers & Lybrand hf., Sveinn Hannesson og Jón Steindór Valdimarsson frá Samtökum iðnaðarins og Jóhann Bergþórsson og Tryggvi Harðarson frá Hafnarfjarðarbæ. Meiri hlutinn tekur undir álit efnahags- og viðskiptanefndar á skattaþætti málsins.

Á liðnum árum hefur Ísal stöðugt bætt mengunarvarnabúnað sinn, nú síðast með rafstýrðum felliþekjum á rafgreiningarkerin sem takmarka opnunartíma keranna eins og unnt er og bæta þar með afköst þurrhreinsibúnaðar verksmiðjunnar. Hollustuvernd ríkisins telur árangurinn af þeim framkvæmdum umtalsverðan. Samkvæmt samningi við íslensk stjórnvöld frá árinu 1992 hafði Ísal heimild til 105.000 tonna ársframleiðslu áls en stækkun umfram það skyldi háð útgáfu starfsleyfis samkvæmt lögum og mati á umhverfisáhrifum. Ísal sótti um starfsleyfi til reksturs allt að 200.000 tonna álvers í Straumsvík og á grundvelli þeirrar umsóknar hefur nú verið gefið út starfsleyfi fyrir stækkun álversins í heild, að undangengnu lögbundnu mati á umhverfisáhrifum. Ef framleiðslugeta álversins verður aukin úr 170.000 tonnum í 200.000 tonn á ári ber að yfirfara og endurskoða það ákvæði leyfisins er fjallar um losun mengunarefna. Í meðfylgjandi áliti meiri hluta umhverfisnefndar til iðnaðarnefndar segir m.a.: „Það er því mikilvægur áfangi að nýútgefið starfsleyfi nær til allrar framleiðslu fyrirtækisins og fagnar nefndin því. Hér er um að ræða sérstakar aðstæður þar sem verið er að stækka álbræðslu sem þegar hefur starfað um árabil. Mikil vinna hefur verið lögð í gerð umhverfismats og starfsleyfis. Með starfsleyfinu, sem umhverfisráðherra hefur gefið út, er tryggt að allar þær kröfur, sem gerðar eru til umhverfisverndar í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994, sbr. 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, séu uppfylltar. Gerir meiri hluti nefndarinnar því ekki athugasemdir við afgreiðslu frumvarpsins.“ Álit minni hluta umhverfisnefndar er meðfylgjandi. Meiri hluti nefndarinnar tekur undir álit meiri hluta umhverfisnefndar á umhverfisþáttum málsins. Meiri hlutinn telur einnig æskilegt að umhverfisyfirvöld kanni í samvinnu við Ísal hvernig minnka megi hljóðmengun frá súrálsuppskipun í Straumsvík.

Nokkur umræða varð í iðnaðarnefnd um alþjóðlegar skuldbindingar Íslands varðandi loftmengun. Stækkun álversins í Straumsvík brýtur ekki í bága við neinar slíkar skuldbindingar. Hins vegar kann það að vera sérstakt athugunarefni fyrir stjórnvöld hvernig beri almennt að takmarka útblástur koltvíoxíðs og brennisteinstvíoxíðs með tilliti til alþjóðasamninga án þess að það komi í veg fyrir að hinar hreinu orkulindir landsins verði nýttar til uppbyggingar atvinnu. Jafnframt telur meiri hlutinn rétt að huga að frekari endurskoðun þeirra reglna sem gilda um mengunarvarnir með það fyrir augum að skilgreina eins og frekast er kostur mengunarmörk og önnur viðmið í umhverfismálum. Enn fremur er bent á að kanna má nánar samspil þeirra þátta sem teknir eru til athugunar við gerð mats á umhverfisáhrifum annars vegar og gerð starfsleyfis hins vegar þannig að ekki sé verið að auglýsa og óska eftir athugasemdum hagsmunaaðila nema einu sinni um hvert efni.

Að lokum vill meiri hluti iðnaðarnefndar taka fram að hann telur þörf á að iðnaðarráðuneytið athugi sérstaklega hvernig auka megi úrvinnsluiðnað í tengslum við álverið og þá þjónustu sem þar er í boði.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Jóhanna Sigurðardóttir gerir fyrirvara um einstaka þætti málsins og mun gera grein fyrir þeim við 2. umræðu.

Alþingi, 12. des. 1995.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Pétur H. Blöndal.	Hjálmar Árnason.	Petrína Baldursdóttir.
Árni R. Árnason.		Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.

Fylgiskjal I.

Álit meiri hluta umhverfisnefndar.

(4. desember 1995.)

Umhverfisnefnd hefur, sbr. bréf iðnaðarnefndar frá 29. nóvember sl., fjallað um frumvarp til laga um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse-Lonza Holding Ltd. um álbræðslu við Straumsvík. Fékk nefndin á sinn fund til viðræðna um málið frá umhverfisráðuneyti Ingimar Sigurðsson skrifstofustjóra og Sigurbjörgu Sæmundsdóttur deildarstjóra og Ólaf Pétursson frá Hollustuvernd ríkisins. Þá fjallaði nefndin einnig um umhverfismat og útgáfu starfsleyfis vegna stækkunar álbræðslu við Straumsvík að eigin frumkvæði á haustdögum og fékk þá á sinn fund frá umhverfisráðuneyti Magnús Jóhannesson ráðuneytisstjóra og Sigurbjörgu Sæmundsdóttur deildarstjóra, frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti Eyjólf Sæmundsson og Jón Ingimarsson skrifstofustjóra, frá Skipulagi ríkisins Stefán Thors skipulagsstjóra og Halldóru Hreggviðsdóttur, frá Náttúruverndarráði Arnþór Garðarsson formann, Aðalheiði Jóhannsdóttur framkvæmdastjóra og Trausta Baldursson, frá Hollustuvernd ríkisins Hermann Sveinbjörnsson framkvæmdastjóra, Ólaf Pétursson og Þór Tómasson, frá Hafnarfjarðarbæ Guðmund Benediktsson og Tryggva Halldórsson, frá Hafnarfjarðarhöfn Má Sveinbjörnsson framkvæmdastjóra, frá markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar Andrés Svanbjörnsson, frá Vatnaskilum Snorra Pál Kjaran og frá Hönnun Eyjólf Árna Rafnsson.

Fram til þessa hefur Ísal ekki þurft starfsleyfi fyrir rekstri álbræðslu við Straumsvík. Hefur einungis verið stuðst við samning milli ríkisstjórnar Íslands og Alusiusse frá árinu 1966, með síðari breytingum, sem staðfestur hefur verið af Alþingi með lögum. Það er því mikilvægur áfangi að nýútgefið starfsleyfi nær til allrar framleiðslu fyrirtækisins og fagnar nefndin því. Hér er um að ræða sérstakar aðstæður þar sem verið er að stækka álbræðslu sem þegar hefur starfað um árabil.

Mikil vinna hefur verið lögð í gerð umhverfismats og starfsleyfis. Með starfsleyfinu, sem umhverfisráðherra hefur gefið út, er tryggt að allar þær kröfur, sem gerðar eru til umhverfisverndar í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994, sbr. 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, séu uppfylltar.

Gerir meiri hluti nefndarinnar því ekki athugasemdir við afgreiðslu frumvarpsins. Gísli S. Einarsson sat hjá við afgreiðslu málsins.

Ólafur Örn Haraldsson, form.
Árni M. Mathiesen.
Magnús Stefánsson.
Arnbjörg Sveinsdóttir.

Fylgiskjal II.

Álit minni hluta umhverfisnefndar.
(11. desember 1995.)

Umhverfisnefnd hefur fjallað um frumvarp til laga um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórna Íslands og Alusuisse-Lonza Holding Ltd. um álbræðslu við Straumsvík. Hér fer á eftir umsögn minni hluta umhverfisnefndar um málið.

Umhverfisþættir er tengjast áformum um stækkun álbræðslunnar í Straumsvík hafa verið á dagskrá umhverfisnefndar Alþingis á nokkrum fundum frá því í júlí 1995. Málið var fyrst kynnt nefndarmönnum á fundi sem iðnaðar- og umhverfisráðherra boðuðu fulltrúa í iðnaðar- og umhverfisnefnd Alþingis til 19. júlí 1995. Að beiðni undirritaðs var haldinn sérstakur fundur í umhverfisnefnd um málið 31. ágúst og var ákveðið á þeim fundi að halda fund um málið og fá ýmsa til viðræðna. Sá fundur var haldinn 15. september 1995, og komu á hann ýmsir þeir sem unnið höfðu að athugun á umhverfisþáttum vegna stækkunar álbræðslunnar fram að þeim tíma.

Fyrir fundi umhverfisnefndar 4. desember 1995 lá skrifleg ósk iðnaðarnefndar um að umhverfisnefnd gæfi umsögn um þann þátt frumvarpsins um viðaukasamning um álbræðslu við Straumsvík er varðar umhverfismál. Á þann fund komu til viðræðu að ósk formanns nefndarinnar Ingimar Sigurðsson og Sigurbjörg Sæmundsdóttir frá umhverfisráðuneyti og Ólafur Pétursson frá Hollustuvernd ríkisins. Voru þau beðin um skrifleg svör og greinargerðir um nokkur atriði og var á það fallist. Þrátt fyrir að efnislegri athugun málsins væri ekki lokið í nefndinni bar formaður upp tillögu að umsögn sem hlaut stuðning stjórnarliða í nefndinni og afgreiddi meiri hlutinn málið þá samstundis frá nefndinni. Beiðni um að dokað yrði við og beðið greinargerða frá viðmælendum sem formaðurinn hafði boðað á fundinn hafnaði hann staðfastlega. Þessum óvenjulegu og óþinglegu vinnubrögðum mótmælti undirritaður og kvaðst mundu skila sérstakri umsögn um málið.

Helstu athugasemdir við starfsleyfi.

Hér verða dregnar saman í stuttu máli helstu athugasemdir undirritaðs við starfsleyfi álbræðslu Íslenska álfélagsins hf., en að öðru leyti vísast til fylgiskjala:

1. Ófullnægjandi ákvæði í lögum og reglugerð.

Ýmis ákvæði laga og reglugerða er varða mengunarvarnir iðnfyrirtækja eru gölluð og ófullnægjandi, ekki síst að því er varðar varnir gegn loftmengun. Á þetta var m.a. bent af minni hluta umhverfisnefndar árið 1992 í sérstakri skýrslu til Alþingis á 115. löggjafarþingi (493. mál, þskj. 774) og þar lagt til að ákvæði þessi yrðu endurskoðuð. Það hefur hins vegar ekki verið gert. Telja verður einnig að við útgáfu starfsleyfis til álbræðslunnar hafi verið gengið á svig við almenn ákvæði 25. gr. mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994 þar sem kveðið er á um að halda beri loftmengun í lágmarki og beita til þess fullkomnustu tækni sem völ er á.

2. Allt of víðtækt starfsleyfi.

Starfsleyfið er gefið út fyrir allt að 200 þúsund tonna álbræðslu þótt sú stækkun um 62 þúsund tonn, sem leitað er lagaheimildar fyrir samkvæmt frumvarpinu, feli í sér að ársframleiðsla verði að hámarki 170 þúsund tonn. Ástæðulaust og óráðlegt er að veita nú starfsleyfi fyrir viðbót upp á rúmlega 30 þúsund tonn sem enginn veit hvort eða hvenær verður reist. Breytir litlu í því sambandi þótt kveðið sé á um að yfirfara skuli grein 2.1.7, um losun mengunarefna, ef til frekari stækkunar kemur.

3. Ekki sett bindandi mengunarmörk fyrir nýjan kerskála.

Í stað þess að gefa nú út aðgreint starfsleyfi fyrir nýjan kerskála er starfsleyfið gefið út fyrir bræðsluna í heild. Viðmiðunarmörk fyrir flúoríðútblástur frá nýja kerskálanum eru ekki bindandi samkvæmt grein 2.1.7 í starfsleyfinu heldur aðeins til að hafa til hliðsjónar. Viðurkennt er af fulltrúum Hollustuverndar að starfsleyfið breyti í raun engu gagnvart núverandi álbræðslu miðað við þá skilmála sem í gildi voru frá 1992. Er því ekki hægt að sjá neinn sérstakan ávinning af því, að því er útblástur mengandi efna varðar, að fella gamla hlutann nú undir starfsleyfi samkvæmt mengunarvarnareglugerð.

4. Úrelt tækni hjá Ísal.

Tæknin, sem Ísal notar, stenst ekki þær kröfur sem nú eru almennt gerðar til álvera samkvæmt alþjóðasamningum um bestu fáanlega tækni (BAT). Útblástur frá Ísal-bræðslunni verður af þessum sökum meiri en ef notuð væru stærri ker og ekki þyrfti að opna kerin við aftöppun á áli. Jafnframt hefur Pálmi Stefánsson, tæknilegur framkvæmdastjóri hjá Hydro Ekupment A/S í Noregi og lengi verkefna- og þróunarstjóri hjá Ísal, bent á að þessi tækni sem orðin eru um 40 ára gömul standist ekki alþjóðlega samkeppni til lengri tíma litið (sjá fylgiskjal).

5. Tilslökun vegna hreinála.

Sérstök ótímabundin tilslökun er veitt fyrir losun mengunarefna vegna svonefndrar hreinálsframleiðslu, allt að 25% fyrir flúor. Ekki er gert ráð fyrir slíkum „fríðindum" til álvera samkvæmt alþjóðasamþykkt sem Íslendingar eiga aðild að. Með þessari tilslökun er verið að heimila fyrirtækinu verulega aukna losun á flúoríði út í umhverfið og það á afar óljósum forsendum.

6. Losun flúoríðs langtum meiri en í grannlöndum.

Heimiluð mörk fyrir losun flúoríðs samkvæmt starfsleyfinu sem nemur 1,2 kg/tAl eru margfalt hærri en heimiluð eru annars staðar á Norðurlöndum, *þar á meðal í „gömlum" álbræðslum.* Þannig voru mörk fyrir flúoríð í starfsleyfi gamallar álbræðslu Sør-Norge Aluminium A/S Husnes í Noregi 0,7 kg/tAl frá 1. júní 1992, en sú álbræðsla er að meiri hluta í eigu Alusuisse! Hliðstæð mörk hjá álbræðslu Gränges Aluminium Metall í Sundsvall í Svíþjóð samkvæmt starfsleyfi frá 1991 voru 0,5 kg/tAl. Mæld flúoríðlosun frá þeim kerskálum Hydro Aluminium Karmøy Verk í Noregi þar sem notuð eru forbökuð skaut hliðstætt og í Straumsvík *var 0,38 kg/tAl að meðaltali árið 1990.*

Systurstofnun Hollustuverndar ríkisins í Noregi, Statens forurensningstilsyn (STF) hefur undanfarin ár miðað við 0,4 kg/tAl sem hámark fyrir flúoríðlosun (ársmeðaltal) frá nýjum kerskálum. Það er vægast sagt einkennilegt að umhverfisyfirvöld hérlendis reyna stöðugt að draga fjöður yfir þennan árangur í mengunarvörnum hjá nágrönnum okkar, síðast í úrskurði umhverfisráðherra vegna athugasemda 7. nóvember 1995.

7. Alþjóðlegar skuldbindingar sniðgengnar.

Hámark fyrir losun flúoríðs samkvæmt ákvæðum Parísarsamningsins (PARCOM recommendation 94/1), sem við Íslendingar erum aðilar að, er 0,6 kg/tAl án vothreinsibúnaðar en 0,5 kg/tAl ef notaður er vothreinsibúnaður. Norðmenn lögðu til lægri mörk eða 0,5 og 0,4 kg/tAl við undirbúning þessarar samþykktar.

Í óskuldbindandi viðmiðun fyrir nýjan kerskála Ísals er samkvæmt starfsleyfi ekki einu sinni fylgt hámarki samkvæmt þessum samningi heldur nefnd 0,65 kg/tAl sem fara yfir 0,8 kg/tAl ef heimild um 25% „hreinálsframleiðslu" er notuð. Heildarviðmiðunin fyrir verksmiðjuna (1,2 kg/tAl) er tvöfalt hærri en viðmiðunarmörk þessa alþjóðasamnings!

8. Engin hreinsun á brennisteini.

Starfsleyfið gerir ekki ráð fyrir neinni hreinsun á brennisteini og viðmiðanir í starfsleyfinu um hámarkslosun brennisteinstvíoxíðs eru haldlausar. Væri beitt vothreinsun eins og undantekningarlaust er krafist annars staðar á Norðurlöndum væri unnt að hafa losunarmörk fyrir SO_2 *allt að tífalt lægri* og auk þess ná betri og öruggari árangri í hreinsun flúoríðs.

Í skýrslu umhverfisnefndar til Alþingis árið 1992 vegna starfsleyfistillagna fyrir álver á Keilisnesi (493. mál, þskj. 774, bls. 4) kemur fram það álit Hollustuverndar ríkisins „að ef reist væri álver í Eyjafirði eða Reyðarfirði yrði að gera kröfu um vothreinsibúnað".

Ísal-bræðslan veldur nú samkvæmt upplýsingum frá umhverfisráðuneyti um 19% af heildarbrennisteinslosun hérlendis ef frá eru taldar jarðvarmavirkjanir og þetta hlutfall fer í 27% eftir að næsti áfangi kemur í gagnið.

Íslensk stjórnvöld hafa til þessa ekki sýnt neinn lit á að framfylgja ákvæðum alþjóðlegs sáttmála um loftmengun sem við gerðumst aðilar að 1983 að því er varðar losun brennisteinssambanda.

9. Koltvísýringsmengun og alþjóðlegar skuldbindingar.

Með staðfestingu á rammasamningnum um loftslagsbreytingar sem umhverfisráðherra Íslands undirritaði á Ríó-ráðstefnunni vorið 1992 skuldbinda Íslendingar sig eins og aðrir aðilar samningsins að gera viðeigandi ráðstafanir til að losun koltvísýrings (CO_2) og annarra gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum verði ekki meiri en var árið 1990. Rík-

isstjórnin samþykkti í nóvember 1995 sérstaka framkvæmdaáætlun með tilliti til þessa samnings.

Samkvæmt greinargerð með framkvæmdaáætlun ríkisstjórninnar eru um 64% af útstreymi koltvíoxíðs hérlendis rakin til samgangna og fiskveiða, en um 36% til staðbundinnar mengunar aðallega frá stóriðju og öðrum iðnaði. Í umræddri framkvæmdaáætlun segir m.a.: „Það er skoðun ríkisstjórnarinnar að þess skuli gætt að þetta markmið (að útstreymi gróðurhúsalofttegunda verði ekki meira árið 2000 en það var árið 1990) komi ekki í veg fyrir að hinar hreinu orkulindir landsins verði nýttar t.d. í nýjum stóriðjufyrirtækjum, jafnvel þótt fyrirtækin stundi starfsemi sem óhjákvæmilega felur í sér aukið útstreymi koltvíoxíðs eða annarra gróðurhúsalofttegunda vegna iðnaðarferla."

Fulltrúar umhverfisráðuneytisins, sem komu á fund umhverfisnefndar 4. desember 1995, töldu að miða ætti losun gróðurhúsalofttegunda við framleiðslu sem færi til „neyslu innan lands" og þannig mætti taka losun þessara efna frá álbræðslu Ísals út úr viðmiðuninni! Erfitt er að sjá hvernig ætti að ná markmiðum loftslagssamningsins á veraldarvísu ef slík rökleysa væri almennt höfð að leiðarljósi.

Auk koltvíoxíðs myndast aðrar gróðurhúsalofttegundir við álframleiðslu, svo sem flúorkolefni. Mengun af völdum koltvíoxíðs frá álbræðslunni í Straumsvík vex í beinu hlutfalli við aukna álframleiðslu þar eð ekki er um neina hreinsun á því efni að ræða fremur en almennt gerist í áliðnaði. Komið hefur fram að hér sé um að ræða magn sem svarar til CO_2-útblásturs frá um 20 þúsund bifreiðum.

Telja verður að stækkun álbræðslunnar setji í uppnám alþjóðlegar skuldbindingar Íslands samkvæmt loftslagssáttmálanum, sérstaklega þar eð ekki er sjáanlegt að marktækar aðgerðir séu í gangi til að draga úr umræddri mengun á öðrum sviðum.

10. Lífræn kolefnasambönd, PAH (polycyklisk aromatisk hydrokarbon).

Athygli vekur að ekki er í starfsleyfi álbræðslunnar minnst á mengun af völdum tjöruefna sem sum hver geta verið krabbameinsvaldandi. Þessi tjöruefni eru að vísu ekki talin falla til í miklum mæli þar sem notuð eru forbökuð skaut eins og hjá Ísal, en engu að síður er ástæða til að gjalda varhug við þeim.

11. Rykmengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur ekki talið rykmengun sérstakt vandamál í álbræðslunni í Straumsvík. Í starfsleyfinu eru mörkin sett við 1,5 kg/tAl. Athygli vekur að þetta er til muna hærra en mörk fyrir ryk samkvæmt Parísarsamningnum (PARCOM recommendation 1/94) þar sem hámark rykmengunar er sett 1 kg/tAl.

12. Hávaðamengun og síðbúið erindi stjórnvalda.

Við viss skilyrði berst truflandi hávaði frá álbræðslunni til íbúðabyggðar á Álftanesi og Hvaleyrarholti. Samkvæmt starfsleyfi skal hávaði frá verksmiðjunni, sem mælist við lóðamörk álversins, ekki vera yfir 70 desibel(A)r. Í niðurstöðum frumathugunar skipulagsstjóra vegna mats á umhverfisáhrifum frá verksmiðjunni, dags. 11. september 1995, bls. 21, kemur fram að afar lítið hefur verið fylgst með hávaða frá starfsemi verksmiðjunnar hingað til. Þar er getið um að hávaði hafi verið mældur „í umhverfi álversins árið 1989. *Þá stóð súrálslöndun ekki yfir.* Einnig var mældur hávaði við álverið í byrjun september 1995, en niðurstöður úr þeim mælingum liggja ekki enn fyrir." Truflandi hávaði frá verksmiðjunni gagnvart íbúðarbyggð mun vafalítið vaxa við stækkun hennar og þá m.a. vegna meiri umsvifa við höfnina.

Ísal og einnig iðnaðarráðuneytið hafa nýlega skrifað bæjaryfirvöldum í Hafnarfirði og varað þau við að fara með íbúðarbyggð nær álbræðslunni en nú er orðið. Samkvæmt því yrði að endurskoða 15 ára gamalt skipulag þar sem gert er ráð fyrir um 90 húsa byggð á Hvaleyrarhrauni vestan Hvaleyrarholts. Í erindi Ísals er varað við því að 60% framleiðsluaukning álversins leiði til meiri efna- og hávaðamengunar en áður og auk þess fari umferð vaxandi. Iðnaðarráðherra bendir á í bréfi til Hafnarfjarðarbæjar að búast megi við að framleiðsla álversins þrefaldist á komandi árum og fari í 300 þúsund tonn á ári og tekur undir erindi forsvarsmanna Ísals.

Með fádæmum verður að telja að slíkt erindi skuli koma frá æðsta stjórnvaldi eftir að starfsleyfi hefur verið gefið út.

13. Mismunandi kröfur um mengunarvarnir eftir landshlutum.

Af hálfu starfsmanna Hollustuverndar ríkisins hefur ítrekað komið fram að aðrar og þá væntanlega strangari köfur yrðu gerðar til álverksmiðja sem staðsettar væru t.d. í Eyjafirði eða á Reyðarfirði, m.a. yrði á slíkum stöðum að setja skilyrði um vothreinsibúnað. Auðsætt er til hvers slíkar mismunandi kröfur, sem haft geta verulegan kostnaðarauka í för með sér, munu leiða varðandi staðsetningu orkufrekra iðnfyrirtækja þegar erlendir fjárfestar eiga í hlut. Í Noregi hefur sú stefna rutt sér til rúms að sömu lágmarkskröfur um útblástursmörk eru látnar gilda um orkufrekan iðnað hvar sem er í landinu.

14. Reynt að þrengja verulega rétt til athugasemda.

Af hálfu meiri hluta stjórnar Hollustuverndar ríkisins hefur „að höfðu samráði við umhverfisráðuneytið" (sbr. upphafsorð lögfræðiálits, sjá fylgiskjal) verið leitast við að þrengja stórlega rétt almennings til athugasemda við tillögur að starfsleyfi eins og hér um ræðir. Þannig vísaði meiri hluti stjórnar Hollustuverndar frá ósk undirritaðs um að stjórnin úrskurðaði um athugasemdir undirritaðs við endurskoðaðar tillögur að starfsleyfi fyrir álbræðsluna. Við þá ákvörðun var stuðst við lögfræðiálit frá Eiríki Tómassyni prófessor.

Hér er um afar alvarlegt mál að ræða sem stangast á við réttarþróun og nýlega löggjöf um upplýsingaskyldu stjórnvalda og aðra málsmeðferð í umhverfismálum. Mál þetta er nú fyrir sérstakri úrskurðarnefnd sem starfar samkvæmt lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

15. Umhverfisáhrif vegna viðbótarorkuöflunar.

Meðal aðgerða til raforkuöflunar vegna stækkunar álbræðslunnar er gert ráð fyrir að ráðast í svonefndan 5. áfanga Kvíslaveitu nálægt upptökum Þjórsár innst í Þjórsárverum. Mikill hluti Þjórsárvera eru friðlýst svæði og á alþjóðlegri verndarskrá samkvæmt Ramsarsáttmálanum þannig að athuga verður gaumgæfilega þessa ráðgerðu framkvæmd. Þóra Ellen Þórhallsdóttir prófessor, sem stundað hefur rannsóknir á Þjórsárverum, hefur nýlega varað við áhrifum þessara vatnaflutninga á vistkerfi friðlandsins og umferð inn á svæðið. Er óhjákvæmilegt að fram fari mat á umhverfisáhrifum vegna þessara framkvæmdaáforma, sbr. lög nr. 63/1993, og á hið sama raunar við um aðrar orkuöflunaraðgerðir.

16. Málsmeðferð stjórnvalda ámælisverð.

Eins og hér hefur komið fram er meðferð stjórnvalda gagnrýniverð að því er varðar fjölmarga umhverfisþætti í sambandi við stækkun álbræðslunnar í Straumsvík. Fram kom á fundi umhverfisnefndar 15. september 1995 með sérfróðum aðilum sem unnið höfðu að undirbúningi vegna umhverfismála álbræðslunnar, að markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar (MIL) hefði í reynd gengið í hlutverk Ísals sem frumkvæðisaðili við undirbúning á skýrslu um frummat á umhverfisáhrifum vegna stækkunar verksmiðjunnar. Ísal hefði ekki treyst sér til að standa fyrir því verkefni vegna hraða málsins og tilkostnaðar. Því hafi MIL lagt út fyrir kostnaði við þetta verk sem framkvæmdaraðilanum er lögum samkvæmt ætlað að standa fyrir. Ástæða er til að kanna sérstaklega hvort hér hafi verið unnið í samræmi við ákvæði og/eða anda laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum.

Vegna óvenjulegs hraða í málsmeðferð var samhliða unnið að mati á umhverfisáhrifum, sbr. lög nr. 63/1993, og að undirbúningi starfsleyfis fyrir verksmiðjuna eins og nánar kemur fram í yfirliti um málsmeðferð hér á eftir. Verður að telja afar óheppilegt að þessi ferli skarist með þeim hætti sem hér varð raun á.

Þá er það áhyggjuefni hversu litla alúð meiri hluti umhverfisnefndar hefur lagt við athugun þessara mála sem varða miklu fyrir umhverfið á aðalþéttbýlissvæði landsins auk alþjóðlegra skuldbindinga. Andvaraleysi meiri hluta nefndarinnar birtist m.a. í þeirri tillögu að umsögn sem formaður nefndarinnar lagði fram á fundi 4. desember 1995 og afgreidd var frá nefndinni með stuðningi stjórnarliða þegar á þeim fundi.

YFIRLIT UM MÁLSMEÐFERÐ

Mat á umhverfisáhrifum.

Þann 14. júlí 1995 auglýsti skipulagsstjóri eftir athugasemdum við mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 63/1993. Gerði undirritaður athugasemdir til skipulagsstjóra með bréfi, dags. 18. ágúst 1995. Úrskurður skipulagsstjóra er dagsettur 11. september 1995 og kærufrestur auglýstur í Lögbirtingablaði 22. september 1995. Þar eð ekki var þar tekið tillit til nefndra athugasemda kærði undirritaður úrskurðinn til umhverfisráðherra með bréfi, dags. 19. október 1995 (fylgiskjal). Úrskurður ráðherra vegna kærunnar er dagsettur 7. nóvember 1995 (sjá fylgiskjal), sama dag og starfsleyfi til álbræðslunnar var gefið út af ráðuneytinu. Í úrskurðinum var í engu komið til móts við efnisatriði kærunnar og kveðið á um að úrskurður skipulagsstjóra standi óbreyttur.

Starfsleyfi til álbræðslunnar.

Auglýsing um tillögur Hollustuverndar ríkisins að starfsleyfi fyrir álbræðslu Ísals birtist í Lögbirtingablaði 24. júlí 1995. Undirritaður gerði við þær athugasemdir í bréfi 14. september 1995. Þann 5. október 1995 átti undirritaður fund með starfsmönnum Hollustuverndar sem gerðu grein fyrir á hvern hátt stofnunin hygðist bregðast við framkomnum athugasemdum. Voru endurskoðaðar tillögur að starfsleyfi kynntar skömmu síðar. Við þær gerði undirritaður athugasemdir til stjórnar Hollustuverndar ríkisins til úrskurðar með bréfi, dags. 20. október 1995, með vísan til 65. gr. mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994 (sjá fylgiskjal).

Þann 2. nóvember 1995 barst undirrituðum bréf frá meiri hluta stjórnar Hollustuverndar ríkisins, undirritað af Jóni Erlingi Jónassyni varaformanni og aðstoðarmanni landbúnaðarráðherra (fylgiskjal). Er þar frá því greint að Hollustuvernd hafi af tilefni erindis undirritaðs leitað lögfræðilegs álits á því hverjir eigi rétt lögum samkvæmt á því að skjóta máli til úrskurðar stjórnar stofnunarinnar. „Niðurstaða meiri hluta stjórnarinnar er sú að einungis þeir sem eiga einstaklegra eða verulegra hagsmuna að gæta eigi slíka kæruaðild. Þar sem þér eigið ekki slíka kæruaðild vísar stjórnin erindi yðar frá sér.“ Þessu bréfi fylgdi álitsgerð Eiríks Tómassonar prófessors við lagadeild Háskóla Íslands (sjá fylgiskjal). Minni hluti stjórnar Hollustuverndar, Kristín Einarsdóttir, fyrrverandi alþingismaður, gerði sérstaka bókun þar sem hún telur niðurstöðu meiri hlutans fráleita og að stjórninni beri að taka erindið til efnislegrar afgreiðslu (fylgiskjal). Undirritaður ritaði stjórn Hollustuverndar bréf samdægurs, 2. nóvember 1995 (fylgiskjal), og bendir þar á að meiri hluti stjórnarinnar hafi í málsmeðferð sinni eigi gætt andmælaréttar samkvæmt stjórnsýslulögum og sé afgreiðsla hans þegar af þeirri ástæðu markleysa.

Kæra til sérstakrar úrskurðarnefndar.

Í samræmi við ákvæði 26. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbriðiseftirlit, vísaði undirritaður málsmeðferð og niðurstöðu meiri hluta stjórnar Hollustuverndar ríkisins að því er varðar rétt undirritaðs til athugasemda um starfsleyfi til úrskurðarnefndarinnar og gerði kröfu til þess að lagt yrði fyrir stjórn Hollustverndar ríkisins að fjalla efnislega um athugasemdir undirritaðs, en til vara að málið yrði sent til baka til að gera undirrituðum kleift að koma að andmælum. Málið var þingfest hjá úrskurðarnefndinni 7. nóvember 1995 og er þegar þetta er ritað enn til umfjöllunar þar.

Kristín Halldórsdóttir, sem ekki gat setið fund nefndarinnar 4. desember, óskar eftir að fram komi að hún er í meginatriðum sammála efni þessa álits.

Alþingi, 11. des. 1995.

Hjörleifur Guttormsson.

Eftirtöldum fylgiskjölum var útbýtt með nefndarálitinu:

1. Bréf HG til stjórnar Hollustuverndar ríkisins, dags. 20. október 1995.
2. Bréf meiri hluta stjórnar Hollustuverndar ríkisins til HG, dags. 2. nóvember 1995.
3. Bókun Kristínar Einarsdóttur á fundi stjórnar Hollustuverndar, dags. 2. nóvember 1995.
4. Álitsgerð Eiríks Tómassonar frá 31. október 1995.
5. Bréf HG til stjórnar Hollustuverndar ríkisins, dags. 2. nóvember 1995.
6. Kæra HG til umhverfisráðherra vegna úrskurðar skipulagsstjóra, dags. 19. október 1995.
7. Úrskurður umhverfisráðuneytis vegna kæru HG, dags. 7. nóvember 1995.
8. Rammasamningur um loftslagsbreytingar — Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar frá nóvember 1995.
9. Umsögn Náttúruverndarráðs um mat á umhverfisáhrifum vegna stækkunar álvers í Straumsvík, dags. 21. ágúst 1995.

10. Athugasemdir þingflokks Kvennalistans til Hollustuverndar ríkisins vegna stækkunar álvers í Straumsvík, dags. 9. september 1995.
11. Grein Pálma Stefánssonar: Skammsýni að stækka Ísal með sömu kertækni. Morgunblaðið 5. september 1995.

370. Tillaga til þingsályktunar [248. mál]

um læsivarða hemla í bifreiðum.

Flm.: Rannveig Guðmundsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir,
Bryndís Hlöðversdóttir, Svanfríður Jónasdóttir,
Petrína Baldursdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að því að veittur verði afsláttur af vörugjaldi bifreiða sem búnar eru læsivörðum hemlum í öryggisskyni.

Greinargerð.

Í nágrannalöndum okkar hafa augu manna beinst að því að mikilvægur þáttur í sparnaði í heilbrigðiskerfinu er fólginn í öryggistækjum í bifreiðum og að með því að auka öryggi akandi vegfarenda sé augljóslega verið að spara mikið fé auk þess að draga úr þeim hörmungum sem fylgja alvarlegum slysum og örkumlum. Öryggisbúnaður bifreiða er ótvírætt talinn þýðingarmikil forvörn.

Læsivarðir hemlar (svokallaður ABS-hemlabúnaður) eru mikilvægur öryggisbúnaður sem gerir ökumanni kleift að stýra bifreið sinni jafnhliða nauðhemlun og dregur úr hættu á að hann missi vald á bifreiðinni þótt hann þurfi að hemla snögglega við slæmar aðstæður.

Í grannlöndum okkar er veittur afsláttur af vörugjaldi bifreiða sem nemur þeim aukakostnaði sem fylgir öryggisbúnaði af þessum toga. Á liðnum árum hefur kastljósinu í vaxandi mæli verið beint að öryggi bifreiða og þýðingu þess að afstýra umferðarslysum svo sem unnt er. Þess vegna hefur færst í vöxt að tekið sé tillit til öryggisatriða þegar ákvarðanir eru teknar um gjöld á bifreiðar. Þannig ákvað Norska stórþingið (ekki ríkisstjórnin) að breyta bifreiðagjöldum vorið 1994 með tilliti til öryggisatriða og gefa afslátt af gjöldum öryggisbúnaðar, svo sem loftpúða, læsivarinna hemla og hárra hemlaljósa. Afslátturinn af læsivörðu hemlunum er um 3.400 n.kr. eða um 34.000 ísl. kr. Í Danmörku hefur einnig verið lögfest að gefa afslátt af bifreiðagjöldum þegar um er að ræða sérstakan tilgreindan umferðaröryggisbúnað.

Hér á landi hefur mikið verið rætt um nauðsyn þess að spara í heilbrigðiskerfinu. Enginn afsláttur er hins vegar veittur af búnaði sem er til þess fallinn að afstýra umferðaróhöppum og slysum, og sparar augljóslega fé. Með þeirri hvatningu sem hér er lögð til má stuðla að því að bifreiðir verði í auknum mæli útbúnar með sérstökum öryggisbúnaði.

371. Frumvarp til laga [249. mál]

um umgengni um auðlindir sjávar.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafaþingi 1995.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið laga þessara er að bæta umgengni um auðlindir sjávar og stuðla að því að þær verði nýttar með sjálfbærum hætti er tryggi til langs tíma hámarksafrakstur fyrir íslensku þjóðina.

II. KAFLI
Veiðar.

2. gr.

Skylt er að hirða og koma með að landi allan afla. Þó getur ráðherra ákveðið með reglugerð að sleppa skuli lifandi fiski sem er undir tiltekinni lengd og fæst í ákveðin veiðarfæri.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að varpa fyrir borð afla sem sýktur er, selbitinn eða skemmdur á annan hátt sem ekki hefði verið unnt að komast hjá á þeim veiðum sem um er að ræða. Þá er heimilt að varpa fyrir borð fisktegundum sem ekki sæta takmörkunum á leyfilegum heildarafla enda hafi viðkomandi tegund ekki verðgildi. Loks er heimilt að varpa fyrir borð innyflum, hausum, afskurði og öðru sem fellur til við verkun eða vinnslu um borð enda verði þessi fiskúrgangur ekki nýttur með arðbærum hætti. Um skyldur varðandi skip sem leyfi hafa til fullvinnslu um borð fer eftir ákvæðum laga um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum.

3. gr.

Bátum undir 20 brúttótonnum að stærð er óheimilt að stunda veiðar með þorskfisknetum frá 1. nóvember til febrúarloka. Liggi brúttótonnamæling á báti ekki fyrir skal miðað við 20 brúttórúmlestir.

4. gr.

Fiskistofa skal fylgjast með aflasamsetningu fiskiskipaflotans þannig að jafnan liggi fyrir sem gleggstar upplýsingar um aflasamsetningu skipa eftir stærð og gerð skips, gerð og búnaði veiðarfæra, veiðislóð og veiðitíma. Skal Fiskistofa taka saman og birta árlega yfirlit yfir aflasamsetningu fiskiskipaflotans á liðnu fiskveiðiári.

Óheimilt er að hefja veiðiferð skips sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni með aflamarki nema skipið hafi aflaheimildir sem telja má líklegt að dugi fyrir afla í ferðinni, jafnt þeirri tegund eða þeim tegundum sem veiði beinist sérstaklega að sem og líklegum meðafla af öðrum tegundum.

5. gr.

Net og önnur veiðarfæri, sem skilin eru eftir í sjó, skulu dregin með eðlilegum og reglubundnum hætti eftir því sem aðstæður leyfa.

Fiskistofu er heimilt að taka eða láta taka upp veiðarfæri sem ekki hefur verið vitjað með eðlilegum hætti. Sama á við um veiðarfæri sem liggja í sjó eftir að veiðitímabili lýkur, svo og veiðarfæri sem eru ólögleg eða eru á svæðum þar sem notkun þeirra er óheimil.

Fiskistofa skal krefja eigendur veiðarfæra, sem dregin eru úr sjó samkvæmt heimild í 2. mgr., um kostnað sem af því hlýst. Verði ekki upplýst hver er eigandi veiðarfæra er Fiskistofu heimilt að selja veiðarfærin og rennur andvirði þeirra að frádregnum kostnaði til Hafrannsóknastofnunarinnar.

III. KAFLI
Vigtun sjávarafla.

6. gr.

Öllum afla sem íslensk skip veiða úr stofnum sem að hluta eða öllu leyti halda sig í efnahagslögsögu Íslands skal landað innan lands og hann veginn í innlendri höfn. Ráðherra getur með reglugerð heimilað að ísfiski sé landað í erlendum höfnum enda sé hann seldur á opinberum fiskmörkuðum þar sem vigtunaraðferðir og eftirlit er viðurkennt af Fiskistofu. Þá getur ráðherra heimilað með reglugerð að bræðslufiski sé landað í fiskimjölsverksmiðjur erlendis, enda sé eftirlit með löndun og vigtun afla talið fullnægjandi. Þegar sérstaklega stendur á t.d. vegna alvarlegrar vélarbilunar, getur Fiskistofa heimilað að skip sem vinna afla um borð landi erlendis. Skal slíkt leyfi bundið því skilyrði að útgerð skipsins greiði kostnað vegna ferðar eftirlitsmanns til að fylgjast með löndun úr skipinu erlendis eða kostnað vegna annarra sambærilegra eftirlitsaðgerða sem Fiskistofa telur nauðsynlegar.

7. gr.

Allur afli skal veginn á hafnarvog í löndunarhöfn þegar við löndun aflans. Skal við vigtunina nota löggilta vog. Vigtun skal framkvæmd af starfsmanni hafnar sem hlotið hefur til þess löggildingu. Sé hafnarvog ekki í verstöð eða ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur Fiskistofa tímabundið leyft vigtun með öðrum hætti.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur Fiskistofa veitt einstökum aðilum leyfi til vigtunar án þess að afli sé veginn á hafnarvog að fenginni umsögn hafnaryfirvalda á löndunarstað. Slíkt leyfi skal því aðeins veitt að veruleg vandkvæði séu á því að vega aflann á hafnarvog, eftirlit hafnar sé nægilegt og innra eftirlit þess aðila sem í hlut á sé traust, auk þess sem vigtunarbúnaður sé löggiltur og vigtun framkvæmd af löggiltum vigtarmanni.

Fiskiskipum skal óheimilt að landa sjávarafla í öðrum höfnum en þeim sem sjávarútvegsráðuneytið heimilar og uppfylla kröfur um aðstöðu og eftirlit sem nánar skal kveðið á um í reglugerð. Sjávarútvegsráðherra er heimilt að veita aðlögunartíma að þessu ákvæði til allt að tveggja ára.

8. gr.

Löggiltir vigtarmenn er vigta sjávarafla skulu gæta þess að fara í hvívetna eftir reglum um framkvæmd vigtunar, skráningu upplýsinga og skil á þeim.

9. gr.

Eftirlitsmönnum Fiskistofu og starfsmönnum hafnaryfirvalda er heimill aðgangur að fiskiskipum, flutningstækjum, fiskverkunum og birgðageymslum sem nauðsynlegur er til að vigta sjávarafla eða hafa eftirlit með vigtun hans. Hafnaryfirvöld skulu senda Fiskistofu jafnharðan upplýsingar um landaðan afla í því formi sem ráðherra ákveður með reglugerð.

Ráðuneytið skal að höfðu samráði við samgönguráðuneytið og Hafnasamband sveitarfélaga kveða nánar á um það í reglugerð hvernig afli skuli veginn og upplýsingum um landað aflamagn safnað.

10. gr.

Skipstjóra fiskiskips er skylt að halda afla um borð í skipi sínu aðgreindum eftir tegundum. Verði því ekki komið við vegna smæðar báts skal afli aðgreindur eftir tegundum við löndun. Skipstjóra fiskiskips er skylt að láta vigta hverja tegund sérstaklega. Ákveði ráðherra á grundvelli laga um stjórn fiskveiða að fiskur undir tiltekinni stærð teljist aðeins að hluta með í aflamarki skal undirmálsfiski haldið aðgreindum frá öðrum afla um borð og hann veginn sérstaklega. Skipstjóra ber að tryggja að réttar og fullnægjandi upplýsingar um aflann berist til vigtarmanns.

Skipstjórar fiskiskipa skulu halda sérstaka afladagbók sem Fiskistofa leggur til. Þá er skipstjórum skipa sem vinna afla um borð skylt að halda um vinnslu aflans sérstaka vinnsludagbók sem Fiskistofa leggur til.

11. gr.

Ökumaður flutningstækis er flytur afla frá skipshlið skal kynna sér samsetningu farmsins eins og kostur er og gefa vigtarmanni upplýsingar um hann. Ökumanni er óheimill annar akstur með óveginn afla en stystu leið frá skipshlið að hafnarvog, að undanteknum þeim tilvikum þegar Fiskistofa hefur veitt undanþágu frá vigtun á hafnarvog, sbr. 2. mgr. 7. gr.

12. gr.

Starfsmenn hafnarvoga skulu sannreyna að uppgefin tegund vigtaðs afla sé rétt með beinni skoðun úrtaks úr lönduðum afla. Sama á við varðandi afla sem gefinn er upp sem undirmálsafli. Skulu þeir með reglubundnum hætti gefa Fiskistofu yfirlit yfir framkvæmdar úrtaksskoðanir og niðurstöður þeirra.

13. gr.

Kaupandi afla skal ganga úr skugga um að afli sem hann tekur við hafi verið veginn samkvæmt gildandi reglum um vigtun sjávarafla.

Kaupandi afla skal fylla út og skila skýrslum um ráðstöfun afla í því formi og með þeim hætti er ráðuneytið ákveður.

IV. KAFLI
Framkvæmd og viðurlög.

14. gr.

Fiskistofa og eftirlitsmenn í hennar þjónustu annast eftirlit með framkvæmd laga þessara. Getur Fiskistofa enn fremur leitað aðstoðar lögreglu og Landhelgisgæslunnar í því skyni.

Heimildir Fiskistofu og eftirlitsmanna samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða gilda um eftirlit samkvæmt lögum þessum.

15. gr.

Fiskistofa skal svipta hvert það skip leyfi til veiða í atvinnuskyni sem veitt hefur umfram aflamark. Veita skal skipi leyfi að nýju ef aflamark þess á fiskveiðiárinu er aukið þannig að afli skipsins á fiskveiðiárinu rúmist innan aflamarksins.

Nú veiðir skip ítrekað umfram aflamark á sama fiskveiðiári og skal þá svipta það leyfi til veiða í atvinnuskyni, til viðbótar því sem segir í 1. mgr., í tvær vikur við fyrstu ítrekun, í sex vikur við aðra ítrekun en til loka fiskveiðiárs við þriðju ítrekun, þó aldrei skemur en tólf vikur.

Áður en skip er svipt leyfi samkvæmt 1. og 2. mgr. skal Fiskistofa, að jafnaði þegar veitt hefur verið eða aflamarki ráðstafað þannig að einungis standi eftir einn tíundi hluti eða minna af aflamarki af einhverri tegund sem skipi var úthlutað í upphafi fiskveiðiárs, tilkynna útgerð skips að til leyfissviptingar kunni að koma. Skal útgerð þá jafnframt gefinn kostur á að kynna sér gögn er málið varðar og koma athugasemdum sínum á framfæri.

16. gr.

Fiskistofa skal svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni ef útgerð eða áhöfn skips eða aðrir þeir sem í þágu útgerðar starfa hafa brotið gegn ákvæðum laga þessara.

Við fyrsta brot skal leyfissvipting ekki standa skemur en tvær vikur og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekuð brot skal svipting ekki standa skemur en sex vikur og ekki lengur en eitt ár.

17. gr.

Hafi skip ítrekað verið svipt leyfi til veiða í atvinnuskyni samkvæmt 15. og 16. gr. laga þessara getur Fiskistofa ákveðið að veiðieftirlitsmaður skuli vera um borð á kostnað útgerðar í tiltekinn tíma, allt að tveimur mánuðum. Skal útgerð skips þá greiða allan kostnað sem hlýst af veru eftirlitsmanns um borð þar með talinn launakostnað.

18. gr.

Fiskistofa skal afturkalla leyfi til vigtunar samkvæmt 2. mgr. 7. gr. ef hlutaðeigandi aðili, fyrirsvarsmenn hans, starfsmenn eða aðrir þeir sem í þágu hans starfa hafa brotið gegn III. kafla laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim kafla.

19. gr.

Ákvörðunum Fiskistofu samkvæmt þessum kafla verður skotið til sjávarútvegsráðuneytis enda sé það gert innan eins mánaðar frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun. Kæra samkvæmt þessari grein frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

20. gr.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt, að fengnum tillögum Fiskistofu, að svipta uppboðsmarkað fyrir sjávarafla rekstrarleyfi samkvæmt lögum um það efni ef markaður eða þeir sem í þágu hans starfa hafa brotið gegn ákvæðum III. kafla laga þessara eða reglum settum samkvæmt honum.

21. gr.

Ákvarðanir stjórnvalda samkvæmt þessum kafla má bera undir dómstóla. Slíkt málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

22. gr.

Fiskistofa skal reglulega birta opinberlega upplýsingar um sviptingu veiðiheimilda samkvæmt þessum kafla. Skal þar tilgreina heiti skips, skipaskrárnúmer, útgerð skips, tilefni leyfissviptingar og til hvaða tímabils svipting nái. Þá skulu birtar opinberlega ákvarðanir um afturköllun heimilda samkvæmt 18. og 20. gr. laga þessara.

23. gr.

Upplýsingar um aflahlutdeild einstakra skipa, úthlutun aflamarks til þeirra, afla einstakra skipa og ráðstöfun aflaheimilda eru opinberar upplýsingar sem öllum er heimill aðgangur að. Fiskistofa skal reglulega birta upplýsingar um þau skip sem veitt hafa umfram aflaheimildir. Þá skal Fiskistofa árlega birta upplýsingar um álagningu gjalds vegna ólögmæts sjávarafla á liðnu fiskveiðiári.

24. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum, hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum.

Við fyrsta brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 400.000 krónum og eigi hærri fjárhæð en 4.000.000 krónum eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekað brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 800.000 krónum og eigi hærri fjárhæð en 8.000.000 krónum, sömuleiðis eftir eðli og umfangi brots.

Beita skal ákvæðum laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla vegna brota gegn lögum þessum eftir því sem við á.

25. gr.

Sektir má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 24. gr. má ákvarða lögaðila sekt þótt sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga, sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Með sama skilorði má einnig gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa hafa gerst sekir um brot.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð, eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

26. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála.

V. KAFLI

Breyting á lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

27. gr.

Ákvæði 19. gr. laganna orðast svo:

Fiskistofa skal svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fyrir brot á lögum þessum, eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum um umgengni um auðlindir sjávar.

28. gr.

Ákvæði 20. gr. laganna orðast svo:

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim og ákvæðum leyfisbréfa varða sektum, hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum.

Við fyrsta brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 400.000 krónum og eigi hærri fjárhæð en 4.000.000 krónum eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekað brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 800.000 krónum og eigi hærri fjárhæð en 8.000.000 krónum, sömuleiðis eftir eðli og umfangi brots.

Beita skal ákvæðum laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla vegna brota gegn lögum þessum eftir því sem við á.

29. gr.

Við lögin bætist ný grein, 20. gr. a, er orðast svo:

Sektir má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 20. gr. má ákvarða lögaðila sekt þótt sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga, sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Með sama skilorði má einnig gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa hafa gerst sekir um brot.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð, eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

30. gr.

Við lögin bætist ný grein, 20. gr. b, er orðast svo:

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

31. gr.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara.

32. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 16. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, sbr. 11. gr. laga nr. 36/1992 og 10. gr. laga nr. 87/1994.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Auðlindir sjávar eru sameign þjóðarinnar sem verður að nýta þannig að þær gefi sem mestan arð. Tæp 80% af útflutningstekjum Íslendinga eru af sjávarafurðum. Góð umgengni um þessar auðlindir er því augljóslega eitt helsta hagsmunamál þjóðarinnar. Upplýsingar um afla og aflasamsetningu eru mikilvægasta forsendan sem fiskifræðingar styðjast við þegar lagt er mat á ástand stofna og afrakstursgetu þeirra. Ráðgjöf fiskifræðinga er sá þáttur sem vegur þyngst þegar tekin er ákvörðun um leyfilegan hámarksafla. Rangar eða ónákvæmar upplýsingar um afla leiða óhjákvæmilega til ónákvæmni í útreikningi varðandi ástand fiskstofna, og þar með eykst hættan á að of nærri þeim verði gengið.

Sjávarútvegsráðherra skipaði nefnd í maímánuði 1994 til að fjalla um hvernig megi bæta umgengni um auðlindir sjávar. Samstarfsnefnd um bætta umengni um auðlindir sjávar var meðal annars falið að meta í hve miklum mæli sjávarafla er varpað fyrir borð á íslenskum skipum og hvernig auka megi kjörhæfni veiðarfæra svo og að kanna með hvaða hætti megi bæta nýtingu aukaafla og enn fremur hvernig bæta megi virkni veiðieftirlits. Í nefndinni eiga eftirtaldir aðilar sæti: Guðjón A. Kristjánsson, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Guðmundur Karlsson, Fiskistofu, Guðni Þorsteinsson, Hafrannsóknastofnun, Helgi Laxdal, Vélastjórafélagi Íslands, Kristján Þórarinsson, Landssambandi íslenskra útvegsmanna (formaður), Snorri Rúnar Pálmason, Sjávarútvegsráðuneyti og Sævar Gunnarsson, Sjómannasambandi Íslands.

Ráðuneytið fór þess á leit við nefndina í septembermánuði árið 1994 að hún hraðaði tillögugerð er lyti að því hvernig mætti koma í veg fyrir að afla væri varpað fyrir borð og hvernig auka mætti virkni veiðieftirlits. Nefndin skilaði áfangaskýrslu til ráðherra í desember 1994. Verða hér nefnd helstu atriði skýrslunnar, en að öðru leyti er vísað til hennar í fylgiskjali I. Þar kemur fram að nauðsynlegt sé að grípa til aðgerða til þess að koma í veg fyrir að fiski sé varpað fyrir borð og að fiski sé landað framhjá vigt. Í áfangaskýrslunni er meðal annars bent á að nauðsynlegt sé að aflaheimildir byggi á vísindalegri ráðgjöf og að afli fari ekki fram úr heimildum auk þess sem samræmi þurfi að vera í aflaheimildum milli tegunda. Bent er á að reglur um veiðar og umgengni um auðlindina þurfi að vera einfaldar og skýrar og veiðieftirlitið markvisst og það skuli beinast að þeim vandamálum sem við er að glíma hverju sinni. Viðurlög við brotum eigi að vera ströng og þyngjast við endurtekin brot.

Í skýrslu nefndarinnar kemur fram að lagaákvæði, er varða umgengni um auðlindir sjávar, skorti og því þurfi að setja ákveðnar lagareglur um umgengnina og viðurlög við brotum gegn þeim. Enn fremur eru tillögur um útfærslu á ýmsum atriðum sem nefndin telur að bæta þurfi úr.

Í ársbyrjun var samið frumvarp er að mestu byggði á tillögum nefndarinnar og var það lagt fyrir Alþingi í febrúarlok. Frumvarpið varð ekki útrætt á vorþinginu enda lauk þinghaldi óvenju snemma vegna Alþingiskosninganna. Frumvarpið vakti hins vegar miklar umræður. Í júnímánuði síðastliðnum fór ráðherra þess síðan á leit við Samstarfsnefnd um bætta umgengni um auðlindir sjávar að hún færi yfir frumvarpið í ljósi umræðna sem orðið höfðu um efni þess. Nefndin skilaði áliti sínu til ráðherra í septembermánuði síðastliðnum. Er það birt sem fylgiskjal II með frumvarpi þessu. Þar sem nefndin fer yfir fyrra frumvarp grein fyrir grein í umsögn sinni er texti frumvarps þess sem flutt var á síðasta þingi birtur sem fylgiskjal III til þess að auðveldara sé að glöggva sig á umsögn nefndarinnar. Nefndin styður helstu sjónarmið fyrra frumvarps en gerir þó tillögur um breytingar á einstökum atriðum. Er frumvarp þetta byggt á fyrra frumvarpi en tillit hefur verið tekið til flestra athugasemda nefndarinnar og frumvarpinu breytt til samræmis

við þær. Drög að frumvarpi þessu voru enn lögð fyrir nefndina til umsagnar og er sú umsögn birt á fylgiskjali IV. Í samræmi við þær ábendingar sem þar koma fram hafa athugasemdir við 16. gr. frumvarpsins verið endurskoðaðar. Þá hefur verið bætt inn í 10. og 12. gr. frumvarpsins ákvæðum varðandi undirmálsfisk í framhaldi af tillögum nefndarinnar um að undanþiggja á ný hluta undirmálsfisks frá aflamarki.

Í frumvarpinu er kveðið skýrar á um ýmsar reglur, sem lúta að umgengni um auðlindir sjávar og þær gerðar markvissari. Þá er einnig kveðið á um til hvaða viðurlaga skuli gripið, ef út af er brugðið.

Í fyrsta kafla frumvarpsins er almenn lýsing á markmiðum þess.

Í öðrum kafla frumvarpsins eru ákvæði sem lúta veiðum. Er þar lagt til að eftirfarandi ákvæði verði lögfest:

— Bann við að henda fiski í hafið.
— Bann við netaveiðum báta undir 20 brúttótonnum frá 1. nóvember til loka febrúar.
— Að óheimilt verði að hefja veiðiferð án þess að skip hafi veiðiheimildir í þeim tegundum, sem líklegt er að fáist í veiðiferðinni.
— Að skylt verði að draga reglulega veiðarfæri, sem skilin eru eftir í sjó, svo sem net og línu. Heimilt verði á kostnað eiganda að draga upp veiðarfæri sem ekki er sinnt.

Í þriðja kafla frumvarpsins eru ákvæði, sem lúta að vigtun sjávarafla. Þessi ákvæði eru að efni til að mestu leyti samhljóða gildandi reglugerð um vigtun sjávarafla en þó er kveðið með skýrari hætti á um skyldur og ábyrgð þeirra aðila, sem að vigtun sjávarafla koma.

Fjórði kafli fjallar um framkvæmd laganna og viðurlög. Fiskistofa og eftirlitsmenn í hennar þjónustu annast framkvæmdina. Hér er lagt til að skýrt verði kveðið á um viðbrögð stjórnvalda vegna brota á lögum þessum. Er hér um að ræða mjög mikilvægt nýmæli. Gert er ráð fyrir að skip verði svipt leyfi til veiða í atvinnuskyni í ákveðinn tíma og að ítrekun brots varði lengri leyfissviptingu. Auk þess er gert ráð fyrir að aðili geti misst leyfi til vigtunar afla, standi hann ekki rétt að vigtun. Þá er gert ráð fyrir að heimilt sé að svipta uppboðsmarkað starfsleyfi vegna brota á reglum um vigtun sjávarafla. Jafnframt er í frumvarpinu kveðið á um að stórfelld og ítrekuð ásetningsbrot geti auk sekta varðað varðhaldi eða fangelsi.

Í fimmta kafla er lagt til að breytingar verði gerðar á lögum um stjórn fiskveiða til samræmis við ákvæði sem er að finna í fjórða kafla frumvarpsins varðandi framkvæmd leyfissviptinga og viðurlög.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um markmið frumvarpsins. Um það efni vísast nánar til almennra athugasemda hér að framan.

Um 2. gr.

Með 1. mgr. er lagt til að lögfest verði sú meginregla að skylt sé að hirða og koma með að landi allan afla. Um rök að baki henni vísast til almennra athugasemda og fylgiskjals I með frumvarpinu. Lögin um stjórn fiskveiða ganga út frá að þessi meginregla gildi og hún er beinlínis orðuð í 19. gr. rgl. nr. 406/1995 sem sett er á grundvelli þeirra laga. Í tilvitnaðri grein reglugerðarinnar eru ákvæði um að sleppa skuli lifandi þorski, ufsa og ýsu undir vissum stærðarmörkum er fæst á handfæri. Þessi fiskur er almennt lífvænlegur og því full ástæða til að kveða á um skyldu til að sleppa honum. Er því lagt

til að slík regla skuli gilda áfram en ráðherra er falið að ákveða við hvaða stærðarmörk skuli miðað. Samkvæmt núgildandi reglum er miðað við 50 cm lengd varðandi þorsk og ufsa en 45 cm varðandi ýsu. Þá getur ráðherra ákveðið að fleiri veiðarfæri komi til greina í þessu sambandi en handfæri. Mætti þar t.d. hugsa sér að skylt yrði að sleppa undirmálsfiski er veiddist í gildrur.

Með 2. mgr. eru veittar þrjár undanþágur frá meginreglunni um að komið skuli með allan afla að landi. Í fyrsta lagi er heimilt að varpa fyrir borð afla sem sýktur er, selbitinn eða skemmdur á annan hátt ef ekki hefði verið unnt að komast hjá því á viðkomandi veiðum. Í annan stað er heimilt að henda fyrir borð fiski af ókvótabundnum tegundum enda hafi tegundin ekki verðgildi. Er vakin sérstök athygli á því að ekki er heimilt að fiski af kvótabundnum tegundum sé hent fyrir borð þótt verðlaus sé í einstökum tilvikum. Skilyrði fyrir því að heimila megi að öðrum tegundum sé hent er að tegundin hafi ekki verðgildi. Í því sambandi verður að telja að allar tegundir sem manneldismarkaður er fyrir hafi verðgildi. Varðandi aðrar tegundir hlýtur verðgildismatið ávallt að vera nokkuð vandasamt. Loks er heimilað að varpa fyrir borð fiskhlutum sem falla til við verkun eða vinnslu um borð enda verði þessi fiskúrgangur ekki nýttur með arðbærum hætti. Í upphafi má reikna með að heimilt verði við ísfiskveiðar að henda fiskúrgangi öðrum en hrognum og lifur. Eftir því sem möguleikar aukast til arðbærrar nýtingar fiskúrgangs dregur hins vegar úr heimildum til að henda fiskúrgangi.

Um 3. gr.

Lengi hefur verið rætt um að banna eigi minnstu bátunum netaveiðar að vetrarlagi, fyrst og fremst vegna þess að þeir nýti afla illa og hendi miklu vegna þess hve oft veður hamlar að vitjað sé um net, en einnig af öryggisástæðum. Umgengnisnefndin gerir tillögur um slíkt bann samanber IV. kafla, lið 2.5 í fylgiskjali I með frumvarpinu. Það er nokkuð vandasamt að ákveða til hvaða stærðar báta og hvaða tímabils slíkt bann skuli taka. Nefndin gerir tillögur um síðara atriðið og er þeim fylgt í frumvarpi þessu. Varðandi fyrra atriðið var miðað við 30 brúttótonn í frumvarpi því sem flutt var á síðasta þingi. Umgengnisnefndin taldi þau mörk sett of hátt, sbr. fylgiskjal II, og er til samræmis við það nú lagt til að miðað verði við 20 brúttótonn.

Um 4. gr.

Með 1. mgr. er lagt til að sú skylda verði lögð á Fiskistofu að fylgjast með aflasamsetningu fiskiskipaflotans þannig að jafnan liggi fyrir sem gleggstar upplýsingar um samsetningu afla skipa er mismunandi veiðar stunda eftir stærð og gerð skips, gerð og búnaði veiðarfæra, veiðislóð og veiðitíma. Þetta er að sjálfsögðu gert að vissu marki nú þegar, enda hlýtur slík upplýsingasöfnun að vera forsenda alls veiðieftirlits. Hér er reiknað með að þessi þáttur starfseminnar verði efldur mjög enda eru glöggar upplýsingar af þessu tagi nauðsynlegar til að framfylgja ákvæðum 2. mgr. þessarar greinar.

Með 2. mgr. er lagt til að lögfest verði með ótvíræðum hætti sú sjálfsagða regla að skip hafi við upphaf veiðiferðar aflaheimildir er duga fyrir líklegum afla af öllum tegundum í ferðinni.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að Fiskistofa fái heimild til að taka upp eða láta taka upp veiðarfæri sem vanrækt eru þannig að ætla megi að afli sem í þau fæst skemmist.

Heimildin nær einnig til að taka upp veiðarfæri sem ekki er hirt um að draga úr sjó við lok veiðitímabils, svo sem grásleppunet sem eru í sjó eftir lok grásleppuvertíðar.

Þá er gert ráð fyrir að Fiskistofa geti tekið upp veiðarfæri sem lögð hafa verið á svæðum þar sem bannað er að leggja veiðarfæri af þeirri gerð, svo sem línu sem lögð hefur verið á svæði þar sem línuveiðar eru bannaðar.

Eðlilegt og sanngjarnt er að sá sem ábyrgur er fyrir ólögmætri notkun veiðarfæranna beri þann kostnað sem því fylgir að aflétta hinu ólögmæta ástandi og er því gert ráð fyrir að Fiskistofa skuli krefja eigendur veiðarfæranna um þann kostnað. Séu eigendur hins vegar óþekktir má selja veiðarfærin til að mæta kostnaðinum og skal það sem umfram kann að vera renna til Hafrannsóknastofnunarinnar.

Um 6. gr.

Í þessari grein er sett fram sú meginregla að öllum afla, sem íslensk skip veiða úr stofnum, sem að einhverju eða öllu leyti halda sig í efnahagslögsögu Íslands, verði þau að landa hér á landi og að vigta í íslenskri höfn. Þó er gert ráð fyrir að heimilt verði að selja ísfisk á opinberum uppboðsmörkuðum erlendis sem hafa fengið viðurkenningu sjávarútvegsráðuneytisins til þess. Gert er ráð fyrir að ráðuneytið setji með reglugerð nánari skilyrði fyrir leyfisveitingu en einstök leyfi verði veitt að undangenginni úttekt Fiskistofu á vigtunaraðferðum og eftirliti á markaðnum. Er þetta í samræmi við núverandi framkvæmd. Þá er í greininni gert ráð fyrir að ráðherra geti með reglugerð veitt undanþágu frá þessum ákvæðum þegar um er að ræða fisk sem veiddur er til bræðslu. Fyrst og fremst mundi þetta ákvæði eiga við um loðnu, en íslensk skip hafa selt loðnu til bræðslu erlendis þegar vinnslugeta hér á landi hefur ekki verið nægileg til að taka við aflanum. Loks er gert ráð fyrir að Fiskistofa geti heimilað að skip sem vinna afla um borð landi erlendis standi sérstaklega á, til dæmis ef um alvarlega vélarbilun eða annað tjón er að ræða. Kostnaður vegna ferðar eftirlitsmanns Fiskistofu til að fylgjast með löndun og vigtun eða vegna annarra nauðsynlegra ráðstafana Fiskistofu skal borinn af útgerð viðkomandi skips. Með vinnslu um borð er átt við alla aðra vinnslu en slægingu, sem og ef afli er frystur eða saltaður um borð.

Um 7. gr.

Hér er í 1. mgr. kveðið á um hvernig skuli standa að vigtun á afla. Meginreglan er sú, að afli skuli veginn á löggilta hafnarvog og skal vigtunin framkvæmd af starfsmanni hafnarinnar sem er löggiltur vigtarmaður. Er þetta eðlilegt þar sem allur afli sem landað er hér á landi fer um einhverja af um það bil 60 höfnum landsins. Vigtunarkerfið hefur verið byggt upp kringum hafnarvogir og mikið átak hefur verið gert í því að styrkja hafnirnar í sessi. Þær aðstæður geta komið upp að ekki sé unnt að uppfylla skilyrði um vigtun á hafnarvog í löndunarhöfn, til dæmis vegna bilunar í hafnarvog, vegna þess að hún henti ekki til ákveðinnar vigtunar eða að löggiltur vigtarmaður sé tímabundið forfallaður. Því er gert ráð fyrir að Fiskistofa geti heimilað tímabundnar undanþágur frá framangreindum skilyrðum.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að Fiskistofa geti heimilað fyrirtækjum að sjá um að vigta afla þrátt fyrir að hann hafi ekki verið veginn áður á hafnarvog, enda séu veruleg vandkvæði á vigtun á hafnarvog. Ekki er gert ráð fyrir að þessi heimild verði nýtt hvað varðar vigtun á botnfiski, nema ströng skilyrði varðandi skráningu og eftirlit séu uppfyllt.

Í 3. mgr. er gerð tillaga um að einungis megi landa afla í þeim höfnum sem uppfylla kröfur um nauðsynlega aðstöðu og eftirlit. Er gert ráð fyrir því að sjávarútvegsráðuneytið samþykki einstakar hafnir sem fiskihafnir. Er þessi tillaga í samræmi við hugmyndir umgengnisnefndar og vísast um hana til fylgiskjals II.

Um 8. gr.

Hér er kveðið á um að þeir löggiltu vigtarmenn sem annast vigtun, hvort sem það er gert á hafnarvog eða annars staðar samkvæmt heimild Fiskistofu, fylgi þeim aðferðum við vigtun, skráningu á upplýsingum og skil á nótum og skýrslum sem lög og reglur varðandi vigtun sjávarafla segja til um á hverjum tíma.

Um 9. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða ákvæðum 1. og 2. mgr. 16. gr. núgildandi laga um stjórn fiskveiða, og þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Hér er kveðið á um skyldur skipstjóra hvað varðar vigtun á afla. Hann skal sjá til þess að afla sé haldið aðgreindum eftir tegundum um borð, sé þess nokkur kostur vegna stærðar skipsins og í öllum tilvikum skal hann sjá til þess að hver tegund verði vegin sérstaklega. Einnig skal hann tryggja að vigtarmaður fái réttar og fullnægjandi upplýsingar um aflann þannig að skráning á honum verði rétt.

Í 2. mgr. er kveðið á um skráningu á afla meðan á veiðiferð stendur. Er gert ráð fyrir að auk afladagbóka verði færðar vinnsludagbækur um borð í skipum sem vinna afla um borð. Sambærilegt ákvæði er nú í 3. mgr. 16. gr. laga um stjórn fiskveiða.

Um 11. gr.

Hér er kveðið á um ábyrgð ökumanns flutningstækis. Er þess krafist að hann kynni sér sem kostur er farminn sem fluttur er og gefi vigtarmanni upplýsingar um hann. Enn fremur er lagt til að honum verði gert að aka stystu eðlilegu leið til hafnarvogarinnar frá skipshlið. Þar með er loku fyrir það skotið að ökumaður geti sagst vera á leið á hafnarvogina ef hann er stöðvaður með óveginn fisk á bílnum langt frá höfninni.

Um 12. gr.

Lögð er ótvíræð skylda á starfsmenn hafnarvoga að sannreyna með beinni skoðun úrtaks að uppgefin tegund vigtaðs afla sé rétt.

Um 13. gr.

Til að efla eftirlit er nauðsynlegt að leggja þá skyldu á kaupendur afla að þeir kanni uppruna hans og hvernig staðið hafi verið að vigtun.

Í 2. mgr. er kveðið á um skyldur kaupenda til að skrá og skila skýrslum um ráðstöfun afla og framleiðslu. Er þetta ákvæði nauðsynlegt til að unnt sé að safna upplýsingum um framleiðslu í sjávarútvegi og er einnig mikilvægur þáttur í eftirliti með veiðum sem meðal annars fer fram með þeim hætti að upplýsingar um landaðan afla eru bornar saman við upplýsingar framleiðenda um kaup og ráðstöfun afla.

Um IV. kafla.

Í þessum kafla er að finna ákvæði sem lúta að framkvæmd laganna og reyndar að nokkru leyti framkvæmd laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, auk þess sem kaflinn hefur að geyma ákvæði um viðurlög við brotum á lögunum.

Sjálfsagt er að leggja þungar refsingar við brotum á jafnmikilvægum lögum og hér um ræðir, ekki síst ef brot eru ítrekuð eða stórvægileg. Í 24.–26. gr. er lagt til að það verði gert, þar á meðal að unnt verði að gera lögaðilum að greiða sektir þótt sök verði ekki sönnuð á þá einstaklinga sem í þágu hans starfa. Jafnframt er gert ráð fyrir að alvarleg brot á lögunum geti varðað varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum og er þar tekið mið af refsingum fyrir meiri háttar efnahagsbrot, svo sem auðgunarbrot og skattsvik.

Það eitt að lýsa brotin refsiverð er þó ekki nóg til þess að búa svo um hnúta, eins og nokkur kostur er í lögum, að ákvæðum laganna verði fylgt í framkvæmd. Enginn vafi leikur á því að virkasta ráðið til þess er að svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni ef brotið er gegn ákvæðunum. Til þessa hefur leyfissviptingu nær einvörðungu verið beitt til þess að aflétta ólögmætu ástandi, til dæmis þegar afli skips hefur verið kominn yfir leyfilegt aflamark. Aftur á móti hefur þessu úrræði lítið verið beitt í refsiskyni gagnvart þeim sem brotið hafa gegn ákvæðum fiskveiðilöggjafarinnar, jafnvel margítrekað, enda þótt heimild hafi verið til þess í lögum.

Í 15. og 16. gr. er hins vegar lagt til að skip verði fortakslaust svipt leyfi til veiða í atvinnuskyni í tiltekinn tíma ef um er að ræða brot á þessum lögum eða ítrekuð brot á lögum um stjórn fiskveiða. Í síðarnefndu tilvikunum yrðu skip að sjálfsögðu svipt leyfi meðan þau hefðu ekki heimild til frekari veiða, t.d. vegna þess að þau hefðu veitt umfram leyfilegt aflamark, en jafnvel þótt aflamarkið mundi aukast stæði leyfissviptingin í tvær vikur til viðbótar við fyrstu ítrekun og svo framvegis. Í 18. og 20. gr. er og að finna hliðstæð ákvæði sem miða að því, eftir því sem frekast er kostur, að koma í veg fyrir að brotið verði gegn ákvæðum laganna.

Þar sem veiðileyfissvipting felur í sér skerðingu á mjög mikilvægum atvinnuréttindum eru að sjálfsögðu miklir hagsmunir í húfi. Af þeim sökum verður að gera þær kröfur til þeirra stjórnvalda, sem um þessi mál fjalla, að þau virði þær grundvallarreglur um málsmeðferð í stjórnsýslunni sem sjálfsagðar þykja við aðstæður sem þessar.

Svipting leyfis eða afturköllun þess er sjálfstæð stjórnvaldsákvörðun og því gilda um hana ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, eftir því sem við á. Af þeim ákvæðum er sérstök ástæða til að nefna svonefnda andmælareglu, sbr. IV. kafla stjórnsýslulaga. Í þeirri reglu felst í fyrsta lagi að skýra þurfi hlutaðeigandi frá að mál hans sé til athugunar, í öðru lagi ber að gefa honum kost á að kynna sér gögn í máli hans og í þriðja lagi veita honum færi á að tjá sig um það áður en því er ráðið til lykta. Með tilliti til þessarar reglu er gerð sú tillaga í 3. mgr. 15. gr. að útgerð verði að jafnaði veitt eins konar viðvörun um að afli skips sé farinn að nálgast leyfilegt aflamark og til leyfissviptingar komi ef farið verður fram úr því marki. Slík viðvörun er hugsuð sem tilkynning um upphaf máls í skilningi 14. gr. stjórnsýslulaga, þannig að þá strax verði útgerðinni gefinn kostur á að koma að andmælum ef hún telur að upplýsingar þær, sem á er byggt, séu að einhverju

leyti rangar eða málatilbúnaði að öðru leyti áfátt. Þannig hefði gefist svigrúm til andmæla áður en til leyfissviptingar kæmi, en að öðrum kosti gæfist naumur tími til þess vegna þess að óhjákvæmilegt er að grípa til sviptingar um leið og afli skips fer fram úr leyfilegu aflamarki.

Við samningu ákvæða um heimild til þess að svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni í þessum kafla hefur og verið horft til tveggja annarra reglna í stjórnsýslulögum, það er til jafnræðisreglunnar í 11. gr. laganna og meðalhófsreglunnar í 12. gr. þeirra. Með tilliti til jafnræðisreglunnar er lagt til að reglur um það hvenær til leyfissviptingar verði gripið og hversu lengi svipting skuli vara verði í senn fortakslausar og ítarlegar þannig að allir sitji að þessu leyti við sama borð. Segja má að sú tilhögun í 3. mgr. 15. gr., að gefa með góðum fyrirvara til kynna að til sviptingar kunni að koma, eigi rætur að rekja til meðalhófsreglunnar og hið sama má segja um þann hátt að svipting skuli standa í sífellt lengri tíma við hvert ítrekað brot.

Í lögum nr. 36/1992 segir að Fiskistofa skuli starfa að stjórnsýsluverkefnum á sviði sjávarútvegsmála og heyri undir sjávarútvegsráðherra. Í samræmi við þetta hlutverk Fiskistofu og stöðu hennar í stjórnkerfinu er eðlilegt að hún taki ákvarðanir um sviptingu veiðileyfa, hvort sem er vegna brota á þessum lögum eða lögum um stjórn fiskveiða. Þeim ákvörðunum verður skotið til sjávarútvegsráðuneytisins og þær eftir atvikum bornar undir dómstóla, svo sem fram kemur í 19. og 21. gr.

Í kaflanum er að öðru leyti að finna ákvæði sem með einum eða öðrum hætti snúa að framkvæmd á lögum þessum eða lögum um stjórn fiskveiða. Verða þau skýrð hér á eftir, hvert fyrir sig, eftir því sem ástæða þykir til.

Um 14. gr.

Í samræmi við lög nr. 36/1992 er kveðið á um að Fiskistofa skuli hafa eftirlit með framkvæmd laganna, svo og eftirlitsmenn í þjónustu hennar. Tekið er fram að þessir aðilar hafi sömu heimildir til þess að rækja þetta eftirlitshlutverk og fram koma í lögum um stjórn fiskveiða, samanber nú lög nr. 38/1990, einkum 3. mgr. 17. gr. laganna. Þá er kveðið á um að Fiskistofa geti leitað aðstoðar lögreglu og Landhelgisgæslu í þessu skyni.

Um 15. gr.

Í þessari grein er mælt svo fyrir að Fiskistofu sé skylt að svipta hvert það skip leyfi til veiða í atvinnuskyni sem veitt hefur umfram leyfilegt aflamark af einhverri fisktegund. Við mat á því hvort veitt hafi verið umfram aflamark í þessu sambandi verður að sjálfsögðu að taka tillit til heimilda til tegundatilfærslu og færslu aflaheimilda milli ára. Nær sviptingin til hvers konar veiða í atvinnuskyni, en er ekki einskorðuð við þá tegund eða tegundir sem of mikið hefur verið veitt af. Ákvæði 2. og 3. mgr. eru skýrð í athugasemdum um IV. kafla og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 16. gr.

Hér er mælt svo fyrir að Fiskistofa skuli svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni hafi útgerð, áhöfn eða aðrir þeir, sem í þágu útgerðar starfa, brotið gegn ákvæðum þessara laga. Með síðastnefndu orðalagi er átt við aðra starfsmenn en þá, sem eru í áhöfn skips, og jafnframt þá, er starfa í þágu útgerðar sem verktakar, til dæmis bifreiðastjóra og aðra

stjórnendur flutningstækja. Ákvæðið nær hins vegar að sjálfsögðu ekki til brota þeirra sjálfstæðu aðila sem útgerðin á viðskipti við með aflann t.d. ætti greinin ekki við ef aðili óháður útgerðinni verður uppvís að því að hafa rangt við varðandi úrtaksvigtun þannig að bæði hagsmunir útgerðar og almannahagsmunir séu fyrir borð bornir.

Um 17. gr.

Rétt þykir að Fiskistofa geti ákveðið að veiðieftirlitsmaður á hennar vegum skuli vera um borð í skipi í allt að tvo mánuði samfleytt ef skipið hefur ítrekað verið svipt leyfi samkvæmt 15. og 16. gr. Þessi heimild er eitt af þeim úrræðum, sem lagt er til að lögfest verði, til þess að koma í veg fyrir brot á þessum lögum og lögum um stjórn fiskveiða.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 19. gr.

Hér er kveðið á um heimild til þess að skjóta ákvörðunum Fiskistofu samkvæmt 14.–18. gr. til sjávarútvegsráðuneytisins með stjórnsýslukæru. Um hana gilda almennar reglur, þar á meðal ákvæði VII. kafla stjórnsýslulaga, að öðru leyti en því að lagt er til að kærufrestur verði einn mánuður í stað þriggja mánaða.

Um 20. gr.

Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 21. gr.

Í greininni er, til að taka af allan vafa, mælt svo fyrir að ákvarðanir stjórnvalda samkvæmt IV. kafla verði bornar undir dómstóla, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar. Ekki er þörf á að skjóta ákvörðunum Fiskistofu til sjávarútvegsráðuneytisins áður en þær verða bornar undir dómstóla af þeim sem hlut eiga að máli hverju sinni.

Um 22. gr.

Hér er lagt til að skylt sé að birta opinberlega upplýsingar um sviptingu veiðileyfa skv. 15. og 16. gr., svo og afturköllun heimilda skv. 18. og 20. gr. Eiga sömu rök við þessa grein og 23. gr.

Um 23. gr.

Lagt er til að lögfest verði sú meginregla að upplýsingar um úthlutun aflamarks til einstakra skipa og önnur þau atriði, sem upp eru talin í greininni, skuli vera opinberar upplýsingar sem öllum skuli heimill aðgangur að. Ákvæðið er byggt á því sjónarmiði að almenningur skuli að öðru jöfnu eiga aðgang að upplýsingum í stjórnsýslunni. Við það bætist þörf á því að sem flestir eigi kost á að fylgjast með framkvæmd laga á þessu sviði, en með því móti má fremur búast við að brot á lögunum upplýsist.

Um 24. gr.

Áður hefur verið gerð grein fyrir því að ástæða sé til að sama refsing liggi við alvarlegum brotum á þessum lögum og meiri háttar efnahagsbrotum. Í greininni er hnykkt á því að um refsivert brot sé að ræða hvort sem það er framið af ásetningi eða gáleysi, auk

þess sem hlutlæg refsiábyrgð er lögð á lögaðila í 25. gr. Þá er leitast við að þrengja nokkuð refsiramma frá því sem venja er, þar sem mælt er fyrir um tilteknar sektarfjárhæðir vegna brota á lögunum þótt óhjákvæmilegt sé að láta dómstólum eftir verulegt svigrúm vegna þess hve brotin geta verið ólík að eðli og umfangi. Ef um er að ræða stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot er gert ráð fyrir að dæmt verði hvort tveggja refsivist og sektir.

Um 25. og 26. gr.

Greinarnar þarfnast ekki frekari skýringa.

Um V. kafla.

Í samræmi við hlutverk Fiskistofu er eðlilegt að fela henni að svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fyrir brot á lögum um stjórn fiskveiða í stað sjávarútvegsráðuneytisins, svo sem nú er fyrir mælt í 19. gr. laga nr. 38/1990. Til þess að tryggja samræmi í framkvæmd varðandi leyfissviptingar er lagt til að í þeim lögum verði vísað um það atriði til þessara laga. Jafnframt er ráð fyrir því gert að ákvæði um refsingar og refsikennd viðurlög í lögum um stjórn fiskveiða verði samhljóða þeim ákvæðum í þessum lögum.

Um 27. gr.

Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 28.–30. gr.

Þessi ákvæði eru sem fyrr segir samhljóða ákvæðum 24.–26. gr. og vísast til athugasemda um þær greinar.

Um 31. og 32. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Frumvarpinu fylgdu fimm fylgiskjöl. Fimmta fylgiskjalið er prentað hér með en um hin fjögur vísast til lausaskjalsins. Þau voru:

I. Áfangaskýrsla samstarfsnefndar um bætta umgengni sjávar: *Tillögur um úrræði gegn útkasti fisks og löndun fram hjá vigt,* ásamt bréfi til sjávarútvegsráðherra.
II. Umsögn samstarfsnefndarinnar um frumvarpið, sbr. þskj. 706 á 118. löggjafarþingi.
III. Frumvarpið eins og það var lagt fram á 118. löggjafarþingi, sjá bls. 3555–3573 í A-deild Alþt. 1994–95.
IV. Bréf til sjávarútvegsráðherra frá samstarfsnefnd um bætta umgengni um auðlindir sjávar (29. nóvember 1995).

Fylgiskjal V.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um umgengni um auðlindir sjávar.

Tilgangur með frumvarpi þessu er að bæta umgengni um auðlindir sjávar. Lagt til að hert verði eftirlit með afla, meðferð hans á sjó og vigtun við löndun. Er með því ætlað að laga veikleika í núverandi löggjöf við framkvæmd á aflastjórnun. Frumvarp þetta var flutt á 118. þingi en varð ekki útrætt. Það er nú endurflutt með nokkrum minni háttar breytingum, og er gerð grein fyrir þeim í athugasemdum og fylgiskjölum með frumvarpinu.

Samkvæmt 4. gr. frumvarpsins skal Fiskistofa fylgjast með aflasamsetningu fiskiskipaflotans þannig að jafnan liggi fyrir sem gleggstar upplýsingar um aflasamsetningu skipa. Þá verður óheimilt að hefja veiðiferð skips nema skipið hafi aflamark sem telja má líklegt að dugi fyrir afla í ferðinni. Í athugasemdum við 4. gr. er skýrt frá að reiknað sé með að þessi þáttur starfseminnar verði efldur mjög. Í 5. gr. er lagt til að Fiskistofa fái heimild til að taka upp veiðarfæri sem liggja í sjó og vanrækt eru. Í 6.–13. gr. er fjallað um vigtun afla, skráningu, eftirlit og skyldur viðkomandi aðila í því sambandi.

Hinar hertu umgengnisreglur sem lagðar eru til í frumvarpi þessu leggja aukna vinnu á veiðieftirlit Fiskistofu. Þar eru nú 23–24 störf við veiðieftirlit, en fylgjast verður með um 60 höfnum kringum landið. Það er mat fjármálaráðuneytisins að framfylgd þessa frumvarps kalli á fjölgun um 2–3 störf við veiðieftirlit og að kostnaður við þau störf og starfsemi tengda þeim geti orðið 6–10 m.kr. Í lögum nr. 38/1990, með síðari breytingum, er gert ráð fyrir að kostnaður við veiðieftirlit verði borinn uppi af sérstöku gjaldi — veiðieftirlitsgjaldi. Því verður að gera ráð fyrir að hækka verði veiðieftirlitsgjaldið af þessum sökum svo að viðbótarkostnaðurinn falli ekki á ríkissjóð.

372. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1996.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 06-426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði. Nýr liður:	
601 Stofnkostnaður, endurbætur á húsnæði	7.000
2. Við 4. gr. 14-201 Náttúruverndarráð. 110 Þjóðgarðar og friðlýst svæði.	
Fyrir „36.800“ kemur	43.900
3. Við 4. gr. 14-221 Hollustuvernd ríkisins. Nýr liður:	
102 Verkefni vegna EES-samnings, reglugerðir og eftirlit	5.000

373. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1996.

Frá Margréti Frímannsdóttur og Svavari Gestssyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. Nýr liður:	
06-233 Bætur til þolenda afbrota.	
110 Bætur	60.000
2. Við 4. gr. 06-290 Dómsmál, ýmis kostnaður. Nýr liður:	
116 Vímuefnavarnir, til stefnumótunar	5.000
3. Við 4. gr. 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Nýr liður:	
191 Vímuefnavarnir, til stefnumótunar	5.000
4. Við 4. gr. 08-340 Málefni fatlaðra. Nýr liður:	
691 Aðgengi fatlaðra í opinberum byggingum	20.000
5. Við 4. gr. 08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Nýr liður:	
154 Vímuefnavarnir, til stefnumótunar	5.000

374. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1996.

Frá Gísla S. Einarssyni, Jóni Baldvini Hannibalssyni, Lúðvík Bergvinssyni, Petrínu Baldursdóttur, Rannveigu Guðmundsdóttur, Sighvati Björgvinssyni og Össuri Skarphéðinssyni.

	Þús. kr.
1. Við 3. gr. 40110 Tekjuskattur einstaklinga, nettó.	
Fyrir „16.550.000“ kemur	17.200.000
2. Við 3. gr. Nýr liður:	
415 Fjármagnstekjuskattur frá 1. september	420.000
3. Við 3. gr. 425 Virðisaukaskattur.	
Fyrir „45.450.000“ kemur	46.250.000
4. Við 3. gr. 43801 Áhættugjald ríkisábyrgða.	
Fyrir „270.000“ kemur	370.000
5. Við 4. gr. 01-221 Byggðastofnun.	
Fyrir „210.000“ kemur	100.000
6. Við 4. gr. 02-725 101 Námsgagnastofnun.	
Fyrir „290.200“ kemur	230.200
7. Við 4. gr. 02-981 101 Kvikmyndasjóður.	
Fyrir „88.700“ kemur	101.700
8. Við 4. gr. 03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands.	
Fyrir „152.600“ kemur	184.000
9. Við 4. gr. 04-293 Hagþjónusta landbúnaðarins.	
Fyrir „13.800“ kemur	3.800

10. Við 4. gr. 04-811 Bændasamtök Íslands.
Fyrir „200.800“ kemur 100.800
11. Við 4. gr. 04-821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins.
Liðurinn fellur brott.
12. Við 4. gr. 05-204 Fiskistofa. 4 Sértekjur.
Fyrir „112.000“ 912.000
13. Við 4. gr. Nýr liður:
06-233 Bætur til þolenda afbrota.
110 Bætur 60.000
14. Við 4. gr. 07-982 Ábyrgðarsjóður launa.
Fyrir „200.000“ kemur 100.000
15. Við 4. gr. 08-204 Lífeyristryggingar.
Fyrir „13.440.000“ kemur 13.630.000
16. Við 4. gr. 09-481 601 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum.
Fyrir „200.000“ kemur 150.000
17. Við 4. gr. 09-990 110 Ríkisstjórnarákvarðanir.
a. 110 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar.
Fyrir „100.000“ kemur 50.000
b. Nýr liður:
4 Sértekjur. Endurgreiðslur ráðuneyta vegna sparnaðar í ferðum og risnu 40.000
18. Við 6. gr. Nýr liður:
1.4 Að breyta framleiðslu- og þjónustufyrirtækjum í eigu ríkisins, sem ekki eru með einokunarstöðu, svo sem Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, í almenningshlutafélög og selja almenningi hluta þeirra samkvæmt nánari ákvörðun Alþingis. Sala á hlutabréfum verði hafin upp úr miðju ári 1996 og skal stefnt að því að selja fyrir u.þ.b. 700 m.kr.

375. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1996.

Frá Jóni Kristjánssyni.

Þús. kr.

Við 4. gr. 08-385 Framkvæmdasjóður aldraðra. 601 Stofnkostnaður og endurbætur
Fyrir „160.000“ kemur 140.000

Greinargerð.

Í breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar á þskj. 347 er villa í 50. tölul. Tillaga þessi er flutt til þess að leiðrétta hana. Jafnframt er brtt. 347,50 kölluð aftur.

376. Fyrirspurn [250. mál]

til menntamálaráðherra um silfursjóðinn frá Miðhúsum.

Frá Kristjönu Bergsdóttur.

1. Hverjar voru niðurstöður rannsókna á aldri silfursjóðsins frá Miðhúsum?
2. Hefur verið gengið formlega frá málalokum um uppruna silfursjóðins? Ef svo er, hver eru þau?
3. Er ætlunin að varðveita silfursjóðinn á Minjasafni Austurlands í framtíðinni?

Skriflegt svar óskast.

377. Svar [200. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um afgangsorku í kerfi Landsvirkjunar.

1. Hversu mikil afgangsorka hefur verið í kerfi Landsvirkjunar árlega sl. fimm ár?

Afgangsorka og ótryggt rafmagn í kerfi Landsvirkjunar hefur verið sem hér segir á sl. fimm árum:

Árið 1990	820 GWh
Árið 1991	830 GWh
Árið 1992	1540 GWh
Árið 1993	1520 GWh
Árið 1994	1510 GWh

2. Hversu mikið af afgangsorku hafa Landsvirkjun og/eða Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða selt til viðskiptavina sinna samkvæmt sérsamningum á síðustu fimm árum, flokkað eftir árum og notendahópum (garðyrkjubændur, fiskeldi, loðnuverksmiðjur, járnblendi o.s.frv.)?

Rafmagnssala Landsvirkjunar á afgangsorku og ótryggðu rafmagni.

	MWh				
	1990	1991	1992	1993	1994
Til Rafmagnsveitna ríkisins:					
Hitaveitur	82.496	91.795	101.958	100.586	100.115
Mjólkurvinnsla	10.654	10.284	10.336	10.459	10.446
Steinullarframleiðsla	9.687	9.114	8.055	8.457	13.046
Fiskimjölsframleiðsla					1.395
Annað		742	2.645	2.426	2.985
	102.837	**111.935**	**122.994**	**121.928**	**127.987**
Til Orkubús Vestfjarða:					
Hitaveitur	58.642	62.529	66.102	65.022	67.929
Annað					594
	58.642	**62.529**	**66.102**	**65.022**	**68.523**

Til Rafveitu Akureyrar:					
Hitaveita		4.049	3.200	5.387	6.636
Fiskimjölsframleiðsla	1.021	8.350	15.431	16.875	16.829
Ullariðnaður	9.561	8.989	9.383	9.102	8.396
Fóðurframleiðsla				576	1.355
Ölgerð					821
Mjólkurvinnsla					5.696
Fiskvinnsla			1.995	2.717	2.633
Annað					132
	10.582	**21.388**	**30.009**	**34.657**	**42.498**
Samtals til rafveitna	**172.061**	**195.852**	**219.105**	**221.607**	**239.008**
Til Ísals:					
Afgangsorka	106.000	106.000	106.000	106.000	106.000
Ótryggð orka	31.600	72.000	82.000	123.100	161.100
	137.600	**178.000**	**188.000**	**229.100**	**267.100**
Til Járnblendifélagsins:					
Afgangsorka	309.000	206.800	243.000	356.400	338.200
Samtals til orkufreks iðnaðar	446.600	384.800	431.000	585.500	605.300
Alls	**618.661**	**580.652**	**650.105**	**807.107**	**844.308**

3. *Á hvaða verði hefur afgangsorka verið seld til einstakra notendahópa sl. fimm ár og hvaða tekjur hafa framangreind raforkusölufyrirtæki fengið fyrir hana árlega á þessu tímabili?*

Tekjur Landsvirkjunar af sölu á afgangsorku og ótryggðu rafmagni.*

	Milljónir króna				
	1990	1991	1992	1993	1994
Af sölu til:					
Rafmagnsveitna ríkisins	42,7	61,6	71,8	75,8	83,1
Orkubús Vestfjarða	21,8	34,4	38,3	40,0	45,0
Rafveitu Akureyrar	4,2	11,7	17,4	20,3	21,8
	68,7	**107,7**	**127,5**	**136,1**	**149,9**
Ísals	110,7	132,4	128,0	166,4	203,9
Járnblendifélagsins	190,5	124,7	163,7	268,9	265,5
	301,2	**257,1**	**291,7**	**435,3**	**469,4**
Alls	**369,9**	**364,8**	**419,2**	**571,4**	**619,3**

* *Ekki er tekið tillit til afsláttar vegna orkuflutningstapa í kerfi kaupanda.*

Meðalverð Landsvirkjunar á afgangsorku og ótryggðu rafmagni.

	Kr/kWh				
	1990	1991	1992	1993	1994
Meðalverð til:					
Rafmagnsveitna ríkisins	0,42	0,55	0,58	0,62	0,65
Orkubús Vestfjarða	0,37	0,55	0,58	0,62	0,66
Rafveitu Akureyrar	0,40	0,55	0,58	0,59	0,51
Meðalverð til rafveitna	0,40	0,55	0,58	0,61	0,63
Járnblendifélagið	0,62	0,60	0,67	0,75	0,79
Meðalverð til orkufreks iðnaðar	0,67	0,67	0,68	0,74	0,78
Meðalverð	0,60	0,63	0,64	0,71	0,73

4. *Hvað gerir Landsvirkjun ráð fyrir mikilli afgangsorku til ráðstöfunar í kerfi sínu árlega á tímabilinu 1998–2004 miðað við fyrirliggjandi áætlanir um virkjanir og sölu forgangsorku?*

Á tímabilinu 1998–2004 má gera ráð fyrir að bæta þurfi við nýjum virkjunum vegna orkuaukningar almenns markaðar, auk þeirra framkvæmda sem þörf er á vegna stækkunar Ísals. Enn hefur ekki verið tekin ákvörðun um það hverjar þær virkjanir verða. Ef gert er ráð fyrir að t.d. 1. áfangi Nesjavallavirkjunar bætist við raforkukerfið árið 2001 og Hágöngumiðlun árið 2004 má gera ráð fyrir að Landsvirkjun hafi í meðalvatnsári til ráðstöfunar eftirfarandi magn af afgangsorku og ótryggðu rafmagni:

Árið 1998 ..... 620 GWh
Árið 1999 ..... 670 GWh
Árið 2000 ..... 630 GWh
Árið 2001 ..... 820 GWh
Árið 2002 ..... 780 GWh
Árið 2003 ..... 730 GWh
Árið 2004 ..... 740 GWh

5. *Er gert ráð fyrir að á árunum eftir 1997 verði til afgangsorka sem svarar til þess að unnt verði að fullnægja þeim samningum sem nú eru í gildi á sérkjörum um sölu ótryggðrar orku?*

Áætlað er að unnt sé að standa við þá samninga sem þegar hafa verið gerðir um afhendingu á ótryggðu rafmagni í samræmi við gildandi skilmála.

378. Svar [201. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um gufuaflsvirkjun á Nesjavöllum.

1. *Hvaða áætlanir eru uppi um gufuaflsvirkjun til raforkuframleiðslu á Nesjavöllum?*

Ýmsar frumáætlanir um raforkuver á Nesjavöllum hafa verið unnar á mismunandi stigi sl. 7–8 ár.

Viðræður eru í gangi við Landsvirkjun um framleiðslu Hitaveitu Reykjavíkur á raforku á Nesjavöllum.

2. *Hvert er ráðgert afl og raforkuframleiðsla slíkrar virkjunar og hvenær hefur verið miðað við að hún gæti komist í gagnið?*

Til umræðu hefur verið stærð orkuvers allt að 2 x 30 MW með 300–400 GWh ársframleiðslu. Gert er ráð fyrir að undirbúningur og framkvæmdatími frá því að ákvörðun er tekin um virkjun þar til rekstur getur hafist sé 2,5–3 ár.

3. *Hefur verið samið við Reykjavíkurborg um virkjunarréttindi og ef svo er hverjir eru helstu skilmálar þeirra samninga?*

Í 4. mgr. 1. gr. laga um raforkuver, nr. 60/1981, með síðari breytingum, segir: „Iðnaðarráðherra er heimilt að veita Hitaveitu Reykjavíkur leyfi til að reisa og reka jarðvarmavirkjun til raforkuframleiðslu á Nesjavöllum með allt að 76 MW afli, í tveimur áföngum (38 MW hvor áfangi), enda liggi fyrir samningur um rekstur hvors áfanga virkjunarinnar um sig sem hluta af raforkukerfi landsins.“ Engir samningar hafa verið gerðir.

4. *Er búið að kanna umhverfisáhrif virkjunarinnar? Hvaða vandamál eru einkum í athugun í því sambandi?*

Umhverfisáhrif raforkuvirkjunar umfram áhrif núverandi varmavirkjunar eru talin nánast engin, þar sem ekki er gert ráð fyrir öðrum breytingum vegna raforkuvinnslunnar, svo sem frekari borunum eða breytingum á afrennsli eða útblæstri orkuversins.

379. Svar [202. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um raforku til stækkunar járnblendiverksmiðju.

1. *Frá hvaða virkjun er ráðgert að afla raforku til hugsanlegrar stækkunar járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga?*

Í núverandi áætlunum Landsvirkjunar er gert ráð fyrir að orku til stækkunar járnblendiverksmiðjunnar megi afla með byggingu Vatnsfellsvirkjunar, 115 MW. Áætlanir Landsvirkjunar geta tekið breytingum eftir því hver þróun orkumarkaðarins verður á næstunni.

2. *Hvenær gætu slík raforkukaup hafist ef ákvörðun um stækkun verksmiðjunnar yrði tekin á næsta ári?*

Landsvirkjun hefur í áætlunum sínum miðað við að geta afhent orku til stækkunar verksmiðjunnar seint á árinu 1999.

3. Um hversu mikla orku væri að ræða miðað við að bætt yrði við einum bræðsluofni hjá verksmiðjunni?

Afl- og orkuþörf stækkunar (3. ofn) er allt að 55 MW og 450 GW á ári þegar tekið hefur verið tillit til tapa í orkuflutningskerfinu.

Rétt er að taka fram að athuganir Íslenska járnblendifélagsins og Landsvirkjunar eru í sífelldri endurskoðun.

380. Svar [203. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um orkufreka iðnaðarkosti.

1. Hvaða nýir orkufrekir kostir í iðnaði eða viðbætur við starfandi fyrirtæki eru nú eða hafa að undanförnu verið til athugunar hjá iðnaðarráðuneytinu eða öðrum aðilum í samvinnu við ráðuneytið?

Auk samninga um stækkun Ísals í 160.000 árstonn standa nú yfir athuganir á vegum Járnblendifélagsins á 60% stækkun járnblendiverksmiðjunnar og nýtt 60.000 árstonna álver er til umræðu við Columbia Aluminium.

Nokkrir aðrir iðjukostir svo sem kísilmálmvinnsla, magnesíumvinnsla og sinkframleiðsla eru til athugunar. Þá er verið að kanna afstöðu Atlantsálsaðilanna til álvers á Keilisnesi. Þessar athuganir eru ekki á því stigi að fyrir liggi nákvæmar áætlanir um framleiðslugetu og orkunotkun.

Svar þetta miðast því við þrjá iðjukosti, þ.e. stækkun Ísals, stækkun járnblendiverksmiðju og nýtt álver á Grundartanga.

2. Hvar er gert ráð fyrir að staðsetja þau fyrirtæki sem til greina koma?

Af framangreindum þremur iðjukostum varða tveir stækkun starfandi fyrirtækja. Ef samningar takast við Columbia um nýtt álver þá er gert ráð fyrir að það verði staðsett á Grundartanga.

3. Hver er áformuð framleiðslugeta umræddra fyrirtækja?

Samkvæmt viðaukasamningi við aðalsamning um álbræðslu í Straumsvík frá 16. nóvember 1995 er samið um að framleiðslugeta Ísals aukist um 60.000 árstonn. Samkvæmt áætlun Járnblendifélagsins gæti framleiðslugeta járnblendiverksmiðju aukist um allt að 45–50.000 tonn. Framleiðslugeta nýs álvers yrði í upphafi 60.000 árstonn.

4. Hver er orkuþörf nefndra iðnaðarkosta á ári?

Aflþörf og orkunotkun vegna ofangreindra iðnaðarkosta er:

	Aflþörf		**Orkunotkun**	
Stækkun Ísals	115	MW	950	GWst
Stækkun járnblendiverksmiðju	50–55	MW	400–450	GWst
Nýtt álver	110	MW	900	GWst

5. *Hvernig er ráðgert að afla orku til þessara iðnaðarkosta, sundurliðað eftir afhendingu til einstakra fyrirtækja eða virkjanaröð eftir því sem við getur átt?*

Gert er ráð fyrir að viðbótarorkusala til nýrra stóriðjukosta, bæði þeirra sem samið hefur verið um og þeirra sem hafa verið til skoðunar hjá Landsvirkjun, sé eftirfarandi:

Stóriðjukostur	Fyrsta rekstrarár	Aflþörf MW	Árleg orkusala GWh
Stækkun Ísals, 62 þúsund tonn*	1998	115	950
Columbia Aluminium Corporation, 60.000 tonn	1997	110	900
Járnblendiverksmiðjan, ofn 3–50.000 tonn	1999	50–55	400–450

* Nú þegar hefur Ísal aukið orkunotkun sína um 223 GWh/ári frá eldri samningi og aukið þar með framleiðslu sína um hluta af nefndum 62 þúsund tonnum.

Til að afla orku til afhendingar í fyrrnefndum stóriðjukostum er gert ráð fyrir eftirtöldum aðgerðum:

Stóriðjukostur	Fyrsta rekstrarár	Orkuöflunaraðgerðir
Vegna stækkunar Ísals	1996	Stækkun Blöndulóns
	1997	Kvíslaveita 5. áfangi
	1997–1998	Ný vatnshjól í Búrfellsstöð
Vegna Columbia Aluminium Corporation	1997	Nesjavallvirkjun 1. áfangi
	1997/1998	Bjarnarflag 1. og 2. áfangi
	1997	Hágöngulón
	1998	Nesjavallavirkjun 2. áfangi
Vegna ofns 3 í járnblendiverksmiðju	2000	Vatnsfellsvirkjun

Hér til viðbótar þarf einnig að flýta endurbótum á Sogsstöðvunum og ljúka þeim að mestu árið 1997 í stað 1999 eins og áður var ætlað.

6. *Hvaða athuganir á umhverfisáhrifum nefndra iðnaðarkosta sem og virkjana er þeim tengjast hafa þegar farið fram og hverju er ólokið í því efni að mati stjórnvalda?*

5. áfangi Kvíslaveitu.

Eins og kunnugt er felst 5. áfangi Kvíslaveitu í því að veita efstu kvísl Þjórsár um veituskurð yfir í Hreysiskvísl, en þaðan er vatni veitt um skurði og lón til Þórisvatns.

Leyfi fyrir framkvæmdum á þessum áfanga Kvíslaveitu var veitt með bréfi iðnaðarráðherra til Landsvirkjunar, dags. 4. desember 1991. Framkvæmdin er því ekki háð sérstöku mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögunum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993.

Nokkrar rannsóknir hafa farið fram á líklegum umhverfisáhrifum vegna veitunnar og þá einkum rannsóknir sem Líffræðistofnun Háskólans hefur unnið að um áratuga skeið fyrir Landsvirkjun. Jafnframt hefur Veiðimálastofnun unnið að rannsóknum í Kvíslavötnum.

Á næsta sumri verður m.a. unnið að grunnvatnsrannsóknum neðan við fyrirhugaða veitustíflu í farvegi Þjórsár og lífríkis- og veiðirannsóknir gerðar á vatnasviði Kvíslaveitu.

Stækkun Blöndulóns.

Leyfi fyrir virkjun Blöndu með allt að 400 Gl miðlunarlóni var veitt af iðnaðarráðherra í ágúst 1984 og er stækkun miðlunarlóns úr 220 Gl upp í endanlega stærð því ekki háð fyrrgreindum lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Landsvirkjun hefur á undanförnum árum unnið að rannsóknum við Blöndulón, m.a. í því skyni að geta betur metið áhrif af hækkun lónsins, sem nú er fyrirhuguð á næsta ári. Þær rannsóknir, sem gerðar hafa verið eru m.a. athuganir á breytingum grunnvatns umhverfis lónið, athuganir á gróðurfarsbreytingum og rofi meðfram strönd lónsins og hugsanlegum vandamálum vegna aurburðar.

Tekin hefur verið saman skýrsla um helstu umhverfisáhrif sem talið er að lónstækkunin valdi. Er þar fjallað um niðurstöður rannsókna á áhrifum lónsins auk annarra atriða sem talið er að hækkun lónsins muni hafa áhrif á.

Hágöngulón.

Gerðar hafa verið lauslegar athuganir á gróðurfari á svæðinu sem talið er að fari undir fyrirhugað Hágöngulón. Gerð hefur verið ítarleg úttekt á jarðfræði, vatnafari og grunnvatni svæðisins og jarðhitasvæði sem fellur undir fyrirhugað lón hefur verið lauslega kortlagt.

Fyrir liggja drög að skýrslu um mat á umhverfisáhrifum lónsins sem innan skamms verða lögð fram til kynningar í samræmi við fyrrgreind lög.

Gufuvirkjun í Bjarnarflagi.

Umfangsmiklar rannsóknir liggja fyrir um jarðhitann í Bjarnarflagi. Landsvirkjun hefur síðustu mánuði unnið að skýrslu um mat á umhverfisáhrifum 40 MW gufuvirkjunar í Bjarnarflagi sem verður send Skipulagi ríkisins innan skamms til kynningar og afgreiðslu samkvæmt umræddum lögum.

Vatnsfellsvirkjun.

Stefnt er að því að vinna að sérstöku mati á umhverfisáhrifum fyrir virkjunina á árinu 1996, en miklar rannsóknir hafa verið gerðar á þessu svæði á undanförnum áratug. Umhverfisáhrif þessarar virkjunar eru talin verða afar lítil þar eð virkjunin verður staðsett við núverandi vatnsveg frá Þórisvatni að Krókslóni.

ORKUJÖFNUÐUR



381. Nefndarálit [171. mál]

um frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse-Lonza Holding Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

Frá minni hluta iðnaðarnefndar.

Minni hlutinn flytur þrjár breytingartillögur á sérstöku þingskjali.

Minni hlutinn telur að orkusamningurinn sé ásættanlegur miðað við aðstæður. Verðið stendur að öllum líkindum undir kostnaði fyrirtækisins og er ekki lægra en svo að unnt á að vera að knýja fram öruggt kostnaðarverð í næsta áfanga virkjana ef ákveðnar verða á næstunni. Verðið er vissulega lægra en æskilegt væri en taka verður tillit til þess að verulegt orkumagn er ónýtt í orkukerfi landsmanna.

Í annan stað verður skattasamningurinn að teljast spor í rétta átt, sérstaklega þar sem ákvæði hans eru færð nær íslenskum skattalögum.

Önnur atriði eru athugunarverð:

Í fyrsta lagi er málsmeðferð vegna *umhverfismála* ábótavant. *Hjörleifur Guttormsson* alþingismaður hefur bent á fjölmörg veigamikil og alvarleg gagnrýnisatriði. Fram kom á fundi iðnaðarnefndar að sérfræðingar umhverfisráðuneytisins viðurkenna mörg mikilvægustu atriðin í gagnrýni Hjörleifs. Engu að síður vísaði meiri hluti stjórnar Hollustuverndar ríkisins málinu frá vegna aðildarskorts! Af þessum ástæðum telur minni hlutinn óhjákvæmilegt að betur verði farið í saumana á umhverfismálunum. Verði óháðum sérfræðingum falið að fjalla um málið og starfsleyfi álversstækkunarinnar endurmetið og endurútgefið að lokinni þessari athugun. Flutt er um þetta *breytingartillaga um nýtt ákvæði til bráðabirgða.*

Í annan stað hefur komið fram við meðferð málsins í iðnaðarnefnd að samskiptum álversins við *Hafnarfjarðarbæ* er stórlega ábótavant. Verður ekki annað séð en nauðsynlegt sé að grípa til sérstakra ráðstafana til að bæta þessi samskipti í framtíðinni en þau eru afleit eins og sést af síðustu bréfaskriftum forráðamanna álversins til Hafnarfjarðarbæjar. Verður einnig að telja að hlutur iðnaðarráðuneytisins sé sérkennilegur í þessum efnum, en ráðuneytið lagðist í víking með álverinu gegn Hafnarfjarðarbæ eins og sést af bréfaskriftum sem birtar eru í fylgiskjali sem dreift er með nefndaráliti þessu. Ekki er flutt nein sérstök tillaga um endurbætur í þessum efnum *en bent á nauðsyn þess að málið verði tekið til sérstakrar athugunar af iðnaðarráðuneytinu.*

Í þriðja lagi ber að nefna það hér að *almenn þjóðfélagsleg áhrif* af stækkun álversins eru í raun meiri og margslungnari en þau kunna að virðast á yfirborðinu. Staðreyndin er sú að auk hinna jákvæðu efnahagslegu áhrifa með fjölgun starfa mun stækkun álversins hafa þau áhrif að því fólki fjölgar á landsbyggðinni sem hugsar sér til hreyfings suður á bóginn. Veldur stækkun álversins þar litlu eða engu út af fyrir sig en þegar við bætast göng undir Hvalfjörð, að ekki sé minnst á aðrar hugsanlegar stóriðjuframkvæmdir á sama landsvæði, verða áhrifin meiri. Af þessum ástæðum er nauðsynlegt að huga að vandamálum dreifbýlisins. Þess vegna er flutt tillaga *um bráðabirgðaákvæði í lögin þar sem gert er ráð fyrir því að Alþingi kjósi nefnd til að vinna að alhliða stefnumótun í atvinnumálum.*

Í fjórða lagi verður að viðurkenna að vinnuumhverfi í Straumsvík er ekki nægilega traust. *Því til sannindamerkis nægir að vísa til skýrslu Vinnueftirlitsins sem birt er sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu.*

Að öllu samanlögðu er ljóst að álverinu hefur ekki tekist vel að koma sér fyrir í íslensku þjóðfélagi og eru þá ónefnd þau atriði sem fyrir hálfum öðrum áratug urðu landskunn undir heitinu „hækkun í hafi“ þegar fyrirtækið var staðið að því að svindla á verðlagsupplýsingum til þess að draga úr skattagreiðslum sínum.

Orkuverðið er, eins og áður sagði, ásættanlegt að mati minni hlutans. Hann mun því ekki greiða atkvæði gegn frumvarpinu. Hins vegar fer endanleg afstaða minni hlutans eftir því hversu ríkisstjórnarflokkarnir taka í þær breytingartillögur um ákvæði til bráðabirgða sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Þær eru þrjár; auk þeirra tveggja sem nefndar hafa verið er gerð *sérstök tillaga um vinnu að stefnumótun í orku- og stóriðjumálun á grundvelli sjálfbærrar þróunar í umhverfismálum.* Verður gerð gleggri grein fyrir þessum tillögum öllum í framsöguræðu minni hlutans.

Stjórn Landsvirkjunar ákvað á fundi að óska eftir því að leynd hvíldi yfir tilteknum þáttum orkuverðsins. Hefur það mál verið rætt sérstaklega og verður sjálfsagt rætt nánar við 2. umræðu málsins. Formaður stjórnar Landsvirkjunar og framkvæmdastjóri fyrirtækisins tjáðu iðnaðarnefnd að slík leynd tíðkaðist almennt í samningum af þessu tagi og færst hefði í vöxt að leynd ríkti um einstök ákvæði orkusölusamninga. Formaður stjórnar Landsvirkjunar sagðist telja brýnt að slíkur trúnaður ríkti með hliðsjón af því að Landsvirkjun á nú í viðræðum við aðra aðila um orkusölu.

Því er stundum haldið fram að orkuverð til almennings hafi hækkað vegna Blönduvirkjunar. Það hefur ekki gerst. Landsvirkjun hefur borið kostnaðinn í hallarekstri eftir að virkjunin var gangsett. Hallinn hefur að sjálfsögðu minnkað smátt og smátt eftir því sem notkun almenna markaðarins hefur aukist þótt sú aukning sé minni en gert var ráð fyrir þegar Blanda var virkjuð. Með nýjum samningum verður afkoma Landsvirkjunar 8 milljörðum kr. betri en ella hefði orðið eins og fram kom við 1. umræðu málsins.

Það er rétt sem haldið hefur verið fram að afkoma Landsvirkjunar og þjóðarbúsins verður háðari álverði en áður, en engar líkur eru taldar á því að álverð verði svo lágt í framtíðinni að Landsvirkjun tapi á þeim samningum sem nú hafa verið gerðir. Samkvæmt þeim spám sem fyrir liggja á að fást ríflega kostnaðarverð fyrir raforkuna samkvæmt samningsdrögunum sem fyrir liggja vegna stækkunar álversins.

Samningurinn um stækkun álversins í Straumsvík er sérkennilegur að því leyti að hann breytir gamla samningnum um leið. Það er aðalkostur nýja samningsins og gefur Íslendingum verulegar fjárhæðir frá því sem ella hefði verið. Voru nefndar tölur í þessu sambandi við 1. umræðu um frumvarpið.

Mikil átök hafa verið um orkuverðið til Ísals, en verðið byrjaði í þremur millum á kílóvattstund. Hjörleifur Guttormsson fyrrverandi iðnaðarráðherra knúði fram breytingar á raforkuverðinu í stríði við innlenda aðila ekki síður en erlenda. Raunar hefði getað náðst meiri hækkun en raun varð á því iðnaðarráðherra Sjálfstæðisflokksins sem tók við af Hjörleifi gaf unna skák í endataflinu.

Umhverfisþátturinn.

Þann 4. desember var haldinn fundur um málið í umhverfisnefnd Alþingis en þangað voru málin send til meðferðar að beiðni stjórnarandstöðunnar. Umhverfisnefnd fékk ekki neinn tíma til að fjalla um málið utan einn örstuttan fund. Beiðni um að doka við í nokkra daga og bíða greinargerða var hafnað og var málið afgreitt frá umhverfisnefnd með atkvæðum stjórnarliða án nokkurrar marktækrar umfjöllunar. Það verður að teljast hrein óhæfa hvernig nefndin fjallaði um mál þetta með tilliti til þess fordæmis sem slíkt getur haft fyrir önnur stórmál. Hjörleifur Guttormsson gerði fjölda athugasemda við um-

hverfisþátt álmálsins í bréfi er hann sendi formanni iðnaðarnefndar dags. 11. september sl. Talsmenn Hollustuverndar ríkisins komu á fund iðnaðarnefndar og svöruðu fyrirspurnum frá nefndarmönnum. Er skemmst frá því að segja að þeir staðfestu nær allar athugasemdir Hjörleifs.

Fram kom í viðtali við talsmenn Hollustuverndar ríkisins að starfsleyfið sem gefið hefur verið út er fyrir álver með allt að 170 þúsund tonna álframleiðslu. Verði álverið stækkað þurfi að sækja um nýtt starfsleyfi. Viðurkennt var að tækni álversins væri ekki besta fáanlega tæknin en það væri álverinu mikilvægt að hafa sams konar tækni í stækkuninni og í því álveri sem fyrir er. Um losun flúoríðs kom fram að umhverfið hér á landi þyldi ef til vill meiri losun en besta tækni skilaði í hreinsun. Vothreinsun er pólitísk stefnumörkun, sögðu talsmenn Hollustuverndar, í Noregi og í Svíþjóð þar sem menn hafa miklar áhyggjur af súru regni. Ekki er að öllu leyti ástæða til að gera sömu kröfur hér á landi. Óskað var eftir áætlun um takmörkun á losun koltvísýrings hér á landi sem er sögð hafa verið lögð fyrir ríkisstjórnina í síðasta mánuði. Það skjal barst um það leyti sem gengið var frá nefndaráliti þessu.

Fram kom að forráðamenn Hollustuverndar töldu nauðsynlegt að marka skýrar verkaskiptingu við útgáfu stafsleyfis og umhverfismats. Stundum fannst okkur að við værum að tví- og þrívinna hlutina, sögðu þeir.

Fulltrúar frá umhverfisráðuneyti komu einnig á fund iðnaðarnefndar. Svöruðu þeir nokkrum spurningum og birtist skrifleg greinargerð þeirra sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Að öllu samanlögðu er nauðsynlegt að endurvinna starfsleyfið og er það því ein aðalbreytingartillaga okkar við frumvarp þetta. Með þessu er ekki varpað rýrð á starf þess fólks sem unnið hefur að málinu; því hafa hins vegar verið settar óeðlilegar pólitískar skorður að ekki sé fastar að orði kveðið. Sérstaklega vill þó minni hlutinn mótmæla vinnubrögðum meiri hluta stjórnar Hollustuverndar. Meiri hlutinn hafnaði sem kunnugt er erindi Hjörleifs Guttormssonar með þeim rökum að hann ætti ekki aðild að málinu. Minni hluti iðnaðarnefndar er ósammála því sjónarmiði og mótmælir því harðlega. Sérstaklega ber að mótmæla því að svokölluð úrskurðarnefnd hefur enn ekki fellt úrskurð í málinu. Á fundi iðnaðarnefndar viðurkenndu talsmenn Hollustuverndar að niðurstaða úrskurðarnefndarinnar gæti vitaskuld breytt málinu í grundvallaratriðum þannig að íslenska ríkið yrði skaðabótaskylt.

Samskiptin við Hafnfirðinga.

Samskipti álversins við Hafnarfjarðarbæ hafa verið með ólíkindum. Ekki hafði fyrr verið lokið samningum um skatta o.fl. milli bæjarins og álversins er bréf barst frá álverinu þar sem varað er við byggð á áður skipulögðu byggingarsvæði í Hafnarfirði. Iðnaðarráðuneytið beit svo höfuðið af skömminni með því að taka undir bréf álversins án þess að séð verði að nauðsynlegt hafi verið fyrir ráðuneytið að bregðast þannig við, enda tók ráðuneytið bréf sitt til baka að hluta til. Formaður álviðræðunefndar Hafnarfjarðarbæjar sagði á fundi iðnaðarnefndar 12. desember að samskipti aðilanna væru enn í hnút. Það er vissulega ekki til að styrkja ímynd álversins hvernig forráðamenn þess kjósa að kom fram við Hafnfirðinga í þessu sambandi.

Bréfaskipti Hafnarfjarðarbæjar og álversins birtast sem fylgiskjal IV með nefndaráliti þessu. Vakin skal athygli á því að Íslenska álfélagið sendir Hafnarfjarðarbæ bréf á ensku. Þá er einnig birt minnisblað um hlutdeild Hafnarfjarðar í tekjum Ísals.

Vinnueftirlitið.

Eyjólfur Sæmundsson, forstjóri Vinnueftirlitsins, kom fyrir nefndina. Kvartaði hann yfir því að innra öryggi og umhverfi væri ekki nægilega gott í álverinu. Sama dag og iðnaðarnefnd kom í álverið varð þar mjög alvarlegt vinnuslys. Ekki var þess getið við iðnaðarnefndarmenn sem verður að teljast sérkennilegt. Þetta var fjórða vinnuslysið af þessu tagi í álverinu og einn mannanna sem slösuðust á dögunum hafði einu sinni áður lent í svipuðu slysi. Forstjóri Vinnueftirlitsins kvaðst hafa sett sérstakan mann til þess að rannsaka þessi slys og aðdraganda þeirra. Þá kom fram að mengun er mikil innan húss í álverinu og asmatilfelli eru því miklu fleiri en í öðrum starfsgreinum. Fram hefur komið af hálfu Vinnueftirlitsins að vinnuumhverfi væri lakara í álverinu hér á landi en í sambærilegum fyrirtækjum erlendis og komu fram dæmi um það mál á fundinum.

Að því er varðar skattamálin vísast til álits formanns efnahags- og viðskiptanefndar er barst iðnaðarnefnd í bréfi dags. 4. desember 1995.

Afstaða minni hlutans til frumvarpsins ræðst af því hvaða afgreiðslu og undirtektir þær tillögur um orkumál, atvinnumál og umhverfismál fá, sem fluttar eru í formi breytingartillagna við frumvarpið.

Alþingi, 14. des. 1995.

Svavar Gestsson.

Eftirtöldum fylgiskjölum var útbýtt með nefndarálitinu:

1. Umsögn meiri hluta umhverfisnefndar um frumvarpið.
2. Svör umhverfisráðuneytisins við fyrirspurnum sem fram komu á fundi iðnaðarnefndar.
3. Bréf Hjörleifs Guttormssonar til formanns iðnaðarnefndar með fylgiskjölum.
4. Bréfaskipti forráðamanna álversins og Hafnarfjarðarbæjar.
5. Vinnueftirlit ríkisins, skýrsla um vinnuslys í Straumsvík.
6. Upplýsingar um álverið í Straumsvík eftir kynningarfund með iðnaðarnefnd.
7. Framkvæmdaáætlun Íslands vegna rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.
8. Þróun orkuverðs til Ísals frá 1971.

382. Breytingartillaga [171. mál]

við frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse-Lonza Holding Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

Frá minni hluta iðnaðarnefndar (SvG).

Við bætist þrjú ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (I.)

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal ríkisstjórnin láta fara fram úttekt óháðra sérfræðinga á umhverfiskröfum þeim sem gera verður til álversins í Straumsvík með

hliðsjón af íslenskum reglum og alþjóðlegum samningum. Úttektinni skal lokið fyrir 1. mars 1996 og verði starfsleyfi álversins þá endurmetið og það endurútgefið í samræmi við niðurstöður úttektarinnar.

b. (II.)

Alþingi kýs strax og lög þessi hafa tekið gildi sjö manna nefnd, atvinnumálanefnd, til þess að gera tillögur um eflingu alhliða atvinnulífs, m.a. með hliðsjón af þeim þjóðfélagslegu breytingum sem það kann að hafa í för með sér ef stórframkvæmdir næstu ára verða nær allar á sama svæði á landinu. Nefndin skili fyrstu tillögum sínum fyrir þinglok vorið 1996.

c. (III.)

Alþingi kýs strax og lög þessi hafa öðlast gildi sjö manna nefnd til þess að gera tillögur til Alþingis um stefnumótun í orku- og stóriðjumálum til næstu áratuga á grundvelli sjálfbærrar þróunar í umhverfismálum. Nefndin skili tillögum sínum til Alþingis við upphaf þings haustið 1996.

383. Nefndarálit [100. mál]

um frv. til l. um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Tryggva Axelsson, Þorkel Helgason og Jón Ögmund Þormóðsson frá viðskiptaráðuneyti. Þá fékk nefndin sendar umsagnir um málið frá Verkfræðingafélagi Íslands, Rafmagnseftirliti ríkisins, Alþýðusambandi Íslands, Hollustuvernd ríkisins, Verslunarráði Íslands, Framleiðsluráði landbúnaðarins og Neytendasamtökunum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Stór hluti þeirra varðar einungis orðalag og uppsetningu en ekki efni frumvarpsins. Aðrar breytingar eru þessar:

1. Tekið er af skarið um það í 1. gr. að lögunum sé ekki ætlað að taka til starfsemi þeirra aðila sem sérlög eða reglur gilda um. Jafnframt er lagt til að ákvæði IV. og V. kafla skuli einnig gilda þar sem ákvæði sérlaga eru ófullnægjandi eða ganga skemur en ákvæði þeirra kafla.
2. Að afdráttarlaust komi fram í 10. gr. að þau skilyrði sem ráðherra er heimilt að setja í reglugerð samkvæmt greininni séu í samræmi við staðla og venjur sem gilda um öryggi vöru á sameiginlegum markaði ríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir slíkri skyldu þrátt fyrir að 10. gr. feli í sér rúma heimild fyrir ráðherra til að skipa málum varðandi öryggi vöru með reglugerð.
3. 12. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir að framleiðendum og dreifingaraðilum sé skylt að halda sérstaka upplýsingaskrá. Nefndinni þykir ákvæðið ekki nægilega skýrt. Því er lagt til að einungis í tengslum við rannsókn máls sé þessum aðilum skylt að afhenda eftirlitsstjórnvöldum skrá með upplýsingum um birgja og þá er bjóða fram vörur þeirra.
4 Tekið er fram í 7. tölul. 14. gr. að tilkynningar Löggildingarstofunnar, þar sem varað er við hættulegum vörum, eigi eingöngu við þær vörur sem lögin taka til.

5. Tekið er af skarið um að ákvæði 15. gr. eigi aðeins við að því leyti sem ekki er ákveðið á annan hátt í sérlögum. Lagt er til að 3. tölul. 15. gr. verði felldur brott og að orðalagi 4. tölul. verði breytt þannig að megintilvísunin verði í ákvæði sérlaga en ákvæði IV. og V. kafla gildi einnig eftir því sem við getur átt.
6. Lagt er til að 19. gr., sem fjallar um samspil við stjórnsýslulög, verði markvissari. Ljóst er að stjórnsýslulög, nr. 37/1993, eiga við um athafnir eftirlitsstjórnvalda samkvæmt lögum þessum. Hins vegar kemur fram í greininni að í vissum tilvikum geti verið nauðsynlegt að taka skyndiákvörðun til bráðabirgða. Endanleg ákvörðun, þar sem ákvæða stjórnsýslulaga er gætt í hvívetna, skal samt tekin eins fljótt og unnt er.
7. Lagt er til að ákvæði stjórnsýslulaga um rökstuðning sé tekið inn í 1. mgr. 20. gr. og að afdráttarlaust sé að sönnunarbyrðin á því hvort framleiðandi eða dreifingaraðili torveldi rannsókn, sbr. 2. mgr. 20. gr., hvíli á eftirlitsstjórnvöldum.
8. Að skorður verði settar við töku sýnishorna skv. 24. gr. umfram það sem nauðsynlegt getur talist. Jafnframt að inn í greinina komi ákvæði um að framleiðandi eða fulltrúi hans greiði allan kostnað af tilkynningum um hættulega vöru. Eftirlitsstjórnvöldum ber þó ávallt að gefa þeim fyrst kost á að annast slíkar tilkynningar sjálfir enda séu þær þá með þeim hætti að eðlilegum varnaðaráhrifum verði náð.
9. Loks leggur nefndin til að gjaldtökuákvæði 27. gr. verði fellt brott þar sem hætta sé á því að það feli í sér of víðtækt framsal á skattlagningarvaldi til framkvæmdarvaldsins.

Að lokum skal tekið fram að við samningu frumvarpsins hefur númeraröð kafla farið úr skorðum. Munu þau mistök verða lagfærð við útgáfu stöðuskjals eftir 2. umræðu þar sem hér er um augljós mistök að ræða sem varða ekki efni frumvarpsins.

Alþingi, 14. des. 1995.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Sólveig Pétursdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.	Valgerður Sverrisdóttir.
Einar Oddur Kristjánsson.	Jón Baldvin Hannibalsson.	Pétur H. Blöndal.

384. Breytingartillögur [100. mál]

við frv. til l. um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Í stað orðanna „sem boðin er“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: sem viðskipti eiga sér stað með.
   b. Í stað orðanna „sbr. þó ákvæði V. og VI. kafla laga þessara, eftir því sem við getur átt“ í 4. mgr. komi: og um starfsemi þeirra aðila sem eftir þeim starfa. Þar sem ákvæði sérlaga eru ófullnægjandi eða ganga skemur en ákvæði IV. og V. kafla laga þessara skulu ákvæði þeirra kafla gilda.

2. Við 2. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Framleiðendur mega einungis markaðssetja örugga vöru.
3. Við 4. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Framleiðandi telst vera sá sem býr til fullunna vöru, býr til hluta vöru eða lætur af hendi hráefni, vinnur eða aflar afurða úr náttúrunni að því tilskildu að hann hafi staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu. Einnig telst framleiðandi vera sá sem merkir framleiðsluvöruna með nafni sínu, vörumerki eða öðru kennimarki eða aðili sem endurgerir vöruna. Hafi framleiðandi vöru ekki staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu skal fulltrúi hans teljast framleiðandi. Hafi hvorki fulltrúi framleiðanda né framleiðandi staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu skal innflytjandi teljast framleiðandi. Aðrir fagmenn í aðfangakeðjunni, að því leyti sem starfsemi þeirra snertir öryggiseiginleika framleiðsluvöru sem er markaðssett, teljast og til framleiðanda.
4. Við 7. gr. Í stað orðanna „aðili sem uppfyllir hlutleysi þriðja aðila og“ í fyrri málslið komi: hlutlaus aðili.
5. Við 8. gr. Í stað orðanna „vera sjálfkrafa talin“ í 2. mgr. komi: sjálfkrafa teljast.
6. Við 10. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Á eftir orðunum „að ákveða eftirfarandi í reglugerð“ í 1. mgr. komi: í samræmi við staðla og venjur sem gilda um öryggi vöru á sameiginlegum markaði ríkja Evrópska efnahagssvæðisins.
   b. Síðari málsgrein falli brott.
7. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   Framleiðendum og dreifingaraðilum samkvæmt lögum þessum er í tengslum við rannsókn máls skylt að beiðni eftirlitsstjórnvalda að afhenda skrá með upplýsingum um birgja og þá er bjóða fram vörur þeirra.
8. Við 14. gr. Á eftir orðunum „hættulegum vörum á markaði“ í 7. tölul. komi: sem lög þessi taka til.
9. Við 15. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. 1. málsl. orðist svo: Hlutverk annarra eftirlitsstjórnvalda en Löggildingarstofu í opinberri markaðsgæslu að því leyti sem ekki er öðruvísi ákveðið í sérlögum er sem hér greinir.
   b. Í stað orðsins „eiginleika“ í 1. tölul. komi: atriða.
   c. 3. tölul. falli brott.
   d. 4. tölul. orðist svo: Að taka stjórnvaldsákvarðanir í samræmi við ákvæði sérlaga er gilda hér á landi um tilteknar vörur eða vöruflokka hverju sinni og ákvæði IV. og V. kafla laga þessara eftir því sem við getur átt.
10. Við 19. gr. Greinin orðist svo:
    Eftirlitsstjórnvöld skulu ávallt gæta þess að málsmeðferð, rannsókn, ákvarðanir og úrskurðir þeirra samkvæmt lögum þessum séu í samræmi við stjórnsýslulög. Í þeim tilvikum sem eftirlitsstjórnvöld kunna að taka ákvarðanir vegna bráðrar eða yfirvofandi hættu skal stjórnvaldsákvörðun tekin til bráðabirgða. Endanlega ákvörðun skal eftirlitsstjórnvald taka eins fljótt og unnt er og tilkynna málsaðila rökstudda ákvörðun sína ásamt upplýsingum um áfrýjunarleiðir og áfrýjunarfresti.
11. Við 20. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
    a. Á eftir upphafsorðunum „Eftirlitsstjórnvald getur“ komi: með rökstuðningi.
    b. Á eftir orðunum „Torveldi framleiðandi eða dreifingaraðili“ komi: sannanlega.

12. Við 24. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
    a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Sýnishorn vöru samkvæmt þessari grein er að jafnaði eitt eintak vöru eða lágmarksfjöldi sem nauðsynlegur er til að framkvæma rannsókn.
    b. Við 2. mgr. bætist tveir nýir málsliðir er orðist svo: Framleiðandi eða fulltrúi hans greiðir allan kostnað af tilkynningum um hættulega vöru sem beint er til almennings, svo sem kostnað við tilkynningar í fjölmiðlum. Framleiðanda eða fulltrúa hans er heimilt að annast tilkynningar til almennings enda sé framkvæmd tilkynningar með þeim hætti að eðlilegum varnaðaráhrifum verði náð.
13. Við 27. gr. Greinin falli brott.
14. Heiti VII. kafla verði: **Þagnarskylda.**

385. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Braga Gunnarsson, Bolla Þór Bollason, Indriða H. Þorláksson og Maríönnu Jónasdóttur frá fjármálaráðuneyti, Steinþór Haraldsson frá embætti ríkisskattstjóra, Sigurgeir Þorgeirsson og Hrafnkel Karlsson frá Bændasamtökum Íslands, Svein Hjört Hannesson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Svein Hannesson frá Samtökum iðnaðarins, Birgi Ármannsson frá Verslunarráði Íslands, Hannes Sigurðsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Gylfa Arnbjörnsson frá Alþýðusambandi Íslands og Ágúst Elíasson frá Samtökum fiskvinnslustöðva. Þá fékk nefndin sendar umsagnir um málið frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Samtökum fiskvinnslustöðva, Samtökum iðnaðarins, Verslunarráði Íslands, Bændasamtökum Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, Alþýðusambandi Íslands og ríkisendurskoðanda.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. des. 1995.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Sólveig Pétursdóttir.
Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Einar Oddur Kristjánsson.	Pétur H. Blöndal.

386. Nefndarálit [147. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Bolla Þór Bollason, Braga Gunnarsson, Indriða H. Þorláksson og Maríönnu Jónasdóttur frá fjármálaráðuneyti, Steinþór Har-

aldsson frá embætti ríkisskattstjóra, Gylfa Arnbjörnsson frá Alþýðusambandi Íslands, Birgi Björn Sigurjónsson frá Bandalagi háskólamanna, Rannveigu Sigurðardóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Hannes Sigurðsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Birgi Ármannsson frá Verslunarráði Íslands og Guðmund Karlsson frá Samtökum aldraðra. Þá fékk nefndin sendar umsagnir um málið frá Bandalagi háskólamanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Samtökum aldraðra og Verslunarráði Íslands.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Skal nú gerð nánari grein fyrir einstökum breytingum.

1. Lagt er til að ákvæði lokatöluliðar 31. gr. laganna, um sambærilegan frádrátt einstaklinga í rekstri vegna greiddra iðgjalda í lífeyrissjóði og launþegar hafa, verði lokatöluliðar A-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna. Ákvæðið hefur enn ekki komist til framkvæmda en sambærileg regla er í bráðabirgðaákvæði þar sem frádrátturinn kemur til framkvæmda í áföngum. Á sínum tíma þegar lögin voru sett var gert ráð fyrir að hér væri um að ræða frádrátt sem ætti að jafnsetja einstaklinga í atvinnurekstri launþegum, þ.e. að því er varðar launþegahluta iðgjalds í lífeyrissjóði. Eðli máls samkvæmt á þessi frádráttur með réttu heima í 30. gr. og er því lagt til að lagfæring verði gerð á lögunum að þessu leyti. Þá er í 1. lið tillagnanna einnig lögð til breyting á fjárhæð í samræmi við aðrar fjárhæðarbreytingar í frumvarpinu.
2. Í 2. lið tillagnanna er lögð til leiðrétting á fjárhæð sem misritaðist í frumvarpstexta.
3. Lagðar eru til tvíþættar breytingar á 84. gr. laganna. Annars vegar er lögð til breyting á fjárhæð sem láðist að gera í upphaflegu frumvarpi og hins vegar er lagt til að fríeignamörkin verði látin virka við ákvörðun eignarskatts manna sem bera takmarkaða skattskyldu skv. 3. gr. Er þetta í samræmi við þær tillögur sem BHMR gerði í umsögn sinni um frumvarpið.
4. Í 4. og 5. lið eru lagðar til breytingar til samræmis við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um kjaramál frá 29. nóvember sl. sem felast í því að frádráttur vegna iðgjaldagreiðslna í lífeyrissjóði koma hraðar til framkvæmda en gert er ráð fyrir í gildandi lögum.
5. Lagt er til að frádráttur þeirra sem eru 70 ára eða eldri falli brott frá og með næstu áramótum en verði þrepaður út eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Er þetta lagt til í samhengi við framangreindar breytingar í iðgjaldafrádrætti launþega.

Alþingi, 14. des. 1995.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Sólveig Pétursdóttir.
Pétur H. Blöndal.	Valgerður Sverrisdóttir.	Einar Oddur Kristjánsson.

387. Breytingartillögur [147. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, GMS, SP, PHB, VS, EOK).

1. Á eftir 3. gr. komi tvær nýjar greinar svohljóðandi:
   a. (4. gr.)
      Lokatöluliður 31. gr. laganna, sbr. b-lið 3. gr. laga nr. 30/1995, verður lokatöluliður A-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna.
   b. (5. gr.)
      Í stað fjárhæðarinnar „75.000“ í 2. mgr. 67. gr. laganna kemur: 77.940.
2. Við 5. gr. Í stað fjárhæðarinnar „359.698“ í g-lið komi: 395.698.
3. Á eftir 8. gr. (er verði 10. gr.) komi ný grein er orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 84. gr. laganna:
   a. Í stað fjárhæðarinnar „3.514.000“ í 2. mgr. kemur: 3.651.749.
   b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:
      Þó skal eignarskattur manna sem takmarkaða skattskyldu bera skv. 3. gr. reiknast þannig: Af fyrstu 3.651.749 kr. af eignarskattsstofni greiðist enginn skattur. Af eignarskattsstofni yfir 3.651.749 kr. greiðist 1,2%.
4. Á eftir 16. gr. (er verði 19. gr.) komi tvær nýjar greinar svohljóðandi:
   a. (20. gr.)
      Eftirfarandi breytingar verða á bráðabirgðaákvæði I með lögum nr. 30/1995:
      a. 1. málsl. b-liðar fellur brott.
      b. Í stað dagsetninganna „1. júlí 1996“ og „31. desember 1996“ í 2. málsl. b-liðar koma: 1. janúar 1996 og 30. júní 1996.
      c. C-liður fellur brott.
   b. (21. gr.)
      Eftirfarandi breytingar verða á bráðabirgðaákvæði II með lögum nr. 30/1995:
      a. B-liður orðast svo:
         Vegna launatímabila frá og með 1. janúar 1996 til og með 30. júní 1996 skal hámarkið vera 3% af fjárhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr., sbr. 59. gr. Frádráttur samkvæmt þessum staflið kemur til framkvæmda við álagningu á árinu 1997.
      b. C-liður fellur brott.
5. Við 17. gr. (er verði 22. gr.) bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Ákvæði um frádrátt vegna greiddra iðgjalda launþega til lífeyrissjóða, sbr. 2. gr. laga nr. 30/1995, kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 1996.
6. Bráðabirgðaákvæði V falli brott.

388. Nefndarálit [205. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, sbr. lög nr. 1/1992 og lög nr. 50/1994.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Braga Gunnarsson og Indriða H. Þorláksson frá fjármálaráðuneyti. Þá fékk nefndin sendar umsagnir um málið frá Samtökum verðbréfafyrirtækja, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Samtökum iðnaðarins og Verslunarráði Íslands.

Nefndin telur að stefna skuli að því að skráning fyrirtækja, sem er hluti nýsköpunar, eigi ekki að vera tekjustofn fyrir ríkissjóð. Leggur hún áherslu á að ráðherra kanni hvernig haga megi gjaldtöku fyrir þessa skráningu þannig að gjaldtakan standi undir eðlilegri og hagkvæmri starfsemi skráningaraðila og jafnframt að skráningar allra fyrirtækja verði á einum stað.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 14. des. 1995.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Valgerður Sverrisdóttir.
Pétur H. Blöndal.	Jón Baldvin Hannibalsson.	Sólveig Pétursdóttir.
Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Steingrímur J. Sigfússon.	Einar Oddur Kristjánsson.

389. Breytingartillögur [205. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, sbr. lög nr. 1/1992 og lög nr. 50/1994.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. A-liður orðist svo: Í stað 9. tölul. koma þrír töluliðir er orðast svo:
   9. Leyfi til vátryggingarmiðlunar 50.000 kr.
   10. Bráðabirgðaleyfi til vátryggingarmiðlunar 10.000 kr.
   11. Leyfi til fasteignasölu 50.000 kr.
2. Við 2. gr. B-liður orðist svo: Á eftir 4. tölul., sem verður 5. tölul., koma tveir nýir töluliðir, sem verða 6. og 7. tölul., er orðast svo:
   6. Umskráning hlutafélaga í einkahlutafélög 5.000 kr.
   7. Umskráning einkahlutafélaga í hlutafélög 75.000 kr.
3. Við 3. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Í stað orðsins „brúttótonni“ í 1. málsl. komi: nettótonni.
   b. Í stað orðsins „brúttótonn“ í 2. málsl. komi: nettótonn.
   c. 3. málsl. verði svohljóðandi: Af farþegaskipum skal greiða fjórðung gjalds.

4. Við 4. gr. Við bætist nýr töluliður er orðist svo: Fyrir eftirgerð myndbandsupptöku 1.000 kr.
5. Við bætist ný grein, 6. gr., er orðist svo:
   Heiti X. kafla laganna verður: **Ljósrit, endurrit og eftirgerð.**

390. Frumvarp til skipulags- og byggingarlaga. [251. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er:

að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir sem hafi efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi að leiðarljósi,

að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi,

að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulags- og byggingarmála þannig að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn, þótt hagur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi,

að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi, endingu, útlit og hagkvæmni bygginga og annarra mannvirkja sé fullnægt.

2. gr.
Skilgreiningar.

Aðalskipulag: Skipulagsáætlun fyrir tiltekið sveitarfélag, þar sem fram kemur stefna sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar í sveitarfélaginu á minnst 12 ára samfelldu tímabili.

Byggingarleyfi: Leyfi sveitarstjórnar til að byggja, breyta eða rífa hús eða önnur mannvirki eða breyta notkun þeirra. Leyfið felur í sér samþykkt aðaluppdrátta og framkvæmdaáforma, en ekki heimild til að hefja framkvæmdir.

Deiliskipulag: Skipulagsáætlun fyrir afmarkaða reiti innan sveitarfélags sem byggð er á aðalskipulagi og kveður nánar á um útfærslu þess og varðar m.a. einstakar lóðir og byggingar á þeim, kvaðir á lóðum, götur, stíga og opin svæði.

Framkvæmdaleyfi: Leyfi til framkvæmda í samræmi við byggingarleyfi að uppfylltum nánari skilyrðum.

Hverfisvernd: Sérstök ákvæði í deiliskipulagi til að vernda sérkenni eldri byggðar og tryggja að breytingar og framkvæmdir falli vel að þeirri byggð sem fyrir er.

Landnotkun: Ráðstöfun lands til mismunandi nota, svo sem undir íbúðir, iðnað, verslun, vörugeymslur, útivist, landbúnað o.s.frv.

Landnýting: Samheiti yfir mælikvarða á það hversu mikil nýting lands er, svo sem nýtingarhlutfall, þéttleika byggðar, ítölu o.fl.

Landsskipulag: Samþætting áætlana um landnotkun og landnýtingu sem varða landið allt, svo sem samgöngur, fjarskipti, orkumannvirki, náttúruvernd, varðveislu sögulegra minja, landnotkun atvinnuvega og byggðar í meginatriðum. Hlutverk landsskipulags er m.a. að stuðla að samræmi í landnýtingar- og landnotkunaráætlunum.

Nýtingarhlutfall lóðar: Hlutfall milli brúttógólfflatar á lóð og flatarmáls hennar.

Skipulagsáætlun: Áætlun sem gerir grein fyrir ákvörðunum um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar og lýsir forsendum þeirra ákvarðana. Skipulagsáætlanir skiptast í fjóra flokka: Landsskipulag, svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag.

Skipulagskvaðir: Kvaðir sem lagðar eru á einstakar lóðir í deiliskipulagi, svo sem um fjölda bílastæða, umferðarrétt eða legu lagna.

Skipulagsskilmálar: Ákvæði í deiliskipulagsáætlun til viðbótar þeim atriðum sem skipulagsuppdrættir kveða á um eða til skýringar við þau.

Svæðisskipulag: Skipulagsáætlun sem tekur yfir fleiri en eitt sveitarfélag. Hlutverk svæðisskipulags er að skapa ramma fyrir aðalskipulag sveitarfélaga á svæðinu og samræma þannig stefnu þeirra og framkvæmdir.

Þéttleiki byggðar: Landnýting innan þéttbýlis miðað við brúttóflatarmál lands sem m.a. er lýst með hlutfalli milli samanlagðs gólffflatar á tilteknu svæði og flatarmáls svæðisins eða reikningsstærðum eins og íbúar/ha eða íbúðir/ha.

II. KAFLI
Stjórnvöld skipulags- og byggingarmála.

3. gr.
Stjórn skipulags- og byggingarmála.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn skipulags- og byggingarmála samkvæmt lögum þessum.

Sveitarstjórnir annast gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlana. Þær fjalla um leyfisumsóknir, veita byggingarleyfi og framkvæmdaleyfi og annast byggingareftirlit með atbeina kjörinna nefnda og sérhæfðra starfsmanna.

4. gr.
Skipulagsstofnun.

Ríkið starfrækir Skipulagsstofnun. Hlutverk stofnunarinnar er:

a. að veita stjórnvöldum ráðgjöf um skipulags- og byggingarmál,
b. að framfylgja ákvæðum laga þessara um landsskipulag, sbr. 29. gr., og um sérstaka svæðisskipulagsmeðferð, sbr. 28. gr., og laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993.
c. að fylgjast með stöðu skipulagsmála í sveitarfélögum og hafa eftirlit með því að skipulagstillögur, framkvæmdaáætlanir og mannvirkjagerð uppfylli ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim,
d. að aðstoða sveitarfélög við aðal- og svæðisskipulagsgerð,
e. að láta í té umsagnir um ágreiningsmál á sviði skipulags- og byggingarmála,
f. að stuðla að rannsóknum á sviði skipulags- og byggingarmála í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir og hagsmunaaðila svo og að annast eða stuðla að útgáfu upplýsinga um þau mál,
g. að fylgjast með og veita upplýsingar um ferlimál fatlaðra.

5. gr.

Skipulagsstjóri ríkisins.

Skipulagsstjóri ríkisins fer með daglega stjórn Skipulagsstofnunar. Hann skal hafa sérmenntun á sviði skipulags- og byggingarmála. Ráðherra skipar skipulagsstjóra til fimm ára í senn.

Skipulagsstjóri ber ábyrgð á stjórn og starfsskipulagi stofnunarinnar gagnvart ráðherra og gerir rekstraráætlanir fyrir hana.

6. gr.

Byggingar- og skipulagsnefndir.

Í hverju sveitarfélagi skal starfa byggingarnefnd, kjörin af sveitarstjórn. Sveitarstjórn getur ákveðið að nefndin fjalli einnig um skipulagsmál sveitarfélagsins og nefnist þá skipulags- og byggingarnefnd en að öðrum kosti skal einnig starfa sérstök skipulagsnefnd. Formenn skipulags- og byggingarnefnda skulu vera aðal- eða varamenn í sveitarstjórn. Byggingarfulltrúar skulu sitja fundi nefndanna með málfrelsi og tillögurétt. Slökkviliðsstjórar og heilbrigðisfulltrúar eiga rétt á setu á fundum nefndanna með málfrelsi og tillögurétt.

Sveitarstjórn ákveður fjölda nefndarmanna. Um skipulags- og byggingarnefndir og störf þeirra gilda einnig ákvæði sveitarstjórnarlaga eftir því sem við á.

Sveitarfélag með færri en 1000 íbúa skal hafa samvinnu við nágrannasveitarfélag/-félög um kosningu svæðisbyggingarnefndar og ráðningu byggingarfulltrúa. Hlutaðeigandi sveitarfélög skulu þá gera með sér samning, sem umhverfisráðuneytið staðfestir, um stofnun svæðisbyggingarnefndar.

Ráðherra skipar byggingarnefndir, sem annast framkvæmd laga þessara utan sveitarfélagsmarka, nái aðliggjandi sveitarfélög ekki samkomulagi um rekstur byggingarnefndar.

7. gr.

Starfslið byggingar- og skipulagsnefnda.

Í hverju sveitarfélagi eða byggingarnefndarumdæmi skal starfa byggingarfulltrúi.

Ráðherra setur að fengnum tillögum Skipulagsstofnunar og umsögn Félags byggingarfulltrúa reglugerð um menntun, réttindi og skyldur byggingarfulltrúa og má enginn starfa sem slíkur nema hann hafi til þess löggildingu ráðherra. Byggingarfulltrúi skal uppfylla skilyrði 51. og 52. gr.

Sveitarstjórn ræður framkvæmdastjóra skipulagsnefndar, skipulagsfulltrúa sveitarfélags eða skipulagsstjóra og skal hann hafa sérmenntun á sviði skipulagsfræða. Sveitarstjórn getur falið byggingarfulltrúa að starfa fyrir skipulagsnefnd sveitarfélagsins þar sem það á við.

Starfsmanni skipulags- og byggingarnefnda er óheimilt að vinna nokkurt það starf sem síðar kann að koma til afgreiðslu nefndanna í umdæmi hans.

8. gr.

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála.

Ráðherra skipar úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála til fjögurra ára í senn.

Úrskurðarnefnd kveður upp úrskurði í ágreiningsmálum um skipulags- og byggingarmál samkvæmt lögum þessum. Í nefndinni eiga sæti þrír menn sem hér segir: Hæstiréttur tilnefni einn og er hann formaður nefndarinnar. Hann skal fullnægja skilyrðum til þess að vera héraðsdómari. Þá tilnefna umhverfisráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga hvort sinn fulltrúa og skulu þeir hafa sérþekkingu á þessum málum. Varamenn eru tilnefndir á sama hátt. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur að fengnum tillögum hennar.

Nefndinni er heimilt að kveða til fulltingis sérfróða aðila við úrskurð einstakra mála. Úrskurður nefndarinnar er fullnaðarúrskurður á stjórnsýslustigi og verður ekki skotið til umhverfisráðherra.

Nefndin skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en sex vikum eftir að henni berst mál í hendur. Sé mál viðamikið og fyrirsjáanlegt að afgreiðsla taki lengri tíma skal nefndi tilkynna hlutaðeigandi það og tiltaka afgreiðslufrest sem aldrei skal þó vera lengri en þrír mánuðir.

Komi fram í ágreiningsmáli krafa um stöðvun framkvæmda skal úrskurðarnefnd þegar í stað kveða upp úrskurð um það atriði. Úrskurð um stöðvun ber byggingarnefnd að framfylgja þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef með þarf.

Kostnaður vegna úrskurðarnefndar greiðist úr ríkissjóði.

III. KAFLI
Gerð og framkvæmd skipulags.

9. gr.
Skipulagsskylda.

Landið allt er skipulagsskylt. Sveitarstjórn ber ábyrgð á að fyrir hendi sé staðfest aðalskipulagsáætlun fyrir sveitarfélagið. Bygging húsa og annarra mannvirkja, ofan jarðar og neðan, og aðrar framkvæmdir og aðgerðir, sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess, skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir.

Ef verulegar framkvæmdir eru fyrirhugaðar án þess að fyrir liggi staðfest aðalskipulag getur Skipulagsstofnun sett sveitarstjórn frest til þess að ganga frá tillögu að aðalskipulagi. Gangi sveitarstjórn ekki frá aðalskipulagstillögu innan þess frests leggur Skipulagsstofnun til við ráðherra að byggingarframkvæmdir og önnur mannvirkjagerð í sveitarfélaginu verði stöðvuð þar til fyrir liggur tillaga að aðalskipulagi.

Byggingarnefndin getur ávallt mælt fyrir um að fjarlægja skuli ólöglega byggingu eða byggingarhluta, jarðrask skuli afmáð eða starfsemi hætt.

Ef þörf krefur er lögreglu skylt að aðstoða byggingarfulltrúa og byggingarnefnd við þær aðgerðir er greinir í 1. og 2. mgr.

Hafi mannvirki, sem fellur undir IV. kafla laga þessara, verið reist án samþykkis sveitarstjórnar og hún látið hjá líða að fjarlægja það innan sex mánaða frá því að henni varð kunnugt um málið getur Skipulagsstofnun látið fjarlægja mannvirkið á kostnað sveitarfélags.

Reynist brunaöryggi ábótavant við lokaúttekt mannvirkis skal byggingarfulltrúi koma í veg fyrir að húsið verði tekið í notkun fyrr en úr hefur verið bætt.

Sveitarsjóður eða eftir atvikum ríkissjóður á endurkröfu á byggingaraðila á öllum kostnaði sem hann hefur haft af ólöglegri mannvirkjagerð og á lögveð fyrir kröfu sinni í öllu efni sem notað hefur verið við byggingarframkvæmdina.

60. gr.

Aðgerðir til að knýja fram úrbætur.

Sinni aðili ekki fyrirmælum byggingarfulltrúa eða byggingarnefndar innan þess frests sem sveitarstjórn setur getur hún ákveðið dagsektir þar til úr verður bætt. Hámark dagsekta skal ákveðið í byggingarreglugerð. Dagsektir renna í sveitarsjóð.

Byggingarnefnd getur látið vinna verk, sem hún hefur lagt fyrir að unnið skyldi, á kostnað þess sem vanrækt hefur að vinna verkið.

Dagsektir og kostnað skv. 1. og 2. mgr. má innheimta með fjárnámi.

61. gr.

Úrræði gagnvart brotum hönnuða.

Ef hönnuður, sem fengið hefur löggildingu skv. 51. eða 52. gr., leggur fram hönnunargögn þar sem brotið er í bága við ákvæði laga þessara, reglugerðar settrar samkvæmt þeim eða skipulagsáætlunar getur byggingarnefnd veitt honum áminningu og skal tilkynna ráðherra um hana. Séu brot alvarleg eða ítrekuð getur nefndin óskað eftir því að ráðherra svipti hlutaðeigandi hönnuð löggildingu.

Ráðherra getur veitt hönnuði áminningu og við ítrekað brot svipt hann löggildingu um tiltekinn tíma eða fyrir fullt og allt. Áður en ráðherra tekur ákvörðun um sviptingu löggildingar skal hann leita umsagnar Skipulagsstofnunar og viðkomandi fagfélags og gefa hönnuði kost á að tjá sig um málið.

62. gr.

Úrræði gagnvart brotum byggingarstjóra og iðnmeistara.

Ef byggingarstjóri eða iðnmeistari, sem ábyrgð ber á byggingarframkvæmdum, brýtur ákvæði laga, reglugerða eða samþykkta um skipulags- og byggingarmálefni getur byggingarnefnd veitt honum áminningu og skal tilkynna ráðherra um hana. Séu brot alvarleg eða ítrekuð getur nefndin óskað eftir því við ráðherra að hann verði sviptur viðurkenningu.

Ráðherra getur veitt iðnmeistara áminningu og við ítrekað brot svipt hann viðurkenningu sinni um tiltekinn tíma eða fyrir fullt og allt. Áður en ráðherra tekur ákvörðun um sviptingu viðurkenningar skal hann leita umsagnar byggingarnefndar viðkomandi sveitarfélags og gefa iðnmeistara kost á að tjá sig.

63. gr.

Refsiábyrgð.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum eða varðhaldi nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Refsimál samkvæmt lögum þessum skal því aðeins höfðað að áður hafi reynt á þvingunarúrræði 59.–62. gr.

Með mál samkvæmt grein þessari skal farið að hætti opinberra mála, sbr. lög nr. 19/1991.

VII. KAFLI
Yfirstjórn skipulags- og byggingarmála á varnarsvæðum og gildistökuákvæði.

64. gr.
Um yfirstjórn skipulags- og byggingarmála á varnarsvæðum.

Utanríkisráðherra fer með yfirstjórn skipulags- og byggingarmála á auglýstum varnarsvæðum í samræmi við ákvæði laga nr. 106/1954, sbr. og lög nr. 110/1951.

Ákvæði skipulags- og byggingarlaga og reglugerða settra samkvæmt þeim eiga við um skipulags- og byggingarmál á varnarsvæðunm eftir því sem við getur átt, þar á meðal um gjaldheimtu. Utanríkisráðherra skipar skipulags- og byggingarnefnd sem fer með þessi mál og getur hann falið nefndinni að sinna öðrum skyldum verkefnum á varnarsvæðunum.

Nefndin skal í starfi sínu hafa náið samráð við Skipulagsstofnun ríkisins og forsvarsmenn þeirra sveitarfélaga sem hlut geta átt að máli. Utanríkisráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar í reglugerð að höfðu samráði við umhverfisráðherra.

65. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997. Jafnframt falla úr gildi skipulagslög, nr. 19/1964, með síðari breytingum, og byggingarlög, nr. 54/1978, með síðari breytingum. Í 20. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, falla niður orðin „á skipulögðum svæðum".

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Skipulagsreglugerð skv. 10. gr. og byggingarreglugerð skv. 39. gr. skulu öðlast gildi um leið og lögin.
2. Að liðnum tíu árum frá gildistöku laga þessara skulu öll sveitarfélög hafa gert aðalskipulag. Ráðherra getur að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar veitt undanþágu frá þessu ákvæði þar sem aðstæður knýja ekki á um gerð aðalskipulags. Ráðherra getur einnig að tillögu Skipulagsstofnunar sett sveitarstjórn styttri frest en tíu ár ef aðstæður knýja á um gerð aðalskipulags.
3. Ákvæði laga þessara skulu ekki hafa áhrif á eldri rétt hönnuða til þess að leggja teikningar fyrir byggingarnefnd, né heldur viðurkenningu byggingaryfirvalda til handa iðnmeisturum og byggingarstjórum sem viðurkenndir eru til þess að standa fyrir framkvæmdum hver á sínu sviði við gildistöku laganna.
4. Þeir sem gegna starfi byggingarfulltrúa við gildistöku laga þessara eiga rétt á löggildingu skv. 7. gr. laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram til kynningar á 118. löggjafarþingi og er nú endurprentað lítið breytt. Frumvarpið var unnið í umhverfisráðuneytinu í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og Skipulag ríkisins og byggist á frumvörpum um sama efni sem lögð voru fram á Alþingi annars vegar á 113. löggjafarþingi 1990–91 og hins vegar á 115. löggjafarþingi 1991–92 og náðu ekki fram að ganga. Á vegum umhverfisráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skipulags ríkisins var unnið úr þeim athugasemdum sem borist höfðu við fyrri frumvörp. Einnig fékk ráðuneytið sérstaklega umsagnir um frumvarpsdrögin sumarið 1994 og hefur verið leitast við að færa þær athugasemdir inn í frumvarpið.

Gildandi skipulagslög eru frá 1964 og byggingarlög frá 1978. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á lögunum frá þeim tíma í samræmi við breyttar aðstæður og áherslur. Skipulags- og byggingarmál eru svo samtengd að ástæðulítið er að greina þau að í tvenn lög, enda horfir samtenging þeirra í einum lögum til einföldunar á meðferð skipulags- og byggingarmála.

Í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, þar sem kemur fram að þau lög skuli endurskoðuð jafnframt því sem fram fer endurskoðun skipulagslaga og byggingarlaga var á fyrri stigum lagður til samruni þessara þrennra laga. Það er hins vegar álit þeirra sem unnu frumvarp þetta að sá samruni sé ekki tímabær því lög um mat á umhverfisáhrifum tóku fyrst gildi 1. maí 1994, lítil reynsla er komin á framkvæmdina og endurskoðun því ekki tímabær. Endurskoðun skipulagslaga og byggingarlaga er hins vegar brýn en sveitarstjórnir kalla í auknum mæli eftir henni, m.a. til þess að einfalda meðferð mála á því sviði og til að auka frumkvæði og ábyrgð sveitarfélaganna í þessum málaflokkum. Á fundum sem umhverfisráðuneytið átti með sveitarfélögunum haustið 1994 komu alltaf fram óskir hér að lútandi en fundirnir voru 14 samtals í öllum landshlutum. Rétt er og að geta þess að á Alþingi 1989 var fyrst lagt fram frumvarp til sameiginlegra skipulags- og byggingarlaga sem byggðist á sömu sjónarmiðum og rakin hafa verið hér að framan, þá á vegum félagsmálaráðherra sem fór með yfirstjórn málaflokksins.

Helstu breytingar og áherslur frá gildandi skipulagslögum, sbr. lög nr. 19/1964, með síðari breytingum, og byggingarlögum, nr. 54/1978, með síðari breytingum, eru auk þess að lögin eru felld saman:

1. Einfaldari meðferð skipulags- og byggingarmála og aukið frumkvæði sveitarfélaga.
2. Skilgreind eru mismunandi stig skipulagsáætlana: deiliskipulag, aðalskipulag, svæðisskipulag og landsskipulag. Þessi stigsmunur er ekki í gildandi lögum en hefur verið útfærður í reglugerð, að landsskipulagi undanteknu. Hlutverk þess er að stuðla að samræmi í landnýtingar- og landnotkunaráætlunum.
3. Frumkvæði skipulagsgerðar (aðalskipulags og deiliskipulags) og ábyrgð er flutt til sveitarfélaga sem er samkvæmt gildandi lögum hjá skipulagsstjórn ríkisins. Því þyrfti ekki að leita heimildar ríkisvaldsins til að auglýsa skipulagstillögu eins og nú háttar til.
4. Skipulagsstjórn ríkisins er lögð niður og verkefni og hlutverk hennar flutt til sveitarfélaganna og að hluta til Skipulagsstofnunar.
5. Embætti skipulagsstjóra ríkisins er lagt niður og í stað þess kemur ný stofnun, Skipulagsstofnun, sem fer jöfnum höndum með skipulags- og byggingarmál. Hlutverk stofnunarinnar er skilgreint í 4. gr. frumvarpsins og felst fyrst og fremst í eftirliti með framkvæmd laganna, ráðgjöf til sveitarstjórna og ríkisvaldsins um skipulags- og byggingarmál, að fylgjast með stöðu mála, láta í té umsagnir um ágreiningsmál, gera tillögur um úrlausn mála, stuðla að rannsóknum og annast útgáfu upplýsinga um þessi mál.
6. Sett er á stofn sérstök úrskurðarnefnd sem ætlað er að kveða upp úrskurði í ágreiningsmálum og kærum í stað þess að umhverfisráðherra úrskurði um þau mál eins og nú háttar til.
7. Sveitarfélögum með færri en 1000 íbúa er skylt að mynda byggingareftirlitssvæði með nágrannasveitarfélagi eða -félögum.
8. Í gildandi lögum er einungis heimildarákvæði um svæðisbyggingarnefndir. Lagt er til að byggingarfulltrúar verði því aðeins ráðnir til starfa að þeir hafi starfsleyfi umhverfisráðherra, enda nauðsynlegt að tryggja að til starfans ráðist aðeins þeir sem til þess hafa menntun og reynslu.

9. Hönnunargögn bygginga og mannvirkja eru ítarlegar skilgreind en í gildandi lögum og lögð ríkari áhersla á faglegar kröfur til áætlanagerðar og hönnunar á þessu sviði.
10. Lagðar eru til breytingar á skipulagsgjaldi þannig að það leggist einnig á mannvirki sem ekki eru metin til brunabóta eins og nú háttar til. Í slíkum tilvikum skal miða við endurstofnverð mannvirkis.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um er að ræða nýmæli þar sem fram koma þau markmið sem liggja að baki skipulags- og byggingarlögum. Áhersla er lögð á skipulagsáætlanir sem hafi efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi að leiðarljósi. Enn fremur ber að taka tillit til nýtingar lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Þannig er hugtakið sjálfbær þróun í fyrsta skipti sett inn í lagafumvarp hér á landi. Skipulagsmál eru samkvæmt eðli sínu grundvallarþáttur umhverfisverndar og ráða einna mest um hvernig þau mál skipast.

Enn fremur er það markmið laganna að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulags- og byggingarmála, þar með að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn og að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi, endingu, útlit og hagkvæmni bygginga og annarra mannvirkja sé fullnægt.

Um 2. gr.

Í greininni eru skilgreind helstu hugtök um skipulags- og byggingarmál sem notuð eru í frumvarpinu. Hér ekki um tæmandi talningu að ræða þótt aðalatriðin séu skilgreind. Að svo miklu leyti sem skilgreiningar vantar verða þær settar í reglugerð.

Um II. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um stjórn skipulags- og byggingarmála. Samkvæmt gildandi skipulagslögum er það hlutverk skipulagsstjórnar ríkisins að samþykkja tillögu að skipulagi sem skipulagsstjóri hefur gert og sent viðkomandi sveitarstjórn til umsagnar. Þannig hefur frumkvæði og ábyrgð á gerð skipulagsáætlana fyrst og fremst verið í höndum skipulagsstjórnar og skipulagsstjóra að forminu til, þótt sveitarfélögin hafi á síðari árum í raun tekið til sín frumkvæði og framkvæmd á þessu sviði í auknum mæli.

Með frumvarpinu er sú breyting lögð til að frumkvæði og forræði varðandi gerð skipulagsáætlana verði ótvírætt í höndum sveitarstjórna. Skipulagsáætlun um þróun og mótun byggðar verði stjórntæki sveitarstjórna og er því eðlilegt að þær taki við því hlutverki jafnframt því sem þær tryggja eftirlit með því að mannvirkjagerð falli að skipulagsáætlunum og þeim almennu gæðakröfum sem gerðar eru til bygginga á hverjum tíma.

Sú stofnun sem nú nefnist Skipulag ríkisins er í frumvarpinu nefnd Skipulagsstofnun. Þrátt fyrir að byggingarmál séu til umfjöllunar hjá stofnuninni og í raun sé um að ræða Skipulags- og byggingarstofnun er gert ráð fyrir að stofnunin nefnist hér eftir Skipulagsstofnun. Enn fremur er gert ráð fyrir því að skipulagsstjórn verði lögð niður og verkefni hennar færð til Skipulagsstofnunar og sveitarfélaga og að embætti skipulagsstjóra ríkisins verði ekki sjálfstætt embætti heldur verði hann forstjóri Skipulagsstofnunar en beri áfram starfsheitið skipulagsstjóri ríkisins.

Enn fremur er lagt til að sérstök úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála starfi samkvæmt lögunum og fjalli um mál á kæru- og úrskurðarstigi sem ráðherra hefur til þessa úrskurðað um samkvæmt gildandi lögum.

Um 3. gr.

Yfirstjórn skipulags- og byggingarmála fluttist til umhverfisráðuneytisins 1. janúar 1991. Sú breyting er lögð til að sveitarstjórnir hafi frumkvæði og annist gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlana.

Um 4. gr.

Eins og áður er getið er lagt til að Skipulag ríkisins nefnist hér eftir Skipulagsstofnun. Hlutverk hennar er nánar skilgreint í greininni og er þar að finna nýmæli þar sem stofnuninni er ætlað að beita sér fyrir rannsóknum á sviði skipulags- og byggingarmála. Verkefni skipulagsstjóra ríkisins samkvæmt gildandi lögum eru færð yfir til Skipulagsstofnunar að svo miklu leyti sem þau eru ekki færð til sveitarfélaganna. Það verður einnig hlutverk Skipulagsstofnunar að láta í té umsagnir um ágreiningsmál á sviði skipulags- og byggingarmála þannig að stofnunin verður umsagnaraðili fyrir ágreiningsnefnd skv. 8. gr.

Um 5. gr.

Hér að finna ákvæði um skipulagsstjóra ríkisins sem verður forstjóri Skipulagsstofnunar. Tekið er fram að hann skuli skipaður til fimm ára í senn en í dag gildir æviráðning um skipun í embættið. Gerð er krafa um sérmenntun á sviði skipulags- og byggingarmála. Hlutverk skipulagsstjóra er að annast daglega stjórn Skipulagsstofnunar og ber hann ábyrgð á stjórn og starfsskipulagi stofnunarinnar gagnvart ráðherra en ekki er gert ráð fyrir sérstakri stjórn yfir stofnuninni.

Um 6. gr.

Hér er fjallað um stjórn og eftirlit sveitarfélaga á sviði skipulags- og byggingarmála. Í flestum stærri sveitarfélögum landsins eru nú starfandi sérstakar skipulagsnefndir sem eru ráðgjafarnefndir sveitarstjórna og hafa byggingarnefndum oft verið falin störf skipulagsnefnda. Skipulagsnefndirnar sem slíkar styðjast við almenn ákvæði sveitarstjórnarlaga þar sem í skipulagslögum eru engin ákvæði um slíkar nefndir. Í byggingarlögum eru hins vegar ákvæði um að í hverju sveitarfélagi skuli eftir hverja sveitarstjórnarkosningar kjósa byggingarnefnd, þó þannig að nágrannasveitarfélög geti haft samvinnu um kosningu í svæðisbyggingarnefndir.

Þar sem tvær nefndir eru starfandi á sviði skipulags- og byggingarmála er verkaskipting þeirra sú að byggingarnefnd fjallar um einstök byggingarleyfi sem sótt er um á grundvelli gildandi skipulagsáætlunar en skipulagsnefnd fjallar um gerð og breytingar á skipulagsáætlunum og veitir umsagnir um hvort tilteknar framkvæmdir séu í samræmi við skipulagsáætlun.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að í hverju sveitarfélagi skuli starfa byggingarnefnd kjörin af sveitarstjórn og að sveitarstjórn geti ákveðið að nefndin fjalli einnig um skipulagsmál sveitarfélagsins og nefnist þá skipulags- og byggingarnefnd. Gert er ráð fyrir því að þessar nefndir sveitarfélaganna séu kosnar til fjögurra ára í senn að loknum sveitarstjórnarkosningum, þótt ekki sé það sérstaklega tiltekið í lögunum en það styðst við sveitarstjórnarlög, nr. 8/1986.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að sveitarfélög með færri íbúa en 1000 skuli skylt að mynda sameiginlega byggingarnefnd með nágrannasveitarfélagi eða nágrannasveitarfélögum, svæðisbyggingarnefnd, og samvinnu um ráðningu byggingarfulltrúa. Í slíkum tilvikum skal gerður sérstakur samningur milli sveitarfélaganna sem umhverfisráðherra staðfestir. Eitt aðalvandamál varðandi framkvæmd skipulags- og byggingarmála er að hvert sveitarfélag, hversu fámennt sem það er, getur haft eigin nefnd og eigið starfslið. Slíku fylgja veruleg vandkvæði eins og gefur að skilja sérstaklega hvað varðar ráðningu menntaðs starfsliðs, þ.e. byggingarfulltrúa. Sveitarfélögin hafa brugðist við þessu með ýmsum ráðum, m.a. með því að ráða sameiginlega byggingarfulltrúa. Það er ótvíræður kostur að binda skipan nefnda við lágmarksíbúafjölda eins og hér gerð er tillaga um. Félag byggingarfulltrúa hefur ítrekað bent á nauðsyn þess að herða ákvæði um svæðisbyggingarnefndir og Skipulag ríkisins hefur tekið undir þau sjónarmið með félaginu.

Nýmæli er að heilbrigðisfulltrúar skuli sitja fundi nefndanna með málfrelsi og tillögurétt en þeir eru þeir starfsmenn sveitarfélaganna sem annast heilbrigðiseftirlit og mengunarvarnaeftirlit.

Um 7. gr.

Í greininni er fjallað um starfslið byggingar- og skipulagsnefnda með ítarlegri hætti en í gildandi lögum og í fyrri frumvörpum. Gerð er tillaga um að í hverju sveitarfélagi eða byggingarnefndarumdæmi starfi byggingarfulltrúi með sérstaka löggildingu og að staðgenglar byggingarfulltrúa skuli fullnægja sömu skilyrðum. Til þess að tryggja framkvæmdina er gert ráð fyrir að umhverfisráðherra setji reglugerð að fenginni tillögu Skipulagsstofnunar og umsögn Félags byggingarfulltrúa um menntun, réttindi og skyldur byggingarfulltrúa og að enginn megi starfa sem slíkur nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra. Hér er verið að leggja til sömu meðferð mála og gildir víða í þjóðfélaginu gagnvart sérmenntuðu starfsfólki og má þar nefna sem dæmi störf heilbrigðisfulltrúa en engan má ráða til slíkra starfa nema hann hafi fengið til þess löggildingu. Þannig verður auðveldara fyrir Skipulagsstofnun að fylgjast með störfum byggingarfulltrúa og þeir verða síður undir boðvald sveitarstjórna settir hvað varðar ráðningu og uppsögn úr starfi. Með þessum hætti hafa sveitarstjórnirnar ekki eins frjálst val um ráðningu byggingarfulltrúa og verið hefur þar sem þær geta aðeins ráðið þá sem hafa til þess löggildingu. Rétt er að taka fram að réttur starfandi byggingarfulltrúa verður tryggður í samræmi við almennar reglur þannig að þeir sem eru í þessu starfi nú geta fengið réttindi samkvæmt umsókn kjósi þeir svo fyrir ákveðinn tíma.

Það nýmæli er í greininni að skotið er loku fyrir það að starfsmanni skipulags- og byggingarnefnda skuli heimilt að vinna nokkurt það starf sem síðar kann að koma til afgreiðslu nefndanna í umdæmi hans. Þess eru dæmi að byggingarfulltrúar fjalli á síðari stigum um eigin verk. Til að tryggja góða stjórnsýslu og þar sem vanhæfisreglur stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda ekki um starfsmenn sveitarfélaganna er æskilegt að taka þetta sérstaklega fram í þessum lögum.

Um 8. gr.

Í greininni er fjallað um sérstaka úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Nefndin á að fjalla um ágreiningsmál á sviði skipulags- og byggingarmála samkvæmt lögunum í stað ráðherra eins og nú. Lagt er til að Hæstiréttur tilnefni formann sem fullnægi skilyrðum til þess að vera héraðsdómari. Er það í samræmi við almennar reglur um skipan í slíkar nefndir og má sem dæmi nefna úrskurðarnefnd samkvæmt lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Gert er ráð fyrir að um-

hverfisráðherra skipi einn án tilnefningar og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni einn og að þeir hafi sérþekkingu á þessum málum.

Úrskurðir nefndarinnar verða fullnaðarúrskurðir á stjórnsýslustigi og verða því aðeins bornir undir dómstóla.

Gerð er tillaga um málshraða og að sveitarstjórnum beri að framfylgja úrskurðum þegar í stað og með aðstoð lögreglu ef með þarf.

Þótt hér sé um sveitarstjórnarmál að ræða og kostnaður að langmestu leyti borinn af sveitarstjórnum ef frá er talin starfsemi Skipulagsstofnunar er gert ráð fyrir að ríkissjóður standi undir kostnaði við störf úrskurðarnefndarinnar.

Um III. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um gerð og framkvæmd skipulags og er hann verulega breyttur frá því sem gildandi lög kveða á um. Fjallað er um þau atriði sem eiga að koma fram í sérstakri skipulagsreglugerð, auk þess sem ýmsar gerðir skipulagsáætlana eru skilgreindar og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga beytt þannig að vald er í auknum mæli fært til sveitarfélaga en eindregnar óskir hafa komið fram um það af hálfu forsvarsmanna þeirra.

Landsskipulag, sem ætlað er að veita yfirsýn yfir landnýtingar- og landnotkunaráætlanir, er nýmæli.

Um 9. gr.

Samkvæmt frumvarpinu er allt landið skipulagsskylt en í gildandi skipulagslögum er einungis kveðið á um skipulagsskyldu sveitarfélaga. Rétt er að benda á að miðhálendi Íslands fellur og hér undir en á vegum umhverfisráðuneytisins er starfandi samvinnunefnd sem hefur það hlutverk að annast skipulagningu miðhálendisins. Aðilar að nefndinni eru héraðsnefndir sem eiga land að miðhálendinu.

Um 10. gr.

Í greininni er fjallað um skipulagsreglugerð og að umhverfisráðherra setji þannig sérstaka reglugerð um gerð skipulagsáætlana að fengnum tillögum Skipulagsstofnunar og umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í greininni eru talin upp þau atriði sem kveða skal nánar um í skipulagsreglugerð, svo sem land og landnotkunarflokka, svo og önnur hugtök sem fyrir koma í reglugerðinni og þarfnast skýringa. Gert er ráð fyrir því að í reglugerðinni verði ákvæði um starfshætti skipulagsnefnda, skipulagsfulltrúa og samvinnunefnda um svæðisskipulag, um menntun og starfsreynslu þeirra sem fara með stjórn vinnu við skipulagsáætlanir og um nánari útfærslur lagaákvæða um vinnslu og meðferð skipulagsáætlana.

Um 11. gr.

Í gildandi lögum eru ákvæði um að gerðir skuli skipulagsuppdrættir af öllum þéttbýlisstöðum þar sem búa 50 manns eða fleiri eða þar sem ætla má að mati skipulagsstjórnar að þéttbýli rísi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að gera skuli aðalskipulag fyrir öll sveitarfélög og að við gerð þess skuli byggt á markmiðum laganna og áætlunum um þróun og þarfir sveitarfélagsins á nánar tilteknu 12 ára tímabili. Í ákvæðum til bráðabirgða, sbr. 2. tölul., segir að innan tíu ára frá gildistöku laga þessara skuli öll sveitarfélög hafa gert aðalskipulag. Í mörgun strjálbýlum sveitarfélögum er töluvert um byggingarframkvæmdir, svo sem sumarbústaði, íbúðarhúsnæði á lögbýlum sem ekki tengjast búskap og byggingar fyrir atvinnustarfsemi. Þar við bætist mannvirkjagerð á vegum veitustofnana. Samkvæmt gildandi lögum þarf að leita samþykkis sveitarstjórnar fyrir öllum byggingarframkvæmdum sem ekki tengjast búskap þeg-

ar aðalskipulag er ekki fyrir hendi. Nauðsynlegt er að í öllum sveitarfélögum sé mörkuð stefna um landnotkun og landnýtingu, ekki síst vegna fyrirsjáanlegra breytinga á landbúnaðarframleiðslu, og er aðalskipulagsáætlun kjörið hjálpartæki við slíka stefnumörkun. Þar sem frumvarpið byggist á svæðisskipulagi sem grunnþætti er nauðsynlegt að aðalskipulag verði í samræmi við svæðisskipulag og landsskipulagsáætlanir. Auk þess þarf að tryggja innbyrðis samræmi milli samliggjandi sveitarfélaga.

Feli aðalskipulagstillaga í sér framkvæmdir sem kunna að hafa veruleg áhrif á umhverfið, náttúruauðlindir og samfélag er lagt til að gera skuli grein fyrir þeim kostum sem voru til skoðunar og áhrifum þeirra á umhverfið. Er þetta í samræmi við lög nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, sem komu til framkvæmdar 1. maí 1994 og tengjast framkvæmd skipulagslaga, enda út frá því gengið að í framtíðinni verði tekið tillit til umhverfisþátta þegar við gerð svæðisskipulags.

Í greininni eru taldir upp sex þættir sem gera skal gein fyrir og sýna á uppdráttum og er þar um nýmæli að ræða í löggjöf hér á landi. Enn fremur eru talin upp atriði sem sérstaklega þarf að auðkenna í aðalskipulagi, svo sem með hliðsjón af þeirri hættu sem getur stafað af náttúruhamförum, t.d. snjóflóðum, auðkenna skal einnig staði og svæði sem njóta friðunar samkvæmt lögum um náttúruvernd eða þjóðminjalögum, verndarsvæði vatnsbóla o.s.frv., auk svæða þar sem skipulag eða staðfestingu þess er frestað eins og heimilt er skv. 15. gr.

Um 12. gr.

Í greininni er gerð grein fyrir hvernig staðið skuli að kynningu á aðalskipulagstillögum. Nokkur sveitarfélög hafa efnt til kynningarfunda um aðalskipulagsgerð fyrir eiginlega skipulagsvinnu. Þetta hefur verið gert til að kynna hagsmunaaðilum hvernig staðið verði að skipulagsgerðinni og gefa þeim um leið tækifæri til að koma á framfæri hugmyndum sínum. Þetta hefur reynst vel og oft flýtt afgreiðslu aðalskipulagstillögu á síðari stigum.

Samkvæmt gildandi lögum þarf sveitarstjórn að leita eftir heimild skipulagsstjórnar til að auglýsa aðalskipulagstillöguna. Gerð verður breyting þannig að sveitarstjórn sendir Skipulagsstofnun tillöguna til athugunar og hafi hún ekki gert athugasemd innan fjögurra vikna er heimilt að auglýsa tillöguna.

Um 13. og 14. gr.

Ákvæði um auglýsingu aðalskipulagstillögu eru óbreytt frá gildandi lögum nema frestur til að gera athugasemdir er styttur úr átta vikum í sex. Þetta er gert í þeim tilgangi að flýta málsmeðferð.

Þegar frestur til athugasemda er liðinn skal sveitarstjórn fjalla um tillöguna á nýjan leik að undangenginni umfjöllun skipulagsnefndar og skal við þá umfjöllun m.a. tekin afstaða til þeirra athugasemda sem borist hafa um tillöguna.

Senda skal tillöguna ásamt athugasemdum og umsögn sveitarstjórnar um þær til Skipulagsstofnunarinnar innan fjögurra vikna frá fundi sveitarstjórnar og skal þá Skipulagsstofnun fjalla um niðurstöðu sveitarstjórnar og gera að því loknu tillögu til ráðherra um staðfestingu aðalskipulagsins eða frestun á staðfestingu. Aðalskipulag eða breyting á því tekur því aðeins gildi að ráðherra hafi staðfest það og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Um 15. gr.

Ákvæði 1. mgr. er í samræmi við 20. gr. gildandi laga. Ákvæði 2. mgr. er nýmæli en það veitir ráðherra heimild til að fresta staðfestingu á aðalskipulagi að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar ef nauðsyn þykir til að samræma betur skipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga. Þó er ráðherra ekki heimilt að fresta staðfestingu lengur en í fjögur ár í senn.

Um 16. gr.

Ákvæði um endurskoðun skipulagsáætlana hafa ekki verið í skipulagslögum en í skipulagsreglugerð hafa verið ákvæði um að eigi sjaldnar en á fimm ára fresti skuli aðalskipulag tekið til endurskoðunar. Hér er um veigamikið atriði að ræða ef skipulagsáætlun á að vera virkt stjórntæki sveitarstjórnar og því nauðsynlegt að lögfesta það í skipulagslögum. Sú skylda er lögð á sveitarstjórnir að meta að loknum sveitarstjórnarkosningum hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulag.

Um 17. gr.

Greinin er í samræmi við 3. og 4. mgr. 19. gr. gildandi laga nema Skipulagsstofnun kemur í stað skipulagsstjórnar. Nauðsynlegt er að hafa ákvæði um óverulegar breytingar á aðalskipulagi í lögum með það fyrir augum að hægt sé að gera minni háttar breytingar án þess að fara þurfi með þær samkvæmt ákvæðum 13. og 14. gr.

Um 18. gr.

Ágreiningur um aðalskipulag á mörkum sveitarfélaga hefur reynst erfiður úrlausnar og þykir því nauðsynlegt að lögfest verði skýr ákvæði um hvernig farið skuli með hann. Gerð er tillaga um að Skipulagsstofnun beiti sér fyrir stofnun sérstakrar nefndar í slíkum tilvikum sem geri tillögu að skipulagi sem sameiginleg er fyrir sveitarfélög að því er ágreiningsatriði varðar og að hlutaðeigandi sveitarstjórnir skipi tvo menn í nefndina en Skipulagsstofnun einn sem skuli vera formaður. Enn fremur að tillögu nefndarinnar skuli auglýsa sem aðalskipulagstillögu í samræmi við 12. og 13. gr.

Um 19. gr.

Í 11. gr. gildandi skipulagslaga eru ákvæði um að þar sem gerður hefur verið aðalskipulagsuppdráttur skuli þar sem þörf krefur einnig gera séruppdrætti, þ.e. það sem síðan hefur verið kallað deiliskipulag. Upp hefur komið ágreiningur um deiliskipulagsskyldu og hver eigi að meta þörfina hverju sinni, sveitarstjórn, skipulagsstjórn eða ráðherra. Lagt er til að gert skuli deiliskipulag þar sem verulegar framkvæmdir eru fyrirhugaðar eftir nánari ákvörðun sveitarstjórnar hverju sinni, byggt á aðalskipulagi. Þar sem aðalskipulag liggur ekki fyrir er heimilt í vissum tilvikum að gera deiliskipulag áður, sbr. 2. mgr. 9. gr. Þar sem verulegar framkvæmdir eru fyrirhugaðar, án þess að fyrir liggi staðfest aðalskipulag, getur Skipulagsstofnun veitt sveitarstjórn frest til þess að ganga frá tillögu að aðalskipulagi. Ekki eru gerðar undantekningar frá deiliskipulagi, svo sem um byggingar á lögbýlum, heldur skal sama gilda fyrir allar byggingar. Ekki er gert ráð fyrir því að ráðherra staðfesti deiliskipulag nema þar sem ákvæði eru um hverfisvernd. Hins vegar getur sveitarstjórn óskað eftir staðfestingu ráðherra á samþykktu deiliskipulagi kjósi hún svo. Gerð er krafa um að við gerð deiliskipulagstillögu skuli leita eftir sjónarmiðum íbúa og annarra hagsmunaaðila á svæðinu og að sérstakt tillit skuli tekið til sérþarfa barna, aldraðra og fatlaðra.

Í greininni eru taldir upp þeir þættir sem gera á sérstaklega grein fyrir og sýna skal á uppdráttum.

Um 20. gr.

Þessi grein er efnislega í samræmi við 30. gr. gildandi skipulagslaga. Sú breyting er þó gerð að verði sveitarstjórn við ósk landeiganda um að land hans sé skipulagt undir byggingarlóðir láti hann sveitarfélaginu endurgjaldslaust í té þá hluta lands sem samkvæmt skipulagi eru ætlaðir til almennra þarfa, svo sem undir götur, leikvelli og opin svæði. Landeiganda er þó ekki skylt að láta af hendi með þessum hætti meira en sem svarar þriðjungi af flatarmáli þeirra lóða er þannig verða byggingarhæfar. Sé hins vegar um að ræða sumarbústaðasvæði, þar sem sveitarfélög annast ekki gatnagerð eða aðrar sameiginlegar framkvæmdir og rekstur, eiga þessi ákvæði ekki við.

Um 21. gr.

Vísað er til athugasemda við 13. gr. um að séu engar athugasemdir gerðar við tillöguna verði ekki skylt að taka hana til annarrar umræðu í sveitarstjórn heldur senda hana beint til Skipulagsstofnunar. Um kynningu deiliskipulags hafa ekki verið sérstök ákvæði í lögum og er gerð tillaga um að gerð deiliskipulags skuli einfölduð. Senda skal Skipulagsstofnun tillöguna til kynningar og telji Skipulagsstofnun að form- og efnisgallar séu á deiliskipulagi, sem henni er sent, skal hún koma athugasemdum sínum á framfæri við sveitarstjórn þegar í stað.

Um 22. og 23. gr.

Hér er fjallað um meðferð, birtingu og gildistöku deiliskipulags og er þar um nýmæli að ræða. Sveitarstjórn skal birta samþykkt deiliskipulag í Lögbirtingablaðinu og einnig svo sem venja er um tilkynningar stjórnvalda í sveitarfélaginu og öðlast þá skipulagið gildi. Staðfest deiliskipulag, þ.e. staðfest af ráðherra, öðlast gildi þegar staðfesting hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda og á þann hátt sem venja er um opinberar tilkynningar í sveitarfélögum.

Um 24. gr.

Hér er fjallað um breytingar á deiliskipulagi en gildandi reglur um það eru ekki nægilega skýrar. Auglýsa skal eftir athugasemdum við breytinguna og skal við aðra umræðu í sveitarstjórn taka afstöðu til innsendra athugasemda. Minni háttar eða óverulegar breytingar þarf hins vegar ekki að auglýsa, enda hafi þeim sem hagsmuna eiga að gæta verið gefinn kostur á að tjá sig um breytinguna. Sveitarstjórn skal senda Skipulagsstofnun hið breytta skipulag til athugunar, í samræmi við 21. gr., eða staðfestingar, í samræmi við 2. og 3. mgr. 14. gr., ásamt athugasemdum hagsmunaaðila og umsögn sinni um þær og yfirlýsingu um að hún taki að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Um 25. gr.

Hér er fjallað um gerð svæðisskipulags. Það skal gert að frumkvæði sveitarstjórna eða Skipulagsstofnunar í því skyni að samræma stefnu sveitarstjórnar um þróun byggðar og landnotkunar á 12 ára tímabili með það að markmiði að laga hana að gildandi landsskipulagsáætlunum. Með vaxandi byggð, nýjum og fullkomnum samgönguæðum og nýjum viðhorfum á sviði atvinnumála hefur skapast þörf fyrir gerð svæðisskipulags sem nær yfir heilt hérað eða nokkur sveitarfélög í senn. Ákvæði um samfellt skipulag nærliggjandi sveitarfélaga er í 3. og 12. gr. gildandi skipulagslaga og hefur í auknum mæli verið unnið eftir þeim á undanförnum árum.

Um 26. gr.

Hér er að finna ákvæði um svæðisskipulag miðhálendis í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í gildandi skipulagslögum, sbr. breytingu nr. 73/1993. Samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins hefur þegar verið skipuð og er áformað að tillaga að svæðisskipulagi miðhálendis liggi fyrir 1997.

Um 27. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 28. gr.

Hér er fjallað um ákvörðun um legu opinberra mannvirkja sem ná yfir fleiri en eitt sveitarfélag. Nauðsynlegt er að lögfesta ákveðið verklag um slíkar ákvarðanir og samkvæmt greininni skal staðfesta slíka legu með sama hætti og aðalskipulag.

Um 29. gr.

Lögð er sú skylda á Skipulagsstofnun að hún skuli í samvinnu við opinbera aðila sjá um að upplýsingar um gögn varðandi landsskipulag séu fyrir hendi og stuðla að samræmi þeirra. Fjölmargar stofnanir á vegum ríkisins standa fyrir framkvæmdum sem ná til landsins alls og er því nauðsynlegt að samræmis sé gætt milli áforma um landnot slíkra framkvæmda og skipulagsáætlana sveitarfélaganna.

Um 30. gr.

Greinin svarar til 7.–9. gr. gildandi laga.

Um 31. gr.

Greinin svarar til 32. gr. gildandi laga en er ítarlegri.

Um 32. gr.

Greinin svarar til 31. gr. gildandi laga en er ítarlegri.

Um 33. gr.

Greinin svarar til 26. gr. gildandi laga en er ítarlegri. Sérstaklega er tekið fram að ákvæði í greininni raski ekki ákvæðum annarra laga um víðtækari forkaupsrétt sveitarfélaga.

Um 34. gr.

Greinin svarar til 27. og 28. gr. gildandi laga. Þó er gert ráð fyrir að fyrir liggi umsögn Skipulagsstofnunar og bætt er við heimild til þess að taka eignarnámi efnisnámur eða takmörkuð eignarréttindi að þeim.

Þurfi eignarnám til framkvæmda á gildandi deiliskipulagi nægir sveitarstjórn að fá umsögn Skipulagsstofnunar, enda er um aðstæður að ræða sem nánar eru tilteknar í greininni í fimm liðum. Hér er um nýmæli að ræða. Enn fremur er eignarnám því aðeins heimilt að sveitarstjórn hafi áður með sannanlegum og sanngjörnum hætti leitast við að ná samningum við eiganda þeirrar eignar eða réttinda sem hún byggir eignarnám sitt á og þykir rétt að taka það sérstaklega fram í lögunum þótt vitanlega hafi þeirri reglu verið fylgt við eignarnám til þessa.

Um 35. gr.

Hér er fjallað um bætur vegna skipulags og yfirtöku eigna og er ákvæðið sambærilegt við 29. gr. gildandi skipulagslaga. Sérstaklega er tekið fram að matsnefnd eignarnámsbóta, sbr. lög nr. 11/1973, ákveði kaupverð fallist sveitarstjórn á kröfu um bætur og enn fremur að viðurkenni sveitarstjórn bótaskyldu skuli tilkvaddir dómkvaddir matsmenn til að ákveða bætur.

Um 36. gr.

Hér er fjallað um greiðslu kostnaðar vegna skipulagsvinnu en um þau efni er fjallað í 33. og 34. gr. gildandi laga. Í greininni er lagt til að settar verði skýrar reglur um kostnaðarskiptingu vegna skipulagsmála milli Skipulagsstofnunar annars vegar og hlutaðeigandi sveitarstjórna hins vegar.

Um 37. gr.

Í greininni er lagt til að skylt sé að leggja á skipulagssgjald en samkvæmt gildandi lögum hefur ráðherra heimild til slíkrar álagningar. Lögð er til óbreytt álagningarprósenta en sú breyting lögð til að skipulagsgjald skuli greitt af öllum mannvirkjum í stað nýbygginga. Munu skipulagsgjöld hér eftir verða innheimt af öllum mannvirkjum og skiptir ekki máli hvort um er að ræða mannvirki sem metin eru til brunabótaverðs eða ekki en í slíkum tilvikum skal miða við endurmatsstofnverð mannvirkis. Samkvæmt frumvarpinu er allt landið skipulagsskylt og verður skipulagsgjald því innheimt í samræmi við það og engin mannvirki undanþegin en samkvæmt gildandi lögum er ekki greitt skipulagsgjald af nýbyggingum sem tengjast landbúnaðarframleiðslu.

Um 38. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. gr. gildandi byggingarlaga. Um mannvirki sem áhrif hafa á umhverfið er sérstaklega hnykkt á því að það geti átt við um breytingu lands með jarðvegi, gróðri og efnistöku. Gert er ráð fyrir að ekki þurfi byggingarleyfi fyrir vegum, götum, brúm og jarðgöngum utan þéttbýlis eða flugbrautum. Þá eru dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta undanþegin byggingarleyfi sem og hafnir og virkjanir. Þó skal þess ætíð gætt að mannvirki sem undanþegin eru byggingarleyfi skulu vera í samræmi við skipulagsákvæði skv. III. kafla laganna.

Þótt ekki sé talin ástæða til útgáfu byggingarleyfa þegar um er að ræða brýr og jarðgöng utan þéttbýlis mæla öll rök með því að slíkar framkvæmdir þurfi byggingarleyfi ef um er að ræða framkvæmdir í eða við þéttbýli, enda byggingarnar oft nátengdar öðrum byggingarframkvæmdum sem lögin kveða á um að byggingarleyfi þurfi fyrir.

Um 39. gr.

Í 39. gr. er fjallað um byggingarreglugerð sem er önnur meginreglugerðin samkvæmt lögunum. Fyrri hluti greinarinnar, þ.e. 1. og 2. mgr., er að mestu leyti samhljóða 4. gr. gildandi byggingarlaga. Þó er bætt við að í reglugerð verði m.a. kveðið á um staðsetningu gáma, húsvagna, báta, torgsöluhúsa og þess háttar en ákvæði um þessa þætti skortir í lög.

Enn fremur er gert ráð fyrir því í 3. mgr. að í byggingarreglugerð verði kveðið á um hönnunargögn og löggildingu hönnuða, viðurkenningu, réttindi og skyldur byggingarstjóra og iðnmeistara og hvernig háttað skuli byggingareftirliti, grenndarkynningu, verksviði byggingarfulltrúa, gjöldum fyrir byggingarleyfi, mælingar o.s.frv. og hvernig innheimt skuli fyrir þessa hluti.

Vegna aukins samstarfs á ýmsum tæknilegum sviðum milli aðildarríkja EFTA og ES og innan staðlasamtakanna CEN og CENELEC er í 4. mgr. sú viðbót að vísa skuli í staðla um tæknilega útfærslu o.fl. atriði, sem snerta mannvirkjagerð, og að heimilt sé að vísa til sérsviðs samninga og túlkunarskjala sem hafa verið samþykkt samfara aðild Íslands að alþjóðasamningum.

Um 40. gr.

Hlutverk skipulags- og byggingarnefnda verður víðtækara en byggingarnefnda samkvæmt gildandi byggingarlögum því auk þess að fjalla um byggingarmál og gera tillögur til sveitarstjórna um afgreiðslu þeirra fjalla nefndirnar um stefnumörkun í skipulagsmálum og gerð skipulagsáætlana. Hlutverk byggingarnefndanna er sem fyrr að fjalla um leyfisumsóknir og gera tillögu um endanlega úrlausn þeirra til viðkomandi sveitarstjórna. Nefndirnar skulu hafa eftirlit með því að í umdæmi þeirra sé byggt í samræmi við staðfest aðalskipulag og gildandi deiliskipulag og lagaákvæði og reglugerðir um skipulags- og byggingarmál. Enn fremur er nefndunum gefinn sá möguleiki að leita umsagnar og ráðgjafar sérfróðra aðila eftir því sem þurfa þykir.

Um 41. gr.

Hér er fjallað um störf byggingarnefnda sem í meginatriðum eru þau sömu og eru í gildandi byggingarlögum, svo sem um tíðni funda og afgreiðslu erinda. Þrátt fyrir tilkomu sérstakrar úrskurðarnefndar, sbr. 8. gr., er gerð tillaga um að ráðherra skeri úr um ágreining milli byggingarnefndar og sveitarstjórnar, eins og verið hefur, nú að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar. Ekki þykir rétt að úrskurðarnefnd skv. 8. gr. fjalli um deilur sveitarstjórnar og byggingarnefndar, sem starfar á vegum sveitarstjórnar, heldur sé eðlilegra að vísa slíkum málum til ráðherra. Hér er fyrst og fremst um ágreining um valdmörk að ræða en ekki efniságreining. Ef um er að ræða ágreining milli nefndarinnar eða sveitarstjórnar annars vegar og hins vegar einstaklings eða lögpersónu sem telur rétti sínum hallað er heimilt að vísa slíkum úrskurði til úrskurðarnefndar skv. 8. gr.

Um 42. gr.

Í 21. gr. gildandi byggingarlaga eru gerðar þær kröfur að byggingarfulltrúi skuli vera arkitekt, byggingarfræðingur, byggingartæknifræðingur eða byggingarverkfræðingur. Í strjálbýli er heimilt að ráða búfræðikandídat út tæknideild búnaðarháskóla í stöðu byggingarfulltrúa. Hliðstæð ákvæði eru ekki í þessari grein því gengið er út frá því, sbr. 7. gr. frumvarpsins, að ráðherra setji, að fenginni tillögu Skipulagsstofnunar og umsögn Félags byggingarfulltrúa, reglugerð um menntun, réttindi og skyldur byggingarfulltrúa og að enginn megi starfa sem slíkur nema hann hafi til þess löggildingu ráðherra. Byggingarfulltrúi þarf að uppfylla skilyrði 51. og 52. gr. Kröfur um menntun og hæfni byggingarfulltrúa verða settar í reglugerð, m.a. um sérmenntun á tæknisviði frá háskóla eða tækniskóla ásamt kröfum um starfsreynslu í skipulags- og byggingarmálum. Í reglugerð verður að sjálfsögðu tekið tillit til þess ef veita þarf undanþágur þar sem ekki fæst réttindamaður í starfið tímabundið. Í greininni er störfum byggingarfulltrúa lýst með ítarlegri hætti en í 22. gr. gildandi byggingarlaga.

Um 43. gr.

Greinin er í aðalatriðum samhljóða 25., 26. og 27. gr. gildandi laga. Lagt er til að sú regla verði lögfest til að uppdrættir, samþykktir og áritaðir af byggingarfulltrúa, skuli ætíð liggja fyrir á byggingarstað og vera eftirlitsmönnum aðgengilegir.

Um 44. gr.

Greinin er nýmæli og er liður í hertu byggingareftirliti. Er byggingarfulltrúa veitt heimild í sérstökum tilvikum til að krefjast prófreikninga frá sérstökum prófhönnuðum sem skv. 53. gr. þurfa viðurkenningu ráðherra. Gildir þetta t.d. um styrkleika bygginga gagnvart jarðskjálftum.

Þá er í greininni heimild til að krefja framleiðendur og byggingarefnisaðila um vottorð frá faggiltri prófunarstofu á byggingarsviði um að söluvara þeirra standist gæðakröfur byggingarreglugerðar. Krefjast má sérstakra eftirlitsmanna með framkvæmd um meiri háttar mannvirkjagerð og prófunar mannvirkis eftir að það hefur verið reist.

Mjög mikilvægt er að lögfesta strangar kröfur til hönnunar og efnisvals en talsvert skortir á um slíkt í lögum á þessu sviði.

Um 45. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 1. og 3. mgr. 9. gr. gildandi byggingarlaga og tekur til umfjöllunar byggingarnefndar á leyfisumsókn. Athygli er vakin á því að með frumvarpi þessu er gerður greinarmunur á byggingarleyfi, sbr. þessa grein, og framkvæmdaleyfi, sbr. 47. gr.

Um 46. gr.

Þessi grein er í aðalatriðum samhljóða 4., 5., 7. og 8. mgr. 9. gr. gildandi byggingarlaga. Ákvæði um yfirlýsingu um ábyrgð á framkvæmdum er fært í 47. gr. frumvarpsins. Byggingarleyfi veitir ekki leyfi til framkvæmda jafnvel þótt það hafi verið staðfest af sveitarstjórn þar sem framkvæmdaleyfi þarf einnig að koma til, sbr. 47. gr.

Um 47. gr.

Þessi grein sem fjallar um svonefnt framkvæmdaleyfi er nýmæli. Byggingarleyfi, sem veitt er út á aðaluppdrætti, veitir ekki heimild til framkvæmda, heldur þarf einnig að koma til sérstakt framkvæmdaleyfi en það tryggir að fullnægjandi burðarþols-, kerfis- og deiliuppdrættir hafi verið gerðir og að byggingarstjóri og iðnmeistari hafi verið ráðnir til verksins og þeir undirritað yfirlýsingu um ábyrgð sína á leyfðum framkvæmdum. Í undantekningatilvikum er þó heimilt að veita framkvæmdaleyfi til einstakra þátta byggingarframkvæmda, t.d. að grafa grunn, þótt mannvirki hafi ekki verið hannað í smáatriðum, enda kann það að vera nauðsynlegt til að afla upplýsinga vegna hönnunar mannvirkisins.

Síðasta málsgrein 47. gr. er samhljóðandi 10. gr. gildandi byggingarlaga.

Um 48. gr.

Greinin fjallar um hvenær byggingarleyfi falla úr gildi og er hún að hluta til samhljóða 15. gr. byggingarlaga. Þær breytingar eru hins vegar lagðar til að byggingarleyfi falli úr gildi ef framkvæmdaleyfi hefur ekki verið gefið út innan 12 mánaða frá samþykkt sveitarstjórnar og sömuleiðis fellur framkvæmdaleyfi úr gildi hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan tólf mánaða frá útgáfu þess. Þess eru mörg dæmi að byggingarleyfi hafi gilt í mörg ár án þess að framkvæmdir hafi verið hafnar. Nauðsynlegt er að ýta á eftir framkvæmdum, að öðrum kosti falli leyfi úr gildi.

Um 49. gr.

Greinin ásamt fjórum næstu greinum er nýmæli og kemur í stað 12. gr. byggingarlaga, um uppdrætti og löggildingu hönnuða, sem er um margt óljós. Í gildandi lögum eru nefndir aðaluppdrættir og séruppdrættir án þess að fram komi við hvað sé átt. Þá er í sömu grein tekið fram að rétt til að gera aðaluppdrætti og séruppdrætti að húsum og öðrum mannvirkjum geta hlotið arkitektar, byggingarfræðingar, byggingartæknifræðingar og verkfræðingar, hver á sínu sviði, án þess að viðkomandi svið séu skilgreind.

Í greininni eru hönnunargögn skilgreind sem uppdrættir og fylgiskjöl. Uppdrættir eru greindir í aðaluppdrætti og séruppdrætti. Séruppdrættir eru síðan greindir í byggingaruppdrætti, uppdrætti að skipulagi lóða og að girðingum, burðarþolsuppdrætti, kerfisuppdrætti og deiliuppdrætti.

Gert er ráð fyrir því að í byggingarreglugerð verði sett ákvæði þar sem kveðið verði nánar á um kröfur varðandi hönnunargögn, svo sem vegna mismunandi bygginga.

Um 50. gr.

Þessi grein er í samræmi við 4. og 5. mgr. 12. gr. byggingarlaga. Í 2. mgr. er hins vegar það nýmæli lagt til að uppdráttur skuli áritaður af löggildum hönnuði, svokölluðum samræmingarhönnuði, sem hefur það hlutverk að annast samræmingu þeirra uppdrátta sem mannvirki verði byggt eftir. Um þetta eru ákvæði í byggingarreglugerð en ekki í lögum. Í 3. mgr. er það nýmæli lagt til að hönnuðir, sem leggja uppdrætti fyrir byggingarnefnd, skuli hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu eins og mælt er fyrir um í gildandi byggingarreglugerð. Rétt er að benda á að sambærileg ákvæði hafa á síðari árum verið lögfest í nýrri löggjöf, svo sem um fasteignasala, verðbréfasala og bílasala, en markmiðið er að viðskiptavinir geti sótt skaðabætur til sjálfstætt starfandi aðila sem valda tjóni með mistökum eða vanrækslu í starfi.

Um 51. gr.

Greinin er í samræmi við 1. mgr. 12. gr. byggingarlaga en breyting er gerð á orðalagi. Í stað „gera uppdrátt“ kemur „leggja fram uppdrátt“.

Skilgreint er almennt hvaða skilyrðum hönnuðir þurfa að fullnægja áður en þeir geta öðlast rétt til löggildingar. Hönnuðir þurfa að hafa hlotið heimild ráðherra til starfsheitis, sérhæft sig á viðkomandi sviði og öðlast starfsreynslu hjá löggiltum aðila. Meginreglan er sú að umsækjendur hafi þriggja ára starfsreynslu, þar af minnst eins árs reynslu hér á landi. Í vottorði um starfsreynslu skal gera grein fyrir þeim verkefnum sem umsækjandi hefur unnið að á starfsreynslutímanum. Ráðherra getur sett sem skilyrði fyrir leyfisveitingu að umsækjandi hafi staðist próf í íslenskri skipulags- og byggingarlöggjöf ásamt tilheyrandi reglugerðum og er gert ráð fyrir því að Skipulagsstofnun standi fyrir slíkum prófum.

Um 52. gr.

Greinin er nýmæli en í henni er skilgreint nánar hverjir geta hlotið löggildingu sem hönnuðir til að gera aðal- og byggingaruppdrætti, uppdrætti að skipulagi lóða og tilheyrandi deiliuppdrætti. Slíka löggildingu geta arkitektar einungis hlotið. Gert er ráð fyrir að verkfræðingar og tæknifræðingar með viðkomandi sérmenntun geti fengið löggildingu til að hanna og gera séruppdrætti af burðarvirkjum, boðveitum, rafkerfum, raflögnum í mannvirkjum og vatnshita- og frárennsliskerfum, loftræsikerfum og lýsingarkerfum.

Byggingarverkfræðingar, byggingartæknifræðingar og byggingarfræðingar geta hlotið löggildingu til að gera aðal- og byggingaruppdrætti og tilheyrandi deiliuppdrætti, enda hafi þeir a.m.k. fimm ára starfsreynslu hjá löggildum aðila á því sviði.

Byggingarfræðingar, innanhússhönnuðir og landslagshönnuðir geta fengið löggildingu sem hönnuðir séruppdrátta, hver á sínu sviði. Innanhússhönnuðir og landslagshönnuðir eru ekki nefndir í byggingarlögum og hafa því ekki getað hlotið löggildingu. Báðar þessar starfsstéttir hafa fengið lögverndun á starfsheiti sínu og gilda um þær sömu reglur og um þær starfsstéttir sem áður eru taldar upp í þessari grein. Þannig er lagt til að innanhússhönnuðir geti fengið löggildingu til að leggja fram deiliuppdrætti að innra skipulagi bygginga og að landslagshönnuðir geti fengið löggildingu til að leggja fram deiliuppdrætti að skipulagi lóðar.

Um 53. gr.

Greinin er nýmæli og fjallar um löggildingu prófhönnuða. Slíka löggildingu geta verkfræðingar með sérmenntun og löggildingu á viðkomandi hönnunarsviði fengið, enda hafi þeir sex ára starfsreynslu á þessu sviði, þar af minnst eitt ár í eftirliti með framkvæmdum. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um hæfisskilyrði prófhönnuða, störf þeirra og starfshætti og að viðkomandi gangist undir próf sem Skipulagsstofnun eða Háskóli Íslands mundu standa fyrir. Talið er mikilvægt að prófhönnuðir hljóti löggildingu enda mikið í húfi að rétt sé að hönnun staðið, t.d. varðandi styrkleika bygginga. Slíkt fyrirkomulag hefur verið tekið upp í nágrannalöndunum.

Um 54. gr.

Í þessari grein og næstu er fjallað um sama efni og í 19. gr. byggingarlaga. Hertar eru til muna reglur um byggingarstjórn og sett það skilyrði að við gerð hvers mannvirkis skuli vera einn ábyrgur aðili, sem nefnist byggingarstjóri, en um það eru aðeins heimildarákvæði í gildandi lögum. Tekið er fram hverjir geta orðið byggingarstjórar en frá setningu gildandi byggingarlaga árið 1978 hefur þeim aðilum fjölgað mjög sem uppfylla þær kröfu sem gerðar eru til byggingarstjóra samkvæmt þessu frumvarpi. Ákvæðin um verksvið byggingarstjóra eru samhljóða 17. gr. gildandi laga en nýmæli er að í byggingarreglugerð skuli kveðið á um samning milli byggingarstjóra og eiganda byggingarframkvæmda. Það er og nýmæli að byggingarstjóri skuli hafa ábyrgðartryggingu.

Ákvæði um ábyrgð byggingarstjóra er að mestu samhljóða 1. mgr. 18. gr. byggingarlaga en bætt er við að byggingarstjóri skuli við lok framkvæmda staðfesta að byggt hafi verið í samræmi við samþykkta uppdrætti, lög og reglugerðir. Kveðið er á um hvernig staðið skuli að málum ef byggingarstjóri hættir áður en verki er lokið og skal gera úttekt á þeim verkhluta sem lokið er og samþykki fráfarandi og aðkomandi byggingarstjóra skal liggja fyrir.

Um 55. gr.

Í þessari grein sem er nýmæli er fjallað um ábyrgð iðnmeistara gagnvart eiganda byggingarframkvæmda og byggingarfulltrúa og hverjir geta hlotið viðurkenningu byggingarfulltrúa til þess að taka á sig líka ábyrgð. Til þess að fá að starfa sem byggingarmeistari þarf sérstakt leyfi ráðherra. Iðnmeistarar, sem lokið hafa prófi frá meistaraskóla og fengið meistarabréf, geta hlotið slíka löggildingu, enda hafi þeir starfað sem meistarar í iðn sinni. Leita skal umsagnar Samtaka iðnaðarins áður en leyfi er veitt og kveðið skal nánar á um menntun, starfsreynslu, réttindi og skyldur iðnmeistara í byggingarreglugerð. Ákvæði er um hvernig staðið skuli að málum ef iðnmeistari hættir áður en verki er lokið, þ.e. með úttekt á þeim verkhlutum sem lokið er og með samþykki fráfarandi og aðkomandi iðnmeistara. Skal það tilkynnt byggingarfulltrúa án tafar.

Um 56. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 28. og 29. gr. gildandi byggingarlaga. Það er þó nýmæli að gjöld þessi megi ekki vera hærri en sem nemur kostnaði við útgáfu leyfa, við útmælingu, eftirlit og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té, enda er hér um að ræða greiðslu fyrir sannanlegum kostnaði sem sveitarfélögin verða fyrir vegna þessara starfa.

Um 57. gr.

Í þessari grein er fjallað um bílastæðagjald sem ekki hefur verið sérstaklega kveðið á um í lögum en samsvarandi ákvæði hafa verið í skipulagsreglugerð allt frá 1966. Sveitarstjórn getur ákveðið að innheimta slíkt gjald ef ekki er unnt að koma fyrir á lóð nýbyggingar þeim fjölda bílastæða sem kröfur eru gerðar um. Gjaldið má nema áætluðum kostnaði við gerð þeirra bílastæða er á vantar. Sveitarstjórn getur sett sérstaka gjaldskrá um bílastæðagjöld í sveitarfélaginu sem ráðherra staðfestir. Gert er ráð fyrir að gjöldin renni í sérstakan sjóð sem varið skal til að afla bílastæða þannig að gagn verði að fyrir þá lóð sem um ræðir.

Um 58. gr.

Greinin er efnislega eins og 30. gr. byggingarlaga að öðru leyti en því að byggingarleyfisgjöldum og bílastæðisgjöldum fylgi lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og að innheimta má gjaldfallin gjöld með fjárnámi.

Um VI. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um þvingunarúrræði úttektar- og eftirlitsaðila, ábyrgð aðila og viðurlög við brotum á lögunum og reglugerðum sem settar verða samkvæmt þeim.

Um 59. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 31. gr. byggingarlaga og nær nú einnig til atriða er varða skipulagsáætlanir. Þó er gerð sú breyting að þar sem byggingarfulltrúi stöðvar framkvæmdir skuli hann leita staðfestingar byggingarnefndar um stöðvun svo fljótt sem við verður komið.

Í 4. mgr. er það nýmæli að finna að skipulagsstjóri getur hlutast til um að mannvirki sem falla undir IV. kafla laganna og reist hafa verið án samþykkis sveitarstjórnar verði fjarlægð á kostnað sveitarfélags ef sveitarstjórn hefur látið hjá líða að framkvæma verkið innan sex mánaða frá því henni varð kunnugt um málið. Hér er um öryggisákvæði að ræða til þess gert að ýta á eftir því að sveitarstjórnir sinni þeirri skyldu að láta fjarlægja mannvirki sem reist hafi verið án leyfis. Enn fremur er lagt til það nýmæli í lögum, sbr. 5. mgr., að sé brunaöryggi ábótavant við lokaúttekt mannvirkis skuli byggingarfulltrúi koma í veg fyrir að húsið verði tekið í notkun þar til úr hefur verið bætt.

Um 60. gr.

Hér er fjallað um aðgerðir yfirvalda til að knýja á um úrbætur með beitingu dagsekta og með því að láta vinna verk á kostnað þess sem vanrækt hefur að vinna verkið.

Um 61. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 32. gr. gildandi byggingarlaga að breyttu breytanda.

Um 62. gr.

Í þessari grein er fjallað um heimildir byggingarnefndar og ráðherra til að veita iðnmeistara áminningu og við ítrekað brot getur ráðherra að fenginni ósk byggingarnefndar svipt hann viðurkenningu um tiltekinn tíma eða fyrir fullt og allt. Rétt þykir að þetta vald sé í höndum ráðherra enda veitir hann iðnmeistara löggildingu til starfans.

Um 63. gr.

Hér er fjallað um refsiábyrgð og að um slík mál fari að hætti opinberra mála. Það er nýmæli að refsimál skuli aðeins höfðað að áður hafi reynt á þvingunarúrræði 59.–62. gr. Mjög mikilvægt er að yfirvöld láti reyna á þvingunarúrræðin fyrst, þannig að ekki komi til afskipta ákæruvaldsins fyrr en þau þrýtur.

Um 64. gr.

Í greininni er fjallað um yfirstjórn skipulags- og byggingarmála á varnarsvæðum sem er í höndum utanríkisráðherra í samræmi við ákvæði laga nr. 106/1954, sbr. lög nr. 110/1951, sbr. og lög um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, og reglugerð forseta Íslands nr. 96/1969, um Stjórnarráð Íslands. Beita skal ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og reglugerða settum samkvæmt þeim á varnarsvæðum eftir því sem við getur átt, þar á meðal um gjaldheimtu. Utanríkisráðherra skipar skipulags- og byggingarnefnd sem fer með þessi mál á varnarsvæðum og skal nefndin hafa náið samráð við Skipulagsstofnun og forsvarsmenn sveitarfélaga, sem hlut geta átt að málum. Utanríkisráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar að höfðu samráði við umhverfisráðherra. Þótt þessi grein sé nýmæli í skipulags- og byggingarlögum hefur framkvæmdin verið með þessum hætti í samræmi við þau verkefni sem utanríkisráðherra eru falin á varnarsvæðum samkvæmt áðurnefndum lögum.

Um 65. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

1. Mjög brýnt er að skipulagsreglugerð og byggingarreglugerð, sbr. 10. og 39. gr., öðlist gildi um leið og lögin. Ákvæðið leggur þær kröfur á umhverfisráðherra að hann láti vinna að gerð þessara reglugerða á þeim tíma sem gefst frá samþykkt laganna til gildistöku.
2. Brýnt er að öll sveitarfélög hafi gert aðalskipulag innan tiltekins tíma. Reiknað er með að tíu árum frá gildistöku laganna hafi öll sveitarfélög staðfest aðalskipulag. Ráðherra er þó heimilt, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar, að veita undanþágu frá þessu ákvæði þar sem aðstæður knýja ekki á um gerð aðalskipulags, auk þess sem ráðherra getur að tillögu Skipulagsstofnunar sett sveitarstjórn styttri frest en tíu ár ef aðstæður knýja á um gerð aðalskipulags, t.d. á þéttbýlisstöðum.
3. Skylt er að tryggja rétt eldri hönnuða til þess að leggja teikningar fyrir byggingarnefndir og rétt iðnmeistara og byggingarstjóra til að standa fyrir framkvæmdum. Munu þeir halda réttindum sínum við gildistökuna.
4. Brýnt er að tryggja að þeir sem gegna starfi byggingarfulltrúa við gildistökuna haldi þeim rétti sínum og eiga þeir kröfu á löggildingu ráðherra að fenginni umsókn, innan ákveðinna tímamarka sem verða sett í reglugerð.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til skipulags- og byggingarlaga.

Með frumvarpi þessu eru sameinuð og enduskoðuð skipulagslög, nr. 19/1964, og byggingarlög, nr. 54/1978. Þeir þættir, sem munu að mati fjármálaráðuneytis hafa áhrif á útgjöld og tekjur ríkissjóðs, eru eftirfarandi:

1. Skipulagsgjald verður nú innheimt af öllum mannvirkjum sem reist verða (37. gr.) en í núgildandi lögum er það einungis innheimt af nýbyggingum. Skipulagsgjald er óbreytt og nemur 3‰ af brunabótamati hvers mannvirkis sem reist er. Ef um er að ræða mannvirki sem ekki er metið til brunabótaverðs skal miða skipulagið við endurstofnverð mannvirkisins. Hér er um umtalsverða viðbót að ræða þar sem gjaldið mun nú ná til allrar mannvirkjagerðar, svo sem vega, hafna, flugvalla, virkjana, veitna o.fl. Í frumvarpinu er ekki að finna skilgreiningu á hvað telst vera mannvirki eða hvort miðað sé við einhver neðri mörk í álagningu gjaldsins en gert er ráð fyrir að það verði skilgreint í skipulags- og byggingarreglugerð eftir því sem talin er þörf á.

   Það er mat Þjóðhagsstofnunar að fjármunamyndun í mannvirkjum hins opinbera, öðrum en húsbyggingum sem greitt er skipulagsgjald af samkvæmt gildandi lögum, geti numið um 15 milljörðum króna á árinu 1996. Sé gert ráð fyrir að fasteignamat slíkra mannvirkja nálgist kostnaðarverð má ætla að 3‰ skipulagsgjald gefi um 45 m.kr. í tekjur til viðbótar við 71 m.kr. sem áætlað er að skipulagsgjald gefi af sér í sértekjur við embætti skipulagsstjóra ríkisins í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1996. Mannvirki í einkageiranum, önnur en nýbyggingar, verða einnig skipulagsgjaldsskyld með frumvarpi þessu en slík mannvirki eru fá enn sem komið er.
2. Í 36. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um greiðslu kostnaðar.

   1. tölul. fjallar um kostnað við gerð svokallaðs landsskipulags. Sá kostnaður greiðist að fullu af viðkomandi stofnun en Skipulagsstofnun ber kostnað af gagnaöflun og vinnslu sem hún annast fyrir landsskipulag. Unnið hefur verið að svokölluðu landfræðilegu upplýsingakerfi en stefnt er að því að færa gagnaupplýsingar inn í það. Heildarkostnaður Skipulagsstofnunar af landsskipulagi er talinn geta numið um 2 m.kr. og meira ef til þess kemur að landsskipulag verði meira en upplýsingabanki og rammi fyrir aðrar skipulagsáætlanir.

   2. tölul. kveður á um að kostnaður við gerð svæðisskipulags greiðist til helminga af Skipulagsstofnun og hlutaðeigandi sveitarfélögum í samræmi við áður gerðan samning. Embætti skipulagsstjóra telur að á næsta áratug verði ráðist í tíu ný svæðisskipulagsverkefni og muni hvert þeirra kosta ríkissjóð um 5 m.kr., samtals um 50 m.kr. Að auki er gert ráð fyrir 3 m.kr. á ári til endurskoðunar svæðisskipulagsáætlana. Þetta er svipaður kostnaður og gert er ráð fyrir í þetta verkefni á næsta ári þannig að ekki er um kostnaðarauka að ræða.

Í 3. tölul. segir að þar sem sveitarstjórnir annist reglulega endurskoðun og gerð aðalskipulags án sérststaks samnings við Skipulagsstofnun yfirfæri stofnunin árlega til sveitarsjóðs allt að helming innheimtra skipulagsgjalda í sveitarfélaginu. Hér er um að ræða alls 15–20 m.kr. sem endurgreiðast til tíu sveitarfélaga og er það ekki breyting frá því sem nú er.

4. tölul. kveður á um kostnað við gerð aðalskipulags en með sérstökum samningi sveitarfélags við Skipulagsstofnun getur hún tekið þátt í kostnaði við gerð eða endurskoðun aðalskipulags sem nemur allt að helmingi kostnaðar eftir því sem nánar er kveðið á um í fjárlögum. Þar sem sérstakar aðstæður ríkja er unnt að semja um hærri kostnaðarþátttöku Skipulagsstofnunar. Í ákvæði til bráðabirgða segir að tíu árum eftir gildistöku laganna skuli öll sveitarfélög hafa gert aðalskipulag en talið er að það séu um 40 nýjar aðalskipulagsáætlanir. Ef miðað er við helmingaskipti getur hlutur ríkissjóðs í kostnaði hvers þeirra numið 3 m.kr. eða samtals 120 m.kr. Sé þeim kostnaði dreift á næsta áratug yrði hann um 12 m.kr. á ári. Því til viðbótar má reikna með 10 m.kr. á ári til endurskoðunar aðalskipulagsáætlana. Árlegur kostnaður mundi því nema um 22 m.kr. og er það um 8 m.kr. aukning miðað við það sem nú er.

Í 5. tölul. er kveðið á um að deiliskipulag greiðist úr sveitarsjóði og er það óbreytt frá gildandi fyrirkomulagi.

Í 6. tölul. er fjallað um kostnað við mælingar, loftljósmyndun og kortagerð sem nauðsynleg er vegna aðalskipulags og svæðisskipulags. Kveðið er á um að sá kostnaður greiðist úr ríkissjóði en að sveitarfélög skuli endurgreiða helming slíks kostnaðar. Sambærilegt ákvæði er ekki að finna í gildandi lögum en í reynd hefur þetta verið framkvæmt með þessum hætti. Talið er að kostnaður við þetta verkefni geti numið um 6. m.kr. sem er svipað og verið hefur.

Alls er áætlað að kostnaðarauki vegna 36. gr. geti numið um 10 m.kr.

3. Skipulagsstjórn ríkisins, sem skipuð er fimm mönnum, verður lögð niður samkvæmt frumvarpinu. Ger er ráð fyrir að sett verði á fót sérstök úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála (8. gr.) sem skipuð verði þremur mönnum. Ætla má að sparnaður af niðurlagningu skipulagsstjórnar vegi á móti kostnaðarauka vegna úrskurðarnefndarinnar.
4. Gert er ráð fyrir að Skipulagsstofnun standi fyrir prófum fyrir hönnuði og prófhönnuði sem leita löggildingar. Kostnaðarauki af slíkum prófum er talinn vera óverulegur en að mati fjármálaráðuneytis er eðlilegt að þau standi undir sér með prófgjöldum.

Að öllu samanlögðu er það mat fjármálaráðuneytis að verði frumvarpi óbreytt að lögum muni það hafa í för með sér að útgjöld aukist um 10 m.kr. Áætlaður tekjuauki er um 45 m.kr., að því gefnu að skipulagsgjaldið innheimtist að fullu. Hluti þessara auknu tekna endurgreiðist til þeirra sveitarfélaga sem sjálf annast sín skipulagsmál, sbr. 3. tölul. 36. gr.

Ekki er talið að frumvarpið muni hafa veruleg áhrif á útgjöld sveitarsjóða.

391. Nefndarálit [147. mál]

um frv til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, verður að skoðast samhliða frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996, svo og frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tryggingagjald.

Í frumvörpum þessum eru fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar á sviði skattamála settar fram. Þær miða að því að

a. auka tekjur um 1,8 milljarða kr. með hækkun tryggingagjalds og frystingu persónuafsláttar,
b. afnámi sjálfvirkni eða sjálfvirkrar tengingar skatta eða bóta við verð- eða launavísitölu og
c. kveða á um skattfrelsi lífeyrisiðgjalds launafólks.

Frumvarpið, sem er til umfjöllunar, snýr einkum að nauðsynlegum breytingum á tekju- og eignarskatti vegna þess ásetnings ríkisstjórnarinnar að afnema sjálfvirkni á sviði skattamála. Þá fjallar það einnig um framlengingu 5% hátekjuskatts. Þar að auki eru smávægilegar breytingar á lögunum sem falla fremur undir snyrtingarvinnu en efnislegar breytingar.

Það er jákvæðri framvindu efnahagsmála ekki til framdráttar að viðhalda sjálfvirkni í efnahagslífinu heldur verður að teljast eðlilegt að um það þurfi að taka sérstaka ákvörðun hverju sinni hvaða breytingum viðkomandi bóta- eða afsláttargreiðslur eiga að taka. Þetta breytir því ekki að mikilvægt er að kaupmætti bóta almannatrygginga sé viðhaldið. Þótt það snerti ekki þetta frumvarp beint telur 1. minni hluti að eðlilegt sé að viðhalda tengingu milli almennrar launaþróunar og breytinga á atvinnuleysisbótum, enda hafi þær verið miðaðar við tiltekið hlutfall launa.

Stærsta skerðingarákvæði þessa frumvarps er frysting persónuafsláttar miðað við það sem var við álagningu tekjuskatts í ár. Þessi eina aðgerð er talin munu spara ríkissjóði 900 millj. kr. á ári.

Í þessu frumvarpi er einnig sérstakt ákvæði um hækkun barnabótaauka, en hækkun hans er talin kosta 500 millj. kr. Alþýðuflokkurinn fagnar þessu en telur að ganga þurfi lengra þar sem aðstæður hafi breyst, auk þess sem þegar hafi verið gengið of langt í tekjutengingu í skattkerfinu. Alþýðuflokkurinn mun því flytja tillögu við 2. umræðu um fjárlög sem gengur lengra en þessi og vill að jaðarskattar verði lækkaðir meira með breytingum á gildandi reglum um barnabótaauka og vaxtabætur.

Hvað viðvíkur svokölluðum hátekjuskatti eða sérstökum tekjuskatti gerir 1. minni hluti ekki athugasemdir við framlengingu hans. Um það höfðu menn verið ásáttir á tímum síðustu ríkisstjórnar að hann yrði í gildi a.m.k. svo lengi sem fjármagnstekjuskatturinn væri ekki orðinn að lögum. Þótt hærra þrepið í tekjuskatti skili ekki miklum fjármunum í ríkissjóð er það yfirlýsing um að „breiðu bökin“ eigi að borga meira í sameiginlegan sjóð en aðrir. Það eru mikilvæg og óhjákvæmileg skilaboð nú.

Þótt þetta frumvarp afmarkist af tilteknum efnissviðum er rétt að fara nokkrum orðum um gagnrýni Alþýðuflokksins á veilur tekjuskattskerfisins. Þegar hefur verið greint frá því að flokksmenn eru ósáttir við þá miklu tekjutengingu sem er í skatta- og bótakerfinu, einkum hjá barnafólki og þeim sem eru að koma sér upp húsnæði. Jaðarskattar, sem geta farið í 64%, og í öðrum tilvikum hærra, eru ekki þolandi. Tekjutenging er réttlætanleg innan skynsamlegra marka, en þau mörk höfum við farið yfir. Alþýðuflokkurinn vill ekki aðeins draga úr skerðingu vegna barnabóta heldur einnig vaxtabóta. Hann telur að það þoli enga bið og að hægt sé að gera breytingar þar á án þess að það kosti mikil útgjöld í fyrstu umferð. Þingflokkurinn mun bera fram frumvarp til laga þar að lútandi á næstunni.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið kemur fram að fyrirhugað sé að taka upp fjármagnstekjuskatt á næsta ári. Alþýðuflokkurinn hefur lengi barist fyrir því að koma á fjármagnstekjuskatti sem réttlætismáli. Það var þó ekki fyrr en í tengslum við ráðstafanir sem gerðar voru í desembermánuði sl. að tókst að fá sjálfstæðismenn til að samþykkja yfirlýsingu sem var bindandi og ótvíræð um að lög þess eðlis skyldu samþykkt á því þingi sem nú situr. Þá risu framsóknarmenn upp af bjarnarsvefni sínum í þessu máli og neituðu að skipa mann í nefndina. Eftir að þeim hafði verið tjáð af fyrrverandi ríkisstjórn að nefndin mundi engu að síður taka til starfa skiptu þeir um skoðun og drögnuðust með.

Það hefur því ekki verið auðvelt verk að knýja á um þetta sanngirnismál. Því ber að fagna þegar nú virðist almenn samstaða um að hrinda þessu réttlætismáli í framkvæmd.

Alþingi, 14. des. 1995.

Jón Baldvin Hannibalsson.

392. Frumvarp til laga [252. mál]

um spilliefnagjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

I. KAFLI
Markmið, gildissvið o.fl.

1. gr.

Markmið laga þessara er að koma í veg fyrir mengun af völdum spilliefna með því að skapa hagræn skilyrði fyrir söfnun, meðhöndlun og viðunandi endurnýtingu eða eyðingu þeirra.

Til þess að standa straum af kostnaði við söfnun, meðhöndlun, endurnýtingu eða eyðingu spilliefna, eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum, er heimilt að leggja sérstakt gjald, spilliefnagjald, á vörur sem geta orðið að spilliefnum.

2. gr.

Með vörum sem geta orðið að spilliefnum er í lögum þessum átt við vörur og efni, sbr. 6. gr., hrein eða þegar þau eru hluti af öðrum efnum eða vörum, auk umbúða þeirra, sem haft geta mengandi eða óæskileg áhrif á umhverfi.

3. gr.

Ráðherra skipar spilliefnanefnd til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti sex menn: einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn af Vinnuveitendasambandi Íslands, einn af Samtökum iðnaðarins, einn af Alþýðusambandi Íslands og einn eftir sameiginlegri tilnefningu Samtaka fiskvinnslustöðva og Landssambands íslenskra útvegsmanna. Ráðherra skipar formann án tilnefningar. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir með sama hætti. Falli atkvæði jafnt ræður atkvæði formanns.

4. gr.

Spilliefnanefnd skal gera áætlun um hvernig best verði staðið að söfnun, meðhöndlun, endurnýtingu og eyðingu spilliefna. Nefndin skal hafa náið samráð við sérfræðinga og hagsmunaaðila um skilgreiningu markmiða hvað einstök viðfangsefni varðar og um val á aðferðum til að ná settum markmiðum.

Nefndinni er heimilt að staðfesta samninga milli fyrirtækja og atvinnugreina um ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun af völdum spilliefna í sambandi við söfnun þeirra og eyðingu ef sýnt þykir að það fyrirkomulag þjóni markmiðum laganna. Er viðkomandi vara þá undanþegin gjaldtöku samkvæmt lögum þessum.

II. KAFLI
Spilliefnagjald.

5. gr.

Spilliefnagjald er gjald sem lagt er á vörur sem geta orðið að spilliefnum. Spilliefnagjald skal standa undir óhjákvæmilegum kostnaði af söfnun, meðhöndlun, endurnýtingu og eyðingu spilliefna og lýtur stjórn spilliefnanefndar.

Spilliefnagjaldinu skal skipt í flokka, sbr. 2. mgr. 6. gr., og skal hver flokkur vera fjárhagslega sjálfstæður. Að fengnum tillögum spilliefnanefndar skal umhverfisráðherra kveða nánar á um skiptinguna í reglugerð.

Spilliefnagjaldinu skal varið til greiðslu kostnaðar vegna móttöku spilliefna, meðhöndlunar, flutnings frá söfnunarstöðvum til eyðingarstöðva og eyðingar, enda hafi verið greitt sérstakt gjald af vörunum skv. 6. gr. Jafnframt skal því varið til greiðslu kostnaðar við framkvæmd laga þessara.

Spilliefnanefnd semur við þar til bæran aðila um vörslu og ávöxtun gjaldsins. Ársreikningar skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun og birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

Í reglugerð, sem ráðherra setur, að fengnum tillögum spilliefnanefndar, skal kveða nánar á um hlutverk nefndarinnar, starfshætti og úthlutunarreglur.

Spilliefnanefnd skal að jafnaði bjóða út framangreinda verkþætti til allt að fimm ára í senn. Á grundvelli útboðs skal nefndin semja um endurgjald vegna móttöku, söfnunar, flutnings og eyðingar og meðhöndlunar á spilliefnum. Þetta skal gert fyrir landið allt eða einstök landsvæði eða vegna framkvæmda einstakra verkþátta, eftir því sem henta þykir. Við gerð áætlana og samninga samkvæmt framanskráðu skal við það miðað að ná sem mestum árangri með sem minnstum tilkostnaði. Þar sem útboð tekst ekki skal spilliefnanefnd gera tillögur um upphæð gjalda.

III. KAFLI
Gjaldskyldar vörur.

6. gr.

Gjaldskylda nær til allra vara sem fluttar eru til landsins eða eru framleiddar hér á landi. Við flokkun til gjaldskyldu samkvæmt lögum þessum skal fylgt flokkunarreglum tollalaga, nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, og gilda ákvæði þeirra jafnframt um úrskurðarvald í ágreiningsmálum um tollflokkun vara.

Spilliefnagjald skal lagt á neðangreinda vöruflokka:

1. Olíuvörur:
   a. svartolía, allt að 0,1 kr. á hvert kg,
   b. önnur olía en brennsluolía, allt að 1,0 kr. á hvert kg.
2. Lífræn leysiefni, klórbundin efnasambönd o.fl.:
   a. lífræn leysiefni, allt að 0,5 kr. á hvert kg,
   b. halógeneruð efnasambönd, allt að 900 kr. á hvert kg,
   c. ósoneyðandi efni, allt að 900 kr. á hvert kg,
   d. ísósyanöt, allt að 1,0 kr. á hvert kg.
3. Málning og litarefni, allt að 2,0 kr. á hvert kg.
4. Rafhlöður og rafgeymar:
   a. rafhlöður, allt að 200 kr. á hvert kg,
   b. rafgeymar, allt að 60 kr. á hvert kg.
5. Ljósmyndavörur: framköllunarvökvar og fixerar, allt að 300 kr. á hvert kg.
6. Ýmsar aðrar efnavörur (kemískar vörur), allt að 5,0 kr. á hvert kg.

Ráðherra skal, að fenginni tillögu spilliefnanefndar, ákveða með reglugerð upphæð gjaldsins á vörur í vöruflokkum skv. 2. mgr. Nefndin skal miða tillögur sínar við áætlun um söfnun, endurnýtingu og eyðingu viðkomandi spilliefna á grundvelli útboða og verksamninga, svo og að tekjur og gjöld í hverjum flokki, sbr. 1. mgr., standist á. Að fengnum tillögum spilliefnanefndar er ráðherra heimilt í reglugerð að undanþiggja einstakar vörur gjaldskyldu.

7. gr.

Skylda til að greiða spilliefnagjald hvílir á þessum aðilum:

1. Öllum þeim sem flytja til landsins vörur sem geta orðið að spilliefnum hvort sem þær eru til eigin nota eða endursölu.

   Spilliefnagjald af innfluttum gjaldskyldum vörum skal innheimt ásamt aðflutningsgjöldum.

   Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum um gjaldskyldu, álagningu, innheimtu, stöðvun tollafgreiðslu, veð, sektir, viðurlög og refsingar og aðra framkvæmd varðandi spilliefnagjald af innfluttum gjaldskyldum vörum skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim
2. Öllum innlendum aðilum sem framleiða vörur sem geta orðið að spilliefnum.

   Spilliefnagjald af innlendum framleiðsluvörum reiknast við sölu eða afhendingu gjaldskyldrar vöru frá framleiðanda. Gjaldinu skal skilað mánaðarlega.

   Aðilum, sem keypt hafa hráefni eða efnivöru til gjaldskyldrar framleiðslu sinnar og greitt af því spilliefnagjald, er heimilt að draga það frá við endanleg skil gjaldsins.

   Að því leyti sem ekki er ákveðið í lögum þessum skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

8. gr.

Fyrir spilliefni, sem verða til hjá einstaklingum og lögaðilum og ekki eru til komin vegna notkunar á vörum sem getið er í 6. gr., skal greiða gjald til móttökustöðva í samræmi við þann kostnað sem af eyðingunni hlýst.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

9. gr.

Ráðherra skal, að fengnum tillögum spilliefnanefndar, kveða á um í reglugerð með hvaða hætti spilliefnum skuli skilað til móttökustöðva, svo og um fyrirkomulag útboða skv. 5. gr. Í reglugerðinni skal birta skrá yfir vörur sem geta orðið að spilliefnum, tollskrárnúmer þeirra og heiti, sbr. 6. gr. Uppfylli umbúnaður og samsetning spilliefna ekki settar reglur er ráðherra heimilt, samkvæmt tillögum spilliefnanefndar, að ákveða með gjaldskrá sérstakt gjald í móttökustöðvum fyrir meðhöndlun eða undirbúning spilliefna fyrir endurnýtingu eða eyðingu þeirra.

Jafnframt er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum spilliefnanefndar, að kveða á um greiðslur til aðila ef umbúnaður eða úrvinnsla spilliefna sem þeir skila er með þeim hætti að það spari kostnað á síðari stigum.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál vegna slíkra brota skal farið að hætti opinberra mála.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. skal ákvæði 6. gr. um innheimtu gjalda eigi koma til framkvæmda fyrr en 1. júlí 1996 og ákvæði 5. gr. um greiðslu kostnaðar eigi fyrr en 1. desember 1996.

Heimilt er þó að fresta álagningu gjalda samkvæmt einstökum töluliðum 6. gr. eftir því sem spilliefnanefnd leggur til. Stefnt skal að því að álagningu gjalda verði komið á í áföngum og að fullu í síðasta lagi árið 2000. Spilliefnanefnd skal fyrir 15. júní 1996 skila tillögum að áætlun um framkvæmd álagningar á einstaka vöruflokka til umhverfisráðherra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp til laga um sérstakt gjald á vörur sem geta orðið að spilliefnum er samið í umhverfisráðuneytinu. Það var fyrst lagt fram á 117. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Er það endurflutt hér nokkuð breytt. Við undirbúning frumvarpsins var m.a. haft samráð við þá aðila sem sjá um meðhöndlun spilliefna hér á landi, Samtök iðnaðarins, Vinnuveitendasamband Íslands, fjármálaráðuneytið og Hollustuvernd ríkisins. Jafnframt hefur verið athugað hvernig þessum málum er háttað í nágrannalöndum okkar. Frumvarpið er unnið í nánu samráði við atvinnulífið og óskir þess. Verði frumvarpið að lögum mun það færa mjög mikla ábyrgð til atvinnulífsins sem hefur mikilla hagsmuna að gæta að verkefni það sem frumvarpið fjallar um verði leyst vel og á sem hagkvæmastan hátt.

Með frumvarpinu er verið að skapa hagræn skilyrði fyrir söfnun, endurnýtingu og förgun spilliefna og leggja þannig grunn að skipulagðri söfnun spilliefna fyrir landið allt. Meðal meginmarkmiða ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum er að stefna að því að beita umhverfisgjöldum í ríkara mæli til að stuðla að aukinni endurnýtingu og bættri förgun úrgangs og að sérstök áhersla verði lögð á að allri losun umhverfisskaðlegra efna í almennar fráveitur verði hætt. Í frumvarpinu er leitast við að útfæra mengunarbótaregluna (Polluter Pays Principle) á þann hátt að það hvetji til betri söfnunar og meðferðar spilliefna. Í henni felst að þeir sem menga umhverfið eða spilla því greiði kostnað af aðgerðum sem miða að því að koma í veg fyrir umhverfisskaða. Núverandi fyrirkomulag er letjandi þótt það byggist einnig á mengunarbótareglunni.

Markmið frumvarpsins kemur fram í 1. gr. þess. Það er einkum að skapa hagræn skilyrði fyrir söfnun, endurnýtingu og förgun spilliefna og tryggja þannig að unnt verði að koma í veg fyrir umhverfismengun af völdum spilliefna og að einstaklingar og lögaðilar skili spilliefnum til viðurkenndra móttökustöðva. Markmiðið er enn fremur að stuðla að endurnýtingu og eyðingu spilliefna og tryggja örugga meðferð þeirra. Leiðin, sem valin er í frumvarpinu, á að tryggja að á hverjum tíma sé fyrir hendi fé til þess að standa straum af kostnaði við venjulega meðhöndlun, eyðingu og flutning spilliefna til móttöku- eða eyðingarstöðva. Stefnt er að því að einstaklingar og lögaðilar, sem skila spilliefnum til móttökustöðva, þurfi að jafnaði ekki að greiða fyrir þjónustuna, enda hafi sérstakt gjald verið lagt á vörur sem geta orðið að spilliefnum. Í frumvarpinu er lagt til að fjármunum verði varið til söfnunar, meðhöndlunar, eyðingar og endurnýtingar spilliefna eftir því sem nánar er kveðið á um þar.



Í frumvarpinu er valin sú leið að leggja á sérstakt gjald, spilliefnagjald, er standi undir kostnaði við söfnun, meðhöndlun og eyðingu eða endurnýtingu spilliefna að því marki sem nánar er kveðið á um þar Í samráði við Samtök iðnaðarins og Vinnuveitendasamband Íslands er lagt til að gjaldinu verði skipt í flokka og að sem flestir þættir, sem tengjast verkefninu, verði boðnir út til að ná fram ýtrustu hagkvæmni. Gert er ráð fyrir að uppgjör fari fram, sbr. tollflokka, eigi sjaldnar en ársfjórðungslega og að gjald verði lagt á einstaka tollflokka og síðan leiðrétt samkvæmt uppgjöri. Þannig er leitast við að miða gjaldið við raunverulegan kostnað við eyðingu eða endurnýtingu einstakra efna.

Verði frumvarp þetta að lögum mun söfnun spilliefna aukast umtalsvert. Bætt skil til móttökustöðva munu stuðla að frekari umhverfisvernd og tryggja örugga meðhöndlun þessara efna.

II. Framkvæmd sorphirðu.

Samkvæmt 6. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, ásamt síðari breytingum, eru sorphreinsun og sorpeyðing verkefni sveitarfélaga. Í stórum dráttum hefur framkvæmdin hvað spilliefni varðar verið með þeim hætti að sorpmóttökustöðvar einstakra sveitarfélaga hafa tekið á móti þeim, og séð um meðhöndlun þeirra eða flutning til þeirra aðila sem hafa fullnægjandi aðstöðu til þess að taka á móti þeim. Vegna þeirrar mengunarhættu sem stafað getur af spilli-

efnum er meðhöndlun þeirra að jafnaði flókin og kostnaðarsöm. Kostnaðurinn er ýmist greiddur úr sjóðum einstakra sveitarfélaga eða sveitarfélög hafa farið þá leið að leggja á almennt sorphirðugjald eða innheimt gjöldin með sérstökum gjaldskrám sem einstök fyrirtæki hafa þurft að greiða eftir þegar efnunum er skilað. Þetta fyrirkomulag hefur því miður haft í för með sér að einungis litlum hluta spilliefna er skilað til móttökustöðva.

III. Almennar forsendur.

Til þess að hægt sé að koma á skipulegri söfnun spilliefna þarf að tryggja nægilegt fjármagn til að standa undir þeim kostnaði sem fylgir endurnýtingu eða eyðingu þeirra. Frumvarpinu, sem hér er lagt fram, er ætlað að stuðla að því.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim forsendum sem frumvarp þetta byggist á.

Þegar kostnaður við endurnýtingu og eyðingu spilliefna er metinn verður m.a. að taka mið af kostnaði við eftirfarandi rekstrarþætti: flutning, meðferð, flokkun, pökkun o.fl. Hingað til hafa spilliefni, sem eytt hefur verið eða endurnýtt með viðunandi hætti, að mestu leyti verið flutt til útlanda til eyðingar. Hluta þeirra hefur þó verið eytt hér á landi en möguleikum til að eyða spilliefnum innanlands hefur fjölgað.

Við mat á flutningskostnaði er miðað við að það kosti um 11 kr. á kg að flytja spilliefni frá höfuðborgarsvæðinu til móttökustöðvar í Danmörku. Gert er ráð fyrir að vannýtt flutningsgeta verði notuð til að flytja efnin milli landshluta. Við mat á eyðingarkostnaði voru m.a. hafðar til hliðsjónar gjaldskrár Sorpeyðingar höfuðborgarsvæðisins bs. (Sorpu) og Kommunukemi sem er móttöku- og eyðingarstöð fyrir spilliefni í eigu sveitarfélaga í Danmörku. Einnig voru skoðaðar rekstrarkostnaðartölur frá Sorpu.

Nú liggja fyrir upplýsingar um magn spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðva hér á landi, allt frá árinu 1990. Hins vegar eru ekki til nákvæmar upplýsingar um það magn spilliefna sem fellur til hér á landi ár hvert.

Árið 1991 fékk Sorpa danskt ráðgjafafyrirtæki til að meta magn spilliefna hér á landi. Með hliðsjón af niðurstöðum danska fyrirtækisins sem Sorpa kynnti á sínum tíma og mati Hollustuverndar ríkisins og umhverfisráðuneytisins er miðað við að hér á landi falli til um 4.500 tonn af spilliefnum frá atvinnurekstri og heimilum í landinu árlega ef einungis er tekinn með olíusori og fastur olíuúrgangur en ekki sá hluti olíuúrgangs sem er tiltölulega auðvelt að endurnýta, svo sem notuð smurolía.

Gert er ráð fyrir því að uppsafnaður vandi sé ekki verulegur ef frá eru taldir ónýtir rafgeymar. Varlega áætlað má gera ráð fyrir að hér á landi séu um 3.000 til 4.000 tonn af ónýtum rafgeymum. Spilliefnum hefur verið skilað til Sorpu og annarra móttökustöðva að undanförnu, en mikill hluti hefur farið á hauga eða í fráveitur. Stefnt er að því með frumvarpinu að koma eins og hægt er í veg fyrir mengun af völdum spilliefna. Fullyrða má að spilliefni séu einn alvarlegasti mengunarvaldur hér á landi í dag.

Kostnaður við meðhöndlun og eyðingu spilliefna fer eftir tegundum. Efnin eru sett saman á ólíkan hátt og misjafnlega flókið er að eyða þeim. Þetta hefur í för með sér að eyðingarkostnaður er ekki alltaf sá sami. Enn fremur er misjafnt hversu hátt hlutfall af tiltekinni vöru verður að spilliefnum eins og fyrr hefur verið rakið. Við vinnslu frumvarpsins var reynt að meta hve hátt gjaldið, sem greiða þarf við innflutning, sbr. 7. gr., þarf að vera fyrir einstaka vöruflokka.

Í tonnum talið er úrgangsolía eða olíuúrgangur stærsti flokkur spilliefna sem falla til hér á landi. Magn úrgangsolíu er áætlað á bilinu 1.500–2.500 tonn á ári, byggt á magni olíusora og annarrar úrgangsolíu sem ekki verður nýtt með öðru móti. Áætlað er að allt að 4.000–5.000 tonn á ári falli til af úrgangsolíu ef sú úrgangsolía, sem hingað til hefur verið

notuð við ófullkomnar aðstæður í fiskimjölsverksmiðjur, ýmis kynditæki og þess háttar er talin með. Gert er ráð fyrir nýtingu úrgangsolíunnar hér á landi. Ef orkuinnihald úrgangsolíu er hátt þá er fyrst og fremst um að ræða kostnað við rekstur söfnunarkerfis, meðferð olíunnar og flutning hennar. Olíufélögin hafa hingað til séð um þennan þátt. Þess má geta að af þeim vörum sem falla undir gildissvið frumvarpsins er talið að olíuvörur séu um 99% af heildarmagni. Olíuúrgangur er talinn vera rúmlega 50% spilliefna sem falla til hér á landi. Gert er ráð fyrir að gjald sem greiða þarf við tollafgreiðslu olíuvara verði á bilinu 0,01 til 0,1 kr. á hvert kg og að þetta sérstaka gjald verði fyrst og fremst lagt á þær olíur sem mynda spilliefni, svo sem smurolíur og svartolíur.

Gert er ráð fyrir að greiða þurfi 0,1 til 0,5 kr. á hvert kg. við tollafgreiðslu á lífrænum leysiefnum, að eyðing þeirra eigi sér stað innan lands og að um 0,1% af leysiefnum sem flutt eru til landsins verði að spilliefnum.

Öðru máli gegnir um halógeneruð efnasambönd, klórbundin efni og ósoneyðandi efnasambönd. Eyðing og endurnýting þessara efna er tæknilega flókin, en markvisst er unnið að því að draga úr notkun þeirra til þess að koma í veg fyrir að þau fari út í andrúmsloftið. Stefnt er að því að kælimiðlum og þess háttar ósoneyðandi efnum verði skilað til móttökustöðva í því magni sem þau voru upphaflega. Jafnframt er við það miðað að senda þurfi þessi efni til annarra landa þar sem þau eru endurnýtt eða þeim eytt. Þetta getur þýtt það að leggja þurfi 300 til 900 kr. á hvert kg sem flutt verður til landsins.

Einnig er gert ráð fyrir að ísósyanöt þurfi áfram að senda til annarra landa til eyðingar og við það miðað að um 1% af efnunum sem koma til landsins verði að spilliefnum. Gert er ráð fyrir að leggja þurfi 0,5 til 1,0 kr. á hvert kg við tollafgreiðslu þessara efna.

Málning og litarefni verða að mestu leyti hluti af annarri framleiðslu eða eyðast við notkun. Þróunin hefur verið sú að þessar vörur innihalda minna af efnum sem skaðleg geta verið fyrir umhverfið en áður var. Stærsti hluti þessara efna er urðaður á sérstakan hátt á urðunarstöðum sem til þess hafa leyfi. Einungis litlum hluta, eða um 1%, sem er fyrst og fremst olíumálning og lakk, þarf að eyða sem spilliefnum. Einungis verður tekið gjald af þeim málningarvörum og litarefnum sem teljast til spilliefna og er gert ráð fyrir að það geti numið allt að 2 kr. á hvert kg.

Gert er ráð fyrir að einungis verði tekið gjald af þeim rafhlöðum sem hafa mest mengandi áhrif á umhverfið og að það verði á bilinu 130 til 200 kr. á hvert kg. Hér undir falla m.a. hnapparafhlöður og endurhlaðanlegar rafhlöður. Rafhlöður eru flokkaðar sem spilliefni innihaldi þær meira en 0,025% af kvikasilfri eða kadmíum.

Á því er byggt að 900 tonn af rafgeymum séu flutt til landsins árlega og um 600–650 tonn fari til þess að endurnýja þá rafgeyma sem fyrir eru. Líklegt er að 700 tonnum sé hent árlega. Gert er ráð fyrir að rafgeymar fái formeðhöndlun hér á landi og síðan verði þeir sendir úr landi til endurnýtingar. Miðað er við að það gjald sem leggja verði á rafgeyma við tollafgreiðslu þeirra verði á bilinu 30 til 60 kr. á hvert kg.

Framköllunarvökvar og „fixerar“ blandast mikið í notkun og skila sér því oft í meira magni sem spilliefni en upphaflega varan. Þetta hefur í för með sér meiri kostnað við meðhöndlun. Gert er ráð fyrir að þessar vörur skili sér að öllu leyti til móttökustöðva og leggja verði á þær gjald sem er um 50 kr. á hvert kg opnist möguleikar innan lands til að eyða þessum efnum en allt að 300 kr. á hvert kg, miðað við 85% vatnsinnihald í úrganginum, ef áfram þarf að senda þessi spilliefni utan til eyðingar.

Gert er ráð fyrir að um 1% af þeim vörum sem falla undir flokkinn ýmsar aðrar efnavörur verði að spilliefnum og það gjald sem lagt verður á þær verði á bilinu 0,1 til 2 kr. á hvert kg.

Að lokum er rétt að taka fram að verði frumvarp þetta að lögum er þeim ekki ætlað að taka á uppsöfnuðum vanda, t.d. hvað rafgeyma varðar. Brýnt er að leysa þessi mál með samkomulagi þeirra aðila er málið varðar áður en frumvarpið verður að lögum eða einstakir þættir laganna koma til framkvæmda.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni kemur fram markmið laganna. Meginmarkið þeirra er að skapa hagræn skilyrði fyrir söfnun, endurnýtingu og eyðingu spilliefna sem hvetji til bættrar söfnunar spilliefna og dragi úr mengun af þeirra völdum. Verði frumvarp þetta að lögum má gera ráð fyrir að það muni hafa í för með sér að nokkuð dragi úr notkun vara sem geta orðið að spilliefnum þar sem verð þeirra mundi hækka í innkaupum og gera aðra kosti aðgengilegri. Á þann hátt mun meginmarkmið frumvarpsins nást fram.

Víða í nágrannalöndum okkar er unnið að því að útfæra svonefnda mengunarbótareglu (Polluter Pays Principle). Sambærileg eða svipuð vinna fer nú fram hér á landi. Í frumvarpinu er lagt til að sérstakt gjald, spilliefnagjald, verði lagt á vörur sem geta orðið að spilliefnum. Reynslan hér hefur leitt í ljós að spilliefni skila sér ekki til móttökustöðva sem skyldi og virðist það m.a. helgast af þeirri staðreynd að kostnaðurinn af meðhöndlun og eyðingu efnanna er mikill og því er oft leitað annarra leiða. Óþarft er að fjölyrða um þá hættu fyrir heilsu manna og umhverfið sem fylgir því að geyma spilliefni eða farga þeim við óviðunandi aðstæður.

Með innheimtu spilliefnagjalds er stefnt að því að á hverjum tíma sé til staðar nægilegt fé til þess að tryggja viðunandi meðhöndlun og eyðingu efnanna.

Um 2. gr.

Í greininni er sett fram skilgreining á þeim vörum sem geta orðið að spilliefnum. Verði frumvarp þetta að lögum er þeim ætlað að gilda um vörur og efni sem geta orðið að spilliefnum, hrein eða þegar þau eru hluti af öðrum efnum eða varningi, sbr. ákvæði 6. gr. Enn fremur er þeim ætlað að gilda um umbúðir sem notaðar hafa verið utan um framangreindar vörur og komist í beina snertingu við þær. Flestar vörur sem frumvarpið gildir um eru þess eðlis að spilliefnin eru í annarri mynd en varan var upphaflega. Þetta á t.d. sérstaklega við um framköllunarvökva, en þegar notkun hans lýkur hefur umfang hans aukist verulega við vatnsblöndun. Mikill hluti þeirra vara sem frumvarpið gildir um verður hluti af tiltekinni framleiðslu eða notkun. Þetta hefur í för með sér að oft verður einungis lítill hluti þeirra að spilliefnum. Spilliefni eru skilgreind í mengunarvarnareglugerð sem sett er samkvæmt ákvæðum 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Um 3. gr.

Í greininni er kveðið á um að ráðherra skipi séstaka nefnd, svokallaða spilliefnanefnd. Lagt er til að nefndin verði auk fulltrúa ráðherra skipuð fulltrúum þeirra aðila sem málaflokkurinn snertir helst. Gerð er tillaga um að Samband íslenskra sveitarfélaga eigi fulltrúa vegna lögboðinnar skyldu sveitarfélaga í sorpeyðingarmálum og Vinnuveitendasamband Íslands, Samtök iðnaðarins og Samtök fiskvinnslustöðva og Landssambands íslenskra útvegsmanna sameiginlega vegna hagsmuna atvinnurekenda og iðnaðar í landinu og loks er lagt til að einn nefndarmaður verði tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands til að tryggja hagsmuni neytenda og starfsmanna.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um að spilliefnanefnd skuli gera áætlun um hvernig best verði staðið að söfnun, endurnýtingu og eyðingu einstakra spilliefna. Jafnframt er kveðið á um að nefndin skuli hafa náið samráð við sérfræðinga og hagsmunaaðila um skilgreiningu markmiða hvað einstök viðfangsefni varðar og um val á aðferðum til að ná þeim. Loks er í greininni kveðið á um að nefndin hafi heimild til að staðfesta frjálsa samninga milli fyrirtækja og atvinnugreina um ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun af völdum spilliefna í sambandi við söfnun þeirra og eyðingu ef sýnt þykir að slíkt fyrirkomulag þjóni markmiðum laganna.

Um 5. gr.

Til þess að greiða óhjákvæmilegan kostnað af söfnun, endurnýtingu og eyðingu spilliefna og tryggja framkvæmdina er lagt til að lagt verði á sérstakt gjald, spilliefnagjald, sem spilliefnanefnd hefur umsjón með.

Gjaldið skal lagt á vörur sem geta orðið að spilliefnum. Því skal skipt í flokka sem eru fjárhagslega sjálfstæðir.

Í 3. mgr. er markaður sá rammi sem fjármununum skal varið til. Meðferð og eyðingu spilliefna fylgir óhjákvæmilega nokkur kostnaður og með vísan til 1. gr. þarf að vera tryggt að nægilegt fé sé tiltækt á hverjum tíma til að mæta honum. Jafnframt er endurnýting og eyðing spilliefna tæknilega flókin og krefst sérhæfðra vinnubragða. Meðal annars af þeim sökum hafa spilliefni verið flutt til annarra landa til eyðingar. Sérstaklega er tekið fram að spilliefnanefnd skuli bjóða út verkþætti starfseminnar og verði þannig tryggt að ýtrustu hagkvæmni verði náð.

Í 5. mgr. er kveðið á um að ráðherra skuli í reglugerð setja nánari ákvæði um hlutverk spilliefnanefndar, starfshætti og úthlutunarreglur.

Um 6. gr.

Gjaldskylda nær til allra vara sem geta orðið að spilliefnum og er gjaldið ætlað til að standa straum af kostnaði við söfnun, meðhöndlun, eyðingu og endurnýtingu spilliefna. Í 1.–6. tölulið eru taldir upp gjaldskyldir vöruflokkar. Valin er sú leið í frumvarpinu að gera grein fyrir vöruflokkum, en þeir eru ásamt tollnúmerum eftirfarandi:

1. Olíuvörur, m.a. tollskrárnúmer 2707, 2709, 2710 (ekki gasolía, bensín og þess háttar) og 3811.
2. Lífræn leysiefni, klórbundin efnasambönd o.fl.:
   a. lífræn leysiefni, m.a. tollskrárnúmer 2901, 2902, 2912 og 3814,
   b. halógeneruð efnasambönd, m.a. tollskrárnúmer 3818,
   c. ósoneyðandi efni, m.a. tollskrárnúmer 2903 og 3823,
   d. ísósyanöt, m.a. tollskrárnúmer 2929.
3. Málning og litarefni, m.a. tollskrárnúmer 3203–3215.
4. Rafhlöður og rafgeymar, m.a. tollskrárnúmer 8506 og 8507.
5. Ljósmyndavörur, framköllunarvökvar og fixerar, m.a. tollskrárnúmer 3707.
6. Ýmsar aðrar efnavörur (kemískar vörur), m.a. tollskrárnúmer 3808, 3819, 3820 og 3823.

Lagt er til í 2. mgr. að ráðherra ákveði upphæð gjalda í reglugerð samkvæmt tillögum spilliefnanefndar og niðurstöðum útboða fyrir móttöku vara í hverjum flokki spilliefna samkvæmt þessari grein, að því hámarki sem tilgreint er í greininni. Með þessu móti er leitast við að tryggja tvennt, annars vegar ýtrustu hagkvæmni og hins vegar að innheimt gjöld af vörum fari að mestum hluta til að standa undir kostnaði við meðhöndlun og förgun spilliefna sem eru tilkomin af notkun sömu vöru. Sérstaklega skal á það bent að óvissuþættir vegna

meðhöndlunar og eyðingar spilliefna eru nokkrir og t.d. er ekki vitað með vissu hversu mikið magn spilliefna fellur til hér á landi. Gert er ráð fyrir að umhverfisráðherra geti með reglugerð undanþegið einstakar vörutegundir skv. 1. mgr. Vegna þeirrar jákvæðu þróunar sem hefur orðið við framleiðslu ýmissa vara sem hingað til hafa innihaldið umhverfisspillandi efni má gera ráð fyrir að í framtíðinni verði ekki nauðsyn á að leggja gjald á eins margar vörutegundir og nú. Að öðru leyti er vísað til almennra athugasemda með frumvarpinu.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um á hvaða aðilum hvílir skylda til að greiða spilliefnagjald.

Um 8. gr.

Við ýmiss konar framleiðslu hér á landi falla til spilliefni sem ekki verða til við notkun vara sem fluttar hafa verið til landsins eða framleiddar sem framleiðsluvörur. Hér má t.d. nefna ryk frá hreinsibúnaði iðnfyrirtækja og eiturefni sem hreinsuð hafa verið úr hráefnum sem notuð eru í matvælaiðnaði. Til móttökustöðva er einnig skilað spilliefnum sem flutt hafa verið inn sem vörur og 7. gr. frumvarpsins gildir ekki um eða af öðrum ástæðum eru ekki háðar aðflutningsgjöldum. Vegna þessara spilliefna þarf notandinn að greiða gjald til móttökustöðva eins og verið hefur til að standa straum af kostnaði við meðhöndlun, flutning og eyðingu þeirra.

Um 9. gr.

Í greininni er kveðið á um að ráðherra skuli að fengnum tillögum spilliefnanefndar setja ákvæði í reglugerð um með hvaða hætti spilliefnum skuli skilað til móttökustöðva, svo og um fyrirkomulag útboða skv. 5. gr. Jafnframt er kveðið á um að birta skuli með reglugerðinni skrá yfir vörur sem geta orðið að spilliefnum, tollskrárnúmer þeirra og heiti. Sé umbúnaður eða samsetning spilliefna ekki samkvæmt ákvæðum reglugerðar er kveðið á um að ráðherra sé heimilt með gjaldskrá að ákveða sérstakt gjald í móttökustöðvum fyrir meðhöndlun eða undirbúning spilliefna fyrir endurnýtingu eða eyðingu. Hér má t.d. nefna spilliefni blönduð öðrum úrgangi eða spilliefni sem eru vatnsblönduð að stórum hluta. Loks er kveðið á um að heimilt sé að kveða á um sérstakar endurgreiðslur ef umbúnaður eða úrvinnsla er með þeim hætti að það spari kostnað á síðari stigum. Spilliefnanefnd geri tillögur til ráðherra.

Um 10. gr.

Í greininni er kveðið á um að brot gegn lögunum varði sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með öðrum lögum er m.a. átt við að refsing geti verið ákveðin samkvæmt lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni. Í þeim lögum er kveðið á um að fyrir ítrekuð eða stórfelld brot geti refsing orðið varðhald eða fangelsi allt að tveimur árum.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Rétt þykir að 6. gr. taki gildi áður en kemur til greiðslu kostnaðar við meðhöndlun og förgun spilliefna, en með því móti er reynt að tryggja að þegar lögin koma að fullu til framkvæmda verði fyrir hendi fjármagn til að standa straum af þeim kostnaði sem framkvæmdinni fylgir. Þetta er einnig eðlilegt í ljósi þess að einhver tími líður að jafnaði frá því að vörur eru fluttar til landsins þar til þær verða að spilliefnum. Þá er nauðsynlegt að einhver tími líði frá gildistöku laganna þar til innheimta gjalda getur hafist þar sem áður þarf að fara fram útboð á þjónustu sem ákvarða mun upphæð gjalda sem ákveðin verða með reglugerð.

Þar sem óvissuþættir vegna kostnaðar við meðhöndlun og eyðingu spilliefna eru nokkrir þykir rétt að lögin komi til framkvæmda í áföngum. Til að mynda má hugsa sér að einungis 1. tölul., c-liður 2. tölul. og 4. tölul. 6. gr. taki gildi strax. Olíuefni, ósoneyðandi efni, rafhlöður og rafgeymar falla undir framangreinda vöruflokka. Nokkur reynsla er komin á söfnun og móttöku úrgangsolíu og rafgeyma. Ljóst er að til eru aðilar í landinu sem geta með stuttum fyrirvara gert tilboð í meðhöndlun, söfnun, endurvinnslu og eyðingu þessara spilliefna. Þær atvinnugreinar, sem nota ósoneyðandi efni, hafa nú þegar kynnt sér hvernig endurvinnslu þessara efna er háttað annars staðar á Norðurlöndum og hafa hug á að koma á skráningar- og söfnunarkerfi fyrir þessi efni hér á landi.

Fylgiskjal

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um sérstakt gjald á vörur sem geta orðið að spilliefnum.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að lagt verði á sérstakt gjald á vörur sem geta orðið að spilliefnum og rennur gjaldið í spilliefnasjóð. Fjármunum sjóðsins skal varið til greiðslu kostnaðar vegna móttöku, meðhöndlunar, flutnings spilliefna frá söfnunarstöðvum til eyðingarstöðva og eyðingar. Umhverfisráðherra skipar Spilliefnafnefnd til fjögurra ára og skal nefndin gera áætlun um hvernig best verði staðið að söfnun, endurnýtingu og eyðingu einstakra spilliefna. Ráðherra er heimilt að ráðstafa allt að 5% af tekjum sjóðsins til greiðslu þóknunar nefndarinnar og umsýslu sjóðsins.

Ekki er ljóst hverjar verða tekjur Spilliefnasjóðs en það er mat fjármálaráðuneytis að þær geti að hámarki orðið um 410 m.kr. Byggir það mat á (1) ákvæðum 7. gr. um hámarksgjald á innflutt spilliefni, (2) yfirliti yfir tollskrárnúmer tiltekinna vöruflokka sem birt er í greinargerð með frumvarpinu og (3) á gögnum frá Hagstofu Íslands um innflutning á viðkomandi vörum á árinu 1994. Að öðru leyti ákvarðast gjaldtakan af þeim kostnaði sem til fellur hverju sinni.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum mun það ekki hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð þar sem gjald á vörur sem geta orðið að spilliefnum er ætlað að standa undir öllum kostnaði, þar með töldum kostnaði vegna spilliefnanefndar.

393. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Fyrsti minni hluti nefndarinnar leggst gegn frumvarpinu. Það endurspeglar þá stefnu ríkisstjórnarinnar að fjármagna ákvörðun um skattfrelsi lífeyrissjóðsiðgjalda launafólks með hækkun tryggingagjalds. Við kjarasamninga í vor var ekki sagt til um slíka hækkun tryggingagjalds og er því verið að koma aftan að samningsaðilum. Jafnframt er í 4. gr. frumvarpsins afnumin sjálfvirk viðmiðun við verðlag.

Allir umsagnaraðilar, þar með taldir aðilar vinnumarkaðarins, leggjast gegn þessu frumvarpi. Afnám viðmiðunar við verðlag er rauður þráður í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar við afgreiðslu fjárlaga nú á haustdögum. Þessi aðferðafræði hefur ekkert með meiri skilvirkni í ríkisrekstri að gera heldur er hún notuð til að rýra bætur úr almannatryggingakerfinu og hækkar skatta launafólks. 1. minni hluti leggst eindregið gegn þessum ákvæðum.

Hækkun tryggingagjaldsins samkvæmt frumvarpinu stefnir kaupmáttaraukningu launafólks á næsta ári í hættu að mati ASÍ og VSÍ. Sú aðferðafræði að ríkisvaldið komi hvað eftir annað inn í kjarasamninga á almennum vinnumarkaði og lofi lækkun á ýmiss konar álögum en lendi síðan í sífelldum vandræðum við fjármögnun slíkra loforða hefur gengið sér til húðar.

Eftirlitsstjórnvaldi er heimilt í tengslum við bann sem það leggur við dreifingu og sölu vöru samkvæmt þessu ákvæði að skylda framleiðendur og dreifingaraðila til að eyðileggja öll eintök vörunnar með öruggum hætti, ef nauðsyn þykir af eðli máls.

Eftirlitsstjórnvaldi er heimilt í tengslum við bann sem það leggur við dreifingu eða sölu vöru samkvæmt þessu ákvæði að skylda framleiðanda eða dreifingaraðila, eftir því sem við getur átt, til að lagfæra vöruna þannig að hún uppfylli settar reglur, afhenda kaupendum sams konar vöru, en hættulausa, eða greiða kaupendum andvirði vörunnar.

Eftirlitsstjórnvald getur jafnframt ákveðið að óheimilt sé að lagfæra vöru eða endurnýta hana á annan hátt ef það telst hættulegt eða varhugavert að mati þess.

23. gr.

Eftirlitsstjórnvald skal, eftir því sem unnt er, hafa samvinnu við framleiðendur eða dreifingaraðila um málsmeðferð, svo sem öflun gagna, skoðun og prófun vöru, svo og undirbúning og töku ákvarðana eins og um stöðvun sölu og afturköllun vöru.

Hafi eftirlitsstjórnvald bannað sölu vöru á grundvelli þess að hún uppfylli ekki öryggiskröfur er framleiðanda og dreifingaraðila heimilt að krefjast þess að varan skuli prófuð af faggiltri prófunarstofu. Slík prófun frestar ekki framkvæmd ákvörðunar eftirlitsstjórnvalds.

Eftirlitsstjórnvaldi ber að endurskoða ákvörðun ef breyttar aðstæður eru fyrir hendi.

Kostnaður vegna skoðunar, dagsektir o.fl.

24. gr.

Framleiðandi eða fulltrúi hans ber kostnað vegna þeirra sýnishorna vöru sem tekin eru til rannsóknar. Að lokinni rannsókn skal sýnishornum skilað eða þau eyðilögð með öruggum hætti eftir atvikum. Sýnishorn vöru samkvæmt þessari grein er að jafnaði eitt eintak vöru eða lágmarksfjöldi sem nauðsynlegur er til að framkvæma rannsókn.

Framleiðandi eða fulltrúi hans ber allan kostnað af afturköllun vöru. Sé vara ekki í samræmi við settar reglur skal hann bera þann kostnað sem hlýst af skoðun, rannsókn og prófun, svo og annan kostnað. Framleiðandi eða fulltrúi hans greiðir allan kostnað af tilkynningum um hættulega vöru sem beint er til almennings, svo sem kostnað við tilkynningar í fjölmiðlum. Framleiðanda eða fulltrúa hans er heimilt að annast tilkynningar til almennings enda sé framkvæmd tilkynningar með þeim hætti að eðlilegum varnaðaráhrifum verði náð.

25. gr.

Sé fyrirmælum eftirlitsstjórnvalds við framkvæmd laga þessara ekki hlýtt má fylgja þeim eftir með ákvörðun viðkomandi ráðherra um dagsektir sem lagðar skulu á framleiðanda, dreifingaraðila eða fyrirsvarsmenn hans. Slíkar dagsektir mega nema allt að 50.000 krónum á sólarhring samkvæmt nánari ákvörðun viðkomandi ráðherra. Er ákvörðunin aðfararhæf.

Ef mikil hætta er á að vara valdi verulegu tjóni og fyrirmælum eftirlitsstjórnvalds skv. 20. gr. hefur ekki verið hlýtt skal viðkomandi eftirlitsstjórnvald leitast við að koma í veg fyrir tjónið með tiltækum aðgerðum og getur það kvatt til lögreglu sér til aðstoðar í því sambandi.

VI. KAFLI
Þagnarskylda.
26. gr.

Starfsmenn skoðunarstofu, Löggildingarstofu og eftirlitsstjórnvalda eru bundnir þagnarskyldu um atriði er viðskiptaleynd hvílir yfir og fram koma við rannsókn og meðferð máls.

VII. KAFLI
Gildistaka o.fl.
27. gr.

Framkvæmd laga þessara og almenn mál, er varða öryggi vöru, markaðsgæslu og markaðseftirlit, heyra undir viðskiptaráðherra.

Dagleg framkvæmd laga þessara er í höndum Löggildingarstofunnar og annarra eftirlitsstjórnvalda.

Viðskiptaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

28. gr.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsa með sektum eða varðhaldi liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum.

29. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 24 frá 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, ásamt síðari breytingum.

399. Frumvarp til laga [205. mál]

um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, sbr. lög nr. 1/1992 og lög nr. 50/1994.

(Eftir 2. umr., 15. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað 9. tölul. koma þrír töluliðir er orðast svo:
   9. Leyfi til vátryggingarmiðlunar 50.000 kr.
   10. Bráðabirgðaleyfi til vátryggingarmiðlunar 10.000 kr.
   11. Leyfi til fasteignasölu 50.000 kr.
b. Á eftir 20. tölul., er verður 22. tölul., koma fjórir nýir töluliðir er orðast svo:
   23. Áfengisinnflutningsleyfi 15.000 kr.
   24. Áfengisheildsöluleyfi 30.000 kr.
   25. Árlegt eftirlitsgjald þeirra sem hafa leyfi til innflutnings og heildsölu með áfengi og tóbak, sbr. lög nr. 63/1969, með síðari breytingum, 5.000 kr.
   26. Árlegt eftirlitsgjald framleiðenda áfengis 50.000 kr.
c. Röð annarra tölulíða breytist í samræmi við breytingar skv. a- og b-liðum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Í stað 1. tölul. koma tveir töluliðir er orðast svo:
   1. Skráning hlutafélags og samvinnufélags 150.000 kr.
   2. Skráning einkahlutafélags 75.000 kr.
b. Á eftir 4. tölul., sem verður 5. tölul., koma tveir nýir töluliðir, sem verða 6. og 7. tölul., er orðast svo:
   6. Umskráning hlutafélaga í einkahlutafélög 5.000 kr.
   7. Umskráning einkahlutafélaga í hlutafélög 75.000 kr.
c. Röð annarra töluliða breytist í samræmi við breytingar skv. a- og b-liðum.

3. gr.

1. mgr. 15. gr. laganna orðast svo:

Fyrir að afgreiða útlend fiskiskip sem koma hingað einvörðungu vegna fiskveiða og vöru- og flutningaskip sem koma frá útlöndum og fyrir að láta af hendi þau skilríki er skipið á að fá hér á landi skal greiða 20 kr. af hverju nettótonni skipsins. Hálft nettótonn eða þar yfir telst heilt. Af farþegaskipum skal greiða fjórðung gjalds.

4. gr.

Við 16. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Fyrir eftirgerð af hljóðupptökum skal greiða eftirfarandi gjald:

1. Fyrir eftirgerð af hljóðupptöku, 90 mín., 400 kr.
2. Fyrir eftirgerð hljóðupptöku, 60 mín., 350 kr.
3. Fyrir eftirgerð myndbandsupptöku 1.000 kr.

5. gr.

19. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Heiti X. kafla laganna verður: **Ljósrit, endurrit og eftirgerð.**

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu er heimilt að fella meginmál þeirra inn í lög nr. 88 31. desember 1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

400. Lög [234. mál]

um breytingu á vatnalögum, nr. 15/1923, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 15. des.)

Samhljóða þskj. 316.

401. Lög [194. mál]

um breytingu á lögum nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð.

(Afgreidd frá Alþingi 15. des.)

Samhljóða þskj. 242.

402. Lög [247. mál]

um breyting á lögum um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, nr. 83/1989, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 15. des.)

Samhljóða þskj. 345.

403. Lög [100. mál]

um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

(Afgreidd frá Alþingi 15. des.)

Samhljóða þskj. 398.

404. Lög [205. mál]

um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, sbr. lög nr. 1/1992 og lög nr. 50/1994.

(Afgreidd frá Alþingi 15. des.)

Samhljóða þskj. 399.

405. Lög [134. mál]

um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 15. des.)

Samhljóða þskj. 160.

406. Frumvarp til laga [253. mál]

um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, sbr. lög nr. 16/1994.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

7. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo: Yfirlýsingu um að skipverji hafi hlotið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna eða með öðrum hætti. Skipstjórnarmenn og aðrir skipverjar skulu hafa fullnægt ákvæði þessu fyrir 31. desember 1996. Veita má skipverja sem skráður er í fyrsta sinn sex mánaða frest til að fullnægja þessu ákvæði.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 16/1994, um breytingu á lögum um lögskráningu, nr. 43/1987, var lögfest öryggisfræðsla fyrir sjómenn og eiga lögskráningarstjórar að hafa eftirlit með henni. Í lögunum var veittur aðlögunartími til 31. desember 1995 fyrir skipstjórnarmenn en 31. desember 1996 fyrir aðra skipverja.

Með þessu lagafrumvarpi er lagt til að aðlögunartími til handa skipstjórnarmönnum verði framlengdur til 31. desember 1996 og verði því hinn sami og fyrir aðra skipverja. Ástæðan er sú að þrátt fyrir aðlögunartíma hefur töluverður hópur skipstjórnarmanna ekki enn lokið öryggisfræðslunámi og fyrirsjáanlegt er að svo verði ekki fyrir 31. desember 1995. Samkvæmt upplýsingum skólastjóra Slysavarnaskóla sjómanna eru námskeið, sem skólinn mun halda til áramóta, fullbókuð og er ekki unnt að koma fleiri nemendum á þau. Ef umræddur frestur verður ekki veittur er því ljóst að ekki fæst lögskráning á mörg skip.

Þess má geta að í Noregi, þar sem er lögbundin öryggisfræðsla, hefur einnig reynst nauðsynlegt að veita frest vegna norskra sjómanna.

Frumvarpið var til umræðu á fundi siglingamálaráðs sem samþykkti að mæla með framlagningu þess. Í siglingamálaráði eiga meðal annars sæti fulltrúar frá Slysavarnafélagi Íslands og hagsmunasamtökum útgerða og sjómanna. Skólastjóri Slysavarnaskóla sjómanna hefur einnig mælt með breytingunni.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, sbr. lög nr. 16/1994.

Í frumvarpinu er kveðið á um að skipstjórnarmenn verði að hafa hlotið öryggisfræðslu fyrir 31. desember 1996 í stað 31. desember 1995 eins og kveðið er á um í lögum nr. 16/1994, um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987. Með frumvarpinu

er því lagt til að aðlögunartími skipstjórnarmanna að þessari fræðsluskyldu verði framlengdur. Frumvarpinu fylgir ekki kostnaður fyrir ríkissjóð.

407. Breytingartillögur [207. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995.

Frá félagsmálanefnd.

1. Á eftir 5. gr. komi ný grein er verði svohljóðandi:
   2. málsl. 2. mgr. 32. gr. orðist svo: Skulu vextir þessir vera jafnháir hæstu vöxtum óbundinna sparireikninga á hverjum tíma.
2. Við 8. gr. (er verði 9. gr.). Við greinina bætist nýr málsliður svohljóðandi: Ákvæði 6. gr. tekur til ofgreiðslu sem á sér stað eftir það tímamark.

408. Nefndarálit [206. mál]

um frv. til l. um afnám l. nr. 96/1936, um að Mjólkursamsalan í Reykjavík og Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda skuli vera undanþegin útsvari og tekju- og eignarskatti.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á sinn fund Braga Gunnarsson deildarstjóra og Indriða H. Þorláksson skrifstofustjóra frá fjármálaráðuneyti, Steinþór Haraldsson, yfirlögfræðing embættis ríkisskattstjóra, Vilhelm Andersson, framkvæmdastjóra Mjólkursamsölunnar, og Arnór Eggertsson og Benóní Torfa Eggertsson, löggilta endurskoðendur Mjólkursamsölunnar. Þá fékk nefndin umsagnir um málið frá Bændasamtökum Íslands, Mjólkursamsölunni, Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði, Samtökum iðnaðarins og Verslunarráði.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Í stað orðanna „kaup- eða byggingarári til ársloka 1995“ í 1. málsl. 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða komi: upphafi fyrningartíma skv. 33. gr. laga nr. 75/1981.

Breytingin felur í sér að frádráttur frá framreiknuðu kostnaðarverði fyrningar fyrir hvert ár verði ekki talinn hafa hafist fyrr en eign Mjólkursamsölunnar var komin í notkun.

Alþingi, 18. des. 1995.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Valgerður Sverrisdóttir.
Steingrímur J. Sigfússon.	Sólveig Pétursdóttir.	Pétur H. Blöndal.
Jón Baldvin Hannibalsson.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Einar Oddur Kristjánsson.

409. Frumvarp til laga [147. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 18. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. tölul. orðast svo: Hér með teljast þeir menn sem atvinnu stunda hér á landi, eða um borð í loftfari eða skipi sem skráð er hér á landi, þar með talið á grundvelli samninga um útleigu á vinnuafli, þótt dvöl þeirra eða starf vari 183 daga samtals eða skemur á sérhverju 12 mánaða tímabili.
b. 9. tölul. orðast svo: Allir aðilar sem eiga eignir hér á landi skv. 4.–8. tölul. skulu greiða eignarskatt af þeim eignum.

2. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „328.500“ í 2. málsl. 3. mgr. 17. gr. laganna kemur: 341.377.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. 4. tölul. A-liðar 1. mgr. fellur brott.
b. Í stað fjárhæðanna „126.000“ og „252.000“ í 1. málsl. 2. tölul. B-liðar 1. mgr. kemur: 130.939 og 261.878.
c. Í stað fjárhæðanna „100.000“ og „200.000“ í 1. mgr. 4. tölul. B-liðar 1. mgr. kemur: 103.920 og 207.840.
d. Í stað fjárhæðanna „21.000.000“ og „42.000.000“ í 2. mgr. kemur: 21.823.200 og 43.646.400.
e. Í stað fjárhæðarinnar „25.000“ í 4. mgr. kemur: 25.980.

4. gr.

Lokatöluliður 31. gr. laganna, sbr. b-lið 3. gr. laga nr. 30/1995, verður lokatöluliður A-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna.

5. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „75.000“ í 2. mgr. 67. gr. laganna kemur: 77.940.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 68. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „282.264“ í 1. mgr. A-liðar kemur: 294.528.
b. Í stað fjárhæðarinnar „660“ í 4. mgr. B-liðar kemur: 689.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 69. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðanna „8.886“, „27.564“ og „28.917“ í 1. mgr. A-liðar kemur: 9.272, 28.768 og 30.176.
b. Í stað fjárhæðanna „66.723“, „70.941“ og „28.917“ í 2. mgr. A-liðar kemur: 69.624, 74.024 og 30.176.
c. 8. mgr. A-liðar fellur brott.
d. Í stað fjárhæðanna „89.284“ og „96.784“ í 2. mgr. B-liðar kemur: 93.164 og 100.990.
e. 3. mgr. B-liðar orðast svo:

   Barnabótaauki skv. 2. mgr. skerðist í jöfnu hlutfalli við tekjuskattsstofn umfram 1.141.042 kr. hjá hjónum og umfram 570.521 kr. hjá einstæðu foreldri. Frá tekjuskattsstofni í þessu sambandi er eigi heimilt að draga tekjur skv. 2. og 3. tölul. A-liðar og 2., 3. og 4. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. Skerðingarhlutfallið skal vera 6% með einu barni, 11% með tveimur börnum og 15% með þremur börnum eða fleiri.
f. Í stað fjárhæðanna „4.017.000“ og „6.026.000“ í 4. mgr. B-liðar kemur: 4.174.466 og 6.262.219.
g. Í stað fjárhæðanna „395.698“, „519.467“ og „643.235“ í 3. mgr. C-liðar kemur: 411.209, 539.830 og 668.450.
h. Í stað 1. málsl. 4. mgr. C-liðar koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Vaxtabætur skal ákvarða þannig að frá vaxtagjöldum, eins og þau eru skilgreind í 3. mgr., skal draga fjárhæð sem svarar til 6% af tekjuskattsstofni. Frá tekjuskattsstofni í þessu sambandi er eigi heimilt að draga tekjur skv. 2. og 3. tölul. A-liðar og 2., 3. og 4. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr.
i. Í stað fjárhæðanna „2.976.267“ og „4.933.677“ í 3. málsl. 4. mgr. C-liðar kemur: 3.092.937 og 5.127.077.
j. Í stað fjárhæðanna „135.035“, „173.664“ og „223.310“ í 5. málsl. 4. mgr. C-liðar kemur: 140.903, 181.212 og 233.015.
k. Í stað fjárhæðarinnar „500“ í lokamálslið 4. mgr. C-liðar kemur: 520.

8. gr.

Við 2. mgr. 3. tölul. 74. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Þó skal ár hvert heimilt að færa niður verð bifreiða um 10% af því verði sem þær voru taldar til eignar hjá framteljanda árið áður.

9. gr.

Í stað fjárhæðanna „1.183.000“ og „2.366.000“ í 1. mgr. 78. gr. laganna kemur: 1.229.374 og 2.458.748.

10. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „3.514.000“ í 83. gr. laganna kemur: 3.651.749.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 84. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „3.514.000“ í 2. mgr. kemur: 3.651.749.

b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Þó skal eignarskattur manna sem takmarkaða skattskyldu bera skv. 3. gr. reiknast þannig: Af fyrstu 3.651.749 kr. af eignarskattsstofni greiðist enginn skattur. Af eignarskattsstofni yfir 3.651.749 kr. greiðist 1,2%.

12. gr.

Orðið „skriflega“ í 1. mgr. 91. gr. laganna fellur brott.

13. gr.

Í stað orðsins „nafnnúmers“ í 4. mgr. 92. gr. laganna kemur: kennitölu.

14. gr.

Í stað 4. mgr. 96. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar er orðast svo:

Sé gerð breyting á framtali eða sköttum eftir álagningu eða fari fram ný skattákvörðun, sbr. 1. og 2. mgr. þessarar greinar, skal skattstjóri gera skattaðila eða þeim sem framtalsskyldan hvílir á viðvart um fyrirhugaðar breytingar og af hvaða ástæðum þær eru gerðar og senda tilkynningu um það skriflega. Skattstjóri skal veita skattaðila a.m.k. 15 daga frest, frá póstlagningu tilkynningar um fyrirhugaðar breytingar, til að tjá sig skriflega um efni máls og leggja fram viðbótargögn áður en úrskurður er kveðinn upp.

Skattstjóri skal innan tveggja mánaða að jafnaði kveða upp rökstuddan úrskurð um endurákvörðun álagningar og senda hann í ábyrgðarbréfi til skattaðila eða þess sem framtalsskyldan hvílir á. Tilkynning um skattbreytingu skal send viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs við uppkvaðningu úrskurðar. Samrit úrskurðar skal samtímis sent ríkisskattstjóra.

Úrskurði skattstjóra um endurákvörðun skv. 5. mgr. má skjóta til yfirskattanefndar, eftir ákvæðum laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

15. gr.

Orðin „eða innan 30 daga frá póstlagningardegi tilkynningar um endurákvörðun“ í 1. málsl. 1. mgr. 99. gr. laganna falla brott.

16. gr.

Á eftir orðinu „gjalda“ í 4. mgr. 110. gr. laganna kemur: að frádregnum bótum skv. 69. gr.

17. gr.

Í stað „4. tölul.“ í 120. gr. laganna kemur: 3. tölul.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 121. gr. laganna:

a. 1. og 2. mgr. falla brott.
b. 3. mgr. orðast svo:

Við mismun, sem í ljós kemur á álögðum tekjuskatti manna og staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 34. gr. þeirra laga, og stafar af of lágri staðgreiðslu, skal bæta 2,5% álagi. Við mismun, sem rætur á að rekja til of hárrar staðgreiðslu, skal með sama hætti bæta 2,5% álagi.

19. gr.

122. gr. laganna fellur brott.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á bráðabirgðaákvæði I með lögum nr. 30/1995:

a. 1. málsl. b-liðar fellur brott.
b. Í stað dagsetninganna „1. júlí 1996“ og „31. desember 1996“ í 2. málsl. b-liðar kemur: 1. janúar 1996 og 30. júní 1996.
c. C-liður fellur brott.

21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á bráðabirgðaákvæði II með lögum nr. 30/1995:

a. B-liður orðast svo:

Vegna launatímabila frá og með 1. janúar 1996 til og með 30. júní 1996 skal hámarkið vera 3% af fjárhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr., sbr. 59. gr. Frádráttur samkvæmt þessum staflið kemur til framkvæmda við álagningu á árinu 1997.

b. C-liður fellur brott.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda sem hér segir:

a. 12., 13., 17., 18. og 19. gr. koma til framkvæmda þegar í stað.
b. A-liður 3. gr. kemur til framkvæmda 1. janúar 1996.
c. 1. gr. kemur til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1997 vegna tekna á árinu 1996 og eigna í lok þess árs.
d. 2. gr., b-, c-, d- og e-liður 3. gr., 6., 7., 8., 9., 10. og 16. gr. koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts á árinu 1996 vegna tekna á árinu 1995 og eigna í lok þess árs og við ákvörðun bóta á árinu 1996.
e. 14. og 15. gr. koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 1997. Þó skulu mál þar sem skattstjóri hefur boðað breytingar á grundvelli 4. mgr. 96. gr., eins og sú málsgrein hljóðaði fyrir það tímamark, fara eftir eldri reglum.

Ákvæði um frádrátt vegna greiddra iðgjalda launþega til lífeyrissjóða, sbr. 2. gr. laga nr. 30/1995, kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 1996.

23. gr.

Við lögin bætast fjögur ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

I.
Sérstakur tekjuskattur manna.

Á tekjuskattsstofn manna vegna tekna á árinu 1996 skal á árinu 1997 leggja sérstakan tekjuskatt eins og nánar greinir í ákvæði þessu.

Á tekjuskattsstofn einstaklinga umfram 2.805.840 kr., eða tekjuskattsstofn hjóna umfram 5.611.680 kr., skal reikna sérstakan 5% tekjuskatt.

Ef hjón hafa bæði tekjuskattsstofn umfram 2.805.840 kr. reiknast þeim sinn hlutinn hvoru hins sérstaka tekjuskatts. Sé tekjuskattsstofn annars hjóna lægri en 2.805.840 kr. reiknast hinu hjóna allur sérstaki tekjuskatturinn.

Sérstakur tekjuskattur samkvæmt ákvæði þessu skal ekki innheimtur með staðgreiðslu opinberra gjalda.

II.
Fyrirframgreiðsla manna á sérstökum tekjuskatti.

Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 1997 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst til desember 1996. Fyrirframgreiðslan skal vera 5% af tekjuskattsstofni samkvæmt skattframtali ársins 1996 vegna tekna á árinu 1995 umfram 2.805.840 kr. hjá einstaklingi og umfram 5.611.680 kr. hjá hjónum.

Gjalddagar fyrirframgreiðslu skv. 1. mgr. skulu vera fyrsti dagur mánaðanna ágúst til og með desember. Um framkvæmd fyrirframgreiðslunnar skal kveða nánar á í reglugerð.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á fyrirframgreiðslu sem honum hefur verið gert að greiða skv. 1. mgr. Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema hann geti sýnt fram á að veruleg tekjulækkun hafi orðið hjá honum milli ára. Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um þetta atriði.

Nú kemur í ljós við álagningu á sérstökum tekjuskatti að fyrirframgreiðsla samkvæmt ákvæði þessu hefur verið of há, og skal við mismuninn bæta 2,5% álagi.

III.

Um sérstakan tekjuskatt, samkvæmt bráðabirgðaákvæði I og II, skulu ákvæði VIII.– XIII. kafla laganna gilda eftir því sem við getur átt.

IV.
Niðurfærsla bifreiða.

Við niðurfærslu á verði bifreiða, sem ekki eru notaðar í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, sbr. 2. mgr. 3. tölul. 74. gr., skal við gerð skattframtals 1996 vegna eigna í árslok 1995 heimilt til viðbótar að færa niður verð bifreiða sem hér segir:

a. Bifreiðar keyptar 1993 um 5% af kaupverði.
b. Bifreiðar keyptar 1992 eða fyrr um 10% af kaupverði.

410. Nefndarálit [221. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985, sbr. lög nr. 50/1995.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Ólaf Davíðsson, ráðuneytisstjóra í forsætisráðuneyti, Berglind Ásgeirsdóttur, ráðuneytisstjóra í félagsmálaráðuneyti, Þorstein Geirsson, ráðuneytisstjóra í dómsmálaráðuneyti, Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóra í umhverfisráðuneyti, Magnús Jónsson veðurstofustjóra, Helga Hallgrímsson, vegamálastjóra og formann ofanflóðanefndar, Hafstein Hafsteinsson, formann Almannavarna ríkisins, Ágúst Björnsson, sveitarstjóra í Súðavík, Jón Gauta Jónsson, fyrrverandi bæjarstjóra í Súðavík, Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóra á Ísafirði, og Eirík Tómasson prófessor. Þá fékk nefndin sendar umsagnir um málið frá félagsmálanefnd, umhverfisnefnd, bæjarstjórn Vesturbyggðar, Jóni Gauta Jónssyni, fyrrverandi bæjarstjóra í Súðavík, Þórólfi Halldórssyni, sýslumanni á Patreksfirði, og ofanflóðanefnd.

Meginbreytingin, sem frumvarpið felur í sér, er að yfirstjórn þessa málaflokks verði færð frá félagsmálaráðherra til umhverfisráðherra og rannsóknir og forvarnir verði þá jafnframt færðar til Veðurstofu Íslands. Þá er gert ráð fyrir að gerðar verði sérstakar neyðaráætlanir um rýmingu húsnæðis á afmörkuðum svæðum þegar Veðurstofan gefur út viðvörun um staðbundna snjóflóðahættu og lýsir yfir sérstöku hættuástandi. Loks er lagt til að teknar verði upp í lögin reglur um tilhögun á greiðslum úr ofanflóðasjóði til eigenda þeirra húseigna sem keyptar kunna að verða eða fluttar vegna yfirvofandi snjóflóðahættu, en reglur þessar er nú að finna í reglugerð nr. 440/1995, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Brýnt er að frumvarp þetta verði afgreitt fyrir áramót og leggur nefndin til að það verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingarnar fela í sér eftirfarandi:

1. Að áréttað verði að Veðurstofunni beri að gæta samráðs við hlutaðeigandi lögreglustjóra og almannavarnanefnd áður en hún gefur út viðvörun. Er þetta í samræmi við athugasemdir sem nefndinni bárust um aðild heimamanna að ákvörðun um rýmingu húsnæðis á hættutímum.
2 Þegar meta skal hvort hagkvæmt sé að flytja hús þykir rétt að miða við kaupverð eins og það er skilgreint í 5. gr. frumvarpsins í stað þess að miða eingöngu við staðgreiðslumarkaðsverð.
3. Að við lögin verði bætt bráðabirgðaákvæði vegna kaupa á eignum í þeim sveitarfélögum þar sem snjóflóð hafa fallið á árinu 1995. Fyrstu tveir málsliðirnir í því bráðabirgðaákvæði eru í aðalatriðum eins orðaðir og í reglugerð um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 440/1995. Fyrir því eru einkum tvær ástæður, annars vegar sú að íbúar á þessum svæðum hafa almennt mátt búast við að greiðslutilhögun yrði með þeim hætti sem reglugerðin kveður á um og miðað ráðstafanir sínar við það og hins vegar að með nýjum lögum um brunatryggingar, nr. 68/1984, færðist gerð brunabótamats frá sveitarfélögum til Fasteignamats ríkisins sem vinnur eftir sérstöku matseiningakerfi. Eftir þá breytingu má því búast við að meira samræmis og þar með jafnræðis gæti við úttekt fasteigna í þessu skyni. Með það að markmiði að íbúar á svæðum, þar sem fallið hafa snjóflóð á yfirstandandi ári, njóti jafnræðis á við þá sem nú eiga þess kost að láta endurmeta eignir sínar þykir eðlilegt að um uppkaup eigna þeirra gildi sú sérregla sem lögð er til í 3. tölul. Jafnframt leggur nefndin til að inn í þetta bráðabirgðaákvæði verði tekin heimild til að

greiða bætur úr sjóðnum til viðbótar bótum frá Viðlagatryggingu Íslands til þeirra húseigenda sem orðið hafa fyrir tjóni á þessu ári þannig að þeir verði jafnsettir öðrum húseigendum sem ekki hafa orðið fyrir tjóni en verið með nýlegra mat á húsum sínum. Þannig vill nefndin tryggja að tímasetning á mati á eignum leiði ekki til mismunandi bóta.

Með þeim breytingum, sem hér eru lagðar til, er að mestu komið til móts við þær athugasemdir sem nefndinni hafa borist um málið. Nefndin leggur til að athugasemdir, sem ekki er tekið á að þessu sinni, svo sem varðandi gatnagerðargjöld, verði hafðar í huga við heildarendurskoðun laganna. Í umsögn umhverfisnefndar kom fram tillaga um að umhverfisráðherra verði einnig skylt að hafa samráð við skipulagsyfirvöld, þar á meðal hlutaðeigandi sveitarstjórnir, áður en hann setur reglur um flokkun og nýtingu hættusvæða, sbr. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Þá leggur umhverfisnefnd einnig til að 9. mgr. 5. gr. frumvarpsins verði breytt í þá veru að ekki megi hefja byggingar né þétta byggð sem fyrir er á svæðum þar sem hætta hefur verið talin á snjóflóðum fyrr en tilskildum varnarmannvirkjum hefur verið komið upp og endurmat á snjóflóðahættu farið fram. Allsherjarnefnd telur þessi atriði þarfnast nánari skoðunar og beinir því til nefndar sem mun vinna að endurskoðun laganna á næsta ári að þetta verði haft í huga. Rétt er að taka fram að frumvarpið gerir ráð fyrir að þessi málaflokkur færist yfir til umhverfisráðuneytisins og umhverfisnefnd mun því væntanlega fá til umfjöllunar frumvarp til nýrra heildarlaga sem leggja á fram á næsta ári. Í sambandi við 3. gr. frumvarpsins leggur nefndin áherslu á að tryggt sé að jafnan verði séð fyrir hvernig ákvarðanatöku um snjóflóðahættu og tilkynningar þar um verði hagað ef fjarskipti bregðast.

Að lokum vill nefndin ítreka að skv. 10. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að lögin um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum verði endurskoðuð á næsta ári og frumvarp til nýrra heildarlaga lagt fyrir Alþingi eigi síðar en í desember 1996. Í þeirri endurskoðun verður lagður grundvöllur að þessum málum til frambúðar.

Alþingi, 18. des. 1995.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Ögmundur Jónasson.
Sighvatur Björgvinsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.	Jón Kristjánsson.
Kristján Pálsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Hjálmar Jónsson.

Fylgiskjal I.

Umsögn félagsmálanefndar.

Félagsmálanefnd barst bréf frá formanni allsherjarnefndar, dags. 8. desember 1995, þar sem beðið er um umsögn nefndarinnar um frumvarp til laga um breytingar á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Fer umsögn félagsmálanefndar hér á eftir, en þar er skemmst frá að segja að skoðanir voru ákaflega skiptar varðandi fjöldamörg atriði sem fram koma í frumvarpinu.

Þær breytingar, sem frumvarpið felur í sér, eru einkum af þrennum toga eins og fram kemur í greinargerð þess. Í fyrsta lagi er um stjórnkerfisbreytingu að ræða sem felur í sér að hér eftir heyra varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum undir umhverfisráðuneytið, en Veðurstofa Íslands sér um framkvæmdina. Í öðru lagi er kveðið á um að Veðurstofa Íslands skuli lýsa yfir hættuástandi í stað almannavarnanefnda áður og ber þá að rýma allt það húsnæði sem talið er vera á hættusvæði. Verður heimilt samkvæmt frumvarpinu að beita valdi við rýmingu húsa ef nauðsyn krefur. Veðurstofan tekur svo ákvörðun um hvenær hættuástandi skuli aflýst í samráði við lögreglustjóra og almannavarnanefnd. Í þriðja lagi er lagt til í frumvarpinu að teknar verði í lögin þær reglur sem verið hafa í gildi um greiðslur úr ofanflóðasjóði til eigenda þeirra húseigna sem keyptar kunna að verða eða fluttar vegna yfirvofandi snjóflóðahættu. Jafnframt kemur fram í greinargerð að ætlunin er að endurskoða lögin í heild hið fyrsta.

Félagsmálanefnd er sammála því að flytja varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum yfir til umhverfisráðuneytisins. Nefndin er einnig sammála því að Veðurstofa Íslands fái það hlutverk að meta hættuástand í eðlilegu samráði við heimamenn og beri ábyrgð á því hvenær slíku ástandi er lýst yfir og hvenær því er aflýst. Nefndin leggur áherslu á að gott samstarf við heimamenn er lykilatriði eigi vel að takast til, enda er þekking á staðháttum afar mikilvæg. Einstakir nefndarmenn lýstu efasemdum varðandi það atriði að heimilt verði að beita valdi til að rýma hús og leggja áherslu á að því valdi verði að beita einkar sparlega með hliðsjón af friðhelgi heimilanna. Aðrir nefndarmenn setja barnaverndarsjónarmið í öndvegi og telja að ætíð beri að gæta fyllsta öryggis, ekki síst þar sem börn eiga í hlut.

Miklar umræður urðu um 5. gr. frumvarpsins. Spurt var: Hvað er markaðsverð? Er það réttlát viðmiðun? Hvað er endurstofnverð? Þarf ekki að skilgreina það hugtak í lögum? Vilja nefndarmenn taka undir tillögu Súðvíkinga og Flateyringa hvað varðar 5. mgr. 5. gr. (sjá bréf Jóns Gauta Jónssonar f.h. sveitarstjórnanna í Súðavík og á Flateyri). Varðandi önnur atriði í 5. gr. frumvarpsins ber fyrst að nefna að mjög ólík sjónarmið komu fram í nefndinni um það á hvern hátt ofanflóðasjóður skuli greiða fyrir húsnæði á hættusvæði. Hluti nefnarmanna tekur undir þá leið sem farin er í frumvarpinu, aðrir gagnrýndu þá stefnu frumvarpsins að „greiðslur til þeirra sem hyggjast búa áfram í heimabyggð sinni [geti] þar með samkvæmt reglunum orðið hærri en greiðslur til þeirra sem ætla að flytja á brott“ og taka ekki undir þá stefnu sem sett er fram í greinargerðinni. Einnig var bent á að lágt brunabótamat, t.d. í Súðavík, megi ekki verða til að skaða stöðu íbúanna.

Umræður urðu um það hvort ekki væri eðlilegra að ofanflóðasjóður yrði eigandi þeirra húsa sem keypt verða fyrir fé úr sjóðnum og ráðstafaði þeim í stað viðkomandi sveitarsjóða. Sjóðurinn gæti síðan selt þau aftur með skilyrði um notkun. Bent var á að slíkt kallaði á mun meiri umsvif en sjóðnum væri ætluð lögum samkvæmt og ekki væri raunhæft að fara þá leið. Biðja nefndarmenn allsherjarnefnd að íhuga þetta atriði.

Þá vill hluti nefndarmanna beina því til allsherjarnefndar að skoða gaumgæfilega hvort ekki sé rétt að fella út það ákvæði sem felst í síðustu málsgrein 5. gr. frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir að leyft verði að byggja á hættusvæðum þegar tilskildum varnarvirkjum hefur verið komið upp. Skoðanir nefndarmanna voru skiptar hvað þetta ákvæði varðar, en bent var á að kostur gæfist á að skoða það nánar við þá heildarendurskoðun laganna sem fram undan er.

Svanfríður Jónasdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk umsögn þessari.

Alþingi, 11. des. 1995.

Kristín Ástgeirsdóttir, form.
Kristján Pálsson.
Magnús Stefánsson.
Pétur Blöndal.
Rannveig Guðmundsdóttir.
Arnbjörg Sveinsdóttir.
Bryndís Hlöðversdóttir.
Drífa Sigfúsdóttir.
Einar K. Guðfinnsson.

Fylgiskjal II.

Umsögn umhverfisnefndar.

Umhverfisnefnd hefur, sbr. bréf allsherjarnefndar frá 8. desember sl., fjallað um frumvarp til laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Fékk nefndin á sinn fund til viðræðna um málið Jón Gauta Jónsson, fyrrverandi sveitarstjóra í Súðavík, Ágúst Björnsson, sveitarstjóra í Súðavík, Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóra á Ísafirði, Hafstein Hafsteinsson, forstjóra Landhelgisgæslunnar, Helga Hallgrímsson, vegamálastjóra og formann ofanflóðanefndar, Ólaf Davíðsson, ráðuneytisstjóra í forsætisráðuneyti, Þorstein Geirsson, ráðuneytisstjóra í dómsmálaráðuneyti, Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóra í umhverfisráðuneyti, og Magnús Jónsson veðurstofustjóra.

Með frumvarpinu er lagt til að yfirstjórn ofanflóðamála færist frá félagsmálaráðherra til umhverfisráðherra og að rannsóknir og forvarnir verði í höndum Veðurstofu Íslands, sem lýtur yfirstjórn umhverfisráðuneytis. Umhverfisnefnd er fylgjandi því að sá málaflokkur, er snýr að ofanflóðum, verði fluttur til umhverfisráðuneytis og að rannsóknir og forvarnir séu nú í höndum stofnunar þar sem mikla þekkingu á málaflokknum er að finna.

Þá er lagt til í frumvarpinu að það verði framvegis ákvörðun Veðurstofu Íslands hvenær tilgreind svæði verða rýmd. Lýsa nefndarmenn efasemdum um réttmæti þessa ákvæðis. Ábyrgð sem þessi verður vart lögð á einn aðila, og telja nefndarmenn að nauðsynlegt sé að heimamenn komi að þessari ákvörðun. Því er eðlilegt að haft verði samráð við viðkomandi lögreglustjóra og almannavarnanefnd áður en gefin er út viðvörun um yfirvofandi snjóflóðahættu eins og þegar hættuástandi er aflétt.

Einnig felur frumvarpið í sér að tekin verði í lögin ákvæði um tilhögun á greiðslum úr ofanflóðasjóði til eigenda húseigna sem kynnu að verða keyptar eða fluttar vegna snjóflóðahættu, en reglur þessar eru nú í reglugerð nr. 440/1995. Tryggara þykir að reglurnar séu lögfestar. Umhverfisnefnd leggur áherslu á að gerðar verði áætlanir um varnarvirki til að verja byggð á hættusvæðum og varar við því að of mikil áhersla sé lögð á kaup húsa á hættusvæðum áður en afstaða hefur verið tekin til möguleika á snjóflóðavörnum. Þá leggur umhverfisnefnd til að 9. mgr. 5. gr. frumvarpsins verði breytt í þá veru að ekki megi hefja bygg-

ingar né þétta þá byggð sem fyrir er á svæðum þar sem hætta hefur verið talin á snjóflóðum, nema að því tilskildu að varnarvirkjum hafi verið komið upp og endurmat á snjóflóðahættu farið fram.

Þá telur umhverfisnefnd nauðsynlegt að tengja vinnu við flokkun hættusvæða og nýtingu þeirra við skipulagsgerð. Því leggur nefndin til að í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins verði tekið inn ákvæði um samráð við skipulagsyfirvöld, þar á meðal hlutaðeigandi sveitarstjórnir, ásamt Veðurstofu, áður en reglur eru settar af umhverfisráðherra.

Loks er að finna ákvæði í frumvarpinu sem mælir fyrir um að lögin skuli endurskoðuð á árinu 1996. Um leið og umhverfisnefnd tekur undir að brýnt er að setja nánari reglur um þau atriði sem fjallað er um í frumvarpinu minnir hún á að ljóst er að heildarendurskoðun og grundvallarumræða um lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum er nauðsynleg í náinni framtíð.

Kristín Halldórsdóttir, sem skrifar undir umsögnina með fyrirvara, er þeirrar skoðunar að ekki eigi að leyfa neinar byggingar yfirleitt á svæðum þar sem hætta er talin á snjóflóðum.

Alþingi, 12. des. 1995.

Ólafur Örn Haraldsson, form.
Tómas Ingi Olrich.
Hjörleifur Guttormsson.
Einar Oddur Kristjánsson.
Kristín Halldórsdóttir, með fyrirvara.

411. Breytingartillögur [221. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985, sbr. lög nr. 50/1995.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 3. gr. Á eftir orðunum „Þegar Veðurstofa Íslands“ í upphafi 1. efnismgr. komi: að höfðu samráði við lögreglustjóra og almannavarnanefnd.
2. Við 5. gr. Í stað orðsins „staðgreiðslumarkaðsverð“ í 6. efnismgr. komi: kaupverð skv. 5. mgr.
3. Á eftir 11. gr. komi ný grein er orðist svo:

   Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða II er hljóðar svo:

   Í þeim sveitarfélögum þar sem snjóflóð hafa fallið á árinu 1995 skal gilda svohljóðandi regla um heimild til greiðslu úr ofanflóðasjóði í stað ákvæðis 5. mgr. 7. gr.:

   Eigi húseigandi ekki kost á sambærilegri húseign í sveitarfélaginu til kaups og byggi hann nýja húseign í sveitarfélaginu til íbúðar fyrir sig og fjölskyldu sína er heimilt að miða greiðslu úr sjóðnum við brunabótamat. Sé brunabótamat hærra en endurstofnverð húseignar skal greiðsla miðast við endurstofnverð. Enn fremur er heimilt að inna af hendi greiðslu úr sjóðnum til húseiganda sem orðið hefur fyrir tjóni í snjóflóði á árinu 1995 þannig að heildargreiðsla til hans, að meðtöldum bótum frá Viðlagatryggingu Íslands, verði sambærileg við greiðslu til annarra húseigenda samkvæmt þessu ákvæði.

412. Lög [207. mál]

um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995.

(Afgreidd frá Alþingi 18. des.)

1. gr.

Í stað „1,12%“ í b-lið 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: 1,32%.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað „8%“ í c-lið 1. mgr. kemur: 10,5%.
b. Í stað „15,5%“ í d-lið 1. mgr. kemur: 18,5%.
c. E-liður 1. mgr. fellur brott.
d. 2. mgr. orðast svo:

Heimilt er að færa fjármagn milli c- og d-liða.

3. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Jöfnunarframlög skiptast í tvennt, tekjujöfnunarframlög og þjónustuframlög, og skal þeim úthlutað sem hér segir:

a. Tekjujöfnunarframlögum skal úthlutað til að jafna tekjur sveitarfélaga. Jöfnunin skal miðuð við sambærileg sveitarfélög og fullnýtingu tekjustofna þeirra.
b. Þjónustuframlögum skal úthlutað til að jafna mismunandi útgjaldaþörf sveitarfélaga með sérstöku tilliti til stærðarhagkvæmni þeirra.

Til jöfnunarframlaga skal verja þeim tekjum sjóðsins sem eru umfram ráðstöfun skv. 10. og 11. gr.

Í reglugerð skal meðal annars setja nánari ákvæði um útreikning jöfnunarframlaga, viðmiðanir um útgjaldaþörf sveitarfélaga, sbr. b-lið 1. mgr., með tilliti til íbúafjölda og verkefna og hvaða skilyrðum sveitarfélög þurfi að fullnægja til að hljóta þau.

4. gr.

1. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Framlögum skv. d-lið 11. gr. skal varið til að bæta dreifbýlissveitarfélögum upp aukinn kostnað við grunnskóla vegna breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga.

5. gr.

Í stað orðanna „skv. c-, d- og e-lið“ í 1. málsl. 15. gr. laganna kemur: skv. c- og d-lið.

6. gr.

2. málsl. 2. mgr. 32. gr. laganna orðist svo: Skulu vextir þessir vera jafnháir hæstu vöxtum óbundinna sparireikninga á hverjum tíma.

7. gr.

Á eftir 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum koma tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Sérstakur fasteignaskattur skv. 1. mgr. leggst á álagningarstofn í stiglækkandi þrepum sem hér segir:

Árið 1996 0,937%.
Árið 1997 0,625%.
Árið 1998 0,313%.
Árið 1999 fellur skatturinn niður.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 3. mgr. 3. gr. laganna skal hámark fasteignaskatts samkvæmt þessum lið vera sem hér segir miðað við álagningarstofn og hækka þannig í þrepum:

Árið 1996 1,17%.
Árið 1997 1,22%.
Árið 1998 1,27%.
Árið 1999 1,32%.

8. gr.

5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum orðast svo:

Bráðabirgðaákvæði þetta gildir þar til álagningu árið 1999 á grundvelli ákvæðisins er lokið.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1996. Ákvæði 6. gr. tekur til ofgreiðslu sem á sér stað eftir það tímamark.

413. Frumvarp til laga [221. mál]

um breytingar á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985, sbr. lög nr. 50/1995.

(Eftir 2. umr., 18. des.)

1. gr.

Í stað orðanna „skipulagningu nýrra svæða“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: alla skipulagsgerð.

2. gr.

3. gr. laganna verður svohljóðandi:

Veðurstofa Íslands skal annast gerð hættumats skv. 2. gr. á grundvelli sérfræðilegrar þekkingar á eðli og afleiðingum snjóflóða.

Reglur um notkun á hættumati, flokkun hættusvæða og nýtingu þeirra, svo og gerð varnarvirkja, skulu settar af umhverfisráðherra, að höfðu samráði við Veðurstofuna.

Almannavarnir ríkisins skulu annast gerð neyðaráætlana og sjá um leiðbeiningar og almenningsfræðslu um hættu af ofanflóðum í samvinnu við Veðurstofuna.

3. gr.

4. gr. laganna verður svohljóðandi:

Þegar Veðurstofa Íslands að höfðu samráði við lögreglustjóra og almannavarnanefnd gefur út viðvörun um staðbundna snjóflóðahættu og lýsir yfir hættuástandi skal fólk flutt á brott úr öllu húsnæði á svæðum, sem tilgreind skulu í viðvörun Veðurstofunnar, í samræmi við gildandi neyðaráætlun. Svæði þessi skulu afmörkuð á sérstökum uppdráttum sem Veðurstofan skal sjá um að gera á grundvelli sérfræðilegrar þekkingar á eðli og afleiðingum snjóflóða. Skulu uppdrættirnir staðfestir af umhverfisráðherra og kynntir Almannavörnum ríkisins og almannavarnanefndum á hlutaðeigandi stöðum.

Lögreglustjóri og almannavarnanefnd sjá um að rýma húsnæði skv. 1. mgr. og má beita valdi í því skyni ef þörf krefur. Á meðan hættuástand varir er öll umferð bönnuð um það svæði, sem rýmt hefur verið, nema með sérstöku leyfi lögreglustjóra.

Veðurstofan tekur ákvörðun um það hvenær hættuástandi skuli aflétt, að höfðu samráði við lögreglustjóra og almannavarnanefndir.

4. gr.

6. gr. laganna verður svohljóðandi:

Veðurstofa Íslands skal ráða starfsmenn til að kanna og fylgjast með landfræðilegum og veðurfarslegum aðstæðum með tilliti til hættu af snjóflóðum og/eða skriðuföllum í þeim umdæmum þar sem þörf er á slíkum athugunum. Veðurstofan skal hafa samráð við hlutaðeigandi lögreglustjóra við ráðningu þessara starfsmanna.

5. gr.

7. gr. laganna verður svohljóðandi:

Sveitarstjórn lætur, að fengnu samþykki nefndar skv. 8. gr., gera tillögu að varnarvirkjum fyrir hættusvæði sem byggð eru eða byggð verða samkvæmt aðalskipulagi.

Sé hagkvæmara talið, til að tryggja öryggi íbúa gagnvart ofanflóðum, er sveitarstjórn heimilt að gera tillögu um að kaupa eða flytja húseignir í stað annarra varnaraðgerða sem ofanflóðasjóður fjármagnar að hluta eða öllu leyti samkvæmt þessum lögum.

Greiðsla úr sjóðnum miðast við staðgreiðslumarkaðsverð sambærilegra húseigna í sveitarfélaginu utan hættusvæða. Við ákvörðun þess skal ekki tekið tillit til hækkunar á markaðsverði sem rekja má til ákvörðunar um kaup á húseignum á hættusvæði.

Heimilt er að miða greiðslu úr sjóðnum við framreiknað kaupverð húseignar, sem keypt hefur verið á síðustu árum, ásamt mati á kostnaði núverandi eiganda af endurbótum hennar, ef fyrir liggur að staðsetning húseignar á hættusvæði eða í námunda við það hefur haft áhrif til lækkunar markaðsverðs.

Eigi húseigandi ekki kost á sambærilegri húseign í sveitarfélaginu til kaups og byggi hann nýja húseign í sveitarfélaginu til íbúðar fyrir sig og fjölskyldu sína er heimilt að miða greiðslu úr sjóðnum við brunabótamat vátryggingafélags sem í gildi var á þeim tíma þegar ofanflóð féll. Sé ákveðið að inna greiðslu af hendi vegna yfirvofandi hættu, án þess að flóð hafi fallið, er við sömu aðstæður heimilt að miða hana við brunabótamat vátryggingafélags sem í gildi var við síðustu áramót. Sé brunabótamat hærra en endurstofnverð húseignar, að frádregnum afskriftum vegna aldurs og byggingarefnis eignarinnar, skal greiðsla miðast við endurstofnverð sem þannig er reiknað.

Sjóðurinn greiðir ekki fyrir kaup á húseign, sem unnt er að flytja, nema heildarkostnaður við flutning sé hærri en kaupverð skv. 5. mgr.

Hlutaðeigandi sveitarsjóður verður eigandi húseigna sem keyptar eru samkvæmt þessari grein.

Náist ekki samkomulag um kaup á húseign er sveitarstjórn heimilt að taka eignina eignarnámi.

Ekki má hefja byggingar á óbyggðum hættusvæðum né þétta þá byggð sem fyrir er á hættusvæðum fyrr en tilskildum varnarvirkjum hefur verið komið upp.

6. gr.

8. gr. laganna verður svohljóðandi:

Tillaga sveitarstjórnar skv. 7. gr. ásamt framkvæmda- og kostnaðaráætlun skal lögð fyrir þriggja manna nefnd, skipaða fulltrúum umhverfisráðherra, félagsmálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fallist nefndin á tillöguna öðlast sú ákvörðun gildi að fenginni staðfestingu umhverfisráðherra.

Ráðherra getur sett nánari reglur um störf nefndar skv. 1. mgr.

7. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: umhverfisráðherra.
b. Við 2. tölul. 1. mgr. bætist: skv. 3. gr. og uppdrátta skv. 4. gr.
c. Í stað orðanna „má allt að 100% af kostnaði“ í fyrri málslið 3. tölul. 1. mgr. kemur: skal allan kostnað.
d. Í stað orðanna „hönnun og auka nýtingu“ í síðari málslið 3. tölul. 1. mgr. kemur: hættumat og hönnun.
e. 1. málsl. 2. mgr. hljóðar svo: Umhverfisráðherra ákveður úthlutun úr ofanflóðasjóði að fengnum tillögum Veðurstofu Íslands, þegar um er að ræða úthlutun skv. 1.–3. tölul., en að fengnum tillögum nefndar skv. 8. gr., þegar um er að ræða úthlutun skv. 4.–5. tölul.

8. gr.

Í stað orðanna „ofanflóðanefndar, sbr. 4. gr.“ í 13. gr. laganna kemur: nefndar skv. 8. gr.

9. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 14. gr. laganna kemur: Umhverfisráðherra.

10. gr.

Á eftir 14. gr. laganna bætist við ný grein er hljóðar svo:

Endurskoða skal lög þessi á árinu 1996 og skal stefnt að því að frumvarp til nýrra laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum verði lagt fyrir Alþingi eigi síðar en í desembermánuði 1996.

11. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða I er hljóðar svo:

Starfsmenn þeir, sem ráðnir hafa verið af lögreglustjórum skv. 6. gr. laganna, skulu sjálfkrafa verða starfsmenn Veðurstofu Íslands, enda skulu laun þeirra og önnur kjör ekki verða lakari við þá breytingu en um hefur verið samið.

12. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða II er hljóðar svo:

Í þeim sveitarfélögum þar sem snjóflóð hafa fallið á árinu 1995 skal gilda svohljóðandi regla um heimild til greiðslu úr ofanflóðasjóði í stað ákvæðis 5. mgr. 7. gr.:

Eigi húseigandi ekki kost á sambærilegri húseign í sveitarfélaginu til kaups og byggi hann nýja húseign í sveitarfélaginu til íbúðar fyrir sig og fjölskyldu sína er heimilt að miða greiðslu úr sjóðnum við brunabótamat. Sé brunabótamat hærra en endurstofnverð húseignar skal greiðsla miðast við endurstofnverð. Enn fremur er heimilt að inna af hendi greiðslu úr sjóðnum til húseiganda sem orðið hefur fyrir tjóni í snjóflóði á árinu 1995 þannig að heildargreiðsla til hans, að meðtöldum bótum frá Viðlagatryggingu Íslands, verði sambærileg við greiðslu til annarra húseigenda samkvæmt þessu ákvæði.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

414. Frumvarp til laga [206. mál]

um afnám laga nr. 96/1936, um að Mjólkursamsalan í Reykjavík og Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda skuli vera undanþegin útsvari og tekju- og eignarskatti.

(Eftir 2. umr., 18. des.)

1. gr.

Lög nr. 96/1936, um að Mjólkursamsalan í Reykjavík og Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda skuli vera undanþegin útsvari og tekju- og eignarskatti, eru úr gildi felld og fer um skyldur félaganna eftir ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 2. gr. laga nr. 75/1981.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1997 vegna tekna á árinu 1996 og eigna í lok þess árs.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skattalegt mat á eignum.

Á árinu 1996 skal Mjólkursamsalan í Reykjavík framkvæma mat á þeim fyrnanlegu eignum, sbr. 32. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sem voru í eigu þeirra í byrjun þess árs. Skal þetta skattalega mat gilda í skattskilum félagsins.

Matið skal framkvæma þannig að kostnaðarverði (stofnverði) skal breytt eftir verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár. Kostnaðarverð, þannig framreiknað, myndar fyrningargrunn sem fyrning reiknast af, í fyrsta sinn á árinu 1996.

Til frádráttar framreiknuðu stofnverði reiknast sá hundraðshluti fyrninga af stofnverðinu, sem um getur í 38. gr. laga nr. 75/1981, eftir því sem við á, fyrir hvert ár frá og með upphafi fyrningartíma skv. 33. gr. laga nr. 75/1981. Samtala þessara fyrninga telst fengin heildarfyrning. Hún skal þó aldrei vera hærri en 90% af framreiknuðu stofnverði, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1981 á eignum skv. 1. og 2. tölul. 32. gr. þeirra laga.

Mismunur fyrningargrunns, sbr. 2. mgr. þessa ákvæðis, og framreiknaðra fyrninga, sbr. 3. mgr., telst eftirstöðvar fyrningarverðs. Fyrningargrunnur og fengnar fyrningar breytast síðan árlega, sbr. 26. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Ríkisskattstjóri skal reikna verðbreytingarstuðul fyrir eignir sem Mjólkursamsalan í Reykjavík skv. 1. mgr. þessa bráðabirgðaákvæðis hefur eignast á árunum 1981–1995. Stuðullinn reiknast í samræmi við ákvæði 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV í lögum nr. 75/1981, sbr. 26. gr. sömu laga. Hafi Mjólkursamsalan í Reykjavík eignast fyrnanlegar eignir skv. 1., 3. eða 4. tölul. 32. gr. laga nr. 75/1981 fyrir ársbyrjun 1981 skulu þær ekki metnar samkvæmt þessu ákvæði. Þegar metnar eru eignir skv. 2. tölul. greindrar 32. gr., sem hafa verið í eigu Mjólkursamsölunnar í Reykjavík í fimmtán ár eða lengur, skal ríkisskattstjóri reikna stuðul til notkunar í því sambandi og skal hann hafa sömu viðmiðun og um getur í upphafi þessarar málsgreinar.

Matsverð mannvirkja, sbr. 2. tölul. 32. gr. laga nr. 75/1981, er Mjólkursamsölunni í Reykjavík heimilt að ákveða jafnt gildandi fasteignamati í árslok 1996 í stað framreiknaðs kostnaðarverðs (stofnverðs). Sé þessi heimild notuð myndar fasteignamatið nýjan fyrningargrunn. Sé fasteignamatið notað sem fyrningargrunnur samkvæmt þessari málsgrein reiknast ekki fyrningar skv. 3. mgr. þessa bráðabirgðaákvæðis fyrir liðinn tíma.

Reglur þessa ákvæðis gilda einnig um skattalegt mat ófyrnanlegra eigna eftir því sem við á.

Mjólkursamsalan í Reykjavík skal senda skattstjóra, eigi síðar en með skattframtali 1997, greinargerð um matið í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Matsbreyting samkvæmt þessu ákvæði telst ekki til tekna heldur færist í sérstakan reikning, reikning, vegna skattalegs mats sem telst til eigin fjár.

415. Lög [221. mál]

um breytingar á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985, sbr. lög nr. 50/1995.

(Afgreidd frá Alþingi 18. des.)

Samhljóða þskj. 413.

416. Lög [206. mál]

um afnám laga nr. 96/1936, um að Mjólkursamsalan í Reykjavík og Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda skuli vera undanþegin útsvari og tekju- og eignarskatti.

(Afgreidd frá Alþingi 18. des.)

Samhljóða þskj. 414.

417. Nefndarálit [253. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, sbr. lög nr. 16/1994.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur skrifstofustjóra í samgönguráðuneyti.

Í frumvarpinu er lagt til að aðlögunartími fyrir skipstjórnarmenn til að ljúka öryggisfræðslunámi verði framlengdur um eitt ár, eða til 31. desember 1996, þannig að hann verði sá sami og fyrir aðra skipverja.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Árni Johnsen og Petrína Baldursdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. des. 1995.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Kristján Pálsson.
Egill Jónsson.	Stefán Guðmundsson.	Ragnar Arnalds.
	Ásta R. Jóhannesdóttir.	

418. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1996.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 14-221 Hollustuvernd ríkisins. Nýr liður:	
102 Verkefni vegna EES-samnings, reglugerðir og eftirlit	5.000

Greinargerð.

Hollustuvernd ríkisins sótti sl. vor um 11,5 ný stöðugildi til að geta sinnt verkefnum sem stjórnvöld ætla stofnuninni að vinna.

Verkefni stofnunarinnar vegna skuldbindinga samkvæmt EES-samningi eru slík að þeim verður ekki sinnt á árinu 1996 vegna fjárskorts. Á matvælasviði eru um 100 tilskipanir, á mengunarvarnasviði um 40 og 40–50 á eiturefnasviði. Stöðugt bætast við nýjar tilskipanir sem sinna þarf.

419. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1996.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 14-201 Náttúruverndarráð. 110 Þjóðgarðar og friðlýst svæði.	
Fyrir „36.800“ kemur	42.800

Greinargerð.

Tillagan varðar verkefni sem Náttúruverndarráð telur nauðsynlegt að framkvæma á árinu 1996. Verkefni þessi tengjast verndaráætlun fyrir þjóðgarðana í Jökulsárgljúfrum og Skaftafelli, skipulagi friðlands á Lónsöræfum, rannsóknum á hverasvæðinu við Geysi og á Hveravöllum, skipulagi friðlýsts svæðis við Búðir á Snæfellsnesi, friðlandi í Vatnsfirði og merkingum á mörgum friðlýstum svæðum.

Upphæðin er lækkuð frá því sem var í tillögu sem flutt var við 2. umræðu.

420. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1996.

Frá Sigríði A. Þórðardóttur, Margréti Frímannsdóttur, Hjálmari Árnasyni, Tómasi Inga Olrich, Lúðvík Bergvinssyni, Arnbjörgu Sveinsdóttur, Ólafi Erni Haraldssyni, Guðnýju Guðbjörnsdóttur og Árna Johnsen.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 02-982 170 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis.	
a. Fyrir „15.300“ kemur	14.400
b. Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:	

Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis (02-982 170).

	Þús. kr.
1. Atli Heimir Sveinsson	900
2. Árni Kristjánsson	900
3. Ásgerður Búadóttir	900
4. Guðbjörg Þorbjarnardóttir	900
5. Halldór Laxness	900
6. Hannes Pétursson	900
7. Helgi Skúlason	900
8. Indriði G. Þorsteinsson	900
9. Jón Nordal	900
10. Jón úr Vör	900

	Þús. kr.	Þús. kr.
11. Jórunn Viðar	900	
12. Kristján Davíðsson	900	
13. Matthías Johannessen	900	
14. Sigfús Halldórsson	900	
15. Stefán Hörður Grímsson	900	
16. Thor Vilhjálmsson	900	
		14.400

421. Nefndarálit [43. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1996.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín frá fjármálaráðuneyti Magnús Pétursson ráðuneytisstjóra og Ingólf Bender hagfræðing. Þá komu einnig á fund nefndarinnar Þórður Friðjónsson þjóðhagsstofustjóri, Lárus Jónsson, Guðjón V. Valdimarsson og Gísli Fannberg frá Lánasjóði íslenskra námsmanna, Hinrik Greipsson og Einar Kristinn Jónsson frá Þróunarsjóði sjávarútvegsins, Kristján Jónsson og Eiríkur Briem frá Rafmagnsveitum ríkisins, Pétur Guðmundsson frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar, Heimir Steinsson og Hörður Vilhjálmsson frá Ríkisútvarpinu, Guðmundur Malmquist frá Byggðastofnun, Bragi Hannesson frá Iðnlánasjóði, Snorri Tómasson frá Ferðamálasjóði, Halldór Jónatansson og Örn Marinósson frá Landsvirkjun, Hilmar Þórisson frá Húsnæðisstofnun ríkisins og Leifur Kr. Jóhannesson frá Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Þær breytingar eru eftirfarandi:

1. Tveir töluliðir verði færðir úr kaflanum um lántökur yfir í kaflann um ríkisábyrgðir. Samtala 3. gr. breytist til samræmis við þetta.
2. Þar sem endurskoðuð lánsfjárþörf Landsvirkjunar er áætluð 2.760 m.kr. er lagt til að heimild stofnunarinnar til lántöku verði lækkuð um 780 m.kr. Þá er lagt til að 3. tölul. 3. gr. verði bætt við 4. gr. frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að lántökuheimild Rafmagnsveitna ríkisins hækki um 200 m.kr. frá frumvarpinu. Annars vegar er áætlað að teknar verði 100 m.kr. að láni til 10 ára til að standa undir kostnaði er hlaust af tjóni í óveðri í lok október sl. og til jarðstrengslagningar í dreifikerfi fyrirtækisins í þeim sveitum. Hins vegar er um að ræða 100 m.kr. lántöku til tveggja ára til að flýta lagningu jarðstrengs sem komi í stað helmings línunnar frá Kópaskeri til Brúarlands í Þistilfirði. Með því móti verður unnt að láta bráðabirgðaviðgerð á línunni nægja. Á framkvæmdaáætlun fyrirtækisins var gert ráð fyrir þessari framkvæmd árið 1998.
3. Lagt er til að fjármálaráðherra verði veitt heimild til að binda ríkissjóð með sjálfskuldarábyrgð vegna lántöku ýmissa aðila á næsta ári. Í fyrsta lagi er þar um að ræða allt að 470 m.kr. lántöku Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Akraneskaupstaður, Borgarbyggð og Andakílsárhreppur gerðu með sér samkomulag 8. desember 1995 er kveður á um aðgerðir í málefnum hitaveitunnar. Skv. 4. tölul. 5. gr. samkomulagsins er gert ráð fyrir að hitaveitan taki lán til að greiða hluta lána sem gjaldfalla 5. júní 1996. Lán þessi eru með breytilegum vöxtum

og bundin í Bandaríkjadölum og þýskum mörkum. Samkvæmt stöðu gjaldmiðla þegar samkomulagið var gert nemur lántakan 426 m.kr. Í ljósi óvissu um þróun gengis er þess óskað að hitaveitunni verði heimilað að taka allt að 470 m.kr. lán á næsta ári. Í öðru lagi er þess óskað til samræmis við greiðsluáætlun Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir árin 1996 og 1997 að þær fái heimild til að taka allt að 24 m.kr. lán sem ætlað er að greiða hluta 96,2 m.kr. afborgana og fjármagnskostnaðar á árinu 1996. Í þriðja lagi er lagt til að Lyfjabúð Háskóla Íslands fái lántökuheimild vegna kaupa á fasteigninni Austurstræti 16. Í fjórða lagi er lagt til að Flugmálastjórn verði gert heimilt að taka allt að 92 m.kr. lán til 15 ára til endurnýjunar á flugvél. Við afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir það ár sem er að líða var gert ráð fyrir allt að 70 m.kr. lántökuheimld. Endurskoðuð áætlun Flugmálastjórnar gerir hins vegar ráð fyrir þeirri fjárhæð sem hér er lögð til. Í fimmta lagi er 6. tölul. 3. gr. frumvarpsins færður yfir í þessa grein. Þar er lagt til að Ríkisútvarpið fái lántökuheimild vegna kaupa á langbylgjusendi og loftnetum til að nýta mastur Lóranstöðvarinnar á Gufuskálum til langbylgjusendinga. Loks er lagt til að Orkusjóður fái heimild til að taka allt að 15 m.kr. að láni til jarðhitaleitar, samkvæmt ákvæðum orkulaga, í námunda við þéttbýli á þeim svæðum þar sem vonir hafa aukist um að unnt sé að finna jarðhita. Fé þessu verður ráðstafað að fengnum umsóknum frá viðkomandi aðilum samkvæmt tillögum Orkuráðs.

4. Lagt er til að þremur nýjum greinum verði bætt við III. kafla frumvarpsins. Má þar fyrst nefna heimild Stofnlánadeildarinnar til að taka allt að 350 m.kr. viðbótarlán á árunum 1995 og 1996 vegna skuldbreytinga á lausaskuldum bænda. Í lánsfjárlögum fyrir árið 1995 var gert ráð fyrir að Stofnlánadeildinni væri heimilað að taka allt að 900 m.kr. lán til þessa verkefnis. Nú hefur komið í ljós að umsóknir eru fleiri en reiknað hafði verið með og því þörf fyrir 350 m.kr. viðbótarheimild. Þar sem ekki var lagt fram frumvarp til lánsfjáraukalaga í ár er þessi breyting tekin inn í frumvarp til lánsfjárlaga fyrir árið 1996, en þó sérstaklega tekið fram í gildistökuákvæði að þessi lántökuheimild nái einnig til ársins 1995. Reiknað er með að um 200–250 m.kr. af heildarfjárhæðinni falli á árið 1995 og þá 100–150 m.kr. á næsta ár. Í öðru lagi er lagt til að inn í frumvarpið verði teknar tvær heimildargreinar til handa fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs. Annars vegar er um að ræða heimild til að yfirtaka skuldir Herjólfs hf. vegna kaupa á Herjólfi. Stefnt er að því að samningaviðræðum ríkisins við stjórn Herjólfs hf. um þetta efni ljúki með undirritun samnings nú í vikunni. Að öllum líkindum verður þá einnig undirritaður samningur milli Vegagerðarinnar og Herjólfs hf. um rekstur ferjunnar til fjögurra ára. Hins vegar er heimild fjármálaráðherra til að gefa út viðbætur við eldri flokka spariskírteina ríkissjóðs. Ríkissjóður stefnir að því að fækka og stækka flokka spariskírteina. Meginástæðan er sú að það eykur líkurnar á að viðskipti á eftirmarkaði verði öflugri og verðmyndun á markaði betri. Því auðveldar fækkun flokka hlutverk viðskiptavaka.

Alþingi, 19. des. 1995.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Sólveig Pétursdóttir.
Valgerður Sverrisdóttir.	Einar Oddur Kristjánsson.	Pétur H. Blöndal.

422. Breytingartillögur [43. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1996.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, VS, SP, GMS, PHB, EOK).

1. Við 3. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Í stað „5.970“ í 1. málsl. komi: 5.320.
   b. 3. og 6. tölul. falli brott.
2. Við 4. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Í stað „3.540“ í 1. tölul. komi: 2.760.
   b. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Rafmagnsveitur ríkisins, allt að 650 m.kr, sbr. 62. gr. orkulaga, nr. 58/1967, með áorðnum breytingum.
3. Á eftir 4. gr. komi ný grein svohljóðandi:
   Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lántöku eftirtalinna aðila á árinu 1996:
   1. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, allt að 470 m.kr. til skuldbreytingar eldri lána.
   2. Bæjarveitur Vestmannaeyja, allt að 24 m.kr. til skuldbreytingar eldri lána.
   3. Lyfjabúð Háskóla Íslands, allt að 110 m.kr. til kaupa á fasteigninni Austurstræti 16 í Reykjavík.
   4. Flugmálastjórn, allt að 92 m.kr. til endurnýjunar á flugvél.
   5. Ríkisútvarpið, allt að 200 m.kr. til kaupa á langbylgjusendi og loftnetum.
   6. Orkusjóður, allt að 15 m.kr. til jarðhitaleitar.
4. Á eftir 9. gr. (er verði 10. gr.) komi þrjár nýjar greinar svohljóðandi:
   a. (11. gr.)
      Stofnlánadeild landbúnaðarins er heimilt að taka allt að 350 m.kr. viðbótarlán á árinu 1995 og 1996 vegna skuldbreytinga á lausaskuldum bænda.
   b. (12. gr.)
      Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að yfirtaka allar skuldir Herjólfs hf. vegna kaupa á ferjunni Herjólfi.
   c. (13. gr.)
      Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að gefa út að nýju viðbót inn í eldri flokka spariskírteina ríkissjóðs sem ekki eru komnir á gjalddaga í þeim tilgangi að stækka slíka flokka og gera þá markaðshæfari. Skilmálar og kjör hlutdeildarskírteina (spariskírteina) slíkra viðbóta við eldri flokka skulu vera hin sömu og að breyttu breytanda, þ.e. útgáfudagur, fyrsti vaxtadagur, vextir, verðtryggingarákvæði, gjalddagi og þess háttar.
5. Við 10. gr. (er verði 14. gr.). Við fyrri málslið bætist: en lántökuheimild skv. 11. gr. gildir einnig á árinu 1995.

423. Nefndarálit [119. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á sinn fund Húnboga Þorsteinsson skrifstofustjóra og Sesselju Árnadóttur deildarstjóra frá félagsmálaráðuneyti. Þá komu til fundar við nefndina Eiríkur Bogason, framkvæmdastjóri Samorku, Guðmundur Þóroddsson, vatnsveitustjóri í Reykjavík, og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Skriflegar athugasemdir bárust nefndinni frá Egilsstaðabæ, Reykjanesbæ, bæjarstjóranum á Akranesi, Hita- og vatnsveitu Akureyrar, Blönduósbæ, Bæjarveitum Vestmannaeyja, Hita- og vatnsveitu Sauðárkróks, bæjarverkfræðingi Kópavogsbæjar, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, borgarlögmanni Reykjavíkurborgar, bæjarstjóranum á Selfossi, Húsavíkurkaupstað og Samorku.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagðar eru til breytingar á 1. gr. frumvarpsins. Í fyrsta lagi er lagt til að notað verði orðið sveitarfélag í stað sveitarstjórnar um eignarhald á vatnsveitum þar sem sveitarfélögin sjálf eru eigendur þeirra. Í öðru lagi að orðið dreifiæð komi í stað orðsins götuæð. Víða eru aðstæður þannig að vatnsveitulagnir frá aðalæð liggja ekki endilega um götur heldur baklóðir eða opin svæði. Orðið dreifiæð nær þá yfir götuæð og einnig vatnsæðar sem liggja um önnur svæði, þ.e. þær vatnsæðar sem eru ekki aðalæðar eða heimæðar. Í þriðja lagi er skýrt nánar hver sé eigandi heimæðar og hver beri ábyrgð á viðhaldi hennar. Er þetta breyting frá núverandi fyrirkomulagi þannig að vatnsveita sveitarfélags verður ekki sjálfkrafa eigandi allra heimæða um áramótin 1996/97, heldur verður fasteignareigandi að gera samning við sveitarstjórn um yfirtöku vatnsveitunnar á heimæð sem lögð var fyrir gildistöku laga nr. 81/1991.
2. Með breytingum á 2. gr. frumvarpsins er í fyrsta lagi gert ráð fyrir þeim möguleika að heimæð húss tengist hvers konar dreifiæð eða jafnvel aðalæð, allt eftir því hvað vatnsveita sveitarfélagsins telur hentugast. Þá er í öðru lagi fellt niður ákvæði um að heimæðargjald skuli miðað við rúmmál fasteigna. Notkun á köldu vatni er ekki í samræmi við rúmmál fasteignar eins og er með notkun á heitu vatni. Því þykir eðlilegra að hafa til hliðsjónar raunkostnað og miða gjaldið við gerð, stærð og lengd heimæða. Jafnframt er gert ráð fyrir að gjaldið megi nema allt að meðalkostnaði við lagningu heimæða í sveitarfélaginu en með því er að nokkru leyti jafnað út kostnaði á fasteignareigendur. Aðstæður við lagningu heimæða geta verið mjög mismunandi vegna aðstæðna sem eru húseiganda óviðkomandi. Sem dæmi má nefna að sumar heimæðar þurfa að fara um klöpp en aðrar ekki. Í þriðja lagi er sveitarstjórnum veitt heimild til að gera kröfur um gerð, staðsetningu og frágang inntaksrýmis. Slík heimild er eðlileg í ljósi þess að vatnsveita sveitarfélags mun verða eigandi heimæðar og bera ábyrgð á henni.
3. Breyting sú, sem lögð er til á 3. gr. frumvarpsins, felur í sér nýmæli. Með henni er sveitarstjórn heimilað að miða vatnsgjald við fast gjald auk álags vegna stærðar fasteignar og/eða notkunar samkvæmt mæli. Samkvæmt núgildandi lögum er eingöngu heimilt að miða vatnsgjald við endurstofnverð húss og mannvirkis margfaldað með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins. Stofn til

álagningar vatnsgjalds á aðrar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra. Með því að binda gjaldtöku eingöngu við þessar viðmiðanir er hætta á að fasteignareigendum verði mismunað og gjaldtakan henti ekki rekstri vatnsveitunnar. Fasteignareigendur greiða meira fyrir vatn ef þeir eru í nýju húsi en gömlu á meðan kostnaður vatnsveitu af viðhaldi heimæða og annarra lagna eykst með aldri einstakra hverfa. Eðlilegt er því að heimila sveitarstjórnum að velja hvaða viðmiðun þær nota. Hins vegar er rétt að sama hámark gildi um álagningu vatnsgjalds, þ.e. að fjárhæð vatnsgjalds sé aldrei hærri en kveðið er á um í 1. málsl. 4. mgr. greinarinnar.

4. Með hliðsjón af framangreinum breytingum er lagt til að 2. mgr. 14. gr. laganna verði felld brott þar sem hún er nú óþörf.

Nefndin ræddi sérstaklega þá breytingu að miða skuli við að vatnsgjald ásamt öðrum tekjum, en ekki einungis vatnsgjald eins og kveðið er á um í núgildandi lögum, standi straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu. Nefndin telur að í þessu felist ekki efnisbreyting.

Svanfríður Jónasdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 19. des. 1995.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Siv Friðleifsdóttir.
Pétur H. Blöndal.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Magnús Stefánsson.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Kristján Pálsson.	Bryndís Hlöðversdóttir.

424. Breytingartillögur [119. mál]

við frv. til. l. um breyt. á l. um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin verði svohljóðandi:
   4. gr. laganna orðast svo:
   Sveitarfélag er eigandi vatnsveitu þess og sér um lagningu allra vatnsæða hennar, þ.e. aðalæða, dreifiæða og heimæða. Sveitarfélag annast og kostar viðhald vatnsæðanna.
   Heimæðar, sem lagðar hafa verið fyrir 1. janúar 1992 og liggja yfir einkalóðir, verða eign vatnsveitu sveitarfélags í framhaldi af endurnýjun vatnsveitunnar á þeim. Eignarhald á öðrum heimæðum skal vera óbreytt nema um annað náist samkomulag milli sveitarstjórnar og eiganda heimæðarinnar. Eigandi heimæðar kostar viðhald hennar.
2. Við 2. gr.
   a. 1. efnismálsl. a-liðar orðist svo: Eigandi eða rétthafi lóðar við veg eða opið svæði, þar sem dreifiæð liggur, á rétt á að fá eina heimæð lagða frá vatnsveitulögn.
   b. 5. efnismálsl. a-liðar orðist svo: Sveitarstjórn ákveður fjárhæð heimæðargjalds.
   c. Við efnismálsgrein a-liðar bætist nýr málsliður er verði 6. málsl. og orðist svo: Gjaldið skal miðað við gerð, stærð og lengd heimæða og má það nema allt að meðalkostnaði við lagningu heimæða í sveitarfélaginu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

d. Efnismálsgrein b-liðar orðist svo:

Vatnsinntak skal að jafnaði vera á þeirri hlið húss sem snýr að vatnslögn þeirri sem leggja á heimæð frá, nema sveitarstjórn samþykki annars konar fyrirkomulag. Sveitarstjórn er heimilt að gera kröfu um gerð, staðsetningu og frágang inntaksrýmis.

3. Við 3. gr. Í stað 2. málsl. 4. efnismgr. komi þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Sveitarstjórn er heimilt að ákveða hámark og lágmark vatnsgjalds miðað við rúmmál húseigna. Sveitarstjórn er enn fremur heimilt að miða vatnsgjaldið við fast gjald auk álags vegna stærðar fasteignar og/eða notkunar samkvæmt mæli. Álagning skv. 2. og 3. málsl. verði þó aldrei hærri en segir í 1. málsl. þessarar málsgreinar.
4. Á eftir 3. gr. komi ný grein er verði svohljóðandi:

2. mgr. 14. gr. laganna fellur brott.

425. Frumvarp til laga [254. mál]

um breyting á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34 25. mars 1991, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi er háð eftirfarandi takmörkunum:

1. Eftirtaldir aðilar mega einir stunda fiskveiðar í efnahagslögsögu Íslands samkvæmt lögum um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands eða eiga og reka fyrirtæki til vinnslu sjávarafurða hér á landi:
   a. Íslenskir ríkisborgarar og aðrir íslenskir aðilar.
   b. Íslenskir lögaðilar sem að öllu leyti eru í eigu íslenskra aðila eða íslenskra lögaðila sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:
      i. Eru undir yfirráðum íslenskra aðila.
      ii. Eru ekki í eigu erlendra aðila að meira leyti en 25% sé miðað við hlutafé eða stofnfé. Fari eignarhlutur íslensks lögaðila í lögaðila, sem stundar veiðar í efnahagslögsögu Íslands eða vinnslu sjávarafurða hér á landi, ekki yfir 5% má eignarhlutur erlendra aðila þó vera allt að 33%.
      iii. Eru að öðru leyti í eigu íslenskra ríkisborgara eða íslenskra lögaðila sem eru undir yfirráðum íslenskra aðila.

   Með vinnslu sjávarafurða í 1. mgr. þessa töluliðar er átt við frystingu, söltun, herslu, reykingu, súrsun, niðursuðu, niðurlagningu og hverja aðra þá verkun sem ver fisk og aðrar sjávarafurðir skemmdum, þar með taldar bræðsla og mjölvinnsla. Til vinnslu í þessu sambandi telst hins vegar ekki umpökkun afurða í neytendaumbúðir eða frekari vinnsla afurða til að gera þær hæfari til dreifingar, neyslu eða matreiðslu.
2. Íslenskir ríkisborgarar og aðrir íslenskir aðilar mega einir eiga virkjunarréttindi vatnsfalla og jarðhita önnur en til heimilisnota. Sama á við um fyrirtæki sem stunda orkuvinnslu og orkudreifingu. Sama rétt hafa einstaklingar sem búsettir eru í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins og lögaðilar sem heimilisfastir eru í öðru EES-ríki. Heimilt skal að kveða svo á í fjárfestingarsamningum milli Íslands og ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins að einstaklingar sem þar eru búsettir eða lögaðilar sem þar eru heimilisfastir hafi einnig sama rétt, enda verði slíkir samningar lagðir fyrir Alþingi til staðfestingar með þingsályktun.

   Erlendum aðila, sem öðlast eignarrétt og afnotarétt yfir fasteign samkvæmt ákvæðum laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, er heimilt að nýta jarðhita til beinnar notkunar í atvinnustarfsemi sinni innan þeirra takmarkana sem fram koma í orkulögum.
3. Samanlagður eignarhluti erlendra aðila í íslensku atvinnufyrirtæki sem stundar flugrekstur hér á landi má á hverjum tíma ekki vera meiri en 49%. Einstaklingar sem búsettir eru í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins og lögaðilar sem þar eru heimilisfastir eru þó undanþegnir ákvæðum þessa töluliðar.

4. Fjárfesting erlends ríkis, sveitarfélags eða annars erlends stjórnvalds í atvinnurekstri hér á landi er óheimil nema með sérstöku leyfi viðskiptaráðherra.
5. Erlendum aðila er heimilt að öðlast eignarrétt og afnotarétt yfir fasteign til beinnar notkunar í atvinnustarfsemi sinni samkvæmt ákvæðum laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Með íslenskum aðila er í þessari grein átt við ríkissjóð og sveitarfélög, svo og stofnanir, fyrirtæki og sjóði hér á landi í fullri eigu þeirra, íslenska ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi og lögaðila sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu opinberra aðila hér á landi, íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi eða annarra lögaðila sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi. Með íslenskum lögaðila er í þessari grein átt við lögaðila með heimili hér á landi án tillits til þess hvernig rekstrarformi eða eignarhaldi er háttað. Lögaðili telst eiga heimili hér á landi ef hann er skráður hér á landi, ef hann telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn hans er hér á landi. Með íslenskum lögaðila undir yfirráðum íslenskra aðila er í þessari grein átt við íslenskan lögaðila þar sem íslenskir aðilar eiga meiri hluta hans, svo sem meiri hluta hlutafjár eða stofnfjár, og hafa meiri hluta atkvæðisréttar og hafa raunveruleg yfirráð yfir viðkomandi lögaðila.

2. gr.

Á eftir 4. gr. laganna koma tvær nýjar greinar og breytist greinatala samkvæmt því. Hinar nýju greinar orðast svo:

a. (5. gr.)

Telji stjórnendur fyrirtækis sem starfar hér á landi og rétt hefur til að stunda fiskveiðar í efnahagslögsögu Íslands, stjórnendur fiskvinnslufyrirtækis eða stjórnendur íslensks lögaðila sem á með beinum eða óbeinum hætti hlut í slíku fiskveiðifyrirtæki eða fiskvinnslufyrirtæki að farið sé gegn ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. um hámark erlendrar fjárfestingar og innlend yfirráð í íslenskum lögaðila sem með beinum eða óbeinum hætti á hlut í fiskveiðifyrirtæki eða fiskvinnslufyrirtæki skal viðkomandi þá þegar senda viðskiptaráðuneytinu tilkynningu þar að lútandi. Ráðuneytið skal þá afla upplýsinga frá hlutaðeigandi lögaðila um það hverjir eigendur hans eru, atkvæðamagn hvers þeirra, stjórnarmenn og önnur atriði sem máli þykja skipta varðandi raunveruleg yfirráð hans. Ráðherra getur að eigin frumkvæði óskað eftir slíkum upplýsingum ef grunsemdir eru um brot gegn ákvæði þessu. Ráðuneytinu skal senda þær upplýsingar sem það óskar eftir innan fjögurra vikna frá því að beiðni þess berst. Að þeim tíma liðnum skal ráðuneytið senda þau gögn, sem það hefur um hlutaðeigandi lögaðila, nefnd um erlenda fjárfestingu, sbr. 12. gr., sem metur hvort gengið sé gegn ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. Nefndin getur að eigin frumkvæði aflað frekari gagna til skýringar máli. Álit nefndarinnar skal sent viðskiptaráðherra innan fjögurra vikna frá því málefni barst nefndinni.

Telji nefnd um erlenda fjárfestingu að fjárfesting eða yfirráð séu með þeim hætti að gengið sé gegn ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. skal viðskiptaráðherra með úrskurði skylda hlutaðeigandi lögaðila til að selja þann eignarhlut í fiskveiðifyrirtæki eða fiskvinnslufyrirtæki eða, ef um það er að ræða, þá hlutdeild í lögaðila sem á hlut í fiskveiðifyrirtæki eða fiskvinnslufyrirtæki sem ekki er samræmanlegur ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. Söluskylda samkvæmt þessari málsgrein takmarkast við þann eignarhlut eða hluta eignarhlutar sem varð til þess að erlend fjárfesting fór fram úr þeim mörkum sem grein-

ir í 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. Við úrlausn þess skal miðað við það hvenær tilkynning um eigandaskipti barst viðkomandi lögaðila. Ef ekki er orðið við slíkri skyldu innan fjögurra vikna skal með eignarhlutinn fara skv. 4. og 5. mgr.

Ef erlendur aðili eignast hlut í fiskveiðifyrirtæki, fiskvinnslufyrirtæki eða fiskiskipi með samningum til lúkningar veðskuldar sem veðhafi við útgáfu uppboðsafsals, með erfðum eða á annan hátt, skal hann selja hlutinn svo fljótt sem verða má og eigi síðar en tólf mánuðum eftir að hluturinn komst í eigu hans. Ef ekki hefur orðið af slíkri sölu innan tólf mánaða skal fara með eignarhlutinn skv. 4. og 5. mgr.

Eigi sala á eignarhlut, sem skylt er að selja skv. 2. mgr., sér ekki stað innan fjögurra vikna eða skv. 3. mgr. innan tólf mánaða skal afhenda viðskiptaráðherra hlutabréfin eða skilríki fyrir eignarhlutnum ásamt undirrituðu söluumboði. Hann skal þá fela óháðu, íslensku verðbréfafyrirtæki, sem heimilt væri skv. b-lið 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. að eiga slíkan hlut, að selja þann eignarhlut sem um ræðir til aðila sem uppfyllir skilyrði laganna. Skal verðbréfafyrirtækið eftir það annast söluna og fara með eignarhlutinn þar til sala hefur tekist. Skal verðbréfafyrirtækið gæta fjárhagslegra hagsmuna eiganda við þá sölumeðferð, þar með talið við ákvörðun um tímasetningu á sölu. Nú selur verðbréfafyrirtækið eignarhlutinn og er eigandi hans þá bundinn við söluna. Þóknun fyrir umsýslu og sölu eignarhlutarins skal greiða af söluandvirði eða arði samkvæmt almennum venjum á verðbréfamarkaði.

Skili eigandi eða umráðaaðili eignarhlutar ekki hlutabréfum eða skilríki fyrir eignarhlut, sbr. 4. mgr., falla öll réttindi samkvæmt eignarhlutnum niður, þar með talin atkvæðisréttur, áskriftarréttur að nýjum hlutum og réttur til greiðslu arðs, þar til skil hafa verið gerð.

Hafi sala skv. 3. mgr. eigi tekist innan sex mánaða frá því verðbréfafyrirtækið tók eignarhlutinn til umsýslu og sölumeðferðar er ráðherra heimilt að fenginni ósk verðbréfafyrirtækisins eða eiganda hans að veita viðbótarfrest í sex mánuði ef líkur eru taldar á frjálsri sölu innan þess frests. Að öðrum kosti er ráðherra rétt að krefjast nauðungarsölu á eignarhlutnum án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar.

Ákvæði 1.–6. mgr. eiga með samsvarandi hætti við þegar gengið er gegn ákvæðum 2. og 3. tölul. 1. mgr. 4. gr.

b. (6. gr.)

Nú vill erlendur aðili reka atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni og skal þá svo með fara:

1. Sé um að ræða einstakling sem búsettur er erlendis skal honum óheimilt að vinna sjálfstætt eða starfrækja eigið atvinnufyrirtæki eða taka þátt í fyrirtæki með ótakmarkaðri ábyrgð hér á landi nema með leyfi viðskiptaráðherra, enda sé lögheimili hér á landi ekki óundanþægt skilyrði samkvæmt lögum um viðkomandi atvinnugrein eða veiting undanþágu frá lögheimilisskilyrði falin öðrum. Ríkisborgarar aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins eru undanþegnir ákvæðum þessa liðar.
2. Um rétt hlutafélags eða einkahlutafélags, sem á heimili erlendis, til að starfa hér á landi fer samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög og laga um einkahlutafélög.
3. Viðskiptaráðherra getur veitt öðrum lögaðilum, sem heimili eiga erlendis, leyfi til að starfa hér á landi, enda sé þá að því er varðar slíka lögaðila og starfsemi þeirra hér á landi fullnægt sömu skilyrðum og fylgt sömu meginreglum og að því er varðar erlend hlutafélög, sbr. 2. tölul. þessarar greinar. Útibú slíks lögaðila skal skráð í firmaskrá á heimilisvarnarþingi útibúsins. Lögaðilar með heimili í aðildarríkjum Evr-

ópska efnahagssvæðisins þurfa ekki leyfi viðskiptaráðherra til starfsemi hér á landi.

3. gr.

5. gr. laganna, er verður 7. gr., orðast svo:

Tilkynna ber viðskiptaráðherra alla erlenda fjárfestingu jafnskjótt og samningur eða ákvarðanir þar að lútandi liggja fyrir. Tilkynningarskyldan tekur bæði til fjárfestingar erlends aðila í atvinnufyrirtæki sem hann hefur ekki átt í áður og viðbótarfjárfestingar í slíku fyrirtæki. Tilkynningu skulu fylgja afrit eða ljósrit af skjölum eða gögnum sem málið varða og nauðsynleg teljast að mati ráðherra. Sé um að ræða erlenda fjárfestingu í íslensku atvinnufyrirtæki hvílir tilkynningarskyldan á viðkomandi atvinnufyrirtæki, en sé um að ræða fyrirhugaða atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni erlends aðila hvílir tilkynningarskyldan á honum.

Viðskiptaráðherra hefur rétt til upplýsingaöflunar og athugana vegna fjárfestingar erlendra aðila. Heimilt er viðskiptaráðherra að fela ríkisstofnun að annast slíka upplýsingaöflun og athuganir.

4. gr.

1. málsl. 6. gr. laganna, er verður 8. gr., orðast svo: Erlendum aðila, sem fjárfestir í atvinnurekstri hér á landi, skal frjálst að flytja í því skyni til landsins erlendan gjaldmiðil, enda sé slíkur fjármagnsflutningur tilkynntur samkvæmt lögum og reglum um gjaldeyrisviðskipti.

5. gr.

2. málsl. 8. gr. laganna, er verður 10. gr., orðast svo: Búsetuskilyrði gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki.

6. gr.

10. gr. laganna, er verður 12. gr., orðast svo:

Sérstök fimm manna nefnd, nefnd um erlenda fjárfestingu, skal fylgjast með að ákvæðum 4. gr. um takmarkanir á fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri sé framfylgt, sbr. ákvæði 5. gr. Jafnframt skal hún vera ráðherra til ráðuneytis um leyfisveitingar skv. 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. Nefndin skal skipuð fimm mönnum, kosnum hlutfallskosningu á Alþingi að afstöðnum almennum þingkosningum. Kosnir skulu jafnmargir varamenn. Viðskiptaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi nefndarmanna. Formaður nefndarinnar boðar hana til funda. Viðskiptaráðherra ákveður þóknun nefndarinnar.

Nú telur viðskiptaráðherra að tiltekin erlend fjárfesting ógni öryggi landsins eða gangi gegn allsherjarreglu, almannaöryggi eða almannaheilbrigði eða ef upp koma alvarlegir efnahagslegir, þjóðfélagslegir eða umhverfislegir erfiðleikar í sérstökum atvinnugreinum eða á sérstökum svæðum, sem líklegt er að verði viðvarandi, og getur hann þá stöðvað slíka fjárfestingu enda kunngjöri hann ákvörðun sína innan átta vikna frá því að honum berst tilkynning um hlutaðeigandi fjárfestingu, sbr. 7. gr. Áður en slík ákvörðun er tekin skal ráðherra leita álits nefndar um erlenda fjárfestingu. Þegar um er að ræða fjárfestingu aðila frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins skal gætt ákvæða 112. og 113. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993.

Viðskiptaráðherra skal á fyrri hluta hvers árs flytja Alþingi skýrslu um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hérlendis næsta ár á undan. Í henni skulu m.a. koma fram upplýsingar um aðgerðir stjórnvalda til að auka fjárfestingu erlendra aðila hér á landi, um fjárfestingu erlendra aðila og heildarfjárfestingu eftir atvinnugreinum og um beitingu öryggisákvæðis skv. 2. mgr. og úrræða stjórnvalda skv. 5. gr.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta þjónar tvíþættum tilgangi, í fyrsta lagi að laga reglur um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi að ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og í öðru lagi að heimila óbeina fjárfestingu erlendra aðila í fiskveiðum og fiskvinnslu. Samhliða þessu frumvarpi leggur sjávarútvegsráðherra fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 13/1992, um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands. Er þar kveðið á um sömu rýmkun á heimildum erlendra aðila til að fjárfesta með óbeinum hætti í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum og í þessu frumvarpi. Er þetta gert til að tryggja áfram samræmi milli þessara tvennra laga.

Samkvæmt ákvæðum EES-samningsins skal aðilum í einu ríki innan EES vera heimilt án takmarkana að fjárfesta í atvinnurekstri í öðru ríki á svæðinu. Í XII. viðauka með samningnum er Íslandi veitt heimild til að viðhalda ótímabundið gildandi banni við fjárfestingu erlendra aðila í fiskveiðum og frumvinnslu sjávarafurða. Jafnframt er stjórnvöldum samkvæmt samningnum heimilt að krefjast þess að fyrirtæki, sem hafa að hluta til eða að öllu leyti verið keypt af erlendum aðilum eða ríkisborgurum sem ekki eru með lögheimili á Íslandi, losi sig við fjárfestingu í starfsemi á sviði fiskvinnslu eða í fiskiskipum. Þá er Íslandi veittur frestur til 1. janúar 1996 til að laga gildandi reglur um fjárfestingu erlendra aðila í öðrum atvinnugreinum, þar á meðal á orkusviðinu, að ákvæðum samningsins.

Í lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, er fortakslaust bann við fjárfestingu erlendra aðila í fiskveiðum og frumvinnslu sjávarafurða og gildir þá einu hvort um er að ræða kaup á hlut í fyrirtæki í þessum greinum eða óbeina fjárfestingu sem felst í því að erlendur aðili eignast hlut í félagi sem á hlut í fyrirtæki í þessum greinum. Ýmis dæmi eru um óbeina fjárfestingu af þessu tagi í fiskveiðum og fiskvinnslu en ekki hefur verið amast við henni. Eftir því sem íslenskur fjármagnsmarkaður þróast og verður opnari fyrir erlendri fjárfestingu má búast við að slíkum tilvikum fjölgi. Fortakslaust bann við óbeinni fjárfestingu í fiskveiðum og fiskvinnslu mundi, ef því væri framfylgt, leiða til þess að fyrirtæki í fiskveiðum og fiskvinnslu mundu eiga erfiðara með að afla sér eigin fjár en önnur fyrirtæki í landinu. Er vandséð að slíkt sé skynsamlegt og því er í frumvarpinu lagt til að óbein fjárfesting erlendra aðila í fiskveiðum og frumvinnslu sjávarafurða verði heimiluð innan ákveðinna marka.

Í frumvarpinu er lagt til að breytingar verði gerðar á gildandi ákvæðum um eignarhald og fjárfestingu erlendra aðila á orkusviðinu og í flugrekstri. Er þar fyrst og fremst verið að hrinda í framkvæmd ákvæðum EES-samningsins um rétt aðila á EES-svæðinu til að fjárfesta í þessum greinum hér á landi. Hins vegar er áfram gert ráð fyrir takmörkunum á fjárfestingum aðila utan EES-svæðisins. Þó er gert ráð fyrir að heimilt sé í fjárfestingarsamningum milli Íslands og ríkja utan EES-svæðisins að veita þarlendum aðilum sama rétt til fjárfestinga á orkusviðinu og innlendir aðilar og EES-aðilar hafa, enda

verði slíkir samningar lagðir fyrir Alþingi til staðfestingar með þingsályktun. Jafnframt er lagt til að tekin verði af öll tvímæli varðandi heimildir erlendra aðila til að nýta jarðhita beint í atvinnurekstri, svo sem í iðnaði og fiskeldi. Í því sambandi skal bent á að dæmi eru um að fiskeldisfyrirtæki með erlendri eignaraðild hér á landi hafi nýtt sér jarðhita.

Fullt samráð hefur verið haft við helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi, fiskvinnslu og flugrekstri hér á landi um þær breytingar á reglum um fjárfestingar erlendra aðila sem fram koma í fumvarpinu.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri var lagt fram á Alþingi á 117. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Hins vegar beitti efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis sér fyrir því að gerðar voru ákveðnar breytingar á lögunum fyrir gildistöku EES-samningsins 1. janúar 1994. Þær breytingar miðuðu einkum að því að undanþiggja ríkisborgara frá EES-svæðinu skilyrði laganna um að leyfi viðskiptaráðherra þurfi til að erlendur einstaklingur geti rekið atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni og því skilyrði að framkvæmdastjóri og meiri hluti stjórnarmanna í íslenskum atvinnufyrirtækjum skuli búsettir hér á landi. Einnig var fellt niður gagnkvæmnisskilyrði 3. gr. laganna. Þessar breytingar er að finna í lögum nr. 121/1993.

Frumvarpið var lagt fram á ný seint á 118. löggjafarþingi í nokkuð breyttri mynd. Það komst ekki á dagskrá. Í júní 1995 skipaði viðskiptaráðherra nefnd til að yfirfara ákvæði frumvarpsins. Annars vegar var nefndinni ætlað að kanna hvort ákvæði frumvarpsins fullnægðu alþjóðlegum samningsskuldbindingum Íslands og hvort ástæða væri til að ganga lengra en þær kveða á um. Hins vegar var henni ætlað að kanna hvort breyta ætti ákvæðum laga þannig að þau verði frekar til þess fallin að örva erlenda fjárfestingu. Í nefndinni sitja Arnór Halldórsson deildarstjóri, Baldur Guðlaugsson hrl., Finnur Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri, Halldór J. Kristjánsson skrifstofustjóri og Jón Sveinsson hdl. sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Nefndin hefur lokið fyrra verkefninu. Frumvarp það, sem nú er lagt fram, er árangur þess starfs. Nefndin hefur hins vegar enn til athugunar hvort ástæða sé til þess síðar að taka í lög ákvæði er miði að því að laða erlenda fjárfesta til landsins.

Helstu breytingar í frumvarpinu frá gildandi lögum eru:

1. Heimiluð er óbein fjárfesting erlendra aðila í fyrirtækjum sem stunda fiskveiðar og fiskvinnslu. Ákveðnar skorður eru þó settar við slíkri fjárfestingu. Jafnframt er lagt til að ákvæði laganna um fiskveiðar annars vegar og fiskvinnslu hins vegar verði sameinuð í eitt ákvæði.
2. Felldar eru brott skorður við möguleikum aðila á EES-svæðinu til að eiga virkjunarréttindi vatnsfalla og jarðhita hér á landi eða stunda orkuvinnslu eða orkudreifingu. Lagt er til að þetta svið verði áfram lokað fyrir öðrum erlendum aðilum. Þó er heimilt við gerð fjárfestingarsamninga við ríki utan EES að opna þetta svið fyrir þarlendum aðilum, enda komi slíkir samningar til umfjöllunar á Alþingi hverju sinni.
3. Tekin eru af tvímæli um að erlendum aðila, sem öðlast eignar- og afnotarétt yfir fasteign samkvæmt ákvæðum laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, sé heimilt að nýta jarðhita til beinnar notkunar í atvinnustarfsemi sinni.
4. Felldar eru brott skorður við fjárfestingu aðila á EES-svæðinu í félagi sem stundar flugrekstur hér á landi. Lagt er til að hámark laganna um 49% eignarhlut erlendra aðila gildi áfram gagnvart aðilum utan EES-svæðisins.

5. Fellt er niður 25% hámark á eignarhluta erlendra aðila í íslenskum hlutafélagsbanka. Einnig er lagt til að fellt verði brott ákvæði laganna sem heimilar erlendum hlutafélagsbönkum að opna útibú hér á landi frá og með 1. janúar 1992. Ákvæði um útibú erlendra lánastofnana er nú að finna í lögum nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði, og lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, og reglugerðum um þetta efni sem gefnar hafa verið út á grundvelli ákvæða í þessum lögum (nr. 307/1994 og 308/1994).
6. Fellt er brott skilyrði um leyfisveitingu viðskiptaráðherra fari erlend fjárfesting fram úr 250 millj. kr. fjárhæðarmarkinu eða sé umfram 25% af heildarfjárfestingu í tilgreindum atvinnugreinum. Í ljósi reynslunnar verður ekki séð að ástæða sé til að lögbinda ákvæði af þessu tagi. Fjárfesting erlendra aðila hér á landi hefur yfirleitt verið langt undir þessum mörkum. Þá gegna almennt öryggisákvæði og ákvæði samkeppnislaga svipuðu hlutverki og ákvæði af þessu tagi er ætlað að gegna.
7. Gerð er tillaga um ítarleg úrræði stjórnvalda ef fjárfesting erlends aðila gengur gegn ákvæðum laganna.
8. Orðalagi öryggisákvæðis er breytt til samræmis við hliðstæð ákvæði í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og samþykkt OECD um afnám hafta á fjármagnsflutningum. Jafnframt er frumkvæði að beitingu þess fært frá nefnd um erlenda fjárfestingu til viðskiptaráðherra, þó þannig að ráðherra verður að leita álits nefndarinnar.
9. Lagt er til að viðskiptaráðuneytinu verði sendar tilkynningar um erlenda fjárfestingu í stað Seðlabanka Íslands. Þykir þetta eðlilegt vegna eftirlitshlutverks ráðuneytisins og nefndar um erlenda fjárfestingu. Jafnframt er lagt til að viðskiptaráðherra verði falið að flytja Alþingi skýrslu um erlenda fjárfestingu næstliðins árs í stað þess að Seðlabankinn birti þessar upplýsingar opinberlega. Þykir þetta eðlilegt í ljósi þess að hér er í senn um að ræða viðkvæman og mikilvægan málaflokk.

Í fylgiskjali með frumvarpinu hafa verið felld saman texti laga nr. 34/1991, laga nr. 121/1993 og ákvæði frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 4. gr. laganna koma fram takmarkanir sem gilda um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Þær eru nú þessar: Bann við fjárfestingu í félögum sem stunda fiskveiðar, frumvinnslu sjávarafurða eða orkuvinnslu og orkudreifingu, 49% hámark á eignarhlut erlendra aðila í félagi sem stundar flugrekstur, 25% hámark á eignarhlut erlendra aðila í hlutafélagsbanka, bann við fjárfestingu erlends ríkis eða fyrirtækis í eigu erlends ríkis, 250 millj. kr. hámark á árlegri fjárfestingu eins erlends aðila eða fjárhagslega tengdra erlendra aðila og 25% hámark á heildarfjárfestingu erlendra aðila af áætlaðri fjárfestingu í tilteknum atvinnugreinum.

Í 1. tölul. 1. mgr. er lagt til að áfram gildi fortakslaust bann við beinni fjárfestingu erlendra aðila í fiskveiðum og frumvinnslu sjávarafurða. Hins vegar er lagt til að heimiluð verði óbein fjárfesting í þessum greinum innan ákveðinna marka. Samkvæmt ákvæðinu mega þeir stunda fiskveiðar og frumvinnslu sjávarafurða skv. a-lið sem uppfylla það skilyrði að vera íslenskir ríkisborgarar eða aðrir íslenskir aðilar. Hugtakið íslenskur aðili er skilgreint í 2. mgr. þessarar greinar sem íslenskir ríkisborgarar sem eiga lögheimili á hér á landi, opinberir aðilar og lögaðilar sem eru að fullu leyti í eigu þessara aðila. Hér er því um aðila að ræða þar sem engin erlend eignaraðild er heimil. Auk þess mega

stunda fiskveiðar og frumvinnslu sjávarafurða skv. b-lið lögaðilar sem eru að öllu leyti í eigu íslenskra aðila eða íslenskra lögaðila sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Eru undir yfirráðum íslenskra aðila. Í þessu felst að lögaðilinn verður að eiga heimili hér á landi og að íslenskur aðili eða aðilar verða að eiga meiri hluta í félaginu eða fara með meiri hluta atkvæðisréttar eða hafa með öðrum hætti raunveruleg yfirráð yfir viðkomandi félagi. Í því felst að ákvarðanir um stefnu fyrirtækisins og aðrar ákvarðanir, er lúta að daglegri starfsemi þess, eru teknar af íslenskum aðilum en ekki erlendum.
2. Erlendir aðilar mega ekki eiga með beinum hætti meira en 25% hlutafjár eða stofnfjár. Þó er heimilt að þessi hlutur fari upp í 33% af hlutafé eða stofnfé, enda eigi lögaðilinn sem um ræðir ekki meira en 5% af hlutafé eða stofnfé í íslensku sjávarútvegsfyrirtæki.
3. Íslenskir lögaðilar, sem eiga hlut í lögaðilanum, verða að vera undir íslenskum yfirráðum, þ.e. þeir verða að eiga heimili hér á landi og íslenskur aðili eða aðilar verða að eiga meiri hluta í lögaðilanum eða fara með meiri hluta atkvæðisréttar eða hafa með öðrum hætti raunveruleg yfirráð yfir félaginu.

Þessi skilyrði verða best skýrð með dæmi. Sjávarútvegsfyrirtækið A er í eigu tveggja lögaðila, B og C. Bæði B og C verða að uppfylla það skilyrði að vera íslenskir lögaðilar undir íslenskum yfirráðum. Hins vegar mega erlendir aðilar eiga með beinum hætti allt að 25% af hlutafé eða stofnfé í B og C. Ef hvorki B né C eiga meira en 5% af hlutafé eða stofnfé í A getur þetta hlutfall þó farið upp í 33% af hlutafé eða stofnfé. B og C geta verið hvers konar lögaðilar, t.d. hlutabréfasjóðir. Íslenskir lögaðilar, t.d. D, E, F og G, sem eiga hlutafé eða stofnfé í B og C, verða að uppfylla það skilyrði að vera undir íslenskum yfirráðum. Í skilgreiningunni á íslenskum lögaðila undir íslenskum yfirráðum felst að erlendir aðilar mega ekki eiga meira en 49% hlutafjár eða stofnfjár í D, E, F og G. Þessir lögaðilar verða þó jafnframt að uppfylla það skilyrði að íslenskir aðilar fari þar með meiri hluta atkvæðisréttar og hafi þar raunveruleg yfirráð.

Ekki er lagt til að breytt verði ákvæðum laganna um það hvaða greinar fiskvinnslu eru háðar takmörkunum á fjárfestingu erlendra aðila. Um er að ræða frystingu, söltun, herslu, reykingu, súrsun, niðursuðu, niðurlagningu og hverja aðra þá verkun sem ver fisk og aðrar sjávarafurðir skemmdum, þar með taldar bræðsla og mjölvinnsla. Í ársbyrjun 1996 tekur gildi ný atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands sem byggð er á samræmdri flokkun fyrir Evrópska efnahagssvæðið. Með hliðsjón af ákvæðum gildandi laga og samhljóða ákvæðum frumvarpsins verða í gildi takmarkanir á fjárfestingu erlendra aðila í eftirtöldum atvinnugreinaflokkum innan sjávarútvegs:

Öllum greinum fiskveiða innan flokks atvinnugreinaflokks 05.01:

05.01.1 Togaraútgerð.
05.01.2 Útgerð vinnsluskipa.
05.01.3 Útgerð annarra fiskiskipa yfir 10 brl.
05.01.4 Smábátaútgerð.
05.01.5 Útgerð hvalveiðiskipa.

Öllum greinum fiskvinnslu innan atvinnugreinaflokks 15.20:
15.20.1 Frystingu.
15.20.2 Saltfiskverkun.
15.20.3 Síldarsöltun.
15.20.4 Herslu.
15.20.5 Harðfiskverkun.
15.20.6 Vinnslu á ferskum fiski.
15.20.7 Mjöl- og lýsisvinnslu.
15.20.8 Niðursuðu og niðurlagningu sjávarafurða.
15.20.9 Annarri ótalinni fiskvinnslu.
Hvalvinnslu í atvinnugreinaflokki 15.22.

Þó er umpökkun afurða í neytendaumbúðir eða frekari vinnsla afurða til að gera þær hæfari til dreifingar, neyslu eða matreiðslu ekki talin til fiskvinnslu. Ákvæði gildandi laga hafa verið túlkuð þannig að erlendum aðilum sé óheimilt að fjárfesta í hvers konar vinnslu á fersku sjávarfangi, þ.e. í frumvinnslu sjávarafurða, en að fjárfestingin sé þeim heimil þegar um er að ræða vinnslu á hráefni sem þegar hefur verið meðhöndlað í því skyni að verja það skemmdum. Þetta gildir áfram þar sem ákvæði frumvarpsins um skilin milli fiskvinnslu sem erlendir aðilar geta fjárfest í og hinnar eru samhljóða ákvæðum gildandi laga.

Samhliða þessu frumvarpi leggur sjávarútvegsráðherra fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 13/1992, um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands. Er þar kveðið á um sömu rýmkun á heimildum erlendra aðila til að fjárfesta með óbeinum hætti í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum og í þessu frumvarpi. Er þetta gert til að tryggja áfram samræmi milli þessara tvennra laga.

Í 2. tölul. koma fram hömlur á möguleikum erlendra aðila til að eiga virkjunarréttindi vatnsfalla og jarðhita og hlut í fyrirtækjum á sviði orkuvinnslu og orkudreifingar. Breytingar frá gildandi ákvæðum eru af þrennum toga.

Í fyrsta lagi er orðalag ákvæðisins einfaldað með því að nota hugtakið íslenskur aðili sem skilgreint er í 2. mgr. greinarinnar. Í gildandi ákvæði er eignarrétturinn takmarkaður við íslenska ríkið, sveitarfélög, íslenska ríkisborgara sem eiga lögheimili hérlendis og lögaðila sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hérlendis. Í 2. mgr. greinarinnar er íslenskur aðili skilgreindur sem ríkissjóður og sveitarfélög, svo og stofnanir, fyrirtæki og sjóðir hér á landi í fullri eigu þeirra, íslenskir ríkisborgarar sem eiga lögheimili hér á landi og lögaðilar sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu opinberra aðila hér á landi, íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi eða annarra lögaðila sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi.

Í öðru lagi er lagt til að aðilar annars staðar á EES-svæðinu öðlist sama rétt og Íslendingar til að eiga virkjunarréttindi vatnsfalla og jarðhita hér á landi eða stunda orkuvinnslu eða orkudreifingu. Er þetta í samræmi við 40. gr. EES-samningsins, sbr. XII. viðauka hans. Þeir aðilar sem hér um ræðir eru einstaklingar sem búsettir eru og lögaðilar sem heimilisfastir eru í öðru EES-ríki. Ríkisfang einstaklings eða ríkisfang eigenda lögaðila skiptir hér ekki máli. Skilyrði 40. gr. EES-samningsins um búsetu fremur en ríkisfang er í samræmi við það sem almennt tíðkast á sviði gjaldeyrismála, þar með taldar fjárfestingar í atvinnurekstri, en þar er miðað við búsetu aðila en ekki ríkisfang þegar greint er á milli innlendra og erlendra aðila, sbr. lög nr. 87/1992, um gjaldeyrismál. Gert er ráð fyrir að þetta svið verði áfram lokað fyrir öðrum erlendum aðilum. Þó er heimilt

við gerð fjárfestingarsamninga við ríki utan EES að opna þetta svið fyrir þarlendum aðilum, enda verði slíkir samningar lagðir fyrir Alþingi til staðfestingar með þingsályktun. Sem dæmi um samninga sem hér um ræðir eru tvíhliða fjárfestingarsamningar sem gerðir eru við einstök ríki, væntanlegur annar áfangi orkusáttmála Evrópu og alþjóðlegur fjárfestingarsamningur sem unnið er að á vegum OECD.

Loks er í þriðja lagi lögð til sú breyting að tekin verði af tvímæli um að erlendum aðila sem öðlast eignarrétt og afnotarétt yfir fasteign samkvæmt ákvæðum laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna sé heimilt að nýta jarðhita til beinnar notkunar í atvinnustarfsemi sinni. Þetta gæti t.d. átt við um fiskeldi. Að sjálfsögðu verður nýting á jarðhitanum að samræmast ákvæðum orkulaga sem þýðir m.a. að hömlur eru á því að jarðhitinn sé virkjaður til almennra nota.

Í 3. tölul. kemur fram takmörkun á fjárfestingu erlendra aðila í atvinnufyrirtæki sem stundar flugrekstur. Í ljósi skuldbindinga Íslands í 40. gr. EES-samningsins, sbr. XII. viðauka hans, er lagt til að aðilar á EES-svæðinu hafi sömu möguleika til að fjárfesta í flugrekstri hér á landi og íslenskir aðilar. Aðilar utan EES-svæðisins verða hins vegar áfram bundnir af 49% hámarkinu.

Í 4. tölul. kemur fram svipað bann við fjárfestingu erlends stjórnvalds hér á landi og í núgildandi lagaákvæði. Þó er lagt til að reglur hér á landi verði samræmdar reglum í flestum öðrum iðnríkjum þannig að ákvæðið taki aðeins til fjárfestingar erlends stjórnvalds en ekki einnig fjárfestingar fyrirtækis í eigu erlends stjórnvalds. Á móti er lagt til að ákvæðið verði víðtækara en nú er að því leyti að það nái ekki aðeins til fjárfestingar erlends ríkis heldur einnig til fjárfestingar erlends sveitarfélags eða annars erlends stjórnvalds.

Síðasti töluliður er nánast óbreyttur frá gildandi lagaákvæði. Lagt er til að orðalagi verði breytt þannig að ekki verði vísað til númers laganna um eignarrétt og afnotarétt fasteigna heldur einungis heitis þeirra. Einnig er fellt brott ákvæði um það hvernig með skuli farið ef erlendur aðili sem veðhafi eignast fasteign hér á landi. Ákvæði þar að lútandi eru í lögum nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, með síðari breytingum.

Svo sem áður greinir hefur verið haft fullt samráð við helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi, fiskvinnslu og flugrekstri hér á landi um þær breytingar sem nú er lagt til að gerðar verði á 1. og 3. tölul. 4. gr. núgildandi laga.

Um 2. gr.

a. (5. gr.)

Til að tryggja að farið sé að ákvæðum 4. gr. laganna þykir rétt að leggja þá skyldu á stjórnendur fiskveiðifyrirtækja og fiskvinnslufyrirtækja og stjórnendur innlendra lögaðila sem eiga hlut í slíkum fyrirtækjum að tilkynna brot á ákvæðum 1. tölul. 4. gr. Ráðuneytið skal þá afla upplýsinga um eignarhlut og önnur atriði sem máli kunna að skipta varðandi raunveruleg yfirráð yfir fyrirtækjum.

Lagt er til að nefnd um erlendar fjárfestingar meti hvort brotið sé gegn ákvæðinu og að nefndin geti óskað frekari upplýsinga. Ef nefndin kemst að þeirri niðurstöðu að brotið sé gegn ákvæðum 1. tölul. 4. gr. skal aðili skyldugur að selja hlut sinn innan fjögurra vikna. Sama skal við eiga ef eignaraðild í bága við 1. tölul. 4. gr. kemur til vegna uppboðsafsals eða samninga til lúkningar veðskuldar, erfða eða á annan hátt, en í slíkum tilvikum er lagt til að fresturinn verði tólf mánuðir.

Ef ekki tekst að selja eignarhlut samkvæmt framansögðu innan gefins frests er lagt til að viðskiptaráðherra skuli fela verðbréfafyrirtæki að selja eignarhlutinn. Það er gert að skilyrði að verðbréfafyrirtækið uppfylli ákvæði frumvarpsins um það hvaða lögaðilar mega eiga hlut í sjávarútvegsfyrirtæki. Þykir eðlilegt að gæta samræmis þar á milli. Við þetta eru eðlileg viðskiptaleg sjónarmið höfð að leiðarljósi. Ekki er ástæða til að beita beinum lögþvingunum til sölunnar, enda er verðbréfafyrirtækjum, sem uppfylla ákvæði laganna um eignarhald að sjávarútvegsfyrirtækjum, jafnframt falin meðferð eignarhlutans sem þá þegar þýðir að ákvæði 1. tölul. 4. gr. eru virt meðan sölutilraunir eiga sér stað. Með hliðsjón af þessu þykir einnig eðlilegt að veita rúma fresti þannig að eðlileg viðskiptaleg sjónarmið ráði varðandi söluna, þar með talið varðandi tímasetningu. Með óháðu verðbréfafyrirtæki er átt við að ekki sé um augljós hagsmunatengsl verðbréfafyrirtækisins við hinn erlenda aðila eða hlutaðeigandi lögaðila að ræða.

Til þrautavara er hins vegar lagt til að um nauðungarsölu geti orðið að ræða ef frekari sölutilraunir sýnast ekki geta skilað árangri. Slíkt þarf ekki að vera að undangengnum dómi, sátt eða aðför.

Í lokamálsgrein greinarinnar er lagt til að sömu úrræðum skuli beitt þegar farið er gegn öðrum ákvæðum 4. gr. um takmarkanir á fjárfestingu erlendra aðila en þeim er lúta að fiskveiðum og fiskvinnslu.

b. (6. gr.)

Hér er lagt til að núgildandi 8. tölul. 4. gr. laganna verði gerður að sérstakri grein enda er í honum ekki fjallað um takmarkanir á fjárfestingu heldur hvernig með skuli farið þegar erlendur aðili vill reka atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni. Bent skal sérstaklega á að með orðunum „reka atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni“ og „starfa hér á landi“ er í greininni átt við starfsemi með fastri starfsstöð hér á landi og skráningu í firmaskrá en ekki það að veita þjónustu hér á landi frá starfsstöð erlendis. Gert er ráð fyrir tveimur breytingum á ákvæðinu frá gildandi lögum, sbr. 2.–4. gr. laga nr. 121/1993, annars vegar að ákvæði 2. tölul. nái einnig til einkahlutafélaga, sbr. lög nr. 138/1994, og hins vegar að lokamálslið 3. tölul. verði breytt þannig að ljóst sé að lögaðilar með heimili á EES-svæðinu séu ekki undanþegnir því að skrá útibúið í firmaskrá hér á landi þó svo að þeir þurfi ekki leyfi viðskiptaráðherra til starfseminnar.

Um 3. gr.

Þessi grein frumvarpsins byggist á 5. gr. gildandi laga. Þó er lagt til að erlend fjárfesting skuli tilkynnt viðskiptaráðherra í stað Seðlabankans. Rökin fyrir þessu eru þau að viðskiptaráðherra ber ábyrgð á því að lögunum sé framfylgt. Þetta á sérstaklega við um ákvæði laganna er takmarka fjárfestingu erlendra aðila hér á landi. Viðskiptaráðherra til ráðuneytis er nefnd um erlenda fjárfestingu sem kosin er á Alþingi. Frá því að lögin tóku gildi 1991 hefur Seðlabankinn sent ráðuneytinu afrit af öllum tilkynningum sem borist hafa. Ráðuneytið kemur tilkynningunum síðan til nefndar um erlenda fjárfestingu. Nú er lagt til að þessi boðleið verði stytt þannig að tilkynningar berist til þess aðila sem ber ábyrgð á framkvæmd laganna. Þetta er í samræmi við þann skilning að tilkynningarnar þjóni fyrst og fremst þeim tilgangi að upplýsa um fjárfestingu svo að unnt sé að grípa til ráðstafana sé hún óleyfileg fremur en að vera heimild sem byggt er á við uppgjör Seðlabankans á fjárstraumum til landsins. Að sjálfsögðu mun ráðuneytið leggja bankanum til afrit af þessum tilkynningum telji bankinn mikilvægt að fá þær.

Skv. 2. mgr. 5. gr. gildandi laga um erlenda fjárfestingu er kveðið á um að Seðlabankinn skuli á fyrri hluta árs birta opinberlega upplýsingar um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hérlendis næsta ár á undan ásamt upplýsingum um heildarfjárfestingu erlendra aðila eftir atvinnugreinum. Þessari lagaskyldu hefur verið fullnægt með sérstakri umfjöllun um fjárfestingu erlendra aðila í ársskýrslu Seðlabankans. Nú er lagt til að horfið verði frá þessu fyrirkomulagi. Því er í 6. gr. frumvarpsins lagt til að viðskiptaráðherra flytji Alþingi á fyrri hluta hvers árs skýrslu um fjárfestingu erlendra aðila.

Um 4. gr.

Í gildandi lagaákvæði um þetta efni er kveðið á um að fjármagnsflutningurinn skuli tilkynntur gjaldeyriseftirliti Seðlabanka Íslands. Með auknu frelsi í gjaldeyrismálum hefur starfsemi þess skroppið saman. Víða um lönd hafa hliðstæðar deildir jafnvel verið lagðar niður. Því þykir rétt að leggja til að ákvæðið verði orðað með almennum hætti þannig að ljóst sé að um tilkynningar af þessu tagi fari samkvæmt lögum og reglum um gjaldeyrisviðskipti.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að undanþága laganna frá búsetuskilyrði framkvæmdastjóra og meiri hluta stjórnarmanna í íslensku atvinnufyrirtæki verði samræmd hliðstæðu ákvæði í lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, og lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

Um 6. gr.

Í 2. mgr. er lagt til að orðalagi öryggisákvæðanna verði breytt á þann veg að felld verði brott heimild til að stöðva tiltekna fjárfestingu ef talið er að hún skerði verulega samkeppni fyrirtækja í viðkomandi atvinnugrein. Í lögum nr. 8/1993, samkeppnislögum, er að finna almennar lagaheimildir um hvernig skuli bregðast við skertri samkeppni vegna yfirtöku eða samruna fyrirtækja, hvort sem um er að ræða innlenda eða erlenda aðila. Orðalag öryggisákvæðisins í frumvarpinu tekur mið af orðalagi í 112. gr. EES-samningsins og samþykkt OECD um afnám hafta á fjármagnshreyfingum.

Þá er í 2. mgr. lagt til að frumkvæði að beitingu öryggisákvæðisins færist frá nefndinni um erlenda fjárfestingu til viðskiptaráðherra. Þykir eðlilegt að fela framkvæmdarvaldinu slíkt frumkvæði. Hins vegar getur ráðherrann ekki beitt öryggisákvæðinu nema leita áður álits nefndarinnar.

Í 3. mgr. er lagt til að viðskiptaráðherra flytji Alþingi á fyrri hluta hvers árs skýrslu um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hérlendis næsta ár á undan. Svo sem fram kemur í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins er í gildandi lögum kveðið á um að Seðlabankinn sinni þessari upplýsingaskyldu. Það hefur hann gert með því að birta upplýsingarnar í ársskýrslu sinni. Vegna eðlis málsins þykir hins vegar rétt að leggja til að Alþingi verði árlega gerð grein fyrir þessum málaflokki. Auk upplýsinga um fjárfestingu erlendra aðila er lagt til að viðskiptaráðherra geri Alþingi grein fyrir aðgerðum stjórnvalda til að auka fjárfestingu erlendra aðila hér á landi, beitingu öryggisákvæðisins og hvort stjórnvöld hafi þurft að grípa til aðgerða vegna þess að fjárfesting erlends aðila fór umfram þau mörk sem heimiluð eru.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Lög nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, sbr. lög nr. 121/1993 og ákvæði frumvarps þessa.

1. gr.

Lög þessi gilda um hvers konar fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi nema annað leiði af ákvæðum annarra laga eða reglum settum samkvæmt þeim.

2. gr.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

Erlendur aðili: Einstaklingur, búsettur erlendis, án tillits til ríkisfangs, félag, stofnun, sjóður eða annar lögaðili, sem á heimili erlendis, erlent ríki og ríkisfyrirtæki, svo og atvinnufyrirtæki undir erlendum yfirráðum. Einstaklingur telst búsettur erlendis ef hann á lögheimili erlendis eða á þar heimili samkvæmt skilgreiningu lögheimilislaga. Lögaðili telst eiga heimili erlendis ef hann er skráður til heimilis erlendis eða telur heimili sitt erlendis samkvæmt samþykktum sínum.

Íslenskt atvinnufyrirtæki: Atvinnufyrirtæki sem er með atvinnurekstur hér á landi og á heimili hér á landi, án tillits til þess hvernig rekstrarformi og eignarhaldi viðkomandi atvinnufyrirtækis er háttað. Atvinnufyrirtæki telst eiga heimili hér á landi ef það er skráð hér á landi, ef það telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn þess er hér á landi.

Atvinnufyrirtæki undir erlendum yfirráðum: Íslenskt atvinnufyrirtæki þar sem erlendur aðili eða aðilar eiga meiri hluta fyrirtækisins, svo sem meiri hluta hlutafjár eða stofnfjár, eða fara með meiri hluta atkvæðisréttar eða hafa með öðrum hætti raunveruleg yfirráð yfir viðkomandi atvinnufyrirtæki.

Fjárfesting: Fjárframlag eða annað framlag til eigin fjár atvinnufyrirtækis eða kaup á eignarhlut sem fyrir er í atvinnufyrirtæki.

Erlend fjárfesting: Fjárfesting erlends aðila í atvinnurekstri hér á landi, án tillits til þess hvort um er að ræða nýtt framlag eða endurfjárfestingu á úthlutuðum arði eða hlut eða söluandvirði vegna fyrri fjárfestingar hér á landi.

3. gr.

Erlendum aðilum er heimilt að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi með þeim takmörkunum sem í þessum lögum eða sérlögum greinir og að uppfylltum öðrum skilyrðum og fengnum tilskildum leyfum lögum samkvæmt.

4. gr.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi er háð eftirfarandi takmörkunum:

1. Eftirtaldir aðilar mega einir stunda fiskveiðar í efnahagslögsögu Íslands samkvæmt lögum um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands eða eiga og reka fyrirtæki til vinnslu sjávarafurða hér á landi:

a. Íslenskir ríkisborgarar og aðrir íslenskir aðilar.
b. Íslenskir lögaðilar sem að öllu leyti eru í eigu íslenskra aðila eða lögaðila sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:
   i. Eru undir yfirráðum íslenskra aðila.
   ii. Eru ekki í eigu erlendra aðila að meira leyti en 25% sé miðað við hlutafé eða stofnfé. Fari eignarhlutur íslensks lögaðila í lögaðila, sem stundar veiðar í efnahagslögsögu Íslands eða vinnslu sjávarafurða hér á landi, ekki yfir 5% má eignarhlutur erlendra aðila þó vera allt að 33%.
   iii. Eru að öðru leyti í eigu íslenskra ríkisborgara eða íslenskra lögaðila sem eru undir yfirráðum íslenskra aðila.

   Með vinnslu sjávarafurða í 1. mgr. þessa töluliðar er átt við frystingu, söltun, herslu, reykingu, súrsun, niðursuðu, niðurlagningu og hverja aðra þá verkun sem ver fisk og aðrar sjávarafurðir skemmdum, þar með taldar bræðsla og mjölvinnsla. Til vinnslu í þessu sambandi telst hins vegar ekki umpökkun afurða í neytendaumbúðir eða frekari vinnsla afurða til að gera þær hæfari til dreifingar, neyslu eða matreiðslu.

2. Íslenskir ríkisborgarar og aðrir íslenskir aðilar mega einir eiga virkjunarréttindi vatnsfalla og jarðhita önnur en til heimilisnota. Sama á við um fyrirtæki sem stunda orkuvinnslu og orkudreifingu. Sama rétt hafa einstaklingar sem búsettir eru í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins og lögaðilar sem heimilisfastir eru í öðru EES-ríki. Heimilt skal að kveða svo á í fjárfestingarsamningum milli Íslands og ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins að einstaklingar sem þar eru búsettir eða lögaðilar sem þar eru heimilisfastir hafi einnig sama rétt, enda verði slíkir samningar lagðir fyrir Alþingi til staðfestingar með þingsályktun.

   Erlendum aðila, sem öðlast eignarrétt og afnotarétt yfir fasteign samkvæmt ákvæðum laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, er heimilt að nýta jarðhita til beinnar notkunar í atvinnustarfsemi sinni innan þeirra takmarkana sem fram koma í orkulögum.
3. Samanlagður eignarhluti erlendra aðila í íslensku atvinnufyrirtæki, sem stundar flugrekstur hér á landi, má á hverjum tíma ekki vera meiri en 49%. Einstaklingar sem búsettir eru í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins og lögaðilar sem þar eru heimilisfastir eru þó undanþegnir ákvæðum þessa töluliðar.
4. Fjárfesting erlends ríkis, sveitarfélags eða annars erlends stjórnvalds í atvinnurekstri hér á landi er óheimil nema með sérstöku leyfi viðskiptaráðherra.
5. Erlendum aðila er heimilt að öðlast eignarrétt og afnotarétt yfir fasteign til beinnar notkunar í atvinnustarfsemi sinni samkvæmt ákvæðum laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Með íslenskum aðila er í þessari grein átt við ríkissjóð og sveitarfélög, svo og stofnanir, fyrirtæki og sjóði hér á landi í fullri eigu þeirra, íslenska ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi og lögaðila sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu opinberra aðila hér á landi, íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi eða annarra lögaðila sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi. Með íslenskum lögaðila er í þessari grein átt við lögaðila með heimili hér á landi án tillits til þess hvernig rekstrarformi eða eignarhaldi er háttað. Lögaðili telst eiga heimili hér á landi ef hann er skráður hér á landi, ef hann telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn hans er hér á landi. Með íslenskum lögaðila undir yfirráðum íslenskra aðila er í

þessari grein átt við íslenskan lögaðila þar sem íslenskir aðilar eiga meiri hluta hans, svo sem meiri hluta hlutafjár eða stofnfjár, og hafa meiri hluta atkvæðisréttar og hafa raunveruleg yfirráð yfir viðkomandi lögaðila.

5. gr.

Telji stjórnendur fyrirtækis sem starfar hér á landi og rétt hefur til að stunda fiskveiðar í efnahagslögsögu Íslands, stjórnendur fiskvinnslufyrirtækis eða stjórnendur íslensks lögaðila sem á með beinum eða óbeinum hætti hlut í slíku fiskveiðifyrirtæki eða fiskvinnslufyrirtæki að farið sé gegn ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. um hámark erlendrar fjárfestingar og innlend yfirráð í íslenskum lögaðila sem með beinum eða óbeinum hætti á hlut í fiskveiðifyrirtæki eða fiskvinnslufyrirtæki skal viðkomandi þá þegar senda viðskiptaráðuneytinu tilkynningu þar að lútandi. Ráðuneytið skal þá afla upplýsinga frá hlutaðeigandi lögaðila um það hverjir eigendur hans eru, atkvæðamagn hvers þeirra, stjórnarmenn og önnur atriði sem máli þykja skipta varðandi raunveruleg yfirráð hans. Ráðherra getur að eigin frumkvæði óskað eftir slíkum upplýsingum ef grunsemdir eru um brot gegn ákvæði þessu. Ráðuneytinu skal senda þær upplýsingar sem það óskar eftir innan fjögurra vikna frá því að beiðni þess berst. Að þeim tíma liðnum skal ráðuneytið senda þau gögn, sem það hefur um hlutaðeigandi lögaðila, nefnd um erlenda fjárfestingu, sbr. 12. gr., sem metur hvort gengið sé gegn ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. Nefndin getur að eigin frumkvæði aflað frekari gagna til skýringar máli. Álit nefndarinnar skal sent viðskiptaráðherra innan fjögurra vikna frá því málefni barst nefndinni.

Telji nefnd um erlenda fjárfestingu að fjárfesting eða yfirráð séu með þeim hætti að gengið sé gegn ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. skal viðskiptaráðherra með úrskurði skylda hlutaðeigandi lögaðila til að selja þann eignarhlut í fiskveiðifyrirtæki eða fiskvinnslufyrirtæki eða, ef um það er að ræða, þá hlutdeild í lögaðila sem á hlut í fiskveiðifyrirtæki eða fiskvinnslufyrirtæki sem ekki er samræmanlegur ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. Söluskylda samkvæmt þessari málsgrein takmarkast við þann eignarhlut eða hluta eignarhlutar sem varð til þess að erlend fjárfesting fór fram úr þeim mörkum sem greinir í 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. Við úrlausn þess skal miðað við það hvenær tilkynning um eigandaskipti barst viðkomandi lögaðila. Ef ekki er orðið við slíkri skyldu innan fjögurra vikna skal með eignarhlutinn fara skv. 4. og 5. mgr.

Ef erlendur aðili eignast hlut í fiskveiðifyrirtæki, fiskvinnslufyrirtæki eða fiskiskipi með samningum til lúkningar veðskuldar sem veðhafi við útgáfu uppboðsafsals, með erfðum eða á annan hátt, skal hann selja hlutinn svo fljótt sem verða má og eigi síðar en tólf mánuðum eftir að hluturinn komst í eigu hans. Ef ekki hefur orðið af slíkri sölu innan tólf mánaða skal fara með eignarhlutinn skv. 4. og 5. mgr.

Eigi sala á eignarhlut, sem skylt er að selja skv. 2. mgr., sér ekki stað innan fjögurra vikna eða skv. 3. mgr. innan tólf mánaða skal afhenda viðskiptaráðherra hlutabréfin eða skilríki fyrir eignarhlutnum ásamt undirrituðu söluumboði. Hann skal þá fela óháðu, íslensku verðbréfafyrirtæki, sem heimilt væri skv. b-lið 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. að eiga slíkan hlut, að selja þann eignarhlut sem um ræðir til aðila sem uppfyllir skilyrði laganna. Skal verðbréfafyrirtækið eftir það annast söluna og fara með eignarhlutinn þar til sala hefur tekist. Skal verðbréfafyrirtækið gæta fjárhagslegra hagsmuna eiganda við þá sölumeðferð, þar með talið við ákvörðun um tímasetningu á sölu. Nú selur verðbréfafyrirtækið eignarhlutinn og er eigandi hans þá bundinn við söluna. Þóknun fyrir umsýslu og sölu eignarhlutarins skal greiða af söluandvirði eða arði samkvæmt almennum venjum á verðbréfamarkaði.

Skili eigandi eða umráðaaðili eignarhlutar ekki hlutabréfum eða skilríki fyrir eignarhlut, sbr. 4. mgr., falla öll réttindi samkvæmt eignarhlutnum niður, þar með talin atkvæðisréttur, áskriftarréttur að nýjum hlutum og réttur til greiðslu arðs, þar til skil hafa verið gerð.

Hafi sala skv. 3. mgr. eigi tekist innan sex mánaða frá því verðbréfafyrirtækið tók eignarhlutinn til umsýslu og sölumeðferðar er ráðherra heimilt að fenginni ósk verðbréfafyrirtækisins eða eiganda hans að veita viðbótarfrest í sex mánuði ef líkur eru taldar á frjálsri sölu innan þess frests. Að öðrum kosti er ráðherra rétt að krefjast nauðungarsölu á eignarhlutnum án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar.

Ákvæði 1.–6. mgr. eiga með samsvarandi hætti við þegar gengið er gegn ákvæðum 2. og 3. tölul. 1. mgr. 4. gr.

6. gr.

Nú vill erlendur aðili reka atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni og skal þá svo með fara:

1. Sé um að ræða einstakling sem búsettur er erlendis skal honum óheimilt að vinna sjálfstætt eða starfrækja eigið atvinnufyrirtæki eða taka þátt í fyrirtæki með ótakmarkaðri ábyrgð hér á landi nema með leyfi viðskiptaráðherra, enda sé lögheimili hér á landi ekki óundanþægt skilyrði samkvæmt lögum um viðkomandi atvinnugrein eða veiting undanþágu frá lögheimilisskilyrði falin öðrum. Ríkisborgarar aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins eru undanþegnir ákvæðum þessa liðar.
2. Um rétt hlutafélags eða einkahlutafélags, sem á heimili erlendis, til að starfa hér á landi fer samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög og laga um einkahlutafélög.
3. Viðskiptaráðherra getur veitt öðrum lögaðilum, sem heimili eiga erlendis, leyfi til að starfa hér á landi, enda sé þá að því er varðar slíka lögaðila og starfsemi þeirra hér á landi fullnægt sömu skilyrðum og fylgt sömu meginreglum og að því er varðar erlend hlutafélög, sbr. 2. tölul. þessarar greinar. Útibú slíks lögaðila skal skráð í firmaskrá á heimilisvarnarþingi útibúsins. Lögaðilar með heimili í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins þurfa ekki leyfi viðskiptaráðherra til starfsemi hér á landi.

7. gr.

Tilkynna ber viðskiptaráðherra alla erlenda fjárfestingu jafnskjótt og samningur eða ákvarðanir þar að lútandi liggja fyrir. Tilkynningarskyldan tekur bæði til fjárfestingar erlends aðila í atvinnufyrirtæki sem hann hefur ekki átt í áður og viðbótarfjárfestingar í slíku fyrirtæki. Tilkynningu skulu fylgja afrit eða ljósrit af skjölum eða gögnum sem málið varða og nauðsynleg teljast að mati ráðherra. Sé um að ræða erlenda fjárfestingu í íslensku atvinnufyrirtæki hvílir tilkynningarskyldan á viðkomandi atvinnufyrirtæki, en sé um að ræða fyrirhugaða atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni erlends aðila hvílir tilkynningarskyldan á honum.

Viðskiptaráðherra hefur rétt til upplýsingaöflunar og athugana vegna fjárfestingar erlendra aðila. Heimilt er viðskiptaráðherra að fela ríkisstofnun að annast slíka upplýsingaöflun og athuganir.

8. gr.

Erlendum aðila, sem fjárfestir í atvinnurekstri hér á landi, skal frjálst að flytja í því skyni til landsins erlendan gjaldmiðil, enda sé slíkur fjármagnsflutningur tilkynntur samkvæmt lögum og reglum um gjaldeyrisviðskipti. Um skilaskyldu slíks gjaldmiðils skal fara samkvæmt almennum reglum. Sé um að ræða erlendan gjaldmiðil sem Seðlabanki Íslands annast reglubundna gengisskráningu á skal hinn erlendi aðili eiga rétt á að fá hinum erlenda gjaldmiðli skipt í íslenskar krónur.

9. gr.

Erlendur aðili, sem fjárfestir í atvinnurekstri hér á landi, skal eiga rétt á að fá yfirfært í hvern þann erlenda gjaldmiðil, sem Seðlabanki Íslands annast reglubundna skráningu á, móttekinn arð eða annan hagnaðarhlut og söluandvirði fjárfestingar.

10. gr.

Í íslenskum atvinnufyrirtækjum skulu framkvæmdastjórar og meiri hluti stjórnarmanna vera búsettir hér á landi óháð eignarhlut, atkvæðisrétti eða öðrum yfirráðum erlendra aðila. Búsetuskilyrði gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki. Viðskiptaráðherra getur veitt ríkisborgurum annarra ríkja undanþágu frá þessu ákvæði.

11. gr.

Viðskiptaráðherra fer með leyfisveitingar samkvæmt lögum þessum og annast eftirlit með framkvæmd þeirra að svo miklu leyti sem tiltekið eftirlit eða leyfisveitingar eru ekki samkvæmt ákvæðum laganna faldar öðrum.

Viðskiptaráðherra getur bannað erlendum aðila fjárfestingu í atvinnurekstri hér á landi ef hann hefur verið sviptur réttindum til atvinnurekstrar með dómi í öðru ríki.

12. gr.

Sérstök fimm manna nefnd, nefnd um erlenda fjárfestingu, skal fylgjast með að ákvæðum 4. gr. um takmarkanir á fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri sé framfylgt, sbr. ákvæði 5. gr. Jafnframt skal hún vera ráðherra til ráðuneytis um leyfisveitingar skv. 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. Nefndin skal skipuð fimm mönnum, kosnum hlutfallskosningu á Alþingi að afstöðnum almennum þingkosningum. Kosnir skulu jafnmargir varamenn. Viðskiptaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi nefndarmanna. Formaður nefndarinnar boðar hana til funda. Viðskiptaráðherra ákveður þóknun nefndarinnar.

Nú telur viðskiptaráðherra að tiltekin erlend fjárfesting ógni öryggi landsins eða gangi gegn allsherjarreglu, almannaöryggi eða almannaheilbrigði eða ef upp koma alvarlegir efnahagslegir, þjóðfélagslegir eða umhverfislegir erfiðleikar í sérstökum atvinnugreinum eða á sérstökum svæðum, sem líklegt er að verði viðvarandi, og getur hann þá stöðvað slíka fjárfestingu enda kunngjöri hann ákvörðun sína innan átta vikna frá því að honum berst tilkynning um hlutaðeigandi fjárfestingu, sbr. 7. gr. Áður en slík ákvörðun er tekin skal ráðherra leita álits nefndar um erlenda fjárfestingu. Þegar um er að ræða fjárfestingu aðila frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins skal gætt ákvæða 112. og 113. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993.

Viðskiptaráðherra skal á fyrri hluta hvers árs flytja Alþingi skýrslu um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hérlendis næsta ár á undan. Í henni skulu m.a. koma fram upplýsingar um aðgerðir stjórnvalda til að auka fjárfestingu erlendra aðila hér á landi, um fjárfestingu erlendra aðila og heildarfjárfestingu eftir atvinnugreinum og um beitingu öryggisákvæðis skv. 2. mgr. og úrræða stjórnvalda skv. 5. gr.

13. gr.

Viðskiptaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

14. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34 25. mars 1991, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að heimild erlendra aðila til fjárfestingar í íslenskum atvinnurekstri verði rýmkuð á nokkrum sviðum. Í 3. gr. er gerð ráð fyrir að tilkynna beri viðskiptaráðherra alla erlenda fjárfestingu jafnskjótt og samningur eða ákvarðanir þar að lútandi liggja fyrir. Í athugasemdum með 3. gr. kemur fram að verið er að flytja eftirlit með erlendum fjárfestingum frá Seðlabankanum til viðskiptaráðherra. Í reynd er þetta hlutverk það smátt í sniðum enn sem komið er að ekki er þörf á að gera ráð fyrir sérstökum kostnaði af þeim sökum.

Því verður ekki séð að samþykkt þessa frumvarps hafi sérstakan kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

426. Nefndarálit [240. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Arndísi Steinþórsdóttur frá sjávarútvegsráðuneyti og Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. des. 1995.

Steingrímur J. Sigfússon, form., frsm.	Vilhjálmur Egilsson.	Sighvatur Björgvinsson.
Stefán Guðmundsson.	Svanfríður Jónasdóttir.	Guðmundur Hallvarðsson.
Hjálmar Árnason.	Einar Oddur Kristjánsson.	Árni R. Árnason.

427. Nefndarálit [241. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, sbr. lög nr. 89 21. júní 1995.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á fund til sín Arndísi Steinþórsdóttur frá sjávarútvegsráðuneyti, Hinrik Greipsson frá Þróunarsjóði sjávarútvegsins og Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða III í lögunum orðast svo:

Sjávarútvegsráðherra er, þrátt fyrir ákvæði 7. gr., heimilt að ákveða að til ársloka 1996 skuli styrkur vegna úreldingar krókabáta vera hærra hlutfall af húftryggingarmati en gildir um önnur skip. Jafnframt er heimilt að ákveða að til 1. október 1996 geti úreldingarstyrkur vegna krókabáta numið að hámarki 80% af húftrygginarverðmæti. Á sama tímabili er Þróunarsjóði heimilt að kaupa krókabáta sem hafa verið úreltir. Getur sjóðurinn m.a. notað þá til þróunarverkefna erlendis.

Ef ákveðið verður að greiða úreldingarstyrki skv. 1. mgr. skal endurreikna styrki til þeirra krókabáta sem þegar hafa fengið greidda styrki til samræmis við hinar breyttu reglur.

Annars vegar er hér lagt til að Þróunarsjóði sjávarútvegsins verði heimilt að kaupa krókabóta sem hafa verið úreltir, m.a. til að nýta í þróunarverkefnum erlendis. Meiri hlutinn vill taka fram að með þessu er ekki verið að hrófla við heimildum til að nýta úrelta fiskibáta til annarrar starfsemi, svo sem ferðamannaþjónustu eða sportveiða. Hins vegar er lagt til að sérstaklega verði tekið fram að ef ákveðið verður að nýta heimild ákvæðisins til hækkunar á úreldingarstyrkjum skuli sú hækkun einnig ná til þeirra krókabáta sem þegar hafa fengið styrk.

Alþingi, 19. des. 1995.

Árni R. Árnason, varaform., frsm.	Stefán Guðmundsson.	Vilhjálmur Egilsson.
Hjálmar Árnason.	Einar Oddur Kristjánsson.	Guðmundur Hallvarðsson.

428. Svar [230. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um starfskjör í sendiráðum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Eru upplýsingar, sem fram komu í fréttum Stöðvar tvö 1. desember sl., um launa- og starfskjör í ákveðnu sendiráði réttar?*
2. *Hver voru laun og aðrar greiðslur til sendiherra í sendiráðum erlendis árin 1994 og 1995?*
3. *Hver var skattfrjáls hluti þeirra greiðslna og á hvaða forsendum eru þær greiðslur undanþegnar skatti?*
4. *Hver voru laun og aðrar greiðslur árin 1994 og 1995 til annarra starfsmanna í sendiráðum, flokkað eftir starfsheitum? Hver voru meðallaun og greiðslur á starfsmann, flokkað eftir starfsheitum?*
5. *Hver var skattfrjáls hluti þeirra greiðslna og á hvaða forsendum eru þær greiðslur undanþegnar skatti?*
6. *Hver var risna sendiherra og annarra starfsmanna í hverju sendiráði árin 1994 og 1995?*

Samkvæmt lögum nr. 39/1971 eru starfsmenn utanríkisþjónustunnar skyldugir til að starfa sem fulltrúar utanríkisþjónustunnar erlendis eða í utanríkisráðuneytinu samkvæmt ákvörðun utanríkisráðherra. Eins og tíðkast hjá utanríkisþjónustum flestra ríkja er þessu ákvæði beitt þannig að starfsmenn eru að jafnaði fluttir á þriggja til fimm ára fresti frá einu sendiráði til annars eða til eða frá utanríkisráðuneyti, eftir því sem þarfir utanríkisþjónustunnar segja til um hverju sinni og án þess að einstakir starfsmenn hafi þar áhrif á. Með þessu má segja að starfsmenn hafi framselt búsetufrelsi sitt til ríkisvaldsins. Margar ástæður eru fyrir þessari tilhögun en þess skal einungis getið hér að starfsmenn þurfa að vinna heima með vissu millibili til að halda tengslum við land og þjóð. Á hinn bóginn eru þeir gæslumenn íslenska ríkisins erlendis og of langur tími á hverjum stað slævir athyglina á því sem að gagni gæti komið og tengir starfsmann auk þess of sterkum böndum í því landi sem hann dvelst of lengi í. Einnig er talið nauðsynlegt að auka

og miðla þekkingu og reynslu starfsmanna með því að flytja þá til innan starfssvæðis utanríkisþjónustunnar með reglubundnum hætti. Það er því vegna hagsmuna ríkisins sem starfsmenn utanríkisþjónustunnar eru háðir flutningsskyldu alla sína starfsævi og staðaruppbætur eru greiddar til að bæta þeim ýmsa þætti beins og óbeins kostnaðar, álags og óhagræðis sem af þessari flutningsskyldu leiðir fyrir þá sjálfa og fjölskyldur þeirra.

Hvergi svo kunnugt sé hefur tekist að ná samkomulagi um hvernig sundurliða skuli staðaruppbætur, enda vega mismunandi þættir mismikið hjá hverjum einstaklingi. Eina leiðin til að leysa það mál hefur verið að ákvarða starfsmönnum viðbótargreiðslu við þau grunnlaun sem þeir hafa heima. Staðaruppbætur munu greiddar í utanríkisþjónustum allra ríkja og eru hvergi skattlagðar svo vitað sé.

Staðaruppbætur utanríkisþjónustunnar eru mismunandi eftir löndum og gengisþróun einstakra mynta. Þær geta því verið talsvert breytilegar í íslenskum krónum frá ári til árs. Hins vegar eru þær ákvarðaðar til eins árs í senn og breytast ekki á því ári þrátt fyrir gengisbreytingar.

Flutningsskyldan hefur áhrif á alla fjölskyldu starfsmanns sem yfirleitt fylgir honum milli starfsstaða. Af því leiðir að maki missir af eigin starfsbraut, starfsframa og síðast en ekki síst lífeyrisréttindum. Erlendis eiga makar starfsmanna þess yfirleitt engan kost að fá störf við sitt hæfi og hið sama á mjög oft við þegar flutt er heim með óvissu millibili og óljóst er hver langur dvalartíminn verður. Nefna má að af þrettán mökum starfsmanna ráðuneytisins, sem hafa komið heim á undanförnum árum og mega búast við að flytja aftur utan eftir óvissan tíma, eru nú níu án atvinnu, þrír í hlutastarfi og einn í fullri vinnu. Af mökum, sem eru nú erlendis, hafa flestir þurft að segja upp störfum sínum eða hætta í námi. Aðeins er vitað um tvo sem hafa að öruggu starfi að hverfa þegar snúið verður aftur til Íslands en það eru kennarar sem fengu fimm ára leyfi frá störfum, enda koma alþjóðavenjur í flestum tilvikum í veg fyrir slíkt. Ekki er heldur vitað til þess að neinir þeirra hafi föst störf erlendis. Í reynd er því aðeins um eina fyrirvinnu að ræða í fjölskyldum starfsmanna utanríkisþjónustunnar og er reynt að taka tillit til þessa atriðis við ákvörðun staðaruppbóta.

Börn starfsmanna þurfa að skipta um skóla, menningarumhverfi og tungumál með óreglulegu millibili og fylgir því mikið álag fyrir börn og foreldra. Aðlögun að öðrum venjum og aðstæðum á hverjum stað veldur oft verulegum kostnaði og samskipti við ættingja og vini eru dýr vegna fjarlægða. Fjarlægðir í stórborgum valda verulegum aukakostnaði og oft þarf að skipta heimili milli Íslands og starfsstaðar erlendis þegar börnin komast á legg og má svo áfram telja.

Greiðslur til starfsmanns erlendis eru heildargreiðslur til fjölskyldunnar en maki fær engar beinar greiðslur þrátt fyrir verulegt framlag hans beint og óbeint til starfa maka síns. Sjálfur hefur starfsmaður ótakmarkaða starfsskyldu og oft reynir verulega á hana. Samkvæmt lögum um utanríkisþjónustuna er starfsmönnum hennar bannað að vinna nokkur störf utan þjónustunnar, hvort sem þeir eru heima eða erlendis. Hefur það að sjálfsögðu áhrif á möguleika þeirra til tekjuöflunar.

Bústaðir útsendra embættismanna, ekki síst sendiherrabústaðirnir, eru hvort tveggja í senn heimili og opinberir móttökustaðir íslenska ríkisins. Nauðsynlegt er að geta breytt heimili í móttökustað með litlum fyrirvara og fylgja því bæði óþægindi og útgjöld sem greidd eru af staðaruppbótum. Sama gildir um notkun einkabifreiða starfsmanna í opinbera þágu sendiráðsins.

Þegar starfsmaður starfar heima í ráðuneyti falla staðaruppbætur niður. Hann fær því engar bætur fyrir flutningsskylduna þrátt fyrir að hún sé í fullu gildi og óvissa ríki um það hversu lengi hann mun dveljast á Íslandi með allri þeirri röskun sem því getur fylgt. Slíkar bætur eru hins vegar greiddar í ýmsum öðrum ríkjum svo sem Danmörku og Finnlandi. Á þeim tíma eru tekjur hans oftast einu tekjur heimilisins eins og áður er rakið. Þegar yfir lengri tíma er litið gefur upphæð staðaruppbóta þess vegna mjög skekkta mynd af kjörum starfsmanna utanríkisþjónustunnar. Gera má ráð fyrir að starfsmaður sé erlendis u.þ.b. helming starfstíma síns og fái þá greiddar staðaruppbætur eins og að framan er rakið. Hinn helming tímans er hann við störf í utanríkisráðuneytinu. Þar greiðast engar staðaruppbætur þótt veigamikil rök megi færa fyrir því sökum áframhaldandi flutningsskyldu. Nægir þar að benda á stöðu maka, kjör og lífeyrismál, eins og að framan er rakið, svo og kostnað og fyrirhöfn við að útvega eða ráðstafa húsnæði oft með mjög stuttum fyrirvara o.fl.

Staðaruppbætur í hverju tilviki fara eftir eðli starfs, fjölskylduhögum starfsmanns og almennu kostnaðarstigi í hverju landi. Reglur um þær hafa verið settar í samráði við utanríkismálanefnd í samræmi við lög nr. 39/1971. Þær eru breytilegar í íslenskum krónum eftir gengisþróun hvers gjaldmiðils og yfirleitt talsvert lægri en staðaruppbætur nágrannaríkjanna þótt störfin séu unnin í sömu borgum. Að meðaltali voru mánaðarleg laun og staðaruppbætur þeirra starfsmanna utanríkisþjónustunnar sem störfuðu erlendis árin 1994 og 1995 sem hér segir:

		Laun	Staðaruppbætur
Sendiherrar	1994	207.255	413.847
	1995	207.255	415.153
Sendifulltrúar	1994	135.108	325.605
	1995	135.108	339.343
Sendiráðunautar	1994	107.460	280.573
	1995	113.407	276.323
Sendiráðsritarar	1994	94.713	269.875
	1995	95.845	277.897
Sendiráðsfulltrúar	1994	94.116	141.534
	1995	94.637	142.949
Ritarar	1994	71.319	114.136
	1995	69.862	115.510

Risnugreiðslur teljast hluti af rekstrarkostnaði sendiráðanna. Þeim er úthlutað til starfsmanna á grundvelli fyrirliggjandi reynslu og er ætlað að kosta samskipti fyrst og fremst við lykilmenn í stjórnmálalífi, atvinnulífi og menningarlífi í þeim ríkjum þar sem þeir starfa. Utanríkisráðuneytið fylgist með því að risnunni sé ráðstaðað til þeirra verkefna sem nauðsynleg eru talin.

Risnukostnaður í sendiráðunum var að meðaltali á mánuði sem hér segir:

	1994	1995
Sendiherrar	98.423	106.398
Sendifulltrúar	21.362	23.079
Sendiráðunautar	28.823	29.527
Sendiráðsritarar	22.843	24.850
Sendiráðsfulltrúar	15.289	14.977
Ritarar	Fá ekki risnu.	

429. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1996.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, StB, ÁJ, ÁMM, ÍGP, HjálmJ, ArnbS).

Við 5. gr. Greinin orðist svo:

B–HLUTI
Ríkisfyrirtæki og sjóðir í ríkiseign

5. gr.

Árið 1996 er ætlast til að rekstri og fjármunahreyfingum eftirtalinna ríkisfyrirtækja og sjóða í ríkiseign verði hagað samkvæmt áætlunum í þessari grein.

22 Menntamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
22-201	**Happdrætti Háskóla Íslands**		
51	Laun	60 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	500 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	900 000	
5,8	Gjöld samtals	1 460 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 835 000	
48	Fjármunatekjur	15 000	
4,7	Tekjur samtals	1 850 000	
	Mismunur		390 000
Fjármunahreyfingar út:			
59	Greitt í ríkissjóð	78 000	
59	Greitt Háskóla Íslands og stofnunum hans	312 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	390 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
22-202	**Lyfjabúð Háskóla Íslands**		
51	Laun	36 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	8 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	107 500	
571	Fjármagnskostnaður	10 000	
593	Afskriftir	600	
5,8	Gjöld samtals	162 100	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	153 500	
48	Fjármunatekjur	200	
49	Aðrar tekjur	8 400	
4,7	Tekjur samtals	162 100	
Fjármunahreyfingar út:			
39	Fært á höfuðstól	600	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	600	
22-236	**Vísindasjóður**		
59	Tilfærslur	143 500	
5,8	Gjöld samtals	143 500	
48	Fjármunatekjur	3 500	
4910	Framlag úr ríkissjóði	15 000	
49	Aðrar tekjur	125 000	
4,7	Tekjur samtals	143 500	
22-237	**Tæknisjóður**		
59	Tilfærslur	200 000	
5,8	Gjöld samtals	200 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	200 000	
4,7	Tekjur samtals	200 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
22-238	**Bygginga- og tækjasjóður**		
571	Fjármagnskostnaður	3 000	
59	Tilfærslur	69 800	
5,8	Gjöld samtals	72 800	
48	Fjármunatekjur	800	
4910	Framlag úr ríkissjóði	78 000	
4,7	Tekjur samtals	78 800	
	Mismunur		6 000
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	6 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	6 000	
22-239	**Rannsóknarnámssjóður**		
59	Tilfærslur	20 000	
5,8	Gjöld samtals	20 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	20 000	
4,7	Tekjur samtals	20 000	
22-679	**Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni**		
51	Laun	2 500	
54-58	Önnur rekstrargjöld	4 200	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 900	
51-57	Viðhald	1 100	
593	Afskriftir	600	
5,8	Gjöld samtals	10 300	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	12 000	
48	Fjármunatekjur	100	
4,7	Tekjur samtals	12 100	
	Mismunur		1 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	600	
39	Fært á höfuðstól	1 800	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	600	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 800	
22-872	**Lánasjóður íslenskra námsmanna**		
51	Laun	50 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	43 000	
571	Fjármagnskostnaður	1 115 000	
5,8	Gjöld samtals	1 208 000	
48	Fjármunatekjur	75 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	1 450 000	
4,7	Tekjur samtals	1 525 000	
	Mismunur		317 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	2 790 000	
18	Fjárfesting	12 000	
26	Afborgun lána	2 660 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	1 215 000	
26	Tekin lán	3 930 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	317 000	
22-970	**Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	14 000	
593	Afskriftir	160 000	
5,8	Gjöld samtals	174 000	
49	Aðrar tekjur	221 000	
4,7	Tekjur samtals	221 000	
	Mismunur		47 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	393 000	
26	Afborgun lána	14 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	160 000	
26	Tekin lán	200 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	47 000	
22-971	**Ríkisútvarpið, hljóðvarp**		
51	Laun	384 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	360 000	
571	Fjármagnskostnaður	12 000	
59	Tilfærslur	82 000	
5,8	Gjöld samtals	838 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	814 000	
48	Fjármunatekjur	24 000	
4,7	Tekjur samtals	838 000	
22-972	**Ríkisútvarpið, sjónvarp**		
51	Laun	494 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	778 000	
571	Fjármagnskostnaður	24 000	
59	Tilfærslur	139 000	
5,8	Gjöld samtals	1 435 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 388 000	
48	Fjármunatekjur	47 000	
4,7	Tekjur samtals	1 435 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
22-973	**Þjóðleikhúsið**		
51	Laun	293 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	137 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 000	
571	Fjármagnskostnaður	1 000	
51-57	Viðhald	5 000	
593	Afskriftir	13 000	
5,8	Gjöld samtals	450 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	138 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	308 000	
49	Aðrar tekjur	4 000	
4,7	Tekjur samtals	450 000	
Fjármunahreyfingar út:			
39	Fært á höfuðstól	13 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	13 000	
22-974	**Sinfóníuhljómsveit Íslands**		
51	Laun	162 100	
54-58	Önnur rekstrargjöld	69 000	
5,8	Gjöld samtals	231 100	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	28 000	
48	Fjármunatekjur	300	
4910	Framlag úr ríkissjóði	116 000	
49	Aðrar tekjur	89 000	
4,7	Tekjur samtals	233 300	
	Mismunur		2 200
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	2 200	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	2 200	

23 Utanríkisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
23-101	**Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli**		
51	Laun	204 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	160 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 258 000	
571	Fjármagnskostnaður	9 000	
593	Afskriftir	13 000	
5,8	Gjöld samtals	1 644 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	2 246 000	
48	Fjármunatekjur	4 000	
49	Aðrar tekjur	1 000	
4,7	Tekjur samtals	2 251 000	
	Mismunur		607 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	10 000	
59	Greitt í ríkissjóð	610 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	13 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	607 000	
23-111	**Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli**		
51	Laun	172 600	
54-58	Önnur rekstrargjöld	51 600	
571	Fjármagnskostnaður	300	
51-57	Viðhald	4 200	
593	Afskriftir	3 400	
59	Tilfærslur	23 300	
5,8	Gjöld samtals	255 400	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	233 000	
48	Fjármunatekjur	700	
49	Aðrar tekjur	22 000	
4,7	Tekjur samtals	255 700	
	Mismunur		300

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	20 000	
26	Afborgun lána	11 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
18	Sala eigna	500	
19	Afskriftir	3 400	
39	Ráðstöfun eigin fjár	300	
32	Annað, fjárvöntun	26 800	
23-114	**Flugstöð Leifs Eiríkssonar, rekstur**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	140 100	
571	Fjármagnskostnaður	251 800	
51-57	Viðhald	49 300	
593	Afskriftir	130 500	
5,8	Gjöld samtals	571 700	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	318 000	
48	Fjármunatekjur	400	
49	Aðrar tekjur	109 100	
4,7	Tekjur samtals	427 500	
	Mismunur		– 144 200
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	20 000	
26	Afborgun lána	306 300	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	130 500	
26	Tekin lán	340 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	– 144 200	
23-118	**Ratsjárstöðvar, rekstur**		
51	Laun	274 300	
54-58	Önnur rekstrargjöld	290 600	
593	Afskriftir	4 200	
5,8	Gjöld samtals	569 100	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	569 100	
4,7	Tekjur samtals	569 100	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	4 200	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	4 200	
23-121	**Umsýslustofnun varnarmála**		
51	Laun	24 100	
54-58	Önnur rekstrargjöld	15 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	80 000	
571	Fjármagnskostnaður	1 000	
51-57	Viðhald	500	
593	Afskriftir	3 400	
5,8	Gjöld samtals	124 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	132 800	
48	Fjármunatekjur	5 000	
49	Aðrar tekjur	4 000	
4,7	Tekjur samtals	141 800	
	Mismunur		17 800
Fjármunahreyfingar út:			
59	Arðgreiðsla í ríkissjóð	21 200	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	3 400	
39	Ráðstöfun eigin fjár	17 800	

24 Landbúnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
24-831	**Jarðeignir ríkisins og Jarðasjóður**		
51	Laun	5 500	
54-58	Önnur rekstrargjöld	4 500	
571	Fjármagnskostnaður	3 300	
5,8	Gjöld samtals	13 300	
4910	Framlag úr ríkissjóði	30 500	
49	Aðrar tekjur	22 500	
4,7	Tekjur samtals	53 000	
	Mismunur		39 700
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	30 000	
26	Afborgun lána	19 700	
Fjármunahreyfingar inn:			
18	Sala eigna	10 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	39 700	
24-841	**Laxeldisstöðin Kollafirði**		
51	Laun	11 700	
54-58	Önnur rekstrargjöld	6 100	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	2 900	
571	Fjármagnskostnaður	5 000	
51-57	Viðhald	2 000	
593	Afskriftir	3 000	
5,8	Gjöld samtals	30 700	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	19 900	
48	Fjármunatekjur	400	
4910	Framlag úr ríkissjóði	11 200	
49	Aðrar tekjur	1 200	
4,7	Tekjur samtals	32 700	
	Mismunur		2 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	6 600	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	3 000	
26	Tekin lán	1 600	
39	Ráðstöfun eigin fjár	2 000	

25 Sjávarútvegsráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
25-272	**Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging**		
51	Laun	1 500	
54-58	Önnur rekstrargjöld	6 200	
51-57	Viðhald	8 000	
5,8	Gjöld samtals	15 700	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	25 700	
4910	Framlag úr ríkissjóði	21 000	
4,7	Tekjur samtals	46 700	
	Mismunur		31 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	31 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	31 000	
25-911	**Þróunarsjóður sjávarútvegsins**		
51	Laun	2 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	36 000	
571	Fjármagnskostnaður	850 000	
593	Afskriftir	100 000	
59	Tilfærslur	700 000	
5,8	Gjöld samtals	1 688 000	
48	Fjármunatekjur	500 000	
49	Aðrar tekjur	334 000	
4,7	Tekjur samtals	834 000	
	Mismunur		-854 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	711 000	
39	Fært á höfuðstól	30 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	570 000	
18	Sala eigna	75 000	
19	Afskriftir	100 000	
26	Tekin lán	850 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	–854 000	

26 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
26-101	**Lögbirtingablað**		
51	Laun	4 200	
54-58	Önnur rekstrargjöld	18 600	
5,8	Gjöld samtals	22 800	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	22 800	
4,7	Tekjur samtals	22 800	
26-701	**Kristnisjóður**		
51	Laun	2 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	2 100	
571	Fjármagnskostnaður	3 800	
51-57	Viðhald	1 500	
593	Afskriftir	2 000	
59	Tilfærslur	20 000	
5,8	Gjöld samtals	31 400	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	9 700	
48	Fjármunatekjur	1 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	27 300	
4,7	Tekjur samtals	38 000	
	Mismunur		6 600
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	8 600	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	2 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	6 600	
26-732	**Kirkjubyggingasjóður**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	800	
5,8	Gjöld samtals	800	
48	Fjármunatekjur	5 500	
4,7	Tekjur samtals	5 500	
	Mismunur		4 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	9 700	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	5 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	4 700	
26-733	**Kirkjugarðasjóður**		
51	Laun	3 100	
54-58	Önnur rekstrargjöld	4 200	
571	Fjármagnskostnaður	1 000	
593	Afskriftir	300	
59	Tilfærslur	26 000	
5,8	Gjöld samtals	34 600	
48	Fjármunatekjur	6 000	
49	Aðrar tekjur	30 100	
4,7	Tekjur samtals	36 100	
	Mismunur		1 500
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	9 400	
18	Fjárfesting	2 300	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	8 400	
18	Sala eigna	1 500	
19	Afskriftir	300	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 500	

27 Félagsmálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
27-270	**Byggingarsjóður ríkisins, húsbréfadeild**		
51	Laun	49 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	103 000	
571	Fjármagnskostnaður	1 049 000	
5,8	Gjöld samtals	1 201 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	18 000	
48	Fjármunatekjur	4 500 000	
4,7	Tekjur samtals	4 518 000	
	Mismunur		3 317 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	13 640 000	
26	Afborgun lána	4 800 000	
39	Sjóðshækkun	247 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	1 870 000	
26	Tekin lán	13 500 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	3 317 000	
27-271	**Byggingarsjóður ríkisins**		
51	Laun	38 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	82 000	
571	Fjármagnskostnaður	3 050 000	
5,8	Gjöld samtals	3 170 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	225 000	
48	Fjármunatekjur	3 270 000	
4,7	Tekjur samtals	3 495 000	
	Mismunur		325 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	700 000	
18	Fjárfesting	10 000	
26	Afborgun lána	3 995 000	
26	Útstreymi af sparimerkjareikningum	550 000	
18	Kaup og sala uppboðsíbúða	200 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	2 800 000	
26	Tekin lán	2 330 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	325 000	
27-272	**Byggingarsjóður verkamanna**		
51	Laun	36 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	77 000	
571	Fjármagnskostnaður	2 245 000	
5,8	Gjöld samtals	2 358 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	7 000	
48	Fjármunatekjur	880 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	400 000	
49	Aðrar tekjur	433 000	
4,7	Tekjur samtals	1 720 000	
	Mismunur		–638 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	3 747 000	
26	Afborgun lána	2 035 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	760 000	
26	Tekin lán	5 660 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	–638 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
27-972	**Bjargráðasjóður Íslands**		
51	Laun	6 500	
54-58	Önnur rekstrargjöld	8 700	
51-57	Viðhald	400	
59	Tilfærslur	77 100	
5,8	Gjöld samtals	92 700	
48	Fjármunatekjur	6 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	30 000	
49	Aðrar tekjur	56 700	
4,7	Tekjur samtals	92 700	
27-982	**Ábyrgðasjóður launa**		
51	Laun	8 800	
54-58	Önnur rekstrargjöld	5 600	
59	Tilfærslur	185 600	
5,8	Gjöld samtals	200 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	200 000	
4,7	Tekjur samtals	200 000	
27-984	**Atvinnuleysistryggingasjóður**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	100 000	
59	Tilfærslur	3 260 000	
5,8	Gjöld samtals	3 360 000	
48	Fjármunatekjur	50 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	3 040 000	
49	Aðrar tekjur	20 000	
4,7	Tekjur samtals	3 110 000	
	Mismunur		−250 000
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	120 000	
18	Sala eigna	130 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−250 000	

28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
28-311	**Ríkisspítalar, þvottahús**		
51	Laun	64 300	
54-58	Önnur rekstrargjöld	29 800	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	39 000	
571	Fjármagnskostnaður	900	
593	Afskriftir	7 000	
5,8	Gjöld samtals	141 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	141 000	
4,7	Tekjur samtals	141 000	
Fjármunahreyfingar út:			
39	Fært á höfuðstól	7 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	7 000	
28-312	**Ríkisspítalar, dauðhreinsun**		
51	Laun	19 100	
54-58	Önnur rekstrargjöld	2 300	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	138 500	
593	Afskriftir	100	
5,8	Gjöld samtals	160 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	160 000	
4,7	Tekjur samtals	160 000	
Fjármunahreyfingar út:			
39	Fært á höfuðstól	100	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	100	

		Þús. kr.	Þús. kr.
28-378	**Læknishéraðasjóður**		
59	Tilfærslur	2 500	
5,8	Gjöld samtals	2 500	
4910	Framlag úr ríkissjóði	2 500	
4,7	Tekjur samtals	2 500	

29 Fjármálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
29-101	**Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins**		
51	Laun	338 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	150 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	6 690 000	
571	Fjármagnskostnaður	3 000	
51-57	Viðhald	43 000	
593	Afskriftir	63 000	
5,8	Gjöld samtals	7 287 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	9 480 000	
48	Fjármunatekjur	2 000	
49	Aðrar tekjur	7 000	
4,7	Tekjur samtals	9 489 000	
	Mismunur		2 202 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	20 000	
26	Afborgun lána	10 000	
59	Greitt í ríkissjóð	2 235 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	63 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	2 202 000	
29-103	**Ríkiskaup**		
51	Laun	58 800	
54-58	Önnur rekstrargjöld	19 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 127 000	
51-57	Viðhald	5 000	
593	Afskriftir	2 600	
5,8	Gjöld samtals	1 212 400	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 205 100	
48	Fjármunatekjur	6 300	
49	Aðrar tekjur	1 000	
4,7	Tekjur samtals	1 212 400	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	2 600	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	2 600	
29-402	**Fasteignamat ríkisins**		
51	Laun	97 400	
54-58	Önnur rekstrargjöld	40 800	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	6 800	
5,8	Gjöld samtals	145 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	118 500	
4910	Framlag úr ríkissjóði	43 500	
4,7	Tekjur samtals	162 000	
	Mismunur		17 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	17 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	17 000	
29-931	**Arnarhvoll**		
51	Laun	43 200	
54-58	Önnur rekstrargjöld	29 200	
51-57	Viðhald	27 300	
5,8	Gjöld samtals	99 700	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	96 200	
4910	Framlag úr ríkissjóði	15 000	
4,7	Tekjur samtals	111 200	
	Mismunur		11 500
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	11 500	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	11 500	

		Þús. kr.	Þús. kr.
29-971	**Lánasýsla ríkisins**		
51	Laun	47 500	
54-58	Önnur rekstrargjöld	21 000	
571	Fjármagnskostnaður	7 000	
593	Afskriftir	4 000	
5,8	Gjöld samtals	79 500	
48	Fjármunatekjur	29 500	
4910	Framlag úr ríkissjóði	180 000	
49	Aðrar tekjur	46 000	
4,7	Tekjur samtals	255 500	
	Mismunur		176 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	258 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	78 000	
19	Afskriftir	4 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	176 000	
29-972	**Lánasýsla ríkisins– Framkvæmdasjóður Íslands**		
51	Laun	23 500	
54-58	Önnur rekstrargjöld	25 500	
571	Fjármagnskostnaður	626 000	
5,8	Gjöld samtals	675 000	
48	Fjármunatekjur	599 000	
49	Aðrar tekjur	28 000	
4,7	Tekjur samtals	627 000	
	Mismunur		– 48 000
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	1 952 000	
39	Fært á höfuðstól	252 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	2 252 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	– 48 000	

29-981	**Fasteignir ríkissjóðs**	Þús. kr.	Þús. kr.
51	Laun	11 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	76 000	
51-57	Viðhald	173 000	
5,8	Gjöld samtals	260 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	260 000	
4,7	Tekjur samtals	260 000	

30 Samgönguráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
30-101	**Póst- og símamálastofnun**		
51	Laun	4 078 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	4 002 000	
571	Fjármagnskostnaður	92 000	
51-57	Viðhald	170 000	
593	Afskriftir	1 050 000	
5,8	Gjöld samtals	9 392 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	10 402 000	
48	Fjármunatekjur	70 000	
49	Aðrar tekjur	165 000	
4,7	Tekjur samtals	10 637 000	
	Mismunur		1 245 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	1 830 000	
26	Afborgun lána	216 000	
59	Arðgreiðsla í ríkissjóð	735 000	
59	Intersat/Eutelsat/Inmarsat	30 000	
39	Greiðsluafgangur	634 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	1 050 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 245 000	
39	Greiðsluafgangur frá fyrra ári	1 150 000	
30-110	**Póst- og símamálastofnun, samkeppnisrekstur**		
51	Laun	228 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	944 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	243 000	
571	Fjármagnskostnaður	10 000	
593	Afskriftir	290 000	
5,8	Gjöld samtals	1 715 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	2 045 000	
4,7	Tekjur samtals	2 045 000	
	Mismunur		330 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	405 000	
59	Arðgreiðsla í ríkissjóð	125 000	
39	Greiðsluafgangur	290 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	290 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	330 000	
39	Greiðsluafgangur frá fyrra ári	200 000	
30-211	**Vegagerðin**		
51	Laun	630 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	1 030 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	440 000	
593	Afskriftir	15 000	
5,8	Gjöld samtals	2 115 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 930 000	
49	Aðrar tekjur	210 000	
4,7	Tekjur samtals	2 140 000	
	Mismunur		25 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	15 000	
39	Fært á höfuðstól	25 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	15 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	25 000	
30-212	**Vegagerðin, vélamiðstöð**		
51	Laun	30 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	60 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	200 000	
571	Fjármagnskostnaður	6 000	
51-57	Viðhald	150 000	
593	Afskriftir	108 000	
5,8	Gjöld samtals	554 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	570 000	
49	Aðrar tekjur	17 000	
4,7	Tekjur samtals	587 000	
	Mismunur		33 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	150 000	
26	Afborgun lána	11 000	
39	Fært á höfuðstól	-5 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
18	Sala eigna	15 000	
19	Afskriftir	108 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	33 000	
30-213	**Vegagerðin, birgðamiðstöð og fasteignir**		
51	Laun	32 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	40 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	450 000	
51-57	Viðhald	70 000	
593	Afskriftir	8 000	
5,8	Gjöld samtals	600 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	590 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	14 000	
4,7	Tekjur samtals	604 000	
	Mismunur		4 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	500	
39	Fært á höfuðstól	11 600	
Fjármunahreyfingar inn:			
18	Sala eigna	100	
19	Afskriftir	8 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	4 000	
30-330	**Hafnabótasjóður**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	2 000	
571	Fjármagnskostnaður	14 000	
59	Tilfærslur	60 000	
5,8	Gjöld samtals	76 000	
48	Fjármunatekjur	77 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	18 000	
4,7	Tekjur samtals	95 000	
	Mismunur		19 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	17 400	
26	Afborgun lána	44 000	
39	Fært á höfuðstól	169 600	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	212 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	19 000	
30-331	**Vita- og hafnamálastofnun, þjónustumiðstöð**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	11 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	4 000	
51-57	Viðhald	7 000	
593	Afskriftir	3 000	
5,8	Gjöld samtals	25 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	26 000	
48	Fjármunatekjur	1 000	
4,7	Tekjur samtals	27 000	
	Mismunur		2 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	5 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	3 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	2 000	
30-471	**Alþjóðaflugþjónustan**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	722 000	
571	Fjármagnskostnaður	45 000	
593	Afskriftir	60 000	
5,8	Gjöld samtals	827 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	702 000	
48	Fjármunatekjur	45 000	
49	Aðrar tekjur	100 000	
4,7	Tekjur samtals	847 000	
	Mismunur		20 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	100 000	
26	Afborgun lána	60 000	
39	Fært á höfuðstól	20 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	60 000	
26	Tekin lán	100 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	20 000	

31 Iðnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
31-321	**Rafmagnsveitur ríkisins**		
51	Laun	450 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	550 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	2 300 000	
571	Fjármagnskostnaður	64 000	
593	Afskriftir	700 000	
5,8	Gjöld samtals	4 064 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	3 820 000	
48	Fjármunatekjur	40 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	100 000	
49	Aðrar tekjur	40 000	
4,7	Tekjur samtals	4 000 000	
	Mismunur		-64 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	700 000	
26	Afborgun lána	112 000	
59	Arðgreiðsla í ríkissjóð	100 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	76 000	
19	Afskriftir	700 000	
26	Tekin lán	200 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	-64 000	
31-371	**Orkusjóður**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	2 500	
571	Fjármagnskostnaður	6 100	
5,8	Gjöld samtals	8 600	
48	Fjármunatekjur	1 400	
4910	Framlag úr ríkissjóði	28 000	
4,7	Tekjur samtals	29 400	
	Mismunur		20 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	6 000	
26	Afborgun lána	27 900	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	13 100	
39	Ráðstöfun eigin fjár	20 800	

430. Framhaldsnefndarálit [147. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til meðferðar milli 2. og 3. umræðu og leggur meiri hlutinn til að frumvarpið, eins og það liggur fyrir eftir 2. umræðu, verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Þar eru lagðar til þrjár breytingar á frumvarpinu.

Í fyrsta lagi er lagt til að orðalag 1. gr. laganna um skattskyldu manna verði samræmt þeirri orðalagsbreytingu sem frumvarpið gerir ráð fyrir á 3. gr. laganna.

Í öðru lagi er lögð til breyting á fjárhæð í 41. gr. laganna til samræmis við aðrar breytingar á fjárhæðum sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Í þriðja lagi er lagt til að leiðrétt verði greinatilvísun í ákvæðum um barnabótaauka og vaxtabætur. Hér er verið að lagfæra villu í lögunum sem felst í því að samkvæmt orðanna hljóðan í gildandi ákvæðum skerða skattfrjálsir happdrættisvinningar bæturnar. Ástæða þess er sú að við meðferð frumvarps, sem síðar varð að lögum nr. 147/1994, láðist að lagfæra þessar greinatilvísanir. Ekki stóð til að láta happdrættisvinninga skerða bætur og er hér lagt til að úr því verði bætt.

Að lokum er lagt til að gildistökuákvæði verði breytt til samræmis við þær breytingar sem gerðar voru á frumvarpinu við 2. umræðu.

Alþingi, 19. des. 1995.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Sólveig Pétursdóttir.
Valgerður Sverrisdóttir.	Einar Oddur Kristjánsson.	Pétur H. Blöndal.

431. Breytingartillögur [147. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, GMS, SP, VS, EOK, PHB).

1. Við bætist ný grein, er verði 1. gr., og orðist svo:
   Í stað orðanna „á sama almanaksári“ í 3. og 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: á sérhverju 12 mánaða tímabili.
2. Á eftir 4. gr. (er verði 5. gr.) komi ný grein er orðist svo:
   Í stað fjárhæðarinnar „115.000“ í 41. gr. laganna kemur: 119.508.
3. Í stað orðanna „2. og 3. tölul. A-liðar“ í e- og h-liðum 7. gr. (er verði 9. gr.) komi: 2. tölul. A-liðar.

4. Við 22. gr. (er verði 24. gr.) Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda sem hér segir:
   a. 14., 15., 19., 20., 21., 22., og 23., gr. koma til framkvæmda þegar í stað.
   b. A-liður 4. gr. kemur til framkvæmda 1. janúar 1996.
   c. 5. gr. kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 1996.
   d. 2. gr. og b-liður 13. gr. koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1997 og vegna tekna á árinu 1996 og eigna í lok þess árs.
   e. 3. gr., b-, c-, d-, og e-liður 4. gr., 7., 8., 9., 10., 11., 12., a-liður 13. gr. og 18. gr. koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignaskatts á árinu 1996 vegna tekna á árinu 1995 og eigna í lok þess árs og við ákvörðun bóta á árinu 1996.
   f. 16. og 17. gr. koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 1997. Þó skulu mál þar sem skattstjóri hefur boðað breytingar á grundvelli 4. mgr. 96. gr., eins og sú málsgrein hljóðaði fyrir það tímamark, fara eftir eldri reglum.
   Ákvæði um frádrátt vegna greiddra iðgjalda launþega til lífeyrissjóða, sbr. 2. gr. laga nr. 30/1995, kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 1996.

432. Fyrirspurn [255. mál]

til félagsmálaráðherra um kostnað við rekstur grunnskóla.

Frá Ögmundi Jónassyni og Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hver var kostnaður sveitarfélaganna, hvers fyrir sig og samtals, við rekstur grunnskóla árið 1994?
2. Hver var kostnaður ríkisins við rekstur grunnskólans árið 1994 sundurliðað eftir sveitarfélögum?
3. Hver er áætlaður kostnaður við rekstur grunnskóla, á heilu ári, ef sveitarfélögin taka að fullu við rekstri grunnskólans og hvernig er áætlað að sá kostnaður þróist á næstu árum?

Skriflegt svar óskast.

433. Tillaga til þingsályktunar [256. mál]

um fullgildingu fríverslunarsamnings milli EFTA-ríkjanna og Litáens.

Frá utanríkismálanefnd.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd fríverslunarsamning milli EFTA-ríkja og Litáens sem gerður var í Zermatt 7. desember 1995.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Hinn 7. desember 1995 var undirritaður í Zermatt í Sviss fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkja og Litáens. Áður höfðu einstök EFTA-ríki gert tvíhliða fríverslunarsamninga við Litáen. Er fríverslunarsamningurinn milli EFTA-ríkja og Litáens í öllum aðalatriðum samhljóða tvíhliða samningunum, sem áður höfðu verið gerðir.

Samningurinn kveður á um fríverslun milli EFTA-ríkja og Litáens með iðnaðarvörur (25.–97. kafli í samræmdri vörulýsingar- og vöruheitaskrá). Einnig nær samningurinn til fisks og fiskafurða, sbr. II. viðauka samningsins, og til vara sem unnar eru að hluta til eða öllu leyti úr landbúnaðarvörum (Bókun A). Fyrir vissar iðnaðarvörur fær Litáen aðlögunartíma fyrir niðurfellingu tolla.

Einnig gildir aðlögunartími fyrir niðurfellingu tolla á vissum fiskafurðum frá Íslandi. Er sá aðlögunartími heldur styttri en í tvíhliða samningnum, eða 7 ár fyrir saltaðan, reyktan og þurrkaðan fisk og 8 ár fyrir niðursoðinn fisk. Tollfrjáls innflutningskvóti fyrir saltsíld frá Íslandi verður 340 tonn fyrsta ár samningsins. Fer sá kvóti stækkandi. Tollur á öðrum fiskafurðum frá Íslandi fellur niður strax við gildistöku samningsins.

Fríverslunarsamningur EFTA-ríkja og Litáens er birtur sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari.

Með tillögunni var fríverslunarsamningurinn prentaður ásamt eftirtöldum gögnum:

I. viðauki sem um getur í a-lið 2. gr. Gildissvið.

Bókun A, um vörur sem um getur í b-lið 2. gr. Gildissvið.

II. viðauki sem um getur í c-lið 2. gr. Gildissvið.

Bókun B, um upprunareglur.

Bókun C sem um getur í 6. gr. Fjáröflunartollar.

III. viðauki sem um getur í 3. mgr. 4. gr.

IV. viðauki sem um getur í 2. mgr. 8. gr. Magntakmarkanir á innflutningi eða útflutningi og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif.

Bókun D, um einokun sem stendur óbreytt við gildistöku samningsins þrátt fyrir 10. gr.

V. viðauki sem um getur í 16. gr. Vernd hugverka.

VI. viðauki um túlkun 18. gr.

VII. viðauki, reglur um túlkun 3. mgr. 18. gr. samnings EFTA-ríkjanna og Litáens.

VIII. viðauki, stofnun og starfsemi gerðardómstóls.

Bókun E, um þá meðferð sem Liechtenstein og Sviss er heimilt að beita gagnvart innflutningi tiltekinna framleiðsluvara er falla undir áætlun um lögboðinn varaforða.

Bókun F, yfirráðasvæði þar sem samningurinn gildir.

Sameiginleg yfirlýsing lýðveldisins Íslands og lýðveldisins Litáens.

Einhliða yfirlýsing.

Bókun um samkomulag varðandi samning milli EFTA-ríkjanna og lýðveldisins Litáens.

Samningurinn á ensku ásamt viðaukum og bókunum.

Um þessi gögn vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins). Einnig verður samningurinn prentaður í C-deild Stjórnartíðinda ásamt bókunum og viðaukum.

434. Tillaga til þingsályktunar [257. mál]

um fullgildingu fríverslunarsamnings milli EFTA-ríkjanna og Lettlands.

Frá utanríkismálanefnd.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd fríverslunarsamning milli EFTA-ríkja og Lettlands sem gerður var í Zermatt 7. desember 1995.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Hinn 7. desember 1995 var undirritaður í Zermatt í Sviss fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkja og Lettlands. Áður höfðu einstök EFTA-ríki og Lettland gert með sér tvíhliða fríverslunarsamninga. Fríverslunarsamningurinn milli EFTA-ríkja og Lettlands er í öllum aðalatriðum samhljóða tvíhliða samningunum, sem áður höfðu verið gerðir.

Samningurinn kveður á um fríverslun milli EFTA-ríkja og Lettlands með iðnaðarvörur (25.–97. kafli í samræmdri vörulýsingar- og vöruheitaskrá). Einnig nær samningurinn til fisks og fiskafurða, sbr. II. viðauka samningsins, og til vara sem að hluta til eða að öllu leyti eru unnar úr landbúnaðarvörum (Bókun A).

EFTA-ríkin og Lettland afnema alla innflutningstolla á iðnaðarvörum, sem upprunnar eru í þessum löndum, og gjöld, sem hafa samsvarandi áhrif, frá og með gildistöku fríverslunarsamningsins. Hið sama gildir um fisk og fiskafurðir með þeirri undantekningu að Lettland fær fjögra ára aðlögunartíma til þess að fella niður tolla á nokkrum fiskafurðum frá Íslandi. 200 tonna árlegur tollfrjáls saltsíldarkvóti tekur gildi strax við gildistöku fríverslunarsamningsins.

Fríverslunarsamningur EFTA-ríkjanna og Lettlands er birtur sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari.

Með tillögunni var fríverslunarsamningurinn prentaður ásamt eftirtöldum gögnum:

I. viðauki sem um getur í a-lið 2. gr. Gildissvið.

Bókun A, um vörur sem um getur í b-lið 2. gr. Gildissvið.

II. viðauki sem um getur í c-lið 2. gr. Gildissvið.

Bókun B, um upprunareglur.

III. viðauki sem um getur í 3. mgr. 6. gr. (útflutningstollar og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif).

Bókun C sem um getur í 1. mgr. 5. gr. Fjáröflunartollar.

IV. viðauki sem um getur í 2. mgr. 8. gr. Magntakmarkanir á innflutning eða útflutningi og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif.

Bókun D, um einokun sem stendur óbreytt við gildistöku samningsins þrátt fyrir 9. gr.

V. viðauki sem um getur í 15. gr. Vernd hugverka.

VI. viðauki um túlkun 17. gr.

VII. viðauki, reglur um túlkun 3. mgr. 17. gr. samnings EFTA-ríkjanna og Lettlands.

VIII. viðauki, stofnun og starfsemi gerðardómstóls.

Bókun E, um þá meðferð sem Liechtenstein og Sviss er heimilt að beita gagnvart innflutningi tiltekinna framleiðsluvara er falla undir áætlun um lögboðinn varaforða.

Bókun F, yfirráðasvæði þar sem samningurinn gildir.

Bókun um samkomulag varðandi samning milli EFTA-ríkjanna og Lettlands.

Samningurinn á ensku ásamt viðaukum og bókunum.

Um þessi gögn vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins). Einnig verður samningurinn prentaður í C-deild Stjórnartíðinda ásamt bókunum og viðaukum.

435. Tillaga til þingsályktunar [258. mál]

um fullgildingu fríverslunarsamnings milli EFTA-ríkjanna og Eistlands.

Frá utanríkismálanefnd.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd fríverslunarsamning milli EFTA-ríkjanna og Eistlands sem gerður var í Zermatt í Sviss 7. desember 1995.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Hinn 7. desember 1995 var undirritaður í Zermatt í Sviss fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkjanna og Eistlands. Áður höfðu Noregur og Sviss gert tvíhliða fríverslunarsamninga við Eistland og tvíhliða fríverslunarsamningur milli Íslands og Eistlands hafði verið áritaður og var tilbúinn til undirritunar.

Í öllum meginatriðum er fríverslunarsamningurinn milli EFTA-ríkjanna og Eistlands samhljóða þeim tvíhliða samningum sem einstök EFTA-ríki höfðu gert við Eistland, að meðtöldum fríverslunarsamningi milli Íslands og Eistlands, sem hafði verið áritaður.

Fríverslunarsamningur EFTA-ríkjanna og Eistlands er mjög hliðstæður þeim fríverslunarsamningum, sem EFTA hefur gert við ríki í Mið- og Austur-Evrópu. Samningurinn kveður á um fríverslun milli EFTA-ríkja og Eistlands með iðnaðarvörur (25.–97. kafli í samræmdri vörulýsingar- og vöruheitaskrá). Einnig nær samningurinn til fisks og fiskafurða, sbr. II. viðauka samningsins, svo og til vara sem unnar eru að hluta til eða að öllu leyti úr landbúnaðarvörum (unnar landbúnaðarvörur). Þessar vörur eru sérstaklega tilgreindar og nánar kveðið á um framkvæmd viðskipta með þær í bókun A við samninginn.

EFTA-ríkin og Eistland afnema alla innflutningstolla á iðnaðarvörum, sem upprunnar eru í þessum löndum, og gjöld, sem hafa samsvarandi áhrif, frá og með gildistöku fríverslunarsamningsins. Hið sama gildir um fisk og fiskafurðir.

Ákvæði er í samningnum þess efnis að einstök EFTA-ríki og Eistland geri tvíhliða samninga um landbúnaðarmál til þess að stuðla að auknum viðskiptum með landbúnaðarvörur.

Fríverslunarsamningur EFTA-ríkjanna og Eistlands er birtur sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari.

Með tillögunni var fríverslunarsamningurinn prentaður ásamt eftirtöldum gögnum:

I. viðauki sem um getur í a-lið 2. gr. Gildissvið.

Bókun A, um vörur sem um getur í b-lið 2. gr. Gildissvið.

II. viðauki sem um getur í c-lið 2. gr. Gildissvið.

Bókun B, um upprunareglur.

Bókun C sem um getur í 5. gr. Fjáröflunartollar.

III. viðauki sem um getur í 2. mgr. 7. gr. Magntakmarkanir á innflutningi eða útflutningi og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif.

Bókun D, um einokun sem stendur óbreytt við gildistöku samningsins þrátt fyrir 9. gr.

IV. viðauki sem um getur í 15. gr. Vernd hugverka.

V. viðauki um túlkun 17. gr.

VI. viðauki, reglur um túlkun 3. mgr. 17. gr. samnings EFTA-ríkjanna og Eistlands.

VII. viðauki, stofnun og starfsemi gerðardómstóls.

Bókun E, um þá meðferð sem Liechtenstein og Sviss er heimilt að beita gagnvart innflutningi tiltekinna framleiðsluvara er falla undir áætlun um lögboðinn varaforða.

Bókun F, yfirráðasvæði þar sem samningurinn gildir.

Bókun um samkomulag varðandi samning milli EFTA-ríkjanna og Eistlands.

Samningurinn á ensku ásamt viðaukum og bókunum.

Um þessi gögn vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins). Einnig verður samningurinn prentaður í C-deild Stjórnartíðinda ásamt bókunum og viðaukum.

436. Frumvarp til laga [259. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, lögum um vog, mál og faggildingu, nr. 100/1992, og lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, GMS, SP, VS, PHB, EOK).

I. KAFLI
Um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

3. mgr. 115. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 115/1992, orðast svo:

Leggja skal á sérstakt umferðaröryggisgjald er renni til Umferðarráðs, að fjárhæð 200 kr., og greiðist það við almenna skoðun ökutækis, skráningu ökutækis og skráningu eigendaskipta að ökutæki. Ráðherra setur reglur um innheimtu gjaldsins og um skil þess í ríkissjóð.

II. KAFLI
Um breytingu á lögum um vog, mál og faggildingu, nr. 100/1992, með síðari breytingum.
2. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Yfirstjórn Löggildingarstofunnar er í höndum þriggja manna stjórnar sem ráðherra skipar og setur erindisbréf.

III. KAFLI
Um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.
3. gr.

Í stað „1993–1995“ í ákvæði til bráðabirgða C í lögunum kemur: 1993–1997.

IV. KAFLI
Gildistaka.
4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1996.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samhliða breytingum sem lagðar eru til á frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir árið 1996, 225. máli.

Í 1. gr. er lagt til að sérstakt umferðaröryggisgjald, sem sett var á með lögum nr. 115/1992, hækki úr 100 kr. í 200 kr. Er þessi breyting lögð til í tengslum við fyrirhugaða breytingu á 18. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996.

Í 2. gr. er lagt til að sérstök stjórn verði sett yfir Löggildingarstofuna. Ráðherra skipar stjórnina og setur stjórnarmönnum nánari fyrirmæli um hlutverk stjórnarinnar með erindisbréfi.

Í 3. gr. er lagt til að bráðabirgðaákvæði búvörulaga um hagræðingu í mjólkuriðnaði verði framlengt um tvö ár og gildi til loka árs 1997.

437. Nefndarálit [225. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Halldór Árnason, Ólaf Hjálmarsson og Indriða H. Þorláksson frá fjármálaráðuneyti, Þóri Haraldsson og Davíð Á. Gunnarsson frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Guðmund Sigþórsson og Ingimar Jóhannsson frá landbúnaðarráðuneyti, Húnboga Þorsteinsson frá félagsmálaráðuneyti, Þorstein Geirsson frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Arndísi Steinþórsdóttur frá sjávarútvegsráðuneyti, Rúnar Guðjónsson frá samgönguráðuneyti, Þórð H. Ólafsson frá umhverfisráðuneyti, Þorgeir Pálsson flugmálastjóra, Helga Hallgrímsson vegamálastjóra, Hilmar Björgvinsson og Guðmund Sigmundsson frá Tryggingastofnun ríkisins, Láru Björnsdóttur, félagsmálastjóra Reykjavíkur, og Pál Gíslason frá Samtökum aldraða. Þá

fékk nefndin sendar umsagnir um málið frá allsherjarnefnd, félagsmálanefnd, heilbrigðis- og trygginganefnd, menntamálanefnd, samgöngunefnd, sjávarútvegsnefnd og umhverfisnefnd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Þær fela í sér:

1. Að hætt verði við þær breytingar sem fyrirhugaðar eru í 21. gr. frumvarpsins þar sem dómsmálaráðherra hyggst skipa nefnd til að fjalla um skipan stjórnsýsluumdæma og aðsetur sýslumanna. Nefndin mun kanna hvernig þjónustu sýslumannsembætta við íbúana verður hagkvæmast fyrir komið.
2. Að fjármagnstekjur skuli aðeins teljast að 50 hundraðshlutum inn í tekjugrunn við ákvörðun á tekjutengdum bótum almannatryggingalaga en ekki 70 hundraðshlutum eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.
3. Að skerðingarhlutfall ellilífeyris vegna tekna 67 ára og eldri verði 35% í stað 25% eins og gert er ráð fyrir í 11. gr. almannatryggingalaga.
4. Að felldar verði niður bætur ef samanlögð fjárhæð bóta samkvæmt almannatryggingalögum og lögum um félagslega aðstoð nemur 600 kr. á mánuði eða minna. Niðurfellingin nær ekki til sjúkra- og slysahjálpar, svo sem læknishjálpar, tannlæknishjálpar og sjúkraþjálfunar, og endurgreiðslu umtalsverðs kostnaðar við læknishjálp og lyf.
5. Að hætt verði við þá breytingu sem frumvarpið gerir ráð fyrir á lögum um heilbrigðisþjónustu að formenn stjórna heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa þurfi ekki að vera búsettir á starfssvæði stofnunarinnar. Þá er einnig gert ráð fyrir að kjörnir verði varamenn í stjórnarnefnd ríkisspítala. Skulu þeir skipaðir á sama hátt og aðalmenn.
6. Að orðalagi 55. gr. frumvarpsins verði breytt til að afmarka þau rekstrarframlög sem tekjur af flugvallagjaldi geta runnið til.

Samhliða þessum breytingum á frumvarpinu hyggst meiri hluti nefndarinnar leggja fram sérstakt frumvarp til breytinga á þrennum lögum, umferðarlögum, búvörulögum og lögum um vog, mál og faggildingu.

Alþingi, 19. des. 1995.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Pétur H. Blöndal.
Sólveig Pétursdóttir.	Valgerður Sverrisdóttir.	Einar Oddur Kristjánsson.

Fylgiskjal I.

Umsögn meiri hluta allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur haft til umfjöllunar frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996, 225. mál, sbr. bréf efnahags- og viðskiptanefndar frá 11. desember sl. Á fund um málið fékk nefndin þá Ólaf Davíðsson frá forsætisráðuneyti og Þorstein A. Jónsson frá dómsmálaráðuneyti. Ræddu þeir m.a. um lagabreytingar í formi bandorma, fækkun sýslumannsembætta og áætlaðan sparnað af frestun laga um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota.

Í fylgiskjali með fjárlagafrumvarpinu var m.a. gert ráð fyrir að greiðsla bóta til þolenda afbrota yrði einungis látin ná aftur til 1. janúar 1994 í stað 1. janúar 1993 eins og lögin gera ráð fyrir. Jafnframt var þar lagt til að gildistöku laganna yrði frestað um eitt ár, þ.e. fram til 1. janúar 1997. Allsherjarnefnd gagnrýndi þessar fyrirætlanir í bréfi sínu til fjárlaganefndar, frá 23. nóvember 1995, og óskaði þess að leitað yrði annarra leiða til að meginmarkmiðum laganna yrði náð. Samkvæmt því frumvarpi, sem nú liggur fyrir um ráðstafanir í ríkisfjármálum, hefur verið horfið frá því að færa gildistíma laganna fram til 1. janúar 1994. Hins vegar er gert ráð fyrir að gildistökunni verði frestað fram á mitt næsta ár og að ríkissjóður greiði einungis helming bóta ásamt frekari skerðingum. Meiri hluti allsherjarnefndar telur að hér sé um að ræða mjög miklar skerðingar frá því sem lögin gera ráð fyrir. Meiri hlutinn mælist því eindregið til þess að við undirbúning fjárlagafrumvarps fyrir árið 1997 verði miðað við að bætur verði greiddar til samræmis við það sem upphaflega hafði verið ákveðið.

Alþingi, 15. des. 1995.

Sólveig Pétursdóttir, form.
Ólafur Örn Haraldsson.
Kristján Pálsson.
Arnbjörg Sveinsdóttir.
Hjálmar Jónsson.

Fylgiskjal II.

Umsögn minni hluta allsherjarnefndar.

Minni hluti allsherjarnefndar getur ekki sætt sig við þær breytingar sem lagðar eru til á 18.–20. gr. frumvarpsins, en þær fjalla um breytingu á lögum nr. 69/1995, um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota.

Allsherjarnefnd afgreiddi frumvarp um þetta mál samhljóða frá sér fyrr á þessu ári og það varð að lögum rétt fyrir síðustu kosningar með samþykki allra sem tóku þátt í afgreiðslu málsins. Með lagasetningu þessari var stigið stórt skref í baráttunni fyrir bættri meðferð brotaþola og breyttum viðhorfum í þessum efnum. Tjónþolum hefur reynst erfitt að sækja bætur til þeirra sem tjóni valda, ekki síst hafa þolendur nauðgunar eða annars kynferðislegs ofbeldis verið í erfiðri stöðu.

Með samþykki áðurnefndra laga var margra ára barátta ýmissa kvennahópa í höfn og brotaþolar fengu þau mikilvægu skilaboð að samfélaginu væri ekki sama um örlög þeirra. Því kom óþægilega á óvart þegar í ljós kom að ekki var gert ráð fyrir greiðslum samkvæmt þessum lögum í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1996 og boðuð tillaga ríkisstjórnarinnar um frestun gildistöku laganna um eitt ár. Jafnframt átti afturvirkni þeirra að færast til um eitt ár, og um leið átti að svipta þá einstaklinga voninni sem höfðu fengið úrskurðaðar miskabætur vegna brota sem framin höfðu verið eftir 1. janúar 1993. Þetta olli hörðum viðbrögðum innan og utan þingsins og í 18.–20. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum er lagt til að gildistöku laganna verði frestað um hálft ár í stað eins árs og að jafnframt verði bótafjárhæðir stórlega lækkaðar.

Það er mat minni hlutans að þessi niðurstaða sé gjörsamlega óviðunandi og leggur hann þunga áherslu á að Alþingi tryggi nægjanlegt fjármagn á árinu 1996 til að staðið verði við lögin að fullu. Meðferð ríkisstjórnarinnar á þessu máli er hneyksli sem Alþingi getur ekki samþykkt. Því er lagt til að frumvarpi til fjárlaga verði breytt þannig að 60 millj. kr. komi á lið 06-233 Bætur til þolenda afbrota og að 18.–20. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum verði felldar brott.

Þá gerir minni hlutinn þá almennu athugasemd við frumvarpið að óeðlilegt sé að í frumvarpi sem þessu, sem flutt er vegna ríkisfjármála á árinu 1996, skuli lagt til að gerðar verði varanlegar breytingar á fjölmörgum lögum sem kveða á um greiðslur úr ríkissjóði. Þá mótmælir minni hlutinn því háttalagi að leggja til í frumvarpinu lagabreytingar sem alls ekki tengjast afgreiðslu fjárlaga eða ríkisfjármálum á árinu 1996. Slíkar breytingar á skilyrðislaust að leggja fyrir Alþingi sem sjálfstæð þingmál.

Jóhanna Sigurðardóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk umsögn þessari.

Alþingi, 14. des. 1995.

Guðný Guðbjörnsdóttir.
Ögmundur Jónasson.
Sighvatur Björgvinsson.

Fylgiskjal III.

Umsögn meiri hluta félagsmálanefndar.

Félagsmálanefnd hefur, sbr. bréf efnahags- og viðskiptanefndar frá 11. desember, fjallað um 22., 24.–29. og 37.–39. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996, 225. mál. Nefndin fékk á sinn fund við umfjöllun málsins Berglind Ásgeirsdóttur ráðuneytisstjóra og Húnboga Þorsteinsson frá félagsmálaráðuneyti, Guðmund Gylfa Guðmundson hagfræðing frá ASÍ, Þórarin V. Þórarinsson framkvæmdastjóra frá VSÍ og Rannveigu Sigurðardóttur hagfræðing frá BSRB.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins og fer hér á eftir umsögn meiri hluta nefndarinnar. Að áliti meiri hlutans standa Einar K. Guðfinnsson, Magnús Stefánsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Drífa Sigfúsdóttir, Kristján Pálsson og Pétur H. Blöndal.

Sú breyting, sem lagt er til að gerð verði á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingum, felur í sér að Framkvæmdasjóður fatlaðra skuli verja allt að 40% af ráðstöfunarfé sínu á árinu 1996 til tiltekinna verkefna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Hér er gert ráð fyrir að fjármunum sjóðsins verði ekki eingöngu varið til framkvæmda og meiri háttar viðhalds heldur einnig til rekstrar á árinu 1996. Á síðasta ári var um heimildarákvæði að ræða þannig að hér er tekið af skarið um að ákveðnum hluta af fjármunum sjóðsins skuli verja til rekstrar.

Lögð er til sú breyting á lögum nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, með síðari breytingum, að fjárlög til sjóðsins verði ákveðin á fjárlögum hverju sinni og gerir meiri hlutinn ekki athugasemd við þá tilhögun.

Þá er lagt til að ákvæði laga nr. 93/1993, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum, sæti breytingum til samræmis við fyrirhugaða hækkun á tryggingagjaldi með breytingu á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald. Þær breytingar fela í sér að tekið verður upp sérstakt gjald, svonefnt atvinnutryggingagjald, sem notað skal til að fjármagna sjóðinn, þ.e. til að standa undir útgjöldum hans. Einnig er gert ráð fyrir afnámi tekjutengingar og auk þess er lögð til framlenging á heimild til sjóðsins frá fyrra ári til að styrkja átaksverkefni sveitarfélaga. Meiri hlutinn lýsir yfir stuðningi við þessar breytingar og heimildir.

Með breytingum á ákvæðum laga um eftirlaun aldraðra, nr. 113/1994, er lagt til að sá hluti framlags til sjóðsins sem hingað til hefur verið greiddur af Atvinnuleysistryggingasjóði verði nú framvegis greiddur beint úr ríkissjóði. Með hliðsjón af stöðu sjóðsins í dag og eðli eftirlauna aldraðra telur meiri hlutinn þessa breytingu eðlilega.

Alþingi, 14. des. 1995.

F.h. meiri hluta félagsmálanefndar,

Einar K. Guðfinnsson.

Fylgiskjal IV.

Umsögn minni hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann hluta frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996 sem varðar félagsmálin.

Minni hluti nefndarinnar telur nokkur atriði í frumvarpinu vera þess eðlis að þau krefjist athugasemda. Ber þar fyrst að geta þeirrar stefnu sem kemur fram í 22. gr. frumvarpsins, sbr. 23. gr., að verja allt að 40% af ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs fatlaðra á árinu 1996 til tiltekinna rekstrarverkefna. Varar minni hlutinn eindregið við þessari stefnu, jafnvel þótt umrætt fé renni til stofnana fatlaðra.

Í 24. gr. er lagt til að framlag ríkisins til Bjargráðasjóðs verði ákveðið í fjárlögum hverju sinni. Minni hlutinn bendir á að þessi grein er ekki nauðsynlegur fylgifiskur frumvarps til fjárlaga og því væri eðlilegra að henni væri breytt sérstaklega. Það er slæm lagasetningaraðferð að skella breytingum á fleiri tugum laga inn í eitt frumvarp, jafnvel þótt það sé gert í nafni fjárlagagerðar. Það er algerlega óviðunandi að hafa slíka liði fleiri en nauðsyn ber til.

Í 27. gr. er gert ráð fyrir að tekjur af atvinnutryggingagjaldi renni til Atvinnuleysistryggingasjóðs í samræmi við ákvæði laga um tryggingagjald, en samkvæmt fjárlagafrumvarpinu er ætlunin að hækka gjaldið um 0,5%. Minni hlutinn vekur athygli á því sem fram kom í samtölum nefndarmanna við fulltrúa ASÍ, BSRB og VSÍ, að líklega stæði gjaldið ekki undir áætlaðri útgjaldaaukningu sjóðsins.

Í 28. gr. er ákvæði sem felur í sér afnám tengsla bótagreiðslna úr Atvinnleysistryggingasjóði við almenna launaþróun. Þess í stað er lagt til að hámarksfjárhæð bóta komi til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert. Í gildandi lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð er tenging við kjarasamninga fiskverkafólks sem felur í sér að bæturnar hækka í samræmi við almennar launahækkanir í þeirri starfsgrein. Með því að falla frá þessari tengingu er verið að snúa til kerfis sem minnir á ölmusu en slíkar hugmyndir höfðu sem betur fer verið aflagðar hér á landi. Ríkisstjórnin hyggst nú taka slíkt skref til fortíðarinnar og gerir það í nafni þess að það falli undir heildarstefnu um afnám sjálfvirkni og verðlagsuppfærslna. Minni hlutinn telur tengingu við laun vera grundvallarréttindamál fyrir þá sem þurfa á greiðslum úr tryggingakerfinu að halda og gildir sá skilningur allt að einu þótt ríkisstjórnin hafi samið um greiðslurnar nú um áramót í tengslum við aðgerðir á vinnumarkaði. Eftir stendur að atvinnulausum er ekki tryggð þessi tenging í framtíðinni en það telur minni hlutinn vera mikla afturför og minnir á að atvinnulausir eru formlega séð á vinnumarkaði og því er sjálfsagt að greiðslur til þeirra fylgi almennri launaþróun. Þá vill minni hlutinn benda á að það var almenn krafa verkalýðshreyfingarinnar að fallið yrði frá þessum áformum og það að ekki hefur verið fallist á þær kröfur mun leiða til harðari átaka við frágang kjarasamninga í framtíðinni þar sem verkalýðshreyfingin mun eftir sem áður leitast við að tryggja þessum félagsmönnum sínum sambærilegar launabreytingar og öðrum.

Svanfríður Jónasdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk umsögn þessari.

Alþingi, 15. des. 1995.

Kristín Ástgeirsdóttir.
Bryndís Hlöðversdóttir.
Rannveig Guðmundsdóttir.

Fylgiskjal V.

Umsögn meiri hluta heilbrigðis- og tryggingaefndar.

Heilbrigðis- og tryggingaefnd hefur, sbr. bréf efnahags- og viðskiptanefndar frá 11. desember sl., fjallað um 30.–36. gr. og 40.–51. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Fékk nefndin á sinn fund frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti Davíð Á. Gunnarsson ráðuneytisstjóra, Ragnhildi Arnljótsdóttur deildarstjóra, Sólveigu Guðmundsdóttur deildarstjóra og Þóri Haraldsson, aðstoðarmann heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Nefndin hefur farið yfir þær greinar frumvarpsins sem óskað var umsagnar um og kallaði hún eftir nánari skýringum á einstökum ákvæðum frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Meiri hluti heilbrigðis- og tryggingaefndar leggur ekki til að gerðar verði breytingar á 30.–36. gr. né 40.–51. gr. en leggur áherslu á að skoða þurfi vel ákvæði 30.–32. gr. frumvarpsins þar sem lagðar eru til þær breytingar að fjármagnstekjur skerði bætur almannatrygginga. Ákvæði þessi öðlast ekki gildi fyrr en 1. september 1996 og gert er ráð

fyrir því að fjármagnstekjur ársins 1995 komi til skerðingar lífeyrisbótum frá og með 1. september 1996. Þá verði fjármagnstekjur ársins 1995 reiknaðar til skerðingar á bótum í 12 mánuði, þ.e. frá 1. september 1996 til 31. ágúst 1997. Gert er ráð fyrir að við skerðingu lífeyrisgreiðslna vegna fjármagnstekna verði alfarið miðað við útborgaða vexti við innlausn. Meiri hlutinn bendir á að mjög óljósar upplýsingar liggja fyrir um hvað útgjöld lækka mikið við þessar breytingar.

Hvað varðar 31. gr. tekur meiri hlutinn fram að heimild til að áætla mönnum tekjur til frádráttar greiðslu tekjutryggingar á aðeins við um þá sem ekki greiða í lífeyrissjóði en ber skylda til þess samkvæmt lögum. Þannig á ákvæðið ekki við um þá sem ekki ber skylda til að greiða í neinn lífeyrissjóð, né nær það til lífeyrissjóða sem ekki er lögbundið að greiða í. Einnig er mikilvægt að benda á það að ákvæðið gildir frá og með áramótum og skerðast því réttindi þeirra sem ekki sinna lagaskyldunni eftir þann tíma.

Í 35. gr. er sjálfvirk tenging almannatryggingabóta við laun felld úr gildi, en í staðinn er ráðgert að bæturnar hækki framvegis í samræmi við ákvörðun á fjárlögum. Í ákvæðinu er einnig heimild fyrir því að heilbrigðisráðherra, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, geti breytt bótafjárhæðum um allt að 3% frá forsendum fjárlaga ef verulegar breytingar verða á þjóðhagsforsendum frá samþykkt fjárlaga.

Í 41. gr. er lagt til að mæðra- og feðralaun með fyrsta barni verði felld niður og fjárhæð með öðru og þriðja barni lækkuð. Meiri hlutinn vill í þessu sambandi benda á að til að vega upp á móti þessari lækkun er áætlað að greiðslur vegna barnabótaauka hækki um 500 millj. kr.

Með ákvæðum 42.–44. gr. frumvarpsins er lagt til að ekkjulífeyrir verði felldur niður, en með því er komið á fullt jafnræði milli kynja gagnvart bótagreiðslum vegna fráfalls maka. Þær konur, sem nú þegar njóta ekkjulífeyris, munu þó fá bætur áfram til 67 ára aldurs. Til mótvægis við þetta ákvæði er lagt til að heimilt verði að greiða dánarbætur í lengri tíma en 12 mánuði. Þannig verður heimilt að framlengja greiðslu dánarbóta ef bótaþegi hefur barn yngra en 18 ára á framfæri eða aðrar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Alþingi, 14. des. 1995.

Sólveig Pétursdóttir.
Sigríður A. Þórðardóttir.
Guðni Ágústsson.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Drífa Sigfúsdóttir.
Guðmundur Hallvarðsson.

Fylgiskjal VI.

Umsögn minni hluta heilbrigðis- og tryggingaefndar.

Heilbrigðis- og tryggingaefnd hefur, sbr. bréf efnahags- og viðskiptanefndar frá 11. desember sl., fjallað um 30.–36. gr. og 40.–51. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996. Fékk nefndin á sinn fund frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti Davíð Á. Gunnarsson ráðuneytisstjóra, Ragnhildi Arnljótsdóttur deildarstjóra,

Sólveigu Guðmundsdóttur deildarstjóra og Þóri Haraldsson, aðstoðarmann heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Minni hluti nefndarinnar mótmælir þeim grundvallarbreytingum sem felast í tillögum frumvarpsins. Einnig er það gagnrýnt að frumvarpið felur í sér gagngerar breytingar á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð. Þær ættu að bíða heildarendurskoðunar laganna sem hafin er í heilbrigðisráðuneytinu.

Minni hlutinn gerir athugasemdir við eftirfarandi greinar:

Í 30. gr. frumvarpsins er ákvæði um að fjármagnstekjur skerði almannatryggingabætur. Minni hlutinn hafnar því að byrjað verði á því að skerða greiðslur til lífeyrisþega, þ.e. aldraðra og öryrkja, gagnvart fjármagnstekjum, áður en fjármagnstekjuskatti hefur verið komið á.

31. gr. heimilar skerðingu tekjutryggingar þeirra sem ekki hafa hirt um að greiða í lífeyrissjóð eins og það er orðað í fjárlagafrumvarpinu. Í skýringum með frumvarpinu frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins kemur fram að þetta ákvæði muni hafa lítil áhrif fyrstu árin frá gildistöku þess. Því telur minni hlutinn að þetta ákvæði eigi ekki heima í frumvarpi um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Hann leggur til að breytingunni verði vísað til heildarendurskoðunar almannatryggingalaganna eða að breyting þessi verði lögð fram sem frumvarp síðar og fái þá eðlilega umfjöllun á Alþingi. Því leggur minni hlutinn til að greinin falli brott.

Í 35. gr. laganna er um grundvallarbreytingu á lífeyristryggingum að ræða og alvarlega atlögu að lífeyrisþegum. Þar er lagt til að lífeyrisgreiðslur almannatrygginga verði ekki lengur tengdar við almenna launaþróun í landinu heldur ákvarðist á fjárlögum hvers árs. Minni hlutinn mótmælir harðlega þeirri aðför sem hér er gerð að öldruðum og öryrkjum og lýsir þess vegna eindreginni andstöðu við greinina. Jafnframt vill minni hlutinn taka fram varðandi það ákvæði greinarinnar að heilbrigðisráðherra sé heimilt að breyta bótafjárhæðum um allt að 3% frá forsendum fjárlaga, verði verulegar breytingar á þjóðhagsforsendum, að ekki sé rétt að binda hendur ráðherra með ákveðinni prósentu, enda hafi ekki komið fram neinar skýringar á því hvers vegna 3% voru valin frekar en einhver önnur tala. Þess vegna sé rétt að prósentutalan falli brott og í stað orðsins „breyta“ komi „hækka“ í samræmi við skýringar með lagagreininni í frumvarpinu.

40. og 41. gr. um að mæðra- og feðralaun skuli felld niður með einu barni og lækkuð með tveimur og þremur börnum hefur verið rökstudd með því að þessar greiðslur hafi hvort eð er verið svo lágar. Það að greiðslur séu lágar teljum við ekki vera rök fyrir því að þær falli brott. Þessum ákvæðum ætti að vísa til nefndar þeirrar sem vinnur að heildarendurskoðun laga um félagslega aðstoð og almannatryggingar.

Í 42. gr. er sett inn heimild til að lengja greiðslur dánarbóta, sem almennt eru greiddar í sex mánuði, í a.m.k. 12 mánuði til viðbótar við sérstakar aðstæður, þó aldrei lengur en í 48 mánuði. Í upplýsingum frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu geta „sérstakar aðstæður“ átt við um ómegð, efnaleysi, heilsubrest og erfiðar félagslegar aðstæður. Þar sem hér er um heimildarbætur að ræða þar sem meta þarf hvert einstakt tilvik og mikill munur er á rétti til dánarbóta almannatrygginga (félagslegrar aðstoðar og slysatrygginga) eftir því hvort maki fellur frá vegna slyss eða sjúkdóms, telur minni hlutinn að sama eigi að gilda um hámarkslengd greiðslutíma og gildir um dánarbætur slysatrygginga sem eru átta ár. Minni hlutinn gerir því breytingartillögu um heimild til átta ára hámarksgreiðslu dánarbóta.

Varðandi 44. gr., þar sem greiðsla ekkjulífeyris er lögð af, er minni hluti nefndarinnar sammála því að ekki skuli hafa í lögunum ákvæði sem mismuna eftir kyni. Engu að síður er staðreyndin sú að þeim konum, sem eiga rétt á ekkjulífeyri, fer fækkandi vegna þrengdra ákvæða í lögunum og þjóðfélagsbreytinga. Því hefði mátt gera ráð fyrir að bótaflokkurinn legðist af á næstu árum að öllu óbreyttu, enda ekki gert ráð fyrir nema 5 millj. kr. sparnaði af þessari breytingu. Minni hlutinn getur fallist á ákvæðin verði heimild til greiðslu dánarbóta lengd í hámark átta ár, sbr. slysabætur.

Minni hlutinn mótmælir harðlega þeim grundvallarbreytingum á Framkvæmdasjóði aldraðra sem lagðar eru til í 45. gr. Þó svo að mönnum hafi þótt ástæða til að hluti af fé sjóðsins færi tímabundið til rekstrar stofnana fyrir aldraða skal það haft hugfast að hann var stofnaður til framkvæmda, til uppbyggingar stofnana fyrir aldraða. Enn þá er mikið uppbyggingarstarf óunnið sem sést best á því að í Reykjavík einni eru enn yfir 100 aldraðir í brýnni neyð sem bíða eftir hjúkrunarrými. Undirrituð mótmæla þessari ótímabundnu heimild til að hluta sjóðsins verði varið til rekstrar.

47.–50. gr. vísar minni hluti heilbrigðis- og trygginganefndar frá þar sem þær eiga ekki heima í frumvarpi um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Hér er um skipulagsbreytingu að ræða sem kemur afgreiðslu fjárlaga ekki við.

Minni hlutinn leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á frumvarpinu:

1. 30. og 31. gr. frumvarpsins falli brott.
2. Orðin „allt að 3%“ í 35. gr. falli brott.
3. Í stað orðanna „breyta bótafjárhæðum“ í 35. gr. komi: hækka bótafjárhæðir.
4. Í stað orðanna „48 mánuði“ í 42. gr. komi: átta ár.
5. 47.–50. gr. falli brott.

Alþingi, 14. des. 1995.

Ásta R. Jóhannesdóttir.
Ögmundur Jónasson.
Össur Skarphéðinsson, form.

Fylgiskjal VII.

Umsögn landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur, sbr. bréf efnahags- og viðskiptanefndar frá 11. desember, fjallað um 6. og 9.–10. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996, 225. mál.

Nefndin fékk á sinn fund við umfjöllun málsins Guðmund Sigþórsson skrifstofustjóra og Ingimar Jóhannsson deildarsérfræðing frá landbúnaðarráðuneyti.

Lögð er til sú breyting á lögum nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, með síðari breytingum, að framlag ríkisins til Stofnlánadeildar landbúnaðarins verði framvegis ákveðið á fjárlögum hverju sinni en fjárhæðir ekki bundnar í lögunum sjálfum. Meiri hlutinn gerir ekki athugasemd við þá breytingu, en einstakir nefndarmenn vilja gera

athugasemd við þá aðferð að setja í lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sem hafa þann tilgang að aðlaga önnur ákvæði laga forsendum fjárlaga, ákvæði sem breyta lögum varanlega og hafa þannig lengri líftíma en ákvæði fjárlaga. Þau ákvæði frumvarpsins sem breyta lögum varanlega fá því ekki þá umfjöllun í fagnefnd sem skyldi.

Breytingar þær, sem lagt er til að gerðar verði á ákvæðum laga nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum, og lögum nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull, með síðari breytingum, telur landbúnaðarnefnd ástæðu til að gera athugasemdir við. Nefndinni þykir rétt að taka af öll tvímæli um hvort gjöld til greiðslu kostnaðar ríkissjóðs af yfirmati skuli innheimt eða ekki og því skuli ráðherra kveða nánar á um innheimtu gjaldanna með reglugerð. Að auki er lagt til að í stað þess að innheimta gjaldið af sláturleyfum eins og gert er ráð fyrir í 10. gr. frumvarpsins, um breytingu á lögum um flokkun og mat á gærum og ull, skuli það innheimt af afurðastöðvum vegna hlutaðeigandi afurðar. Þessi breyting er lögð til þar sem þeir sem eru með sláturleyfi versla ekki með ull, en gjaldið er tekið af afurðastöðvum sem versla með viðkomandi vöru. Breytingartillögur nefndarinnar eru því eftirfarandi:

1. Við 9. gr. Efnismálsgrein orðist svo:
   Ráðherra skal innheimta gjald af sláturleyfishöfum til greiðslu kostnaðar ríkissjóðs af yfirmati sem af lögum þessum leiðir. Ráðherra skal kveða nánar á um innheimtu gjaldsins með reglugerð.
2. Við 10. gr. Efnismálsgrein orðist svo:
   Ráðherra skal innheimta gjald af afurðastöðvum vegna hlutaðeigandi afurðar til greiðslu kostnaðar ríkissjóðs af yfirmati sem af lögum þessum leiðir. Ráðherra skal kveða nánar á um innheimtu gjaldsins með reglugerð.

Alþingi, 14. des. 1995.

F.h. landbúnaðarnefndar,

Guðni Ágústsson, form.

Fylgiskjal VIII.

Umsögn meiri hluta menntamálanefndar.

Menntamálanefnd hefur, sbr. bréf efnahags- og viðskiptanefndar frá 11. desember sl., fjallað um 1.–5. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Á fund nefndarinnar komu Leifur Eysteinsson, deildarstjóri í fjármálaráðuneyti, Örlygur Geirsson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneyti, Sverrir Kristinsson, formaður Listskreytingasjóðs ríkisins, Sólveig Eggertsdóttir, formaður Sambands íslenskra myndlistamanna, Bryndís Schram, framkvæmdastjóri Kvikmyndasjóðs Íslands, Ari Kristinsson, varaformaður Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Böðvar Bjarki Pétursson, formaður Félags kvikmyndagerðarmanna, Friðrik Þór Friðriksson, formaður Félags íslenskra kvikmyndaleikstjóra, Þór Magnússon þjóðminjavörður, Hörður Vilhjálmsson, fjármálastjóri Ríkisútvarpsins, og frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Þórður Skúlason framkvæmdastjóri og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson formaður.

Meiri hluti menntamálanefndar gerir ekki athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins en leggur áherslu á eftirfarandi atriði.

Þau ákvæði sem menntamálanefnd fjallaði um eru þess efnis að lagt er til að lagagreinum, sem lögbinda ákveðin útgjöld, verði breytt þannig að ákvæði laga um sjálfvirk framlög verði felld niður en í staðinn ákvarðist framlög í fjárlögum hverju sinni. Lögbundin framlög hafa um margra ára skeið verið skert verulega eða felld niður með lögum. Meiri hlutinn telur að ekki geti talist eðlilegt að skerða lögbundin framlög með þessum hætti á ári hverju og lýsir því stuðningi við að varanleg breyting verði gerð á framangreindum lögum.

Meiri hlutinn bendir á að kvikmyndagerð er mjög vaxandi atvinnugrein sem sannað hefur gildi sitt og reynst góð landkynning. Reynslan hefur sýnt að framlög til kvikmynda skila sér í tekjum til ríkissjóðs. Yfirleitt koma allt að 80% af fjármagni kvikmynda sem styrktar eru af Kvikmyndasjóði Íslands erlendis frá. Þannig fæst erlent fjármagn inn í landið til verkefna sem eru atvinnuskapandi, en ljóst er að erfiðara er að fá erlenda aðila til að fjármagna kvikmyndir sem ekki eru styrktar í heimalandinu. Því leggur meiri hluti nefndarinnar áherslu á að við gerð fjárlaga verði hugað að því að hækka framlög til kvikmyndagerðar í landinu.

Alþingi, 13. des. 1995.

Sigríður A. Þórðardóttir, form.
Hjálmar Árnason.
Tómas Ingi Olrich.
Ólafur Örn Haraldsson.
Arnbjörg Sveinsdóttir.
Árni Johnsen.

Fylgiskjal IX.

Umsögn minni hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga um þingsköp Alþingis og bréf efnahags- og viðskiptanefndar frá 11. desember.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að tilgangurinn með framlagningu þess er að aðlaga ákvæði annarra laga forsendum fjárlaga. Fjárlög eru sett til eins árs. Það er venja að ríkisstjórnin leggi fram frumvarp, samhliða fjárlögum, þar sem kveðið er á um tímabundna frestun á gildi ákvæða annarra laga sem ekki verða samræmd niðurstöðutölum fjárlaga. Það er nánast óþekkt að frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sem er fylgifrumvarp fjárlaga, feli í sér varanlegar breytingar á ákvæðum annnarra laga og er því hér um stefnubreytingu að ræða.

Þrátt fyrir að ákvæði 1.–5. gr. feli í sér varanlegar breytingar á lögum sem heyra undir málefnasvið menntamálanefndar kom nefndin að málinu sem umsagnaraðili að beiðni efnahags- og viðskiptanefndar. Niðurstaðan er því sú að þær varanlegu breytingar á löggjöfinni sem er að finna í 1.–5. gr. frumvarpsins fá ekki umfjöllun í fagnefnd. Minni

hlutinn átelur harðlega þessi vinnubrögð ríkisstjórnarinnar og telur þau til þess fallin að draga úr virðingu Alþingis sem löggjafarstofnunar.

Að gefnu tilefni vill minni hlutinn taka fram að þrátt fyrir að eftir því hafi verið leitað fór ekki fram í nefndinni efnisleg umræða um þau ákvæði frumvarpsins sem nefndinni var ætlað að gefa umsögn um.

Um 1. gr.

1. gr. frumvarpsins fjallar um breytingu á lögum nr. 71/1990, um Listskreytingasjóð ríkisins. Lagt er til að árlegt framlag úr ríkissjóði verði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum í stað þess að það nemi 1% álagi á samanlagðar fjárveitingar ríkissjóðs í A-hluta fjárlaga til þeirra bygginga sem ríkissjóður stendur að einn eða með öðrum. Hér er lagt til að trygg tekjuviðmiðun fyrir sjóðinn verði afnumin varanlega.

Á fund nefndarinnar komu Sverrir Kristinsson, formaður stjórnar Listskreytingasjóðs ríkisins, og Sólveig Eggertsdóttir frá Sambandi íslenskra myndlistamanna, en félagið á tvo fulltrúa í stjórn sjóðsins.

Framlög til sjóðsins hafa að meðaltali verið um 12 millj. kr. frá árinu 1989, sem lætur nærri að vera 0,25–0,35% af lögboðnum framlögum. Nú er svo komið að aðeins 4 millj. kr. eru ætlaðar til sjóðsins á fjárlögum fyrir árið 1996.

Í yfirliti yfir afgreiðslur úr Listskreytingasjóði ríkisins árin 1983–94 kemur fram að það eru fyrst og fremst skólar, sjúkrahús og heilsugæslustöðvar, ríkisstofnanir og sveitarfélög sem sækja í sjóðinn og að greiðslur hafa runnið til 240 listamanna. Tæplega 50% af því fjármagni sem hefur farið til listaverkakaupa á vegum ríkisins undanfarin ár koma úr þessum sjóði.

Það er álit minni hlutans að Listskreytingasjóður ríkisins gegni mikilvægu hlutverki og að mikilvægt sé að sjóðstjórnin geti gert áætlanir fram í tímann. Því varar minni hlutinn við þeirri breytingu sem lögð er til í 1. gr. frumvarpsins án mun meiri athugunar og mælir með að ákvæði 1. gr. verði breytt í „þrátt-fyrir"-ákvæði og frestað verði ákvörðunum um varanlega breytingu á lögunum.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er lagt til að framlag ríkisins til Kvikmyndasjóðs fari eftir ákvörðun í fjárlögum hverju sinni. Í núgildandi lögum á það að nema áætluðum söluskatti af kvikmyndasýningum í landinu. Flest undanfarin ár hefur framlag í Kvikmyndasjóð verið skert. Sjóðnum eru nú ætlaðar 92,3 millj. kr. á fjárlögum í samanburði við 101,6 millj. kr. í fjárlögum fyrir árið 1995. Á fund nefndarinnar komu fulltrúar frá Kvikmyndasjóði og kvikmyndagerðarmönnum.

Minni hlutinn leggur áherslu á að margt mæli með auknum fjárveitingum til Kvikmyndasjóðs. Fyrst skal nefnt að í kvikmyndaiðnaðinum felst vaxtarbroddur í íslensku atvinnulífi sem hefur skapað fjölmörg störf á undanförnum árum. Þá má nefna að fjármagn sem veitt er í Kvikmyndasjóð margfaldast við mótframlög úr erlendum sjóðum. Niðurskurður á framlagi til Kvikmyndasjóðs lokar því leið erlends fjármagns til kvikmyndagerðar því að framlag úr sjóðnum er forsenda þess að hægt sé að sækja í erlenda sjóði til kvikmyndagerðar. Í þriðja lagi er bent á mikilvægi íslenskrar kvikmyndagerðar sem mótvægi við erlend menningaráhrif. Að lokum er bent á að óvenjumargar íslenskar kvikmyndir voru frumsýndar á sl. ári og kallar það á aukið kynningar- og markaðsstarf erlendis.

Minni hlutinn telur mikilvægt að Kvikmyndasjóði séu tryggðar reglulegar fjárveitingar og að þær verði auknar. Þótt ekki hafi verið staðið við lögbundin fjárframlög á undanförnum árum þykir óráðlegt að fella með öllu niður lögbundinn tekjustofn sjóðsins og því er mælt gegn því að ákvæði 5. gr. laga um kvikmyndamál, sem fjallað er um í 2. gr. frumvarpsins, verði breytt á varanlegan hátt.

Um 3. og 4. gr.

Í 3. gr. er gert ráð fyrir að Ríkisútvarpið missi varanlega tekjur sem því eru ætlaðar samkvæmt lögum af aðflutningsgjöldum af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum, sbr. 2. mgr. 22. gr. útvarpslaga. Í 4. gr. er tillaga um að út falli 2. mgr. 23. gr. sömu laga þar sem þessum tekjustofni er ætlað að renna óskiptum í Framkvæmdasjóð Ríkisútvarps.

Vegna þessara fyrirætlana kom Hörður Vilhjálmsson, fjármálastjóri Ríkisútvarpsins, á fund nefndarinnar. Fram kom að þessi tekjustofn hefur verið skertur frá því á árinu 1987. Jafnframt kom fram að ákvæði laga og reglugerðar um undanþágu þeirra frá greiðslu afnotagjalda sem hljóta uppbót á elli- og örorkulífeyri skv. 19. gr. laga um almannatryggingar séu afar íþyngjandi fyrir stofnunina, nettótekjutap nemi 162 millj. kr. í ár.

Þá kom fram að besta fjárhagsráðstöfun sem hægt væri að gera í þágu Ríkisútvarpsins væri að fella út ákvæðin um Menningarsjóð útvarpsstöðva sem hefði reynst afar íþyngjandi fyrir Ríkisútvarpið. Á síðasta ári hafi Ríkisútvarpið t.d. greitt 54 millj. kr. í sjóðinn en ekki fengið neitt til baka og í ár yrði tíund útvarpsins í sjóðinn 60 millj. kr., en úr sjóðnum fengi það samtals 6,6 millj. kr. Því hefur verið svarað til að ekki væri hægt að slá sjóðinn af, þ.e. breyta ákvæðum útvarpslaganna, fyrr en heildarendurskoðun á lögunum færi fram. Eftir að frumkvæði menntamálayfirvalda væri komið varðandi breytingu á lögunum væri hins vegar tæpast nokkuð lengur til fyrirstöðu með breytingar á öðrum greinum.

Fleiri umsagna var ekki leitað. Engar efnislegar umræður fóru fram í nefndinni um frumvarpsgreinarnar né heldur umsögnina.

Um 5. gr.

Í gildandi þjóðminjalögum, nr. 88/1989, með síðari breytingum, segir að framlag ríkissjóðs í húsafriðunarsjóð skuli vera 100 kr. á hvern íbúa landsins og að framlög sveitarfélaga skuli vera 100 kr. á hvern íbúa í hlutaðeigandi sveitarfélagi. Framlög þessi eiga að breytast árlega í hlutfalli við byggingarvísitölu.

Í 5. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996 er lagt til að þetta ákvæði þjóðminjalaga breytist þannig að framlög ríkisins verði ótilgreind, ákveðin í fjárlögum hvers árs, en að framlag sveitarfélaga skuli miðast við 150 kr. á hvern íbúa hlutaðeigandi sveitarfélags.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið segir um 5. gr. að hækkun á framlögum sveitarfélaga úr 100 kr. á hvern íbúa sveitarfélags í 150 kr. á hvern íbúa sé í raun aðeins verðlagsbreyting frá árinu 1989.

Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga, þeir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og Þórður Skúlason, komu á fund menntamálanefndar og lögðu fram skriflega umsögn vegna þeirra breytinga sem felast í 5. gr. frumvarpsins. Í umsögn þeirra segir:

„Samband íslenskra sveitarfélaga mótmælir harðlega ákvæði um breytingu á þjóðminjalögum í frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996 og leggur til að á næsta ári standi ríkissjóður við lögbundnar skyldur sínar um framlög til húsafriðunarsjóðs samkvæmt gildandi lögum."

Jafnframt kemur fram í umsögn þeirra sem birt er sem fskj. 2 með áliti þessu að þrátt fyrir að ríkissjóður hafi ekki staðið við ákvæði gildandi þjóðminjalaga hvað varðar varðveislu og viðhald menningarsögulegra mannvirkja með listrænt gildi, þar sem Alþingi hafi skert lögbundin framlög ríkissjóðs til húsafriðunarsjóðs ár frá ári, hafi sveitarfélögin ætíð uppfyllt greiðsluskyldur sínar til sjóðsins í samræmi við lögin. Í yfirliti sem fylgir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga sést hver þróunin hefur verið. Framlög ríkissjóðs eru aðeins rúmlega 20% af framlagi sveitarfélaga.

Með þeirri breytingu sem lögð er til í 5. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum er verið að leggja til hækkun á framlagi sveitarfélaga á sama tíma og lagt er til að framlög ríkissjóðs verði óbreytt, 10,5 millj. kr. Sveitarfélögunum er hins vegar gert að greiða rúmlega 40 millj. kr. á móti 38 millj. kr. á árinu 1995. Minni hluti menntamálanefndar mótmælir þeirri stefnumörkun sem felst í frumvarpinu og í fjárveitingum undanfarinna ára og því að sveitarfélögunum einum er ætlað að standa undir meginhluta kostnaðar vegna varðveislu menningarsögulegra mannvirkja.

Árum saman hafa framlög ríkisins til þessara mála verið skert verulega frá því sem ætlað er í þjóðminjalögum. Nú er hins vegar lögð til varanleg breyting á lagatexta, þar sem fellt er út ákvæði þess efnis að ríki og sveitarfélögum beri að greiða sömu framlög í húsafriðunarsjóð. Minni hluti menntamálanefndar mótmælir harðlega þeim vinnubrögðum að leggja fram í bandormi tengdum afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1996 varanlegar efnisbreytingar á lögum sem í gildi eru. Sé ætlun ríkisstjórnarinnar að leggja til skerðingu á lögbundnum framlögum til húsafriðunar árið 1996 verði það gert með tímabundnu skerðingarákvæði sem gildi út það fjárlagaár.

Einnig er vakin athygli á því að þrátt fyrir að sveitarfélögin standi að verulegu leyti undir fjárframlögum í húsafriðunarsjóð eiga þau aðeins einn fulltrúa af fimm í húsafriðunarnefnd. Ef sú stefnubreyting sem boðuð er í frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996 yrði að veruleika telur minni hluti menntamálanefndar rétt að sveitarfélögin skipi minnst þrjá af fimm fulltrúum í húsafriðunarnefnd.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem nefndin fékk sóttu 236 aðilar um styrki í húsafriðunarsjóð árið 1994. Styrkveitingar voru 160 eða samtals að upphæð 44.748.000 kr. Árið 1995 sótti 201 um styrki en styrkveitingar voru 148, samtals að upphæð 33.650.000 kr. Í fskj. 1 með áliti þessu má finna upplýsingar frá þjóðminjaverði um skiptingu þessara fjármuna á einstök verkefni.

Svanfríður Jónasdóttir sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er sammála umsögn þessari.

Alþingi, 14. des. 1995.

Lúðvík Bergvinsson.
Margrét Frímannsdóttir.
Guðný Guðbjörnsdóttir.

Með umsögninni voru tvö fylgiskjöl: Tafla yfir styrkveitingar húsafriðunarsjóðs 1994 og 1995 og umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 13. desember 1995.

Fylgiskjal X.

Umsögn samgöngunefndar.

Samgöngunefnd hefur, sbr. bréf efnahags- og viðskiptanefndar frá 11. desember, fjallað um 52.–55. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996, 225. mál.

Nefndin fékk á sinn fund við umfjöllun málsins Jón Birgi Jónsson, ráðuneytisstjóra samgönguráðuneytis.

Breytingar þær sem hér eru lagðar til eru bein afleiðing þeirrar stefnumörkunar sem fram kemur í frumvarpi til fjárlaga. Samgöngunefnd skilaði ítarlegu áliti til fjárlaganefndar við undirbúning fjárlaga og vísar til þeirrar umsagnar.

Í ákvæði 55. gr. frumvarpsins er lagt til að tekjum af flugvallagjaldi skuli varið til framkvæmda í flugmálum og rekstrar flugvalla. Hér er um rýmkun að ræða frá fyrra ári þar sem mælt var fyrir um að gjaldinu skyldi eingöngu varið til framkvæmda í flugmálum, svo og snjómoksturs og viðhalds flugvalla og tækja. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að ákvæði 55. gr. sæti þeirri breytingu að gjaldinu skuli varið til framkvæmda í flugmálum samkvæmt flugmálaáætlun og til rekstrar flugvalla. Þessi breyting er sett fram til samræmis við ákvæði 6. gr. laga nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum. Í því ákvæði segir að gjaldi, sem innheimt er skv. 5. gr. laganna af þeim sem selja flugvélabensín og þotueldsneyti á íslenskum flugvöllum, skuli einungis varið til framkvæmda samkvæmt flugmálaáætlun. Breytingin verði því svohljóðandi:

Við 55. gr.

Á eftir orðunum „framkvæmda í flugmálum“ í efnismálsgrein komi: samkvæmt flugmálaáætlun.

Þeir nefndarmenn sem standa að framangreindri breytingartillögu eru Einar K. Guðfinnsson, Magnús Stefánsson, Egill Jónsson, Stefán Guðmundsson, Kristján Pálsson og Árni Johnsen. Ragnar Arnalds, Ásta R. Jóhannesdóttir og Petrína Baldursdóttir gera athugasemd við þá aðferð að setja í lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sem hafa þann tilgang að aðlaga önnur lagaákvæði forsendum fjárlaga, ákvæði sem breyta lögum varanlega og hafa þannig lengri gildistíma en ákvæði fjárlaga. Slík ákvæði fá ekki þá umfjöllun í fagnefnd sem skyldi. Þau mótmæla því að tekjum af flugvallagjaldi eigi nú að verja til rekstrar flugvalla og þykir rétt að ákvæðið verði óbreytt frá fyrra ári.

Alþingi, 15. des. 1995.

F.h. samgöngunefndar,

Einar K. Guðfinnsson, form.

Fylgiskjal XI.

Umsögn meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefur haft til umfjöllunar frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996, 225. mál, sbr. bréf efnahags- og viðskiptanefndar frá 11. desember sl. Í því bréfi var óskað eftir umsögn nefndarinnar um 11.–16. gr. frumvarpsins. Með ákvæðum þessara greina er lagt til að veiðieftirlitsgjald verði greitt af öllum afla fiskiskipa eftir sömu reglum, að Fiskistofa verði ekki lögbundin til að fela einum tilteknum aðila söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga heldur hafi heimild til að fela þau verk öðrum og loks er lagt til að numin verði úr gildi lög um reikningaskrifstofu sjávarútvegsins. Á fund til sín um málið fékk nefndin Arndísi Steinþórsdóttur frá sjávarútvegsráðuneytinu, Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda og Bjarna Kr. Grímsson frá Fiskifélagi Íslands.

Meiri hluti sjávarútvegsnefndar mælir með að framangreind ákvæði frumvarpsins verði samþykkt óbreytt. Í sambandi við 15. gr. vill meiri hlutinn taka fram að brýnt sé að komið verði á fót samstarfsnefnd undir forustu sjávarútvegsráðherra um alla framkvæmd söfnunar, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga með aðild fulltrúa verksala og þeirra stofnana sem eru verkkaupar. Nefndin skal hafa að leiðarljósi að opinberar stofnanir hafi frjálsræði til að leita hagstæðustu samninga á hverjum tíma fyrir vel skilgreind verkefni og leitast verði við að eyða hugsanlegri tortryggni milli aðila sem óttast að með þessari breytingu muni að sér vegið.

Alþingi, 15. des. 1995.

Árni R. Árnason.
Stefán Guðmundsson.
Guðmundur Hallvarðsson.
Hjálmar Árnason.
Einar Oddur Kristjánsson.

Fylgiskjal XII.

Umsögn minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd fékk til meðferðar 11.–16. gr. í frumvarpinu. Ekki hefur gefist tóm til að fara vandlega efnislega yfir einstakar greinar. Það er ámælisvert að lagasetning sé knúin áfram með þeim hætti sem raun ber vitni. Efnisatriðum úr tugum mismunandi laga er hrúgað saman í einn bandorm og það sem verra er, það er ætlun stjórnarmeirihlutans að gera þar í mörgum tilvikum varanlega breytingu. Eigi að síður munu undirrituð sem skipa minni hluta sjávarútvegsnefndar gera grein fyrir afstöðu sinni eftir föngum.

Varðandi 11. gr. telur minni hlutinn ekki ráðlegt að hrófla við lögum nr. 44/1976 þar sem til stendur að fram fari heildarendurskoðun á lögum um Fiskveiðasjóð Íslands.

Í greinum 12–14 má færa rök fyrir að um sé að ræða samræmingu sem ekki er ástæða til að leggjast efnislega gegn. Þó skal á það bent að um litla upphæð er að ræða eða u.þ.b. 2 millj. kr. og innheimta þess gjalds hefst ekki fyrr en 1. september á næsta ári. Það er því vandséð hvað hastar varanlegri lagabreytingu á þessari stundu. Minni hlutinn telur hins vegar ástæðu til að benda á að smábátar greiða u.þ.b. 75% af þeirri upphæð sem innheimt er í formi gjalda vegna útgáfu veiðileyfa.

Hvað varðar 15. og 16. gr. er um varanlega breytingu að ræða á formi þeirra viðskipta sem verið hafa milli Fiskistofu og Fiskifélags Íslands að undanförnu. Þótt það sé út af fyrir sig gagnrýnisvert og ekki góð latína að skylda opinbera stofnun með lögum til að eiga viðskipti um tiltekna hluti fyrir tiltekið verð við tiltekna óopinbera stofnun er það mat minni hlutans að betri tíma hefði þurft að gefa nefndarmönnum til að fara yfir það hvað þessar breytingar hafa í för með sér. Best væri auðvitað að áðurnefndir aðilar leystu úr samskiptamálum sínum með samkomulagi sín í millum.

Alþingi, 15. des. 1995.

Svanfríður Jónasdóttir.
Sighvatur Björgvinsson.
Steingrímur J. Sigfússon.

Fylgiskjal XIII.

Umsögn meiri hluta umhverfisnefndar.

Umhverfisnefnd hefur, sbr. bréf efnahags- og viðskiptanefndar frá 11. desember sl., fjallað um 56.–60. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Nefndin fékk á sinn fund frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson formann og Þórð Skúlason framkvæmdastjóra.

Þau ákvæði, er nefndinni var falið að veita umsögn um, miða að því að lagagreinum sem lögbinda ákveðin útgjöld verði breytt þannig að framlög ákvarðist í fjárlögum ár hvert.

Annars vegar er um að ræða breytingu á skipulagslögum þar sem gert er ráð fyrir að greiðslur ríkissjóðs vegna skipulagskostnaðar miðist við það fé sem veitt verður á fjárlögum hverju sinni í stað þess að hingað til hefur kostnaði verið skipt til helminga milli ríkis og sveitarfélaga. Vill meiri hluti umhverfisnefndar benda á að í máli fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga kom fram að hætt væri við að breytingar þessar gætu leitt til erfiðleika í samstarfi sveitarfélaga og Skipulags ríkisins.

Hins vegar er lagt til í frumvarpinu að breyta lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Í þeirri breytingu felst skerðing á framlögum vegna veiða á refum og minkum sem undanfarin ár hafa verið skert. Í frumvarpi til fjár-

laga fyrir árið 1996 er ekki gert ráð fyrir skerðingu á þessum lið og hefur breytingin því ekki áhrif á útgjöld ríkisins á næsta ári.

Meiri hluti umhverfisnefndar gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. des. 1995.

Ólafur Örn Haraldsson, form.
Gísli S. Einarsson, með fyrirvara.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Ísólfur Gylfi Pálmason.
Einar Oddur Kristjánsson.
Kristín Halldórsdóttir, með fyrirvara.
Árni M. Mathiesen.

Fylgiskjal XIV.

Umsögn minni hluta umhverfisnefndar.

Umhverfisnefnd hefur fjallað um 225. mál varðandi breytingu á skipulagslögum, nr. 19/1964, og lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, sbr. bréf efnahags- og viðskiptanefndar frá 11. desember 1995. Í báðum tilvikum er lagt til að lögfesta heimildir til að færa kostnað vegna viðkomandi málaflokka í stórauknum mæli frá ríki yfir á sveitarfélög. Undirritaður er ósammála umsögn meiri hluta umhverfisnefndar sem vill fallast á breytingarnar og skilar því sérstakri umsögn sem minni hluti nefndarinnar.

Á fund nefndarinnar 15. desember 1995 komu vegna þessara mála frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður sambandsins, og Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri þess. Lýstu þeir fullkominni andstöðu við málið, sem ekki hafi verið minnst á við sveitarfélögin áður en frumvarpið var lagt fram. Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 14. desember 1995, fylgir með þessari umsögn minni hlutans.

Með umræddum greinum í frumvarpinu er lagt til að breyta viðkomandi lögum og þar með ótímabundið hlutaskiptum ríkis og sveitarfélaga að því er varðar þessi mál.

Í skipulagslögum hafa allt frá árinu 1964 verið í gildi ákvæði um innheimtu svonefnds skipulagsgjalds, sem skipst hefur í ákveðnu hlutfalli milli ríkisins og sveitarfélaganna. Tekjustofn þennan hefur ríkið að sínu leyti nýtt til að standa undir kostnaði við Skipulag ríkisins (embætti skipulagsstjóra) en sveitarfélögin fengið endurgreiðslu til að standa undir kostnaði við sinn þátt í skipulagsvinnu.

Meginreglan nú kveður á um nokkuð jöfn skipti ríkis og sveitarfélaga þar sem kostnaður deilist sem næst til helminga milli aðila. Með frumvarpinu er þessum skiptum raskað í grundvallaratriðum þar sem greiðslur ríkisins fara „eftir því sem nánar er kveðið á um í fjárlögum“. Sú upphæð getur í versta falli orðið núll. Staðan yrði því sú að gjaldið er innheimt eins og verið hefur en ríkissjóður getur dregið að vild úr endurgreiðslum til sveitarfélaganna.

Breytingar samkvæmt frumvarpinu mundu skapa mikla óvissu fyrir sveitarfélögin og setja skipulagsvinnu á þeirra vegum í uppnám. Mest mundi þetta bitna á minnstu sveitarfélögunum og setja samskipti sveitarfélaganna við Skipulag ríkisins í algjöra óvissu.

Afar brýnt er að hraða skipulagsvinnu í landinu á öllum stigum en þetta frumvarp gengur gegn því markmiði og því í þveröfuga átt. Neyðarlegt er að frumvarp þetta er til afgreiðslu á sama tíma og fram er lagt stjórnarfrumvarp til nýrra skipulags- og byggingarlaga.

Minni hlutinn tekur undir það sjónarmið Sambands íslenskra sveitarfélaga að gera þurfi sem ljósust kostnaðarskipti milli ríkis og sveitarfélaga, í þessu tilviki til að greiða fyrir skilvirkri vinnu að skipulagsmálum í landinu. Frumvarp þetta sem hækkað getur kostnað sveitarfélaganna af skipulagsvinnu um marga tugi milljóna er ótrúleg aðför að æskilegri þróun í skipulagsmálum.

Breytingin sem lögð er til á lögunum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum er hliðstæðs eðlis. Óhæfa er að ætla að brjóta upp nýja löggjöf með þeim hætti sem hér er gert og án allrar faglegrar skoðunar. Að mati minni hlutans gæti vel komið til greina að endurskoða tilhögun refaveiða og kostnað þar að lútandi, en um þetta er ekki fjallað á faglegan hátt í frumvarpinu. Því lýsir undirritaður einnig andstöðu sinni við þessi ákvæði frumvarpsins (59.–60. gr.).

Fordæma verður sérstaklega þau vinnubrögð ríkisstjórnarinnar að ætla að lögfesta ákvæði sem þessi án nokkurs samráðs fyrir fram við samtök sveitarfélaga.

Alþingi, 15. des. 1995.

Hjörleifur Guttormsson.

Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 14. desember 1995, fylgdi álitinu sem fylgiskjal.

438. Breytingartillögur [225. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, GMS, SP, VS, PHB, EOK).

1. Við 21. gr. Greinin falli brott.
2. Við 30. gr. (er verði 29. gr.). Í stað tölunnar „70“ í niðurlagi efnismálsgreinar komi: 50.
3. Á eftir 30. gr. (er verði 29. gr.) komi ný grein er orðist svo:
   Í stað hlutfallstölunnar „25%“ í 2. málsl. 2. mgr. 11. gr. laganna kemur: 35%.
4. Á eftir 34. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Við 49. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:
   Ef reiknaðar bætur einstaklings samkvæmt lögum þessum auk bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, nr. 118/1993, sbr. 13. gr. þeirra laga, nema 600 kr. á mánuði eða minna skulu þær falla niður. Þetta nær þó ekki til sjúkrahjálpar sam-

kvæmt III. og IV. kafla laga þessara og endurgreiðslu skv. 12. gr. laga um félagslega aðstoð.

5. Við 47. gr. (er verði 48. gr.). Greinin orðist svo:
   Við 1. mgr. 21. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðist svo: Skipunartími fulltrúa ráðherra skal þó takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem skipaði hann.
6. Við 48. gr. (er verði 49. gr.). Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Við efnismálsgrein bætist nýr stafliður er verði a-liður og orðist svo: Í stað 2. málsl. 1. mgr. koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Nefndin skal skipuð þannig að starfsmannaráð ríkisspítala tilnefnir tvo menn, Alþingi fjóra og ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.
   b. B-liður orðist svo: Við 3. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Skipunartími fulltrúa ráðherra skal takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem skipaði hann.
7. Við 55. gr. (er verði 56. gr.). Við efnismálslið bætist: samkvæmt flugmálaáætlun.

439. Nefndarálit [215. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, sbr. lög nr. 12/1994 og nr. 58/1995.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á sinn fund Inga Val Jóhannesson deildarstjóra frá félagsmálaráðuneytinu. Þá komu til fundar við nefndina Grétar J. Guðmundsson verkfræðingur, Sigurður Geirsson og Þórhallur Jósefsson frá Húsnæðisstofnun ríkisins, Bjarni Ármannsson frá Kaupþingi, Davíð Björnsson frá Landsbréfum, Guðmundur Gylfi Guðmundsson hagfræðingur og Grétar Þorsteinsson frá ASÍ og Rannveig Sigurðardóttir hagfræðingur frá BSRB.

Skriflegar umsagnir bárust nefndinni frá Húsnæðisstofnun, Neytendasamtökunum og ASÍ.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lögð er til sú breyting á 1. gr. frumvarpsins að hámarkslánstími á fasteignaveðbréfum sem húsbréfadeildin kaupir skuli vera 40 ár. Ekki þykir rétt að að festa í lög að lánstíminn skuli vera 15, 25 eða 40 ár. Nefndin telur réttara að svigrúm sé til staðar svo að unnt sé að meta hvað geti átt best við hverju sinni.
2. Einnig er lögð til sú grundvallarbreyting á 2. gr. frumvarpsins að hætt verði við að flytja skuldbreytingarlán í húsbréfakerfið. Húsnæðismálastjórn verður nú með lögum heimilað að veita lán úr Byggingarsjóði ríkisins til lánþega fasteignaveðbréfa húsbréfadeildar og Byggingarsjóðs ríkisins til allt að 15 ára vegna tímabundinna erfiðleika. Hingað til hefur slík heimild verið til staðar í reglugerð nr. 414/1993, um skuldbreytingar á lánum á vegum Byggingarsjóðs ríkisins, sem breytt var með reglugerð nr. 168/1995. Fyrrnefnda reglugerðin var sett með stoð í 11. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, og var þar kveðið á um það fjármagn sem verja skyldi til skuldbreytingarlána. Með breytingum á þeirri reglugerð var sú fjárhæð síð-

an hækkuð og er nú 300 millj. kr. Í öðru lagi er lagt til að fest verði varanlega í lög VI. bráðabirgðarákvæði laga nr. 97/1993, en samkvæmt því er Húsnæðisstofnun ríkisins heimilt að fresta greiðslum hjá einstökum lánþegum Byggingarsjóðs ríkisins og fasteignaveðbréfa húsbréfadeildar ef viðkomandi hefur orðið fyrir verulegri tekjuskerðingu vegna atvinnuleysis, minnkandi atvinnu, veikinda eða annarra óviðráðanlegra aðstæðna. Bráðabirgðaákvæðið fellur úr gildi 1. janúar 1996. Til samræmis er því lagt til að gildistökuákvæði frumvarpsins verði breytt og að gildistaka þess miðist við 1. janúar 1996. Þá er lagt til að ráðherra setji nánari reglur um framkvæmd þessara mála að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.

3. Þá er lögð til orðalagsbreyting á 3. gr. frumvarpsins þar sem talið er að það felist í eftirliti með útgáfu húsbréfa að fjárhagur húsbréfadeildarinnar verði kannaður.

Svanfríður Jónasdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 19. des. 1995.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm.	Siv Friðleifsdóttir.	Einar K. Guðfinnsson.
Kristján Pálsson.	Magnús Stefánsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Pétur H. Blöndal.	Bryndís Hlöðversdóttir.

440. Breytingartillögur [215. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, sbr. lög nr. 12/1994 og nr. 58/1995.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   1. málsl. 26. gr. laganna hjóðar svo: Hámarkslánstími á fasteignaveðbréfum er húsbréfadeild kaupir skal vera 40 ár.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Á eftir 27. gr. laganna kemur ný grein, 27. gr. a, sem hljóðar svo:
   Húsnæðismálastjórn er heimilt að veita lán úr Byggingarsjóði ríkisins til allt að 15 ára í því skyni að leysa úr tímabundnum greiðsluerfiðleikum hjá lánþegum fasteignaveðbréfa húsbréfadeildar og lánþegum Byggingarsjóðs ríkisins. Skilyrði er að greiðsluvandi stafi af óvæntum tímabundnum erfiðleikum vegna veikinda, slysa, minni atvinnu, atvinnuleysis eða af öðrum ófyrirséðum atvikum.
   Húsnæðismálastjórn er heimilt, með sömu skilyrðum og um getur í 1. mgr., að fresta greiðslum hjá einstökum lánþegum fasteignaveðbréfa húsbréfadeildar og lánþegum Byggingarsjóðs ríkisins í allt að þrjú ár og leggjast þær greiðslur við höfuðstól skuldarinnar, enda þyki slík aðstoð líkleg til að koma í veg fyrir greiðsluvanda.

Lán skv. 1. mgr. og frestun á greiðslu skv. 2. mgr. geta farið saman.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.

3. Við 3. gr. Í stað orðanna „jafnframt skal fjárhagur húsbréfadeildar rannsakaður“ í 3. málsl. fyrri efnismálsgreinar komi: fjárhag húsbréfadeildar.
4. Við 6. gr. Greinin orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1996.

441. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til l. um Bjargráðasjóð.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á sinn fund Berglindi Ásgeirsdóttur ráðuneytisstjóra frá félagsmálaráðuneytinu.

Skriflegar umsagnir um málið bárust nefndinni frá Bændasamtökum Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Félagi hrossabænda.

Með frumvarpinu er m.a. lagt til að stjórn Bjargráðasjóðs, sem skipuð skal fimm mönnum, verði ekki bundin við tiltekin embætti eins og nú er heldur velji hlutaðeigandi samtök sjálf sína fulltrúa. Þá er lagt til að sjóðurinn hafi ekki heimild til styrk- og lánveitinga heldur er einungis talað um afgreiðslur. Meginbreytingin er hins vegar sú að framlag af söluvörum landbúnaðarins getur verið allt að 1% í stað 0,6% eins og nú er.

Þar sem frumvarpið kveður mun skýrar á um bótareglur og bótasvið sjóðsins en gert er í núgildandi lögum leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Svanfríður Jónasdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 19. des. 1995.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Einar K. Guðfinnsson.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Siv Friðleifsdóttir.	Pétur H. Blöndal.
Bryndís Hlöðversdóttir.	Kristján Pálsson.	Rannveig Guðmundsdóttir.

442. Nefndarálit [241. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, sbr. lög nr. 89 21. júní 1995.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Minni hlutinn gerir athugasemdir við eftirfarandi:

Í fyrsta lagi bendir minni hlutinn á að sjávarútvegsráðuneytið hefur ekki haft eðlilegt samráð við sjávarútvegsnefnd um tillöguflutning í málinu. Í stað þess að kynna nefndinni sjónarmið um breytingar á upphaflegu frumvarpi hefur ráðuneytið valið að

koma áliti sínu og breytingartillögum á framfæri við nefndina eftir krókaleiðum. Slík vinnubrögð eru ekki til þess fallin að greiða fyrir samstarfi nefndarinnar og sjávarútvegsráðuneytisins.

Í öðru lagi kom í ljós á fundi nefndarinnar að ráðuneytið hafði ekkert samráð haft við stjórn Þróunarsjóðs sjávarútvegsins um gerð frumvarpsins og hafði stjórnin ekki fengið að vita um frumvarpið fyrr en sama dag og því var útbýtt á Alþingi. Stjórn Þróunarsjóðs gafst því ekki tækifæri til að segja álit sitt eða vera með í ráðum áður en frumvarpið var lagt fram.

Í þriðja lagi bendir minni hlutinn á að á sama tíma og verið er að hækka úreldingarstyrki vegna krókabáta úr að hámarki 45% í að hámarki 80% af húftryggingaverðmæti eru ekki gerðar neinar breytingar á reglum um endurnýjum þessara báta um að úrelda þurfi tvö tonn á móti hverju einu við endurnýjun. Með þessu er beinlínis verið að stuðla að því að menn úreldi báta sína frekar en að endurnýja þá, ekki síst þegar tillit er tekið til þess að endurnýjunarreglan tveir á móti einum gildir jafnvel þótt bátur farist á sjó eða eyðileggist í strandi. Vitað er að fulltrúar Landssambands smábátaeigenda og fulltrúar sjávarútvegsráðuneytisins eiga í viðræðum um endurskoðun á ýmsum atriðum, þar á meðal á endurnýjunarreglunni, en fulltrúar minni hlutans telja að nauðsynlegt hafi verið að láta þá breytingu fylgja þeirri sem nú er gerð. Minni hlutinn telur hins vegar skynsamlegt að veita Þróunarsjóði sjávarútvegsins heimild til að kaupa krókabáta sem hafa verið úreltir, m.a. til að nýta í þróunarverkefnum erlendis.

Frá því hefur verið skýrt í sjávarútvegsnefnd að samkomulagsviðræðum milli sjávarútvegsráðherra og fulltrúa Landssambands smábátaeigenda um ýmsar breytingar frá ákvæðum gildandi laga er varða smábáta miði vel og sé þess að vænta að frumvarp að slíkum breytingum verði lagt fram í byrjun þings eftir jólaleyfi. Í trausti þess að tekið verði tillit til sjónarmiða smábátaeigenda og þeirrar gagnrýni sem stjórnarandstaðan setti fram á sl. vori við afgreiðslu hagsmunamála smábátaeigenda mun minni hlutinn ekki leggjast gegn því að þessar breytingar á lögunum um Þróunarsjóðinn verði gerðar.

Alþingi, 19. des. 1995.

Steingrímur J. Sigfússon, form.	Sighvatur Björgvinsson, frsm.	Svanfríður Jónasdóttir.

443. Nefndarálit [225. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Óhjákvæmilegt er að gera í upphafi alvarlegar athugasemdir við vinnubrögð ríkisstjórnarinnar og meiri hluta hennar á þingi í þessu máli. Í tengslum við frumvarp til fjárlaga er verið að gera ýmsar breytingar á sérlögum og eins og stundum áður er valin sú leið að senda Alþingi lagafrumvarp þar sem komið er inn skerðingarákvæðum gagnvart ýmsum ákvæðum sérlaga. Í daglegu tali ganga slíkar sendingar undir nafninu bandormar og þykja þeir ekki alltaf til fyrirmyndar. Þó verður að segja að nú tekur steininn úr því að ríkisstjórnin hefur lagt fyrir Alþingi bandorm sem er einstakur í sinni röð. Í fyrsta lagi

er hann sá allra skrautlegasti og lengsti sem sögur fara af en í rúmlega 60 lagagreinum eru lagðar til breytingar á ekki færri en 33 mismunandi lögum. Einna alvarlegast er þó að eðli þessa bandorms er alveg nýtt. Hér eru lagðar til í fjölmörgum tilvikum varanlegar breytingar, varanlegar skerðingar eða stefnubreytingar og er þar stundum um ákvæði að ræða sem eru lítt eða ekki tengd afgreiðslu fjárlaga fyrir komandi ár. Það hefur þótt slæmt og lítt til eftirbreytni fallið að grauta saman í einn bandorm fjöldanum öllum af óskyldum ákvæðum úr mismunandi lögum og breyta þeim þannig tímabundið vegna afgreiðslu fjárlaga til eins árs. Þó er sýnu alvarlegra ef á að fara út á þá braut að gera varanlegar lagabreytingar með slíkum bandormum og jafnvel framkvæma grundvallarstefnubreytingar í viðamiklum málaflokkum eins og heilbrigðismálum og á almannatryggingalöggjöfinni og jafnvel leiða til lykta stórpólitísk ágreiningsmál með þeim hætti.

Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar mótmælir þessum vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar alveg sérstaklega og harðlega. Minni hlutinn telur að þessi ósiður við lagasetningu, verði hann látinn ganga yfir þingið, hafi ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér og stórspilli öllu andrúmslofti í samskiptum stjórnar og stjórnarandstöðu. Hér er verið að innleiða óþolandi vinnubrögð, hroðvirkni og metnaðarleysi við lagasetningu sem allra síst er samboðin einni elstu löggjafarsamkomu heimsins eins og Alþingi stærir sig gjarnan af að vera.

Minni hlutinn hefur leitað eftir samkomulagi við meiri hlutann og ríkisstjórn um að breyta uppsetningu frumvarpsins í grundvallaratriðum þannig að öllum hefðbundnum skerðingarákvæðum verði breytt í tímabundin ákvæði, venjubundin „þrátt-fyrir“-ákvæði og ný efnisatriði verði annaðhvort meðhöndluð á sama hátt eða þau hverfi úr frumvarpinu. Hefði ríkisstjórnin verið tilbúin til að koma til móts við óskir minni hlutans í þessum efnum hefði það auðveldað mjög samkomulag um afgreiðslu mála þótt eftir stæði pólitískur ágreiningur um ýmis grundvallaratriði. Formaður efnahags- og viðskiptanefndar hefur f.h. meiri hlutans borið þau skilaboð inn í nefndina að slíkt sé ekki til umræðu og strandi þar einkum og sér í lagi á forsætisráðherra.

Fyrir utan þær athugasemdir, sem hér hafa verið gerðar um málsmeðferð ríkisstjórnarinnar og eðli þessa þingmáls sem hér er til umræðu, er ljóst að í frumvarpinu er í mörgum tilvikum um stórpólitísk átakamál að ræða. Til að nefna nokkur þau helstu má í fyrsta lagi taka þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að skerða verulega þegar á fyrsta ári lög um greiðslur ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota. Í öðru lagi þá grundvallarbreytingu að afnema tengingu atvinnuleysisbóta og elli- og örorkulífeyrisbóta við almenna launaþróun. Í þriðja lagi má nefna ýmsa skerðingu í málefnum fatlaðra og aldraðra og er reyndar ljóst að margþættar atlögur ríkisstjórnarinnar að öldruðum keyra um þverbak við afgreiðslu fjárlaga og efnahagsfrumvarpa ríkisstjórnarinnar. Harkalegur niðurskurður í samgöngumálum er einnig mjög gagnrýniverður og ekki síst hvernig flugmálaáætlun er slátrað. Hér á eftir verður gerð grein fyrir efni einstakra greina og kafla í þeirri röð sem þeir koma fyrir í frumvarpinu.

1. Málefni á sviði menntamálanefndar.

Í 1.–5. gr. frumvarpsins er fjallað um skerðingu og varanlega breytingu á nokkrum liðum sem falla undir málefnasvið menntamálanefndar. Er þar í fyrsta lagi um að ræða breytingu á lögum um *Listskreytingasjóð*, í öðru lagi lögum um *kvikmyndamál*, í þriðja lagi *útvarpslögum* og í fjórða lagi *þjóðminjalögum*. Í öllum tilvikum er um að ræða að fjárveitingar til viðkomandi málaflokka, sem að einhverju leyti hafa verið skertar með „þrátt-fyrir“-ákvæðum undanfarin ár, verði nú með varanlegum hætti miðaðar við fram-

lag úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni. Breytingarnar á útvarpslögum fela þó í sér að einfaldlega verður fellt niður ákvæði um að aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum skuli renna í Framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins. Sérstaklega ámælisverð er sú breyting, sem lögð er til á þjóðminjalögum, að þar skuli framlag ríkissjóðs eftirleiðis miðast við þá upphæð sem ákveðin er í fjárlögum hverju sinni í stað þess að núgildandi lög kveða á um að 100 kr. á hvern íbúa landsins skuli renna sem framlag ríkissjóðs í húsafriðunarsjóð. Á móti skulu koma framlög sveitarfélaganna upp á 100 kr. á hvern íbúa í hlutaðeigandi sveitarfélagi. Frumvarpið gerir ráð fyrir að þetta ákvæði, sem skyldar sveitarfélögin nú til að leggja 150 kr. á hvern íbúa hlutaðeigandi sveitarfélags, skuli haldast en ríkið skuli hins vegar leyst undan skyldu sinni til að leggja jafnhátt framlag á móti. Segir þessi breyting allt sem segja þarf um þann anda sem kemur fram gagnvart samskiptum ríkisvalds og sveitarfélaga. Að öðru leyti vísar minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar til álits minni hluta menntamálanefndar ásamt fylgiskjölum.

2. Málefni á sviði landbúnaðarnefndar.

Í 6.–10. gr. eru lagðar til breytingar á nokkrum ákvæðum sem varða landbúnaðarmál. Þar er í fyrsta lagi um að ræða breytingu á lögum um *Stofnlánadeild landbúnaðarins*, í öðru lagi lögum um *búfjárrækt*, í þriðja lagi *jarðræktarlögum*, í fjórða lagi lögum um *meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum* og loks lögum um *flokkun og mat á gærum og ull*. Hér eru á ferðinni að mestu leyti gamalkunnug ákvæði og skerðingar á fjárframlögum eða lagaákvæðum sem hafa verið árviss. Þess ber þó að geta að þeim ákvæðum hefur ætíð verið breytt tímabundið með „þrátt-fyrir"-ákvæðum en ekki varanlega. Gilda því sömu athugasemdir um hina formlegu hlið málsins um varanlegar breytingar. Um efni breytinganna er hins vegar vísað til álits landbúnaðarnefndar og er tekið undir þær breytingartillögur sem nefndin leggur til.

3. Málefni á sviði sjávarútvegsnefndar.

Í 11.–16. gr. frumvarpsins eru gerðar breytingar á lögum um *stjórn fiskveiða* og lögum um *Fiskveiðasjóð*, einnig lögum um *Fiskistofu* og lögum um *reikningaskrifstofu sjávarútvegsins*. Verður að segjast eins og er að þessar lagagreinar eiga afar lítið erindi inn í frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, enda í litlum tengslum við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins. Að vísu á gjaldtaka skv. 12. gr. að skila ríkissjóði óverulegum fjárhæðum á síðustu mánuðum komandi árs. Minni hlutinn varar við því að hróflað sé við lögum um Fiskveiðasjóð miðað við þær aðstæður að fyrir dyrum standi heildarendurskoðun á stöðu sjóðsins og jafnvel breyting á sjóðnum í hlutafélag. Er því ástæðulaust að gera nú þá breytingu sem 11. gr. laganna gerir ráð fyrir. Hvað varðar 12.–14. gr. má færa fyrir því viss rök að um samræmingu sé að ræða, sem ekki sé ástæða til að leggjast efnislega gegn, en ítrekað skal að um mjög litla upphæð eða u.þ.b. 2 millj. kr. er að ræða í tekjum, sem álagning gjalds á afla krókaleyfisbáta og tvöföldun línuafla á að skila á næsta ári. Ekkert rekur því á eftir varanlegri lagabreytingu á þessari stundu og nægur tími hefði verið til að fjalla um slíkt í betra tómi á vormissirinu. Hvað varðar 15. og 16. gr., sem einnig tengjast málefnum sjávarútvegs, er þar annars vegar fjallað um Fiskistofu og hins vegar um reikningaskrifstofu sjávarútvegsins. Þá tekur minni hlutinn undir það álit minni hluta sjávarútvegsnefndar að allt of skammur tími hafi unnist til að skoða þessar breytingar og ekki sé ráðlegt að gera þær án þess að nokkurt samkomulag liggi fyrir milli viðkomandi aðila sem hér eiga hlut að máli, þ.e. fyrst og fremst Fiskifélags Íslands annars

vegar og Fiskistofu og sjávarútvegsráðuneytis hins vegar. Að öðru leyti er vísað til umsagnar minni hluta sjávarútvegsnefndar.

4. Breyting á lögum um kirkjubyggingasjóð.

Um hefðbundið skerðingarákvæði á mörkuðum tekjustofni er að ræða eða á framlagi ríkisins sem hér eftir skal ákvarðast af fjárlögum hverju sinni. Þetta framlag hefur verið skert eða fellt niður með sérstöku tímabundnu ákvæði nokkur undanfarin ár. Er vísað til þess sem áður hefur verið sagt um sambærilegar breytingar.

5. Greiðslur ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota.

Hér er á ferðinni fádæma lágkúra af hálfu ríkisstjórnarinnar en mikil réttarbót fólst í löngu tímabærum lögum um þessi mál sem voru afgreidd í góðu samkomulagi allra aðila á þingi sl. vetur skömmu fyrir kosningar. Með þessum tillögum ríkisstjórnarinnar á nánast að rústa lögunum áður en þau ná að verða ársgömul og koma til framkvæmda. Er það gert með frestun gildistöku laganna en þó fyrst og fremst með stórfelldum skerðingum þeirra upphæða sem ríkissjóður greiðir af dæmdum eða ákvörðuðum bótum. Minni hlutinn mótmælir þessu harðlega en vísar að öðru leyti til umfjöllunar minni hluta allsherjarnefndar um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

6. Sýslumannsembætti.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að á næsta ári verði lögð niður tvö sýslumannsembætti, þ.e. sýslumannsembættin í Bolungarvík og Ólafsfirði. Ekki hafa komið fram í umfjöllun um málið sterk rök fyrir því að velja úr þessi sýslumannsembætti sérstaklega, þó að sjálfsögðu mæli margt með því að endurskipuleggja og bæta rekstur sýslumannsembættanna í landinu. Undir lok umfjöllunar efnahags- og viðskiptanefndar um málið komu þau skilaboð frá meiri hlutanum að í stjórnarherbúðunum væru menn fallnir frá því að láta þessar breytingar koma til framkvæmda og er því ekki meira um það mál að segja á þessu stigi.

7. Málefni fatlaðra.

Um er að ræða breytingu á annars vegar lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, og hins vegar lögum um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila. Í 22. gr. segir að þrátt fyrir ákvæði í 40. gr. laga um málefni fatlaðra skuli verja allt að 40% af ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs fatlaðra á árinu 1996 til tiltekinna rekstrarverkefna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Hér er á ferðinni endurvakið ákvæði frá fyrra ári og felur það í sér að fjármunum sjóðsins skuli nú ekki einungis varið til framkvæmda eins og upphaflega var, og síðan bættist við meiri háttar viðhald, heldur einnig til rekstrar. Hefur þá á skömmum tíma orðið sú breyting að stór hluti tekna sjóðsins rennur til slíkra hluta. Enn alvarlegra er að skv. 23. gr. er sett þak á tekjur af erfðafjárskatti á árinu 1996 við 257 millj. kr. og skal það sem þar er umfram renna í ríkissjóð. Er þar á ferðinni umtalsverð upptaka á þessum tekjustofni. Upplýst er að um 133 millj. kr. upptöku á tekjum af erfðafjárskatti sé að ræða sem renni í ríkissjóð en samkvæmt tekjuáætlun fyrir Framkvæmdasjóð fatlaðra, sem lögð var fram í efnahags- og viðskiptanefnd, koma til viðbótar tekjum upp á 257 millj. kr., tekjur vegna sölu Sólborgar upp á 80 millj. kr. og tekjur umfram áætlun í fjárlögum árið 1995 upp á aðrar 80 millj. kr. Hina hraklegu útreið á málefnum fatlaðra í frumvarpinu getur minni hlutinn engan veginn sætt sig við og mótmælir henni harðlega. Einnig vakna áleitnar spurningar þegar ljóst er að rík-

issjóður skerðir tekjur af erfðafjárskatti um svipaða upphæð og fæst fyrir sölu á eignum Sólborgar þannig að í reynd er ríkissjóður að hirða þessa eign sem að miklu leyti var byggð fyrir samskot, gjafir og áheit. Það hlýtur í því ljósi að teljast mjög ámælisvert að láta ekki málaflokkinn sem slíkan njóta sölu þessarar eignar í formi viðbótarfjármuna sem renni til viðurkenndra þarfa á þessu sviði.

8. Bjargráðasjóður.

Með sambærilegum hætti og í öðrum tilvikum er nú kveðið á um að framlag ríkissjóðs skuli verða samkvæmt fjárlögum hverju sinni og gerir minni hlutinn ekki aðrar athugasemdir en þær sem lúta að hinni formlegu hlið málsins og áður hefur verið gerð grein fyrir.

9. Atvinnuleysistryggingar.

Í 25.–29. gr. eru lagðar til breytingar á lögum um atvinnuleysisbætur og fela þær annars vegar í sér að fella skuli brott þau ákvæði laganna sem kveða á um bein framlög ríkisins sem tekjustofn inn í Atvinnuleysistryggingasjóð. Eru þær breytingar í tengslum við breytingu á lögum um tryggingagjald. Hin meginbreytingin er sú að afnumin er sú tenging sem verið hefur á milli atvinnuleysisbóta og launaþróunar samkvæmt tiltekinni viðmiðun. Þessari grundvallarbreytingu mótmælir minni hlutinn mjög harðlega. Hér er á ferðinni atlaga að mikilvægum grundvallarréttindum í velferðarkerfi okkar sem fyrir eru færð þau málamyndarök að verið sé að afnema verðtryggingu og sjálfvirkni í kerfinu almennt. Í því felst að sjálfsögðu engin verðtrygging eða óeðlileg sjálfvirkni þó að tekið sé mið af tilteknum launagreiðslum í þjóðfélaginu þegar réttindi af þessum toga eru ákvörðuð. Hér er á ferðinni einhliða breyting á grundvallarréttindum og einnig talsverð breyting á anda þeirra samskipta sem hafa verið á milli ríkisvalds annars vegar og sveitarfélaga og verkalýðshreyfingarinnar hins vegar um þennan málaflokk. Verður að átelja mjög harðlega hvernig að þessu er staðið af hálfu ríkisstjórnarinnar hvað efni, form og aðferð áhrærir. Að öðru leyti vísar minni hlutinn í álit minni hluta félagsmálanefndar.

10. Málefni á sviði heilbrigðis- og trygginganefndar.

Í greinum 30–50 er fjallað um lagaákvæði sem vísað var til heilbrigðis- og trygginganefndar að undanskildum 37.–39. gr. sem taka til breytinga á lögum um eftirlaun aldraðra og var vísað til félagsmálanefndar. Greinarnar ná til breytinga á lögum um *almannatryggingar*, lögum um *félagslega aðstoð*, lögum um *málefni aldraðra* og lögum um *heilbrigðisþjónustu*. Hvað almannatryggingalögin snertir eru tvímælalaust alvarlegust ákvæði 30. gr. um að taka skuli upp þá reglu að fjármagnstekjur skerði almannatryggingar og hlýtur að teljast harla sérkennilegt að byrja á því að skerða greiðslur úr almannatryggingakerfinu á þessum grundvelli áður en fjármagnstekjuskattur er almennt kominn til framkvæmda. Hafnar minni hlutinn þeirri breytingu og jafnvel þótt boðuð breytingartillaga meiri hlutans um að lækka það hlutfall slíkra tekna sem metnar eru úr 70 hundraðshlutum í 50 nái fram að ganga. Að hinu leytinu til er í 35. gr. lögð til sú grundvallarbreyting á lögunum um almannatryggingar að horfið verði frá viðmiðun við almenna launaþróun í landinu við ákvörðun á upphæð þessara bótagreiðslna yfir í það að þær skuli ákvarðast einvörðungu af upphæðum samkvæmt fjárlögum hvers árs. Hér er á ferðinni enn ein af fjölmörgum atlögum ríkisstjórnarinnar að þessum hópum sem ástæða er til að mótmæla mjög harðlega.

11. Eftirlaun aldraðra.

Um 37.–39. gr. er það að segja að þær eru afleiðing breytinga sem verið er að gera á tryggingagjaldi og málefnum Atvinnuleysistryggingasjóðs þar sem kostnaður af eftirlaunum aldraðra samkvæmt lögum nr. 113/1994 á hér eftir að greiðast úr ríkissjóði í stað inn fyrir Atvinnuleysistryggingasjóði. Af öðru leyti skýrast þessi ákvæði af þeim breytingum, sem af þessu stafa, og telur minni hlutinn ekki ástæðu til að fjalla frekar um þau mál að öðru leyti en því að ítreka að breytingar af þessu tagi er eðlilegra að taka til umfjöllunar í sérfrumvörpum.

12. Félagsleg aðstoð.

Greinar 40–44 fjalla um breytingar á lögum um félagslega aðstoð og er þar á ferðinni skerðing á mæðra- og feðralaunum sem á að fella niður með einu barni og lækka með tveimur og þremur börnum og hafa þessar breytingar verið rökstuddar með þeim undarlega hætti að þessar upphæðir hafi hvort eð er verið svo lágar. Slíkt er að sjálfsögðu ekki rök með því að fella þær niður eins og minni hluti heilbrigðis- og tryggingan efndar bendir réttilega á. Að öðru leyti er vísað til álits minni hluta heilbrigðis- og tryggingan efndar sem fylgir hér með.

13. Málefni aldraðra.

Í greinum 45 og 46 er fjallað um breytingar á lögum um málefni aldraðra. Er þar um að ræða breytingar náskyldar þeim sem gerðar eru á lögum um málefni fatlaðra framar í frumvarpinu og reyndar einnig um Atvinnuleysistryggingasjóð. Í 45. gr. er lagt til að gjald það, sem rennur til Framkvæmdasjóðs aldraðra og lagt er á alla skattskylda menn í landinu í formi nefskatts, verði ekki lengur verðtryggt miðað við byggingarvísitölu heldur endurskoðað við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni. Í 46. gr. er lagt til að Framkvæmdasjóði aldraðra verði hér eftir skylt að greiða rekstrarfé til stofnana aldraðra í samræmi við ákvæði fjárlaga á hverju ári og er lagt til að sú breyting verði varanleg. Er þannig með mismunandi hætti fjallað um þessa tvo meginsjóði, annars vegar Framkvæmdasjóð fatlaðra, sem áfram er gert ráð fyrir að skerða með tímabundnu „þrátt-fyrir"-ákvæði á næsta ári, en hins vegar Framkvæmdasjóð aldraðra sem á að skerða varanlega þvert ofan í gefin loforð.

14. Heilbrigðismál.

Greinar 47–50 fjalla um breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu. Er hér um að ræða hreinar stefnumótandi stjórnkerfisbreytingar sem fjalla um stjórnunarfyrirkomulag heilsugæslustöðva og eiga að sjálfsögðu alls ekkert erindi inn í bandorm, frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sem að nafninu til eru rökstuddar með nauðsyn lagabreytinga í tengslum við afgreiðslu fjárlaga. Minni hlutinn tekur því undir álit minni hluta heilbrigðis- og tryggingan efndar um að vísa beri þessum hluta frumvarpsins frá.

15. Gæsluvistarsjóður.

Í 51. gr. er lögð til breyting á lögum um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra. Felur það ákvæði í sér að III. kafli laganna um svonefndan gæsluvistarsjóð falli brott. Þetta er gert í tengslum við það að með lögum um gjald á áfengi, sem sett voru fyrr á þessu ári, var settur á laggirnar sérstakur Forvarnasjóður og mun hann taka á svipuðum verkefnum og gæsluvistarsjóði hefur verið ætlað með lögum en hann hefur þó ekki verið starfandi í raun um nokkurt árabil. Minni hlutinn gerir ekki athugasemdir við þessar

breytingar að öðru leyti en því að ætlunin var að hinn nýi Forvarnasjóður yrði til að efla starf á þessu sviði og yrði viðbót við það sem fyrir er.

16. Samgöngumál.

Í greinum 52–55 er fjallað um breytingar á lögum um *skipulag ferðamála, hafnalögum* og lögum um *flugmálaáætlun*. Þá er í 62. gr. fjallað um skerðingu á *vegafé* og verður vikið að því síðar. Í greinum 52 og 53 er lagt til að í stað þeirrar viðmiðunar að 10% af árlegri vörusölu Fríhafnarinnar í Keflavík renni til Ferðamálaráðs skuli nú framlög til þess ákveðin á fjárlögum hverju sinni. Hér er á ferðinni eitt af mörgum ákvæðum sem skert hafa verið undanfarin ár og lúta því athugasemdir minni hlutans fyrst og fremst að formi þessarar skerðingar en hún er hér gerð varanleg án samhengis við efnisatriði laga um skipulag ferðamála að öðru leyti. Einnig er rétt að minna á í þessu sambandi að með öllu er óleystur vandi Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og verður nánar vikið að því síðar í umfjöllun um skerðingu flugmálaáætlunar. Væri eðlilegt að geyma allar varanlegar breytingar á ráðstöfun fjármuna, sem til falla við rekstur í Keflavík, sem og breytingar á flugmálaáætlun, þangað til heildarendurskoðun þessara mála hefði farið fram.

Í 54. gr. er lögð til breyting á hafnalögum sem í reynd felur í sér að skerðing á tekjum Hafnabótasjóðs skuli ákveðin á fjárlögum hverju sinni, þ.e. hversu mikið af mörkuðum tekjum Hafnabótasjóðs skuli renna til sjóðsins annars vegar og beint í ríkissjóð hins vegar. Framlög til sjóðsins hafa verið ákveðin með skerðingarákvæðum undanfarin ár þannig að hér gilda sömu athugasemdir og áður hefur verið gerð grein fyrir um form breytinganna.

Í 55. gr. er fjallað um breytingar á lögum um flugmálaáætlun og felur hún í sér að tekjum af flugvallagjaldi skuli varið til framkvæmda í flugmálum og til rekstrar flugvalla. Þessi breyting, sem gerir ráð fyrir því að flugmálaáætlun verði skert, og það allharkalega, er í tengslum við nærfellt helmingsniðurskurð á framkvæmdafé til flugmála sem fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir. Á síðasta ári var farið út á þá braut að ákveða í fyrsta sinn nokkra skerðingu á tekjum flugmálaáætlunar, sem lög hafa frá upphafi gert ráð fyrir að eingöngu skuli varið til framkvæmda, en þá var um tiltölulega litla skerðingu að ræða og skyldu þeir fjármunir eingöngu ganga til rekstrarkostnaðar á flugvöllum, þ.e. til snjómoksturs. Hér er um allt aðra stærðargráðu á skerðingu að ræða auk þess sem lagaákvæði nú gera ráð fyrir að opnað verði fyrir almenna skerðingu fjár til rekstrar í flugmálum. Ljóst er að þessi niðurskurður mun hafa gríðarleg áhrif og nánast lama framkvæmdaþátt flugmálaáætlunarinnar, sbr. upplýsingar sem flugmálastjóri hefur veitt nefndinni. Niðurskurðurinn nemur um 47–48% og er ljóst að nokkrar stærstu framkvæmdirnar sem fyrirhugaðar voru á næsta ári, svo sem framkvæmdir á Akureyri, Egilsstöðum, Ísafirði, í Reykjavík og víðar, munu ýmist með öllu verða að bíða eða verða skornar verulega niður. Upplýst er að hjá Flugmálastjórn liggur fyrir tíu ára áætlun um að fullnægja stöðlum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar ICAO í flugmálum Íslendinga og er kostnaður við það metinn á 5 milljarða kr. Inni í þeirri tölu er endurbygging á Reykjavíkurflugvelli. Niðurskurður af þessari stærðargráðu mun lama framkvæmdaþátt flugmálaáætlunarinnar og koma stórlega niður á öryggismálum í fluginu. Að öðru leyti er vísað til athugasemda sem fulltrúar minni hlutans í samgöngunefnd gera og birtast í umsögn samgöngunefndar.

17. Umhverfismál.

Í greinum 56–60 er fjallað um mál sem vísað var til umhverfisnefndar. Er um að ræða annars vegar breytingar á skipulagslögum og hins vegar lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Minni hlutinn tekur undir athugasemdir minni hluta umhverfisnefndar, að ekki hafi verið vandað til vinnubragða sem skyldi í báðum þessum tilvikum og hlýtur að teljast ámælisvert að gera slíkar grundvallarbreytingar á samskiptamálum við sveitarfélögin án samráðs og samþykkis þeirra en fyrir liggja mótmæli stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um þessi mál.

18. Alræðisvald ráðherra.

Í 61. gr. er að finna afar sérkennilegt ákvæði sem felur í sér breytingu á lögum nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana. Er vandséð hvaða erindi ákvæði af þessu tagi á inn í lagafrumvarp sem hér um ræðir, en í ákvæði þessu, ef að lögum verður, er ekki að sjá annað en að viðkomandi ráðherra sé falið víðtækt vald til þess að ráðskast með opinbera starfsemi og opinberar stofnanir eins og honum sýnist, hvort heldur er að sameina svæði og semja við sveitarfélög eða einkaaðila um að þau yfirtaki verkefni ríkisstofnana eða heimila ríkisstofnunum að taka að sér verkefni annarra með þeim eina fyrirvara að slíkt skuli vera tímabundið. Minni hlutinn telur þetta vera fráleita nálgun við lagasetningu og leggur til að þessi grein falli brott. Fulltrúar BSRB og BHMR, sem nefndin fékk á fund sinn, gagnrýndu þetta ákvæði harðlega.

19. Vegamál.

Í 62. gr. eru lagðar til breytingar á lögum um fjáröflun til vegagerðar. Er þar að finna ákvæði um skerðingu á mörkuðum tekjustofnum Vegasjóðs í ríkissjóð á árinu 1996. Þessi ákvæði eru tengd áformum ríkisstjórnarinnar samkvæmt fjárlagafrumvarpi og breytingum sem urðu á frumvarpinu við 2. umræðu um gríðarlega skerðingu á mörkuðum tekjum Vegagerðinnar, á vegáætlun, upp á nálægt 1 milljarði kr. Niðurstöðutala vegamálanna verður samkvæmt upplýsingum vegamálastjóra 6.663 millj. kr. á næsta ári en ætti að vera 7.618 millj. kr. framreiknuð á núgildandi verðlagi miðað við vegaáætlun eins og hún var afgreidd á síðasta ári fyrir árið 1996. Undanfarin ár hefur það verið réttlætt og rökstutt sérstaklega að nauðsynlegt væri að halda uppi umtalsverðum framkvæmdum í vegamálum vegna atvinnuástands í landinu og því miður hefur ekkert breyst í þeim efnum þannig að tæplega verður hinn mikli niðurskurður vegaframkvæmda nú rökstuddur með því að atvinnuástand hafi batnað til svo mikilla muna. Meðfylgjandi eru gögn frá vegamálastjóra um þetta efni.

Hér hefur nú í 19 tölusettum liðum verið farið yfir meginefnisþætti þessa frumvarps og er þó sú upptalning engan veginn tæmandi né eins ítarleg og efni væru til. Minni hlutinn mun leggja til og flytja við 2. umræðu breytingartillögur í samræmi við þá afstöðu sem hér hefur verið kynnt. Ónefnt er þó enn að meiri hlutinn hefur boðað breytingar við 2. umræðu á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð. Breytingar þessar voru sendar nefndinni með bréfi í gær og voru þær ekki teknar fyrir fyrr en á fundi í gærkvöldi og hefur sáralítill tími gefist til að skoða þær. Ljóst er þó að í þeim felst enn ein atlagan að ellilífeyrisþegum því er lagt til að í lögum um almannatryggingar verði sú breyting á 1. málsl. 2. mgr. 11. gr. að í stað þess að utanaðkomandi tekjur skerði ellilífeyri um 25% skerðist hann um 35%. Einnig er lagt til að gerð sé sú breyting á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð að bætur til einstaklings sem samtals, samkvæmt þeim lögum, nemi 600 kr. eða minna á mánuði falli nið-

ur. Ljóst er að þessi breyting getur skert tekjur slíks bótaþega um 7.200 kr. á ári og þó að 600 kr. á mánuði virðist ekki mikil upphæð munar um minna fyrir fólk sem er í þeirri tekjustöðu sem raun ber vitni. Hér er á ferðinni óverulegur sparnaður eða annars vegar um 20–30 millj. kr. sem hefst upp úr því að hækka skerðingarhlutfallið gagnvart ellilífeyri og hins vegar um 10–12 millj. kr. upp úr því að fella niður bætur lægri en 600 kr. Þá er rétt að fram komi að í nefndinni hefur meiri hlutinn upplýst að flutt verði í tengslum við afgreiðslu fjárlaga annar bandormur sem fengið hefur vinnuheitið „skröltormurinn“ og verði þar á ferðinni breytingar á nokkrum nýjum lagaákvæðum.

Þetta er nefnt hér til marks um þau vinnubrögð sem þarna eru á ferðinni og auðvitað taka engu tali. Minni hlutinn vill að lokum ítreka gagnrýni sína á það metnaðar- og virðingarleysi fyrir vönduðum vinnubrögðum sem felst í framlagningu þessa frumvarps og eðli þess. Minni hlutinn mun flytja breytingartillögur við frumvarpið til þess að reyna að fella brott það sem er ótækt til afgreiðslu og lagfæra annað, en verði ekki fallist á slíkar breytingar og ekki einu sinni að breyta málinu að formi til mun minni hlutinn greiða atkvæði gegn frumvarpinu í heild, enda er þar á ferðinni samsafn af skerðingarákvæðum og pólitískum deilumálum sem engin samstaða er um og mun ekki verða á komandi árum. Ljóst er að ríkisstjórnin er að boða til styrjaldar og átaka við fjölmarga hópa í þjóðfélaginu. Ítrekaðar atlögur að öldruðum, fötluðum, öryrkjum og atvinnulausum auk virðingarleysis fyrir löggjöf og lagasetningu, menningu og listum, einkenna þetta frumvarp sem er einhver versta smíð sem lengi hefur sést á borðum þingmanna.

Kristín Ástgeirsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 19. des. 1995.

Steingrímur J. Sigfússon, frsm. Jón Baldvin Hannibalsson. Ágúst Einarsson.

Nefndarálitinu fylgdu eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Umsögn minni hluta menntamálanefndar (14. desember 1995).
II. Umsögn landbúnaðarnefndar (14. desember 1995).
III. Umsögn minni hluta sjávarútvegsnefndar (15. desember 1995).
IV. Umsögn minni hluta allsherjarnefndar (14. desember 1995).
V. Umsögn minni hluta félagsmálanefndar (15. desember 1995).
VI. Umsögn minni hluta heilbrigðis- og trygginganefndar (14. desember 1995).
VII. Umsögn samgöngunefndar (15. desember 1995).
VIII. Minnisblað frá Þorgeiri Pálssyni flugmálastjóra (18. desember 1995).
IX. Fréttabréf Alþýðusambands Íslands (17. október 1995).
X. Bréf Flugleiða til fjárlaganefndar (12. desember 1995).
XI. Bréf Flugleiða til samgönguráðherra (25. október 1995).
XII. Bréf Félags eldri borgara (17. október 1995).
XIII. Upplýsingar frá vegamálastjóra (18. desember 1995).

Fylgiskjöl I–VII eru prentuð með nefndaráliti meiri hlutans í þskj. 437. Um fylgiskjöl VIII–XIII vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

444. Breytingartillögur [225. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (SJS, JBH, ÁE).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 3. gr. laga nr. 71/1990, um Listskreytingasjóð ríkisins, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins vera í samræmi við fjárlög fyrir árið 1996.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag til Kvikmyndasjóðs vera í samræmi við fjárlög fyrir árið 1996.
3. Í stað 3. og 4. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 22. gr. og 2. mgr. 23. gr. útvarpslaga, nr. 68/1985, skulu tekjur á árinu 1996 vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau renna í ríkissjóð.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. mgr. 46. gr. þjóðminjalaga, nr. 88/1989, skal framlag ríkissjóðs í húsafriðunarsjóð vera í samræmi við fjárlög fyrir árið 1996.
5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins falla niður á árinu 1996.
6. Við 11. gr. Greinin falli brott.
7. 15.–16. gr. falli brott.
8. Við 17. gr. Greinin orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 21/1981, um kirkjubyggingasjóð, skal framlag ríkissjóðs til hans falla niður á árinu 1996.
9. 18.–20. gr. falli brott.
10. Við 23. gr. Greinin falli brott.
11. Við 24. gr. Greinin orðist svo:
    Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, skal framlag ríkissjóðs til hans falla niður á árinu 1996.
12. Við 28. gr. Greinin falli brott.
13. Eftirtaldar greinar falli brott: 30., 32. og 36. gr.
14. Við 31. gr. Greinin falli brott.
15. Eftirtaldar greinar falli brott: 33. og 34. gr.
16. Við 35. gr. Greinin falli brott.
17. 40.–44. gr. falli brott.
18. Við 45. gr. Greinin falli brott.
19. Við 46. gr. Greinin orðist svo:
    Þrátt fyrir ákvæði 4. tölul. 12. gr. laga nr. 82/1989, um málefni aldraðra, skal heimilt að veita rekstrarfé til stofnana fyrir aldraða í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1996.

20. 47.–50. gr. falli brott.
21. Í stað 52. og 53. gr. laganna komi ný grein er orðist svo:
    Þrátt fyrir ákvæði 8. og 21. gr. laga nr. 117/1994, um skipulag ferðamála, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálaráðs samkvæmt fyrrnefndum lögum vera í samræmi við fjárlög fyrir árið 1996.
22. Við 54. gr. Greinin orðist svo:
    Þrátt fyrir ákvæði 1. og 3. tölul. 1. mgr 31. gr. hafnalaga, nr. 23/1994, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs vera í samræmi við fjárlög fyrir árið 1996.
23. Við 55. gr. Greinin falli brott.
24. 56.–58. gr. falli brott.
25. Eftirtaldar greinar falli brott: 59.–60. gr.
26. Við 61. gr. Greinin falli brott.

445. Nefndarálit [43. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1996.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Lánsfjárlög eru, ásamt fjárlögum, helsta verkfærið sem ríkisstjórnum eru tiltæk til að hafa áhrif á framvindu efnahagsmála. Það skiptir því miklu máli fyrir þróun efnahagsmála, og þar með afkomu þjóðarinnar, með hvaða hætti ríkistjórnir nota þessi tæki.

Eins og komið hefur fram í skýrslum Þjóðhagsstofnunar skiptir það mestu máli við núverandi aðstæður í efnahagsmálum þjóðarinnar að gætt sé mikillar aðhaldssemi af hendi ríkisvaldsins. Gildir þetta ekkert síður í lántökumálum en í fjárlögunum sjálfum.

1. Í opinberri umræðu hérlendis undanfarið hafa ríkisfjármálin verið ofarlega á baugi. Skuldastaðan er fólki eðlilega mikið áhyggjuefni og er allmikil samstaða um að vinna þar bug á. Það væri vissulega að bera í bakkafullan lækinn að birta enn á ný hrikalegar tölur um skuldastöðu ríkissjóðs og greiðslubyrði þeirra. Það ætti einnig að vera ljóst að ríkissjóði hefur ekki tekist að draga úr lántökum sínum að neinu verulegu marki. Skuldir hins opinbera, en þar er ríkissjóður stærsti aðilinn með yfirburðum, hafa rétt tvöfaldast á síðustu átta árum ef miðað er við hlutfall af VLF sem er skynsamlegasta viðmiðunin. Þær virðast nú aukast um u.þ.b. 2,5% af VLF á ári. Með áframhaldandi vexti ríkisskulda verður fljótlegt að koma skuldastöðu ríkissjóðs í óviðráðanlegar upphæðir.

Heimilin í landinu eru einnig stórskuldug þótt aukning þeirra skulda hafi ekki verið jafnstórstíg og hjá hinu opinbera. Skuldir heimilanna eru nú 120% af ráðstöfunartekjum. Þau heimili, sem verst eru stödd, munu á næstunni þurfa að draga úr neyslu sinni og byrja að endurgreiða lánin. Fyrirtækin eru best stödd hvað þetta snertir og hafa á undanförnum missirum endurgreitt og lækkað skuldir sínar myndarlega.

Ekki er auðvelt að greina neina viðleitni frá ríkisstjórninni til að feta í fótspor atvinnulífsins í landinu og hefja endurgreiðslur og lækkun skulda.

2. Þjóðhagsstofnun spáir mikilli aukningu þjóðarútgjalda á næsta ári, vaxandi verðbólgu og miklum halla á viðskiptunum við útlönd. Þetta setur mikinn þrýsting á vexti og gengi og getur ógnað dýrkeyptum stöðugleika ef ekki er gætt ýtrustu varúðar af öllum þeim sem taka mikilvægar ákvarðanir í efnahagsmálum. Sá sýnilegi bati sem er fram undan í þjóðarbúskapnum er ekki verk núverandi ríkisstjórnar. Stækkun álversins í

Straumsvík er ákvörðun sem tekin er af erlendum aðilum og kemur inn í íslenskan þjóðarbúskap sem eins konar happdrættisvinningur. Ekki hvað síst þess vegna skiptir það höfuðmáli að ríkisstjórnin afgreiði hallalaus fjárlög og að lánsfjárþörf ríkissjóðs verði stillt sem mest í hóf.

Um fjárlög er fjallað á öðrum þingskjölum, en niðurstaða þeirra virðist ekki stuðla að aðhaldssemi og jafnvægi. Þvert á móti bendir of margt til þess að veikleikar þeirra séu óvenjumiklir og endanleg niðurstaða verði mun lakari en ríkisstjórnin fullyrðir nú. Því væri enn meiri þörf á að lánsfjárlögin gætu myndað mótvægi við fjárlögin; væru vísbending um aðhald og lækkun opinberra skulda. Þessu er ekki til að dreifa.

Til að ná jafnvægi í ríkisbúskapnum verður að gera fleira en að spara og skera niður. Óhjákvæmilegt er að auka tekjur ríkissjóðs frá því sem nú er. Einstaka fulltrúar minni hlutans hafa margsinnis áður lagt til að hraðað verði upptöku fjármagnstekjuskatts. Sú tekjuöflun er óhjákvæmileg til að ná jöfnuði í ríkisrekstri.

3. Ríkisstjórnin gumar mikið af aðhaldi og ráðdeild. Það aðhald hefur eingöngu beinst að öldruðu fólki og sjúklingum. Þar er ríkisstjórnin vissulega liðtæk. Þá hefur menntakerfið ekki farið varhluta af þessu aðhaldi. Enginn þjóðfélagshópur fær þó viðlíka útreið og aldraðir. Þar er marghöggvið í sama knérunn og nánast engin greiðsla til þeirra eða stofnana þeirra látin ósnert. Nái áform ríkisstjórnarinnar um grundvallarbreytingar varðandi afkomuöryggi aldraðra fram að ganga stendur ekki steinn yfir steini á því sviði velferðarþjónustunnar.

Allt er enn á huldu um afdrif heilbrigðisgeirans. Ljóst er þó að þar er fyrst og fremst skorið niður á liðum sem þegar eru of lágir en ekki reynt að takst á við vöxtinn í heilbrigðiskerfinu.

Fulltrúar Háskólans segja að skólinn geti ekki staðið undir þeim kröfum sem til hans eru gerðar nema gjörbreyting verði á fjárveitingum til hans.

Eru þetta ekki nægileg skilaboð? Hið félagslega velferðarkerfi er undir skurðarhníf ríkisstjórnarinnar. Það skapast enginn friður í samfélaginu um þess konar „aðhald og ráðdeild".

4. Enn eitt er athyglisvert í frumvarpi til lánsfjárlaga. Það stefnir ekki fram á við. Það tekur mið af fortíð en ekki framtíð. Sem slíkt ýtir það ekki undir uppbyggingu atvinnuvega framtíðarinnar. Það gerir ekki ráð fyrir að nein ný lán verði tekin til þróunar og rannsókna eða til að auðvelda markaðsrannsóknir erlendis. Þetta frumvarp, verði það að lögum, mun því ekki styrkja stoðir atvinnulífsins. Það mun ekki draga úr atvinnuleysi og það mun ekki auðvelda þjóðinni inngöngu í nýja öld.

5. Minni hlutinn sér ekki ástæðu til að fara út í einstök efnisatriði frumvarpsins í þessu nefndaráliti. Vinnubrögð stjórnarliða gefa ekki tilefni til þess konar nákvæmni í vinnubrögðum.

Hjá því verður þó ekki komist að minna á *málefni Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar* en þau hafa um langt skeið verið til mikillar vansæmdar. Þar hefur togstreita innan stjórnkerfisins um skiptingu tekna og yfirstjórnun komið í veg fyrir að leysa það afar brýna mál. Það er ríkisstjórninni til verulegs vansa að gera ekkert í því annað en velta lánum á undan sér.

Þá verður ekki hjá því komist að geta málefna Byggingarsjóðs verkamanna og reyndar félagslega húsnæðiskerfisins í heild. Samkvæmt upplýsingum forsvarsmanna Byggingarsjóðsins blasir annað tveggja við, að hækka vexti af lánum eða sjóðurinn verður gjaldþrota, nema ríkissjóður hlaupi undir bagga. Sé þetta frumvarp lesið er ljóst að ríkissjóður hleypur víða undir bagga þegar viðkomandi hafa reist sér hurðarás um öxl. Ein-

hverra hluta vegna gerist það ekki þegar félagslegir sjóðir — ekki hvað síst félagslegir byggingarsjóðir — eru annars vegar. Það er ekki tilviljun hjá núverandi ríkisstjórn.

Kristín Ástgeirsdóttir sat fundi efnahags- og viðskiptanefndar í þessu máli sem áheyrnarfulltrúi og lýsir sem samþykka áliti minni hlutans.

Alþingi, 20. des. 1995.

Jón Baldvin Hannibalsson, frsm.	Ágúst Einarsson.	Steingrímur J. Sigfússon.

446. Lög [147. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 20. des.)

1. gr.

Í stað orðanna „á sama almanaksári“ í 3. og 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: á sérhverju 12 mánaða tímabili.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. tölul. orðast svo: Hér með teljast þeir menn sem atvinnu stunda hér á landi, eða um borð í loftfari eða skipi sem skráð er hér á landi, þar með talið á grundvelli samninga um útleigu á vinnuafli, þótt dvöl þeirra eða starf vari 183 daga samtals eða skemur á sérhverju 12 mánaða tímabili.
b. 9. tölul. orðast svo: Allir aðilar sem eiga eignir hér á landi skv. 4.–8. tölul. skulu greiða eignarskatt af þeim eignum.

3. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „328.500“ í 2. málsl. 3. mgr. 17. gr. laganna kemur: 341.377.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. 4. tölul. A-liðar 1. mgr. fellur brott.
b. Í stað fjárhæðanna „126.000“ og „252.000“ í 1. málsl. 2. tölul. B-liðar 1. mgr. kemur: 130.939 og 261.878.
c. Í stað fjárhæðanna „100.000“ og „200.000“ í 1. mgr. 4. tölul. B-liðar 1. mgr. kemur: 103.920 og 207.840.
d. Í stað fjárhæðanna „21.000.000“ og „42.000.000“ í 2. mgr. kemur: 21.823.200 og 43.646.400.
e. Í stað fjárhæðarinnar „25.000“ í 4. mgr. kemur: 25.980.

5. gr.

Lokatöluliður 31. gr. laganna, sbr. b-lið 3. gr. laga nr. 30/1995, verður lokatöluliður A-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna.

6. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „115.000“ í 41. gr. laganna kemur: 119.508.

7. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „75.000“ í 2. mgr. 67. gr. laganna kemur: 77.940.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 68. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „282.264“ í 1. mgr. A-liðar kemur: 294.528.
b. Í stað fjárhæðarinnar „660“ í 4. mgr. B-liðar kemur: 689.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 69. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðanna „8.886“, „27.564“ og „28.917“ í 1. mgr. A-liðar kemur: 9.272, 28.768 og 30.176.
b. Í stað fjárhæðanna „66.723“, „70.941“ og „28.917“ í 2. mgr. A-liðar kemur: 69.624, 74.024 og 30.176.
c. 8. mgr. A-liðar fellur brott.
d. Í stað fjárhæðanna „89.284“ og „96.784“ í 2. mgr. B-liðar kemur: 93.164 og 100.990.
e. 3. mgr. B-liðar orðast svo:
   Barnabótaauki skv. 2. mgr. skerðist í jöfnu hlutfalli við tekjuskattsstofn umfram 1.141.042 kr. hjá hjónum og umfram 570.521 kr. hjá einstæðu foreldri. Frá tekjuskattsstofni í þessu sambandi er eigi heimilt að draga tekjur skv. 2. tölul. A-liðar og 2., 3. og 4. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. Skerðingarhlutfallið skal vera 6% með einu barni, 11% með tveimur börnum og 15% með þremur börnum eða fleiri.
f. Í stað fjárhæðanna „4.017.000“ og „6.026.000“ í 4. mgr. B-liðar kemur: 4.174.466 og 6.262.219.
g. Í stað fjárhæðanna „395.698“, „519.467“ og „643.235“ í 3. mgr. C-liðar kemur: 411.209, 539.830 og 668.450.
h. Í stað 1. málsl. 4. mgr. C-liðar koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Vaxtabætur skal ákvarða þannig að frá vaxtagjöldum, eins og þau eru skilgreind í 3. mgr., skal draga fjárhæð sem svarar til 6% af tekjuskattsstofni. Frá tekjuskattsstofni í þessu sambandi er eigi heimilt að draga tekjur skv. 2. tölul. A-liðar og 2., 3. og 4. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr.
i. Í stað fjárhæðanna „2.976.267“ og „4.933.677“ í 3. málsl. 4. mgr. C-liðar kemur: 3.092.937 og 5.127.077.
j. Í stað fjárhæðanna „135.035“, „173.664“ og „223.310“ í 5. málsl. 4. mgr. C-liðar kemur: 140.903, 181.212 og 233.015.
k. Í stað fjárhæðarinnar „500“ í lokamálslið 4. mgr. C-liðar kemur: 520.

10. gr.

Við 2. mgr. 3. tölul. 74. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Þó skal ár hvert heimilt að færa niður verð bifreiða um 10% af því verði sem þær voru taldar til eignar hjá framteljanda árið áður.

11. gr.

Í stað fjárhæðanna „1.183.000“ og „2.366.000“ í 1. mgr. 78. gr. laganna kemur: 1.229.374 og 2.458.748.

12. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „3.514.000“ í 83. gr. laganna kemur: 3.651.749.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 84. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „3.514.000“ í 2. mgr. kemur: 3.651.749.
b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Þó skal eignarskattur manna sem takmarkaða skattskyldu bera skv. 3. gr. reiknast þannig: Af fyrstu 3.651.749 kr. af eignarskattsstofni greiðist enginn skattur. Af eignarskattsstofni yfir 3.651.749 kr. greiðist 1,2%.

14. gr.

Orðið „skriflega“ í 1. mgr. 91. gr. laganna fellur brott.

15. gr.

Í stað orðsins „nafnnúmers“ í 4. mgr. 92. gr. laganna kemur: kennitölu.

16. gr.

Í stað 4. mgr. 96. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar er orðast svo:

Sé gerð breyting á framtali eða sköttum eftir álagningu eða fari fram ný skattákvörðun, sbr. 1. og 2. mgr. þessarar greinar, skal skattstjóri gera skattaðila eða þeim sem framtalsskyldan hvílir á viðvart um fyrirhugaðar breytingar og af hvaða ástæðum þær eru gerðar og senda tilkynningu um það skriflega. Skattstjóri skal veita skattaðila a.m.k. 15 daga frest, frá póstlagningu tilkynningar um fyrirhugaðar breytingar, til að tjá sig skriflega um efni máls og leggja fram viðbótargögn áður en úrskurður er kveðinn upp.

Skattstjóri skal innan tveggja mánaða að jafnaði kveða upp rökstuddan úrskurð um endurákvörðun álagningar og senda hann í ábyrgðarbréfi til skattaðila eða þess sem framtalsskyldan hvílir á. Tilkynning um skattbreytingu skal send viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs við uppkvaðningu úrskurðar. Samrit úrskurðar skal samtímis sent ríkisskattstjóra.

Úrskurði skattstjóra um endurákvörðun skv. 5. mgr. má skjóta til yfirskattanefndar, eftir ákvæðum laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

17. gr.

Orðin „eða innan 30 daga frá póstlagningardegi tilkynningar um endurákvörðun“ í 1. málsl. 1. mgr. 99. gr. laganna falla brott.

18. gr.

Á eftir orðinu „gjalda“ í 4. mgr. 110. gr. laganna kemur: að frádregnum bótum skv. 69. gr.

19. gr.

Í stað „4. tölul.“ í 120. gr. laganna kemur: 3. tölul.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 121. gr. laganna:

a. 1. og 2. mgr. falla brott.
b. 3. mgr. orðast svo:

Við mismun, sem í ljós kemur á álögðum tekjuskatti manna og staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 34. gr. þeirra laga, og stafar af of lágri staðgreiðslu, skal bæta 2,5% álagi. Við mismun, sem rætur á að rekja til of hárrar staðgreiðslu, skal með sama hætti bæta 2,5% álagi.

21. gr.

122. gr. laganna fellur brott.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á bráðabirgðaákvæði I með lögum nr. 30/1995:

a. 1. málsl. b-liðar fellur brott.
b. Í stað dagsetninganna „1. júlí 1996“ og „31. desember 1996“ í 2. málsl. b-liðar kemur: 1. janúar 1996 og 30. júní 1996.
c. C-liður fellur brott.

23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á bráðabirgðaákvæði II með lögum nr. 30/1995:

a. B-liður orðast svo:

Vegna launatímabila frá og með 1. janúar 1996 til og með 30. júní 1996 skal hámarkið vera 3% af fjárhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr., sbr. 59. gr. Frádráttur samkvæmt þessum staflið kemur til framkvæmda við álagningu á árinu 1997.

b. C-liður fellur brott.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda sem hér segir:

a. 14., 15., 19., 20., 21., 22. og 23. gr. koma til framkvæmda þegar í stað.
b. A-liður 4. gr. kemur til framkvæmda 1. janúar 1996.
c. 5. gr. kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 1996.
d. 2. gr. og b-liður 13. gr. koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1997 og vegna tekna á árinu 1996 og eigna í lok þess árs.
e. 3. gr., b-, c-, d- og e-liður 4. gr., 7., 8., 9., 10., 11. og 12. gr., a-liður 13. gr. og 18. gr. koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts á árinu 1996 vegna tekna á árinu 1995 og eigna í lok þess árs og við ákvörðun bóta á árinu 1996.
f. 16. og 17. gr. koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 1997. Þó skulu mál þar sem skattstjóri hefur boðað breytingar á grundvelli 4. mgr. 96. gr., eins og sú málsgrein hljóðaði fyrir það tímamark, fara eftir eldri reglum.

Ákvæði um frádrátt vegna greiddra iðgjalda launþega til lífeyrissjóða, sbr. 2. gr. laga nr. 30/1995, kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 1996.

25. gr.

Við lögin bætast fjögur ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

I.
Sérstakur tekjuskattur manna.

Á tekjuskattsstofn manna vegna tekna á árinu 1996 skal á árinu 1997 leggja sérstakan tekjuskatt eins og nánar greinir í ákvæði þessu.

Á tekjuskattsstofn einstaklinga umfram 2.805.840 kr., eða tekjuskattsstofn hjóna umfram 5.611.680 kr., skal reikna sérstakan 5% tekjuskatt.

Ef hjón hafa bæði tekjuskattsstofn umfram 2.805.840 kr. reiknast þeim sinn hlutinn hvoru hins sérstaka tekjuskatts. Sé tekjuskattsstofn annars hjóna lægri en 2.805.840 kr. reiknast hinu hjóna allur sérstaki tekjuskatturinn.

Sérstakur tekjuskattur samkvæmt ákvæði þessu skal ekki innheimtur með staðgreiðslu opinberra gjalda.

II.
Fyrirframgreiðsla manna á sérstökum tekjuskatti.

Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 1997 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst til desember 1996. Fyrirframgreiðslan skal vera 5% af tekjuskattsstofni samkvæmt skattframtali ársins 1996 vegna tekna á árinu 1995 umfram 2.805.840 kr. hjá einstaklingi og umfram 5.611.680 kr. hjá hjónum.

Gjalddagar fyrirframgreiðslu skv. 1. mgr. skulu vera fyrsti dagur mánaðanna ágúst til og með desember. Um framkvæmd fyrirframgreiðslunnar skal kveða nánar á í reglugerð.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á fyrirframgreiðslu sem honum hefur verið gert að greiða skv. 1. mgr. Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema hann geti sýnt fram á að veruleg tekjulækkun hafi orðið hjá honum milli ára. Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um þetta atriði.

Nú kemur í ljós við álagningu á sérstökum tekjuskatti að fyrirframgreiðsla samkvæmt ákvæði þessu hefur verið of há, og skal við mismuninn bæta 2,5% álagi.

III.

Um sérstakan tekjuskatt, samkvæmt bráðabirgðaákvæði I og II, skulu ákvæði VIII.–XIII. kafla laganna gilda eftir því sem við getur átt.

IV.
Niðurfærsla bifreiða.

Við niðurfærslu á verði bifreiða, sem ekki eru notaðar í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, sbr. 2. mgr. 3. tölul. 74. gr., skal við gerð skattframtals 1996 vegna eigna í árslok 1995 heimilt til viðbótar að færa niður verð bifreiða sem hér segir:

a. Bifreiðar keyptar 1993 um 5% af kaupverði.
b. Bifreiðar keyptar 1992 eða fyrr um 10% af kaupverði.

447. Lög [171. mál]

um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse-Lonza Holding Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

(Afgreidd frá Alþingi 20. des.)

Samhljóða þskj. 213.

448. Frumvarp til laga [119. mál]

um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991.

(Eftir 2. umr., 20. des.)

1. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Sveitarfélag er eigandi vatnsveitu þess og sér um lagningu allra vatnsæða hennar, þ.e. aðalæða, dreifiæða og heimæða. Sveitarfélag annast og kostar viðhald vatnsæðanna.

Heimæðar, sem lagðar hafa verið fyrir 1. janúar 1992 og liggja yfir einkalóðir, verða eign vatnsveitu sveitarfélags í framhaldi af endurnýjun vatnsveitunnar á þeim. Eignarhald á öðrum heimæðum skal vera óbreytt nema um annað náist samkomulag milli sveitarstjórnar og eiganda heimæðarinnar. Eigandi heimæðar kostar viðhald hennar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Eigandi eða rétthafi lóðar við veg eða opið svæði, þar sem dreifiæð liggur, á rétt á að fá eina heimæð lagða frá vatnsveitulögn. Óski hann þess að fá fleiri en eina heimæð inn á lóðina af hagkvæmnisástæðum skal hann hlíta þeim reglum um tæknileg atriði sem sveitarstjórn setur og skal sú heimæð teljast hans einkaeign, nema sérstakt samkomulag hafi verið gert við sveitarstjórn um annað. Beiðni um lagningu heimæðar skal send til sveitarstjórnar. Eiganda ber að greiða gjald fyrir lagningu heimæðar. Sveitarstjórn ákveður fjárhæð heimæðargjalds. Gjaldið skal miðað við gerð, stærð og lengd heimæða og má það nema allt að meðalkostnaði við lagningu heimæða í sveitarfélaginu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Gjalddagi þess skal ákveðinn í gjaldskrá, sbr. 11. gr., en heimæðargjald getur þó fyrst fallið í gjalddaga við útgáfu byggingarleyfis eða úthlutun lóðar sem er í eigu sveitarfélags.

b. Við bætist ný málsgrein er verður 5. mgr. og orðast svo:

Vatnsinntak skal að jafnaði vera á þeirri hlið húss sem snýr að vatnslögn þeirri sem leggja á heimæð frá, nema sveitarstjórn samþykki annars konar fyrirkomulag. Sveitarstjórn er heimilt að gera kröfu um gerð, staðsetningu og frágang inntaksrýmis.

3. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Sveitarstjórn er heimilt að heimta vatnsgjald af öllum fasteignum er vatnsins geta notið og skal við það miðað að gjaldið ásamt öðrum tekjum standi straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu. Álagningarstofn vatnsgjalds skal vera afskrifað endurstofnverð húss og mannvirkis margfaldað með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins, sbr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995. Stofn til álagningar vatnsgjalds á aðrar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra.

Nú liggur matsverð fullfrágenginnar fasteignar eigi fyrir við álagningu vatnsgjalds, en fasteign getur notið vatns frá vatnsveitu sveitarfélagsins, sbr. 1. mgr., og er þá sveitarstjórn heimilt að ákveða upphæð vatnsgjaldsins með hliðsjón af því hver verður líklegur álagningarstofn fullfrágenginnar eignar og ber þá að taka mið af fasteignamati sambærilegra fasteigna í sveitarfélaginu.

Verði ágreiningur um gjaldstofn skv. 2. mgr. skal vísa honum til úrskurðar Fasteignamats ríkisins. Þeim úrskurði má skjóta til yfirfasteignamatsnefndar ríkisins. Úrskurðum nefndarinnar má skjóta til dómstóla.

Sveitarstjórn ákveður upphæð vatnsgjalds sem má nema allt að 0,3 hundraðshlutum af álagningarstofni. Sveitarstjórn er heimilt að ákveða hámark og lágmark vatnsgjalds miðað við rúmmál húseigna. Sveitarstjórn er enn fremur heimilt að miða vatnsgjaldið við fast gjald auk álags vegna stærðar fasteignar og/eða notkunar samkvæmt mæli. Álagning skv. 2. og 3. málsl. verði þó aldrei hærri en segir í 1. málsl. þessarar málsgreinar. Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu vatnsgjalds hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts, sbr. 4. gr. laga nr. 4/1995.

4. gr.

2. mgr. 14. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

449. Fyrirspurn [260. mál]

til félagsmálaráðherra um skuldir sveitarfélaga.

Frá Ögmundi Jónassyni og Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hverjar voru heildarskuldir sveitarfélaganna, hvers fyrir sig og samtals, í árslok 1994?
2. Hver var peningaleg staða sveitarfélaganna, hvers fyrir sig og samtals, á sama tíma?
3. Hvert var hlutfall peningalegrar stöðu skv. 2. lið fyrirspurnarinnar af skatttekjum sveitarsjóðs árið 1994 hjá hverju sveitarfélagi fyrir sig og samtals?
4. Hvaða viðmiðun hefur ráðuneytið til að meta hvort skuldir sveitarfélaga eru komn-

ar á hættustig og hvaða sveitarfélög eru yfir þeim mörkum miðað við fjárhagsstöðu í árslok 1994?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Með heildarskuldum í fyrirspurninni er átt við allar skuldir sveitarfélagsins, þ.e. sveitarsjóðs og stofnana hans samkvæmt ársreikningi.

450. Framhaldsnefndarálit [44. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1995.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Við 2. umræðu um frumvarpið gerði nefndin og meiri hluti hennar 11 breytingartillögur við frumvarpið sem voru samþykktar við þá umræðu. Í ræðu formanns þá kom fram að fjallað hefði verið um nokkur mál til viðbótar í nefndinni en að ákvörðun um þau hefði verið frestað til 3. umræðu. Að auki hafa komið fram nokkur ný útgjaldatilefni síðar. Umfjöllun um þau mál er nú lokið í nefndinni og leggur meiri hluti hennar til að frumvarpið verði samþykkt með þeim 20 breytingum sem gerðar eru tillögur um á þskj. 451, en þær nema alls 522,9 m.kr. Einstakar breytingartillögur eru skýrðar í athugasemdum með álitinu, auk þess sem fjallað verður um þær í framsögu. Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir fjárheimildir ráðuneyta árið 1995 og þær breytingar sem meiri hluti nefndarinnar hefur gert tillögur um við 2. og 3. umræðu frumvarpsins.

Fjárheimildir ráðuneyta 1995.

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1995 m.kr.	Frv. til fjáraukalaga m.kr.	Breytingartillögur m.kr.	Alls nýjar heimildir m.kr.	Yfirfærðar heimildir m.kr.	Heimildir ársins m.kr.
00 Æðsta stjórn	1.276,7	58,0	31,4	1.366,1	14,6	1.380,7
01 Forsætisráðuneyti	523,8	19,0	-	542,8	299,8	842,6
02 Menntamálaráðuneyti	16.943,6	103,3	25,0	17.071,9	163,9	17.235,8
03 Utanríkisráðuneyti	1.787,5	114,4	29,7	1.931,6	70,0	2.001,6
04 Landbúnaðarráðuneyti	6.912,9	21,0	156,0	7.089,9	7,1	7.097,0
05 Sjávarútvegsráðuneyti	1.110,9	14,7	2,5	1.128,1	42,2	1.170,3
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	5.744,0	35,0	1,7	5.780,7	310,2	6.090,9
07 Félagsmálaráðuneyti	9.328,6	223,8	28,8	9.581,2	195,7	9.776,9
08 Heilbr.- og tryggingamálaráðuneyti	46.227,9	2.334,6	346,6	48.909,1	85,4	48.994,5
09 Fjármálaráðuneyti	18.348,9	188,3	285,0	18.822,2	299,4	19.121,6
10 Samgönguráðuneyti	9.182,8	230,0	36,0	9.448,8	29,6	9.478,4
11 Iðnaðarráðuneyti	1.090,7	40,3	5,0	1.136,0	24,4	1.160,4
12 Viðskiptaráðuneyti	173,3	14,1	-	187,4	5,5	192,9
13 Hagstofa Íslands	148,6	-	-	148,6	0,8	149,4
14 Umhverfisráðuneyti	728,1	2,5	-	730,6	13,9	744,5
Samtals	119.528,3	3.399,0	947,7	123.875,0	1.562,5	125.437,5

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

01 Menntamálaráðuneyti

209 Verkfræðistofnun Háskóla Íslands. Leitað er eftir heimild fyrir 7 m.kr. viðbótarframlagi. Undanfarin ár hefur myndast halli á rekstri stofnunarinnar sem að stærstum hluta stafar af því að nokkur tími líður frá því verkefni eru framkvæmd og þar til greitt er fyrir þau. Framlaginu er hins vegar ætlað að mæta þeim hluta hallans sem á rætur að rekja til þess að fjáröflun eins verkefnis brást óvænt og til þess að greiða kostnað við mál sem leggja þurfti í og tengjast verndun einkaleyfisréttar.

983 Ýmis fræðistörf. Í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar árið 1974 var ákveðið að ráðast í útgáfu á Sögu Íslands og annaðist Hið íslenska bókmenntafélag ritstjórn og útgáfu verksins. Gert var samkomulag um að umsjónarkostnaðurinn yrði greiddur úr ríkissjóði en að hann yrði síðan endurgreiddur með hlutdeild í söluandvirði útgefinna rita. Gerð er tillaga um 6 m.kr. aukafjárveitingu þar sem tekjur af sölu ritanna hafa ekki orðið þær sem vænst var.

989 Ýmis íþróttamál. Farið er fram á 5 m.kr. viðbótarheimild vegna fjárhagserfiðleika Handknattleikssambands Íslands í kjölfar heimsmeistaramótsins í handknattleik sem haldið var hér á landi síðastliðið sumar.

04 Landbúnaðarráðuneyti

811 Búnaðarfélag Íslands. Á árinu 1992 var lögum breytt á þann veg að greiðsluskylda framlaga samkvæmt jarðræktarlögum myndast ekki lengur sjálfkrafa heldur er hún háð fjárveitingu Alþingis. Í fjáraukalögum ársins 1994 var þó veitt sérstakt framlag til bygginga áburðarhúsa og vatnsveitna á árunum 1992 og 1993 þar sem þær jarðabætur voru að stórum hluta tilkomnar vegna stjórnvaldsákvæða um hreinlæti við mjólkurframleiðslu. Gerð er tillaga um 6 m.kr. viðbótarheimild til þess að ganga frá eftirhreytum þessara uppgjöra.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa. Í frumvarpi til fjáraukalaga 1995 er gerð tillaga um 4,7 m.kr. viðbótarframlag til ráðuneytisins, einkum vegna ófyrirséðra útgjalda sem hlutust af samningaviðræðum um fiskveiðar við önnur ríki. Í kjölfar endurmats á þeim kostnaði er leitað eftir viðbótarheimild að fjárhæð 2,5 m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

290 Dómsmál, ýmis kostnaður. Gerð er tillaga um 1,7 m.kr. heimild til að kosta lögfræðiþjónustu neyðarmóttöku vegna nauðgana.

07 Félagsmálaráðuneyti

704 *Málefni fatlaðra, Vestfjörðum.* Í byrjun þessa árs gekk óveður yfir Vestfirði sem olli verulegri röskun á starfsemi vistheimilisins Bræðratungu vegna snjóflóðahættu á Ísafirði. Farið er fram á 0,6 m.kr. viðbótarframlag til að mæta þessum ófyrirséðu útgjöldum.

711 *Styrktarfélag vangefinna.* Leitað er eftir 9,5 m.kr. viðbótarheimild til að jafna uppsafnaðan rekstrarhalla félagsins frá síðustu árum þar sem verkefni félagsins hafa verið umfangsmeiri en gert hefur verið ráð fyrir í fjárveitingum. Tillagan miðast við að gerður verði samningur um kaup ríkisins á þjónustu frá félaginu til þess að tryggja að starfsemin rúmist framvegis innan ramma fjárlaganna.

722 *Sólheimar, Grímsnesi.* Félagsmálaráðuneytið hefur látið gera mat á þjónustuþörf fatlaðra á Sólheimum og í framhaldi af því hefur verið unnið að gerð þjónustusamnings um starfsemina. Fjárþörf vistheimilisins hefur verið endurmetin á þeim grundvelli. Afla þarf aukinnar fjárheimildar sem nemur 18,7 m.kr. til að mæta hækkun rekstrargrunns og til að bæta áhrif kjarasamninga sem gerðir hafa verið á árinu 1995. Tillagan miðast við að viðbótarframlagið verði greitt þegar félagsmálaráðuneytið og stjórn Sólheima hafa komist að samkomulagi um þjónustusamning um starfsemina.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

370 *Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi.* Leitað er eftir 75 m.kr. viðbótarframlagi til að mæta rekstrarvanda nokkurra sjúkrahúsa utan Reykjavíkur. Þar er einkum um að ræða Sjúkrahús Suðurnesja, St. Jósefsspítala, Hafnarfirði, Sjúkrahús Akraness og St. Fransiskusspítala, Stykkishólmi. Framlagið miðast við tillögur heilbrigðisráðuneytisins. Gert er ráð fyrir að fjárveitingunni verði skipt þegar gengið hefur verið frá samkomulagi við stjórnir sjúkrahúsanna um fjárframlög og starfsumfang og verði henni úthlutað eftir því sem aðhaldsaðgerðir koma til framkvæmda.

371 *Ríkisspítalar.* Forsvarsmenn Ríkisspítala gerðu samning við heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra um lausn á fjárhagsvanda spítalanna í desember á síðasta ári. Í framhaldi af því var veitt 296 m.kr. framlag til spítalanna í fjáraukalögum ársins 1994 auk 84 m.kr. vegna kjarasamninga heilbrigðisstétta. Einnig var fjárlagagrunnur ársins 1995 hækkaður um 195 m.kr. Samkvæmt samkomulaginu var Ríkisspítölum ætlað að ná jafnvægi í rekstrinum með því að spara á móti hallanum sem þá stóð eftir frá árinu 1994, en hann var metinn á 70 m.kr., og síðan 160 m.kr. til viðbótar á árinu 1995. Í þessu frumvarpi er 90 m.kr. viðbótarheimild til þess að unnt verði að draga úr lokun deilda vegna sparnaðaraðgerða. Þessar áætlanir hafa ekki gengið eftir en rekstrarhallinn árið 1994 varð um 130 m.kr. og stefnir í að uppsafnaður halli spítalanna verði um 400 m.kr. í árslok 1995. Í samræmi við nýtt samkomulag milli heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra varðandi fjárhagsstöðu spítalanna er gerð tillaga um að hækka viðbótarframlag ársins 1995 í 242 m.kr., eða um 150 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir þegar frumvarpið var lagt fram.

375 Sjúkrahús Reykjavíkur. Í samningi um sameiningu Borgarspítala og St. Jósefsspítala, Landakoti, var kveðið á um að gert yrði samkomulag um framlag til sjúkrahússins vegna uppbótargreiðslna á lífeyri starfsmanna þar sem ekki hafði verið tekið tillit til þeirra í framlögum samkvæmt fjárlögum. Fjármálaráðuneyti og Reykjavíkurborg hafa nú komist að samkomulagi um málið miðað við uppgjör á uppsöfnuðum greiðslum fyrri ára. Í framhaldi af því er gerð tillaga um að fjárheimild sjúkrahússins verði aukin um 83 m.kr.

381 Sjúkrahús og læknisbústaðir. Fyrirhugað er að hækka framlag liðarins um 49 m.kr. í fjárlögum ársins 1996 til þess að unnt verði að standa við þá verksamninga sem eru í gildi og ganga frá skuldum vegna verka sem er lokið. Engin ný verkefni koma til framkvæmda. Gert er ráð fyrir að þar af verði 30 m.kr. fjármagnaðar með lækkun fjárveitingar í ár sem síðan verði endurráðstafað á næsta ári. Miðað er við að 10 m.kr. verði teknar af fjárframlögum ársins 1995 til hverrar eftirtalinna framkvæmda: Heilsugæslustöðva í Reykjavík, Sjúkrahúss Suðurnesja og Hjúkrunarheimilis Fáskrúðsfirði. Á móti kemur 1,5 m.kr. viðbótarheimild til Sjúkrahúss Austur-Húnvetninga, Blönduósi, en síðan verði gerð breyting á verksamningi til að tryggja fjármögnunina þar á næsta ári.

521 Heilsugæslustöðin Akranesi. Settur hefur verið tilsjónarmaður til að vinna að úrlausn á uppsöfnuðum rekstrarhalla stöðvarinnar. Í framhaldi af því er gerð tillaga um 8 m.kr. viðbótarframlag til stöðvarinnar. Tillagan miðast við að gengið verði frá samkomulagi við stjórn heilsugæslustöðvarinnar um aðgerðir til þess að koma á jafnvægi í rekstrinum til frambúðar.

553 Heilsugæslustöðin Akureyri. Farið er fram á 4,4 m.kr. aukafjárveitingu til stöðvarinnar. Í sértekjuáætlun stöðvarinnar í fjárlögum er gert ráð fyrir að Tryggingastofnun ríkisins endurgreiði henni kostnað við slysastofugjöld fyrir verk sem unnin eru á aðgerða- og skiptistofu. Það fyrirkomulag hefur nú verið aflagt. Framlagið er ætlað til að mæta tekjutapinu.

581 Heilsugæslustöð Suðurnesja. Verulegur halli hefur myndast á rekstri stöðvarinnar undanfarin ár. Settur hefur verið tilsjónarmaður til að vinna að lausn á fjárhagsvandanum og í framhaldi af því er gerð tillaga um 35 m.kr. viðbótarframlag til stöðvarinnar. Tillagan miðast við að gengið verði frá samkomulagi við stjórn heilsugæslustöðvarinnar um aðgerðir til þess að tryggja að starfsumfangið verði framvegis í samræmi við heimildir fjárlaga.

09 Fjármálaráðuneyti

971 Ríkisábyrgðir og tjónabætur. Í óveðrinu sem gekk yfir landið undir lok október sl. varð mikið tjón á staurum fyrir rafmagnslínur hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða, auk þess sem fyrirtækin þurftu að keyra dísilstöðvar með talsverðum tilkostnaði til þess að tryggja orkuflutning um Vestfirði. Lagt er til að veitt verði 80 m.kr. viðbótarframlag til greiðslu tjónabóta til fyrirtækjanna sem skiptist þannig að 50 m.kr. renni til Rafmagnsveitna ríkisins og 30 m.kr. til Orkubús Vestfjarða. Fyrirtækin mæti tjóninu að öðru leyti með lántökum eða af rekstrarfé. Tillagan er gerð í ljósi samkomulags milli fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra um að ekki muni

koma til slíkrar fyrirgreiðslu framvegis. Gert er ráð fyrir að orkudreifingarfyrirtækin geri sjálf fjárhagsráðstafanir til þess að mæta slíkum áföllum með því að leggja fé til hliðar í tryggingasjóði.

999 *Ýmislegt.* Lagt er til að liðurinn hækki alls um 50 m.kr. af tveimur tilefnum. Í frumvarpinu er gerð tillaga um 25 m.kr. framlag til björgunaraðgerða og annarrar aðstoðar við íbúa Flateyrar í kjölfar snjóflóðsins sem féll þar í októberlok. Leitað er eftir 10 m.kr. viðbótarheimild, m.a. til kaupa á bráðabirgðahúsnæði fyrir íbúa sem misstu hús sín í snjóflóðinu. Í öðru lagi hefur gerðardómur nú verið kveðinn upp í máli jarðeigenda í Einarsnesi í Mýrasýslu gegn landbúnaðarráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins út af netalögnum við ósa Hvítár í Borgarfirði. Niðurstaða málsins er að ríkissjóði ber að greiða um 40 m.kr. í bætur sem reiknaðar skulu með sömu forsendum og aðferðum og gilda fyrir aðrar jarðir við ósa Hvítár. Gerðarsamningurinn er með fyrirvara um samþykki Alþingis fyrir fjárveitingu til að greiða bæturnar sem gerðardómurinn kann að úrskurða. Gerð er tillaga um viðbótarframlag til þess að ganga frá uppgjörinu.

10 Samgönguráðuneyti

330 *Vita- og hafnamálastofnun.* Gerð er tillaga um 4 m.kr. viðbótarheimild sem renni til endurbóta við Seyðisfjarðarhöfn fyrir móttöku ferðamanna með ferjunni Norrænu.

11 Iðnaðarráðuneyti

399 *Ýmis orkumál.* Gerð er tillaga um 5 m.kr. viðbótarframlag sem renni til að aðstoða litlar hitaveitur sem átt hafa í rekstrarerfiðleikum, einkum til greiðslu afborgana af lánum. Gert er ráð fyrir að iðnaðarráðherra undirbúi samninga við viðkomandi hitaveitur með hliðsjón af skýrslu Ríkisendurskoðunar um fjárhagsstöðu þeirra og að fjárlaganefnd taki málið síðan til umfjöllunar þegar þeir samningar liggja fyrir.

Alþingi, 20. des. 1995.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Árni Johnsen.
Árni M. Mathiesen.	Ísólfur Gylfi Pálmason.	Hjálmar Jónsson.
	Arnbjörg Sveinsdóttir.	

451. Breytingartillögur [44. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1995.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, StB, ÁJ, ÁMM, ÍGP, HjálmJ, ArnbS).

		Þús. kr.
1.	Við 3. gr. Nýr liður:	
	02–209 Verkfræðistofnun Háskóla Íslands.	
	101 Almennur rekstur	7.000
2.	Við 3. gr. 02-983 Ýmis fræðistörf. Nýr liður:	
	123 Hið íslenska bókmenntafélag	6.000
3.	Við 3. gr. 02-989 Ýmis íþróttamál. Nýr liður:	
	119 Handknattleikssamband Íslands	5.000
4.	Við 3. gr. Nýr liður:	
	04–811 Búnaðarfélag Íslands.	
	697 Jarðræktarlög	6.000
5.	Við 3. gr. 05-101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa.	
	101 Almennur rekstur.	
	Fyrir „4.700“ kemur	7.200
6.	Við 3. gr. Nýr liður:	
	06–290 Dómsmál, ýmis kostnaður.	
	115 Lögfræðiþjónusta neyðarmóttöku vegna nauðgana	1.700
7.	Við 3. gr. Nýr liður:	
	07–704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum.	
	150 Þjónustumiðstöð Bræðratungu	600
8.	Við 3. gr. Nýr liður:	
	07–711 Styrktarfélag vangefinna.	
	101 Almennur rekstur	9.500
9.	Við 3. gr. Nýr liður:	
	07–722 Sólheimar, Grímsnesi.	
	170 Almennur rekstur	18.700
10.	Við 3. gr. Nýr liður:	
	08–370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi.	
	115 Sjúkrahús utan Reykjavíkur	75.000
11.	Við 3. gr. 08-371 101 Ríkisspítalar.	
	Fyrir „92.000“ kemur	242.000
12.	Við 3. gr. 08-375 Sjúkrahús Reykjavíkur. 111 Borgarspítalinn.	
	Fyrir „50.000“ kemur	133.000

Þús. kr.

13. Við 3. gr. Nýr liður:
08–381 Sjúkrahús og læknisbústaðir.
a. 690 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða . . -28.500
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

	Þús. kr.	
Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 690)		
a. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar:		
1. Blönduós, sjúkrahús	1.500	
2. Sjúkrahús Suðurnesja	-10.000	
3. Reykjavík, heilsugæslustöðvar	-10.000	
		-18.500
b. Hjúkrunarheimili aldraðra:		
Hjúkrunarheimili Fáskrúðsfirði	-10.000	
		-10.000
		-28.500

14. Við 3. gr. Nýr liður:
08–521 Heilsugæslustöðin Akranesi.
101 Almennur rekstur 8.000
15. Við 3. gr. Nýr liður:
08–553 Heilsugæslustöðin Akureyri.
101 Almennur rekstur 4.400
16. Við 3. gr. Nýr liður:
08–581 Heilsugæslustöð Suðurnesja.
101 Almennur rekstur 35.000
17. Við 3. gr. Nýr liður:
09–971 Ríkisábyrgðir og tjónabætur.
610 Tjónabætur 80.000
18. Við 3. gr. 09–999 Ýmislegt.
a. Við 160 Dómkröfur.
Fyrir „15.000“ kemur 55.000
b. Við 171 Aðstoð vegna snjóflóðs á Flateyri.
Fyrir „25.000“ kemur 35.000
19. Við 3. gr. 10-330 Vita- og hafnamálastofnun. 670 Hafnamannvirki.
Fyrir „22.000“ kemur 26.000
20. Við 3. gr. 11-399 Ýmis orkumál. Nýr liður:
114 Aðstoð við litlar hitaveitur 5.000

452. Svar [208. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um læsi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða kannanir hafa verið gerðar á læsi Íslendinga á síðustu tíu árum og hvað hafa þær leitt í ljós?

Eina formlega rannsóknin á læsi Íslendinga sl. 10 ár er liður í alþjóðlegri rannsókn á læsi barna á vegum IEA (The International Assiociation for Evaluation of Educational Assessment) og voru fyrstu niðurstöðurnar gefnar út árið 1993 af menntamálaráðuneyti, Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála og Kennaraháskóla Íslands í bókinni *Læsi íslenskra barna.* Umsjón með rannsókninni hérlendis hafði Sigríður Valgeirsdóttir. Rannsóknin var hluti af alþjóðlegri rannsókn IEA sem náði til 32 þjóða í öllum heimsálfum og náði til tveggja aldurshópa barna, 9 ára og 14 ára. Þau lestrarpróf, sem notuð voru í þessari alþjóðlegu rannsókn á læsi, munu vera þau fyrstu hér á landi, sem telja má fullunnin mælitæki, gerð fyrir víðtæka könnun á lesskilningi. Einnig mun það vera í fyrsta sinn hér á landi sem heill árgangur 9 og 14 ára barna er prófaður í lestri.

Á vegum menntamálaráðuneytis var árið 1980 gerð athugun á lesskilningi í heilum árgangi 10 ára barna. Niðurstöður sýndu að prófið, sem ekki hafði verið atriðagreint, reyndist of létt fyrir þennan aldurshóp. 51% nemenda svöruðu 100% rétt. Önnur lestrarpróf hafa verið þýdd og staðfærð en ekki atriðagreind og stöðluð utan eitt myndapróf sem þýtt var og atriðagreint á vegum Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur 1990–1991. Það lestrarpróf hefur mikið verið notað í skólum bæði í Reykjavík og víða um land, en ekki liggja fyrir heildarniðurstöður um árangur nemenda í því prófi nema fyrir einstaka skóla og bekki.

Á vegum menntamálaráðuneytis hafa engin samræmd lestrarpróf verið lögð fyrir í grunnskólum landsins frá 1977, en kennarar hafa metið lestur barna eftir leiðum sem hver og einn hefur talið henta hverju sinni í samræmi við gildandi aðalnámsskrá grunnskóla. Samræmd próf í íslensku hafa hins vegar verið lögð fyrir við lok grunnskóla frá 1976. Fyrir liggja skýrslur um árangur nemenda á samræmdum prófum við lok grunnskóla frá sl. 10 árum en hér verður ekki gerð grein fyrir þeim niðurstöðum þar sem þær segja ekki mikið beinlínis um læsi.

Samkvæmt lögum um grunnskóla á að fjölga samræmdum prófum í grunnskólum og samkvæmt áætlunum ráðuneytisins verður samræmdum prófum í íslensku fjölgað á næstu árum. Ráðuneytið hefur einnig í athugun að fela Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála að leggja grunnskólum til stöðluð kunnáttupróf í stærðfræði og íslensku, einkum lestri, og lesskilningi. Þá mun ráðuneytið á næstu mánuðum standa fyrir útgáfu á nýjum niðurstöðum úr fyrrnefndri IEA-rannsókn.

Helstu niðurstöður úr rannsókn á læsi íslenskra barna (1993).

Í inngangi að skýrslu um *Læsi íslenskra barna* frá 1993, sem áður er nefnd, er tekið fram að engar rannsóknir séu til, svo vitað sé, á læsi fullorðinna hér á landi, en leiða megi líkur að því að læsi fullorðinna jafnt sem barna sé miðað við þá skilgreiningu að sá sé læs sem getur lesið sæmilega upphátt. Einnig kemur fram í inngangi bókarinnar að í þessari alþjóðlegu rannsókn IEA hafi verið stefnt að því að kanna læsi barna sem þegar höfðu tileinkað sér lestrartæknina og hugtakið læsi var skilgreint „sem hæfni/kunnátta til að skilja og nýta sér ýmsar myndir ritaðs máls sem þjóðfélagið krefst að fólk hafi vald á eða það kýs sjálft að nota“. Lögð var áhersla á að kanna bæði skilning á samfelldu rituðu máli og beitingu þess t.d. með því að fylgja leiðbeiningum og leita upplýsinga.

Íslensk 9 ára börn eru áttundu í röð barna í 27 löndum á lestrarprófinu með 518 stig að meðaltali og standa sig álíka vel í öllum hlutum prófsins. Áætlað meðaltal, sem reiknað er út frá efnahags- og menningarstigi landsins (CDI), er hins vegar 532 stig og eru íslensku börnin því að meðaltali 14 stigum lægri en CDI-áætlun. Meðalárangur landanna er 500 stig og eru íslensku börnin því að meðaltali 14 stigum lægri en CDI-áætlun. Meðalárangur landanna er 500 stig og eru hæstu löndin Finnland, Bandaríkin, Svíþjóð, Frakkland, Ítalía og Nýja-Sjáland sem öll eru marktækt hærri en Ísland. Um 10% 9 ára barna ná ekki yfir 400 stigum og má reikna með út frá alþjóðlegum niðurstöðum að þau séu líkleg til að eiga í erfiðleikum með að skilja og nýta sér ritað mál.

14 ára nemendur standa sig tiltölulega betur en yngri börnin og betur í tveimur af þremur hlutum prófsins en CDI-áætlun gerir ráð fyrir. Í heild eru þau fimmtu í röð barna í 32 löndum, og eru þrjú þeirra, Finnland, Frakkland og Svíþjóð, marktækt hærri en Ísland. Í lestri á sögum eru íslenskir unglingar þriðju í röðinni og í lestri fræðsluefnis er Ísland hæst allra landa. Það má því segja að árangur íslensku unglinganna sé mjög góður í skilningi á samfelldum texta. Sama verður ekki sagt um árangur í töflu- og myndahluta prófsins þar sem nemendum var ætlað að leita upplýsinga. Þar stóðu 14 ára nemendur sig illa miðað við árangur í hinum hlutum prófsins og voru í 19. sæti en það lækkaði verulega meðaltal þeirra.

Nokkur munur er á árangri nemenda eftir fræðsluumdæmum og eru börn í Reykjavík marktækt hæst á lestrarprófinu í báðum aldurshópunum. Lægst eru 9 ára börn á Vesturlandi og 14 ára nemendur á Vestfjörðum.

Í yngri aldurshópnum standa stúlkur allra nágrannalanda sig betur en drengir og í hópi 14 ára nemenda standa stúlkur flestra landa sig betur. Hér á landi er meiri munur á árangri 9 ára drengja og stúlkna en í nokkru öðru landi utan Danmerkur þar sem hann er aðeins meiri. Kynjamunur kemur einnig fram í tómstundalestri á öllum tegundum lesefnis og lesa 9 ára stúlkur mun meira en drengir.

453. Framhaldsnefndarálit [44. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1995.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til meðferðar frá 2. umræðu 5. desember sl. Veruleg hækkun mun verða á fjárheimildum frumvarpsins.

Við 2. umræðu var gerð grein fyrir nokkrum veigamiklum atriðum sem þá þegar var ljóst að áttu eftir að auka fjárlagahallann, t.d. málefni Sjúkrahúss Reykjavíkur og Sólheima í Grímsnesi. Þar hafa nú bæst við beiðnir um auknar fjárheimildir fyrir árið 1995 sem nema samtals 93,7 millj. kr.

Við 2. umræðu voru afgreiddar tillögur um auknar fjárheimildir upp á 5,3 milljarða kr. Eftir nána yfirferð og athugun beiðna milli umræðna hafa verið afgreiddar fyrir 3. umræðu hækkanir um 522,9 millj. kr. þannig að halli fjárlaga 1995 verður því enn meiri en búist var við og heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs verður með viðbótinni u.þ.b. 31,4 milljarðar kr.

Þau atriði sem hafa komið minni hluta nefndarinnar mest á óvart er langur listi óuppgerðra skuldbindinga ríkissjóðs, allt að 21 ári aftur í tímann eða til ársins 1974. Hér er vísað til tillagna um 6 millj. kr. framlag til Hins íslenska bókmenntafélags á fjáraukalögum fyrir árið 1995, en þar að auki er gerð ný tillaga um 12 millj. kr. framlag á fjárlögum 1996 til sama aðila.

Minni hlutinn áréttar þá skoðun sína að fjárvöntun, sem löngu er vitað um, eigi að koma fram með rökstuddum beiðnum strax og hún liggur fyrir. Vísað er til álits Ríkisendurskoðunar, sem gaf umsögn um frumvarpið, og þeirra réttmætu ábendinga sem í þeirri umsögn eru. Mikilvægt er að fram komi hvers vegna útgjaldatilefni voru ekki séð fyrir þegar fjárlög ársins voru afgreidd þannig að ganga hefði mátt frá fjárheimildum við fjárlagaafgreiðsluna.

Einstakar tillögur, sem settar eru fram á sérstöku þingskjali, eru að fjárhæð allt frá 600 þús. kr. til 150 millj. kr.

Minni hlutinn vísar til nefndarálits við 2. umræðu um fjáraukalög 1995 og áskilur sér rétt til að styðja einstakar tillögur um viðbótarheimildir en mun að öðru leyti sitja hjá við afgreiðslu frumvarpsins.

Alþingi, 20. des. 1995.

Gísli S. Einarsson, frsm. Bryndís Hlöðversdóttir. Kristinn H. Gunnarsson.

Kristín Halldórsdóttir.

454. Tillaga til þingsályktunar [261. mál]

um endurskoðun á lagaákvæðum um vernd trúnaðarsambands fjölmiðlamanna og heimildarmanna þeirra.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Ólafur Ragnar Grímsson, Össur Skarphéðinsson, Jón Kristjánsson, Kristín Ástgeirsdóttir.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd sem hafi það verkefni að endurskoða gildandi lög um vernd trúnaðarsambands fjölmiðlamanna og heimildarmanna þeirra. Við þá endurskoðun verði 53. gr. laga nr. 19/1991 skoðuð sérstaklega og lagt mat á það hvort þörf sé á frekari löggjöf sem miðar að því að tryggja aðstöðu blaðamanna og annars fjölmiðlafólks við starfa sinn, svo sem vernd þeirra gagna sem fjölmiðlamenn

komast yfir, vernd starfsstöðvar þeirra o.fl. gegn rannsóknaraðgerð yfirvalda. Nefndin ljúki störfum fyrir 1. mars 1996.

Greinargerð.

Í áttunda kafla laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, er fjallað um „Vitni, mat og skoðun". Þar er kveðið á um að öllum sé skylt að koma fyrir dóm í opinberu máli og bera þar vitni. Frá þessari meginreglu eru undantekningar. Í 50.–55. gr. er fjallað um þá sem skorast geta undan vitnaskyldu eða er óheimilt að bera vitni fyrir dómi um ýmis atriði vegna tengsla við sakborning eða trúnaðar sem fylgir starfsskyldum þeirra. Í 53. gr. er fjallað um vitnaskyldu fjölmiðlamanna. Ákvæðið var lögfest árið 1991 og er það fyrsta sinnar tegundar í lögum um meðferð opinberra mála og var afgreitt af löggjafanum án teljandi umræðu eða athugasemda. Athyglisvert er að ekki var leitað álits Blaðamannafélags Íslands eða annarra slíkra samtaka. Greinin á sér fyrirmynd í dönsku réttarfarslögunum.

Í 53. gr. eru viðurkenndar starfsskyldur fjölmiðlamanna um trúnað við heimildarmenn sína. Þetta ákvæði á sér hliðstæðu í siðareglum Blaðamannafélags Íslands þar sem segir í 2. gr.: „Blaðamaður virðir nauðsynlegan trúnað við heimildarmenn sína." Þessi siðaregla er alþjóðleg í fjölmiðlun og eru um það ótal dæmi að fjölmiðlamenn hafa heldur sætt varðhaldi og öðrum refsingum en að brjóta þessa reglu. Í reglum um fréttaflutning Ríkisútvarpsins segir í 4. gr.: „Virða ber trúnað við heimildarmenn, bæði að því er varðar nafnleynd þeirra og trúnaðarupplýsingar."

Í framangreindri lagagrein eru ákvæði um undantekningar frá hinni almennu reglu um trúnað fjölmiðlamanna við heimildarmenn sína fyrir dómi. Annars vegar er kveðið á um að vitnisburðar sé krafist vegna afbrots sem ætla megi að varði þyngri refsingu en fésektum eða varðhaldi, enda sé vitnisburður nauðsynlegur fyrir rannsókn málsins og ríkir hagsmunir í húfi. Ekki er óeðlilegt að löggjafinn kveði með einhverjum slíkum hætti á um vitnaskyldu þessara starfsstétta.

Hins vegar er kveðið á um að fjölmiðlamanni sé skylt að bera vitni vegna brots gegn þagnarskyldu í opinberu starfi, enda sé vitnisburður nauðsynlegur fyrir rannsókn málsins og ríkir hagsmundir í húfi. Þrátt fyrir mikilvægi þeirrar þagnarskyldu verður að teljast óeðlilegt að binda fjölmiðlamenn sérstakri vitnaskyldu í slíkum dómsmálum. Það er eðli fjölmiðlastarfa að afla upplýsinga sem víðast að, afhjúpa spillingu og veita ríkisvaldinu aðhald. Skerðing á rétti fjölmiðlamanna til upplýsingaöflunar gerir þeim ókleift að gegna hlutverki sínu. Fjölmiðlamenn bera ábyrgð á birtingu efnisins samkvæmt m.a. meiðyrðakafla hegningarlaga, prentlögum og siðareglum, en það er mikilvægt fyrir fjölmiðla í lýðræðissamfélagi að sem minnst höft séu lögð á sjálfa upplýsingaöflun þeirra. Mikilvægi frelsis við upplýsingaöflun sést best á því að líklegt er að almenningur í Bandaríkjunum hefði aldrei komist á snoðir um Watergate-málið ef blaðamenn Washington Post, Robert Woodward og Carl Bernstein, hefðu ekki getað tryggt heimildarmanni sínum fyllstu leynd. Minna má á að hérlendis hafa fjölmiðlamenn oft bent á mikilvægi þessa og á að enn eru engin lög til um upplýsingaskyldu hins opinbera og reglur og venjur um upplýsingar úr stjórnkerfinu eru óljósar og ósamstæðar, jafnvel svo að enn eru ekki tiltæk íslensk gögn um sögulega viðburði. Oftar en ekki verða gögn úr skjalasöfnum annarra ríkja því einu heimildir fjölmiðlamanna og sagnfræðinga um gang mála á Íslandi.

Í grannlöndunum hafa mál af þessum toga vakið mikla umræðu á síðustu árum, en samkvæmt upplýsingum Lúðvíks Geirssonar, formanns Blaðamannafélags Íslands, njóta fjölmiðlamenn í grannlöndunum meiri verndar en hér, ef til vill að Stóra-Bretlandi undanteknu.

Ekki verður séð að mál vegna brota á þagnarskyldu í opinberu starfi hafi þá sérstöðu umfram önnur dómsmál að þau verði ekki felld inn í þann almenna ramma sem tiltekinn er í 1. mgr. 53. gr. um alvarleg brot. Enga ámóta hugsun er að finna í 55. gr. um vitnaskyldu presta, lækna, lyfsala, sálfræðinga, félagsráðgjafa, lögfræðinga og endurskoðenda. Varpa má fram þeirri spurningu hvort andi lagaákvæðisins brjóti ekki í bága við þróun í nútímaréttarríkjum sem miðar að opnari stjórnsýslu og virkara aðhaldi fjölmiðla gagnvart stjórnvöldum, sbr. dómaframkvæmd hjá mannréttindadómstól Evrópu varðandi 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, um rétt til að taka við og miðla áfram upplýsingum, sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 62/1994. Hugmyndin um að nauðsyn sé á því að þögn og leynd hvíli yfir embættisfærslum stjórnvalda byggist á úreltum sjónarmiðum.

Hérlendis hefur ekki reynt á umrætt ákvæði 53. gr. fyrr en héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði 15. desember sl. að Agnesi Bragadóttur blaðamanni Morgunblaðsins væri skylt að bera vitni í tilteknu máli sem varðar meint brot á þagnarskyldu. Því máli hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar. Athyglisvert er að hefði Agnes sætt sig við úrskurð héraðsdóms og borið vitni um heimildarmann fyrir dóminum má telja líklegt að hún teldist hafa brotið siðareglur Blaðamannafélags Íslands. Með því að hlíta úrskurði dómsins, sem felldur er á grunni umræddra ákvæða 53. gr., hefði blaðamaðurinn því orðið fyrir álitshnekki innan starfsstéttar sinnar og þrengt verulega starfsmöguleika sína við fjölmiðlun. Þá miða þvingunaraðgerðir gegn blaðamanninum að því að halda uppi trúnaðartrausti almennings á forustumönnum Landsbanka Íslands og því að bankaeftirlitið njóti trausts. Einnig er athyglisvert við dóminn að viðkomandi rannsókn beindist að banka í eigu ríkisins og með niðurstöðunni er sýnt að hagsmunir ríkisbankans eru mun betur tryggðir en hagsmunir einkabanka.

Mikilvægt er fyrir lýðræðið og frjálsa fjölmiðlun að fjölmiðlamenn njóti sömu eða sambærilegrar verndar samkvæmt lögum hér á landi og blaðamenn njóta í nágrannalöndum sem við berum okkur helst saman við. Það er grundvallarréttur fjölmiðlamanns að vernda heimildir sínar, réttur sem er virtur í öllum lýðræðisríkjum.

Eðlilegt er að nefndin sem hér er lagt til að sett verði á laggirnar verði skipuð bæði lögfróðum mönnum og blaðamönnum. Henni er ætlað það verkefni að endurskoða sérstaklega 53. gr. laga nr. 19/1991, skoða önnur lagaákvæði sem fjalla um trúnaðarsamband fjölmiðlamanna og heimildarmanna þeirra, með tilliti til þess að styrkja starfsskilyrði þeirra, og skoða reglur um húsleit, símahleranir o.fl. í því sambandi. Æskilegt er að nefndin geri úttekt á réttarástandi hjá öðrum þjóðum.

Fylgiskjal I.

Siðareglur blaðamanna.

(Samþykkt á aðalfundi 1991.)

Í starfi sínu hafa blaðamenn allra fjölmiðla jafnan í huga grundvallarreglur mannlegra samskipta og rétt almennings til upplýsinga, tjáningarfrelsis og gagnrýni.

1. gr.

Blaðamaður leitast við að gera ekkert það sem til vanvirðu má telja fyrir stétt sína eða stéttarfélag, blað eða fréttastofu. Honum ber að forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á starfi blaðamanns eða skert hagsmuni stéttarinnar. Blaðamaður skal jafnan sýna drengskap í skiptum sínum við starfsfélaga.

2. gr.

Blaðamanni er ljós persónuleg ábyrgð á öllu sem hann skrifar. Hann hefur í huga að almennt er litið á hann sem blaðamann þó að hann komi fram utan síns eiginlega starfssviðs, í riti eða ræðu. Blaðamaður virðir nauðsynlegan trúnað við heimildarmenn sína.

3. gr.

Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Hann forðast allt sem valdið getur saklausu fólki eða fólki sem á um sárt að binda óþarfa sársauka eða vanvirðu.

4. gr.

Það telst mjög alvarlegt brot þiggi blaðamaður mútur eða hafi í hótunum vegna birtingar efnis. Blaðamenn skulu hafa ríkt í huga hvenær almennt öryggi borgaranna, sérstakir hagsmunir almennings eða almannaheill krefst nafnbirtingar.

Í frásögnum af dóms- og refsimálum skulu blaðamenn virða þá meginreglu laga að hver maður er talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.

5. gr.

Blaðamaður varast að lenda í hagsmunaágreiningi, til dæmis með því að flytja fréttir eða frásagnir af fyrirtækjum eða hagsmunasamtökum þar sem hann á sjálfur aðild. Hann skal fyrst og síðast gæta hagsmuna lesenda og sóma blaðamannastéttarinnar í hverju því sem hann tekur sér fyrir hendur í nafni starfs síns.

Blaðamaður hefur í skrifum sínum sannfæringu sína að leiðarljósi. Hann gætir þess að rugla ekki saman ritstjórnarlegu efni, sem hefur augljóst upplýsinga- og fræðslugildi, og auglýsingum í myndum og/eða máli.

Siðareglur þessar setja ekki hömlur á tjáningarfrelsi blaðamanna sem skrifa undir fullu nafni afmarkaða þætti í fjölmiðlum, til dæmis gagnrýni, þar sem persónulegar skoðanir höfundar eru í fyrirrúmi.

6. gr.

Hver sá sem telur að blaðamaður hafi brotið framangreindar reglur og á hagsmuna að gæta, getur kært ætlað brot til siðanefndar BÍ innan 2ja mánaða frá birtingu enda sé mál vegna birtingarinnar ekki rekið fyrir almennum dómstólum á sama tíma.

Áður skal hann þó leita leiðréttingar mála sinna hjá viðkomandi fjölmiðli. Þó getur siðanefnd úrskurðað um undanþágur frá leiðréttingarkröfum vegna annarra aðstæðna. Siðanefndin tekur kæruna fyrir á fundi innan viku og kveður upp rökstuddan úrskurð svo fljótt sem kostur er. Taki siðanefnd kærumál til efnislegrar athugunar skal hún kanna heildarumfjöllun um málið í hinum kærða fjölmiðli. Kærða skal gefinn kostur á að gera grein fyrir sjónarmiði sínu.

Siðanefnd greinir brot í flokka eftir eðli þeirra:

a. ámælisvert,
b. alvarlegt,
c. mjög alvarlegt.

Úrskurði siðanefndar verður ekki áfrýjað. Úrskurð siðanefndar ásamt rökstuðningi skal birta í heild í Félagstíðindum BÍ svo fljótt sem verða má. Úrskurð siðanefndar skal senda viðkomandi fjölmiðli við fyrstu hentugleika og með ósk um birtingu ef um brot samkvæmt skilgreiningu b og c er að ræða. Þremur dögum seinna skal senda úrskurðinn öðrum fjölmiðlum.

Meginniðurstaða nefndarinnar skal birt orðrétt. Við framsetningu frétta af úrskurðum siðanefndar sýna blaðamenn alla þá aðgát sem reglur þessar ætlast til, sbr. 1. og 2. gr. að framan.

Nú telur stjórn BÍ að gengnum úrskurði siðanefndar að brot sé svo alvarlegt að frekari ráðstafana sé þörf og getur hún þá borið undir félagsfund tillögu um vítur á viðkomandi blaðamann enda sé þeirra ætlunar getið í fundarboði.

Nú bera ummæli ekki með sér hver sé höfundur þeirra eða viðkomandi blaðamaður er utan BÍ og gengur þá úrskurður svo sem ritstjóri og/eða ábyrgðarmaður eigi beina aðild að. Þótt enginn þessara aðila sé í BÍ getur siðanefnd allt að einu lagt fram rökstutt álit um kæruefni.

Fylgiskjal II.

Reglur um fréttaflutning Ríkisútvarpsins

INNGANGUR

Ríkisútvarpið skal leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð.

Ríkisútvarpið skal stuðla að almennri menningarþróun.

Ríkisútvarpið skal halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana.

Ríkisútvarpið skal gæta fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð.

Ríkisútvarpið skal veita almenna fréttaþjónustu og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á þeim málum, sem efst eru á baugi hverju sinni eða almenning varða.

Allt íslenskt tal og texti í dagskrám Ríkisútvarpsins skal vera á lýtalausu máli.

I. REGLUR UM FRÉTTAFLUTNING

1. gr.

Ríkisútvarpið flytur fréttir og fréttaskýringar um hvaðeina, sem að dómi fréttastofa þess hefur almennt fréttagildi.

Fréttir skal flytja eins skjótt og framast er unnt. Þó má hraði hvorki vera á kostnað nákvæmni né tillitssemi, sbr. 8.-10. gr.

Fréttir skulu skrifaðar og fluttar á lýtalausri íslensku.

2. gr.

Í fréttum, sem Ríkisútvarpið flytur, mega ekki felast neins konar ádeildur eða hlutdrægar umsagnir, heldur skal gætt fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í opinberum málum, stofnunum, félögum og einstaklingum.

Við birtingu frétta af deilum eða víðtækum ágreiningsmálum skal leita upplýsinga frá báðum eða öllum aðilum og leitast við að kynna sjónarmið þeirra sem jafnast.

3. gr.

Fréttaskýringar ber að afmarka greinilega frá fréttum og skulu ávallt kynnt nöfn höfunda slíkra skýringa. Eins skal farið með umsagnir, sem fluttar eru í fréttatímum um menningar- og listviðburði. Í fréttaskýringum og umsögnum skal gæta sömu sjónarmiða um óhlutdrægni og fylgja ber í fréttum.

4. gr.

Fréttamenn skulu jafnan gæta þess, að heimildir séu sem fyllstar og óyggjandi. Virða ber trúnað við heimildarmenn, bæði að því er varðar nafnleynd þeirra og trúnaðarupplýsingar.

Birting upplýsinga í öðrum fjölmiðlum leysir fréttamenn Ríkisútvarpsins ekki undan kvöð um gagnrýnið mat á sömu upplýsingum eða heimildum fyrir þeim.

5. gr.

Fréttamönnum ber að vera á verði gagnvart hvers kyns tilraunum heimildarmanna og annarra utanaðkomandi aðila til að hafa áhrif á fréttamat og vinnslu frétta.

Fréttamenn skulu vera á verði gagnvart hugsanlegum tengslum milli veittra upplýsinga og hagsmuna heimildarmanna.

6. gr.

Varast skal óbeinar auglýsingar í formi upplýsinga, sem til þess eru sérstaklega fallnar að hvetja eða letja til kaupa á tiltekinni vöru eða þjónustu umfram aðra sama eðlis.

7. gr.

Beinar auglýsingar mega ekki birtast í fréttum, nema þær varði starfsemi sjálfs Ríkisútvarpsins.

8. gr.

Fréttamönnum ber að sýna fyllstu tillitssemi í viðkvæmum málum. Þeim ber að forðast allt, sem valdið getur saklausu fólki eða þeim, sem eiga um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu.

9. gr.

Alla jafna skulu ekki birt nöfn þeirra, sem farast af slysförum, fyrr en ætla má, að nánustu vandamenn viti um atburðina. Ekki er þó skylt að bíða með birtingu lengur en sólarhring.

10. gr.

Sýna ber sérstaka gát, þegar rætt er við fólk, sem ætla má, að geri sér ekki grein fyrir áhrifum eða afleiðingum þeirra orða, sem það lætur falla. Sem dæmi má taka fólk, sem er í uppnámi eða geðshræringu vegna atburða, sem það hefur blandast í eða orðið vitni að.

Fréttamönnum ber að sýna sérstaka varkárni í beinum sendingum af vettvangi, þar sem slys eða óhöpp hafa átt sér stað, og í öðrum beinum útsendingum, þegar rás viðburða snýst á annan og verri veg en ætlað var í upphafi.

11. gr.

Í frásögnum af dóms- og refsimálum skal ávallt virt sú meginregla, að hver maður skuli talinn saklaus, þar til sekt hans hefur verið sönnuð, þar sem það er hlutverk dómstóla, en ekki fjölmiðla að fella refsidóma yfir mönnum.

12. gr.

Viðhafa skal sérstaka varúð varðandi nafn- og myndbirtingar í fréttum um dóms- og refsimál.

Ekki skal birta nöfn eða myndir grunaðra manna eða ákærðra nema með samþykki fréttastjóra eða staðgengils hans.

13. gr.

Sjálfsvíg og tilraunir til sjálfsvíga eru ekki fréttaefni að öllu jöfnu.

14. gr.

Óheimilt er að flytja ummæli manns, hvort sem er í frásögn, hljóð- eða myndritun, nema sá hafi vitað, að fréttamaður var viðstaddur, er orð hans féllu, eða ummælin hafi verið viðhöfð á mannfundi, sem öllum var heimill aðgangur að. Óheimilt er og að útvarpa án leyfis samtali, ef viðmælandi fréttamanns vissi ekki, að það var hljóð- eða myndritað.

Þeim, sem fréttamaður á viðtal við, skal gert ljóst, að hugsanlega verði aðeins fluttur hluti samtalsins.

Þegar viðtöl eða önnur ummæli manna eru stytt í fréttavinnslu eða endursögð, skal þess gætt, að þau slitni ekki úr samhengi og verði óljós eða villandi.

15. gr.

Við val fréttamynda skal þess vandlega gætt, að þær gefi sem sannasta mynd af þeim atvikum eða atburðum, sem sýna á, og forðast ber hvers konar afmyndun. Sama regla gildir um hvers konar hljóðnotkun.

Þegar notaðar eru myndir úr safni Sjónvarps með nýjum fréttum skal þess getið, að um safnefni sé að ræða, ef ætla má, að þær geti ella valdið misskilningi.

II. UM EFNISÞÆTTI FRÉTTA

16. gr.

Ríkisútvarpið leggur áherslu á að flytja sem fyllstar frásagnir um atvinnuvegi landsins á hverjum tíma, afkomu þeirra, nýjungar, ástand á vinnumarkaði og afkomu þjóðarbúsins í heild. Ennfremur um félags- og fræðslumál, heilbrigðis- og menningarmál og aðra helstu þætti þjóðmála.

17. gr.

Ríkisútvarpið flytur fréttir og fréttaauka af störfum Alþingis eftir almennu fréttagildi.

18. gr.

Ríkisútvarpið flytur eftir atvikum fréttir af helstu athöfnum og ákvörðunum ríkisstjórnar og sveitarstjórna, svo og um afstöðu stjórnarandstöðuflokka í veigamestu málum.

Ríkisútvarpið flytur frásagnir af þingmálafundum, stjórnmálafundum, opnum eða lokuðum flokksfundum eða ráðstefnum, aðalfundum, fundum stéttarfélaga eða annarra samtaka og félaga eftir almennu fréttagildi.

19. gr.

Um rannsókn á opinberum málum vegna brota á almennum hegningarlögum, öðrum lögum eða lögreglusamþykktum, svo og um opinberar ákærur og í kjölfar þeirra dómsniðurstöður, er getið í fréttum, ef mál þykir mikils varðandi og hafa fréttagildi. Sömu sjónarmið skulu gilda um fregnir af málshöfðunum og málsúrslitum í öðrum dómsmálum.

20. gr.

Ríkisútvarpið skal kappkosta að flytja fréttir og fréttaskýringar af erlendum vettvangi.

21. gr.

Ríkisútvarpið segir fréttir af hvers konar vísindastörfum, lista- og menningarlífi, útgáfu nýrra bóka, hljóðritana, blaða og tímarita, allt með hliðsjón af hinum lögbundnu meginreglum um hlutverk Ríkisútvarpsins og samkvæmt almennu fréttamati.

22. gr.

Ekki má geta í fréttum Ríkisútvarpsins afmælis manns fyrr en hann nær sjötugsaldri, nema til komi sérstakar ástæður.

Heimilt er að geta um hjúskaparafmæli, minnst 50 ára.

III. LEIÐRÉTTINGAR

23. gr.

Fréttastofur Ríkisútvarpsins skulu leiðrétta ranghermi um staðreyndir, sem fram kemur í fréttum eða fréttaskýringum. Leiðréttingu skal birta svo fljótt sem auðið er og skal leitast við að birta hana í sambærilegum fréttatíma.

Ef um er að ræða tilvitnun í orð nafngreinds manns, þá skal viðkomandi heimilt að orða sjálfur stutta athugasemd. Ef unnt er, skal forðast að endurtaka í leiðréttingu það, sem rangfært var.

24. gr.

Skylt er að láta þeim, sem telur misgert við sig í fréttum, í té afrit af upptöku þeirrar útsendingar, ef hann krefst þess skriflega meðan varðveisluskylda á viðkomandi efni helst, enda greiði hann kostnaðarverð mynd- eða hljóðbands þess, sem honum er látið í té.

Reglur þessar um fréttaflutning Ríkisútvarpsins skulu gilda fyrir fréttastofur Ríkisútvarpsins og jafnframt eftir því, sem við á um fréttatengt efni, sem unnið er og útvarpað á vegum annarra deilda Ríkisútvarpsins.

Reykjavík, 1. mars 1989.

Markús Örn Antonsson.

Fylgiskjal III.

Siðareglur fréttastofu Stöðvar 2 og Bylgjunnar.
(Samþykkt í maí 1995.)

— Fréttastofa Stöðvar 2 og Bylgjunnar er óháður fjölmiðill sem greinir satt og rétt frá og af hlutlægni.
— Varast skal gífuryrði og hástemmdar lýsingar.
— Skylt er að nota nauðsynlega fyrirvara, svo sem meintur, virðist, talinn, grunaður, sakaður, kærður, ákærður, dæmdur, óstaðfestar fregnir herma, yfirvöld segja o.s.frv. Túlkun eða afstaða með eða á móti einhverjum má ekki koma fram í fréttaflutningi, t.d. með orðalagi eins og „lögregla neyddist til að beita táragasi“ og „óttast er að öfgamenn sigri í kosningunum“.
— Fréttastofan fjallar óhikað um nýjungar, vörur, tilboð, þjónustu og annað sem óumdeilanlega varðar þorra almennings en hafnar hvers konar auglýsingamennsku eða kynningarstarfsemi sem ekki þjónar ofangreindum tilgangi.
— Fréttamaður skal ekki nota fornafn í 1. persónu þegar hann segir frá. Dæmi: Í stað „eftir því sem ég kemst næst“ skal nota „eftir því sem fréttastofan kemst næst“ eða eitthvað í þeim dúr. Þá skal fréttastofan ekki gangast í ábyrgð fyrir alla íslensku þjóðina með orðalagi eins og „við Íslendingar“.
— Leita skal staðfestingar úr fleiri en einni átt ef minnsti vafi leikur á sannleiksgildi upplýsinga eða nákvæmni.
— Mjög ríkar ástæður þurfa að vera fyrir því að fréttastofan heimili nafnleynd í fréttum sínum. Fréttastofan ber sjálf ábyrgð á upplýsingum sem ákveðið er að birta frá ónafngreindum aðila. Hafi nafnleynd verið lofað skal hún virt undir öllum kringumstæðum.
— Fréttabann (embargo) er virt af fréttastofunni, jafnt í innlendum sem erlendum fréttum. Fréttastofan áskilur sér hins vegar fullan rétt til þess að sniðganga fréttabann sem hindrar eðlilegt upplýsingaflæði til almennings. Brjóti aðrir fjölmiðlar fréttabann mun fréttastofan meta réttmæti þess að nýju.

Fylgiskjal IV.

Úrskurður héraðsdóms Reykjavíkur um vitnaskyldu blaðamanns Morgunblaðsins.

Ár 1995, föstudaginn 15. desember, er dómþing héraðsdóms Reykjavíkur háð í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni, dómarafulltrúa.

Fyrir er tekið:
Mál nr. R-190/1995:
Rannsóknarlögregla ríkisins
gegn
Agnesi Bragadóttur
og kveðinn upp svohljóðandi.

Úrskurður:

Ár 1995, föstudaginn 15. desember, er á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni, dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi:

I.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess að Agnesi Bragadóttur, kt. 190952-3989, blaðamanni á Morgunblaðinu, verði með úrskurði gert að svara spurningum fyrir héraðsdómi Reykjavíkur um hvaða skrifleg gögn hún hafi haft undir höndum og frá hvaða mönnum hún hafi fengið gögn og upplýsingar, er hún ritaði greinar sínar í Morgunblaðið 25., 26., 28. og 29. mars 1995 — þ.e. vitninu verði gert skylt að svara spurningum um á hvaða heimildum hún hafi byggt greinaskrifin.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist að framangreindri kröfu sóknaraðila verði synjað.

II.

Með bréfi dagsettu 7. nóvember sl. fór sóknaraðili þess á leit við dóminn, með vísan til 74. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, að varnaraðili yrði kvödd fyrir dóm til að gefa vitnaskýrslu varðandi ætlað brot á þagnarskyldu skv. 43. gr., sbr. 100. gr. laga nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði, og 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, í RLR máli nr. 3455/95. Beiðnin er sett fram vegna opinberrar rannsóknar er beinist að því að upplýsa hvort varnaraðili hafi við ritun greinaflokks sem birtist í Morgunblaðinu dagana 25., 26., 28. og 29. mars sl. um endalok Sambands íslenskra samvinnufélaga, byggt skrif sín á trúnaðarupplýsingum sem ætla megi að maður sem bundinn er þagnarskyldu samkvæmt lögum nr. 43/1993, hafi látið varnaraðila í té. Í greinaflokki þessum var meginumfjöllunarefnið hvernig Landsbanka Íslands tókst að leysa upp viðskiptaveldi Sambandsins, án þess að bankinn yrði fyrir milljarða tapi.

Ríkissaksóknari mælti fyrir um rannsókn þessa af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins með bréfi dagsettu 1. ágúst sl., eftir að bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hafði með bréfi dagsettu 26. júlí sl. lagt málið fyrir ríkissaksóknara. Í samantekt bankaeftirlitsins sem fylgdi bréfi þess til ríkissaksóknara eru tilfærð dæmi um ummæli í blaðagreinunum um

endalok Sambandsins, sem talin eru vera tekin upp úr eða styðjast við gögn Landsbankans um uppgjör Sambandsins. Í samantektinni eru einnig listuð upp gögn, allt trúnaðargögn eða trúnaðarupplýsingar, sem bankaeftirlitið telur að varnaraðili hafi haft undir höndum eða haft upplýsingar um við ritun blaðagreinanna.

Við lögregluyfirheyrslu þann 6. nóvember sl. neitaði varnaraðili að svara spurningum um á hvaða heimildum hún hafi byggt greinaskrifin sem og öðrum spurningum er lutu að heimildum hennar og heimildarmanni eða -mönnum. Lýsti hún því yfir að hún teldi synjun sína um heimildir og heimildarmenn eiga stoð í 8. kafla laga nr. 19/1991. Í framhaldi af því sendi sóknaraðili málið til dómsins. Við skýrslutöku hér fyrir dómi þann 17. nóvember sl. neitaði varnaraðili að svara framangreindum spurningum og krafðist sóknaraðili þess þá að varnaraðila yrði með úrskurði lýst rétt og skylt að svara spurningunum.

Af hálfu sóknaraðila og varnaraðila hafa verið lagðar fram greinargerðir. Í framhaldi af framlagningu þeirra fór fram munnlegur málflutningur þann 6. þ.m., en að svo búnu var málið tekið til úrskurðar.

III.

Af hálfu sóknaraðila er á því byggt að starfsmenn ríkisbankans Landsbanka Íslands, svo sem bankastjórar og bankaráðsmenn, gegni opinberu starfi í skilningi XIV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Þagnarskyldubrot starfsmanns ríkisbanka sýnist beinlínis varða við 136. gr. laga nr. 19/1940, enda sé þar fjallað um brot í opinberu starfi. Væri þetta ákvæði ekki í XIV. kafla laganna myndu þagnarskyldubrot starfsmanns ríkisbanka væntanlega varða við 43. gr. laga nr. 43/1993, sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt meginreglu 1. mgr. 49. gr. laga nr. 19/1991 sé öllum skylt að koma fyrir dóm í opinberu máli á varnarþingi sínu og bera þar vitni. Frá þessari meginreglu séu mikilvægar undantekningar sem komi fram í 50.–55. gr. laganna. Það ákvæði sem hér skipti máli sé í 1. mgr. 53. gr. laganna, en það sé sniðið eftir 172. gr. dönsku réttarfarslaganna. Túlka verði ákvæðið þannig að þeim sem ábyrgð ber að lögum á efni prentaðs rits eða öðru efni sem birt er opinberlega sé óskylt að skýra frá því fyrir dómi hver sé höfundur eða heimildarmaður að grein eða frásögn sem birst hefur, nema vitnisburðar sé krafist vegna afbrots sem ætla megi að varða muni þyngri refsingu en sektum eða varðhaldi eða vegna brots gegn þagnarskyldu í opinberu starfi, enda sé vitnisburður nauðsynlegur fyrir rannsókn málsins og ríkir hagsmunir í húfi. Gögn málsins beri með sér að vitnisburðurinn sé nauðsynlegur fyrir rannsóknina. Mikilvæg ástæða bankaleyndar sé hagsmunir einstakra viðskiptamanna bankans af því að málefni sem varða fjárhag þeirra og bankinn fær vitneskju um verði ekki opinberaður óviðkomandi aðilum. Þessir hagsmunir geti verið afar mikilvægir, t.d. þegar samband viðskiptavinarins við bankann varðar þýðingarmikil viðskiptaleyndarmál, en þetta geti einnig varðað persónulega hagsmuni.

Bankaleyndin myndi ekki hafa verið eins lífseig og raun ber vitni ef einungis væri um að ræða tillitið til einkahagsmuna viðskiptavina bankans. Skýringin á því hve lífseig bankaleyndin er hljóti að liggja í þýðingu og mikilvægi leyndarinnar fyrir markmið bankakerfisins. Óundanþæg forsenda þess að bankarnir eigi að geta fullnægt hlutverki sínu í atvinnulífinu og samfélaginu yfirleitt sé að þeir auðsýni viðskiptavinum sínum trúnað og láti viðskiptavini sína njóta trúnaðar. Grundvallarskilyrði þess að aðili fái yfir höfuð tækifæri til að geyma trúnaðarmál annars sé að hann varðveiti þau leyndarmál

sem honum sé trúað fyrir. Viðskiptavinir sem tapi trausti sínu á banka sem bregst trúnaði þeirra snúi sér til annarra banka.

Ætla megi að í því tilviki sem hér um ræðir hafi forsvarsmaður ríkisbanka, bankastjóri eða bankaráðsmaður, brugðist trúnaði viðskiptamanns bankans og um leið bankanum sem hann starfar við. Miklu skipti að trúnaðarbresturinn verði upplýstur, enda mikið í húfi.

Af hálfu varnaraðila er á það bent að verið sé að rannsaka hvort bankastarfsmenn hafi gerst sekir um refsiverð brot gegn 43. gr. laga nr. 43/1993 þar sem kveðið sé á um þagnarskyldu starfsmanna viðskiptabanka og sparisjóða, sbr. 100. gr. sömu laga. Sóknaraðili vísi einnig til þess að brotið hafi verið gegn 136. gr. almennra hegningarlaga. Því sé mótmælt að sú lagatilvísun geti átt við, sé það talið skipta máli, þar sem þagnarskylda bankastarfsmanna sé að öllu leyti hin sama skv. lögum nr. 43/1993 hvort heldur banki sé í eigu ríkisins eða einkaaðila.

Krafa varnaraðila um að vera undanþegin vitnaskyldu sé í fyrsta lagi byggð á 51. gr. laga nr. 19/1991. Þar sé kveðið svo á að manni sé ekki skylt að svara spurningu að viðlagðri vitnaábyrgð ef ætla megi að svar við henni feli í sér játningu eða bendingu um að hann hafi framið refsiverðan verknað. Hér standi svo á að verið sé að rannsaka hvort starfsmenn banka hafi brotið lagareglur um þagnarskyldu. Ef þær sakargiftir væru réttar sé væntanlega um að ræða trúnaðarmál sem varnaraðili eigi að hafa birt í Morgunblaðinu með greinum sínum. Sé einhver fótur fyrir þessum rannsóknartilefnum sé væntanlega ljóst að varnaraðili kynni með vísan til 22. gr. laga nr. 19/1940, hvort sem er beint vegna 136. gr. sömu laga eða með lögjöfnun vegna laga nr. 43/1993, að verða talinn hlutdeildarmaður í meintum brotum, annaðhvort eða bæði fyrir að hafa aflað meintra trúnaðarupplýsinga eða fyrir að hafa birt þær almenningi í blaðinu. Þessi aðstaða leiði til þess að 51. gr. laga nr. 19/1991 hljóti að undanþiggja varnaraðila skyldunni til að svara.

Í annan stað bendir varnaraðili á að réttur hennar til að synja svörum sé byggður á því að henni sé stöðu sinnar vegna óskylt að gefa upp heimildir sínar að greinunum í blaðinu. Sé þá átt við að hagsmunir almennings af frelsi fjölmiðla til efnisöflunar og tjáningar yrðu skertir ef réttarframkvæmd tryggi blaðamönnum ekki réttinn til að virða trúnað við heimildarmenn sína. Vísað sé til 73. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 11. gr. stjórnskipunarlaga, nr. 97/1995, sbr. áður 72. gr. stjórnarskrárinnar, 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sem veitt hafi verið lagagildi með lögum nr. 62/1994 og 53. gr. laga nr. 19/1991.

Á því leiki vart vafi að a.m.k. eftir gildistöku laga nr. 62/1994 og enn frekar eftir breytingu stjórnarskrárinnar með lögum nr. 97/1995 njóti réttur manna til að taka við upplýsingum og miðla þeim áfram sérstakrar verndar. Þessi vernd fái sérstaka þýðingu þegar í hlut eigi blöð og blaðamenn í lýðræðisríkjum sem gegni veigamiklu hlutverki í þágu hins lýðræðislega þjóðskipulags. Verði að ætla þeim víðtækt frelsi til að afla sér upplýsinga, án þess að þeir sem upplýsingar vilja veita án þess að gefa upp nafn sitt þurfi að óttast að trúnaður við þá verði rofinn. Nauðsynlegt sé að hafa í huga að meginefni greina varnaraðila í Morgunblaðinu hafi varðað samskipti félags með víðtækri þátttöku almennings við ríkisbanka. Ljóst sé því að efnið sem um var fjallað varðaði almannahagsmuni og hafi átt fullt erindi til almennings. Við birtingu upplýsinga um slík efni séu fjölmiðlar aðeins að gegna lýðræðislegri skyldu sinni.

Að því er varðar skýringu á 53. gr. laga nr. 19/1991 sé í fyrsta lagi á því byggt að 1. mgr. undanþiggi varnaraðila skyldu til vitnisburðar. Árétta beri að það geti ekki átt við hér að verið sé að rannsaka brot gegn þagnarskyldu í opinberu starfi. Brot gegn tilgreindum ákvæðum laga nr. 43/1993 varði aðeins sektum eða varðhaldi, þannig að undanþága

greinarinnar eigi beint við, enda hljóti varnaraðili í þessu tilliti að verða lögð að jöfnu við þann sem „ber ábyrgð á efni prentaðs rits“. Jafnvel þótt fótur þætti vera fyrir þeirri ætlan sóknaraðila að verið sé að rannsaka brot í opinberu starfi þá verði aldrei talið að skilyrðum greinarinnar um nauðsyn vitnisburðar og ríka hagsmuni sé fullnægt. Við mat á hagsmunum verði m.a. að hafa í huga hina enn ríkari hagsmuni sem varnaraðili vilji vernda.

Verði talið að framangreindar ástæður dugi ekki til þess að taka kröfur varnaraðila til greina, sé að lokum bent á heimildarákvæði 2. mgr. 53. gr. laga nr. 19/1991. Í því efni sé vísað til þess sem fyrr sagði um mat á þeim hagsmunum sem um er fjallað í málinu. Að auki beri að nefna að það tilheyri starfsskyldum varnaraðila að virða siðareglur blaðamanna, m.a. um trúnað við heimildarmenn. Með því að úrskurða varnaraðila skylt að svara væri verið að knýja varnaraðila til að brjóta gegn þessum starfsskyldum.

IV.

Heimild sóknaraðila til að leggja mál þetta fyrir dómara er í 74. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála. Fjallar VIII. kafli laganna um vitni o.fl. 1. mgr. 49. gr. laganna hefur að geyma meginregluna um að öllum sé skylt að koma fyrir dóm í opinberu máli á varnarþingi sínu og bera þar vitni. Undantekningar frá þessari meginreglu er að finna í 50.–55. gr. laganna. Að því er varðar þá sem að lögum bera ábyrgð á efni prentaðs rits eða öðru efni sem birt er opinberlega er slíkt undanþáguákvæði að finna í 1. mgr. 53. gr. laganna. Fram kemur í greinargerð með lögunum að ákvæðið sé sniðið eftir 172. gr. dönsku réttarfarslaganna. Lýtur ákvæðið að því að framangreindum aðilum sé óskylt að skýra frá því fyrir dómi hver sé höfundur að riti, grein, frásögn eða tilkynningu sem birst hefur án þess að höfundur væri nafngreindur. Skýra verður ákvæðið þannig að það taki einnig til þess tilviks sem hér er til úrlausnar, þ.e. að sá sem er heimildarmaður falli einnig undir það. Frá ákvæðinu er hins vegar sú undantekning að þetta eigi ekki við ef krafist er vitnisburðar vegna afbrots sem ætla má að varða muni þyngri refsingu en fésektum eða varðhaldi, eða vegna brots gegn þagnarskyldu í opinberu starfi, en það skilyrði er sett að vitnisburðurinn sé nauðsynlegur fyrir rannsókn málsins og ríkir hagsmunir í húfi.

Eins og málið liggur fyrir verður ekki talið að greinarskrifin séu varnaraðila saknæm þannig að 51. gr. laga nr. 19/1991 eigi við. Verður niðurstaða málsins einungis byggð á því hvernig beita skuli 1. mgr. 53. gr. laganna. Í því sambandi verður fyrst að líta til þess að sá banki sem grunur leikur á að trúnaðargögn og trúnaðarupplýsingar séu komin úr er í eigu íslenska ríkisins.

Af hálfu varnaraðila er því mótmælt að ákvæði almennra hegningarlaga um þagnarskyldu eigi við um bankastarfsmenn. Gildi þar einu hvort þeir séu starfsmenn einkabanka eða ríkisbanka. Um þá gildi einungis ákvæði laga nr. 43/1993 og því eigi skírskotun til 136. gr. laga nr. 19/1940 ekki við. Fram kemur í gögnum málsins að grunur sóknaraðila beinist einkum að því að fyrirsvarsmaður Landsbankans, bankastjóri eða bankaráðsmaður, sé heimildarmaður og sá sem afhent hafi trúnaðargögnin. Á því leikur ekki vafi að þeir sem að framan eru nefndir eru opinberir starfsmenn í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. hrd. í málinu nr. 146/1995, og falla því hvað refsiábyrgð varðar undir ákvæði XIV. kafla almennra hegningarlaga.

Samanburður á þeim hluta rannsóknargagna málsins sem flokkast sem trúnaðargögn við orðalag í blaðagreinum varnaraðila bendir eindregið til að varnaraðili hafi haft þessi gögn við að styðjast. Er því uppi rökstuddur grunur um að miðlun upplýsinganna til varnaraðila stafi frá einhverjum þeirra sem fyrr eru nefndir, og að með því kunni ekki einungis að hafa verið brotið gegn 43. gr. laga nr. 43/1993 heldur einnig 136. gr. laga nr. 19/1940. Við skoðun rannsóknargagna málsins er einnig ljóst að framhald rannsóknarinnar veltur að verulegu leyti á því hvort varnaraðili beri vitni um þau atriði sem krafa sóknaraðila lýtur að. Það skilyrði 1. mgr. 53. gr. laga nr. 19/1991 að vitnisburður sé nauðsynlegur fyrir rannsókn málsins er því uppfyllt. Eftir stendur þá að meta hve ríkir hagsmunir séu í húfi að réttlætt geti framgang kröfu sóknaraðila. Þess er þá fyrst að geta að þess sér hvergi stað í gögnum málsins að sá aðili sem trúnaður virðist hafa verið brotinn gagnvart hafi látið uppi álit um að hann hafi skaðast vegna greinaskrifanna eða að athugasemdir hafi verið gerðar við þau af hans hálfu. Nærlægast væri því að láta við svo búið sitja. Allt að einu verður hér að líta til fleiri þátta. Eins og áður er að vikið beinist grunur rannsóknara að tiltölulega fámennum hópi manna sem liggi þá allir, sekir jafnt sem saklausir, undir grun um ætlað þagnarskyldubrot er varðað gæti refsingu samkvæmt 43. gr. laga nr. 43/1993 og 136. gr. almennra hegningarlaga. Einnig verður í þessu samhengi að líta til hlutverks þess aðila sem hratt rannsókninni af stað, þ.e. bankaeftirlits Seðlabankans. Eins og nafn þeirrar stofnunar gefur til kynna er hún eftirlitsstofnun með bönkum og sparisjóðum. Myndi það rýra mjög skilvirkni eftirlitsins ef þeir sem eftirlitinu sæta gætu með því sem sýnist vera yfirborðslegar skýringar og svör komið sér undan rannsókn.

Að öllu þessu athuguðu og virtu verður niðurstaða dómsins sú að nægjanlega ríkir hagsmunir séu í húfi í skilningi 1. mgr. 53. gr. laga nr. 19/1991 til þess að unnt sé að taka kröfu sóknaraðila til greina. Er varnaraðila samkvæmt framansögðu skylt að bera vitni í máli þessu.

Úrskurðarorð:

Varnaraðila, Agnesi Bragadóttur, blaðamanni á Morgunblaðinu, er skylt að koma fyrir dóm sem vitni til skýrslugjafar í RLR máli nr. 3455/95.

Fylgiskjal V.

Leiðari Morgunblaðsins.
(16. desember 1995.)

Réttur blaðamanna — réttur fólksins.

Síðastliðinn vetur birtist hér í Morgunblaðinu greinaflokkur eftir einn af blaðamönnum blaðsins þar sem fjallað var um endalok Sambands ísl. samvinnufélaga og uppgjör á skuldbindingum þess við Landsbanka Íslands, sem var aðalviðskiptabanki Sambandsins, meðan það var umsvifamesta viðskiptasamsteypa, sem rekin hefur verið á Íslandi. Greinaflokkur þessi átti sér langan aðdraganda. Fyrir um það bil tveimur og hálfu ári hófust umræður á ritstjórn Morgunblaðsins um nauðsyn þess að gera endalokum þessa mikla viðskiptaveldis einhver skil. Niðurstaða þeirra umræðna og þeirrar vinnu, sem fór fram nokkru síðar, birtist í fyrrnefndum greinaflokki. Greinar þessar voru að sjálfsögðu skrifaðar að frumkvæði ritstjóra Morgunblaðsins og á þeirra ábyrgð, þótt einn af blaðamönnum blaðsins, Agnes Bragadóttir, skrifaði þær undir nafni. Fullt og náið samráð var á milli blaðamanns og ritstjóra Morgunblaðsins um skrif greinanna og endanlegan frágang þeirra til birtingar.

Markmiðið með greinum þessum var tvíþætt. Í fyrsta lagi að gera einhverja grein fyrir því hvernig mesta viðskiptaveldi Íslandssögunnar gat hrunið með þeim hætti sem Sambandið gerði og hins vegar á hvern veg þjóðbankanum, Landsbanka Íslands, tókst að lágmarka tap sitt og þar með viðskiptamanna bankans vegna þessa hruns. Hér voru miklir almannahagsmunir í húfi og eðlileg krafa að almenningur hefði aðgang að einhverjum upplýsingum um þetta mál. Þegar greinarnar birtust var viðskiptum Sambandsins að langmestu leyti lokið. Hér var því um að ræða að safna saman upplýsingum um sögulegar staðreyndir, sem engan gátu skaðað, en ekki upplýsingum um viðskipti fyrirtækis í fullum rekstri við viðskiptabanka sinn. Slíkar sögulegar upplýsingar um viðskipti fyrirtækja við banka hafa áður komið fram, m.a. um viðskipti Landsbankans við Kveldúlf hf., án þess að ríkissaksóknari og Rannsóknarlögregla ríkisins hafi komið til sögunnar.

Þegar fréttir birtust í öðrum fjölmiðlum um að bankastjórn Seðlabankans hefði sent erindi til ríkissaksóknara vegna birtingar þessara greina og meints brots á bankaleynd höfðu ritstjórar Morgunblaðsins samband við formann bankastjórnar Seðlabankans og óskuðu eftir að fá í hendur þær upplýsingar, sem bankinn hefði sent til ríkissaksóknara. Þeirri ósk var hafnað á þeirri forsendu að öðrum fjölmiðlum hefði verið neitað um slíkar upplýsingar og eitt yrði yfir alla að ganga. Þegar á það var bent að krafa Seðlabankans um rannsókn beindist að Morgunblaðinu en ekki öðrum fjölmiðlum var því svarað til að hún beindist ekki að blaðinu heldur meintum brotum bankastarfsmanna. Eins og öllum er nú ljóst hefur þetta mál frá upphafi snúist um þann grundvallarrétt blaðamanna að vernda heimildir sínar, rétt sem er virtur í lýðræðisríkjum um heim allan.

Þegar blaðamaður Morgunblaðsins var kvaddur til yfirheyrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríksins neitaði hann að svara spurningum rannsóknarlögreglumanna um heimildarmenn sína. Rannsóknarlögreglan krafðist þess þá að héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði að blaðamaðurinn væri skyldur til að gefa slíkar upplýsingar.

Í greinargerð sem Rannsóknarlögregla ríkisins lagði fram í héraðsdómi Reykjavíkur hinn 5. desember sl. er vegið alvarlega að heiðri Morgunblaðsins og starfsheiðri þess blaðamanns, sem greinarnar skrifaði. Þar eru birtar stuttar tilvitnanir í umræddar greinar og síðan segir: „Þessar glefsur bera meginmarkmiði blaðagreinanna vitni; að varpa ljóma á tiltekna starfsmenn Landsbanka Íslands á kostnað viðskiptamanns Landsbanka Íslands og fyrirsvarsmanna hans, Sambands íslenskra samvinnufélaga. Á birting trúnaðarupplýsinga af þessu tagi og með hætti sem gert var tæpast nokkuð skylt við lýðræðislegt hlutverk fjölmiðla."

Það er með ólíkindum að slík orð skuli látin falla af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins í umræddri greinargerð. Meginmarkmið blaðagreinanna var að upplýsa almenning á Íslandi um málefni, sem vörðuðu almannahagsmuni. Þeir almannahagsmunir liggja í augum uppi, þar sem spurning var um hvort miklir fjármunir töpuðust eða hvort þeim yrði hægt að bjarga að hluta til.

Í greinargerð Rannsóknarlögreglu ríkisins eru einnig hafðar uppi dylgjur í garð fyrirsvarsmanna Landsbanka Íslands. Þar segir: „Ætla má að í því tilviki, sem hér er fjallað um, hafi fyrirsvarsmaður ríkisbanka, bankastjóri eða bankaráðsmaður, brugðist trúnaði viðskiptamanns hrapallega og um leið bankanum, sem hann starfar við." Væri ekki við hæfi að Rannsóknarlögregla ríkisins sannaði slíkar fullyrðingar í stað þess að hafa uppi dylgjur sem þessar? Þeir sem starfa við fjölmiðla vita hins vegar að upplýsingar berast oft til þeirra með margvíslegum hætti og ekki alltaf á þann veg, sem þeir sem utan við standa telja að liggi beinast við.

Héraðsdómur Reykjavíkur komst að þeirri niðurstöðu í gær að blaðamanni Morgunblaðsins væri skylt að koma fyrir dóm, sem vitni til skýrslugjafar. Rök héraðsdómsins eru þau að svo ríkir hagsmunir séu í húfi að komast að niðurstöðu um það hvort bankamenn hafi rofið bankaleynd og að skilvirkni bankaeftirlits verði ekki rýrð, að þeir séu ríkari en þeir hagsmunir, sem lúta að frjálsri blaðamennsku og rétti blaðamanna á Íslandi til að vernda heimildir sínar, rétti sem er viðurkenndur í lýðræðisríkjum um allan heim.

Af hálfu Morgunblaðsins hefur þessi úrskurður þegar verið kærður til Hæstaréttar Íslands. Þetta mál snýst nú um grundvallaratriði frjálsrar blaðamennsku fyrst og síðast en ekki hagsmuni Sambandsins, sem hefur ekki skaðast á nokkurn hátt, eins og raunar kemur fram í forsendum úrskurðarins. Þeir hagsmunir sem í húfi eru snúast um starfsskilyrði og aðstöðu fjölmiðla og starfsmanna þeirra til þess að halda uppi upplýsingamiðlun um mikilsverð málefni, sem varða almannahag. Slíkt mál hefur ekki fyrr komið upp á tímum lýðræðis á Íslandi. Engir hagsmunir geta verið ríkari en þeir sem snúa að lýðræði, tjáningarfrelsi og rétti almennings til upplýsinga, sem varða hagsmuni hans. Þessa hagsmuni er Morgunblaðið að verja.

455. Breytingartillögur [225. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir árið 1996 og brtt. á þskj. 438.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, SP, GMS, PHB, EOK, VS).

1. Við 18. gr. 2. efnismgr. orðist svo:
   Af dæmdum eða ákvörðuðum bótum, að vöxtum meðtöldum, greiðir ríkissjóður ekki hærri fjárhæð en:
   a. 250.000 kr. fyrir tjón á munum,
   b. 2.500.000 kr. fyrir líkamstjón,
   c. 600.000 kr. fyrir miska,
   d. 2.500.000 kr. fyrir missi framfæranda.
2. Við 20. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða:
   a. Í stað orðanna „1. janúar 1996“ í ákvæði til bráðabirgða kemur: 1. júlí 1996.
   b. Við bætist ný málsgrein, 2. mgr., er orðist svo:
      Gagnvart ríkissjóði ber krafa um bætur vegna verknaðar sem framinn var fyrir gildistöku laga þessara fyrst vexti frá 1. júlí 1996.
3. Við 28. gr. Við 3. málsl. bætist: með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála.
4. Við 3. tölul. á þskj. 438. Í stað „35%“ komi: 30%.
5. Við 35. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Inngangsmálsgrein greinarinnar orðist svo:
      Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:
      Frá 1. janúar 1996 til ársloka 1997 skulu eftirfarandi ákvæði gilda í stað ákvæða 65. gr. laganna:
   b. Á eftir 1. málsl. efnismálsgreinar komi nýr málsliður svohljóðandi: Til hliðsjónar við ákvörðun bóta skal hafa þróun launa, verðlags og efnahagsmála.
6. Við 61. gr. Greinin falli brott.

456. Breytingartillaga [43. mál]

við brtt. á þskj. 422 [Lánsfjárlög 1996].

Frá Vilhjálmi Egilssyni, Valgerði Sverrisdóttur, Sólveigu Pétursdóttur, Gunnlaugi M. Sigmundssyni, Pétri H. Blöndal og Einari Oddi Kristjánssyni.

Við 3. lið brtt. bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

Spölur hf., allt að 1.000 m.kr. vegna kostnaðar við gerð vegganga undir Hvalfjörð og tengingu þeirra við vegakerfið. Heimildin er veitt með því skilyrði að ríkissjóði standi til boða að kaupa hlutabréf Spalar hf. eigi síðar en árið 2018 og að staðfest kostnaðar- og tekjuáætlun sé við það miðuð að öllum greiðslum af lánum og innheimtu veggjalds verði lokið innan 30 ára eftir að veggöngin verða tekin í notkun.

457. Frumvarp til laga [262. mál]

um hagræðingu í ríkisrekstri.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, VS, GMS, SP, EOK, PHB).

1. gr.

Ekki má setja á fót nýja ríkisstofnun, nema með lögum. Hlutaðeigandi ráðherra er þó heimilt, telji hann það hagkvæmt, að sameina þjónustusvæði og semja við sveitarfélög eða einkaaðila um að þeir taki að sér að veita þjónustu sem tiltekinni ríkisstofnun er ætlað að veita, svo og að heimila einni ríkisstofnun að taka að sér þjónustu sem er á ábyrgð annarrar ríkisstofnunar. Flutningur verkefna og fjárheimilda samkvæmt lögum þessum skal vera tímabundinn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að ráðuneytum verði heimilt að færa verkefni milli stofnana eða fela sveitarfélögum og einkaaðilum að veita lögbundna þjónustu fyrir hönd ríkissjóðs, enda sé það talið hagkvæmt. Við það er miðað að mögulegt sé að breyta þjónustusvæðum og að um tímabundna samninga um þjónustuviðskipti verði að ræða. Breytingin eykur sveigjanleika í ríkisrekstrinum og gefur möguleika á hagræðingu.

458. Framhaldsnefndarálit [43. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1996.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Meiri hluti nefndarinnar hefur flutt breytingartillögu á þskj. 456 um sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs fyrir Spöl hf. Ábyrgðin er tilkomin vegna eftirfarandi:

1. Til þess að unnt yrði að ganga frá samningum við Enskilda Bank í Svíþjóð var óhjákvæmilegt að verktakar tækju á sig kostnað vegna tafa á því að vinna við jarðgöngin gæti hafist. Jafnframt hafa verktakar tekið ábyrgð á kostnaði sem verða kann ef verklok dragast fram yfir það sem samið er um. Þá bera verktakar ábyrgð á vissum ófyrirséðum áhættuþáttum sem ekki er hægt að tryggja sig fyrir. Ábyrgð af þessum sökum nemur allt að 300 millj. kr. sem þó gjaldfalla ekki fyrr en séð verður að staðið verður við samninginn.
2. Taldar eru 1–12% líkur á að til frekari styrkingar á göngunum en segir í verksamningi kunni að koma. Ógjörningur er að meta slíkan ófyrirsjáanlegan kostnað en hér er reiknað með að ríkisábyrgð af þessum sökum á lánum til Spalar hf. kunni að nema allt að 300 millj. kr. sem gjaldfalla einu ári eftir að göngin hafa verið tekin í notkun.

3. Reiknað er með að vegtenging við göngin kosti um 800 millj. kr. Gert er ráð fyrir að Spölur hf. taki lán með ríkisábyrgð fyrir helming fjárhæðarinnar sem endurgreiðist af veggjaldi. 400 millj. kr. verða greiddar af vegafé Reykjaneskjördæmis og Vesturlandskjördæmis á árunum 1999–2003 en vextir greiðast þó af óskiptu fé vegasjóðs.

Alþingi, 20. des. 1995.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Sólveig Pétursdóttir.
Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Pétur H. Blöndal.	Einar Oddur Kristjánsson.

459. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1996.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft fjárlagafrumvarpið til athugunar frá því að 2. umræða fór fram 14. desember sl. Til viðræðna við nefndina komu forsvarsmenn B-hlutastofnana, þ.e. Ríkisútvarpsins og Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Fulltrúar efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins og Þjóðhagsstofnunar komu á fund nefndarinnar til viðræðna um tekjuhlið frumvarpsins og horfur í þjóðarbúskapnum.

Í máli fulltrúa Þjóðhagsstofnunar kom fram að horfur í efnahagsmálum eru hagstæðari en gert var ráð fyrir í þjóðhagsáætlun sem lögð var fyrir Alþingi í haust.

Á árinu 1995 varð minni aukning á útflutningi vöru og þjónustu en reiknað var með í þjóðhagsáætlun, eða 0,3%, en áætlunin gerði ráð fyrir 3,2%. Verðbólga á árinu 1995 verður nokkurn veginn sú sama og spáð var eða 1,6% á milli ára. Nú er gert ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aukist um 4% frá árinu 1994 samanborið við 3,5% í þjóðhagsáætlun.

Þjóðhagsstofnun áætlar að þjóðarútgjöld aukist um 4,9% á árinu. Afgangur á viðskiptajöfnuði stefnir í að verða minni á þessu ári en gert var ráð fyrir. Reiknað er með að afgangurinn verði 2 milljarðar kr. á þessu ári í stað 4,7 milljarða kr. samkvæmt þjóðhagsspá. Þjóðhagsstofnun gerir nú ráð fyrir að hagvöxtur á árinu verði 2,6% í stað 3,2% í þjóðhagsáætlun og spáir 3,2% hagvexti á næsta ári og aukningu þjóðartekna um 3,7%.

Vegna aukinna umsvifa í þjóðarbúskapnum er gert ráð fyrir að atvinnuleysi minnki á árinu 1996 og verði 4% í stað 5% eins og þjóðhagsáætlun gerir ráð fyrir. Þjóðhagsstofnun telur líklegt að verðbólga aukist nokkuð á næsta ári og er því spáð að neysluverð hækki um 2,75% milli ára.

Gert er ráð fyrir mun óhagstæðari viðskiptajöfnuði en í þjóðhagsáætlun. Nú er talið að hann verði 7,3 milljarðar kr. á árinu 1996 í stað 3,6 milljarða kr.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu mála og mun minni hlutinn skila sérstöku nefndaráliti. Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem hann stendur að og gerðar eru tillögur um á sérstökum þingskjölum. Tillögur meiri hluta nefndarinnar, er varða útgjöld A-hluta ríkissjóðs, leiða til hækkunar útgjalda um 829,6 m.kr.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1996 var reiknað með að tekjur ríkissjóðs yrðu 119,9 milljarðar kr., en nú er gert ráð fyrir að tekjurnar verði 120,9 milljarðar kr. eða 976 m.kr. meiri en í fjárlagafrumvarpinu eins og það var lagt fram í haust.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

201 Alþingi: Viðfangsefnið 5.20 Fasteignir hækkar um 20 m.kr. og verður 54 m.kr. vegna endurbóta á húseignum Alþingis.

01 Forsætisráðuneyti

101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa: Framlag hækkar um 6 m.kr. vegna formennsku Íslands í EFTA.

190 Ýmis verkefni: Tekinn er inn nýr liður, 1.52 Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku. Framlag er 4 m.kr. og er ætlað til að undirbúa hátíðarhöld árið 2000 til að minnast 1000 ára afmæli kristnitöku á Íslandi.

221 Byggðastofnun: Framlag til stofnunarinnar hækkar um 8 m.kr. og verður 218 m.kr. vegna sérstakra aðgerða til stuðnings ferðaþjónustu.

02 Menntamálaráðuneyti

201 Háskóli Íslands: Framlag til viðfangsefnisins 1.06 Kennslu- og vísindadeildir hækkar um 15 m.kr.

210 Háskólinn á Akureyri: Viðfangsefnið 1.01 Almennur rekstur hækkar um 1,5 m.kr. og verður 197 m.kr.

981 Kvikmyndasjóður: Viðfangsefnið 1.01 Almennur rekstur hækkar um 9,3 m.kr. og verður 98 m.kr.

982 Listir, framlög: Viðfangsefnið 1.30 Íslenska óperan hækkar um 6,8 m.kr. og verður 53,3 m.kr.

983 Ýmis fræðistörf: Tekinn er inn nýr liður, 1.23 Hið íslenska bókmenntafélag. Veitt er sérstök fjárveiting að fjárhæð 12 m.kr. til að ljúka megi útgáfu Sögu Íslands.

989 Ýmis íþróttamál: Viðfangsefnið 1.14 Íþróttasamband fatlaðra hækkar um 4 m.kr. og verður 12,5 m.kr. Hækkunin er vegna þátttöku íþróttasambandsins á Ólympíuleikum fatlaðra.

999 Ýmislegt: Viðfangsefnið 1.63 Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna hækkar um 2 m.kr. og verður 7,5 m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefnið 1.01 Yfirstjórn hækkar um 3 m.kr. og verður 319,7 m.kr. Hækkunin er vegna samstarfsnefndar utanríkisráðuneytis, sjávarútvegsráðuneytis og iðnaðarráðuneytis um verkefnaútflutning.

390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands: Framlag hækkar um 5 m.kr. og verður 157,6 m.kr. Á móti lækkar framlag til fjárlagaliðarins 391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi um sömu fjárhæð.

391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi: Viðfangsefnið 1.14 Aðstoð Íslands á svæðum Palestínumanna í Ísrael lækkar um 5 m.kr. og verður 20,1 m.kr. en á móti hækkar framlag til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands um sömu fjárhæð.

04 Landbúnaðarráðuneyti

101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefnið 1.01 Yfirstjórn hækkar um 2,2 m.kr. vegna stöðu ritara.

190 Ýmis verkefni: Tekinn er inn nýr liður, 1.55 Tilraunastöðin Stóra-Ármóti, og er framlag 1,5 m.kr., ætlað til að mæta afborgunum af lánum vegna framkvæmda við tilraunastöðina. Á móti lækkar framlag til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins um sömu fjárhæð.

211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins: Viðfangsefnið 1.01 Almennur rekstur hækkar um 2,5 m.kr. og verður 202,6 m.kr. Framlag hækkar um 4 m.kr. vegna breyttra áforma varðandi starfsemi RALA í straumfræðihúsi á Keldnaholti en á móti lækkar það um 1,5 m.kr. vegna framlags til Stóra-Ármóts á fjárlagalið 190 Ýmis verkefni.

821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins: Viðfangsefnið 1.01 Almenn starfsemi hækkar um 8,1 m.kr. og verður 208,1 m.kr. vegna endurgreiðslu stimpilgjalda.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefnið 1.01 Yfirstjórn hækkar um 3 m.kr. vegna samstarfsnefndar utanríkisráðuneytis, sjávarútvegsráðuneytis og iðnaðarráðuneytis um verkefnaútflutning.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

190 Ýmis verkefni: Viðfangsefnið 1.45 Mannréttindaskrifstofa Íslands hækkar um 1 m.kr. og verður 4 m.kr.

235 Bætur brotaþola: Þetta er nýr fjárlagaliður og er framlag 45 m.kr.

331 Umferðarráð: Framlag til fjárlagaliðarins lækkar um 13 m.kr. vegna hækkunar sértekna. Fyrirhugað er að leggja til breytingu við frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem leiðir til þess að umferðaröryggisgjald hækkar úr 100 kr. í 200 kr. Áætlað er að tekjur vegna þessarar hækkunar muni verða 13 m.kr. á næsta ári og færist það sem sértekjur á fjárlagalið Umferðarráðs.

417 Sýslumaðurinn í Bolungarvík: Heildarframlag hækkar um 14,9 m.kr. þar sem fallið er frá áformum um að leggja embættið niður. Hækkunin skiptist á tvo liði. Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 7,1 m.kr. og verður 11,7 m.kr. Viðfangsefni 1.20 Löggæsla hækkar um 7,8 m.kr. og verður 9,1 m.kr. Á móti lækkar framlag til sýslumannsins á Ísafirði um 7,1 m.kr.

418 Sýslumaðurinn á Ísafirði: Heildarframlag lækkar um 7,1 m.kr. þar sem fallið er frá áformum um að leggja niður sýslumannsembættið í Bolungarvík. Viðfangsefnið 1.01 Yfirstjórn lækkar um 0,2 m.kr. og verður 38,8 m.kr. Viðfangsefnið 1.20 Löggæsla lækkar um 6,9 m.kr. og verður 46,3 m.kr.

423 Sýslumaðurinn á Ólafsfirði: Heildarframlag hækkar um 15,1 m.kr. þar sem fallið er frá áformum um að leggja embættið niður. Hækkunin skiptist á tvo liði. Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 7,1 m.kr. og verður 12,4 m.kr. Viðfangsefni 1.20 Löggæsla hækkar um 8 m.kr. og verður 9,1 m.kr. Á móti lækkar framlag til sýslumannsins á Akureyri um 7,2 m.kr.

424 Sýslumaðurinn á Akureyri: Heildarframlag lækkar um 7,2 m.kr. þar sem fallið er frá áformum um að leggja niður sýslumannsembættið á Ólafsfirði. Viðfangsefnið 1.01 Yfirstjórn hækkar um 0,1 m.kr. og verður 73,6 m.kr. Viðfangsefnið 1.20 Löggæsla lækkar um 7,3 m.kr. og verður 97,8 m.kr.

434 Sýslumaðurinn í Keflavík: Framlag hækkar um 9 m.kr. vegna breytts fyrirkomulags á innheimtu opinberra gjalda á Suðurnesjum. Á móti fellur fjárlagaliðurinn 09-259 Gjaldheimta Suðurnesja niður.

07 Félagsmálaráðuneyti

722 Sólheimar Grímsnesi: Framlag hækkar um 17,4 m.kr. og verður 98,8 m.kr. í tengslum við fyrirhugaðan samning félagsmálaráðuneytis og Sólheima.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Framlag hækkar um 50 m.kr. og verður 2.161 m.kr. Hækkunin er vegna endurskoðunar á tekjuáætlun og felur einnig í sér fjárhæð sem ætluð er til átaks um sameiningu sveitarfélaga.

981 Vinnumál: Viðfangsefnið 1.90 Ýmislegt hækkar um 6 m.kr. og verður 24,8 m.kr.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður: Framlag lækkar um 400 m.kr. og verður 3.040 m.kr. Breytingin skiptist þannig að framlag hækkar um 150 m.kr. vegna hækkunar bóta atvinnuleysistrygginga. Á móti er í þjóðhagsspá gert ráð fyrir minna atvinnuleysi sem leiðir til 300 m.kr. lækkunar á útgjöldum sjóðsins. Enn fremur eru millifærðar 250 m.kr. af sjóðnum yfir á fjárlagalið 08-214 Eftirlaunasjóður aldraðra.

999 Ýmislegt: Viðfangsefnið 1.31 Félagasamtök, styrkir hækkar um 2 m.kr., og er ætlað til Blindrafélagsins. Gerð er breyting á sundurliðun liðarins frá 2. umræðu fjárlaga.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð: Framlag til almennrar starfsemi hækkar um 80 m.kr. og verður 3.865 m.kr. Hækkunin er tvíþætt. Annars vegar hækkar framlag um 30 m.kr. þar sem áform um lækkun heimildarbóta hafa verið endurskoðuð. Hins vegar hækkar framlag um 50 m.kr. í tengslum við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar gagnvart aðilum vinnumarkaðarins vegna hækkunar á bótum.

204 Lífeyristryggingar: Framlag hækkar um 460 m.kr. og verður 13.900 m.kr. Hækkunin er tilkomin vegna 3,5% hækkunar á helstu bótaflokkum lífeyristrygginga 1. janúar 1996 og vegna þess að áform um að telja fjármagnstekjur með í tekjugrunni við ákvörðun tekjutengdra bóta taka ekki gildi fyrr en 1. september 1996.

206 Sjúkratryggingar: Framlag lækkar um 135,2 m.kr. og verður 10.324,8 m.kr. Breytingin er margþætt. Í fyrsta lagi hækkar framlag um 10 m.kr. vegna breyttra sparnaðaráforma. Þar er annars vegar um að ræða 70 m.kr. hækkun vegna þess að ekki munu ganga eftir að fullu áform um hert eftirlit Tryggingastofnunar ríkisins með greiðslum samkvæmt samningum við ýmsar heilbrigðisstéttir og strangara eftirlit með erlendum sjúkrakostnaði. Á móti lækkar framlag um 60 m.kr. vegna endurskoðunar á greiðslum fyrir sérfræðilæknisþjónustu. Í öðru lagi lækkar framlag um 14,5 m.kr. á móti hækkun til Ríkisspítala vegna kaupa á hjartagangráðum. Í þriðja lagi lækkar framlag um 10,7 m.kr. á móti lækkun sértekna hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur vegna neyðarvaktar á Reykjavíkursvæðinu. Að lokum lækkar framlag um 120 m.kr. á móti lækkun sértekna á sjúkrahúsum en fallið hefur verið frá áformum í frumvarpi til fjárlaga um gjaldtöku á sjúkrahúsum.

208 Slysatryggingar: Framlag lækkar um 110 m.kr. og verður 390 m.kr. Lækkunin stafar af því að frá og með næsta ári verður útgerðum gert að greiða sérstakt iðgjald til slysatryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins til að standa undir aflahlut sem stofnunin greiðir sjómönnum vegna vinnuslysa.

214 Eftirlaunasjóður aldraðra: Framlag hækkar um 250 m.kr. og verður 350 m.kr. Á móti lækkar framlag til fjárlagaliðarins 07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður um sömu fjárhæð.

301 Landlæknir: Viðfangsefnið 1.01 Yfirstjórn hækkar um 2 m.kr. og verður 38,1 m.kr. Hækkunin er vegna átaks til að draga úr lyfjaávísunum og til fræðsluátaks um beinþynningu.

340 Málefni fatlaðra: Heildarframlag til liðarins er óbreytt en fjárveiting er flutt á milli viðfangsefna. Tekinn er inn nýr liður, 1.80 Gigtarráð, og er framlag 2 m.kr. en á móti lækkar framlag til viðfangsefnisins 1.90 Ýmis starfsemi um sömu fjárhæð.

350 Sjúkrahúsið Akranesi: Framlag til sjúkrahússins hækkar um 13,6 m.kr. og verður 448,2 m.kr. Breytingin er tvíþætt. Annars vegar hækka launagjöld um 7,6 m.kr. og er hluti af úthlutun af sérstökum hagræðingarlið og lækkar framlag á fjárlagalið 950 Rekstrarhagræðing um sömu fjárhæð. Hins vegar hækkar framlag um 6 m.kr. vegna lækkunar sértekna en fallið er frá áformum í frumvarpi til fjárlaga um gjaldtöku á sjúkrahúsum.

355 Sjúkrahús Austur-Húnvetninga, Blönduósi: Launagjöld hækka um 0,5 m.kr. sem er hluti af úthlutun af sérstökum hagræðingarlið og lækkar framlag á fjárlagalið 950 Rekstrarhagræðing um sömu fjárhæð.

356 Sjúkrahúsið Sauðárkróki: Launagjöld hækka um 5 m.kr. sem er hluti af úthlutun af sérstökum hagræðingarlið og lækkar framlag á fjárlagalið 950 Rekstrarhagræðing um sömu fjárhæð.

357 Sjúkrahúsið Siglufirði: Launagjöld hækka um 1,1 m.kr. sem er hluti af úthlutun af sérstökum hagræðingarlið og lækkar framlag á fjárlagalið 950 Rekstrarhagræðing um sömu fjárhæð.

358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri: Framlag til fjárlagaliðarins hækkar alls um 37 m.kr. Launagjöld hækka um 15 m.kr. vegna innbyrðis leiðréttinga á fjárveitingu til stofnunarinnar. Á móti lækkar framlag um sömu fjárhæð vegna hækkunar sértekna þannig að heildaráhrif verða engin. Í annan stað lækka sértekjur um 10 m.kr. en fallið er frá áformum í frumvarpi til fjárlaga um gjaldtöku á sjúkrahúsum. Í þriðja lagi hefur verið samþykkt 75% staða barna- og unglingageðlæknis við sjúkrahúsið. Fjárveiting vegna þessa er 4,5 m.kr. en á móti lækkar fjárveiting til fjárlagaliðarins 370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi um sömu fjárhæð. Að lokum hækkar rekstrarframlag til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri um 22,5 m.kr. og er það hluti af úthlutun af sérstökum hagræðingarlið og lækkar framlag á fjárlagalið 950 Rekstrarhagræðing um sömu fjárhæð.

361 Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað: Launagjöld hækka um 3 m.kr. sem er hluti af úthlutun af sérstökum hagræðingarlið og lækkar framlag á fjárlagalið 950 Rekstrarhagræðing um sömu fjárhæð.

363 Sjúkrahúsið Egilsstöðum: Launagjöld hækka um 1 m.kr. sem er hluti af úthlutun af sérstökum hagræðingarlið og lækkar framlag á fjárlagalið 950 Rekstrarhagræðing um sömu fjárhæð.

365 Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi: Launagjöld hækka um 1 m.kr. sem er hluti af úthlutun af sérstökum hagræðingarlið og lækkar framlag á fjárlagalið 950 Rekstrarhagræðing um sömu fjárhæð.

366 Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum: Launagjöld hækka um 1 m.kr. sem er hluti af úthlutun af sérstökum hagræðingarlið og lækkar framlag á fjárlagalið 950 Rekstrarhagræðing um sömu fjárhæð.

367 Sjúkrahúsið Suðurnesjum: Fjárveiting til almennrar starfsemi lækkar um 5 m.kr. sem er hlutur sjúkrahússins í þeim sérstaka sjóði sem nota skal til aukinnar samvinnu sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu og á Reykjanesi.

370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi: Framlag til almennrar starfsemi hækkar um 195,5 m.kr. og verður 220,5 m.kr. Annars vegar hækkar framlagið um 200 m.kr. vegna sérstaks sjóðs sem nota á til aukinnar samvinnu sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu og á Reykjanesi. Hins vegar lækkar framlagið um 4,5 m.kr. á móti hækkun til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri.

371 Ríkisspítalar: Heildarframlag til fjárlagaliðarins lækkar um 23,5 m.kr. Framlag hækkar um 14,5 m.kr. vegna kostnaðar við hjartagangráða en á móti lækkar framlag til sjúkratrygginga um sömu fjárhæð. Í öðru lagi lækkar fjárveiting til almennrar starfsemi um 120 m.kr. sem er hlutur Ríkisspítala í þeim sérstaka sjóði sem nota skal til aukinnar samvinnu sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu og á Reykjanesi. Loks hækkar framlag um 82 m.kr. vegna lækkunar sértekna en fallið er frá áformum í frumvarpi til fjárlaga um gjaldtöku á sjúkrahúsum.

375 Sjúkrahús Reykjavíkur: Heildarframlag til fjárlagaliðarins hækkar um 37,7 m.kr. Framlag til almennrar starfsemi lækkar um 70 m.kr. sem er hlutur sjúkrahússins í þeim sérstaka sjóði sem nota skal til aukinnar samvinnu sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu og á Reykjanesi. Framlag til fjárlagaliðarins hækkar um 107,7 m.kr. vegna lækkunar sértekna og er breytingin tvíþætt. Annars vegar lækka sértekjur um 97 m.kr. þar sem fallið er frá áformum í frumvarpi til fjárlaga um gjaldtöku á sjúkrahúsum. Hins vegar lækka sértekjur um 10,7 m.kr. vegna neyðarvaktar á Reykjavíkursvæðinu. Á móti lækkar framlag til sjúkratrygginga um sömu fjárhæð.

381 Sjúkrahús og læknisbústaðir: Viðfangsefnið 6.60 Tækjakaup hækkar um 2 m.kr. og verður 19,4 m.kr. Hækkunin er ætluð til hópslysabúnaðar á sjúkrahúsinu á Ísafirði.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi: Framlag til fjárlagaliðarins hækkar alls um 5,5 m.kr. og skiptist hækkunin á þrjú viðfangsefni. Framlag til viðfangsefnisins 1.59 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili hækkar um 2 m.kr. og verður 14 m.kr. Tekinn er inn nýr liður, 1.67 Sjálfsbjörg Reykjavík, og er framlagið 3 m.kr. sem er ætlað til félagsstarfsemi Sjálfsbjargar. Viðfangsefni 1.90 Ýmis framlög hækkar um 0,5 m.kr. og er framlagið ætlað til fræðslusamtaka um kynlíf og barneignir.

400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði: Framlag lækkar um 5 m.kr. sem er hlutur sjúkrahússins í þeim sérstaka sjóði sem nota skal til aukinnar samvinnu sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu og á Reykjanesi. Á móti hækkar framlag um 5 m.kr. vegna lækkunar sértekna en fallið er frá áformum í frumvarpi til fjárlaga um gjaldtöku á sjúkrahúsum.

404 Sjúkraskýlið Hólmavík: Launagjöld hækka um 2 m.kr. sem er hluti af úthlutun af sérstökum hagræðingarlið og lækkar framlag á fjárlagalið 950 Rekstrarhagræðing um sömu fjárhæð.

430 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun: Fjárveiting til almennrar starfsemi lækkar um 17 m.kr. vegna breytts fyrirkomulags sjúkraþjálfunar en á móti hækkar framlag um 3,3 m.kr. og er það hluti af úthlutun af sérstökum hagræðingarlið og lækkar framlag á fjárlagalið 950 Rekstrarhagræðing um sömu fjárhæð. Framlag til fjárlagaliðarins hækkar um 17 m.kr. vegna lækkunar sértekna.

500 Heilsugæslustöðvar, almennt: Framlag til viðfangsefnisins 1.10 Almenn starfsemi lækkar um 5 m.kr. vegna nýrra stöðuheimilda í heilsugæslu. Á móti hækkar fjárveiting til þriggja heilsugæslustöðva samtals um 5 m.kr.

512 Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi syðra: Viðfangsefni 1.10 Heilsugæslustöðin Efra-Breiðholti hækkar um 1,7 m.kr. vegna stöðu læknis en á móti lækkar framlag til fjárlagaliðarins 500 Heilsugæslustöðvar, almennt um sömu fjárhæð. Viðfangsefni 1.20 Heilsugæslustöðin Mjódd hækkar um 1,6 m.kr. vegna stöðu læknis en á móti lækkar framlag til fjárlagaliðarins 500 Heilsugæslustöðvar, almennt um sömu fjárhæð.

553 Heilsugæslustöðin Akureyri: Framlag hækkar um 0,7 m.kr. og verður 112,9 m.kr. vegna heimahlynningar.

581 Heilsugæslustöð Suðurnesja: Framlag til almennrar starfsemi hækkar um 8 m.kr. og verður 92,8 m.kr. Hækkunin er vegna leiðréttingar á rekstrarframlagi og staða heilsugæslulæknis er þar með talin.

585 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi: Viðfangsefni 1.01 Almenn starfsemi hækkar um 1,7 m.kr. vegna stöðu læknis en á móti lækkar framlag til fjárlagaliðarins 500 Heilsugæslustöðvar, almennt um sömu fjárhæð.

511-586 Heilsugæslustöðvar: Ákveðið hefur verið að endurskoða gjaldtöku á heilsugæslustöðvum og mun það leiða til alls 50 m.kr. lækkunar framlags vegna hækkunar sértekna. Skipting á heilsugæslustöðvar er sýnd í yfirliti í breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar.

950 Rekstrarhagræðing: Framlag til almennrar starfsemi lækkar um 40,6 m.kr. Annars vegar lækkar framlagið um 48 m.kr. á móti hækkunum til sjúkrahúsa. Hins vegar hækkar framlagið um 7,4 m.kr. og er ætlað til að fjármagna samning við Hornafjarðarbæ vegna verkefnis í tengslum við reynslusveitarfélög.

09 Fjármálaráðuneyti

211 Skattstofa Reykjaness: Framlag til viðfangsefnisins 1.01 Almenn starfsemi hækkar um 2 m.kr. og er ætlað til starfs vegna skatteftirlits. Á móti lækkar framlag til fjárlagaliðarins 212 Skattamál, ýmis útgjöld um sömu fjárhæð.

212 Skattamál, ýmis útgjöld: Viðfangsefnið 1.10 Skatteftirlit lækkar um 2 m.kr. en á móti hækkar framlag til skattstofu Reykjaness um sömu fjárhæð.

259 Gjaldheimta Suðurnesja: Fjárlagaliður þessi fellur niður og flyst fjárveitingin, sem er 9 m.kr., á fjárlagalið 06-434 Sýslumaðurinn í Keflavík

381 Uppbætur á lífeyri: Framlag til viðfangsefnisins 1.01 Almenn starfsemi hækkar um 90 m.kr. og verður 960 m.kr. Í kjölfar kjarasamninga og úrskurða Kjaradóms og kjaranefndar hafa verið endurmetnar áætlaðar greiðslur til lífeyrisþega sem eiga aðild að lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og öðrum lífeyrissjóðum sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir.

481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum: Tekinn er inn nýr liður, 1.90 Sparnaður í ríkisrekstri, og er framlag 150 m.kr. vegna kostnaðar í tengslum við átak til að lækka ríkisútgjöld.

10 Samgönguráðuneyti

341 Siglingamálastofnun ríkisins: Framlag til fjárlagaliðarins hækkar um 2 m.kr. vegna lækkunar sértekna.

651 Ferðamálaráð: Viðfangsefnið 1.01 Ferðamálaráð lækkar um 3 m.kr. en fjárveiting vegna rannsókna á sviði ferðamála og markaðssetningar vestan hafs var ranglega færð við 2. umræðu fjárlaga. Fjárveitingin er flutt yfir á lið 1.81 Ferðamálaráð skv.

8. gr. laga nr. 117/1994 og hækkar sá liður því um 3 m.kr. Viðfangsefni 1.15 Samstarfssamningur við Grænland og Færeyjar hækkar um 1 m.kr. og verður 9,7 m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefnið 1.01 Yfirstjórn hækkar um 3 m.kr. vegna samstarfsnefndar utanríkisráðuneytis, sjávarútvegsráðuneytis og iðnaðarráðuneytis um verkefnaútflutning.

12 Viðskiptaráðuneyti

101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa: Framlag til viðfangsefnisins 1.01 Yfirstjórn hækkar um 5 m.kr. vegna nýrra laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

Nefndinni hafa borist óskir fjármálaráðuneytis og annarra ráðuneyta um leiðréttingar á heitum fjárlagaliða og viðfangsefna í 4. gr. Hér er ekki um efnislegar breytingar að ræða en þær eru sem hér segir:

1. Fjárlagaliðurinn 02-804 Kvikmyndaeftirlit ríkisins fær heitið 02-804 Kvikmyndaskoðun í samræmi við 2. gr. laga nr. 47/1995.
2. Viðfangsefnið 03-401-1.16 Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti, GATT fær heitið 03-401-1.16 Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO.
3. Viðfangsefnið 03-401-1.75 Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu, RÖSE fær heitið 03-401-1.75 Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE.
4. Viðfangsefnið 04-891-1.11 Framleiðsla og markaðssetning lífrænna afurða fær heitið 04-891-1.11 Framleiðsla og markaðssetning vistvænna og lífrænna afurða.

Nefndin hefur fallist á þessar breytingar og verða þær teknar upp í fjárlögum þegar þau verða prentuð eftir 3. umræðu, en ekki fluttar sérstakar breytingartillögur um þær.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGU VIÐ 5. GR. (B-HLUTA)

B-hlutaáætlanir hafa verið endurmetnar frá því að frumvarp til fjárlaga var lagt fram í október. Í endurskoðuðum áætlunum hefur verið tekið tillit til ýmissa leiðréttinga á fyrri áætlunum, áhrifa af ráðstöfunum í A-hluta fjárlaga og nýrra upplýsinga um fyrirhugaða starfsemi fyrirtækja og sjóða á næsta ári. Í framhaldi af því gerir meiri hlutinn tillögu um breytingar á sjö áætlunum í B-hluta.

22 Menntamálaráðuneyti

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna: Samkvæmt endurskoðaðri áætlun sjóðsins fjölgar lánþegum nokkuð þannig að útlán verða 2.790 m.kr. sem er 40 m.kr. hækkun frá fjárlagafrumvarpi. Í fjárlagafrumvarpi var framlag ríkisins miðað við 51% af áætluðum útlánum, en nú er gert ráð fyrir að hlutfallið hækki í 52%. Er það í samræmi við niðurstöðu athugunar Hagfræðistofnunar Háskólans og Ríkisendurskoðunar á fjárhagsstöðu sjóðsins. Framlag ríkisins var hækkað af þessum sökum um 50 m.kr. í A-hluta við 2. umræðu fjárlaga og verður 1.450 m.kr. Áætlun í B-hluta er nú breytt til samræmis. Áætlað er að vaxta- og lántökukostnaður sjóðsins lækki um 110 m.kr. frá fjárlagafrumvarpi þar sem fallið var frá því á þessu ári að innheimta sérstakt ríkisábyrgðargjald af sjóðnum. Lántökukostnaður er nú áætlaður 1,6% af útlánum í stað 4% áður. Gert er ráð fyrir því að afborganir af lánum lækki um 20 m.kr. og verði

2.660 m.kr. Innheimtir vextir og lántökugjald er áætlað 75 m.kr. sem er hækkun um 2 m.kr. Rekstrarkostnaður er áætlaður 2 m.kr. hærri en í fjárlagafrumvarpi. Lántökur eru áætlaðar 3.930 m.kr. sem er lækkun um 100 m.kr. frá frumvarpi.

974 Sinfóníuhljómsveit Íslands: Við 2. umræðu fjárlaga var framlag til hljómsveitarinnar í A-hluta hækkað um 3 m.kr. vegna tónleikaferðar sem farin verður á næsta ári. Áætlun í B-hluta er breytt til samræmis við þá hækkun.

27 Félagsmálaráðuneyti

972 Bjargráðasjóður: Við 2. umræðu fjárlaga var samþykkt að veita 30 m.kr. til sjóðsins. Á árinu hefur orðið mikið tjón á túnum og mannvirkjum af völdum snjóþunga og aurskriða sem ekki er hægt að tryggja fyrir. Einnig hafa orðið miklar kalskemmdir í túnum. Bjargráðasjóður hefur bótaskyldu vegna umræddra tjóna en fyrirséð er að hann getur ekki staðið undir bótagreiðslum til tjónþola nema hann fái framlag úr ríkissjóði. Gert er ráð fyrir að fjármunatekjur sjóðsins nemi 6 m.kr. og aðrar tekjur 56,7 m.kr.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður: Breytingartillögur vegna sjóðsins skiptast í þrennt. Í fyrsta lagi er atvinnuleysi á næsta ári áætlað 4,4% samkvæmt endurskoðaðri þjóðhagsáætlun Þjóðhagsstofnunar í stað 4,8% í fjárlagafrumvarpi. Áætlaðar bótagreiðslur sjóðsins lækka af þessum sökum um 300 m.kr. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að bætur hækki 1. janúar 1996 um 2.700 kr. á mánuði í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar til aðila vinnumarkaðarins í lok nóvember. Talið er að þessi hækkun auki bætur atvinnuleysistrygginga um 150 m.kr. á árinu 1996. Loks er gerð tillaga um að færa 250 m.kr. framlag af fjárlagalið Atvinnuleysistryggingasjóðs yfir á fjárlagaliðinn 08-214 Eftirlaunasjóður aldraðra. Með þessu er verið að létta af Atvinnuleysistryggingasjóði kostnaði vegna eftirlauna aldraðra sem sjóðurinn hefur samkvæmt lögum borið hingað til. Þess í stað mun hlutur sjóðsins framvegis verða greiddur beint úr ríkissjóði. Þessi breyting tengist þeirri ákvörðun að skipta tryggingagjaldi í atvinnutryggingagjald og almennt tryggingagjald. Atvinnutryggingagjaldinu er alfarið ætlað að standa undir kostnaði við Atvinnuleysistryggingasjóð.

30 Samgönguráðuneyti

101 Póst- og símamálastofnun og 110 Póst- og símamálastofnun, samkeppnisrekstur: Breytingartillögum má skipta í fernt. Í fyrsta lagi gerðu forsendur fjárlagatillagna stofnunarinnar ekki ráð fyrir launabreytingum eða verðlagsbreytingum á milli áranna 1995 og 1996. Í breytingartillögum er hins vegar gert ráð fyrir 12% hækkun launa auk almennra verðlagsbreytinga og hækka því laun um 460 m.kr. og önnur rekstrargjöld um 224 m.kr. Í öðru lagi var í frumvarpi til fjárlaga gert ráð fyrir að stofnunin greiddi 810 m.kr. í arð til ríkissjóðs en samkeppnissviðið 50 m.kr. Lagt er til að samkeppnisreksturinn beri stærri hlut af þessari arðgreiðslu eða 125 m.kr. og annar rekstur greiði 735 m.kr. Í þriðja lagi er fjárfesting stofnunarinnar áætluð 10 m.kr. lægri en áður vegna millifærslna. Í fjórða lagi blasir við að rekstrarniðurstaða stofnunarinnar árið 1995 verður betri en ráð var fyrir gert þegar fjárlagatillögur stofnunarinnar voru frágengnar. Af þessum sökum hækkar greiðsluafgangur frá fyrra ári um 169 m.kr. hjá samkeppnissviðinu og um 250 m.kr. hjá öðrum hluta stofnunarinnar.

330 Hafnabótasjóður: Við 2. umræðu fjárlaga var framlag í A-hluta til sjóðsins lækkað um 27,6 m.kr. Var þetta gert til að mæta auknum framlögum til hafnamannvirkja. Áætlun í B-hluta er breytt á þann hátt að veitt lán Hafnabótasjóðs lækka úr 45 m.kr í 17,4 m.kr.

31 Iðnaðarráðuneyti

321 Rafmagnsveitur ríkisins: Raforkukerfi fyrirtækisins urðu fyrir töluverðu tjóni á þessu ári vegna óveðurs og ísingar. Lagt er til að fyrirtækinu verði heimilað að taka ný lán að fjárhæð 200 m.kr. til framkvæmda í viðbót við þær 450 m.kr. sem í fjárlagafrumvarpi voru áætlaðar til að fjármagna kaup á veitum og greiðslu skammtímalána. Er þetta gert til að flýta framkvæmdum við lagningu jarðstrengs á þeim svæðum sem verst hafa orðið úti vegna ísingar á síðustu árum. Helmingi fjárhæðarinnar verður varið til lagningar jarðstrengs sem komi í stað helmings línunnar frá Kópaskeri til Brúarlands í Þistilfirði, en framkvæmdin var ráðgerð árið 1998.

Alþingi, 20. des. 1995.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Árni Johnsen.
Árni M. Mathiesen.	Ísólfur Gylfi Pálmason.	Hjálmar Jónsson.
	Arnbjörg Sveinsdóttir.	

Fylgiskjal I.

Álit

um 3. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 1996 og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Í samræmi við 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp, hefur nefndin fjallað um tekjugrein fjárlagafrumvarpsins og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs. Til að skýra málið frekar fékk nefndin á fund sinn Bolla Þór Bollason skrifstofustjóra og Maríönnu Jónasdóttur deildarstjóra í fjármálaráðuneytinu.

Þær skattabreytingar, sem varða tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 1996, koma einkum fram í frumvörpum til laga um breytingar á tekju- og eignarsköttum og tryggingagjaldi. Einnig hefur nefndin fjallað um frumvörp til laga um breytingar á skattskyldu innlánsstofnana, bifreiðagjaldi og aukatekjum ríkissjóðs, en þau eru talin hafa óveruleg áhrif á tekjuhliðina.

Í frumvarpi til breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt er gert ráð fyrir margvíslegum breytingum sem flestar tengjast ákvörðunum stjórnvalda í tengslum við gerð kjarasamninga á þessu ári. Fyrst ber að telja skattfrelsi lífeyrisiðgjalda, en kostnaður af þeirri breytingu nemur um 1.400 m.kr. á næsta ári. Þar af eru 600 m.kr. þegar komnar fram á þessu ári. Í tengslum við þessa breytingu er skattfrelsi 15% af lífeyrisgreiðslum

ellilífeyrisþega fellt niður sem sparar ríkissjóði 250–300 m.kr. Þá eru breytingar á barnabótaauka til að draga úr jaðaráhrifum tekjuskattskerfsins sem skerða tekjur ríkissjóðs um 500 m.kr. Enn fremur verður einstaklingum heimiluð fyrning einkabifreiða sem talið er að skerði tekjur ríkissjóðs af eignarskatti einstaklinga um 50–60 m.kr. á komandi ári. Á móti vegur afnám sjálfvirkrar verðuppfærslu á afsláttar- og bótaliðum í tekjuskattskerfinu, en sú breyting er talin spara ríkissjóði nálægt 1 milljarði kr. árið 1996. Að lokum er álagning 5% hátekjuskatts framlengd um eitt ár, samtals um 300 m.kr.

Í frumvarpi til laga um breytingar á tryggingagjaldi er gert ráð fyrir 0,5% hækkun þess frá og með næstu áramótum. Þessari breytingu er ætlað að mæta tekjutapi vegna skattfrelsis lífeyrisiðgjalda að hluta, auk þess að styrkja fjárhag Atvinnuleysistryggingasjóðs, en hún er talin skila ríkissjóði tæplega 1 milljarði kr. í viðbótartekjur á árinu 1996.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1996 (3. gr.) voru tekjur ríkissjóðs áætlaðar tæplega 120 milljarðar kr. Frá því að sú áætlun var gerð hafa efnahagsforsendur að ýmsu leyti breyst. Meðal annars er búist við meiri einkaneyslu heimilanna í kjölfar aukins kaupmáttar sem hefur jákvæð áhrif á tekjuhliðina. Þannig er talið að tekjur ríkissjóðs verði um 1 milljarði kr. meiri á næsta ári en áður var áætlað, eða tæplega 121 milljarður kr. Á móti auknum tekjum kemur ákvörðun stjórnvalda í tengslum við kjarasamninga um að flýta gildistöku skattfrelsis lífeyrisiðgjalda. Sú ráðstöfun kostar ríkissjóð um 400 m.kr. árið 1996 til viðbótar þeim 1.000 m.kr. sem þegar hafði verið reiknað með í tekjuáætlun frumvarpsins.

Gert er ráð fyrir að skatttekjur hækki um 1.226 m.kr. en á móti koma lækkaðar vaxtatekjur. Þegar allt er lagt saman fela breyttar þjóðhagsforsendur í sér 976 m.kr. hærri tekjur en gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi. Samkvæmt því verður hlutfall skatttekna af landsframleiðslu 23,2% sem er lægsta hlutfall síðan 1987.

Alþingi, 19. des. 1995.

Vilhjálmur Egilsson, form.
Valgerður Sverrisdóttir.
Einar Oddur Kristjánsson.
Sólveig Pétursdóttir.
Gunnlaugur M. Sigmundsson.

Fylgiskjal II.

Álit

um 3. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 1996 og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Frá því að fjárlagafrumvarpið var lagt fram í þingbyrjun og þar til nú hefur ýmislegt orðið til að breyta þeim tekjuforsendum sem kynntar voru í fyrstu útgáfu frumvarpsins.

Náðst hefur samkomulag um stækkun álversins í Straumsvík, gerðar hafa verið viðbætur við gildandi kjarasamninga og flest virðist benda til að aflahorfur séu góðar og að úthafsveiði muni lítið skerðast. Þá aukast líkur á framkvæmdum við Hvalfjarðargöng.

Þetta leiðir til þess að fjárfesting innlendra aðila mun vaxa og hagvöxtur taka við sér á ný í meiri mæli en sést hefur frá árinu 1987. Þjóðhagsstofnun spáir nú 3,2% hagvexti á næsta ári.

Allt hefur þetta í för með sér að þjóðarútgjöld munu aukast nokkuð umfram þetta. Það mun vonandi slá eitthvað á atvinnuleysið, jafnframt því sem aukin þensla mun hafa áhrif á verðlag og vexti, verði ekki spornað við fótum. Samkvæmt fyrrnefndri spá Þjóðhagsstofnunar munu þjóðarútgjöld aukast um 5,6% á næsta ári. Samhliða aukinni neyslu er fátt sem bendir til þess að útflutningur muni aukast að sama skapi til að vega upp á móti væntanlegum halla á viðskiptunum við útlönd. Því er spáð að sá halli verði 7,3 milljarðar kr. Komandi ár mun því einkennast af aukinni eyðslu og vaxandi þenslu í þjóðarbúskapnum.

Á sama tíma og sýnileg þenslumerki eru fram undan og viðskiptahallinn við útlönd fer vaxandi stefnir ríkisstjórnin að því að afgreiða fjárlög með yfir 4 milljarða kr. halla og með mörgum og stórum innbyggðum veikleikum, einkum í heilbrigðiskerfinu. Þetta gerist þrátt fyrir harkalegar aðgerðir er skerða kjör aldraðra og lokun stórra deilda á sjúkrahúsum.

Ríkisstjórnin stefnir samtímis að því að auka á skuldsetningu ríkissjóðs með nýjum lánsfjárlögum. Ríkisstjórnin ætlar því sýnilega að sitja hjá í aðhaldsaðgerðum því að það eru einkum þessi tæki sem hún hefur í hendi sér að beita.

Tekjuáætlun fjárlaga endurspeglar að mestu þessar breyttu forsendur. Þar er gert ráð fyrir að tekjur ríkisins aukist um 1.500 m.kr. brúttó. Til frádráttar koma af öðrum og óskyldum ástæðum um 520 m.kr. Þannig verður nettótekjuaukning tæpur 1 milljarður kr.

Rétt er að hafa í huga að aflaforsendur hafa ekki verið endurskoðaðar af Þjóðhagsstofnun og endurskoðuð tekjuáætlun tekur því ekki mið af neinum væntanlegum breytingum á afla. Allveruleg óvissa er því fyrir hendi um endanlegar niðurstöður.

Alþingi, 20. des. 1995.

Jón Baldvin Hannibalsson.
Ágúst Einarsson.
Steingrímur J. Sigfússon.

460. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1996.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, StB, ÁJ, ÁMM, ÍGP, HjálmJ, ArnbS).

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 00-201 Alþingi. 520 Fasteignir.	
Fyrir „34.000“ kemur	54.000
2. Við 4. gr. 01-101 101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa.	
Fyrir „63.800“ kemur	69.800
3. Við 4. gr. 01-190 Ýmis verkefni. Nýr liður:	
152 Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku	4.000
4. Við 4. gr. 01-221 601 Byggðastofnun.	
Fyrir „210.000“ kemur	218.000
5. Við 4. gr. 02-201 Háskóli Íslands. 106 Kennslu- og vísindadeildir.	
Fyrir „1.143.100“ kemur	1.158.100
6. Við 4. gr. 02-210 101 Háskólinn á Akureyri.	
Fyrir „195.500“ kemur	197.000
7. Við 4. gr. 02-981 101 Kvikmyndasjóður.	
Fyrir „88.700“ kemur	98.000
8. Við 4. gr. 02-982 130 Íslenska óperan.	
Fyrir „46.500“ kemur	53.300
9. Við 4. gr. 02-983 Ýmis fræðistörf. Nýr liður:	
123 Hið íslenska bókmenntafélag	12.000
10. Við 4. gr. 02-989 114 Íþróttasamband fatlaðra.	
Fyrir „8.500“ kemur	12.500
11. Við 4. gr. 02-999 163 Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna.	
Fyrir „5.500“ kemur	7.500
12. Við 4. gr. 03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „316.700“ kemur	319.700
13. Við 4. gr. 03-390 101 Þróunarsamvinnustofnun Íslands.	
Fyrir „152.600“ kemur	157.600
14. Við 4. gr. 03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi.	
114 Aðstoð Íslands á svæðum Palestínumanna í Ísrael.	
Fyrir „25.100“ kemur	20.100
15. Við 4. gr. 04-101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „78.900“ kemur	81.100
16. Við 4. gr. 04-190 Ýmis verkefni. Nýr liður:	
155 Tilraunastöðin Stóra-Ármóti	1.500
17. Við 4. gr. 04-211 101 Rannsóknarstofnun landbúnaðarins.	
Fyrir „200.100“ kemur	202.600

	Þús. kr.
18. Við 4. gr. 04-821 101 Framleiðnisjóður landbúnaðarins.	
Fyrir „200.000“ kemur	208.100
19. Við 4. gr. 05-101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „76.600“ kemur	79.600
20. Við 4. gr. 06-190 145 Mannréttindaskrifstofa Íslands.	
Fyrir „3.000“ kemur	4.000
21. Við 4. gr. 06-235 Bætur brotaþola. Nýr liður:	
110 Almennur rekstur	45.000
22. Við 4. gr. 06-331 Umferðarráð. 4 Sértekjur.	
Fyrir „59.000“ kemur	72.000
23. Við 4. gr. 06-417 Sýslumaðurinn í Bolungarvík.	
a. Við 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „4.600“ kemur	11.700
b. Við 120 Löggæsla.	
Fyrir „1.300“ kemur	9.100
24. Við 4. gr. 06-418 Sýslumaðurinn á Ísafirði.	
a. Við 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „39.000“ kemur	38.800
b. Við 120 Löggæsla.	
Fyrir „53.200“ kemur	46.300
25. Við 4. gr. 06-423 Sýslumaðurinn á Ólafsfirði.	
a. Við 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „5.300“ kemur	12.400
b. Við 120 Löggæsla.	
Fyrir „1.100“ kemur	9.100
26. Við 4. gr. 06-424 Sýslumaðurinn á Akureyri.	
a. Við 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „73.500“ kemur	73.600
b. Við 120 Löggæsla.	
Fyrir „105.100“ kemur	97.800
27. Við 4. gr. 06-434 Sýslumaðurinn í Keflavík. 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „58.600“ kemur	67.600
28. Við 4. gr. 07-722 170 Vistheimilið að Sólheimum, Grímsnesi.	
Fyrir „81.400“ kemur	98.800
29. Við 4. gr. 07-801 110 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.	
Fyrir „2.111.000“ kemur	2.161.000
30. Við 4. gr. 07-981 Vinnumál. 190 Ýmislegt.	
Fyrir „18.800“ kemur	24.800
31. Við 4. gr. 07-984 110 Atvinnuleysistryggingasjóður.	
Fyrir „3.440.000“ kemur	3.040.000
32. Við 4. gr. 07-999 131 Félagasamtök, styrkir.	
a. Fyrir „21.300“ kemur	23.300

Þús. kr.

b. Sundurliðun í sérstöku yfirliti breytist þannig (leiðrétting):
1. Við 15 Þroskahjálp.
Liðurinn fellur brott.
2. Nýr liður:
Blindrafélagið 2.000
3. Við Óskipt.
Fyrir „150“ kemur 2.650

33. Við 4. gr. 08-203 110 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.
Fyrir „3.785.000“ kemur 3.865.000
34. Við 4. gr. 08-204 110 Lífeyristryggingar.
Fyrir „13.440.000“ kemur 13.900.000
35. Við 4. gr. 08-206 110 Sjúkratryggingar.
Fyrir „10.460.000“ kemur 10.324.800
36. Við 4. gr. 08-208 110 Slysatryggingar.
Fyrir „500.000“ kemur 390.000
37. Við 4. gr. 08-214 110 Eftirlaunasjóður aldraðra.
Fyrir „100.000“ kemur 350.000
38. Við 4. gr. 08-301 Landlæknir. 101 Yfirstjórn.
Fyrir „36.100“ kemur 38.100
39. Við 4. gr. 08-340 Málefni fatlaðra.
a. Nýr liður:
180 Gigtarráð 2.000
b. Við 190 Ýmis starfsemi.
Fyrir „3.500“ kemur 1.500
40. Við 4. gr. 08-350 Sjúkrahúsið Akranesi.
a. Við 101 Almennur rekstur.
Fyrir „479.300“ kemur 486.900
b. Við 4 Sértekjur.
Fyrir „44.700“ kemur 38.700
41. Við 4. gr. 08-355 101 Sjúkrahús Austur-Húnvetninga, Blönduósi.
Fyrir „129.500“ kemur 130.000
42. Við 4. gr. 08-356 101 Sjúkrahúsið Sauðárkróki.
Fyrir „294.200“ kemur 299.200
43. Við 4. gr. 08-357 101 Sjúkrahúsið Siglufirði.
Fyrir „143.300“ kemur 144.400
44. Við 4. gr. 08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.
a. Við 101 Almennur rekstur.
Fyrir „1.351.300“ kemur 1.393.300
b. Við 4 Sértekjur.
Fyrir „164.200“ kemur 169.200
45. Við 4. gr. 08-361 101 Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað.
Fyrir „188.800“ kemur 191.800
46. Við 4. gr. 08-363 101 Sjúkrahúsið Egilsstöðum.
Fyrir „106.900“ kemur 107.900

	Þús. kr.
47. Við 4. gr. 08-365 101 Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi.	
Fyrir „275.700“ kemur	276.700
48. Við 4. gr. 08-366 101 Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum.	
Fyrir „202.800“ kemur	203.800
49. Við 4. gr. 08-367 101 Sjúkrahúsið Suðurnesjum.	
Fyrir „234.600“ kemur	229.600
50. Við 4. gr. 08-370 101 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi.	
Fyrir „25.000“ kemur	220.500
51. Við 4. gr. 08-371 Ríkisspítalar.	
a. Við 101 Almennur rekstur.	
Fyrir „7.527.700“ kemur	7.422.200
b. Við 4 Sértekjur.	
Fyrir „801.000“ kemur	719.000
52. Við 4. gr. 08-375 Sjúkrahús Reykjavíkur.	
a. Við 101 Almennur rekstur.	
Fyrir „4.505.800“ kemur	4.435.800
b. Við 4 Sértekjur.	
Fyrir „736.600“ kemur	628.900
53. Við 4. gr. 08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir. 660 Tækjakaup.	
Fyrir „17.400“ kemur	19.400
54. Við 4. gr. 08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.	
a. Við 159 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili.	
Fyrir „12.000“ kemur	14.000
b. Nýr liður:	
167 Sjálfsbjörg Reykjavík	3.000
c. Við 190 Ýmis framlög.	
Fyrir „8.000“ kemur	8.500
55. Við 4. gr. 08-400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði.	
a. Við 101 Almennur rekstur.	
Fyrir „297.200“ kemur	292.200
b. Við 4 Sértekjur.	
Fyrir „58.600“	53.600
56. Við 4. gr. 08-404 101 Sjúkraskýlið Hólmavík.	
Fyrir „27.500“ kemur	29.500
57. Við 4. gr. 08-430 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun.	
a. Við 101 Almennur rekstur.	
Fyrir „198.500“ kemur	184.800
b. Við 4 Sértekjur.	
Fyrir „24.100“ kemur	7.100
58. Við 4. gr. 08-500 110 Heilsugæslustöðvar, almennt.	
Fyrir „253.400“ kemur	248.400
59. Við 4. gr. 08-512 Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi syðra.	
a. 110 Heilsugæslustöðin Efra-Breiðholti.	
Fyrir „43.800“ kemur	45.500

Þús. kr.

b. 120 Heilsugæslustöðin Mjódd.
Fyrir „33.900“ kemur 35.500

60. Við 4. gr. 08-553 101 Heilsugæslustöðin Akureyri.
Fyrir „112.200“ kemur 112.900

61. Við 4. gr. 08-581 101 Heilsugæslustöð Suðurnesja.
Fyrir „84.800“ kemur 92.800

62. Við 4. gr. 08-585 101 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi.
Fyrir „59.800“ kemur 61.500

63. Við 4. gr. 08-950 190 Rekstrarhagræðing.
Fyrir „93.800“ kemur 53.200

64. Við 4. gr. 09-211 101 Skattstofa Reykjaness.
Fyrir „96.600“ kemur 98.600

65. Við 4. gr. 09-212 110 Skatteftirlit.
Fyrir „21.700“ kemur 19.700

66. Við 4. gr. 09-259 101 Gjaldheimta Suðurnesja.
Liðurinn fellur brott.

67. Við 4. gr. 09-381 101 Uppbætur á lífeyri.
Fyrir „870.000“ kemur 960.000

68. Við 4. gr. 09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum. Nýr liður:
190 Sparnaður í ríkisrekstri 150.000

69. Við 4. gr. 10-341 Siglingamálastofnun ríkisins. 4 Sértekjur.
Fyrir „39.500“ kemur 37.500

70. Við 4. gr. 10-651 Ferðamálaráð.
a. Við 101 Almennur rekstur.
Fyrir „34.000“ kemur 31.000
b. Við 115 Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar.
Fyrir „8.700“ kemur 9.700
c. Við 181 Ferðamálaráð, skv. 8. gr. laga nr. 117/1994.
Fyrir „68.000“ kemur 71.000

71. Við 4. gr. 11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.
Fyrir „51.500“ kemur 54.500

72. Við 4. gr. 12-101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.
Fyrir „68.600“ kemur 73.600

73. Við 4. gr. Sértekjur eftirtalinna heilsugæslustöðva hækka um 50 m.kr. og skiptist hækkunin þannig á stofnanir og viðfangsefni heilbrigðisráðuneytis (08):

511 110	Heilsugæslustöðin Árbæ	1.300
511 120	Heilsugæslustöðin Grafarvogi	500
512 110	Heilsugæslustöðin Efra-Breiðholti	2.100
512 120	Heilsugæslustöðin Mjódd	1.400
513 110	Heilsugæslustöðin Fossvogi	1.000
514 110	Heilsugæslustöðin Hlíðum	900
514 120	Heilsugæslustöðin Miðbæ	1.400
515 101	Heilsugæslustöðin Lágmúla	1.200
521 101	Heilsugæslustöðin Akranesi	1.000

		Þús. kr.
522 101	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	1.200
523 101	Heilsugæslustöðin Stykkishólmi	300
524 101	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	200
525 101	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	300
526 101	Heilsugæslustöðin Búðardal	400
531 101	Heilsugæslustöðin Patreksfirði	400
532 101	Heilsugæslustöðin Ísafirði	800
533 101	Heilsugæslustöðin Þingeyri	100
534 101	Heilsugæslustöðin Flateyri	100
535 101	Heilsugæslustöðin Bolungarvík	300
536 101	Heilsugæslustöðin Hólmavík	200
541 101	Heilsugæslustöðin Hvammstanga	400
542 101	Heilsugæslustöðin Blönduósi	700
543 101	Heilsugæslustöðin Sauðárkróki	1.200
544 101	Heilsugæslustöðin Siglufirði	700
551 101	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	400
552 101	Heilsugæslustöðin Dalvík	700
553 101	Heilsugæslustöðin Akureyri	3.000
554 101	Heilsugæslustöðin Húsavík	1.000
555 101	Heilsugæslustöðin Kópaskeri	100
556 101	Heilsugæslustöðin Raufarhöfn	100
557 101	Heilsugæslustöðin Þórshöfn	100
561 101	Heilsugæslustöðin Vopnafirði	400
562 101	Heilsugæslustöðin Egilsstöðum	1.200
563 101	Heilsugæslustöðin Seyðisfirði	300
Gagnvart ríkissjóði ber krafa um bætur vegna verknaðar sem framinn var fyrir gildistöku laga þessara fyrst vexti frá 1. júlí 1996.

Um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingum.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laganna skal verja allt að 40% af ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs fatlaðra á árinu 1996 til tiltekinna rekstrarverkefna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Um breytingu á lögum nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, með síðari breytingum.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laganna skulu tekjur af erfðafjárskatti á árinu 1996 umfram 257 m.kr. renna í ríkissjóð.

Um breytingu á lögum nr. 93/1993, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

23. gr.

B-liður 5. gr. laganna fellur brott.

24. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Til Atvinnuleysistryggingasjóðs renna tekjur af atvinnutryggingagjaldi í samræmi við ákvæði laga um tryggingagjald.

25. gr.

15. gr. laganna fellur brott.

26. gr.

1. mgr. 23. gr. laganna orðast svo:

Hámarksbætur atvinnuleysistrygginga skulu nema 2.433 kr. á dag. Lágmarksbætur eru ¼ hluti sömu fjárhæðar. Fjárhæð hámarksbóta kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þó er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta bótafjárhæð um allt að 3% frá forsendum fjárlaga ef verulegar breytingar verða á þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga.

27. gr.

Ákvæði til bráðabirgða V í lögunum orðast svo:

Í samræmi við 5. mgr. 22. gr. skal stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt á árinu 1996, þrátt fyrir ákvæði 37. gr., að gera tillögu til að styrkja sérstök verkefni á vegum sveitarfélaga til eflingar atvinnulífi, enda verði dregið samsvarandi úr greiðslu atvinnuleysisbóta á viðkomandi stað. Úthlutun styrkja skal vera í samræmi við reglur sem ráðherra setur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Tillögur sjóðstjórnar um styrkveitingu skulu staðfestar af ráðherra.

Um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

28. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Nema annað sé tilgreint teljast til tekna skv. II. kafla laga þessara tekjur skv. II. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, að frádregnum tekjum skv. A-lið 1. mgr. 30. gr. sömu laga. Við ákvörðun tekjugrundvallar skulu tekjur skv. 3. tölul. C-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, metnar að 50 hundraðshlutum.

29. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „25%“ í 2. málsl. 2. mgr. 11. gr. laganna kemur: 30%.

30. gr.

Við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verður 3. mgr., svohljóðandi:

Nú sinnir maður ekki lagaskyldu um greiðslu iðgjalda til lífeyrissjóðs samkvæmt lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum. Er þá heimilt að áætla honum tekjur sem koma til frádráttar greiðslu tekjutryggingar. Setja skal reglugerð með nánari ákvæðum um framkvæmd þessa frádráttar.

31. gr.

Í stað orðsins „lífeyristekjur“ í 3. mgr. 18. gr. laganna kemur: lífeyri úr lífeyrissjóðum og tekjur skv. 3. tölul. C-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

32. gr.

Við 31. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við ákvörðun á iðgjaldi vegna greiðslu slysatryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins á launum eða aflahlut sjómanna skv. 63. gr. skal tekið tillit til rekstrarkostnaðar slysatrygginga auk framlags í varasjóð, sbr. 2. mgr. Iðgjald þetta skal ákveða árlega með reglugerð.

33. gr.

10. mgr. 38. gr. laganna fellur brott.

34. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Frá 1. janúar 1996 til ársloka 1997 skulu eftirfarandi ákvæði gilda í stað ákvæða 65. gr. laganna:

Bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 59. gr., skulu breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Til hliðsjónar við ákvörðun bóta skal hafa þróun launa, verðlags og efnahagsmála. Heilbrigðisráðherra er þó heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta bótafjárhæðum allt að 3% frá forsendum fjárlaga, enda verði verulegar breytingar á þjóðhagsforsendum frá því að fjárlög voru samþykkt.

35. gr.

3. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum fellur brott.

Um breytingu á lögum nr. 113/1994, um eftirlaun aldraða.

36. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Kostnaður af eftirlaunum skv. I. kafla greiðist úr ríkissjóði.

37. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Kostnaður af eftirlaunum skv. II. kafla greiðist að ¾ hlutum úr ríkissjóði og að ¼ hluta af Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

38. gr.

2. málsl. 23. gr. laganna orðast svo: Viðbót þessi skal greidd úr ríkissjóði.

Um breytingu á lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

39. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Bætur félagslegrar aðstoðar eru mæðra- og feðralaun, barnalífeyrir vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmennis á aldrinum 18–20 ára, umönnunargreiðslur, endurhæfingarlífeyrir, makabætur, dánarbætur, heimilisuppbót, sérstök heimilisuppbót, frekari uppbætur, bætur vegna bifreiðakostnaðar, bifreiðakaupastyrkir og endurgreiðsla umtalsverðs kostnaðar við læknishjálp og lyf.

40. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Árleg mæðra- og feðralaun skulu vera sem hér segir:

Með tveimur börnum	37.728 kr.
Með þremur börnum eða fleiri	98.088 kr.

41. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Ef hlutaðeigandi er með barn yngra en 18 ára á framfæri eða við aðrar sérstakar aðstæður er heimilt að greiða bætur í a.m.k. 12 mánuði til viðbótar en þó aldrei lengri tíma en 48 mánuði, 12.139 kr. á mánuði.

42. gr.

7. gr. laganna fellur brott.

43. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Konur, sem fá greiddan ekkjulífeyri 31. desember 1995, skulu fá ekkjulífeyri greiddan til 67 ára aldurs enda uppfylli þær skilyrði fyrir greiðslu ekkjulífeyris sem giltu fyrir 1. janúar 1996. Greiðsla ekkjulífeyris til þessa hóps skal vera í samræmi við reglur um greiðslu ekkjulífeyris sem giltu fyrir 1. janúar 1996.

Um breytingu á lögum nr. 82/1989, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

44. gr.

2. og 3. málsl. 1. tölul. 10. gr. laganna orðast svo: Skal gjaldið nema 3.985 kr. á hvern gjaldanda. Fjárhæð gjaldsins kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert.

45. gr.

4. tölul. 12. gr. laganna orðast svo: Að veita rekstrarfé til stofnana fyrir aldraða í samræmi við ákvæði fjárlaga.

Um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

46. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum:

a. Í stað ártalsins „1995“ í 1. málsl. kemur: 1996.
b. Í stað orðanna „1. janúar 1996“ í 4. málsl. kemur: 1. janúar 1997.

47. gr.

2. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum orðast svo: Skipun bráðabirgðastjórnar Sjúkrahúss Reykjavíkur framlengist til 1. janúar 1997. Frá 1. janúar 1996 skal bráðabirgðastjórnin skipuð sjö fulltrúum, þremur frá Reykjavíkurborg, einum tilnefndum af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, einum af fjármálaráðherra, einum af yfirstjórn Sjálfseignarstofnunar St. Jósefsspítala og einum fulltrúa starfsmanna Sjúkrahúss Reykjavíkur. Starfsmannaráði Sjúkrahúss Reykjavíkur skal auk þess heimilt að tilnefna einn áheyrnarfulltrúa til setu á fundum stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Bráðabirgðastjórn Sjúkrahúss Reykjavíkur skal fara með yfirstjórn Sjúkrahúss Reykjavíkur í umboði borgarstjórnar Reykjavíkur.

Um breytingu á lögum nr. 39/1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, með síðari breytingu.

48. gr.

III. kafli laganna fellur brott.

Um breytingu á lögum nr. 117/1994, um skipulag ferðamála.

49. gr.

Í stað 1.–3. málsl. 1. mgr. 8. gr. laganna kemur nýr málsliður: Fjármagni því sem Ferðamálaráð hefur yfir að ráða skal varið á eftirfarandi hátt.

50. gr.

1. tölul. 21. gr. laganna orðast svo: Framlag úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

Um breytingu á hafnalögum, nr. 23/1994.

51. gr.

Við 31. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Tekjum af vörugjaldi skv. 1. og 3. tölul. 1. mgr. skal ráðstafað til sjóðsins eða til annarra þarfa samkvæmt ákvörðun Alþingis í fjárlögum hverju sinni.

Um breytingu á lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, með síðari breytingum.

52. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Tekjum af flugvallagjaldi skal varið til framkvæmda í flugmálum og rekstrar flugvalla samkvæmt flugmálaáætlun.

Um breytingu á skipulagslögum, nr. 19/1964, með síðari breytingum.

53. gr.

33. gr. laganna orðast svo:

Kostnaður við mælingar, sem skipulagsstjóri framkvæmir, skal greiddur úr ríkissjóði. Skylt er sveitarfélagi að endurgreiða a.m.k. helming slíks kostnaðar vegna mælinga sem framkvæmdar eru í þess þágu.

Ef sveitarfélag annast mælingar skal kostnaður við þær mælingar greiddur úr sveitarsjóði, en skylt er ríkissjóði að endurgreiða allt að helming slíks kostnaðar eftir því sem nánar er kveðið á um í fjárlögum, enda hafi skipulagsstjórn samþykkt að sveitarfélagið annaðist mælingarnar.

54. gr.

1. og 2. mgr. 34. gr. laganna orðast svo:

Kostnaður við skipulagningu, sem skipulagsstjórn annast, skal greiddur úr ríkissjóði. Skylt er sveitarfélagi að endurgreiða a.m.k. helming slíks kostnaðar vegna skipulagningar sem framkvæmd er í þess þágu. Sama gildir um kostnað samvinnunefndar skv. 3. gr. Verði ágreiningur á milli sveitarfélaga um skiptingu kostnaðar sker ráðherra úr, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar.

Nú hefur sveitarstjórn annast fyrir eigin reikning undirbúning og gerð skipulagsuppdrátta í sínu sveitarfélagi með samþykki skipulagsstjórnar og undir yfirstjórn hennar, og er þá ráðherra heimilt að endurgreiða úr ríkissjóði allt að helming kostnaðar sveitarstjórnar við slíkar framkvæmdir eftir því sem nánar er kveðið á um í fjárlögum, þó eigi hærri fjárhæð en nemur helmingi þeirra gjalda sem greiðast af gjaldskyldum eignum í sveitarfélaginu skv. 35. gr. laga þessara.

55. gr.

2. mgr. 35. gr. laganna orðast svo:

Auk skipulagsgjalds, sem um ræðir í 1. mgr., skal árlega greiða úr ríkissjóði til framkvæmdar skipulagsmála fjárhæð sem nemur allt að helmingi skipulagsgjalda liðins árs eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum.

Um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

56. gr.

2. málsl. 4. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Viðkomandi sveitarstjórnir skulu árlega gefa skýrslur til veiðistjóraembættis um refaveiðar og kostnað við þær, hver á sínu svæði, og endurgreiðir ríkissjóður þá allt að helming kostnaðar við veiðarnar eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum.

57. gr.

2. málsl. 3. mgr. 13. gr. laganna orðast svo: Viðkomandi sveitarstjórnir skulu árlega gefa skýrslur til veiðistjóraembættis um minkaveiðar og kostnað við þær, hver á sínu svæði, og endurgreiðir ríkissjóður þá allt að helming kostnaðar við veiðarnar eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum.

Um breytingu á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

58. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laganna skulu 637 m.kr. af innheimtum mörkuðum tekjum samkvæmt lögunum renna í ríkissjóð á árinu 1996.

59. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1996. Ákvæði 12. gr. koma til framkvæmda við útgáfu almenns leyfis til veiða í atvinnuskyni vegna fiskveiðiársins er hefst 1. september 1996. Þrátt fyrir ákvæði 31. gr. skulu tekjur skv. 3. tölul. C-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eigi teljast með í tekjugrunni við ákvörðun á bótum fyrr en frá og með 1. september árið 1996 vegna tekna ársins 1995.

488. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1996.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Inngangur.

Frá því að 2. umræðu um fjárlagafrumvarpið lauk hefur fjárlaganefnd haft frumvarpið til meðferðar og hefur hún farið yfir tekjuhlið þess, fjallað um B-hlutastofnanir og 6. gr. frumvarpsins og afgreitt mál sem meiri hluti fjárlaganefndar og ríkisstjórn ákváðu að fresta afgreiðslu á til 3. umræðu. Þá hefur meiri hlutinn lagt til breytingar á nokkrum þáttum frumvarpsins, m.a. með tilliti til endurskoðaðrar þjóðhagsspár, en hún var kynnt á fundi fjárlaganefndar 14. desember sl. Þá hafa nokkur mál verið endurskoðuð í meðförum nefndarinnar á milli 2. og 3. umræðu.

Minni hlutinn átelur það hversu seint upplýsingar bárust frá heilbrigðisráðuneytinu um veigamikil mál. Þær upplýsingar, sem fengust frá ráðuneytinu, eru vægast sagt mjög óljósar og á engan hátt til þess fallnar að gefa heildarmynd af þeim aðgerðum sem fyrirhugaðar eru.

Breyttar efnahagsforsendur.

Samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar eru horfur á hagvexti á næsta ári betri en búist var við og reiknað er með að hann verði 3,2% í stað 2% í þjóðhagsáætlun. Þjóðarútgjöld hafa aukist hraðar en gert var ráð fyrir og er áætlað að þau aukist í heild um 4% á þessu ári og 5,6% á hinu næsta.

Áður hafði Þjóðhagsstofnun áætlað að þjóðarútgjöld ykjust um 2,8% á næsta ári, þannig að endurskoðuð áætlun tvöfaldar vöxtinn. Ástæðan er annars vegar framkvæmdir vegna stækkunar álvers og hins vegar aukin einkaneysla frá því sem áætlað var í fjárlagafrumvarpinu. Áhrifin verða jákvæð að því leyti að atvinnuleysi minnkar úr 4,8% í 4,4% og ríkissjóður hefur verulegar tekjur af veltuaukningunni eða um 1.500 millj. kr. Hins vegar mun viðskiptajöfnuður verða neikvæður á næsta ári og aukinn þrýstingur verður næstu mánuði á vaxtastigið til hækkunar.

Heilbrigðismál.

Við 2. umræðu um fjárlagafrumvarpið var lítillega gerð grein fyrir aðgerðum sem fyrirhugaðar voru til lausnar vanda í heilbrigðiskerfinu. Ljóst er nú þegar 3. umræða fer fram að ekki hefur tekist að leysa hann.

Í lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, segir: „Allir landsmenn skulu eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði."

Fjárlög þau, sem nú er verið að afgreiða á Alþingi, eru skilaboð um að draga eigi úr lækningum og þau skilaboð eru fyrst og fremst ætluð hátæknisjúkrahúsum á höfuðborgarsvæðinu. Að óbreyttum fjárveitingum liggja fyrir lokanir fleiri deilda, fækkun starfsfólks og lenging biðlista.

Undanfarin ár hefur athyglin beinst mjög að útgjöldum til heilbrigðismála og því að nauðsynlegt sé að halda aftur af útgjöldum á þessu sviði. Er þar nefnt til að annars vegar séu þessi útgjöld mjög mikil og hins vegar að þau muni aukast verulega næstu árin að óbreyttu. Ekki er dregið úr því að aðhalds er þörf á þessu sviði og að það er stöðugt verkefni að vinna að sparnaði og ráðdeild í þessum mikilvæga málaflokki.

Á hinn bóginn er nauðsynlegt að minna á ákveðnar staðreyndir svo að menn gleymi sér ekki í umræðunni um þörf á niðurskurði í heilbrigðismálum.

— Þrátt fyrir allt hafa útgjöld til heilbrigðismála ekki aukist um nema tæplega 3% af ríkisútgjöldum á tólf ára tímabili, þ.e. 1984–96. Þá var varið 37% af útgjöldum fjárlaganna til heilbrigðismála en í fjárlagafrumvarpi 1996 er hlutfallið 39,7%. Aukningin svarar til um 4 milljarða kr. sem er um 3% af útgjöldum ríkissjóðs eins og fyrr segir.
— Upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun sýna að á síðasta ári voru gjöld hins opinbera til heilbrigðismála 16,85% af heildarútgjöldum en 17,72% árið 1984. Þetta þýðir að vöxtur í öðrum útgjöldum hins opinbera hafði á tímabilinu verið meiri en aukningin í heilbrigðismálunum.
— Heildarkostnaður við heilbrigðisútgjöld er á síðasta ári áætlaður 8,09% af vergri landsframleiðslu í stað 6,89% árið 1984, þar af er hlutur hins opinbera 6,77% af vergri landsframleiðslu í stað 5,98% fyrir 12 árum.
— Ísland er einungis í 13. sæti af ríkjum OECD í útgjöldum til heilbrigðismála.

Vert er að gefa þessum staðreyndum gaum við umræðu um heilbrigðismál.

Minni hluta fjárlaganefndar er fullljóst að grípa þarf til nýrra úrræða í heilbrigðiskerfinu og að setja verður fram tillögur um stefnumótun til framtíðar. Nauðsynlegt er að móta heildstæða stefnu um uppbyggingu, starfsemi og rekstrarfyrirkomulag sjúkrahúsa landsins. Það er hlutverk heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að hafa forgöngu um mörkun þeirrar stefnu sem fylgja skal í framtíðinni og dugir þá skammt að fela sjúkrahússtjórnum að skera niður og hagræða, án þess að fyrir liggi pólitísk ákvörðun um hvar eigi að skerða þjónustuna. Minni hlutinn vekur athygli á að eitt af hlutverkum stjórna sjúkrahúsa er að gera áætlanir til fjögurra ára í senn varðandi rekstur og þróun. Þetta er þeim hins vegar ekki mögulegt á meðan niðurskurður á fjárlögum er svo handahófskenndur sem raun ber vitni. Uppbygging eitt árið þýðir kannski niðurskurð það næsta og þannig verða áætlanir ekki marktækar.

Miðað við þær upplýsingar sem minni hlutinn hefur fengið lítur út fyrir að óleystur sé stór hluti vanda sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu. Virðist sem hallinn hjá Ríkisspítölum á árinu 1996 sé gífurlegur miðað við kynnta stöðu fyrir fjárlaganefnd og eru hugmyndir heilbrigðisráðuneytisins um úrbætur vægast sagt mjög óljósar. Ljóst er af þeim gögnum um Sjúkrahús Reykjavíkur sem minni hlutinn hefur kynnt sér að vandinn þar er gífurlega mikill og skiptir hundruðum milljóna. Þessar stofnanir eru lykilstöðvar lækninga á Íslandi og því er brýnt að starfseminni þar sé haldið í sómasamlegu ástandi.

Í samræmi við það sem hér hefur komið fram leggur minni hlutinn fram breytingartillögur um aukin framlög til sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu en leggur jafnframt áherslu á að í ráðuneyti heilbrigðismála sé mótuð skýr stefna í málefnum alls heilbrigðiskerfisins.

Menntamál.

Minni hluti fjárlaganefndar gerði ítarlega grein fyrir afstöðu sinni til menntamála við 2. umræðu um frumvarpið og vísar til þeirrar umræðu. Minni hlutinn telur þó ástæðu til að vekja frekari athygli á nokkrum atriðum er tengjast menntun og menningu.

Í nefndaráliti 1. minni hluta fjárlaganefndar við 2. umræðu var varað sérstaklega við því ástandi sem ríkir varðandi flutning grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga. Var bent á að enn væri ekki séð fyrir endann á kostnaðarþættinum þrátt fyrir að lögum um grunnskólann væri ætlað að taka gildi 1. ágúst 1996. Dregist hefur úr hófi að þær nefndir, sem fjalla um flutninginn, skili niðurstöðum og er það miður. Minni hlutinn ítrekar þessar áhyggjur og bendir á ályktun Kennarasambands Íslands og Hins íslenska kennarafélags þar sem vakin er athygli á seinagangi málsins og kennarasamtökin lýsa því yfir að ekki geti orðið af flutningnum á tilætluðum tíma ef lausir endar verði ekki hnýttir í málinu fyrir miðjan janúarmánuð næstkomandi. Ályktun kennarasamtakanna er fylgiskjal með áliti þessu.

Minni hlutinn leggur áherslu á áhyggjur sínar af stöðu mála í Háskóla Íslands. Fjárhagur skólans er með þeim hætti að nauðsynlegt mun reynast að skerða gæði kennslunnar, en eins og forsvarsmenn skólans bentu fjárlaganefnd á þegar fyrir 2. umræðu vantar 70 millj. kr. upp á að kennslan geti orðið sambærileg við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndum. Ljóst er að vandi skólans er gífurlegur. Meiri hlutinn gerir reyndar tillögu um 15 millj. kr. viðbótarframlag til Háskóla Íslands, er gangi til nýrra verkefna að hluta, en 10 millj. kr. eru ætlaðar skólanum vegna fjölgunar nemenda. Minni hlutinn bendir á að þrátt fyrir að allt fé sé sennilega vel þegið til skólans leysir sú fjárhæð sem meiri hlutinn leggur til engan veginn þann vanda sem fyrir er í málefnum skólans. Því leggur minni hlutinn fram breytingartillögu þar sem lagt er til að framlög til Háskóla Íslands séu aukin um 60 millj. kr. til viðbótar þeim 15 millj. kr. sem meiri hlutinn leggur til.

Þá vill minni hlutinn minna á fjárskort innlendrar rannsóknarstarfsemi, en þrátt fyrir viðbót til Nýsköpunarsjóðs námsmanna fyrir 2. umræðu er ljóst að sjóðurinn þyrfti mun meira fé til að standa undir skuldbindingum sínum. Þá vekur minni hlutinn enn athygli á skerðingu til Rannsóknarnámssjóðs og Vísindasjóðs Rannsóknarráðs og telur hana ógna innlendri rannsóknar- og vísindastarfsemi verulega. Minni hlutinn fagnar hins vegar auknu framlagi til Kvikmyndasjóðs sem nú fær sama framlag og í fyrra.

Minni hlutinn telur sérstaka ástæðu til að vekja athygli á nýjum lið í frumvarpinu, 02-983 Ýmis fræðistörf, viðfangsefni 123, Hið íslenska bókmenntafélag. Undir hann eru settar 12 millj. kr., en að auki er lagt til að 6 millj. kr. gangi til félagsins á fjáraukalögum 1995 samkvæmt tillögum meiri hluta fjárlaganefndar. Minni hluti fjárlaganefndar hefur leitað eftir skýringum á því að ríkisstjórnin skuli nú óska eftir að styrkja bókaútgáfu á þennan hátt og með svo rausnarlegum framlögum og raun ber vitni. Hefur sú skýring ein fengist að hér sé um að ræða greiðslu til félagsins vegna þjóðhátíðarútgáfu á sögu Íslands í tilefni 1100 ára afmælis Íslandsbyggðar árið 1974. Þessi rausnarskapur að 21 ári liðnu kemur minni hlutanum í opna skjöldu, á sama tíma og framlög til menntunar og menningarmála eru skorin við nögl og grundvallarmenntastofnanir í landinu lýsa yfir neyðarástandi vegna fjárskorts.

Félagsmál.

Minni hlutinn vísar í nefndarálit 1. og 2. minni hluta við 2. umræðu um almennar athugasemdir um félagsmál. Sérstaklega þykir þó ástæða til að vekja athygli á nokkrum atriðum.

Eins og bent er á í kaflanum um breyttar efnahagsforsendur er gert ráð fyrir að atvinnuleysi verði 4,4% á næsta ári í stað 4,8% eins og þjóðhagsáætlun gerði ráð fyrir. Þá verða töpuð ársverk 5.800 í stað 6.400 miðað við fyrri spá. Þetta hefur í för með sér að hægt er að gera ráð fyrir minna fé til atvinnuleysistrygginga en áætlað var og hefur þó verið tekið tillit til hækkunar bóta atvinnuleysistrygginga samkvæmt nýlegri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við aðgerðir á vinnumarkaði. Minni hlutinn vill vekja athygli á því að komið hefur í ljós að útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs voru verulega vanáætluð í fjárlagafrumvarpinu. Samkvæmt áætlunum vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins var, miðað við forsendur þjóðhagsáætlunar fyrir árið 1996, gert ráð fyrir að útgjöld sjóðsins yrðu 4.003.672.224 kr. á árinu, en í fjárlagafrumvarpinu var í upphafi gert ráð fyrir að útgjöldin yrðu aðeins 3.760.000.000 kr. Nú gerir meiri hluti fjárlaganefndar tillögur um skerðingu á framlagi ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs á grundvelli endurskoðaðrar þjóðhagsspár en tekur ekki tillit til skekkjunnar sem falin er í upphaflegum tölum frumvarpsins. Hér virðist því vera um vanáætlað fjármagn til atvinnuleysismála að ræða.

Minni hlutinn harmar að ekki skuli hafa verið fallist á tillögu um aukið framlag til Félagsmálaskóla alþýðu og lýsir yfir furðu sinni á því að ríkisstjórnin skuli skera niður framlög til þessa málaflokks á meðan þörf fyrir fullorðinsmenntun og menntun atvinnulausra hefur síst minnkað. Þá vill minni hlutinn lýsa yfir vanþóknun sinni á þeirri skerðingu sem orðið hefur á lið 07-981 Vinnumál, viðfangsefni 190, Ýmislegt. Framlög samkvæmt þessum lið hafa að mestu gengið til aðila vinnumarkaðarins í þágu þeirra samfélagslegu verkefna sem þeir sinna og er síst minni þörf en áður fyrir þá mikilvægu starfsemi sem fram fer hjá þessum samtökum.

Stofnanir í B-hluta.

Nefndin ræddi við forsvarsmenn nokkurra stofnana í B-hluta, og eru fáeinar tillögur um breytingar á þeirra högum sem minni hlutinn gerir ekki athugasemdir við. Minni hlutinn óskaði sérstaklega eftir því að fá stjórnendur Ríkisútvarpsins á fund nefndarinnar. Í máli þeirra kom fram að viðhald og uppbygging dreifikerfa væri verulega aðkallandi. Enn eru í landinu 70–80 sveitabæir sem ekki ná útsendingum sjónvarps, og víða eru hlustunarskilyrði vegna útvarps ófullkomin. Til stendur að koma upp nýjum langbylgjusendi

á Gufuskálum en einnig vantar sendi á Eiðum og bíður Ríkisútvarpið nú heimildar til að bjóða út uppbyggingu þeirra beggja í einu sem yrði hagkvæmur kostur. Með tilkomu þeirra yrði gjörbreyting á hlustunarskilyrðum, og leggur minni hlutinn áherslu á að Ríkisútvarpinu verði gert kleift að rækja skyldur sínar gagnvart landsmönnum.

Ýmsir útgjaldaliðir.

Mjög margir útgjaldaliðir frumvarpsins hafa verið til athugunar í nefndinni milli 2. og 3. umræðu, svo sem sjá má af breytingartillögum meiri hlutans. Minni hlutinn tók þátt í þeirri afgreiðslu og styður margar tillagnanna, en ekki allar, og því varð að ráði að meiri hlutinn flytti þær en ekki öll nefndin.

Minni hlutinn fór fram á að áætlanir ríkisstjórnarinnar um skerðingu bótagreiðslna til þolenda afbrota yrðu að fullu dregnar til baka. Ekki virðist vilji hjá ríkisstjórninni fyrir því og harmar minni hlutinn það. Ríkisstjórnin boðaði í upphafi þings tillögu um frestun á gildistöku laganna um bótagreiðslur til þolenda afbrota um eitt ár og að auki að afturvirkni þeirra flyttist fram um eitt ár. Hörð viðbrögð utan sem innan þings leiddu til nýrra tillagna um frestun gildistökunnar um hálft ár án þess að það hefði áhrif á afturvirknina. Jafnframt voru lagðar til breytingar á bótafjárhæðum sem leitt hefðu til stórfelldrar lækkunar frá því að lögin voru samþykkt í mars sl. Útilokað var að sætta sig við þær breytingar, og hefur síðan verið unnið að því með öllum ráðum að fá meiri hlutann til að hætta við þau áform. Nú hefur enn þokast í baráttunni gegn þessari hróplega óréttlátu lagasetningu við 2. umræðu laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Eins og fram kom í nefndarálitum, ræðum og breytingartillögum við 2. umræðu um fjárlagafrumvarpið lagði minni hlutinn áherslu á að Alþingi tryggði með fjárlögum það framlag sem þarf til þess að staðið verði við lögin í einu og öllu, og mun minni hlutinn enn freista þess að tryggja framkvæmd laganna eins og þau voru afgreidd á Alþingi rétt fyrir síðustu kosningar.

Minni hlutinn vill vekja athygli á hækkun til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, til Mannréttindaskrifstofu Íslands og til Krýsuvíkurskólans þótt ekki séu hér stórkostlegar fjárveitingar á ferð. Þá má nefna 500 þús. kr. hækkun á liðnum 08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi, en sú upphæð er ætluð til fræðslusamtaka um kynlíf og barneignir. Allt eru þetta liðir sem minni hlutinn hefur lagt áherslu á og þótt hér sé um smáar upphæðir að ræða er víst að þær koma í góðar þarfir.

Alþingi, 21. des. 1995.

Bryndís Hlöðversdóttir, frsm. Kristinn H. Gunnarsson. Gísli S. Einarsson.

Kristín Halldórsdóttir.

Nefndarálitinu fylgdu eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Ályktun stjórnar Hins íslenska kennarafélags og stjórnar Kennarasambands Íslands. (Samþykkt 12. og 15. desember 1995.)
II. Fréttatilkynning stúdentaráðs Háskóla Íslands um fjárhagsstöðu HÍ (18. desember 1995).
III. Ályktun miðstjórnar ASÍ um atlögu heilbrigðisráðherra og ríkisstjórnar að velferðarkerfinu (20. desember 1995).
IV. Heilbrigðismál í OECD-ríkjunum, gögn frá Þjóðahagsstofnun (5. september 1994).
V. Heildarútgjöld til heilbrigðismála 1970–94, gögn frá Þjóðhagsstofnun (14. desember 1995).

Um fylgiskjölin vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins).

489. Framhaldsnefndarálit [43. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1996.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Í tengslum við þá breytingartillögu, sem meiri hluti nefndarinnar hefur lagt fram á þskj. 490, skal tekið fram að það er álit meiri hlutans að til frekari ríkisábyrgðar eigi ekki að koma vegna þessa verks. Að öðru leyti vísast um skýringar til framhaldsnefndarálits á þskj. 458.

Alþingi, 21. des. 1995.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Pétur H. Blöndal.	Einar Oddur Kristjánsson.	Kristján Pálsson.

490. Breytingartillaga [43. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1996.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, VS, GMS, PHB, EOK, KPál).

Við 5. gr. bætist nýr töluliður, 7. tölul., er orðist svo:

Spölur hf., allt að 1.000 m.kr. vegna kostnaðar við gerð vegganga undir Hvalfjörð og tengingu þeirra við vegakerfið. Heimildin er veitt með því skilyrði að ríkissjóði standi til boða að kaupa hlutabréf Spalar hf. eigi síðar en árið 2018 og að staðfest kostnaðar- og tekjuáætlun sé við það miðuð að öllum greiðslum af lánum og innheimtu veggjalds verði lokið innan 30 ára eftir að veggöngin verða tekin í notkun.

Af heimildinni má nýta 300 millj. kr. vegna kostnaðar af töfum á því að verkið hafi hafist og meiri undirbúningskostnaðar. 300 millj. kr. af heimildinni má nýta við verklok vegna mögulegs kostnaðarauka við verkið á verktíma. 400 millj. kr. af heimildinni má nýta vegna vegtenginga við göngin eftir því sem þörf krefur.

491. Fyrirspurn [264. mál]

til umhverfisráðherra um aðgengi fatlaðra að umhverfisráðuneytinu og stofnunum þess.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Hvað hyggst ráðherra gera til að bæta aðgengi fatlaðra að ráðuneytinu?

492. Fyrirspurn [265. mál]

til félagsmálaráðherra um könnun á stöðu fatlaðra á vinnumarkaðinum.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Hversu langt er um liðið síðan síðasta könnun á stöðu fatlaðra á vinnumarkaðinum skv. 31. gr. laga nr. 59/1992 var gerð?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að slík könnun verði gerð og ef svo er, þá hvenær?

493. Fyrirspurn [266. mál]

til félagsmálaráðherra um endurbætur á aðgengi opinberra bygginga og þjónustustofnana.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Hefur ráðuneytið gengið eftir því við sveitarstjórnir að farið verði að ákvæðum í 34. gr. laga nr. 59/1992 og gerðar áætlanir um endurbætur á aðgengi opinberra bygginga og þjónustustofnana?
2. Ef ekki, hyggst ráðuneytið þá beita sér fyrir því að slíkar áætlanir verði gerðar?

494. Fyrirspurn [267. mál]

til menntamálaráðherra um aðgengi fatlaðra að Þjóðleikhúsinu.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Hvað hyggst ráðherra gera til þess að bæta aðgengi fyrir fatlaða við lokaáfanga lagfæringa Þjóðleikhússins, leikhúss allra landsmanna?

495. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1996.

Frá Geir H. Haarde, Svavari Gestssyni, Valgerði Sverrisdóttur, Össuri Skarphéðinssyni og Svanfríði Jónasdóttur.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 09-999 Ýmislegt. 118 Styrkur til útgáfumála samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar. Liðurinn orðist svo:	
118 Styrkur til útgáfumála samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar og skriflegri umsókn þingflokka	123.200

496. Tillaga til þingsályktunar [268. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 22. desember 1995 og standi sú frestun til 30. janúar 1996.

497. Frumvarp til laga [269. mál]

um breytingu á lögum um gjald af áfengi, nr. 96 28. júní 1995.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir.

1. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Af innheimtu gjaldi skv. 3. gr. skal 1% renna í Forvarnasjóð. Tilgangur sjóðsins skal vera að stuðla að forvörnum gegn áfengis- og fíkniefnaneyslu. Styrki skal veita úr sjóðnum til forvarnastarfa á verkefnagrundvelli. Heilbrigðisráðherra skipar fjögurra manna sjóðstjórn. Fjármálaráðherra, menntamálaráðherra og dómsmálaráðherra tilnefna einn stjórnarmann hver en þann fjórða skipar heilbrigðisráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnar. Heilbrigðisráðherra setur nánari reglur um sjóðinn með reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hér er lögð til sú breyting á 8. gr. laga um gjald af áfengi, nr. 96/1995, að þær tekjur, sem renna í Forvarnasjóð og á að nota til forvarnastarfa gegn áfengisneyslu, megi einnig nota til forvarnastarfs gegn annarri fíkniefnaneyslu.

Í júní á þessu ári voru samþykkt á Alþingi lög um gjald af áfengi. Þar er í 8. gr. kveðið á um að 1% af því gjaldi á áfengi, sem er innheimt skv. 3. gr. laganna, skuli renna í Forvarnasjóð. Tilgangur sjóðsins er að með framlögum úr honum skuli stuðla að áfengisvörnum. Heilbrigðisráðherra setti reglugerð um starfsemi Forvarnasjóðsins 3. október sl. Þar segir í 1. tölul. 5. gr. reglugerðarinnar að hlutverk sjóðsins sé „að styrkja forvarnastarf félagasamtaka og einstaklinga á sviði áfengisvarna á verkefnagrundvelli, svo sem fræðslustarfsemi og alls kyns áróður." Stjórn sjóðsins skal samkvæmt reglugerðinni auglýsa a.m.k. einu sinni á ári eftir umsóknum um styrki úr Forvarnasjóði.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1996 er liðurinn 08-621 Áfengisvarnir og bindindismál. Þar er gert ráð fyrir að til áfengisvarnaráðs fari 9,1 millj. kr. Á sama fjárlagalið er lagt til að 40,9 millj. kr. fari til annarrar forvarnastarfsemi. Af þeim lið hefur nú þegar verið ráðstafað til forvarnastarfs um 12 millj. kr. samkvæmt ákvörðun Alþingis. Framlög til Forvarnasjóðs eru ekki sérmerkt í frumvarpi til fjárlaga en ætla má að tekjur sjóðsins séu undir liðnum 08-621.

Eins og áður segir eru framlög úr Forvarnasjóði eingöngu ætluð til forvarnastarfs gegn áfengisneyslu. Þar er vissulega um þarft verk að ræða en í ljósi þess að neysla annarra ávana- og fíkniefna hefur stóraukist á undanförnum árum er nauðsynlegt að auka framlög til allrar forvarnastarfsemi. Í ljósi þess er hér lögð til sú breyting að heimilt sé að veita fé úr Forvarnasjóði til forvarnastarfsemi gegn áfengisneyslu og annarri fíkniefnaneyslu.

498. Lánsfjárlög [43. mál]

fyrir árið 1996.

(Afgreidd frá Alþingi 22. des.)

I. KAFLI

Lántökur ríkissjóðs.

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka að láni allt að 25.300 m.kr. á árinu 1996.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1996 og þessara laga.

3. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að endurlána allt að 5.320 m.kr. af fjárhæð skv. 1. gr. til eftirtalinna aðila:

1. Lánasjóðs íslenskra námsmanna, allt að 4.030 m.kr.
2. Þróunarsjóðs sjávarútvegs, allt að 850 m.kr.
3. Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, allt að 340 m.kr.
4. Alþjóðaflugþjónustunnar, allt að 100 m.kr.

II. KAFLI
Ríkisábyrgðir.

4. gr.

Eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, er heimilt að nýta þær á árinu 1996 með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í 1.–9. tölul. þessarar greinar, sbr. 13. gr. laga nr. 84/1985, um breytingu á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga:

1. Landsvirkjun, allt að 2.760 m.kr., sbr. 14. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með áorðnum breytingum.
2. Byggingarsjóður ríkisins, allt að 2.330 m.kr., sbr. 9. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
3. Byggingarsjóður verkamanna, allt að 5.660 m.kr., sbr. 48. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
4. Húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins, allt að 13.500 m.kr., sbr. 19. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
5. Stofnlánadeild landbúnaðarins, allt að 1.000 m.kr., sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, með áorðnum breytingum.
6. Byggðastofnun, allt að 1.000 m.kr., sbr. 18. gr. laga nr. 64/1985, um Byggðastofnun, með áorðnum breytingum.
7. Iðnlánasjóður, allt að 3.200 m.kr., sbr. 6., 10. og 17. gr. laga nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, með áorðnum breytingum.
8. Ferðamálasjóður, allt að 150 m.kr., sbr. 27. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, með áorðnum breytingum.
9. Rafmagnsveitur ríkisins, allt að 650 m.kr., sbr. 62. gr. orkulaga, nr. 58/1967, með áorðnum breytingum.

5. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lántöku eftirtalinna aðila á árinu 1996:

1. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, allt að 470 m.kr. til skuldbreytingar eldri lána.
2. Bæjarveitur Vestmannaeyja, allt að 24 m.kr. til skuldbreytingar eldri lána.
3. Lyfjabúð Háskóla Íslands, allt að 110 m.kr. til kaupa á fasteigninni Austurstræti 16 í Reykjavík.
4. Flugmálastjórn, allt að 92 m.kr. til endurnýjunar á flugvél.
5. Ríkisútvarpið, allt að 200 m.kr. til kaupa á langbylgjusendum og loftnetum.
6. Orkusjóður, allt að 15 m.kr. til jarðhitaleitar.

7. Spölur hf., allt að 1.000 m.kr. vegna kostnaðar við gerð vegganga undir Hvalfjörð og tengingu þeirra við vegakerfið. Heimildin er veitt með því skilyrði að ríkissjóði standi til boða að kaupa hlutabréf Spalar hf. eigi síðar en árið 2018 og að staðfest kostnaðar- og tekjuáætlun sé við það miðuð að öllum greiðslum af lánum og innheimtu veggjalds verði lokið innan 30 ára eftir að veggöngin verða tekin í notkun.

Af heimildinni má nýta 300 m.kr. vegna kostnaðar af töfum á því að verkið hafi hafist og meiri undirbúningskostnaðar. 300 m.kr. af heimildinni má nýta við verklok vegna mögulegs kostnaðarauka við verkið á verktíma. 400 m.kr. af heimildinni má nýta vegna vegtenginga við göngin eftir því sem þörf krefur.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði um lánsfjármál.

6. gr.

Lántökur samkvæmt lögum þessum skulu fara fram innan lands eða utan.

7. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:

a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör bjóðast;
b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxtabreytingum;
c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin eru á grundvelli heimilda í II. kafla, að hluta eða öllu leyti, án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

8. gr.

Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta heimildir skv. II. kafla eða 7. gr. skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

9. gr.

Yfirtekin lán og ábyrgðir veittar á lántökum þriðja aðila, eða milliganga um töku lána þeirra, skulu rúmast innan þeirra heimilda sem tilgreindar eru í II. kafla.

10. gr.

Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi lánsfjárlaga.

11. gr.

Stofnlánadeild landbúnaðarins er heimilt að taka allt að 350 m.kr. viðbótarlán á árinu 1995 og 1996 vegna skuldbreytinga á lausaskuldum bænda.

12. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að yfirtaka allar skuldir Herjólfs hf. vegna kaupa á ferjunni Herjólfi.

13. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að gefa út að nýju viðbót inn í eldri flokka spariskírteina ríkissjóðs sem ekki eru komnir á gjalddaga í þeim tilgangi að stækka slíka flokka og gera þá markaðshæfari. Skilmálar og kjör hlutdeildarskírteina (spariskírteina) slíkra viðbóta við eldri flokka skulu vera hin sömu og að breyttu breytanda, þ.e. útgáfudagur, fyrsti vaxtadagur, vextir, verðtryggingarákvæði, gjalddagi og þess háttar.

14. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka að láni allt að 70 m.kr. á árinu 1995 og endurlána til Spalar hf.

IV. KAFLI
Gildistökuákvæði.

15. gr.

Lántökuheimildir og heimildir til ríkisábyrgða, sem tilgreindar eru í I.–III. kafla laga þessara, gilda á árinu 1996 en lántökuheimild skv. 11. gr. gildir einnig á árinu 1995. Heimildir verða þó nýttar til 1. apríl 1997 standi sérstaklega á og samþykki fjármálaráðherra kemur til. Lántökuheimild skv. 14. gr. gildir á árinu 1995.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

499. Fjáraukalög [44. mál]

fyrir árið 1995.

(Afgreidd frá Alþingi 22. des.)

Samhljóða þskj. 293 (sbr. 44) með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Eftirtaldar breytingar verða á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1995 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1995:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		**2 328 000**
Tekjuskattar	1 030 000	
Tryggingagjöld, launaskattar	-20 000	
Eignarskattar	75 000	
Skattar á vörur og þjónustu	749 000	
Vaxtatekjur	300 000	
Aðrar tekjur	194 000	
Gjöld		**5 909 300**
Samneysla	1 798 400	
Rekstrargjöld	1 559 400	
Viðhald	239 000	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	2 285 100	
Vaxtagjöld	330 000	
Fjárfesting	1 495 800	
Gjöld umfram tekjur		**3 581 300**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		8 120 000
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**11 701 300**
Afborganir af teknum lánum		450 000
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**12 151 300**
Lántökur		12 200 000
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**48 700**

2. gr. hljóðar svo:

Útgjöld ríkissjóðs breytast frá ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1995 sem hér segir, sbr. sundurliðun í 3. gr.:

	Þús.kr.	Þús.kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	89 400	
01 Forsætisráðuneyti	19 000	
02 Menntamálaráðuneyti	128 300	
03 Utanríkisráðuneyti	144 100	
04 Landbúnaðarráðuneyti	177 000	
05 Sjávarútvegsráðuneyti	17 200	
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	36 700	
07 Félagsmálaráðuneyti	252 600	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	2 681 200	
09 Fjármálaráðuneyti	2 035 900	
10 Samgönguráðuneyti	266 000	
11 Iðnaðarráðuneyti	45 300	
12 Viðskiptaráðuneyti	14 100	
14 Umhverfisráðuneyti	2 500	
Samtals		5 909 300

Eftirtaldir liðir 3. gr. bætast við eða breytast og hljóða svo:

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–209	**Verkfræðistofnun Háskóla Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 000
1 01	Verkfræðistofnun Háskóla Íslands	7 000	
	Gjöld samtals		7 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	7 000	
5	Gjöld samtals		**7 000**
02–983	**Ýmis fræðistörf**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 000
1 23	Hið íslenska bókmenntafélag	6 000	
1 90	Ýmis fræðistörf	12 000	
	Gjöld samtals		18 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	6 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	12 000	
5	Gjöld samtals		**18 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–989 Ýmis íþróttamál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 500
1 10	Íþróttasamband Íslands	1 500	
1 19	Handknattleikssamband Íslands	5 000	
	Gjöld samtals		6 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	6 500	
5	Gjöld samtals		**6 500**
04–811 Bændasamtök Íslands			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			6 000
6 97	Jarðræktarlög	6 000	
	Gjöld samtals		6 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	6 000	
5	Gjöld samtals		**6 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
05–101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 200
1 01	Yfirstjórn	7 200	
	Gjöld samtals		7 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 500	
52–58	Önnur gjöld	4 700	
5	Gjöld samtals		**7 200**
06–290 Dómsmál, ýmis kostnaður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 700
1 15	Lögfræðiþjónusta neyðarmóttöku vegna nauðgana	1 700	
	Gjöld samtals		1 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 700	
5	Gjöld samtals		**1 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			600
1 50	Þjónustumiðstöð Bræðratungu	600	
	Gjöld samtals		600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	600	
5	Gjöld samtals		**600**
07–711 Styrktarfélag vangefinna			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 500
1 01	Almennur rekstur	9 500	
	Gjöld samtals		9 500
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	9 500	
5	Gjöld samtals		**9 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–722 Sólheimar Grímsnesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 700
1 70	Vistheimilið að Sólheimum, Grímsnesi	18 700	
	Gjöld samtals		18 700
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	18 700	
5	Gjöld samtals		**18 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			75 000
1 15	Sjúkrahús utan Reykjavíkur	75 000	
	Gjöld samtals		75 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	75 000	
5	Gjöld samtals		**75 000**
08–371 Ríkisspítalar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			242 000
1 01	Ríkisspítalar	242 000	
	Gjöld samtals		242 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	235 000	
52–58	Önnur gjöld	7 000	
5	Gjöld samtals		**242 000**
08–375 Sjúkrahús Reykjavíkur			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			133 000
1 11	Borgarspítalinn	133 000	
	Gjöld samtals		133 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	133 000	
5	Gjöld samtals		**133 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–381 Sjúkrahús og læknisbústaðir			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			−28 500
6 90	Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	−28 500	
	Gjöld samtals		−28 500
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	−28 500	
5	Gjöld samtals		**−28 500**
08–521 Heilsugæslustöðin Akranesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 000
1 01	Heilsugæslustöðin Akranesi	8 000	
	Gjöld samtals		8 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	8 000	
5	Gjöld samtals		**8 000**
08–553 Heilsugæslustöðin Akureyri			
Tegundasundurliðun:			
4	Sértekjur	−4 400	
	Mismunur		**4 400**

	Þús. kr.	Þús. kr.
08–581 Heilsugæslustöð Suðurnesja		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		35 000
1 01 Heilsugæslustöð Suðurnesja	35 000	
Gjöld samtals		35 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	35 000	
5 Gjöld samtals		**35 000**
09–971 Ríkisábyrgðir og tjónabætur		
Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		80 000
6 10 Tjónabætur	80 000	
Gjöld samtals		80 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	80 000	
5 Gjöld samtals		**80 000**
09–999 Ýmislegt		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		150 000
1 60 Dómkröfur	55 000	
1 70 Aðstoð vegna snjóflóðs í Súðavík	60 000	
1 71 Aðstoð vegna snjóflóðs á Flateyri	35 000	
Gjöld samtals		150 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	120 000	
59 Tilfærslur:		
5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	30 000	
5 Gjöld samtals		**150 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
10–330 Vita- og hafnamálastofnun			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			26 000
6 70	Hafnamannvirki	26 000	
	Gjöld samtals		26 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	26 000	
5	Gjöld samtals		**26 000**
11–399 Ýmis orkumál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 000
1 14	Aðstoð við litlar hitaveitur	5 000	
1 17	Markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar	10 000	
	Gjöld samtals		15 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	5 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	10 000	
5	Gjöld samtals		**15 000**

SÉRSTAKT YFIRLIT

	Þús. kr.	Þús. kr.
Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 690)		
a. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar:		
1. Blönduós, sjúkrahús	1.500	
2. Sjúkrahús Suðurnesja	-10.000	
3. Reykjavík, heilsugæslustöðvar	-10.000	
		-18.500
b. Hjúkrunarheimili aldraðra:		
Hjúkrunarheimili Fáskrúðsfirði	-10.000	
		-10.000
		-28.500

500. Fjárlög [1. mál]

fyrir árið 1996.

(Afgreidd frá Alþingi 22. des.)

Samhljóða þskj. 394 (sbr. 1) með þessum breytingum:

A-HLUTI
Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana.

1. gr. hljóðar svo:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

Rekstrarreikningur	M.kr.	M.kr.
Tekjur		**120.865,0**
Tekjuskattar	21.850,0	
Tryggingagjöld, launaskattar	12.865,0	
Eignarskattar	3.565,0	
Skattar á vörur og þjónustu	74.655,0	
Vaxtatekjur	5.200,0	
Aðrar tekjur	2.730,0	
Gjöld		**124.816,1**
Samneysla	54.286,0	
Rekstrargjöld	50.598,4	
Viðhald	3.687,6	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	48.438,0	
Vaxtagreiðslur	13.050,0	
Fjárfesting	9.042,1	
Stofnkostnaður	6.356,5	
Fjármagnstilfærslur	2.685,6	
Gjöld umfram tekjur		**3.951,1**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		-850,0
Veitt lán til B-hluta ríkissjóðs	5.320,0	
– Innheimtar afborganir af veittum lánum	-6.170,0	
Hluta- og stofnfjárframlög		500,0
Viðskiptareikningar		500,0
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**4.101,1**
Afborganir af teknum lánum		21.160,0
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**25.261,1**
Lántökur		25.300,0
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**38,9**

2. gr. hljóðar svo:

Árið 1996 eru veittar til gjalda fjárhæðir sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. gr.

Rekstrar–

Gjöld:

		M.kr.	M.kr.
00	**Æðsta stjórn ríkisins**		**1.324,1**
	Embætti forseta Íslands	53,4	
	Alþingi og stofnanir þess	1.098,5	
	Ríkisstjórn	73,3	
	Annað	98,9	
01	**Forsætisráðuneyti**		**516,8**
	Ráðuneyti	111,3	
	Annað	405,5	
02	**Menntamálaráðuneyti**		**19.281,9**
	Ráðuneyti	280,7	
	Háskólar og rannsóknir	3.304,0	
	Framhaldsskólar og héraðsskólar	5.257,5	
	Grunnskólar og sérskólar	6.626,0	
	Námsaðstoð	1.561,5	
	Söfn, listastofnanir o.fl.	1.314,5	
	Annað	937,7	
03	**Utanríkisráðuneyti**		**1.874,6**
	Ráðuneyti	378,9	
	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	167,4	
	Sendiráð og fastanefndir	661,0	
	Þróunarmál og alþjóðastofnanir	667,3	
04	**Landbúnaðarráðuneyti**		**6.980,7**
	Ráðuneyti	115,7	
	Landbúnaðarstofnanir	557,6	
	Skógrækt og landgræðsla	410,6	
	Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	5.338,0	
	Ýmis framlög	558,8	
	Flutt		29.978,1

3. gr. hljóðar svo:

Árið 1996 er áætlað að innheimtar tekjur verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi samkvæmt þessari grein.

reikningur

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
401-2	**Tekjuskattur, nettó**		**21.850,0**
40110	Tekjuskattur einstaklinga, nettó	17.250,0	
40210	Tekjuskattur félaga	4.600,0	
410	**Tryggingagjöld, launaskattar**		**12.865,0**
41001	Tryggingagjald	12.200,0	
41011	Gjald í ábyrgðarsjóð launa	200,0	
41021	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	465,0	
405-6	**Eignarskattar**		**3.565,0**
40511	Eignarskattur einstaklinga	1.415,0	
40516	Sérstakur eignarskattur einstaklinga	145,0	
40611	Eignarskattur félaga	1.345,0	
40616	Sérstakur eignarskattur félaga	270,0	
40531	Erfðafjárskattur	390,0	
42-43	**Skattar á vöru og þjónustu**		
425	**Virðisaukaskattur**		**45.820,0**
42511	Virðisaukaskattur	45.820,0	
420	**Aðflutningsgjöld**		**1.727,0**
4200	Tollar	1.727,0	
421	**Ýmis gjöld af innflutningi**		**90,0**
4214	Jöfnunartollur	55,0	
42161	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	35,0	
	Flutt		85.917,0

Gjöld:

		M.kr.	Rekstrar- M.kr.
	Flutt		29.978,1
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**		**1.199,9**
	Ráðuneyti	223,1	
	Rannsókna- og eftirlitsstofnanir	976,8	
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**		**6.024,3**
	Ráðuneyti	161,1	
	Dómsmál	637,2	
	Löggæslustofnanir og öryggismál	2.057,5	
	Sýslumenn	2.157,9	
	Fangelsismál	484,9	
	Kirkjumál	525,7	
07	**Félagsmálaráðuneyti**		**8.990,6**
	Ráðuneyti	104,8	
	Húsnæðismál	600,0	
	Stjórnsýslustofnanir	167,3	
	Málefni barna og ungmenna	242,3	
	Málefni fatlaðra	2.124,0	
	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	2.161,0	
	Vinnumál	3.421,3	
	Rekstrarhagræðing	11,4	
	Annað	158,5	
08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**		**50.014,3**
	Ráðuneyti	139,9	
	Tryggingamál	29.260,9	
	Sjúkrastofnanir	18.208,8	
	Heilsugæsla	1.777,0	
	Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir	213,3	
	Rekstrarhagræðing	53,2	
	Annað	361,2	
09	**Fjármálaráðuneyti**		**17.895,4**
	Ráðuneyti o.fl.	468,0	
	Skatta- og tollamál	1.645,1	
	Verðlagsmál og ríkisábyrgðir	1.230,0	
	Vextir	13.050,0	
	Rekstrarhagræðing	5,0	
	Annað	1.497,3	
	Flutt		114.102,6

reikningur

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
	Flutt		85.917,0
423	**Vörugjöld**		**12.204,0**
42301	Vörugjald, almennt	3.100,0	
42320	Vörugjald af ökutækjum	2.605,0	
42331	Vörugjald af bensíni, almennt	1.785,0	
42341	Sérstakt vörugjald af bensíni	4.580,0	
42391	Framleiðslugjald af áli	134,0	
426	**Skattar af einkasöluvörum**		**6.508,0**
42601	Hagnaður ÁTVR, áfengisgjald	6.500,0	
42611	Gjald af einkasöluvörum	8,0	
427	**Sértækir þjónustuskattar**		**76,0**
42701	Skemmtanaskattur	65,0	
42702	Miðagjald	11,0	
429	**Aðrir skattar af þjónustu**		**187,0**
4261	Rafmagnseftirlitsgjald	100,0	
42781	Einkaleyfisgjald H.H.Í.	78,0	
42796	Samúðarskeyti Landssímans	9,0	
43	**Aðrir óbeinir skattar**		**8.043,0**
42352	Olíugjald, þungaskattur	2.420,0	
43111	Bifreiðagjald	1.825,0	
43211	Vitagjald	74,0	
43221	Skipagjald	65,0	
43411	Þinglýsingar	119,0	
43421	Stimpilgjald	2.340,0	
43700	Aukatekjur	950,0	
43801	Áhættugjald ríkisábyrgða	250,0	
47	**Sala eigna**		
471	**Sala eigna**		**100,0**
4719	Sala eigna	100,0	
	Flutt		113.035,0

Gjöld:

		M.kr.	Rekstrar- M.kr.
	Flutt		114.102,6
10	**Samgönguráðuneyti**		**8.256,2**
	Ráðuneyti	282,5	
	Vegamál	6.663,0	
	Siglingamál	774,3	
	Flugmál	411,2	
	Ferðamál	125,2	
11	**Iðnaðarráðuneyti**		**1.154,8**
	Ráðuneyti	64,0	
	Iðnaðarmál	233,7	
	Orkumál	857,1	
12	**Viðskiptaráðuneyti**		**198,1**
	Ráðuneyti	85,5	
	Viðskiptamál	112,6	
13	**Hagstofa Íslands**		**158,9**
14	**Umhverfisráðuneyti**		**945,5**
	Ráðuneyti	165,6	
	Umhverfisvernd	312,4	
	Skipulagsmál	113,0	
	Rannsóknir	354,5	
	Gjöld samtals		124.816,1

reikningur

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
	Flutt		113.035,0
48	**Fjármunatekjur**		
480-1	**Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur**		**5.200,0**
48010	Dráttarvextir og vextir af skammtímalánum	1.700,0	
4812	Vaxtatekjur af langtímalánum	3.500,0	
482	**Arðgreiðslur**		**2.280,0**
48202	Fríhöfn Keflavíkurflugvelli	470,0	
48204	Póstur og sími	860,0	
4823	Hluti af hagnaði Seðlabanka Íslands	800,0	
4829	Aðrar arðgreiðslur	150,0	
49	**Aðrar tekjur**		
499	**Ýmsar tekjur**		**350,0**
49901	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	250,0	
49999	Óvissar tekjur	100,0	
	Tekjur samtals		120.865,0
	Gjöld umfram tekjur		3.951,1
	Samtals		124.816,1

4. gr.

Samhljóða þskj. 394 (sbr. 1) með þeim breytingum sem samþykktar voru á þskj. 419, 420 og 460.

5. gr.

Samhljóða þskj. 429.

6. gr. hljóðar svo:

Ríkisstjórninni er heimilt:

1.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldamegin ef lög verða staðfest frá Alþingi 1996 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

1.2 Að ákveða að Póst- og símamálastofnunin innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld (fastagjöld) síma árið 1996 hjá allt að 50 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindrafélagsins í Reykjavík. Menn þessir séu fyrirvinnur heimilis eða vinni einir á vinnustað.

1.3 Að ákveða að Póst- og símamálastofnunin innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld (fastagjöld) síma árið 1996 hjá allt að 50 fötluðum mönnum, eftir tilnefningu Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra.

Fjármálaráðherra er heimilt:

Eftirgjöf gjalda

2.1 Að fella niður toll og vörugjald af öryggis- og hjálpartækjum fyrir fatlaða.

2.2 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af gjöfum til björgunarsveita, gjöfum til mannúðar- og líknarstarfsemi og af rannsóknatækjum sem vísindastofnunum eru gefin eða keypt fyrir styrki.

2.3 Að fella niður eða endurgreiða toll og vörugjald af sjálfvirkum símstöðvum, fjölsímum, radíótækjum, jarðsímum og sæstreng og búnaði vegna Cantat 3 sem flutt er til landsins á vegum Póst- og símamálastofnunar. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

2.4 Að fella niður stimpilgjöld af skuldaskjölum Spalar hf. vegna fjármögnunar jarðganga.

2.5 Að fella niður eða endurgreiða stimpilgjöld af skuldabréfum sem skipasmíðastöðvar eða útgerðir gefa út til viðskiptabanka vegna endurlána bankanna á erlendum lánum sem tekin eru með samþykki Fiskveiðasjóðs til nýsmíði fiskiskipa, endurbóta hvers konar, þar með talin tækjakaup og vélaskipti, enda hafi Fiskveiðasjóður gefið út formlegt lánsloforð fyrir gildistöku laga nr. 48/1992, um breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum.

2.6 Að fella niður stimpilgjöld í tengslum við leigu Flugleiða hf. á Boeing 737-400 flugvélum (TF-FIA og TF-FIB).
2.7 Að fella niður stimpilgjöld í tengslum við leigu flugfélagsins Atlanta hf. á Lockheed Tristar L-1011 flugvél (TF-ABP) og á Boeing 747-100 flugvél með framleiðslunúmerið 20208.
2.8 Að fella niður stimpilgjöld í tengslum við kaup Flugvélaleigunnar hf. á flugvél sem ber einkennisstafina TF-EHL.
2.9 Að fella niður stimpilgjöld í tengslum við kaup Eignarfélags Íslandsflugs hf. á flugvél sem ber einkennisstafina TF-BBG.
2.10 Að endurgreiða hluta af vörugjaldi og virðisaukaskatti er greitt var af notuðum ökutækjum sem flutt voru til landsins á tímabilinu 1. júlí til 31. ágúst 1995. Endurgreiðslan skal nema hækkun framangreindra gjalda vegna breyttra reglna um tollverð notaðra ökutækja sem tóku gildi 1. júlí 1995.
2.11 Að fella niður opinber gjöld af fallbyssuskotum sem Landhelgisgæslan hefur flutt inn frá Danmörku.
2.12 Að fella niður stimpilgjöld í tengslum við leigu flugfélagsins Atlanta hf. á Boeing 737-200F flugvél með skrásetningarmerkið TF-ABX.

Ráðstöfun eigna

3.1 Að afhenda Laugardalshreppi til eignar 75% eignarhluta ríkisins í húseigninni Lindinni, gömlum húsown stjórnarskóla á Laugarvatni.
3.2 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í skólabyggingum að Laugalandi í Eyjafirði.
3.3 Að selja núverandi sendiherrabústað og skrifstofuhúsnæði sendiráðsins í Bonn og kaupa sendiherrabústað í Berlín.
3.4 Að selja húsnæði Sölu varnarliðseigna að Grensásvegi í Reykjavík.
3.5 Að selja núverandi sendiherrabústað í París og kaupa eða leigja annan í staðinn.
3.6 Að selja húsnæði fyrir varamann sendiherra í Stokkhólmi.
3.7 Að selja húsnæði fyrir varamann sendiherra í Ósló.
3.8 Að selja fasteignir í eigu Skógræktar ríkisins og kaupa aðrar vegna flutnings aðalstöðva Skógræktarinnar á Fljótsdalshérað og endurskipulagningar á starfsemi stofnunarinnar.
3.9 Að selja fasteignir tilraunastöðva Rannsóknastofnunar landbúnaðarins vegna breytinga á rekstri stofnunarinnar og verja andvirði þeirra til uppbyggingar á starfseminni annars staðar.
3.10 Að selja fasteign Stóðhestastöðvar ríkisins í Gunnarsholti og verja hluta af söluandvirðinu í þágu Landgræðslu ríkisins.
3.11 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Barra hf. og verja hluta af söluandvirðinu í þágu Skógræktar ríkisins og Héraðsskóga.
3.12 Að selja jörðina Tjaldanes í Þingeyrarhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu.
3.13 Að selja jörðina Syðri-Tungu í Staðarsveit, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.
3.14 Að selja jörðina Smiðjuhólsveggi í Álftaneshreppi, Mýrasýslu.
3.15 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í véla- og verkfærageymslu á jörðinni Grímstungu í Öxarfjarðarhreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.
3.16 Að selja dýralæknisbústaði og verja hluta af andvirði þeirra til kaupa á húsnæði fyrir dýralæknamiðstöðvar í héruðum þar sem það er talið hagkvæmt.

3.17 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Bifreiðaskoðun Íslands hf. og verja allt að 50 m.kr. af söluandvirði þeirra til stofnframkvæmda og fasteignakaupa.
3.18 Að selja skrifstofuhúsnæði sýslumannsins í Stykkishólmi.
3.19 Að selja húsnæði Unglingaheimilis ríkisins að Sólheimum 7 í Reykjavík og kaupa eða byggja annað hentugra.
3.20 Að selja húsnæði Unglingaheimilis ríkisins að Efstasundi 86 í Reykjavík og kaupa eða byggja annað hentugra.
3.21 Að selja húsnæði Unglingaheimilis ríkisins að Tindum á Kjalarnesi og kaupa eða byggja annað hentugra.
3.22 Að selja fasteignina Laugaveg 114 í Reykjavík og kaupa eða leigja húsnæði fyrir starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins.
3.23 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í húseigninni Álfheimum 74, Reykjavík.
3.24 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Tryggvagötu 28, Reykjavík.
3.25 Að selja fasteignina Pólgötu 8, Ísafirði.
3.26 Að selja jörðina Heyklif í Stöðvarhreppi í Suður-Múlasýslu.
3.27 Að selja húseign Rafmagnsveitna ríkisins að Úthaga 6, Selfossi.
3.28 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Jarðborunum hf.
3.29 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Endurvinnslunni hf.
3.30 Að selja fasteignina Þjóðbraut 11, Akranesi.
3.31 Að selja fasteignina Víðigrund 5, Sauðárkróki.
3.32 Að selja prestssetrið Bólstað í Bólstaðarhlíðarprestakalli, Húnavatnssýslu.
3.33 Að selja prestssetrið Túngötu 6, Suðureyri, í Staðarprestakalli, Ísafjarðarprófastsdæmi, og kaupa annað í staðinn.
3.34 Að selja prestssetrið Bakkatún, Bíldudal, í Bíldudalsprestakalli, Barðastrandarprófastsdæmi, og kaupa annað í staðinn.
3.35 Að selja prestssetrið Túngötu 28, Tálknafirði, Tálknafjarðarprestakalli, Barðastrandarprófastsdæmi, og kaupa annað í staðinn.
3.36 Að selja land undir kirkjugarð úr jörðinni Mosfelli í Mosfellsbæ.
3.37 Að afhenda Sambandi austur-húnvetnskra kvenna eignarhluta ríkissjóðs í húsum þeim sem Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi hefur haft til afnota undir starfsemi sína.
3.38 Að selja embættisbústað að Þrúðvangi 22, Hellu, og verja andvirði sölunnar til kaupa á hentugra húsnæði.
3.39 Að selja Engihlíð 9, Reykjavík, og verja andvirði sölunnar til húsnæðiskaupa fyrir Ríkisspítala.
3.40 Að selja jörðina Geirbjarnarstaði í Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
3.41 Að semja við Samtök áhugafólks um áfengisvandamálið um yfirtöku og afnot eigna ríkissjóðs að Staðarfelli í Fellsstrandarhreppi, að höfðu samráði við menntamálaráðherra.
3.42 Að semja um makaskipti á Hofgarðatjörn í Staðarsveit ásamt landi umhverfis hana og jörðinni Syðri-Tungu í sömu sveit, í samráði við landbúnaðarráðherra.
3.43 Að selja jörðina Horn í Skorradal og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði á Hvanneyri.
3.44 Að selja jörðina Kvígsstaði í Andakílshreppi og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði á Hvanneyri.

3.45 Að selja embættisbústað að Svarfaðarbraut 20, Dalvík.
3.46 Að selja jörðina Lambhúskot í Biskupstungnahreppi, Árnessýslu.
3.47 Að selja jörðina Austmannsdal í Vesturbyggð.
3.48 Að selja jörðina Brekkugerði í Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu.
3.49 Að selja jörðina Hól í Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu.
3.50 Að semja við Hveragerðisbæ um makaskipti á landi úr óskiptu landi Reykjatorfunnar í Árnessýslu og landi úr jörðinni Vorsabæ í Árnessýslu.
3.51 Að selja fasteignina Lambeyrarbraut 4, Eskifirði.
3.52 Að selja jörðina Neðri-Tungu á Ísafirði.
3.53 Að selja húseignina Strandgötu 53, Eskifirði, og verja andvirði sölunnar til kaupa á heilsugæsluseli á Reyðarfirði.
3.54 Að selja embættisbústað að Hjarðarslóð 3D, Dalvík.
3.55 Að selja fasteignina Heiðarbrún 24, Hveragerði.
3.56 Að selja fasteignina Langagerði 24, Reykjavík.
3.57 Að selja farþegaskýli á Suðureyrarflugvelli.
3.58 Að selja flugvél Flugmálastjórnar, TF-DCA.
3.59 Að selja fasteignirnar Reynilund 4 í Garðabæ, Lindarflöt 41 í Garðabæ og Blesugróf 27 í Reykjavík og nota andvirðið til að kaupa eða byggja húsnæði fyrir Fullorðinsfræðslu fatlaðra.
3.60 Að selja fasteignir Héraðsskólans að Núpi í Dýrafirði, Héraðsskólans í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp og Héraðsskólans á Reykjum í Hrútafirði og verja andvirði þeirra til viðhalds og stofnkostnaðar.
3.61 Að selja fasteignir fræðsluskrifstofanna í Reykjanesumdæmi og Austurlandsumdæmi og verja andvirði þeirra til viðhalds og stofnkostnaðar.
3.62 Að selja húseignirnar Sundstræti 28 og Árholt 5 á Ísafirði og eignarhluta ríkisins í fjölbýlishúsinu Miðgarði 4 á Egilsstöðum og verja andvirði þeirra til viðhalds og stofnkostnaðar.
3.63 Að selja húseignina Lindarbraut 8 á Laugarvatni og kaupa aðra í staðinn.
3.64 Að selja núverandi húsnæði lögreglunnar á Þórshöfn og kaupa annað hentugra.
3.65 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteigninni Borgartúni 32, Reykjavík.
3.66 Að selja prestssetrið Hlíðarvegi 14, Bolungarvík, og kaupa annað í staðinn.
3.67 Að selja íbúðar- og útihús á jörðinni Gufudal í Ölfushreppi, Árnessýslu.
3.68 Að selja skólastjórabústað Hússtjórnarskólans á Hallormsstað og nýta andvirðið til endurbóta á skólahúsinu.
3.69 Að selja embættisbústað að Brekkubyggð 14 og starfsmannaíbúð að Þverbraut 1, Blönduósi, og verja andvirði sölunnar til kaupa á hentugra húsnæði.
3.70 Að selja núverandi sendiherrabústað í Washington og kaupa annan í staðinn.
3.71 Að selja húseign Rafmagnsveitna ríkisins, Dverghamra, við Suðurlandsveg á Kirkjubæjarklaustri.
3.72 Að selja aðveitustöðvarhús Rafmagnsveitna ríkisins að Kúludalsá, Innri Akraneshreppi.
3.73 Að selja hlut ríkissjóðs í fasteigninni Austurvegi 11 á Ísafirði.
3.74 Að selja jörðina Fögruhlíð í Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu.
3.75 Að selja jörðina Gvendarnes (Hafnarnes) í Fáskrúðsfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu.
3.76 Að selja spildu úr lóð ríkissjóðs á Grundartanga, Skilmannahreppi.
3.77 Að selja land ríkissjóðs innan þéttbýlismarka í Grundarfirði, Eyrarsveit.

Fasteignakaup, lántökuheimildir o.fl.

4.1 Að kaupa hverasvæði Geysis í Haukadal og taka til þess nauðsynleg lán.
4.2 Að kaupa húsnæði fyrir tækjastöð Brunamálastofnunar ríkisins.
4.3 Að ganga til samninga um kaup á húsnæði í Garðabæ fyrir útibú frá sýslumanninum í Hafnarfirði.
4.4 Að kaupa húsnæði fyrir varamann sendiherra í Washington og taka til þess nauðsynleg lán.
4.5 Að endurnýja lóðarleigusamning um núverandi sendiherrabústað í London eða festa kaup á nýju húsnæði og taka til þess nauðsynleg lán.
4.6 Að kaupa jarðirnar Gunnólfsvík I og II í Skeggjastaðahreppi, N-Múlasýslu, og taka til þess nauðsynleg lán.
4.7 Að kaupa húseignir og lóðir í nágrenni Menntaskólans í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
4.8 Að kaupa Hótel Valhöll á Þingvöllum og taka til þess nauðsynleg lán.
4.9 Að kaupa húseignir og lóðir í nágrenni Arnarhvols í Reykjavík fyrir Stjórnarráðið og taka til þess nauðsynleg lán.
4.10 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir aðalskrifstofur ráðuneyta og taka til þess nauðsynleg lán.
4.11 Að kaupa geymsluhúsnæði fyrir Þjóðskjalasafn Íslands.
4.12 Að kaupa húsnæði fyrir læknamóttöku í Hrísey.
4.13 Að kaupa húsnæði vegna uppbyggingar heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu og taka til þess nauðsynleg lán.
4.14 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir Heilsugæslustöðina Sólvang í Hafnarfirði.
4.15 Að kaupa íbúðarhúsnæði við Eiríksgötu í Reykjavík til nota fyrir Ríkisspítala og taka til þess nauðsynleg lán.
4.16 Að kaupa húsnæði fyrir Lyfjanefnd ríkisins og taka til þess nauðsynleg lán.
4.17 Að kaupa húsnæði fyrir útibú Fasteignamats ríkisins á Selfossi.
4.18 Að kaupa húseignir og byggingarreit á háskólalóðinni við Hringbraut í þágu Þjóðminjasafns Íslands.
4.19 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir Héraðsdóm Vestfjarða.
4.20 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir skrifstofu sýslumannsins á Hólmavík.
4.21 Að kaupa húsnæði fyrir kjararannsóknarnefnd.
4.22 Að kaupa hluta jarðarinnar Katanes í Hvalfjarðarstrandarhreppi og taka til þess nauðsynleg lán.
4.23 Að kaupa viðbótarhúsnæði til nota fyrir embætti sýslumannsins í Búðardal og taka til þess nauðsynleg lán.
4.24 Að kaupa húsnæði í Ólafsvík fyrir embætti sýslumannsins í Stykkishólmi.

Ýmsar heimildir

5.1 Að semja við einstaklinga um bætur, í samræmi við tillögur nefndar um ágreiningsmál skv. 3. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, og að höfðu samráði við ríkislögmann, vegna tjóns sem þeir hafa orðið fyrir við læknismeðferð.
5.2 Að kaupa dagblöð eða aðalmálgagn þingflokks fyrir stofnanir ríkisins, allt að 100 eintökum af hverju blaði.
5.3 Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 1996, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana, að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárlaganefndar Alþingis.

5.4 Að ráðstafa, í samráði við einstaka ráðherra og fjárlaganefnd Alþingis, fjárlagalið 950 Rekstrarhagræðing til hækkunar á fjárheimild einstakra rekstrarviðfangsefna.
5.5 Að láta allt að 20% arðs af tekjum ríkisins í Kísiliðjunni hf. renna til sjóðs sem ætlað er að kosta eflingu atvinnulífs í þeim sveitarfélögum sem eiga verulegra hagsmuna að gæta af starfsemi kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn.
5.6 Að greiða bætur þeim sem sýkst hafa af alnæmi við blóðgjafir hér á landi fyrir 1986. Bætur séu ákveðnar af fjármálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra.
5.7 Að endurgreiða verðjöfnunargjöld við útflutning á unnum vörum sem innihalda landbúnaðarhráefni, í samráði við landbúnaðarráðherra.
5.8 Að ganga til samninga við Valbjörn hf. um greiðslu bóta vegna úreldingar fiskiskipsins Hauks GK 25.
5.9 Að lána til fiskeldisfyrirtækja, að fenginni tillögu landbúnaðarráðherra, greiddar afborganir, vexti og verðbætur af sérstökum rekstrarlánum sem veitt voru til fiskeldisfyrirtækja á árunum 1991 og 1992.
5.10 Að breyta stofnframlagi ríkisins í Samtökum um upplýsinganet rannsóknaaðila á Íslandi (SURÍS) í hlutafé í Internet á Íslandi hf.
5.11 Að heimila Póst- og símamálastofnun að kaupa hlutafé í fyrirtæki sem á viðskipti með fjarskiptatækni og þjónustu í Víetnam og nálægum löndum.
5.12 Að lækka heildargjöld stofnana samgönguráðuneytisins í A- og B-hluta fjárlaga 1996 um allt að 0,4% hjá hverri stofnun, þó að hámarki 30 m.kr. samtals, að fengnum tillögum samgönguráðherra. Andvirði þessa verði lagt til markaðsátaks erlendis o.fl. til þess að lengja ferðamannatíma á Íslandi.
5.13 Að fella niður 25% af höfuðstól sérstakra rekstrarlána til fiskeldis sem landbúnaðarráðuneytið veitti fiskeldisfyrirtækjum á árunum 1991–1992. Niðurfellingin sé miðuð við höfuðstól lánanna eins og hann var 1. desember 1995.
5.14 Að ganga frá samningi við héraðsnefnd Árnessýslu og bæjarstjórn Selfosskaupstaðar um skiptingu lands og annarra eigna á Laugarvatni.
5.15 Að ábyrgjast lán sem Súðavíkurhreppur tók til að fjármagna kaup á bráðabirgðahúsnæði á árinu 1995.
5.16 Að láta undirbúa og hefja viðbyggingu við hús Vita- og hafnamálastofnunar í Kópavogi, enda hafi lög um sameiningu Vita- og hafnamálastofnunar og Siglingamálastofnunar ríkisins verið samþykkt. Jafnframt að ráðstafa til byggingarinnar af eigin fé Vitastofnunar og taka nauðsynleg lán til framkvæmda.
5.17 Að ráðstafa, í samráði við fjárlaganefnd Alþingis, fjárlagalið 09-481-190 *Sparnaður í ríkisrekstri* til hækkunar á fjárheimild einstakra rekstrarverkefna á árinu 1996, enda lækki fjárheimildin um a.m.k. sömu fjárhæð árið 1997.
5.18 Að heimila Póst- og símamálastofnun, með samþykki samgönguráðherra, að kaupa og fara með hlut ríkisins í rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum á verksviði stofnunarinnar, m.a. til verkefnaöflunar erlendis.
5.19 Að heimila, með samþykki samgönguráðherra, þátttöku ríkissjóðs í hlutafélagi sem verið er að stofna ásamt starfsmönnum Kerfisverkfræðistofu Háskóla Íslands til að stuðla að útflutningi á íslenskri þekkingu á sviði flugleiðsögu- og flugstjórnartækni.
5.20 Að semja um leigu og gera nauðsynlegar breytingar á nýju húsnæði fyrir Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins í Neskaupstað.
5.21 Að veita Orkubúi Vestfjarða lán í tengslum við kaup þess á Hitaveitu Reykhólahrepps, enda verði kaupin liður í heildstæðum aðgerðum til fjárhagslegrar endurskipulagningar Reykhólahrepps.

SÉRSTÖK YFIRLIT

	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður (02-269 521 og 621).		
1. Háskólinn á Akureyri,		
tæki og búnaður	8.000	
endurbætur	15.000	
nýbyggingar	5.000	
2. Tilraunastöðin Keldum,		
endurbætur	10.000	
fisksjúkdómahús	7.000	
3. Kennaraháskóli Íslands,		
viðhald	10.000	
Varmaland	8.000	
nýbygging	5.000	
kaup á tækjum	8.000	
4. Stofnun Árna Magnússonar	1.000	
5. Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	5.000	
6. Tækniskóli Íslands	1.000	
7. Norræna eldfjallastöðin	40.000	
		123.000
2. Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður (02-318 590 og 690).		
Reykjavík:		
1. Menntaskólinn í Reykjavík, viðhald	5.000	
2. Menntaskólinn við Hamrahlíð, viðhald	5.000	
3. Menntaskólinn við Sund, viðhald	4.000	
4. Kvennaskólinn í Reykjavík, viðhald	5.000	
5. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, viðhald	18.000	
6. Fjölbrautaskólinn Ármúla, viðhald	3.000	
7. Sjómannaskólahúsið, viðhald	15.000	
8. Fósturskóli Íslands, viðhald	3.000	
9. Myndlista- og handíðaskóli Íslands, viðhald	2.000	
10. Iðnskólinn í Reykjavík, viðhald	20.000	
11. Skóli í Borgarholti, nýbygging	127.588	
		207.588
Reykjanes:		
1. Menntaskólinn í Kópavogi,		
viðhald	7.000	
nýbygging	50.825	
búnaður	30.000	

	Þús. kr.	Þús. kr.
2. Flensborg, Hafnarfirði, viðhald	6.000	
3. Fjölbrautaskóli Suðurnesja,		
viðhald	2.000	
byggingarframkvæmdir	33.806	
4. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ,		
viðhald	1.000	
byggingarframkvæmdir	49.040	
5. Iðnskólinn í Hafnarfirði, viðhald	1.000	
		180.671
Vesturland:		
Fjölbrautaskóli Vesturlands, Reykholti,		
viðhald	5.000	
		5.000
Vestfirðir:		
Framhaldsskóli Vestfjarða,		
verknámshús	10.000	
viðhald	3.000	
		13.000
Norðurland vestra:		
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra,		
byggingarframkvæmdir, bóknámshús	16.907	
bóknámshús, 2. áfangi	4.800	
uppgjör, heimavist o.fl.	3.000	
viðhald	1.000	
		25.707
Norðurland eystra:		
1. Menntaskólinn á Akureyri, viðhald	2.000	
2. Verkmenntaskólinn á Akureyri,		
viðhald	2.000	
byggingarframkvæmdir VMA og MA	50.000	
3. Framhaldsskólinn á Laugum,		
viðhald	13.000	
sundlaug	2.000	
4. Framhaldsskólinn á Húsavík, viðhald	1.000	
		70.000
Austurland:		
1. Menntaskólinn á Egilsstöðum, Eiðar,		
viðhald	15.000	
íþróttahús	9.071	

	Þús. kr.	Þús. kr.
2. Verkmenntaskóli Austurlands,		
bóknámsbygging	3.000	
verknámsbygging	20.000	
3. Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu,		
viðhald	1.000	
		48.071
Suðurland:		
1. Skólar á Laugarvatni, byggingar-		
framkvæmdir	45.000	
2. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum,		
byggingarframkvæmdir	20.920	
3. Fjölbrautaskóli Suðurlands,		
viðhald	5.000	
byggingarframkvæmdir	43.369	
4. Héraðsskólinn Skógum, hitaveita	2.400	
		116.689
Viðhaldskostnaður vegna leigutekna, óskipt		30.000
Héraðsskólar, viðhald		6.000
Óskipt, viðhald		8.274
		711.000
3. Söfn, ýmis framlög (02-919 190).		
1. Sjávargarðurinn á Akranesi	300	
2. Botndýrasafn í Sandgerði	400	
3. Minjasafnið á Hofsósi	2.000	
		2.700
4. Menningarstofnanir (02-969 621).		
1. Þjóðarbókhlaða	150.000	
2. Þjóðminjasafn Íslands	54.000	
3. Þjóðskjalasafn Íslands	20.000	
4. Þjóðleikhús	15.000	
5. Listasafn Íslands	15.000	
6. Verndun gamalla húsa	25.000	
7. Byggðasöfn	15.000	
8. Stýrimannaskólinn við Öldugötu	8.500	
9. Langabúð	3.500	
10. Listasafn Einars Jónssonar	2.000	
11. Safnahúsið við Hverfisgötu	2.000	
12. Listaháskóli	20.000	
		330.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
5. Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis (02-982 170).		
1. Atli Heimir Sveinsson	900	
2. Árni Kristjánsson	900	
3. Ásgerður Búadóttir	900	
4. Guðbjörg Þorbjarnardóttir	900	
5. Halldór Laxness	900	
6. Hannes Pétursson	900	
7. Helgi Skúlason	900	
8. Indriði G. Þorsteinsson	900	
9. Jón Nordal	900	
10. Jón úr Vör	900	
11. Jórunn Viðar	900	
12. Kristján Davíðsson	900	
13. Matthías Johannessen	900	
14. Sigfús Halldórsson	900	
15. Stefán Hörður Grímsson	900	
16. Thor Vilhjálmsson	900	
		14.400
6. Listir (02-982 190).		
1. Samtök íslenskra myndlistarmanna	1.000	
2. Leikbrúðuland	1.000	
3. Kammersveit Reykjavíkur	1.300	
4. Sumartónleikar Skálholtskirkju	1.300	
5. Íslenska brúðuleikhúsið	400	
6. Samband íslenskra lúðrasveita	300	
7. Íslensk tónverkamiðstöð	5.600	
8. Íslenski arkitektaskólinn	1.000	
9. Sumartónleikar Norðurlandi	500	
10. Djassklúbbur Egilsstaða	300	
11. Útileikhúsið	400	
12. Listvinafélag Vestmannaeyja	300	
13. Skaftárhreppur, tónleikahald á Kirkjubæjarklaustri	300	
14. Samtök íslenskra skólalúðrasveita	300	
Óskipt	32.500	
		46.000
7. Fræðistörf (02-983 110).		
Hið íslenska bókmenntafélag	1.000	
Óskipt	1.300	
		2.300

	Þús. kr.	Þús. kr.
8. Æskulýðsmál (02-988 190).		
1. Landssamband hestamannafélaga	700	
2. Alþjóðlegar sumarbúðir barna á Íslandi	400	
3. Skátaskólinn að Úlfljótsvatni	1.500	
4. Fræðslustarfsemi KFUM, Vatnaskógi	1.500	
Óskipt	1.900	
		6.000
9. Íþróttafélög (02-989 116).		
Reykjanes:		
1. Knattspyrnufélagið Haukar, vökvunarbúnaður	300	
2. Frjálsíþróttadeild FH, keppniskastbúr	200	
3. Ungmennafélag Bessastaðahrepps, grasvöllur	200	
4. Tennisfélag Kópavogs, aðstöðuhús og tæki	300	
5. Siglingafélagið Ýmir, seglbátar	200	
6. Fimleikadeild Keflavíkur, kaup á tækjum	200	
7. Golfklúbbur Vatnsleysustrandar, golfskáli	250	
8. Golfklúbbur Sandgerðis, vallarsvæði	250	
9. Golfklúbbur Ness, golfvöllur	250	
		2.150
Reykjavík:		
1. Siglingafélag Reykjavíkur, björgunarbátur	200	
2. Knattspyrnufélagið Víkingur, íþróttahús	300	
3. Íþróttafélagið Leiknir, gervigras og tæki	300	
4. Fimleikadeild Ármanns, kaup á tækjum	300	
5. Íþróttafélag Reykjavíkur, kaup á tækjum	300	
6. Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík, kurling-sett	200	
		1.600
Vesturland:		
1. Ungmennafélagið Dagrenning, sundlaug	200	
2. Golfklúbburinn Leynir, brautarsláttuvél	200	
3. Ungmennafélagið Reynir, íþróttasvæði	200	
4. Ungmennafélagið Þröstur, íþróttavöllur	100	
5. Golfklúbburinn Mostri, golfvöllur	300	
		1.000
Vestfirðir:		
1. Golfklúbbur Bíldudals, golfskáli	300	
2. Íþróttafélagið Hörður, íþróttavöllur	300	
3. Golfklúbbur Patreksfjarðar, aðstaða	200	

	Þús. kr.	Þús. kr.
4. Golfklúbbur Bolungarvíkur, golfvöllur og skáli	300	
5. Golfklúbburinn Gláma, golfvöllur í Meðaldal	300	
6. Golfklúbbur Ísafjarðar, áhaldakaup	300	
		1.700
Norðurland vestra:		
1. Ungmennafélagið Hvöt, íþróttavöllur	300	
2. Golfklúbbur Skagastrandar, áhaldageymsla	300	
3. Ungmennafélagið Grettir, íþróttavöllur	100	
4. Ungmennafélagið Vorboðinn, vallarhús	300	
5. Ungmennafélagið Geisli, völlur á Húnavöllum	200	
		1.200
Norðurland eystra:		
1. Íþróttafélagið Þór, æfinga- og leikaðstaða	300	
2. Ungmennafélagið Snörtur, íþróttavöllur	200	
3. Golfklúbbur Húsavíkur, Kötluvellir, kaup á tækjum	200	
4. Akur – íþróttafélag fatlaðra, kaup á tækjum	200	
5. Ungmennafélag og íþróttasamband Ólafsfjarðar, félagsaðstaða, kaup á tækjum	500	
6. Skotfélag Akureyrar, riffil- og skammbyssusvæði	200	
7. Ungmennafélagið Æskan, vallaraðstaða	200	
8. Skautafélag Akureyrar, tímaklukka	300	
		2.100
Austurland:		
1. Siglingaklúbburinn Aldan, öryggisbátur	200	
2. Ungmennafélagið Súlan, vallarsvæði og tæki	200	
3. Golfklúbbur Norðfjarðar, golfvöllur, skáli og tæki	300	
4. Ungmennafélagið Þristur, íþróttasvæði	200	
5. Íþróttafélagið Höttur, skíðaskálar	300	
6. Ungmennfélagið Neisti, kaup á tækjum	200	
7. Ungmennafélag og íþróttafélag Bakkafjarðar, íþróttavöllur	300	
8. Ungmennafélagið Huginn Seyðisfirði, íþróttavöllur	300	
		2.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
Suðurland:		
1. Íþróttafélagið Hamar, frjálsíþróttaaðstaða	300	
2. Ungmennafélagið Hekla, knattspyrnuvöllur og hlaupabraut	300	
3. Golfklúbbur Selfoss, golfvöllur og aðstaða	300	
4. Ungmennafélagið Ármann, aðstöðuhús	300	
5. Golfklúbburinn Dalbúi, kaup á tækjum	300	
6. Golfklúbbur Hveragerðis, kaup á tækjum	300	
7. Golfklúbbur Vestmannaeyja, golfvöllur og áhaldakaup	300	
		2.100
Aðstoð og leiðbeiningar við framkvæmdir íþróttafélaga		800
Ófyrirséð		150
		14.800
10. Ýmis íþróttamál (02-989 190).		
1. Landssamband íslenskra akstursíþróttafélaga ...	500	
2. Fimleikasamband Íslands	300	
Óskipt	900	
		1700
11. Ýmis framlög (02-999 190).		
1. Kvenfélagasamband Íslands	1.500	
2. Landssamtökin heimili og skóli	300	
3. Heimilisiðnaðarskólinn	1.300	
4. Landssamband Gídeonfélaga á Íslandi	500	
5. Smíði víkingaskips (Gunnar Marel Eggertsson) .	500	
6. Björgunarsveitin Sigurvonin	200	
7. Framkvæmdasjóður Skrúðs	900	
8. Bókaútgáfa Leifs Eiríkssonar	2.500	
Óskipt	2.300	
		10.000
12. Landþurrkun (04-190 121).		
1. Mýrdalshrepppur, Dyrhólaós	50	
2. Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppar, Holtsós ..	50	
3. Austur-Landeyjahreppur	250	
4. Vestur-Landeyjahreppur	50	
5. Djúpárhreppur	50	
6. Skaftárhreppur	50	
		500

	Þús. kr.	Þús. kr.
13. Ýmis verkefni (04-190 190).		
1. Æðarræktarfélag Íslands	200	
2. Flóaveitufélagið	500	
Óskipt	2.500	
		3.200
14. Fyrirhleðslur (04-311 190).		
a. Fyrirhleðslur:		
1. Jökulsá á Dal	4.000	
2. Hoffellsá, Hornafjarðarfljót	500	
3. Jökulsá í Lóni	2.000	
4. Skaftá	500	
5. Kúðafljót	500	
6. Markarfljót	6.500	
7. Þjórsá	500	
		14.500
b. Fyrirhleðslur og viðhald:		
1. Reykjaneskjördæmi	100	
2. Vesturlandskjördæmi	600	
3. Vestfjarðakjördæmi	100	
4. Norðurlandskjördæmi vestra	500	
5. Norðurlandskjördæmi eystra	1.500	
6. Austurlandskjördæmi	1.000	
7. Suðurlandskjördæmi	1.000	
		4.800
		19.300
15. Sjómannastofur (07-999 130).		
Færeyska sjómannaheimilið	500	
Óskipt	600	
		1.100
16. Félagasamtök, styrkir (07-999 131).		
1. Samtök um sorg og sorgarviðbrögð	500	
2. Daufblindrafélag Íslands	700	
3. Landssamtökin Þroskahjálp	3.200	
4. Félag einstæðra foreldra	500	
5. Kvennaráðgjöfin	500	
6. Samtökin 78	500	
7. Barnaheill	200	
8. Landssamband aldraðra	300	

	Þús. kr.	Þús. kr.
9. Geðhjálp	3.500	
10. Félag heyrnarlausra	3.000	
11. Blindrafélagið	5.000	
12. Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	1.500	
13. Félagasamtökin Vernd	250	
14. Umsjónarfélag einhverfra	500	
15. Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra	200	
16. Geðverndarfélag Akureyrar	300	
Óskipt	2.650	
		23.300

17. Ýmis framlög (07-999 190).

Íslensk ættleiðing	2.000	
Óskipt	10.000	
		12.000

18. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 690).

a. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar:

1. Stykkishólmur, St. Fransiskusspítali	10.000	
2. Ísafjörður, sjúkrahús	20.000	
3. Hvammstangi, sjúkrahús	5.000	
4. Blönduós, sjúkrahús	2.600	
5. Eskifjörður, H2	1.200	
6. Laugarás, H2	13.000	
7. Kópavogur, H2	13.000	
		65.000

b. Hjúkrunarheimili aldraðra:

1. Höfn í Hornafirði	5.000	
2. Kirkjubæjarklaustur	6.000	
		11.000

19. Ýmis framlög (08-399 190).

1. Landssamtök áhugafólks um flogaveiki	400
2. Styrktarfélag Perthessjúkra	200
3. Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna	300
4. Umhyggja	300
5. Parkinsonssamtökin	200
6. CCU	200
7. Tilvera	100
8. MS-félagið	100

	Þús. kr.	Þús. kr.
9. Samtök psoriasis- og exemsjúklinga	1.000	
10. Samtök endurhæfðra mænuskaddaðra	1.500	
11. Gigtarfélag Íslands	1.000	
12. Félag heilablóðfallsskaðaðra	100	
13. Alnæmissamtökin	500	
Óskipt	2.100	
		8.000

20. Annað (08-621 190).

1. Íslenskir ungtemplarar	2.000	
2. Stórstúka Íslands	2.000	
3. Fræðslumiðstöð í fíknivörnum	2.000	
4. Líknarfélagið Skjöldur	1.000	
5. Áfangaheimilið Dyngjan	1.000	
6. Krossgötur	2.000	
7. Líknarfélagið Þrepið	1.000	
8. Áfangi, líknarfélag	1.000	
Óskipt	28.900	
		40.900

21. Vetrarsamgöngur og vöruflutningar (10-190 112).

a. Almennir styrkir:

1. Knarrarnes, Mýrabátur	100
2. Snæfellsbær, Breiðuvíkurhreppur og Neshreppur	150
3. Dalahérað	200
4. Reykhólahreppur	300
5. Mjólkurflutningar í Vestur-Barðastrandarsýslu	100
6. Rauðasandshreppur	300
7. Vesturbyggð	300
8. Þingeyrarhreppur	200
9. Mýrahreppur	400
10. Mosvallahreppur, Önundarfjörður	100
11. Súðavíkurhreppur	100
12. Hólmavík/Nauteyrarhreppur	150
13. Ísafjörður	100
14. Árneshreppur	1.250
15. Djúpavík og Gjögur	150
16. Kaldrananeshreppur	150
17. Skagahreppur	130
18. Skefilsstaðahreppur	130
19. Snjóbifreið í Skagafirði	100
20. Fljótahreppur	200

	Þús. kr.	Þús. kr.
21. Björgunarsveitin Strákar	100	
22. Ólafsfjarðarsveit	100	
23. Svarfaðardalur	150	
24. Grýtubakkahreppur	80	
25. Hálshreppur	80	
26. Húsavík–Vopnafjörður–Egilsstaðir, sérleyfi	600	
27. Mývatnssveit	100	
28. Mývatn–Húsavíkurflugvöllur	100	
29. Hólsfjöll	400	
30. Öxarfjörður–Kópasker	50	
31. Þórshöfn	50	
32. Bakkafjörður	50	
33. Vopnafjörður	50	
34. Borgarfjörður eystri	300	
35. Hjaltastaðarhreppur	80	
36. Jökuldalur, vetrarflutningar	200	
37. Möðrudalur	100	
38. Eiðahreppur	100	
39. Snjóbifreið á Egilsstöðum	100	
40. Fjarðarheiði	700	
41. Oddsskarð	700	
42. Breiðdalsvík	200	
43. Djúpivogur–Hornafjörður, sérleyfi	300	
44. Svínafell í Nesjum	100	
45. Mýrdalshreppur	250	
		9.650
b. Stofnstyrkir:		
Fljótahreppur (snjóbíll)		500
c. Styrkir til flugfélaga:		
1. Sjúkraflug á Vestfjörðum	4.500	
2. Flugfélag Norðurlands hf. (sjúkraflug)	1.900	
3. Flugfélag Austurlands hf. (sjúkraflug)	4.500	
4. Flugfélag Vestmannaeyja hf. (sjúkraflug)	3.700	
5. Flugsamgöngur við Gjögur	1.500	
6. Flugsamgöngur við Siglufjörð	1.100	
7. Flugsamgöngur við Grímsey	1.500	
8. Flugsamgöngur Kópasker–Raufarhöfn	700	
		19.400
d. Óskipt		650
		30.200

	Þús. kr.	Þús. kr.
22. Hafnamannvirki (10-330 670).		
Vesturland:		
1. Akranes	3.200	
2. Snæfellsbær	26.200	
3. Grundarfjörður	3.500	
		32.900
Vestfirðir:		
1. Vesturbyggð	13.100	
2. Tálknafjörður	7.200	
3. Þingeyri	3.500	
4. Flateyri	5.600	
5. Suðureyri	4.400	
6. Bolungarvík	6.300	
7. Ísafjörður	9.900	
8. Súðavík	2.000	
9. Norðurfjörður	600	
10. Drangsnes	3.700	
11. Hólmavík	8.100	
		64.400
Norðurland vestra:		
1. Hvammstangi	900	
2. Blönduós	35.300	
3. Hofsós	5.000	
4. Siglufjörður	27.100	
		68.300
Norðurland eystra:		
1. Hafnasamlag Eyjafjarðar	28.500	
2. Hrísey	2.200	
3. Akureyri	45.000	
4. Grenivík	5.800	
5. Grímsey	9.000	
6. Húsavík	18.000	
7. Kópasker	6.300	
8. Raufarhöfn	1.400	
9. Þórshöfn	10.000	
		126.200
Austurland:		
1. Bakkafjörður	4.500	
2. Vopnafjörður	2.000	
3. Seyðisfjörður	9.600	
4. Neskaupstaður	15.700	

	Þús. kr.	Þús. kr.
5. Fáskrúðsfjörður	12.500	
6. Höfn í Hornafirði	29.900	
		74.200
Suðurland:		
1. Vestmannaeyjar	25.000	
2. Þorlákshöfn	67.000	
		92.000
Reykjanes:		
1. Grindavík	25.000	
2. Sandgerði	50.000	
3. Reykjanesbær	30.000	
4. Hafnarfjörður	4.000	
		109.000
		567.000
23. Lendingarbætur (10-330 674).		
1. Búðir í Snæfellsbæ	400	
2. Reykjafjörður, Snæfjallahreppi	100	
3. Drangar, Árneshreppi	100	
4. Gjögur, Árneshreppi	500	
5. Selvík, Skefilsstaðahreppi	500	
6. Hellisfjörður, Neskaupstað	400	
		2.000
24. Sjóvarnargarðar (10-330 680).		
1. Akranes	700	
2. Flateyri	6.600	
3. Ísafjörður	5.500	
4. Blönduós	6.000	
5. Haganesvík	400	
6. Ólafsfjörður	6.500	
7. Árskógshreppur	3.600	
8. Grenivík	700	
9. Eyrarbakki	11.500	
10. Bessastaðahreppur	5.500	
11. Seltjarnarnes	4.000	
		51.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
25. Ýmis umhverfisverkefni (14-190 123).		
Surtseyjarfélagið	400	
Óskipt	13.300	
		13.700

501. Þingsályktun [268. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 22. des.)

Samhljóða þskj. 496.

502. Lög [263. mál]

um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 29/1963, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 22. des.)

Samhljóða þskj. 470.

503. Svar [250. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kristjönu Bergsdóttur um silfursjóðinn frá Miðhúsum.

1. Hverjar voru niðurstöður rannsókna á aldri silfursjóðsins frá Miðhúsum?

Í júní 1994 barst menntamálaráðuneytinu erindi frá þáverandi formanni þjóðminjaráðs (dags. 22. júní 1994) þar sem greint var frá athugun sem breskur vísindamaður, James Graham-Campbell prófessor, hafði að tilhlutan Þjóðminjasafns Íslands gert á silfursjóði þeim er fannst við Miðhús í Egilsstaðahreppi í ágúst 1980. Í skýrslu um þessa athugun hafði verið komist að þeirri niðurstöðu að vafi léki á því um hluta silfursjóðsins að hann væri frá víkingaöld. Í bréfi formanns þjóðminjaráðs var þess farið á leit að ráðuneytið hlutaðist til um könnun á málavöxtum og frekari athugun á eiginleikum silfursins svo að gengið yrði úr skugga um rök fyrir niðurstöðum J. Graham-Campbells.

Með bréfi dags. 27. júní 1994 tilkynnti ráðuneytið þjóðminjaráði að það teldi rétt, í ljósi fyrrgreindrar skýrslu, að frekari vísindalegar athuganir færu fram á silfursjóðnum á vegum þjóðminjaráðs og Þjóðminjasafns Íslands. Þessi afstaða var ítrekuð í bréfi ráðuneytisins 12. september 1994 til nýskipaðs þjóðminjaráðs og áréttað að tilgangurinn væri að fá með frekari vísindalegum athugunum eins örugga vitneskju og unnt væri um aldur silfursjóðsins.

Þjóðminjaráð ákvað að leita til danska þjóðminjasafnsins um umrædda rannsókn. Skýrsla safnsins um rannsóknina er dagsett 27. júní 1995.

Í bréfi þjóðminjaráðs til menntamálaráðuneytisins, dags. 30. júní 1995, er skýrt frá því að skýrslan hafi verið lögð fram á fundi ráðsins þann dag og þar hafi verið gerð eftirfarandi bókun:

„Miklar deilur spruttu um aldur silfursjóðsins frá Miðhúsum á síðasta ári. Í kjölfar þess fól menntamálráðuneytið þjóðminjaráði með bréfi, dags. 12. september 1994, að hlutast til um að gerð yrði frekari vísindaleg rannsókn á aldri sjóðsins. Ráðið samþykkti að fá til verksins opinbera stofnun á Norðurlöndum og fól Lilju Árnadóttur safnstjóra og Helga Þorlákssyni dósent, sem sæti á í þjóðminjaráði, að hafa umsjón með rannsókninni fyrir hönd ráðsins. Ákveðið var að leita til danska þjóðminjasafnsins.

Rannsókn hefur staðið yfir síðan í janúar og niðurstöður liggja nú fyrir í skýrslu danska þjóðminjasafnsins og greinargerð Helga og Lilju.

Niðurstöður rannsóknarinnar eru þessar:

1. Rannsóknin leiddi í ljós að efnasamsetning silfurs í öllum sjóðnum á sér hliðstæður í óvefengdum silfursjóðum frá víkingaöld.
2. Allir gripirnir bera skýr einkenni víkingaaldarsmíði, bæði hvað varðar stíl og tækni. Frá þessu er þó ein undantekning. Af hlutunum fjörtíu og fjórum sker sig einn úr hvað varðar gerð og er það hringur nr. 3.
3. Rannsókn sjóðsins gefur ekki tilefni til að álykta að blekkingum hafi verið beitt í tengslum við fund hans.
4. Þjóðminjaráð lítur svo á að með þessum skýrslum sé lokið þeirri rannsókn sem menntamálaráðuneytið fól ráðinu 12. september 1994."

Í fylgiskjali eru ályktunarorð dönsku skýrslunnar ásamt þýðingu þeirra á íslensku úr greinargerð Helga Þorlákssonar og Lilju Árnadóttur.

2. *Hefur verið gengið formlega frá málalokum um uppruna silfursjóðins? Ef svo er, hver eru þau?*

Bréfi þjóðminjaráðs 30. júní 1995, sem vitnað var til hér að framan, svaraði menntamálaráðuneytið með bréfi, dags. 3. júlí 1995, þar sem segir á þessa leið:

„Ráðuneytinu hefur borist bréf yðar, herra formaður þjóðminjaráðs, dags. 30. júní sl., þar sem greint er frá niðurstöðum rannsóknar danska þjóðminjasafnsins á silfursjóði þeim er fannst við Miðhús í Egilsstaðahreppi á árinu 1980 og bókun sem gerð var á fundi þjóðminjaráðs hinn 30. júní sl. af því tilefni.

Með hliðsjón af ofangreindu bréfi lítur ráðuneytið svo á að þjóðminjaráð telji ekki þörf á frekari aðgerðum í máli þessu, sbr. bréf þjóðminjaráðs til ráðuneytisins dags. 22. júní 1994."

Í þessu bréfi felast málalok að því er kemur til kasta menntamálaráðuneytisins.

3. *Er ætlunin að varðveita silfursjóðinn á Minjasafni Austurlands í framtíðinni?*

Samkvæmt 26. gr. þjóðminjalaga, nr. 88/1989, sbr. lög nr. 98/1994, eru forngripir, sem þar er nánar skilgreindir, eign ríkisins. Skulu þeir varðveittir í Þjóðminjasafni eða í hlutaðeigandi byggða- eða minjasafni. Ef upp kemur ágreiningur um hvar varðveita skuli forngripi sker þjóðminjaráð úr.

Ekki mun að svo komnu hafa verið tekin nein ákvörðun um vörslu silfursjóðsins frá Miðhúsum annars staðar en í Þjóðminjasafni Íslands, hvað sem síðar kann að verða.

Menntamálaráðherra hefur í svari við annarri fyrirspurn á Alþingi nýlega lýst því áliti að ekki sé óeðlilegt að starfsemi byggðasafna verði styrkt með því að heimila þeim, þegar svo ber undir, að geyma forngripi sem finnast í nágrenni þeirra. Menntamálaráðuneytið mun beita sér fyrir því að settar verði reglur um skilyrði fyrir slíkum langtímalánum forngripa frá Þjóðminjasafni til byggðasafna.

Fylgiskjal.

Úr skýrslu danska þjóðminjasafnsins, 1995, „Sølvskatten fra Midhus, Island, Analyser af metallegeringer, fremstillingsteknik og typologi".
(Íslensk þýðing á textanum fylgir.)

Konklusion

På grundlag af de gennemførte analyser kan følgende konkluderes:

Sølvlegeringerne i de analyserede genstande viser, at de er forarbejdet af sølv, hvis sammensætning viser overensstemmelse med legeringer for autentisk vikingetidssølv, jvf. principal component analysen og appendix 1. Der er således ikke påvist legeringstyper med en sammensætning, der indikerer en anvendelse af moderne legeringssammensætninger. I principal component analysen falder det moderne sølv klart uden for gruppen omfattende både det islandske sølv og det komparative sølv fra vikingetid og middelalder fra Danmark og Norge. Det skal i denne forbindelse fremhæves, at J.G.-C. bemærkning (G.G.-C. rapport p.4); *"Three silver samples from rings nos 3 and 5 .... display the same low copper content, with an absence of zinc, consistent with modern sterling silver"* **ikke** kan være alment gældende. Analyser af blandt andet arabiske sølvmønter fra det 9.-10. årh viser således, at der findes mønter uden zink (cf. McKerrell & Stevenson: *Some Analyses of Anglo-Saxon and Associated Oriental Silver Coinage*, p.209, table V). Et fravær af zink kan derfor **ikke** tages som udtryk for, at der er tale om moderne sølv. Tilsvarende kan påpeges, at Cu-indholdet i autentisk vikingetidssølv (og Midhus) kan udvise ligeså lave Cu-værdier (2-5 %) som moderne sølv, jvf. f.eks. Vilhjálmssons rapport, p.4 (analyse F) og p.6 (Sýni 3) af 500 kr.-sølvmønt med en Cu-målinger på 4,62% og 5,97% Cu), samt appendix 2 (NM C 4417).

Endvidere viser den typologiske undersøgelse, at skattens typesammensætning er karakteristisk for Vestskandinavien, specielt Norge. Dette gælder således for de omdiskuterede ringe no. 1 og no. 2, som begge har paralleller i norske skattefund. En undtagelse herfra er dog ring no. 3.

De teknologiske undersøgelser af forarbejdningsteknik viser, at næsten alle genstandene sandsynligvis er fremstillet i overensstemmelse med den teknologi, som vi kender i vikingetid. Den eneste undtagelse herfra er ring no. 3, hvor tråden med stor sandsynlighed er trukket i et moderne trækjern. Sammenlignet med f.eks. den trukne tråd i den lille ring på no. 4, så viser tråden i no. 3 en klart afvigende teknologi, der ikke kan påvises som værende vikingetidig. Derimod viser metalanalyserne, at sølvet i ring no. 3 er af vikingetidig oprindelse.

Dette sidste forhold bevirker desværre, at der sandsynligvis er indblandet en tidsmæssigt yngre håndværksteknologi i skattefundet. Det må anses for sandsynligt, at den nuværende sammensætning af skattefundet ikke er den oprindelige.

Der kan naturligvis fremlægges en række spekulationer omkring årsagen til ovennævnte forhold, som de gennemførte analyser imidlertid ikke kan bidrage til en afklaring af. En mulighed kan være, at skatten er fundet på et tidligere tidspunkt end registreret, og der herefter er foretaget eksperimenter med omsmeltning og forarbejdning af sølvet. Herefter er genstandene atter blevet nedgravet. Ring no. 3 kan være resultatet af dette. Det er sandsynligt, at tråden i ring no. 3 er forarbejdet af en person med et kendskab til sølvsmedeteknologi.

Ályktarorð [samin af Lars Jörgensen safnverði]

Eftirfarandi verður ályktað að lokinni greiningu:

Málmblendið í hinum greindu hlutum sýnir að þeir eru gerðir úr silfri sem er að samsetningu sams konar málmblendi og er í óvéfengjanlegu víkingaaldarsilfri, samanber "principal component" greininguna og viðhengi 1. Ekki hefur því komið í ljós málmblendi sem bendir til að notaðar hafi verið nútímagerðir þess. Í greiningunni sem kennd er við "principal component" skilur nútímasilfur sig skýrt frá flokknum sem í eru íslenska silfrið og samanburðarsilfur frá víkingatímum og miðöldum, bæði frá Danmörku og Noregi. Í þessu sambandi skal lögð áhersla á að eftirfarandi athugasemd J.G.-C. [James Graham-Campbells] (skýrsla hans, s. 4): "The silver samples from rings nos 3 and 5 ... display the same low copper content, with an absence of zinc, consistent with modern sterling silver" getur **ekki** haft almennt gildi. Greining m.a. á arabískri silfurmynt frá 9. og 10. öld leiðir þannig í ljós að til eru myntir án sinks (sbr. McKerrell & Stevenson: *Some Analyses of Anglo-Saxon and Associated Oriental Silver Coinage*, s. 209, tafla V). Vöntun sinks má því **ekki** líta á sem vott þess að silfrið sé frá nútíma. Á sama hátt má benda á að innihald Cu [kopars] í óvéfengdu víkingaaldarsilfri (og Miðhúsasilfri) getur haft jafnlágt gildi (2-5%) og nútímasilfur, samanber t.d. skýrslu Vilhjálms Arnar Vilhjálmssonar, s. 4 (greiningu F) og s. 6 (sýni 3) um 500 króna silfurpening þar sem Cu hefur mælst 4,6% og 5,97% og ennfremur viðhengi 2 (NM [Nationalmuseet] C 4417).

Ennfremur sýnir rannsókn formgerðar að heildarsamsetning sjóðsins er þeirrar gerðar sem er einkennandi fyrir Vestur-Skandinavíu, einkum Noreg. Þetta gildir þannig um hina umræddu hringa nr. 1 og 2 sem báðir eiga sér hliðstæður í norskum sjóðum. Undantekning frá þessu er þó hringur nr. 3.

Rannsókn á smíðatækni sýnir að næstum allir hlutirnir eru líklega gerðir í samræmi við þá tækni sem þekkt er frá víkingatímum. Eina undantekningin frá því er hringur nr. 3, þræðirnir í honum eru að öllum líkindum dregnir í nútímadraglöð ("i et moderne trækjern"). Sé td. borið saman við dregna þráðinn í litla hringnum sem er festur við nr. 4, sést að þráðurinn í nr. 3 er auðsæilega gerður með allt annarri tækni sem ekki verður sýnt fram á að sé að hætti víkingaaldar. Á hinn bóginn sýnir málmgreiningin að silfrið í hring nr. 3 er frá víkingatímum.

Þetta síðastnefnda hefur því miður í för með sér að líklegt verður að telja að í sjóðnum gæti handverkstækni sem er yngri [en sú tækni sem einkennir meginhluta sjóðsins]. Það verður því að teljast sennilegt að núverandi samsetning sjóðsins sé ekki hin upprunalega.

Auðvitað má setja fram ýmsar getgátur um hvað valdi framangreindri samsetningu sjóðsins og greiningin, sem gerð var, varpar ekki ljósi á. Verið gæti að sjóðurinn hefði fundist einhvern tíma áður en heimildir greina og eftir það hefðu verið gerðar tilraunir með að bræða silfrið og smíða úr því. Síðan hefðu hlutirnir verið grafnir að nýju. Hringur nr. 3 kynni að hafa orðið til með þessu móti. Líklegt er að þráðurinn í hring nr. 3 sé gerður af manni með þekkingu á silfursmíði.

504. Tillaga til þingsályktunar [270. mál]

um aðgerðir til þess að treysta byggð á Íslandi.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Gísli S. Einarsson,
Guðmundur Árni Stefánsson, Jón Baldvin Hannibalsson,
Lúðvík Bergvinsson, Rannveig Guðmundsdóttir,
Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa nefnd til að kanna ástæður búferlaflutninga og gera tillögur um hvernig treysta megi byggð á Íslandi. Í nefndinni sitji m.a. fulltrúar Byggðastofnunar, Sambands íslenskra sveitarfélaga, aðila vinnumarkaðarins og ráðuneyta. Nefndinni verði m.a. falin eftirtalin verkefni:

1. Að gera úttekt á hvaða atriði það eru sem einkum valda því að fólk flytur í jafnmiklum mæli og verið hefur búferlum frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Í því sambandi verði m.a. skoðað hvernig búferlaflutningunum er hagað, þ.e. hvort þeir tengjast tilteknum aldurshópum eða atvinnustéttum, svo og hvort um beina búferlaflutninga er að ræða eða tilfærslur sem verða milli dreifbýlis og þéttbýlis á landsbyggðinni og þéttbýlisins þar og höfuðborgarsvæðisins. Einnig verði kannað með úrtaksathugunum hjá þeim sem flutt hafa búferlum til höfuðborgarsvæðisins frá landsbyggðinni á síðustu fimm eða tíu árum hvaða ástæður séu helst tilgreindar fyrir flutningunum. Í því sambandi verði sérstaklega athugað að hve miklu leyti stefna sú, sem fylgt hefur verið í málefnum framhaldsmenntunar á Íslandi, með höfuðáherslu á bóklegar námsgreinar, kann að hafa valdið búseturöskun, en atvinnutækifæri fyrir ungt fólk með slíka menntun eru mun færri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Í byggðarlögum úti á landi er hins vegar oft skortur á fólki með verk- og tæknimenntun.
2. Að meta hvaða árangur hefur orðið af aðgerðum sem gripið hefur verið til á umliðnum árum af hálfu opinberra aðila til að treysta byggð á landsbyggðinni, þ.e. hvaða úrræði eru talin hafa skilað árangri og hver ekki.
3. Að kanna hvaða aðgerðir, sem gripið hefur verið til í nálægum löndum, svo sem á Norðurlöndum og í Stóra-Bretlandi, til þess að efla búsetu í jaðarbyggðum, auka fjölbreytni í atvinnulífi og treysta byggð, eru taldar hafa skilað bestum árangri.
4. Að gera tillögur um til hvaða úrræða stjórnvöld á Íslandi, ríkisstjórn, Alþingi og sveitarstjórnir, geta gripið til þess að treysta byggð á Íslandi þar sem landkostir eiga að geta boðið upp á lífvænlega afkomu, þjónustu og menningarlíf í samræmi við nútímakröfur.

Niðurstöður nefndarinnar verði lagðar fyrir Alþingi sem skýrsla og kynntar sveitarstjórnum og almenningi.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Ekkert lát er á flutningi fólks frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Nýjustu mannfjöldatölur sýna áframhaldandi fækkun fólks utan suðvesturhornsins og mikið nettóaðstreymi til mesta þéttbýlis á Íslandi. Mannfjöldi á Vestfjörðum er t.d. minni nú en verið hefur alla þessa öld. Verði framhald á þessum búferlaflutningi verður þess skammt að bíða að jafnvel stór byggðarlög á landsbyggðinni geti ekki lengur veitt þá þjónustu sem þörf er á í nútímaþjóðfélagi og mun það valda enn frekari brottflutningi fólks. Þá hefur fólksfækkun nú þegar valdið miklum samdrætti í tekjum margra sveitarfélaga sem þar með hafa átt í stöðugt meiri erfiðleikum með að halda uppi núverandi þjónustustigi, hvað þá heldur að auka og bæta við eins og íbúarnir telja sig þurfa. Sums staðar hefur verið reynt að bregðast við með sameiningu sveitarfélaga í því skyni að styrkja þau sem rekstrareiningar og auka þjónustu en jafnvel þær tilraunir munu ekki bera nema takmarkaðan árangur ef fólksfækkun heldur áfram í jafnmiklum mæli og verið hefur.

Full ástæða er til þess að kanna betur en gert hefur verið hvernig þessir búferlaflutningar eiga sér stað og hvort tiltaka megi einhverjar ástæður öðrum fremur sem honum valda. Mynstur búferlaflutninga innan landshluta, milli þeirra og milli þeirra og höfuðborgarsvæðisins getur t.d. verið með ólíku móti eftir svæðum. Tækniframfarir í landbúnaði ásamt miklum erfiðleikum, ekki síst í sauðfjárrækt, hafa valdið mikilli fólksfækkun í sveitum landsins. Sums staðar hefur það valdið beinum búferlaflutningum úr sveitum til höfuðborgarsvæðisins en annars staðar fremur tilfærslum milli dreifbýlis og þéttbýlis í viðkomandi landshluta, en fólki hefur samt ekki fjölgað sem því svarar á þéttbýlissvæðunum á landsbyggðinni vegna búferlaflutninga þaðan til þéttbýlisins á suðvesturhorninu. Þá er alkunna að aldurssamsetningin hefur töluverð áhrif á búferlaflutninga. Mikið af eldra fólki hefur flust frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins ýmist til þess að geta dvalið nær afkomendum sínum sem þar búa eða vegna heilbrigðisþjónustu og þjónustu við aldraða sem þó er orðin til fyrirmyndar víða úti um land. Á móti kemur að margt ungt fólk, sem flytur út á land þar sem atvinna er mikil, tekjumöguleikar góðir og aðstæður góðar til uppeldis barna, flytur þangað með því hugarfari að ætla bara að búa þar um takmarkaðan tíma á meðan fjölskyldan er að koma undir sig fótum fjárhagslega en er staðráðið í að hverfa á brott að þeim tíma liðnum. Segir það sig sjálft að slík afstaða hlýtur að hafa áhrif á viðhorf ungs fólks til framtíðarinnar í byggðarlögum þar sem svo háttar til.

Margar ástæður og ólíkar valda því að fólk flytur búferlum frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Sumar eru huglægar eða jafnvel sálrænar, aðrar efnislegar. Í mörgum þeim byggðarlögum, þaðan sem fólksflutningar hafa verið mestir, er atvinnustig t.d. hátt og atvinnutekjur sömuleiðis sé miðað við landsmeðaltal. Fólk flytur því oft þaðan á stað þar sem atvinnutekjur eru minni en það hafði og atvinnuöryggi minna. Meiri möguleikar vegna fjölbreyttara atvinnulífs reynast aukinheldur oft vera blekking, m.a. vegna meira atvinnuleysis og menntunarkrafna á höfuðborgarsvæðinu en víða annars staðar. Þá er þjónusta við barnafólk oft mun betri í þéttbýli landsbyggðarinnar en í höfuðborginni og aðstæður til uppeldis barna ákjósanlegri þannig að efnalegar aðstæður nægja ekki til þess að skýra mikið aðstreymi fólks frá landsbyggð til höfuðborgarsvæðisins. Því er full ástæða til þess að kanna, eftir því sem föng eru á, hvað þessum búferlaflutningum veldur, hvort einhverjar tilteknar ástæður séu tilgreindar öðrum fremur og þá hverjar, einnig hvort ákveðin mynstur, eitt eða fleiri, séu sjáanleg í búferlaflutningum á Íslandi og hvort vera kunni að þau séu mismunandi eftir landshlutum. Þá er þess að geta að stefnumörkun í framhaldsmenntun á Íslandi, ekki síst á landsbyggðinni, hefur verið með þeim hætti

að megináherslan hefur verið lögð á bóklegt námsefni með háskólanám að markmiði. Atvinnutækifæri fyrir ungt fólk á landsbyggðinni með slíka menntun eru ekki mörg, en oft er skortur á verk- og tæknimenntuðu fólki í þeim atvinnugreinum sem einkenna atvinnustarfsemina úti á landi. Þannig kunna rangar áherslur í framhaldsmenntun að hafa valdið því að ungt fólk fer ekki til starfa í heimabyggðum sínum að námi loknu.

Um áratuga skeið hafa þessi mál verið til umfjöllunar hjá stjórnendum landsins, Alþingi, ríkisstjórn og sveitarstjórnum. Framan af beindust afskipti hins opinbera beinlínis að því að berjast gegn þéttbýlismyndun á Íslandi sem sumir álitu vera af hinu vonda og valda siðspillingu og hvers konar andlegri og efnalegri óáran með þjóðinni. Markmiðið var að allt skyldi óbreytt vera. Fólkið skyldi sitja sem fastast þar sem það var niður komið, í fjötrum ef ekki fyndist annað ráð.

Þessi stefna hefur löngu gengið sér til húðar en kostaði þjóðina ómælda fjármuni og var fjötur á lífsafkomu fjölmargra. Breytingar á búsetu eru óhjákvæmilegar og eðlilegar ef landsmenn vilja fylgja öðrum þjóðum í afkomu og menningarlífi. Hins vegar ber þjóðinni skylda til þess að byggja land sitt þar sem byggð á að geta verið lífvænleg. Forræði þjóðarinnar yfir Íslandi gerir þá kröfu til hennar að hún byggi landið og nýti þá landkosti sem samrýmast því að fólk geti búið við góða lífsafkomu og lifað menningarlífi í landi sínu. Það er mætavel hægt víða á landsbyggðinni ekkert síður en á suðvesturhorninu. Nýti þjóðin ekki þá landkosti gæti orðið erfitt fyrir hana í heimi örrar fólksfjölgunar að meina öðrum að gera það. Þess vegna er traust byggð í landinu hluti af varðstöðu þjóðarinnar um sjálfstæði sitt og landforræði.

Ýmis úrræði hafa verið reynd í nafni svokallaðrar byggðastefnu til þess að treysta byggð hringinn í kringum landið. Sum þessara úrræða hafa skilað árangri, stundum varanlegum, stundum tímabundnum, önnur ekki. Tímabært er að fá yfirlit yfir hvaða ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, hafa skilað árangi til lengri eða skemmri tíma svo að hægt sé að byggja á þeirri reynslu með tilliti til framtíðarinnar. Ekki er síður nauðsynlegt að fyrir liggi hvaða úrræði hafa ekki skilað árangri. Af þeirri reynslu geta menn líka lært. Með sama hætti verða menn að horfa til umheimsins og þá ekki síst til reynslu þjóða sem eru líkar Íslendingum í lífskjörum og menningu. Í Stóra-Bretlandi hefur til að mynda náðst góður árangur í uppbyggingu atvinnulífs í héruðum eins og Wales og Skotlandi með markvissum aðgerðum stjórnvalda til markaðssetningar á landkostum og tækifærum. Af þeirri reynslu gætum við Íslendingar óefað ýmislegt lært.

Þingsályktunartillaga sú, sem hér er flutt, er löngu tímabær. Tilgangur hennar er annars vegar að afla upplýsinga um búferlaflutninga, mynstur þeirra og meginástæður, ásamt því að fá yfirlit um árangur aðgerða sem gripið hefur verið til í byggðamálum hérlendis og erlendis og hins vegar að nýta þær upplýsingar til þess að setja fram nýjar hugmyndir um hvernig árangursríkast er að efla byggð á Íslandi til þess að treysta forræði þjóðarinnar á eigin landi og varðveita sjálfstæði hennar og treysta möguleika hennar á að lifa við sambærileg lífskjör og njóta sambærilegrar þjónustu og menningarlífs í landi sínu öllu.

505. Svar [229. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um framkvæmdir á Reykjavíkurflugvelli í kjölfar hættumats.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hverjar af tillögum nefndar þeirrar sem gerði hættumat fyrir Reykjavíkurflugvöll eru þegar komnar til framkvæmda?

Eins og fram kemur í greinargerð með fyrirspurninni eru tillögur nefndarinnar eftirfarandi:

a. æfinga-, kennslu- og einkaflug fái aðstöðu á nýjum flugvelli í nágrenni höfuðborgarinnar,
b. ferjuflugi og millilandaflugi einkaflugvéla, öðru en sérstöku gestaflugi, verði beint til Keflavíkur,
c. hætt verði notkun á NA/SV-braut (07-25) og henni lokað,
d. tekin verði upp skráning á brautarnotkun á Reykjavíkurflugvelli og settar reglur sem leiða til aukinnar notkunar AV-brautar á kostnað NS-brautar,
e. eldsneytisgeymar á flugvallarsvæðinu verði fjarlægðir og komið upp eldsneytis- og olíubirgðageymslu á einum stað utan við öryggissvæði flugbrautanna,
f. gas- og olíugeymar í Skerjafirði verði fjarlægðir,
g. settar verði reglur um hávaðatakmarkanir á Reykjavíkurflugvelli,
h. flugsýningar verði framvegis haldnar utan Reykjavíkur,
i. hraðað verði framkvæmdum við endurbætur og nýbyggingu akbrauta á flugvellinum,
j. tryggt verði fé til kaupa á flugvallarratsjá í flugturn og aðflugs- og brottflugsleiðum beint sem mest frá þéttbýli umhverfis flugvöllinn út yfir sjó.

a. Ekki hefur verið farið út í að byggja sérstakan flugvöll fyrir æfingakennslu- og einkaflug vegna þess að flugvallarstæði við Óbrynnishóla sunnan Hafnarfjarðar hefur verið útilokað vegna hugsanlegrar mengunar á vatnsbóli Hafnfirðinga. Önnur flugvallarstæði, sem fýsileg þættu með tilliti til veðurfars og aðgengis, eru ekki fyrir hendi. Jafnframt er ljóst að ekkert fjármagn hefur verið tiltækt til að ráðast í byggingu flugvallar af þessu tagi.

Ýmislegt hefur verið gert til að draga úr áhrifum æfinga- og kennsluflugs á Reykjavíkurflugvelli með því að leggja sérstakar flugleiðir til og frá flugvellinum og beina þessu flugi til flugvalla í nágrenni Reykjavíkur, einkum yfir sumartímann. Í reynd hefur dregið talsvert úr þessu flugi þar sem einkaflug hefur dregist saman á undanförnum árum og einkaflugvélum fækkað.

b. Ekki hefur verið talin ástæða til að beina ferju- og millilandaflugi einkaflugvéla sérstaklega frá flugvellinum, enda er erfitt að reka alþjóðlegan flugvöll sem aðeins sérstökum flugvélum er heimilt að nota. Þó hafa lendingargjöld verið hækkuð á Reykjavíkurflugvelli þannig að þau eru hærri en á Keflavíkurflugvelli.

c. NA/SV-flugbrautinni hefur ekki verið lokað vegna eindreginna óska flugmanna og flugrekenda. Þessi braut er afar lítið notuð og þá fyrst og fremst í hvössum útsynningi þegar aðrar brautir eru lokaðar. Sérstök fyrirmæli eru um að þessi braut skuli aðeins notuð þegar skilyrði eru óhagstæð á öðrum flugbrautum. Nú hefur flugbraut á Keflavíkurflugvelli með sömu stefnu verið lokað. Meðan þetta ástand varir eru engar forsendur til þess að loka umræddri braut á Reykjavíkurflugvelli.

d. Færa má rök fyrir því að flugöryggi sé best tryggt með því að flugmenn fái ætíð að velja þá flugbraut þar sem skilyrði eru heppilegust. Því hefur ekki verið talið fært að gefa flugmönnum fyrirmæli um að nota A/V-flugbrautina þegar skilyrði eru betri á N/S-flugbraut. Hér er einnig mikilvægt að hafa í huga að aðflugstæki eru fullkomnari á N/S-brautinni.

e. Ekki hefur verið hægt um vik að finna stað fyrir umrædda eldsneytisgeyma, sérstaklega þar sem áætlanir um landnýtingu á flugvallarsvæðinu hafa ekki gengið eftir. Nú er hafin vinna við að endurskoða skipulag vallarins og verður þá væntanlega ákveðin ný staðsetning fyrir þessa geyma.

f. Olíustöðin í Skerjafirði og flutningur hennar er vandamál sem hefur verið á borði borgaryfirvalda um áratuga skeið. Flugmálayfirvöld hafa lítil sem engin áhrif haft á þetta mál sem mun m.a. snúast um að finna olíustöðinni stað á borgarsvæðinu.

g. Unnið er að því á vegum Flugmálastjórnar að semja hávaðareglur fyrir flugvöllinn og er gert ráð fyrir að ljúka því starfi fyrir vorið 1996.

h. Engar sérstakar reglur hafa verið settar um flugsýningar á Reykjavíkurflugvelli, en þær eru fátíðar og eru vandlega skipulagðar með öryggissjónarmið í huga.

i. Því miður hefur lítið fjármagn verið til framkvæmda á flugbrautum og akbrautum. Því hafa engar endurbætur verið gerðar á akbrautum flugvallarins.

j. Flugvallarratsjá hefur verið komið upp í flugturninum til að fylgjast með umferðinni í nánd vallarins. Þá hafa verið hannaðar sérstakar aðflugs- og brottflugsleiðir sem beina flugumferðinni frá þéttbýlinu þar sem því verður við komið.

506. Frumvarp til laga [271. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

Á eftir 64. gr. komi ný grein, 64. gr. a, svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um heimild eiganda ökutækis til að velja tiltekna bókstafi og tölustafi á skráningarmerki ökutækis (einkamerki).

Fyrir rétt til einkamerkis skal greiða 50.000 kr., auk gjalds fyrir skráningu og skráningarmerki. Fyrir skráningu á flutningi einkamerkis af einu ökutæki á annað í samræmi við reglur sem settar eru skv. 1. mgr. skal greiða sama gjald og fyrir skráningu eigendaskipta að ökutæki. Gjaldið renni til Umferðarráðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að dómsmálaráðherra verði heimilað að setja reglur um sérstök skráningarmerki (einkamerki) á ökutæki þar sem eiganda ökutækisins verði veitt heimild til að velja samstæðu bókstafa og/eða tölustafa á skráningarmerkið í stað þeirra bókstafa og tölustafa sem skráningarmerkið mundi að öðrum kosti bera í samræmi við almennar reglur um skráningu ökutækja. Slík skráningarmerki á ökutæki hafa verið heimiluð í ýmsum löndum, m.a. í Danmörku og Svíþjóð.

Gert er ráð fyrir að í reglum verði kveðið nánar á um framkvæmdaratriði, svo sem um hámarksfjölda bókstafa og tölustafa á skráningarmerki. Þar verði og ákvæði er tryggi að áletrun á skráningarmerki brjóti ekki í bága við íslenskt málfar né sé hún fallin til að valda hneykslun eða geti haft í för með sér óþægindi fyrir aðra. Þá er gert ráð fyrir að réttur til einkamerkis verði tímabundinn, væntanlega til átta ára, og að eigandinn hafi rétt til að færa einkamerkið á annað ökutæki á þeim tíma.

Rétt þykir að gjald fyrir einkamerki verði hærra en gjald fyrir almenn skráningarmerki og er lagt til að gjaldið verði ákveðið 50.000 kr. Þá er lagt til að gjaldinu verði varið til að efla umferðaröryggi í landinu og að það renni til Umferðarráðs svo sem er um umferðaröryggisgjald skv. 115. gr. umferðarlaga.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á umferðarlögum, nr. 50/1987.

Í frumvarpinu er lagt til að eiganda ökutækis verði heimilað að velja sérstakt skráningarmerki (einkamerki) á bifreið sína en gert er ráð fyrir að nánar verði kveðið á um framkvæmdaratriði í reglum. Fyrir einkamerkið skal greiða 50.000 kr. auk gjalds fyrir skráningu og skráningarmerki og rennur gjaldið til Umferðarráðs.

Kostnaðaráhrif af þessu eru tvenns konar. Annars vegar má ætla að framleiðsla einkamerkja sé heldur dýrari en venjulegra skráningarmerkja en að mati dómsmálaráðuneytis er sá kostnaðarauki óverulegur. Hins vegar eykur þetta tekjur Umferðarráðs. Erfitt er að áætla umfang þessa þar sem ekki er vitað hve margir munu nýta sér þessa heimild.

507. Frumvarp til laga [272. mál]

um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Ágúst Einarsson.

1. gr.

Við 26. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sé innskattur að jafnaði hærri en útskattur er skattstjóra heimilt að krefja viðkomandi um tryggingu fyrir endurgreiddum virðisaukaskatti, enda verði ekki talið að hags-

munir ríkissjóðs verði tryggðir með öðrum hætti. Fjármálaráðherra skal í reglugerð setja nánari skilyrði um tilhögun þessarar tryggingar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Að undanförnu hafa fallið dómar vegna sviksamlegrar háttsemi manna við að fá virðisaukaskatt ranglega greiddan úr ríkissjóði. Þegar er upplýst um nokkur slík skattsvik þar sem fjárhæðir svo mörgum tugum milljóna skiptir hafa verið sviknar út úr skattkerfinu. Er þar skemmst að minnast svokallaðs „Vatnsberamáls", en í því eina máli voru 38 millj. kr. sviknar út úr ríkissjóði.

Hér er um nýja tegund skattsvika að ræða og hætta á misferli er veruleg. Uppbygging skattsins er þannig að innskattur getur alloft orðið hærri en útskattur. Oft á tíðum hafa aðilar því fengið umtalsverðar fjárhæðir ranglega endurgreiddar áður en í ljós hefur komið að um skattsvik hafi verið að ræða.

Efni þessa frumvarps er að skattstjórum sé heimilt að krefjast trygginga vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts úr ríkissjóði. Nauðsyn ber til að sporna við tilhneigingu af þessu tagi og því er gert ráð fyrir að unnt verði að krefja aðila, sem fá greiddar verulegar fjárhæðir úr ríkissjóði, um tryggingu, t.d. bankaábyrgð eða veðsetningar. Með þeim hætti ættu hagsmunir ríkissjóðs að vera betur tryggðir ef í ljós kemur að forsendur endurgreiðslu virðisaukaskatts standast ekki. Þá verður að telja líkur á að unnt verði að draga úr tilhneigingu af þessu tagi þegar aðilar þurfa að leggja fram tryggingar. Þessu ákvæði mætti beita þegar innskattur er að jafnaði hærri en útskattur. Er gert ráð fyrir að nánar verði kveðið á um í reglugerð hvernig að þessu skuli standa.

Gróflega má áætla að um 10% framteljenda virðisaukaskatts fái endurgreiðslur þegar innskattur reynist hærri en útskattur. Er það í þeim tilvikum þegar um er að ræða fjárfestingar, útflutning eða breytingu á eignarhaldi.

Ákvæði efnislega samhljóða þessu var í frumvarpi sem flutt var á 118. löggjafarþingi, en náði þá ekki fram að ganga. Skattrannsóknarstjóri ríkisins gaf þá efnahags- og viðskiptanefnd svohljóðandi umsögn um ákvæðið:

„Það er reynsla embættis skattrannsóknarstjóra ríkisins að virðisaukaskatturinn opni nýja svikamöguleika. Þar er sérstaklega um að ræða innskattinn sem er þess eðlis að strangt aðhald þarf að vera með honum. Ný tegund skattsvika hefur litið dagsins ljós sem eru fjölbreytileg innskattssvik og hætta á misferli er umtalsverð. Í málum sem komið hafa til kasta embættisins hafa aðilar í nokkrum tilfellum fengið umtalsverðar fjárhæðir ranglega endurgreiddar áður en við rannsókn hefur komið í ljós að grundvöllur slíkrar endurgreiðslu var enginn. Má í þessu sambandi benda á dóm héraðsdóms Reykjanesumdæmis sem kveðinn var upp 31. desember 1993 þar sem fiskkaupandi gerði tilraun til þess að fá röskar sex millj. kr. endurgreiddar úr ríkissjóði án þess að nokkur fiskkaup hefðu átt sér stað. Þá má nefna fleiri dóma sem eru á sama veg. Verður því að telja að full ástæða sé til að gæta mjög vel að innskattinum og þeirri misnotkun sem þar er möguleg. Frumvarp það sem hér liggur fyrir gerir kleift að setja ákveðnar tryggingar ef á þarf að halda. Ekki er vafi á að ákvæði þetta mun draga úr skattsvikum af þessum toga en einkum gera ríkissjóði kleift að endurheimta oftekinn skatt."

Skattrannsóknarstjóri ríkisins mælti þá með samþykkt ákvæðisins sem í frumvarpinu felst.

508. Frumvarp til laga [273. mál]

um veitingu prestakalla.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

I. KAFLI
Um val á sóknarpresti.

1. gr.

Þegar nýtt prestakall er stofnað eða prestakall losnar auglýsir biskup kallið laust með fjögurra vikna umsóknarfresti.

2. gr.

Að liðnum umsóknarfresti sendir biskup prófasti hlutaðeigandi prófastsdæmis, sé hann eigi umsækjandi, skrá yfir þá er sótt hafa ásamt skýrslu um aldur þeirra, námsferil, embættisferil og störf. Enn fremur lætur biskup í té nægilega marga atkvæðaseðla með nöfnum umsækjenda.

Með erindi biskups skal fylgja umsögn hans um umsækjendur, byggð á niðurstöðu stöðunefndar.

3. gr.

Kirkjumálaráðherra skipar þriggja manna stöðunefnd til þriggja ára. Í nefndinni eiga sæti fulltrúi tilnefndur af Prestafélagi Íslands, annar tilnefndur af guðfræðideild Háskóla Íslands og einn tilnefndur af biskupi Íslands og sé hann formaður nefndarinnar. Nefndin skal meta hæfni kandídata til prestsembætta að lokinni starfsþjálfun þeirra og gefa biskupi rökstudda umsögn um umsækjendur um prestsembætti, um menntun þeirra, framhaldsnám og starfsferil.

Kirkjumálaráðherra setur nánari reglur um störf nefndarinnar að höfðu samráði við biskup og stjórn Prestafélags Íslands.

4. gr.

Biskup felur prófasti að hafa umsjón með vali á sóknarpresti. Sé hlutaðeigandi prófastur umsækjandi um kallið eða vanhæfur að öðru leyti tilnefnir biskup annan prófast í hans stað.

Prófastur kynnir kjörmönnum prestakallsins erindi biskups og umsögn um umsækjendur. Hann boðar kjörmenn til sameiginlegs fundar með hæfilegum fyrirvara.

Kjörmenn eru sóknarnefndarmenn og safnaðarfulltrúar og varamenn þeirra.

Prófastur skal tryggja öllum umsækjendum áheyrn hjá kjörmönnum. Heimilt er kjörmönnum að tilnefna viðræðunefnd til að ræða við umsækjendur og gera að því loknu tillögu til kjörfundar.

5. gr.

Kjörfund skal halda innan 14 daga frá því að prófastur kynnir kjörmönnum erindi biskups, sbr. 4. gr.

Kjörfundur er lokaður og stýrir prófastur honum. Að lokinni framlagningu og athugun gagna fer fram val á umsækjanda þegar á þeim fundi eða í síðasta lagi innan tveggja sólarhringa ef ósk um frestun kemur fram frá kjörmanni eða prófasti.

Atkvæðagreiðslan er leynileg.

Prófastur afhendir hverjum kjörmanni atkvæðaseðil og setur kjörmaður kross fyrir framan nafn þess er hann velur. Að loknu vali eru atkvæði talin á kjörfundi. Ef umsækjandi er einn telst val hans bindandi hafi hann hlotið ⅔ atkvæða.

Ef umsækjendur eru fleiri nægir helmingur atkvæða.

Nú eru umsækjendur þrír eða fleiri og enginn hefur hlotið helming greiddra atkvæða og skal þá endurtaka valið bundið þannig að sá sem fæst atkvæði hefur hlotið við síðustu atkvæðagreiðslu fellur úr.

Nú er valið milli tveggja umsækjenda og hvorugur hlýtur helming greiddra atkvæða og er þá valið ekki bindandi.

Falli atkvæði jöfn á kjörfundi ræður hlutkesti.

Nú vill meiri hluti kjörmanna hafna umsækjendum með því að skila auðum atkvæðaseðli og er þá ráðherra óheimilt að veita embættið.

6. gr.

Að loknum kjörfundi skal prófastur hlutast til um að sóknarnefnd eða nefndir hlutaðeigandi prestakalls kynni á almennum safnaðarfundi eða á annan sannanlegan hátt, innan sjö daga frá því að fundi lauk, hver hafi verið valinn eða hverjir hafa hlotið flest atkvæði sé valið eigi bindandi.

7. gr.

Nú berst skrifleg ósk um það frá minnst 25 af hundraði atkvæðisbærra sóknarbarna í prestakallinu, innan sjö daga frá því að niðurstöður voru kynntar, sbr. 6. gr., að almennar prestskosningar fari fram í prestakallinu og er þá skylt að verða við því. Fjöldi atkvæðisbærra manna miðast við þá sem eru skráðir í þjóðkirkjuna í prestakallinu samkvæmt íbúaskrár þjóðskrár 1. desember næstan á undan og náð hafa 16 ára aldri er kosning fer fram. Ef ágreiningur rís um hvort almenn kosning eigi að fara fram úrskurðar yfirkjörstjórn, sbr. 12. gr., um það. Framkvæmd kosningar fer fram eftir ákvæðum III. kafla laga þessara.

8. gr.

Nú er ekki óskað eftir almennum kosningum, sbr. 7. gr., og skal þá prófastur senda biskupi afrit af gerðabók kjörfundar ásamt staðfestingu þess að niðurstöður hafi verið kynntar, sbr. 6. gr.

Biskup sendir kirkjumálaráðherra niðurstöðu kjörfundar ásamt umsögn sinni.

Ráðherra veitir þeim embættið sem hlotið hefur bindandi val en ákvarðar að öðrum kosti veitingu, að fenginni tillögu biskups.

II. KAFLI
Um köllun.

9. gr.

Hafi enginn sótt um prestakallið, sbr. 1 gr., er kjörmönnum heimilt að kalla prest.

10. gr.

Óski helmingur kjörmanna eða fleiri þess skriflega við prófast að kalla tiltekinn prest eða guðfræðikandídat tilkynnir hann það biskupi sem felur þá prófasti að boða kjörmenn prestakallsins á sameiginlegan fund innan viku.

Samþykki meiri hluti kjörmanna að kalla tiltekinn mann til embættis sem lögum samkvæmt á rétt til prestsembættis í íslensku þjóðkirkjunni skal biskup birta köllunina þeim presti eða kandídat sem í hlut á. Taki hann köllun skal veita honum embættið en eigi lengur en til tveggja ára. Að þeim tíma liðnum skal embættið auglýst.

Sé prestur ekki kallaður setur ráðherra prest í embættið að tillögu biskups.

III. KAFLI
Um kosningu.

11. gr.

Jafnskjótt og prófastur hefur fengið í hendur ósk frá lögboðnum fjölda atkvæðisbærra manna í prestakallinu um almenna kosningu, sbr. 7. gr., skal hann hefja kosningarundirbúning.

Biskup ákveður í samráði við prófast hvenær kosning skuli fara fram. Biskup hlutast til um prentun kjörseðla. Sendir hann prófasti hæfilegan fjölda kjörseðla. Prófastur sendir síðan kjörstjórnum. Á kjörseðla skal prenta nöfn umsækjenda í stafrófsröð.

Prófastur auglýsir hvenær og hvar kosning skuli fara fram og hverjir séu í kjöri. Nú er prófastur í kjöri og tilnefnir þá biskup annan í hans stað. Í prestakalli, þar sem eru fleiri en ein sókn, skal kosning fara fram í öllum sóknum á sama degi.

12. gr.

Í hverri sókn skal vera kjörstjórn skipuð þremur mönnum, kjörnum af sóknarnefnd á fyrsta fundi eftir hverjar kosningar til sóknarnefndar. Sóknarnefnd kýs formann kjörstjórnar.

Heimilt er sóknarnefnd að skipta sókn í kjördeildir. Skal þá kjósa þriggja manna undirkjörstjórnir er annist framkvæmd kosninga í hverri kjördeild. Enn fremur er sóknarnefndum heimilt að sameinast um kjördeild að fengnu samþykki prófasts.

13. gr.

Í hverju prófastsdæmi skal vera yfirkjörstjórn skipuð prófasti og tveimur mönnum kjörnum af héraðsfundi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum varamönnum. Að jafnaði skal vera löglærður maður í yfirkjörstjórn.

14. gr.

Kjörstjórn annast gerð kjörskrár í hverri sókn. Skal hún lögð fram eigi síðar en fjórum vikum fyrir kjördag.

Kjörskrá skal liggja frammi til sýnis hið minnsta í tvær vikur á hentugum stað er kjörstjórn auglýsir samkvæmt því sem venja er að birta opinberar auglýsingar á þeim stað.

15. gr.

Hver sá sem kæra vill að einhvern vanti á kjörskrá eða sé ofaukið þar þarf að hafa afhent formanni kjörstjórnar kæru sína, ásamt rökum og gögnum máli sínu til stuðnings, eigi síðar en tveimur vikum fyrir kjördag. Sé kæran um það að einhver sé á skrá tekinn sem ekki hafi rétt til að standa þar skal formaður senda þeim sem yfir er kært eftirrit af kærunni.

16. gr.

Aðfinnslur þær við kjörskrána, sem fram eru komnar, skal hlutaðeigandi kjörstjórn úrskurða um í síðasta lagi viku fyrir kjördag. Skal gefa þeim er kæran varðar kost á að tjá sig og koma að gögnum áður en kæran er tekin til úrskurðar.

Úrskurði kjörstjórnar má áfrýja til yfirkjörstjórnar. Hún skal hafa úrskurðað um fram komnar kærur degi fyrir kjördag. Eftir þetta verður engin breyting gerð á kjörskránni.

17. gr.

Á kjörskrá skal taka þá sem voru í íslensku þjóðkirkjunni og áttu lögheimili í prestakallinu 1. desember næstan á undan og hafa náð 16 ára aldri þegar kosning fer fram, sbr. 7. og 10. gr. laga nr. 25/1985.

18. gr.

Þeir sem staddir eru eða gera ráð fyrir að verða staddir utan sinnar sóknar þegar kosning fer fram og geta af þeim sökum ekki sótt kjörfund hafa heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar samkvæmt þeim reglum sem settar eru í lögum þessum.

19. gr.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fer fram hjá formönnum kjörstjórna eða öðrum úr kjörstjórn er formaður tilnefnir.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar getur hafist þá er tvær vikur eru til kjördags.

Kjörstjórn auglýsir í samráði við prófast hvar og hvenær atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fari fram.

Heimilt er að binda atkvæðagreiðslu við ákveðinn tíma á degi hverjum. Hún skal þó eigi standa skemur en klukkustund hverju sinni. Tilgreina skal í fundargerðabók hverjir greiði atkvæði utan kjörfundar.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið ákveður gerð atkvæðaseðla fyrir atkvæðagreiðslu utan kjörfundar og kveður nánar á um framkvæmd hennar.

20. gr.

Þegar að lokinni kosningu sendir kjörstjórn yfirkjörstjórn kjörkassa, fundargerðir og önnur kjörgögn. Talning atkvæða fer fram hjá yfirkjörstjórn er hún hefur fengið öll kjörgögn í hendur. Yfirkjörstjórn tilkynnir biskupi úrslit kosningar og sendir honum afrit úr gerðabók. Biskup sendir kirkjumálaráðherra úrslitin ásamt umsögn sinni.

Hafi helmingur kjósenda í prestakalli greitt atkvæði og fái einhver umsækjenda meiri hluta greiddra atkvæða er kosningin bindandi og fær kjörinn prestur veitingarbréf ráðherra fyrir prestakallinu. Að öðrum kosti ákvarðar ráðherra veitinguna.

21. gr.

Nú er aðeins einn umsækjandi í kjöri og fer þá fram kosning með sama hætti. Kjósendur sem vilja hafna honum skila auðum atkvæðaseðli.

Greiði helmingur kjósenda atkvæði en umsækjandi fær ekki fullan helming greiddra atkvæða er óheimilt að veita honum embættið.

22. gr.

Prestskosningar má kæra skriflega fyrir yfirkjörstjórn innan viku frá því að kosning fór fram. Getur yfirkjörstjórn ógilt kosninguna og fyrirskipað nýja ef verulegir gallar eru á undirbúningi eða framkvæmd hennar.

Áður en yfirkjörstjórn úrskurðar skal hún leita umsagnar kjörstjórna. Úrskurði yfirkjörstjórnar má áfrýja til nefndar er í eiga sæti biskup og tveir menn tilnefndir af kirkjumálaráðherra.

23. gr.

Með þeim frávikum sem lög þessi ákveða og eftir því sem við getur átt skulu lög um kosningar til Alþingis gilda um framkvæmd prestskosninga.

24. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög um veitingu prestakalla, nr. 44 30. mars 1987.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Kirkjumálaráðherra skipaði 8. ágúst 1995 nefnd til að endurskoða gildandi lög um veitingu prestakalla, nr. 44 30. mars 1987. Í skipunarbréfi ráðherra var tekið fram að í ljós hafi komið að sum ákvæði laganna séu vandskýrð þegar beita á þeim í framkvæmd og að ágreiningur hafi risið um túlkun þeirra.

Í nefndina voru skipuð: Markús Örn Antonsson framkvæmdastjóri, formaður, Baldur Kristjánsson biskupsritari, Geir Waage sóknarprestur í Reykholti, Guðríður Eiríksdóttir sóknarnefndarformaður á Akureyri, Karl Sigurbjörnsson sóknarprestur í Reykjavík og Sváfnir Sveinbjarnarson prófastur á Breiðabólstað. Ritari nefndarinnar var Hjalti Zóphóníasson skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Frumvarpið var kynnt og lagt fram til umfjöllunar á Kirkjuþingi 1995. Kirkjuþing lagði til ýmsar breytingar á því og verður helstu breytinga getið í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins eftir því efni standa til. Margar þeirra snertu minni háttar efnisatriði.

Helstu breytingar samkvæmt frumvarpinu.

Með lögum um veitingu prestakalla, nr. 44/1987, var horfið frá því fyrirkomulagi, sem tíðkast hafði frá árinu 1886, að sóknarprestar væru kosnir af sóknarbörnum í almennum kosningum. Til ársins 1987 voru í gildi lög nr. 32/1915, um veitingu prestakalla. Samkvæmt þeim lögum gilti sú regla að þegar prestakall varð laust skyldi biskup auglýsa það laust til umsóknar og síðan var stofnað til almennra prestskosninga í prestakallinu.

Samkvæmt núgildandi lögum frá 1987 er val á sóknarpresti í höndum kjörmanna, sem eru sóknarnefndarmenn og varamenn þeirra, en tilskilinn fjöldi sóknarbarna getur krafist þess, að almennar prestskosningar fari fram eftir val kjörmanna. Með lögum þessum voru lögfestar reglur sem fólu í sér miklar breytingar frá eldri lögum. Helsta breytingin var að hverfa frá allsherjarreglu um almennar prestskosningar en fjölga þess í stað valkostum við veitingu prestakalla. Eru valkostirnir eftirfarandi:

1. *Val.* Staða er auglýst laus til umsóknar og síðan velja kjörmenn prest úr hópi umsækjenda með leynilegu kjöri.

2. *Köllun.* Tiltekinn prestur er kallaður án auglýsingar, enda séu 3/4 kjörmanna einhuga um það.

3. *Almenn kosning.* Staða er auglýst og síðan fara fram almennar kosningar, enda hafi 25% atkvæðisbærra sóknarbarna farið fram á slíka kosningu.

Álitaefni hefur þótt hvora regluna, um köllun eða val, eigi frekar að viðhafa. Í þessu sambandi var því nauðsynlegt að kanna nánar hver vilji löggjafans hefði verið. Helstu lögskýringargögn hvað þetta varðar eru fyrst og fremst greinargerð með lagafrumvarpinu, framsöguræða með því, svo og umræður á Alþingi við meðferð málsins.

Í athugasemdum við frumvarp það sem varð að gildandi lögum sagði að gert væri ráð fyrir því sem aðalreglu að kjörmenn velji presta með leyfilegu vali. Sami skilningur kom fram hjá t.d. Jóni Helgasyni, dóms- og kirkjumálaráðherra, við 1. umræðu á Alþingi, en þar segir hann orðrétt: „... Meginreglan verði að prestar verði kosnir af svokölluðum kjörmönnum".

Þá er gert ráð fyrir köllun prests. Ljóst verður að telja að henni eigi síður að beita en meginreglunni, en hvergi er þó tilgreint við hvaða aðstæður hún eigi við. Eina skilyrðið virðist vera að ef 3/4 kjörmanna verða ásáttir um að viðhafa þessa aðferð þá megi kalla prest án auglýsingar.

Þegar sérstakri nefnd var falið af kirkjumálaráðherra árið 1990 að endurskoða lög um veitingu prestakalla var beinlínis tekið fram að sumir hafi viljað túlka orðalag 1. gr. á þann hátt að köllun skyldi vera „primær" á undan auglýsingu, en slíkt mun ekki hafa vakað fyrir höfundum þess frumvarps er varð að lögum nr. 44/1987.

Nefndin, sem samdi frumvarp þetta, ákvað að afmarka verkefni sitt nú við þau atriði núgildandi laga, sem verið hafa óljós og túlkuð á mismunandi hátt, en láta annað standa óbreytt, enda þótt einstakir nefndarmenn hafi tjáð sig um nauðsyn á breyttum ráðningarskilyrðum presta, t.d. afnámi æviráðningar og endurskoðun á ákvæðum um ráðningu aðstoðarpresta o.fl. Breytingartillögur nefndarinnar snerta því aðallega I. kafla núgildandi laga og lagfæringar til samræmis á II. kafla þeirra. Hins vegar er III. kafli, um kosningu, látinn standa óbreyttur.

Nefndin var einhuga um að leggja til breytingar á lögunum frá 1987 sem feli í sér fortakslaust ákvæði um að auglýsa beri laus prestaköll til umsóknar. Með þessu taldi nefndin að við veitingu prestsembætta beri að gæta samræmis við lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, og stjórnsýslulög og almenn viðhorf sem uppi eru í þjóðfélaginu um að jafnræðisregla skuli í heiðri höfð. Nefndin taldi nauðsynlegt að réttur umsækjenda verði betur tryggður en áður. Ákvæði um heimild til köllunar prests verði aðeins beitt ef engar umsóknir berast við auglýsingu.

Þá varð það niðurstaða nefndarinnar að ekki beri að raska þeirri skipan, sem nú er á veitingu prestsembætta, enda þótt þau sjónarmið komi oft fram að kirkjustjórnin eigi að hafa þar meiri áhrif en nú er. Nefndin taldi nauðsynlegt að hafa forsöguna í huga og þá gagnrýni, sem fram kom, á fráhvarf frá almennum prestskosningum. Því væri nauðsynlegt að tryggja áfram þau beinu áhrif, sem fulltrúar safnaðarins hafa, á val á presti sínum á kjörmannafundum.

Í frumvarpinu felst það nýmæli að biskup hafi sér til ráðuneytis sérstaka hæfnisnefnd, sem eftir tillögu Kirkjuþings verður kölluð stöðunefnd, til að gefa biskupi rökstudda umsögn sína um umsækjendur. Aldrei hafa fleiri guðfræðingar verið reiðubúnir til þjónustu en nú og í guðfræðinámi eru á annað hundrað nemendur. Þess vegna verða margir um

þau brauð, er losna á næstu árum. Með ákvæðinu um stöðunefnd er áhersla lögð á að menntun, starfsreynsla og almenn hæfni skuli virt og metin þegar stöður eru veittar. Stöðunefndin verði skipuð fulltrúum biskups, Guðfræðideildar Háskóla Íslands og Prestafélags Íslands. Kirkjumálaráðherra setji nánari reglur um störf nefndarinnar.

Nefndarmenn voru á einu máli um allar þær tillögur, sem fram koma í frumvarpinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni eru tekin af öll tvímæli um að laus prestaköll skuli ávallt auglýsa til umsóknar.

Um 2. gr.

Biskup á þess kost að koma á framfæri frekari upplýsingum eða umsögn en fram kemur í umsögn stöðunefndar í skrá þeirri sem hann skal láta í té.

Um 3. gr.

Sett er nýtt ákvæði um stöðunefnd er meti umsóknir út frá faglegum sjónarmiðum en taki einnig tillit til sérstakra staðbundinna aðstæðna í viðkomandi prestakalli eins og gert er ráð fyrir að skilgreint verði í reglugerð. Í umsögn nefndarinnar er gert ráð fyrir að komi fram hvort umsækjendur séu hæfir til þjónustu eða eftir atvikum óhæfir. Ekki eru sett ákvæði um að stöðunefndin raði umsækjendum en heldur ekki útilokað að í nánari reglum, sem kirkjumálaráðherra setur, verði kveðið á um það.

Um 4. gr.

Hér er skilgreint hlutverk prófasts við kynningu á umsóknum fyrir kjörmönnum og boðun kjörmannafundar. Gert er ráð fyrir að gögn málsins verði send kjörmönnum til kynningar áður en þeir koma til formlegs fundar.

Í 4. mgr. er tekið fram að prófastur skuli tryggja öllum umsækjendum áheyrn hjá kjörmönnum en það ekki skilgreint nánar því að ólík úrræði geta við átt eftir aðstæðum. T.d. er ekki talið eiga við að setja reglu um að allir umsækjendur haldi kynningarmessur í prestakallinu þar eð erfitt verði um vik ef tugir umsækjenda eru um hvert embætti. Í því augnamiði að auðvelda kjörmönnum enn frekar val sitt og opna leið til þess að staðbundin sjónarmið geti komið skýrar fram en í umsögn stöðunefndar er tekið fram að kjörmenn geti tilnefnt úr sínum hópi fulltrúa til að ræða við umsækjendur og gera að svo búnu tillögu til kjörfundar.

Um 5. gr.

Kveðið er á um að kjörfundur, þar sem umsækjandi er valinn í leynilegri atkvæðagreiðslu, fari fram eigi síðar en hálfum mánuði eftir að prófastur sendir kjörmönnum gögn málsins til kynningar. Um framkvæmd kjörfundar og kosninguna gilda ákvæði núgildandi laga óbreytt. Þó er nú tekið fram að falli atkvæði jöfn á kjörfundi ráði hlutkesti. Þykir þetta nauðsynlegt í ljósi þess að á kjörfundi er tala kjörmanna jöfn ef allir mæta. Um aðferð við hlutkesti og önnur tæknileg atriði varðandi frágang kjörgagna er rétt að fjalla ítarlegar í reglugerð. Kirkjuþing taldi hins vegar réttara að val skyldi ekki verða bindandi ef tveir væru jafnir, en rétt þykir að viðhafa hlutkesti.

Nefndin lagði til að öll gögn málsins, þar með taldar umsagnir biskups, stöðunefndar og viðræðunefndar kjörmanna, skuli gerð opinber, þegar atkvæðagreiðslu kjörfundar væri lokið, þannig að umsækjendur gætu þá haft aðgang að þeim. Kirkjuþing ályktaði að fella þetta ákvæði niður og hefur það sjónarmið verið tekið til greina.

Um 6. gr.

Hér er aðeins breytt einu orði, þ.e. í stað „kjörmannafundi" kemur: kjörfundi.

Um 7. gr.

Greinin er efnislega samhljóða ákvæðum 5. gr. gildandi laga.

Um 8. gr.

Greinin er efnislega samhljóða ákvæðum 6. gr. gildandi laga.

Um 9. gr.

Greinin kveður á um þá veigamiklu breytingu að köllun prests skuli einvörðungu beitt ef enginn hafi sótt um prestakallið.

Um 10. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 2. og 3. mgr. 7. gr. núgildandi laga að því undanskildu að í 2. mgr. er gert ráð fyrir að samþykki meiri hluta kjörmanna nægi, í stað tveggja þriðju áður, til að kalla tiltekinn mann til embættis. Enn fremur að köllun sé til tveggja ára en ekki fjögurra eins og áður. Að loknu tveggja ára tímabilinu beri að auglýsa prestakallið að nýju.

Þá er í 3. mgr. gert ráð fyrir að ráðherra setji prest í embætti að tillögu biskups hafi enginn sótt um og enginn verið kallaður.

Um III. kafla.

Engar efnisbreytingar hafa verið gerðar á greinum þessa kafla, en röð þeirra breytist þannig að 8. gr. núgildandi laga verður 11. gr. o.s.frv. Texta hefur verið breytt hvað málfar snertir á nokkrum stöðum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um veitingu prestakalla.

Frumvarp þetta var samið af nefnd sem skipuð var af kirkjumálaráðherra til að endurskoða núgildandi lög um veitingu prestakalla, nr. 44/1987. Meginbreytingar þessa frumvarps frá núgildandi lögum er að kveðið er skilyrðislaust á um auglýsingu stöðu og skipuð er þriggja manna stöðunefnd er meti umsóknir um prestaköll út frá faglegum sjónarmiðum. Aðrar beytingar miða að því að gera ákvæði núgildandi laga skýrari en í

ljós hefur komið að sum þeirra eru vandskýrð þegar beita á þeim í framkvæmd og hefur ágreiningur risið um túlkun þeirra.

Að mati fjármálaráðuneytis eru kostnaðaráhrif frumvarpsins á ríkissjóð aðallega vegna hinnar nýju stöðunefndar en ætla má að árlegur kostnaður af henni geti númið 250–350 þús. kr. Auglýsingarkostnaður af lausum stöðum greiðist af biskupsstofu en önnur útgjöld er tengjast kjöri presta greiðast af söfnuðum. Talið er að kostnaðarauki sé óverulegur.

509. Svar [213. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Við hvaða lagaheimild styðst sú regla sem kemur fram í úthlutunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna (1.3.2 Sérnám) að námsmenn þurfi að hafa náð 20 ára aldri til að fá lán til sérnáms erlendis?

Í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, segir að sjóðurinn veiti lán til framhaldsnáms við skóla sem gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og gerðar eru til háskólanáms hérlendis. Sams konar ákvæði voru í eldri lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Í 2. gr. laga nr. 57/1976 og 2. gr. laga nr. 72/1982 var tilgreint að einnig mætti veita lán til sérnáms hefðu námsmenn náð 20 ára aldri og lán til náms erlendis væri ekki unnt að stunda slíkt nám hérlendis. Ákvæðið um 20 ára aldurstakmark var fellt brott með núgildandi lögum en tiltekið að Lánasjóðinum sé heimilt að veita lán öðrum námsmönnum en þeim sem falla undir skilgreiningu 2. mgr. 1. gr., enda stundi þeir sérnám og stjórn sjóðsins setji nánari reglur um til hvaða sérnáms skuli lánað.

Í áliti meiri hluta menntamálanefndar, sem flutti tillögu um að fella umrætt lagaákvæði brott, segir: „Lagt er til að fellt verði niður það skilyrði 2. gr. að námsmenn í sérnámi þurfi að ná 20 ára aldri til þess að fá námslán.“ Er formaður menntamálanefndar mælti fyrir tillögunni sagði hann tilgang hennar vera eftirfarandi: „Við 2. gr. er lagt til að horfið verði frá því að binda námslán til sérnáms við 20 ára aldur. Ákvæði þetta snertir einkum nemendur sérskóla og iðnbrauta í fjölbrautaskólum. Með þessari breytingu er komið til móts við þau sjónarmið að hlúa að starfstengdu stuttu námi og verknámi og bóknámi gert jafnhátt undir höfði.“

Í reglugerð um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 210/1993, segir í 5. gr.: „Stjórn sjóðsins er enn fremur heimilt að setja þau skilyrði vegna sérnáms að lánþegi sé tvítugur á því almanaksári sem nám er stundað.“ Eftir gildistöku laga nr. 21/1992 hefur stjórn Lánasjóðsins samþykkt úthlutunarreglur þar sem m.a. er sett það skilyrði í gr. 1.3.2 að námsmenn þurfi að hafa náð 20 ára aldri til að fá lán til sérnáms erlendis.

Samkvæmt upplýsingum frá Lánasjóði íslenskra námsmanna var námsmönnum yngri en 20 ára, er stunduðu sérnám erlendis, veitt námslán frá námsárinu 1987–88 til ársins 1992 þrátt fyrir ákvæði laga um 20 ára aldurstakmark vegna sérnáms. Reglum um 20 ára aldurstakmark hefur hins vegar verið beitt við ákvörðun á lánshæfi náms á sérnámsbrautum framhaldsskóla, bæði fyrir og eftir gildistöku laga nr. 21/1992.

Menntamálaráðherra hefur ákveðið að beita sér fyrir breytingu á 5. gr. reglugerðar nr. 210/1993, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, og að úthlutunarreglur taki mið af þeirri breytingu.

510. Frumvarp til laga [274. mál]

um samningsveð.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Skilgreiningar.

1. Með *veðrétti* er í lögum þessum átt við forgangsrétt til þess að leita fullnustu fyrir kröfu (veðkröfu) í tilteknu fjárverðmæti eða fjárverðmætum (veðinu).

2. Með *sjálfsvörsluveði* er í lögum þessum átt við veðrétt þar sem veðsali heldur umráðum hins veðsetta þrátt fyrir veðsetninguna.

3. Með *handveði* er í lögum þessum átt við veðrétt þar sem veðsali er sviptur umráðum hins veðsetta.

2. gr.

Gildissvið.

1. Víkja má frá ákvæðum laga þessara með samningi nema annað sé tekið fram eða megi leiða af atvikum.

2. Með samningi verður veðréttur einungis stofnaður þannig að gildi hafi að lögum að slík veðstofnun sé heimiluð í lögum þessum eða öðrum lögum.

3. Ákvæði laga þessara víkja fyrir sérákvæðum um samningsveðsetningar í öðrum lögum.

3. gr.

Heimild til veðsetningar. Sérgreining hins veðsetta.

1. Veðréttur verður eigi stofnaður í einu lagi þannig að gildi hafi að lögum í öllu því sem veðsali á eða eignast kann.

2. Þegar réttindi eru háð þeim takmörkunum að þau eru ekki framseljanleg, eða einungis framseljanleg með vissum skilyrðum, gilda sömu takmarkanir hvað varðar heimild til þess að veðsetja réttindin.

3. Umfram það sem lög þessi eða önnur lög leyfa er eigi heimilt að setja að sjálfsvörsluveði safn af munum sem eru samkynja eða ætlaðir til samkynja notkunar og eru einkenndir einu almennu nafni.

4. gr.

Tilgreining veðkröfunnar.

1. Þegar samningsveð öðlast réttarvernd við þinglýsingu er það skilyrði réttarverndar að fjárhæð veðkröfu eða hámark þeirrar kröfu, sem veðið skal tryggja, sé tilgreint í skjali því sem stofnar til veðréttarins.

2. Fjárhæð veðkröfu skv. 1. mgr. skal tilgreind í íslenskum krónum, erlendri mynt eða reiknieiningu sem hefur skráð gengi í íslenskum bönkum og sparisjóðum eða reiknieiningu sem tekur mið af skráðu gengi erlendra gjaldmiðla.

3. Heimilt er í veðbréfi að binda fjárhæðir við hækkun samkvæmt vísitölu eða gengi, enda sé það tilgreint í bréfinu sjálfu og þar komi fram tegund og grunntala verðtryggingar.

5. gr.

Sérreglur um kröfur varðandi kostnað, vexti o.fl.

Eftirtaldar kröfur eru tryggðar með aðalkröfunni nema annað leiði af samningi þeim sem til veðréttarins stofnaði:

a. kostnaður sem veðhafi hefur af innheimtu veðkröfu,
b. vextir af skuld sem fallið hafa í gjalddaga á einu ári áður en beiðni um nauðungarsölu veðsettrar eignar var sett fram,
c. krafa sem er þannig til komin að veðhafi hefur samkvæmt heimild í veðbréfi greitt iðgjöld brunatryggingar eða annarrar skaðatryggingar af hinni veðsettu eign og um er að ræða iðgjald sem fallið hefur í gjalddaga á því tímamarki sem um ræðir í b-lið hér að framan.

6. gr.

Um töku arðs af veði.

1. Þegar um sjálfsvörsluveð er að ræða á veðsali rétt til þess að hirða arð af veðinu.

2. Sá sem á veðrétt í viðskiptabréfum, innlausnarbréfum eða almennum fjárkröfum getur krafið um og móttekið vexti, arð og afborganir sem falla til á gildistíma veðsetningarinnar. Fjárhæðum þeim, sem veðhafi þannig veitir viðtöku, getur hann ráðstafað til fullnustu gjaldfallinna vaxta af veðkröfunni og gjaldfallinna hluta höfuðstóls kröfunnar. Það sem umfram er getur eigandi (veðsali) krafist að fá greitt hjá veðhafa. Ef innleysa þarf veðsett skjal eða kröfu má veðhafi veita viðtöku og halda hjá sér innlausnarfjárhæðinni, að því marki sem slíkt er nauðsynlegt, þar með talið til tryggingar ógjaldföllnum hlutum veðkröfunnar. Ef hlutafé í hlutafélagi er hækkað með útgáfu jöfnunarhlutabréfa nær veðréttur í hlutabréfum einnig til hins hækkaða hlutafjár, nema um annað sé samið í veðbréfi.

7. gr.

Afnotaréttur, viðhalds- og vátryggingarskylda.

1. Þegar um sjálfsvörsluveð er að ræða hefur veðsali heimild til þess að hagnýta sér veðið með venjubundnum hætti nema um annað hafi verið samið, aðfararreglur leiði til annarrar niðurstöðu eða takmarkanir séu á því gerðar í öðrum lögum.

2. Sjálfsvörsluveðhafi er skyldur til þess að annast um veðið og halda því við á þann hátt að tryggingarréttindi veðhafa skerðist ekki.

3. Ef handveðsett lausafé er afhent veðhafa er hann skyldur til þess að annast um veðið og hafa eftirlit með því á þann hátt sem nauðsyn krefur hverju sinni. Hann hefur ekki heimild til þess að hagnýta sér veðið í eigin þágu nema um slík afnot hafi verið samið sérstaklega eða slík afnot séu heimil á öðrum grundvelli.

4. Þegar um er að ræða samningsveð í fasteignum, skipum og loftförum, rekstrartækjum eða vörubirgðum er veðsali skyldur til að vátryggja veðið vegna brunatjóns og annars skaða á þann hátt sem lög áskilja eða venja er til.

8. gr.

Áhætta og ábyrgð vegna tjóns á hinu veðsetta.

1. Ef veðið eyðileggst eða skemmist af tilviljun ber eigandinn sitt tjón og veðtrygging veðhafa skerðist að sama skapi.

2. Eigandi og veðhafi eru skaðabótaskyldir hvor gagnvart öðrum samkvæmt almennum skaðabótareglum eða á sérstökum grundvelli.

9. gr.

Um eindögun veðkröfu.

1. Þótt eigi sé kominn gjalddagi kröfu getur veðhafi krafist eindögunar kröfu sinnar í eftirgreindum tilvikum:

a. þegar skylda til greiðslu vaxta og afborgana hefur verið vanefnd verulega,
b. þegar ákveðin hefur verið nauðungarsala á hinu veðsetta,
c. þegar bú skuldara eða eiganda veðs er tekið til gjaldþrotaskipta,
d. þegar eigandi eða veðsali misnotar í verulegum atriðum umráðarétt sinn yfir veðinu eða vanefnir með öðrum hætti verulega skyldur sínar skv. 7. gr. laga þessara,
e. þegar veðið eyðileggst eða skemmist af tilviljun og það leiðir til þess að veðtryggingin skerðist verulega,
f. þegar veðið er selt, enda hafi veðhafi áskilið sér heimild til eindögunar í veðbréfi.

2. Áður en eindögunar verður krafist skv. d-lið 1. mgr. skal veðhafi með hæfilegum fresti gera eiganda eða veðsala viðvart og gefa þeim kost á að efna skyldur sínar réttilega, nema því aðeins að frestur geti leitt til tjóns.

3. Ef ákvæði í veðsamningi heimilar eindögun veðskuldar í öðrum tilvikum en þeim sem greind eru í 1. mgr. er heimilt að víkja slíku ákvæði til hliðar í heild eða að hluta eða breyta því ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera það fyrir sig.

10. gr.

Framsal og veðsetning á veðrétti.

1. Gagnvart eiganda (veðsala) getur veðhafi framselt veðrétt sinn og sett hann að veði, framveðsett, nema um annað hafi verið samið eða slíkar takmarkanir megi leiða af atvikum.

2. Ef krafa sú, sem tryggja skal, verður ekki framseld gildir hið sama um veðréttinn til tryggingar kröfunni.

3. Framsalshafi eða framveðhafi öðlast ekki meiri rétt gagnvart veðsala en veðhafi sjálfur átti nema annað leiði af traustfangsreglum.

11. gr.

Framsal á veðinu.

1. Veðréttur er því eigi til fyrirstöðu að hinu veðsetta (veðandlaginu) sé afsalað nema annað leiði af samningi eða ákvæðum laga. Sérstakt afsal á hlutum veðandlagsins eða á fylgifé þess er aðeins heimilt með samþykki veðhafa nema slíkt afsal skerði ekki tryggingarréttindi veðhafa.

2. Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um aðrar ráðstafanir með löggerningi en afsal.

12. gr.

Sameiginlegt veð.

1. Þegar tvö eða fleiri sjálfstæð fjárverðmæti í eigu sama eiganda eða fleiri eigenda standa til fullnustu sömu veðkröfu á veðhafi rétt til þess að leita fullnustu í því veðandlagi eða þeim veðandlögum, sem hann sjálfur kýs, til fullnustu allrar kröfunnar nema um annað hafi verið samið eða takmarkanir séu á því gerðar í lögum.

2. Ef veðhafi hefur fengið fullnustu í einu veðandlaginu fyrir stærri hluta veðkröfunnar en þeim sem samkvæmt réttarsambandinu milli aðila skyldi falla á það veðandlag eiga aðrir veðhafar í því veðandlagi, og eftir atvikum eigandinn sjálfur, rétt til þess að ganga inn í veðréttinn í öðrum veðandlögum fyrir því sem umfram er.

13. gr.

Um sambandið milli fleiri veðrétta.

Þegar tveir eða fleiri eiga veðrétt í sama fjárverðmæti gengur eldri réttur fyrir yngri rétti nema annað leiði af samningi eða reglum er áskilja tilteknar tryggingaráðstafanir til verndar rétti.

14. gr.

Útlausn.

1. Þegar veðhafi hefur sett fram beiðni um nauðungarsölu geta aðrir veðhafar krafist þess að fá að leysa til sín veðrétt hans gegn greiðslu veðkröfunnar allrar í reiðufé.

2. Ef fleiri veðhafar en einn vilja neyta útlausnarréttar gengur sá fyrir sem fremstur er í forgangsröð. Síðari veðhafi getur ekki krafist þess að fá að leysa til sín veðrétt fyrri veðhafa ef fyrri veðhafi vill beita útlausnarrétti gagnvart síðari veðhafa.

II. KAFLI

Um samningsveð í fasteignum.

15. gr.

Það sem veðsett verður.

1. Eignarréttur yfir fasteign, sérstök réttindi yfir fasteign og eignarhlutdeild í fasteign verða veðsett eftir reglum þessa kafla.

2. Nú er skipting fasteignar háð samþykki tiltekins stjórnvalds og verður afmarkaður hluti fasteignarinnar þá ekki veðsettur sérstaklega fyrr en viðkomandi stjórnvald hefur veitt samþykki til skiptingar eignarinnar.

16. gr.

Afmörkun veðréttar í fasteign.

1. Ef annað leiðir ekki af samningi nær veðréttur í fasteign til:

a. lands eða lóðar,
Í þriðja lagi eru reglurnar um réttarvernd vörureikningsveðs ólíkar þeim reglum, sem almennt gilda um réttarvernd almennra fjárkrafna samkvæmt frumvarpinu. Samkvæmt 46. gr. nægir það til réttarverndar, þegar um almennar fjárkröfur er að ræða, að skuldara sé tilkynnt um veðsetninguna, en í 47. gr. er á því byggt, að þinglýsa þurfi vörureikningsveði í lausafjárbók svo það öðlist réttarvernd gagnvart þriðja manni. Tilkynning nægir því ekki til þess að skapa veðréttinum réttarvernd gagnvart þriðja manni, þótt tilkynning sé hins vegar nauðsynleg til þess að tryggja, að krafan sé gerð upp við veðhafa/framsalshafa (t.d. fjármögnunarfyrirtæki) en ekki við rekstraraðilann (kröfuhafann). Áskilnaðurinn um þinglýsingu styðst m.a. við þau rök, að vörureikningsveð er veð í heildarsafni muna, þ.e. vörureikningum veðsala eins og þeir eru á hverjum tíma með þeirri takmörkun einni, að veðsali getur takmarkað gildissvið veðsamningsins við aðgreindan hluta rekstrarins. Þykir þetta því öruggari tryggingarráðstöfun en tilkynning til skuldara.

Það eru eins og áður segir einungis rekstraraðilar, sem geta gert samninga skv. 47. gr. frumvarpsins. Í 2. mgr. 47. gr. kemur fram sú regla, að skuldari samkvæmt vörureikningi leysist undan greiðsluskyldu sinni með greiðslu til kröfuhafa, ef hann hefur ekki fengið tilkynningu um annan viðtakanda greiðslu. Þykir regla þessi eðlileg af tilliti til hagsmuna skuldara. Þá er tilkynning eins og áður segir nauðsynleg til þess að stýra greiðslum til veðhafa.

Veðsamningur öðlast réttarvernd gagnvart þriðja manni við þinglýsingu á blað réttsala í lausafjárbók. Meginreglan er sú, að réttur samkvæmt þinglýstum vörureikningsveðsamningi gengur framar yngri réttindum, hvort heldur sem þar er um að ræða réttindi, sem stofnast hafa með samningi eða fullnustugerðum skuldheimtumanna.

Við setningu veðlaganna í Noregi árið 1980 var nokkur umræða um það, hvernig haga ætti reglum um réttarvernd vörureikningsveðs gagnvart veði í einstökum kröfum, sem tilheyra heildarkröfum rekstraraðila. Í tillögum nefndar þeirrar, er samdi upphaflegt frumvarp til veðlaga (Sivillovbokutvalget), var við það miðað, að þinglýst vörureikningsveð gengi framar veði í einstökum kröfum, ef vörureikningsveðsamningnum hefði verið þinglýst, áður en skuldari fékk tilkynningu um veðsetningu umræddrar kröfu. (Om Pant, Raadsegn 8, Bergen 1970, bls. 108.)

Í frumvarpi norska dómsmálaráðuneytisins til veðlaga, sem lagt var fram á Stórþinginu 1977–78, sbr. Ot. prp. nr. 39 Om Pantelov, var á annarri reglu byggt en þeirri, sem „Sivillovbokutvalget" lagði til. Þar var við það miðað, að þótt vörureikningsveðsamningi hefði verið þinglýst, viki réttur samkvæmt samningnum ávallt fyrir rétti grandlauss þriðja manns yfir tiltekinni kröfu, sem tilheyrði heildarkröfum rekstraraðilans, að því tilskildu að þriðji maður hefði aflað veðrétti sínum í kröfunni réttarverndar með þeim hætti, sem segir í 48. gr., þ.e. með tilkynningu til skuldara. Var frumvarpið þannig samþykkt, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 4.–10. gr. í norsku lögunum. Er þá ekki talið skipta máli, hvort til veðréttarins hefur verið stofnað fyrir eða eftir þinglýsingu vörureikningsveðsamnings-

ins, og ekki er gerður greinarmunur eftir því, hvort veðsali og skuldari eru í góðri trú eða ekki. Styðst reglan við þau rök, að veðhafi (framsalshafi) samkvæmt vörureikningsveðsamningi eigi þess jafnan kost að koma í veg fyrir réttindaárekstur af þessu tagi með því að stimpla vörureikninginn, áður en hann er sendur skuldara, og öðlist vörureikningsveðhafi (factor) þá réttarvernd frá því tímamarki, er skuldari móttekur vörureikninginn (faktura), sjá nánar Ot. prp. nr. 39, 1977–78, bls. 133.

Fyrirkomulag það, sem valið var í Noregi og að framan er lýst, þykir ekki alls kostar heppilegt. Í fyrsta lagi er þess að geta, að þegar einstakar kröfur eru framseldar eða veðsettar eftir stofnun vörureikningsveðs, hlýtur veðsali (framseljandi) yfirleitt að vera í vondri trú. Í öðru lagi felst í reglu þessari frávik frá þeirri meginreglu, sem gildir um framsal almennra krafna, að framsalshafi öðlist ekki meiri rétt en framseljandi átti. Í þriðja lagi er staða skuldara að ýmsu leyti gerð erfið, því hann fær tilkynningu um veðsetningu tiltekinnar kröfu, sem hann áður hefur fengið fyrirmæli um, að hann skuli gera upp við fjármögnunaraðilann (factor), en á skuldara er á hinn bóginn ekki lögð tilkynningarskylda af þessu tilefni. Í fjórða lagi leiðir það af þessu fyrirkomulagi norsku laganna, að vörureikningsveðhafi verður í raun að viðhafa tvenns konar tryggingarráðstafanir til verndar rétti sínum gagnvart þriðja manni, þ.e. annars vegar þinglýsingu og hins vegar tilkynningu til skuldara. Með þessi rök í huga þykir heppilegra að miða við það í frumvarpi þessu, að þinglýsing nægi í öllum tilvikum til þess að vernda rétt vörureikningsveðhafa gagnvart síðar stofnuðum réttindum yfir einstökum kröfum.

Ekki þykir ástæða til þess að kveða sérstaklega á um ráðstöfunarrétt yfir kröfum þeim, sem hafa verið veðsettar skv. 47. gr. Það er fyrst og fremst sammningur aðila sem kveður á um réttarstöðuna að þessu leyti.

Almennt um V. kafla.

Í V. kafla frumvarpsins er fjallað um gildistöku, brottfallin lög og framkvæmd laganna.

Samkvæmt 1. mgr. 48. gr. er við það miðað að lögin öðlist gildi 1. júlí 1996. Eiga lögin þá við um þá veðsamninga, sem til er stofnað eftir gildistöku laganna. Um samninga þá, sem til er stofnað fyrir gildisöku laganna, gilda hins vegar ákvæði eldri laga.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi veðlögin frá 1887. Einnig falla úr gildi lög nr. 23/1901, um forgangsrétt veðhafa fyrir vöxtum, en regla b-liðar 5. gr. frumvarpsins kemur í stað þeirra laga. Þá falla og úr gildi lög nr. 47/1972, um veðtryggingu iðnrekstrarlána.

Í 3. mgr. 48. gr. er tekið af skarið um það, að framkvæmd laga þessara heyri undir dómsmálaráðherra. Til þess liggja þau rök, að almennar efnisreglur um samningsveðréttindi tengjast þinglýsingarreglum og réttarfarsreglum um aðför og nauðungarsölu, en framkvæmd hinna þriggja síðastnefndu laga heyrir undir dómsmálaráðherra. Er því eðlilegt að framkvæmd allra þessara laga sé á einni og sömu hendinni.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um samningsveð.

Tilgangurinn með frumvarpi þessu er að sameina ýmis ákvæði íslenskrar löggjafar um samningsveð og að aðlaga íslensk veðlög nútímaatvinnu- og viðskiptaháttum. Ekki verður séð að frumvarpið leiði til kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

511. Fyrirspurn [275. mál]

til dómsmálaráðherra um beiðnir um fjárnám hjá ábyrgðarmönnum fjárskuldbindinga.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hversu margar fjárnámsbeiðnir hafa verið teknar til meðferðar hjá sýslumannsembættum árlega sl. þrjú ár þar sem ábyrgðarmenn skuldabréfa eða útgefendur víxla og ábekingar eru gerðarþolar?
2. Hversu hátt hlutfall eru þær af heildarfjölda fjárnámsbeiðna?

Skriflegt svar óskast.

512. Fyrirspurn [276. mál]

til viðskiptaráðherra um vanskil einstaklinga við innlánsstofnanir.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve mikil voru þriggja mánaða vanskil og eldri hjá einstaklingum við innlánsstofnanir sl. þrjú ár, sundurliðuð eftir árum, fjölda einstaklinga og útlánaflokkum? Hve hátt hlutfall voru þessi vanskil af heildarútlánum til einstaklinga?
2. Hve háar voru hvers kyns þóknanir, álag, kostnaður, þar með talinn lögfræðikostnaður, og dráttarvextir vegna þessara vanskila, sundurliðað eftir árum og kostnaðarþáttum?

Skriflegt svar óskast.

513. Fyrirspurn [277. mál]

til fjármálaráðherra um gjaldtöku og skattlagningu skulda einstaklinga.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hverjar voru árlegar innheimtar tekjur ríkissjóðs sl. þrjú ár af gjaldtöku og skattlagningu skulda einstaklinga, sundurliðaðar samkvæmt eftirfarandi:

a. stimpilgjöldum af skuldabréfum og víxlum annars vegar og fjárnámsendurritum hins vegar,
b. þinglýsingargjöldum af skuldabréfum, víxlum og fjárnámsendurritum,
c. gjöldum af fjárnámi og nauðungarsölu,
d. virðisaukaskatti af gjaldtöku lögmanna hjá skuldurum í innheimtumálum?

Óskað er eftir að fram komi fjöldi gjaldenda undir hverjum staflið fyrir sig.

Skriflegt svar óskast.

514. Fyrirspurn [278. mál]

til félagsmálaráðherra um framkvæmd Íslendinga á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og sáttmála um afnám alls misréttis gegn konum.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hvaða athugasemdir gerði nefnd Sameinuðu þjóðanna við framkvæmd Íslendinga á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er fulltrúar Íslands voru kallaðir á fund hennar í Genf nú í janúar? Hvaða skýringu gáfu íslensk stjórnvöld?
2. Hvaða athugasemdir gerði nefnd Sameinuðu þjóðanna við framkvæmd Íslendinga á sáttmála Sameinuðu þjóðanna um afnám alls misréttis gegn konum er fulltrúar íslenskra stjórnvalda voru kallaðir á fund hennar nú í janúar í New York? Hvaða skýringar gáfu íslensk stjórnvöld?

Skriflegt svar óskast.

515. Fyrirspurn [279. mál]

til félagsmálaráðherra um stofnun embættis umboðsmanns jafnréttismála.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

Hver er afstaða ráðherra til stofnunar embættis umboðsmanns jafnréttismála hér á landi?

516. Tillaga til þingsályktunar [280. mál]

um miðlun upplýsinga um réttarstöðu fólks í vígðri og óvígðri sambúð.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að láta gera fræðslubækling um réttarstöðu fólks í vígðri og óvígðri sambúð.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 115. og 118. löggjafarþingi en varð ekki útrædd. Tillagan er nú endurflutt óbreytt. Svohljóðandi greinargerð fylgdi henni:

„Algengt er að upp komi vandamál í sambandi við eignalegan og fjárhagslegan rétt fólks við sambúðarslit eða andlát annars aðilans í vígðri eða óvígðri sambúð. Við slíkar aðstæður kemur oft í ljós að það sem fólk hélt að væri réttur þess er það alls ekki. Þessar ranghugmyndir, sem á lagamáli eru kallaðar lögvilla, eru sennilega tilkomnar vegna nokkurra lagaákvæða sem til eru um óvígða sambúð og snerta tryggingalög, skattalög og lög um húsaleigusamninga. Í þeim lögum er sambúðarfólki áskilinn réttur til bóta frá Tryggingastofnun hafi sambúð varað í a.m.k. tvö ár eða hafi sambúðarfólk átt barn saman. Raunveruleikinn er hins vegar sá að ef fólk í óvígðri sambúð hefur ekki gert skriflega lögformlega samninga sín á milli um eignir eða erfðaskrá getur sá sem skrifaður er fyrir eignunum farið með þær sem sína eign við sambúðarslit og ef um andlát er að ræða ganga eignir hins látna til lögerfingja hans sem er þá ekki sá sambúðaraðili sem eftir lifir. Fólki, sem býr í óvígðri sambúð, verður einna helst líkt við tvo aðila sem stofna með sér fyrirtæki, fjárfesta í fasteignum og tækjum og stofna til skulda. Þegar slíta á fyrirtækinu verður hvor um sig að sanna sitt fjárframlag og gera grein fyrir sinni skuldastöðu.

Munurinn á hjónabandi og óvígðri sambúð er í aðalatriðum þessi:

— Í óvígðri sambúð eru engar reglur um helmingaskipti eigna og skulda.
— Enginn erfðaréttur er milli sambúðarfólks.
— Enginn réttur er til setu í óskiptu búi.
— Engin gagnkvæm framfærsluskylda er fyrir hendi.

Það er ekki aðeins í sambandi við óvígða sambúð sem ranghugmyndir eða lögvilla ríkir, heldur er einnig um það að ræða varðandi réttindi í hjónabandi, einkum í sambandi við hjúskapareignir, lögskilnað og erfðamál.

Almenn er sú skoðun að engu máli skipti hvort hjóna sé skráð fyrir eignum, svo sem fasteignum og bifreið. Þetta er rangt. Hvort hjóna um sig á sínar eignir og ábyrgist sínar skuldir. Þær eignir, er einstaklingur flytur með sér í hjónaband eða eignast síðar, verða hjúskapareignir hans og standa undir hans skuldum. Þetta hefur þá þýðingu að þær eignir, sem skráðar eru á nafn annars hjóna, eru hjúskapareignir þess sama aðila. Hitt hjóna á í raun ekki þessar eignir, heldur kemur til svokölluð helmingaskiptaregla þegar um hjónaskilnað eða búskipti vegna andláts er að ræða. Málum er sem sé þannig háttað að sá sem er skráður eigandi hefur rétt til að ráðstafa eignum sínum, selja þær og veðsetja að vild, þó með þeirri mikilvægu undantekningu að samþykki maka þarf til sölu eða veðsetningar fasteigna sem fjölskyldan býr í eða notuð er við atvinnurekstur hjónanna.

Til frekari skýringa má nefna að ef hjón eiga íbúð sem þau búa ekki í eða atvinnuhúsnæði sem þau leigja öðrum og þessar eignir eru t.d. skráðar á nafn mannsins má hann selja þær eða veðsetja án þess að samþykki konunnar þurfi til.

Þá er útbreidd sú skoðun að ári eftir að gengið er frá skilnaði hjóna að borði og sæng gangi lögskilnaður sjálfkrafa fyrir sig í kerfinu. Þetta er ekki rétt. Fólk verður sjálft að afla sér prestsvottorðs aftur og ganga fyrir borgardómara eða sýslumann vegna skilnaðarins. Í framhaldi af því gefur síðan dómsmálaráðuneytið út lögskilnaðarleyfi. Ókunnugleiki um þetta getur haft alvarlegar afleiðingar.

Enn einn útbreiddur misskilningur er varðandi arf. Margir halda að börnum þeirra beri að fá arf og gengur þetta stundum svo langt að gamalt fólk þorir ekki að ganga á sparifé sitt af því að það heldur að börn þess, ef til vill miðaldra fólk í góðum efnum, eigi heimtingu á arfi. Að sjálfsögðu eru börn og eftirlifandi maki skylduerfingjar en arfur er eins konar vonarpeningar og eingöngu það sem eftir er og ekki hefur verið eytt þegar arfláti fellur frá.

Mjög margir hafa heldur ekki hugmynd um að þeim er heimilt að ráðstafa einum þriðja hluta eigna sinna með erfðaskrá. Þessum hluta er viðkomandi heimilt að ráðstafa til stofnana og einstaklinga þótt til staðar séu börn eða maki. Margir nota sér þessa heimild til að bæta við arfhluta sem eftirlifandi maki á rétt á eða til að bæta stöðu einstakra barna. Í erfðaskrá er einnig hægt að setja inn ákvæði þess efnis að þegar börn taka arf samkvæmt henni verði sá arfur séreign þeirra.

Ýmsar umtalsverðar breytingar hafa orðið á erfðalögunum á undanförnum árum, flestar til að bæta hag eftirlifandi maka og auðvelda setu í óskiptu búi. Þessar breytingar hafa greinilega farið fram hjá mörgum sem þekkja þá ekki rétt sinn þegar þessar aðstæður koma upp. Sama gildir um fólk í óvígðri sambúð. Það virðist alls ekki átta sig á réttleysi sínu við sömu aðstæður. Munurinn er aðeins sá að eftirlifandi sambúðaraðili fær að vita um réttleysi sitt, t.d. þegar þær aðstæður koma upp að óskað er eftir makalífeyri eða til kemur erfðaréttur eftirlifandi barna eða erfðaréttur hins opinbera. Réttur eftirlifandi ekkju eða ekkils getur hins vegar farið fram hjá þeim þar sem afskipti hins opinbera varða á engan hátt þann rétt.

Af framangreindu má sjá að hér er um alvarlega brotalöm að ræða sem stjórnvöldum ber að taka á. Flutningsmenn telja að það verði best gert með því að gerður verði fræðslubæklingur með upplýsingum um réttarstöðu fólks í vígðri og óvígðri sambúð. Bækling þennan ætti að afhenda fólki þegar það hefur samband við prest, borgardómara eða sýslumann vegna væntanlegs hjónabands og mætti t.d. fela Hagstofunni og/eða Tryggingastofnun ríkisins að koma honum til þeirra sem eru í óvígðri sambúð. Einnig kæmi til greina að láta hann fylgja skattskýrslum til þeirra er telja fram saman. Enn fremur mætti hugsa sér að hann yrði notaður sem námsefni í samfélagsfræði í efstu bekkjum grunnskóla og/eða framhaldsskólum. Slíkur bæklingur gæti auk þess komið að góðum notum hjá fjölskylduráðgjöf kirkjunnar. Ljóst er að til þess að fræðslubæklingurinn komi að fullum notum má hann ekki vera á of fræðilegu máli heldur auðveldur og aðgengilegur öllum. Fólki þarf að vera ljóst að ef það óskar eftir að tryggja betur réttarstöðu sína í hjónabandi eða óvígðri sambúð er hægt að gera það.“

Nýlega var bent á í greinargerð með frumvarpi til laga um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga að þörf væri á heildstæðri löggjöf um óvígða sambúð. Kvennalistakonur taka undir það sjónarmið, en engu að síður er mjög miklvægt að kynna muninn á hjónabandi og óvígðri sambúð nú þegar.

517. Frumvarp til laga [281. mál]

um sjóvarnir.

Flm.: Sturla Böðvarsson, Einar K. Guðfinnsson, Geir H. Haarde, Guðjón Guðmundsson, Egill Jónsson, Árni R. Árnason.

1. gr.

Sjóvarnir eru varnir gegn sjávarflóðum og landbroti af völdum ágangs sjávar. Byggð svæði og svæði þar sem til staðar eru dýrmæt mannvirki eða menningarminjar skulu að jafnaði njóta forgangs við gerð sjóvarna.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn mála er varða sjóvarnir en Hafnamálastofnun ríkisins með framkvæmd þeirra.

Framlög til sjóvarna ákvarðast af fjárlögum hverju sinni.

2. gr.

Samgönguráðherra skipar matsnefnd um sjóvarnir. Matsnefndin skal starfa sem sjálfstæð ráðgjafarnefnd á vegum Hafnamálastofnunar. Nefndin skal skipuð þremur fulltrúum og þremur til vara. Einn fulltrúi er skipaður án tilnefningar og er sá formaður nefndarinnar, einn fulltrúi er tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn af umhverfisráðherra. Sömu aðilar tilnefna varamann fyrir fulltrúa sinn. Hafnamálastjóri situr fundi nefndarinnar og er henni til ráðuneytis.

Þóknun til matsnefndarmanna greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Umsóknir um framlög úr ríkissjóði til sjóvarna skulu sendar Hafnamálastofnun sem sér um gerð áætlana um sjóvarnir. Í áætlunum skal meta nauðsyn framkvæmda, með hliðsjón af hættu á sjávarflóðum og landbroti af völdum ágangs sjávar, og áætlaðan kostnað. Jafnframt skal leggja mat á hagrænt gildi þeirra aðgerða sem lagðar eru til á hverju svæði og gera tillögu um flokkun framkvæmda í forgangsröð. Þá skal koma fram umsögn um fyrirkomulag framkvæmda og gerð þeirra mannvirkja sem reisa þarf við ströndina.

4. gr.

Matsnefnd um sjóvarnir fjallar um áætlanir um sjóvarnir og metur styrki til þeirra. Nefndin skal setja umsögn sína fram í skriflegu áliti.

Álit nefndarinnar skal senda hlutaðeigandi sveitarstjórn og landeigendum til umsagnar og skal þeim gefinn tiltekinn frestur til þess að gera athugasemdir. Að þeim fresti liðnum skal nefndin yfirfara málið að nýju. Á grundvelli endanlegra álita nefndarinnar skal Hafnamálastofnun síðan semja fjögurra ára áætlun um sjóvarnir sem samgönguráðherra leggur fyrir Alþingi til samþykktar.

5. gr.

Hafnamálastofnun skal við gerð fjögurra ára áætlunar, sbr. 2. mgr. 4. gr., ganga úr skugga um að landsvæði það og/eða mannvirki sem verja á, svo og varnarmannvirkin sjálf, hafi fengið meðferð samkvæmt skipulagslögum. Sé umrætt landsvæði og/eða mannvirki á óskipulögðu svæði skal liggja fyrir umsögn stofnunarinnar og framkvæmdirnar síðan undirbúnar á þann hátt sem skipulagslög segja til um.

6. gr.

Hafnamálastofnun skal sjá um tæknilegan undirbúning framkvæmda, eða fela hann verkfræðilegum ráðgjöfum, og hafa umsjón með framkvæmdum við sjóvarnir. Stofnunin skal einnig standa fyrir þeim rannsóknum sem taldar eru nauðsynlegar á þessu sviði.

Um undirbúning allan og framkvæmdir skal fara að lögum um opinberar framkvæmdir.

7. gr.

Ríkissjóður greiðir allt að ⅞ hlutum kostnaðar við undirbúning og framkvæmdir við sjóvarnir.

Landeigendur og sveitarfélög, sem hag hafa af varnaraðgerðum á landi sínu, greiða minnst ⅛ hluta og skiptist kostnaður á milli landeigenda að tiltölu við stærð þess lands og strandlengju sem verja á. Hafnamálastofnun skal gera tillögur um skiptingu kostnaðar og leggja fram til afgreiðslu hlutaðeigandi sveitarstjórna. Verði ekki samkomulag um skiptingu kostnaðar sker matsnefnd um sjóvarnir úr. Ekki er heimilt að hefja framkvæmdir fyrr en þessi skipting liggur fyrir.

Sveitarfélögin eru eigendur þeirra mannvirkja sem lögin taka til og greiða þau kostnað við viðhald vegna varnarframkvæmda, sbr. þó 8. gr.

8. gr.

Þurfi með sjóvörnum að stöðva landbrot, sem stofnar mannvirkjum í eigu ríkisins í hættu, greiðir ríkissjóður allan kostnað þótt í landi einstaklinga eða félaga sé.

9. gr.

Nú telur Hafnamálastofnun, að höfðu samráði við matsnefndina, að ekki megi draga að hefja framkvæmdir vegna yfirvofandi skemmda á landi eða mannvirkjum við ströndina sem þar hafa verið reist í samræmi við skipulag, sbr. 5. gr., og skal það þá heimilt, enda komi samþykki samgönguráðuneytis til. Slíkar framkvæmdir ganga framar áætlun um sjóvarnir.

10. gr.

Hafnamálastofnun sér um greiðslur á hlut ríkissjóðs í hverju verki fyrir hönnun, eftirlit og framkvæmdir. Hlutaðeigandi sveitarfélag er ábyrgt fyrir framlagi sveitarsjóðs og landeigenda. Það sér um innheimtu á hlut landeigenda í kostnaði við hvert verk og greiðir Hafnamálastofnun. Kostnaðarhluta landeigenda fylgir lögveð í viðkomandi landareign og þeim mannvirkjum sem á henni standa. Hafnamálastofnun hefur með höndum uppgjör við verktaka.

11. gr.

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land er þarf til sjóvarna samkvæmt lögum þessum, svo og til þess að gera brautir og vegi í því sambandi og til að leyfa að tekin verði í landi hans möl, grjót og önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti sem gerð sjóvarna hefur í för með sér, allt þó gegn því að fullar bætur komi fyrir. Nú næst ekki samkomulag og skal þá ákveða bætur með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

12. gr.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 117. og 118. þingi en er nú lagt fram að nýju nokkuð breytt.

Tilgangur.

Með frumvarpi þessu vilja flutningsmenn að sett verði löggjöf svo að koma megi fastara skipulagi á framkvæmdir við sjóvarnir og þátt ríkisins í þeim. Á fjárlögum hvers árs undanfarna áratugi hefur verið fjárveiting til sjóvarna á ýmsum stöðum á landinu. Framkvæmdin hefur verið sú að fjárlaganefnd hefur gert tillögur um fjárveitingar til einstakra staða að fengnum tillögum frá Hafnamálastofnun ríkisins. Sveitarfélög hafa áður sent skriflegar óskir til Hafnamálastofnunar og í einstöku tilvikum aðrir aðilar.

Ekki hafa verið í gildi nein lög um sjóvarnir en þrátt fyrir það hefur myndast nokkur hefð um vinnubrögð. Í langflestum tilvikum hafa sjóvarnir verið fjármagnaðar að öllu leyti með fjárveitingum ríkissjóðs þótt einstaka dæmi séu um framlög sveitarfélaga eða landeigenda. Hér er átt við kostnaðinn við sjálfa aðalvörnina en mörg dæmi eru um að sveitarfélög hafi séð um uppgræðslu innan eða ofan við grjótvörnina. Sjóvarnir hafa verið unnar undir tæknilegu og fjárhagslegu eftirliti Hafnamálastofnunar ríkisins. Helstu vandkvæðin hafa e.t.v. verið að samræma aðgerðir á ýmsum stöðum á landinu þar sem óskað hefur verið eftir sjóvörnum. Hafnamálastofnun hefur brugðist við óskum um framkvæmdir með því að flokka viðkomandi verk í forgangsröð og meta hvað er í húfi og þau verðmæti sem á að verja og hefur stofnunin látið semja skýrslur um nokkra hluta strandlengjunnar.

Með *sjóvörnum* er átt við varnir gegn sjávarflóðum og landbroti af völdum ágangs sjávar. Landbrot er eyðing lands af völdum sjávar hvort sem um er að ræða brot úr bökkum eða ágang á sandströnd. Sums staðar stendur byggð svo lágt að hætta er á sjávarflóðum og getur þá þurft flóðavarnir.

Stór tjón hafa orðið á síðustu árum beggja vegna Atlantshafsins af völdum sjávarflóða í ofviðrum. Vísindamenn telja að tíðni stórflóða hafi aukist, m.a. af völdum veðurfarsbreytinga, þ.e. dýpri lægða og meiri ölduhæðar og breytinga á öldustefnu. Mælst hefur aukið landbrot síðustu ár í nágrannalöndum okkar og einnig hérlendis.

Vegna kenninga um hækkun sjávarborðs af völdum hlýnandi loftslags samfara svonefndum gróðurhúsaáhrifum fer nú fram alþjóðlegt samstarf á vegum Sameinuðu þjóðanna um reglusetningu og aðgerðir til að bregðast við þeim vanda.

Athygli hefur vakið að meiri hluti landeyðingar á austurströnd Bandaríkjanna er talinn vera af mannavöldum, þ.e. stafa af mannvirkjum við ströndina, einkum af hafnargerð og varnargörðum innsiglinga en einnig af sjóvörnum og eru tjónþolar oft næstu nágrannar á viðkomandi strönd sem njóta ekki lengur sandburðar með hafstraumum.

Þótt þessi vandamál séu í minni mæli hérlendis er ekki hægt að loka augunum fyrir þeim. Þannig hefur sums staðar við suðurströnd landsins orðið vart aukins landbrots.

Stjórn sjóvarnamála og vinnubrögð.

Samgönguráðherra fer með mál er varða sjóvarnir samkvæmt frumvarpinu en Hafnamálastofnun með framkvæmd þeirra og sér hún um tæknilegan undirbúning og tækni- og fjárhagslegt eftirlit með framkvæmdum. Á vegum Hafnamálastofnunar skal starfa sjálfstæð matsnefnd um sjóvarnir. Hún skal gera tillögur um framkvæmdir, fjalla um áætlanir Hafnamálastofnunar, meta hagrænt gildi sjóvarna sem óskað er eftir, gera tillögur um flokkun framkvæmda í forgangsröð og meta styrki til þeirra. Hafnamálastofnun getur að höfðu samráði við matsnefndina gert tillögur um tafarlausar aðgerðir, t.d. eftir flóðatjón. Stofnunin sér síðan um gerð fjögurra ára áætlunar um sjóvarnir á grundvelli endanlegra álita matsnefndar sem áður hafa verið kynnt hlutaðeigandi landeigendum og sveitarfélögum.

Skipting kostnaðar við sjóvarnir.

Hér er gert ráð fyrir þeirri almennu reglu að ríkissjóður greiði allt að ⅞ hlutum kostnaðar en sveitarfélög og viðkomandi landeigendur, sem hagræði hafa af sjóvörnum fyrir landi sínu, greiði minnst ⅛ hluta. Hér er um að ræða mikilvæga breytingu frá því sem verið hefur þar sem ríkissjóður hefur í flestum tilvikum staðið undir öllum kostnaði við sjóvarnir. Með því er sveitarstjórn eða landeigendur gerð ábyrg fyrir hluta framkvæmdarinnar og hafa því meiri rétt til að hafa áhrif á undirbúning og áætlanir sem nauðsynlegar eru. Gera má ráð fyrir að sveitarsjóður muni oftast greiða hluta heimaframlags, e.t.v. helming eða 1/16 hluta heildarkostnaðar, og væri það framlag fyrir heildina, og landeigendur hinn helminginn. Oft eru sveitarsjóðir líka eigendur lands eða lóða við ströndina. Miðað við þær sjóvarnir, sem gerðar hafa verið á undanförnum árum, má þá búast við að kostnaðarhluti landeigenda geti numið 10.000–100.000 kr. fyrir venjulega lóð en meira fyrir stærri lóðir. Í einstökum tilfellum gætu þær þó orðið svo dýrar að kostnaðarhluti landeiganda (og sveitarfélaga) yrði miklu meiri og gæti þá þurft fyrirgreiðslu með lánum eða jafnvel eins konar byggðastyrk. Dæmi um slík viðfangsefni eru sjóvarnir við Hornafjarðarós.

Í vissum tilvikum getur komið til greina að landeigandi eða hagsmunaaðili greiði hærra framlag, t.d. ⅞ hluta eða 50%.

Framangreint á að sjálfsögðu við framkvæmdir sem metnar yrðu styrkhæfar en gera má ráð fyrir að sumar framkvæmdir verði ekki metnar styrkhæfar, t.d. ef í ljós kemur í hagrænu mati að framkvæmdakostnaður er mun meiri en hagræðið af sjóvörninni.

Hugsanlegt væri að tengja flokkun eða forgangsröðun fyrirhugaðra sjóvarna við styrkhlutfall ríkissjóðs.

Mannvirki sem verja á séu samkvæmt staðfestu skipulagi.

Með frumvarpinu eru tekin af tvímæli um að skilyrði fyrir ríkisframlagi til sjóvarna sé að mannvirki eða byggðarsvæði séu samkvæmt skipulagslögum. Þar sem dæmi eru um að koma þurfi upp sjóvörnum utan samþykkts skipulags er ákvæði um að fyrir liggi umsögn Hafnamálastofnunar og framkvæmdir síðan undirbúnar í samræmi við skipulagslög. Þá er rétt að taka fram að hægt er að draga úr hættu á tjóni af sjávargangi með því að skipuleggja strandbyggð t.d. þannig að hún sé í tiltekinni lágmarksfjarlægð frá sjó. Auðvitað er hugsanlegt að atvinnurekstur krefjist meiri nýtingar lands út að sjó og þá vaknar spurningin um hver á að bera kostnaðinn sem af því hlýst.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni eru sjóvarnir skilgreindar og sérstaklega kveðið á um hvaða svæði skuli njóta forgangs við gerð sjóvarna. Ljóst er að ekki fæst nægileg fjárveiting á ári hverju til þess að standa straum af gerð varna á öllu landinu vegna sjávarflóða og landbrots og til fyrirbyggjandi aðgerða. Því er nauðsynlegt að kveða á um hvaða svæði skuli að jafnaði njóta forgangs.

Um 2. gr.

Samkvæmt þessari grein skal starfa þriggja manna sjálfstæð ráðgjafarnefnd á vegum Hafnamálastofnunar. Þóknun nefndarmanna greiðist úr ríkissjóði. Hafnamálastjóri situr fundi nefndarinnar og er henni til ráðuneytis. Eðlilegt er að í nefndinni sitji fulltrúi sveitarfélaganna og fulltrúi umhverfisráðherra sem fer með skipulagsmálefni.

Um 3. gr.

Umsóknir um framlög úr ríkissjóði til sjóvarna skulu sendar til Hafnamálastofnunar sem gerir áætlanir um sjóvarnir. Stofnunin skal í áætlunum sínum meta nauðsyn framkvæmda, semja umsögn um fyrirkomulag og meta hversu mikinn kostnað framkvæmdir geti haft í för með sér. Þá skal stofnunin meta hagrænt gildi framkvæmda og flokka þær í forgangsröð.

Hingað til hafa umsóknir til Hafnamálastofnunar yfirleitt komið frá sveitarfélögum. Hafnamálastofnun hefur farið yfir þessar umsóknir og metið þær. Einnig hefur Hafnamálastofnun látið gera athuganir og áætlanir um sjóvarnir á ýmsum svæðum með tillögum um flokkun framkvæmda. Með þeirri verkaskiptingu milli stofnunarinnar og matsnefndar, sem lögð er til í frumvarpinu, er því áfram gert ráð fyrir að Hafnamálastofnun sjái um áætlanagerð.

Um 4. gr.

Hlutverk matsnefndar er að fjalla um þær áætlanir sem Hafnamálastofnun vinnur eða lætur vinna og meta styrkhæfni umbeðinna framkvæmda, m.a. með tilliti til skipulagsmála. Nefndin gerir tillögur um framlög ríkissjóðs til einstakra verka. Álit nefndarinnar skal senda til umsagnar hlutaðeigandi sveitarfélaga og landeigenda og skal veita þeim tiltekinn frest til að gefa umsögn eða gera athugasemdir. Hafnamálastofnun skal síðan semja fjögurra ára áætlun um sjóvarnir sem lögð er fyrir Alþingi til samþykktar.

Um 5. gr.

Við gerð fjögurra ára áætlunar skal Hafnamálastofnun ganga úr skugga um að þau svæði, þar sem gerð sjóvarna skal fara fram, séu skipulögð svæði og að mannvirki, sem á að verja, hafi verið reist með leyfi hlutaðeigandi yfirvalda. Sé landsvæðið, sem verja á, ekki innan staðfests/samþykkts skipulags skal liggja fyrir umsögn Hafnamálastofnunar um að nauðsynlegt sé að verja þetta land. Framkvæmdum skal síðan hagað í samræmi við skipulagslög.

Um 6. gr.

Hér er kveðið á um að tæknilegur undirbúningur framkvæmda sé á vegum Hafnamálastofnunar, hvort sem stofnunin felur starfsmönnum sínum hann eða verkfræðilegum ráðgjöfum. Ekki verði ráðist í framkvæmdir nema fyrir liggi áætlun um fyrirkomulag þeirra og gerð sjóvarnanna. Þá eru ákvæði um að Hafnamálastofnun skuli standa fyrir rannsóknum sem taldar eru nauðsynlegar og afla sér sérhæfðra starfskrafta.

Um 7. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skiptingu kostnaðar. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður greiði allt að ⅞ hlutum kostnaðar en landeigendur og hlutaðeigandi sveitarfélög minnst ⅛ hluta. Gera má ráð fyrir að „heimaframlög" komi að hluta beint frá sveitarsjóði og að hluta frá hlutaðeigandi landeigendum. Ekki er kveðið á um skiptinguna á milli þessara aðila, sveitarsjóðs annars vegar og allra viðkomandi landeigenda hins vegar, en gera má ráð fyrir að að sveitarstjórn geri tillögur um hana.

Kostnaður skiptist milli hlutaðeigandi landeigenda sem land eiga að sjó og fyrirhuguðum sjóvörnum í hlutfalli við stærð lands og strandlengd hvers landeiganda og gerir Hafnamálastofnun tillögur um þessa skiptingu sem lögð er fram til afgreiðslu hjá viðkomandi sveitarstjórn. Skipting kostnaðar milli landeigenda innbyrðis og hlutur sveitarsjóðs skal liggja fyrir áður en framkvæmdir hefjast.

Matsnefnd gerir tillögur um framlög ríkisins, annars vegar fjárhæð og hins vegar hlutfallsskiptingu kostnaðar milli ríkisins og „heimaaðila", þ.e. sveitarsjóðs og allra hlutaðeigandi landeigenda.

Um 8. gr.

Hér er átt við að landeigandi, þar sem t.d. er viti eða vegur liggur um strönd, verður ekki gerður ábyrgur fyrir að kosta sjóvörn fyrir viðkomandi mannvirki ef hætta er á að landbrot vegna ágangs sjávar ógni umræddu opinberu mannvirki. Það er þá ríkissjóðs eða viðkomandi ríkisstofnunar að standa straum af kostnaði.

Um 9. gr.

Þessi grein á við þegar t.d. hefur orðið tjón vegna sjávarflóðs og aðgerðir þola enga bið. Hafnamálastofnun getur þá, að höfðu samráði við matsnefnd, haft forgöngu um að ráðist verði í varnaraðgerðir.

Um 10. gr.

Hafnamálastofnun skal sjá um greiðslur á hlut ríkissjóðs fyrir alla þætti framkvæmdar. Sveitarsjóður ber hins vegar ábyrgð á greiðslu síns kostnaðarhluta og hluta landeigenda til Hafnamálastofnunar. Kostnaðarhluta landeigenda fylgir lögveð í viðkomandi landareign og þeim mannvirkjum sem á henni standa.

Um 11. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði eignarnámsákvæði sambærilegt því sem er að finna í núgildandi hafnalögum, nr. 23/1994. Kveðið er á um skyldur landeigenda til að láta af hendi mannvirki og/eða land sem til þarf vegna sjóvarna og komi fullar bætur fyrir. Ef ekki næst samkomulag um greiðslu bótafjárhæðar skal hins vegar ákveða bætur með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

Um 12. og 13. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Skrá yfir þá 42 staði sem fengið hafa fjárveitingu til sjóvarnargarða undanfarin 19 ár (1976–94).

Vík	Rannsóknir (1993–94)
Vestmannaeyjar	Eiðið
Stokkseyri	
Eyrarbakki	
Ölfushreppur/Þorlákshöfn	
Ölfushreppur/Selvogur	M.a. Strandarkirkja
Grindavík	
Hafnir	
Sandgerði	
Gerðahreppur	Garðskagi og Garðskagaviti
Njarðvík	
Vogar/Vatnsleysuströnd	
Hafnarfjörður	Aðallega Hvaleyrargrandi og Hvaleyrarhöfði
Bessastaðahreppur	
Seltjarnarnes	
Kjalarnes	Saurbær (forn kirkjugarður)
Innri-Akraneshreppur	
Akranes	Stór verk: Ægisbrautargarður eftir flóðatjónið 1984 og nú Jaðarsbakkar
Rif	
Ólafsvík	
Búðardalur	
Patreksfjörður	
Flateyri	Norðurkambur eyrarinnar
Suðureyri	Sjávarflóð af völdum snjóflóða á Norðureyri
Bolungarvík	
Ísafjörður	Bæði Ísafjörður og Hnífsdalur
V-Húnavatnssýsla/Reykir	Byggðasafnið (fyrst 1994)
Blönduós	
Skagaströnd	
Sauðárkrókur	
Siglufjörður	
Dalvík	
Hrísey	
Árskógshreppur	
Hjalteyri (Arnarneshreppur)	
Svalbarðsstrandarhreppur	(Fyrst 1994)
Húsavík	
Þórshöfn	
Bakkafjörður	
Borgarfjarðarhreppur	(Fyrst 1994)
Fáskrúðsfjörður	Smávegis vörn utan á Mjóeyri (viti)
Höfn	Aðallega Suðurfjörutangi

Fylgiskjal II.

Lausleg athugun á kostnaði landeigenda.

Miðað er við heimaframlag, ⅛ hluta, og að helmingur af því komi frá sveitarsjóði sem framlag fyrir heildina. Sveitarsjóður er einnig oftast eigandi lóða við ströndina.

1. **Stokkseyri:** Voldugur sjóvarnargarður frá 1990–91: Frá kirkjugarði og austur undir sumarbústaði, 760 m.
   Fjöldi lóða: um 22.
   Framkvæmdakostnaður: 28,7 m.kr. á verðlagi í janúar 1994.
   28.700 x 0,0625 x (1/22) = 81.500 kr. á lóð.
2. **Eyrarbakki:** Voldugur sjóvarnargarður frá vesturenda frystihúss og austur fyrir barnaskólalóð, 1.000 m.
   Fjöldi lóða: um 30.
   Framkvæmdakostnaður: 33,1 m.kr. á verðlagi í janúar 1994.
   33.100 x 0,0625 x (1/30) = 69.000 kr. á lóð.
3. **Almennt-ódýrari vörn:** 5–10 m^3/m x 30 m x 1.000 kr./m^3 = 150–300.000 kr. á lóð.
   150–300.000 x 0,0625 = 9.375 – 18.750 kr. á lóð.

Niðurstaða: Samkvæmt þessu gæti landeigendahlutinn að meðaltali numið 10.000–100.000 kr. á lóð.

Þetta gildir fyrir einbýlishús og gert er ráð fyrir því að eigendur baklóða taki ekki þátt í kostnaði.

Fylgiskjal III.



Bakkavörn við Baugsstaði í Stokkseyrarhreppi



Flóðavörn vestan til á Eyrarbakka

A = ÖLDUVÖRN (2-6 TONN)

B = FLÓÐAVÖRN (0,5-2 TONN)

C = SPRENGDUR KJARNI

D = GRÓÐURLAG

518. Svar [162. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndals um lán ríkissjóðs í Bretlandi 1981.

1. *Hver eru lánskjör á láni ríkissjóðs sem tekið var í Bretlandi 1981, upphæð, vextir, lánstími, afborganir og vaxtagreiðslur? Óskað er eftir sömu upplýsingum um síðari viðauka við lánið.*

Samkvæmt útgáfusamningi, dags. 14. janúar 1981, milli ríkissjóðs og Hambros-banka í Lundúnum voru gefin út skuldabréf ríkissjóðs á Bretlandsmarkaði að fjárhæð 15 milljónir sterlingspunda. Útgáfugengi bréfanna var 96%. Vextir bréfanna eru 14,5% á ári. Bréfin greiðast upp í einu lagi 31. janúar 2016. Vextir greiðast tvisvar á ári.

Samningur um síðari viðauka við lánið er dags. 24. maí 1983. Samkvæmt samningnum var gefinn út nýr flokkur skuldabréfa ríkissjóðs að fjárhæð 15 milljónir sterlingspunda. Útgáfugengi bréfa í þessum flokki var 101,25%. Kjör bréfanna eru að öðru leyti hin sömu og í skuldabréfaflokknum frá 1981. Vaxtagreiðsludagar í báðum skuldabréfaflokkum eru 31. janúar og 31. júlí og greiðast 2.175.000 sterlingspund í vexti á hvorum vaxtagreiðsludegi.

Af andvirði lánsins voru endurlánaðar til innlendra aðila um 12,7 milljónir sterlingspunda, þar af eru enn þá útistandandi sem skuld við ríkissjóð um 6,6 milljónir sterlingspunda. Umrætt lán að fjárhæð 30 milljónir sterlingspunda svarar til um 2,4% af heildarfjárhæð erlendra lána ríkissjóðs miðað við gengi 1. nóvember 1995.

2. *Er heimilt að greiða aukalega afborgun af láninu?*

Samkvæmt útgáfusamningnum greiðist lánið upp í einu lagi 31. janúar 2016 og gerir samningurinn ekki ráð fyrir aukaafborgunum á lánstímanum. Heimilt er útgefanda þó að kaupa bréf í kauphöllinni í Lundúnum. Jafnframt er útgefanda heimilt að gera öllum eigendum bréfanna í senn tilboð um endurkaup. Enn fremur er útgefanda heimilt að ganga til samninga við einstaka eigendur skuldabréfa um kaup á bréfum að því tilskildu að kaupverð bréfa samkvæmt slíkum samningi fari eigi meira en 10% fram úr skráðu gengi í kauphöllinni í Lundúnum.

3. *Hvert væri markaðsverðið ef ríkissjóður hygðist kaupa skuldabréfin til baka?*

Skráð viðskipti með umrædd skuldbréf á árinu 1995 samkvæmt upplýsingum kauphallarinnar í Lundúnum, viðskiptavaka bréfanna, og umsjónarbanka útgáfunnar eru eins og sýnt er í eftirfarandi yfirliti.

Síðustu skráð viðskipti með bréfin voru 20. september 1995. Fjárhæð viðskipta var 4.570 sterlingspund á genginu 149,5. Eins og sjá má af töflunni hafa markaðsviðskipti með umrædd skuldabréf verið takmörkuð og virðast bréfin liggja að miklu leyti óhreyfð hjá eigendum. Verður því ekki með óyggjandi hætti ályktað um hvert markaðsverð bréfanna væri ef freista ætti þess að kaupa bréfin af eigendum þeirra. Slík aðgerð kynni sjálf að hafa áhrif á verð bréfanna.

1. tafla.

Viðskipti með skuldabréf ríkissjóðs í sterlingspundum frá 1981 og 1983 á árinu 1995.[1]

1995	Viðskipta-gengi	Fjárhæð í pundum
11. janúar	141	1.000
10. febrúar	144,75	1.500
5. apríl	144	74.335
12. apríl	144,5	100.000
13. júní	148,75	
20. júní	148,25	2.500.000[2]
21. júní	148,25	25.000
26. júní	145	7.780
28. júní	145	350.000
21. júlí	144,75	5.000
16. ágúst	146	100.000
12. september	149,75	
20. september	150,25	1.000
20. september	149,5	4.570

[1] Upplýsingar um fjárhæð liggja ekki fyrir í tveimur tilvikum, þ.e. varðandi viðskipti 13. júní og 12. september 1995.
[2] Ekki er víst að um eiginleg viðskipti sé að ræða heldur hugsanlega kaup og sölu eiganda samdægurs í því skyni að festa söluhagnað eða sölutap, t.d. af skattalegum ástæðum.

4. Hverjir eru raunvextir af láninu frá lántökudegi til 1. nóvember 1995 miðað við verðlag í Bretlandi og á Íslandi?

Raunvexti í sterlingspundum má reikna á þann hátt að færa greiðslur í pundum til fasts verðlags að teknu tilliti til verðbreytinga í Bretlandi og reikna síðan innri vexti greiðsluraðarinnar sem þannig fæst. Miðað er við verðlag í nóvember 1995 og gert ráð fyrir að höfuðstóll lánsins hafi verið greiddur upp á nafnvirði 1. nóvember 1995. Með þessari aðferð fást raunvextir í sterlingspundum 9,3% á fyrri útgáfunni og 8,6% á hinni seinni.

Til að finna raunvexti í krónum, sem e.t.v. hafa einna mesta efnahagslega þýðingu frá sjónarhóli ríkissjóðs, voru greiðslur af lánunum umreiknaðar yfir í krónur og færðar á fast verðlag í nóvember 1995 með lánskjaravísitölu og síðan væru reiknaðir innri vextir greiðsluraðarinnar. Eftir sem áður var gert ráð fyrir að höfuðstóll lánsins væri greiddur upp á nafnvirði 1. nóvember 1995. Raunvextir í krónum reiknaðir með þessari aðferð reynast vera 7,9% á fyrra láninu og 4,0% á hinu síðara.

Lægri raunvextir í krónum en í sterlingspundum eiga rót sína að rekja til þess að frá því að lánin voru tekin hefur orðið veruleg lækkun á raungengi sterlingspunds gagnvart flestum myntum, þar á meðal krónunni. Með breytingu á raungengi í þessu sambandi er átt við gengisbreytingar að teknu tilliti til verðlagsbreytinga í Bretlandi og hér á landi. Á þeim tíma sem lánin voru tekin stóð raungengi sterlingspunds hátt gagnvart krónu og raunar aldrei hærra en þegar seinna láninu var skipt yfir í íslenskar krónur. Næstu árin eftir að síðara lánið var tekið lækkaði raungengi sterlingspunds verulega gagnvart krónunni. Þannig lækkaði raungengi punds gagnvart krónu um nærri 40% frá maílokum 1983, þegar seinna lánið var tekið, og fram til miðs árs 1987, svo að dæmi sé tekið. Þetta leiddi af sér rýrnun á raunvirði höfuðstóls sem sjá má af því að miðað við útborgunargengi lánanna tveggja svarar andvirði þeirra í krónum talið, uppreiknað til verðlags í nóvember

1995, til rétt tæpra 7 milljarða króna (6.997 milljóna kr.) meðan skuldin nemur tæplega 3,1 milljarði króna (3.060 milljónum kr.) miðað við gengi 1. nóvember 1995.

Til samanburðar má reikna einfalda raunvexti af báðum lánunum í sterlingspundum með því að taka tillit til meðalverðbólgu samkvæmt framfærsluvísitölu í Bretlandi frá lántökumánuði til nóvember 1995. Reiknaðir með þessari einföldu aðferð reynast raunvextir í sterlingspundum vera 9,4% af fyrra láninu en 9,2% af seinna láninu.

Sams konar einfaldir raunvextir voru reiknaðir í íslenskum krónum með því að taka tillit til gengisbreytingar milli ára að meðaltali (reiknuð sem meðalárshækkun söluverðs sterlingspunds í íslenskum krónum) og meðalverðbólgu á lánstíma miðað við lánskjaravísitölu. Raunvextir í krónum reiknaðir með þessari aðferð reynast vera 8,2% af fyrra láninu en 6,5% af hinu síðara.

Til skýringar á reikniaðferðum má geta þess að aðferð innri vaxta og einfaldur vaxtareikningur fela í sér útreikning á einni meðalraunvaxtatölu fyrir lán sem í reynd ber ekki fasta raunvexti. Fyrri aðferðin felur í sér að finna meðalraunvexti með því að vega saman einstakar vaxtagreiðslur að teknu tilliti til raunvirðis hverrar greiðslu og hvenær á lánstímanum hún fellur. Seinni aðferðin vegur allar greiðslur jafnt og kann því að eiga síður við ef miklar breytingar verða á raunvirði greiðslna á lánstímanum.

5. *Hver er spá ráðuneytisins um raunvexti á láninu frá 1. nóvember 1995 til síðasta gjalddaga?*

Spurt er um raunvexti á tímabili sem spannar liðlega tvo áratugi. Með því að erfitt er að finna raunhæfar forsendur um verðlags- og gengisþróun svo langt fram í tímann er naumast gerlegt að svara spurningunni með viðunandi hætti.

6. *Hverjir hafa verið meðalraunvextir af öðrum lántökum ríkissjóðs á undanförnum árum og hvaða meðalraunvöxtum spáir ráðuneytið á næstu árum?*

Meðalvexti á hverju ári má reikna sem vaxtagreiðslur í hlutfalli við meðalstöðu lána á árinu. Raunvextir eru fundnir með því að taka tillit til meðalverðbólgu í iðnríkjunum. Meðalraunvextir erlendra lána ríkissjóðs í erlendri mynt á árabilinu 1981–1994, reiknaðir á þennan hátt, eru sýndir í eftirfarandi töflu:

2. tafla.

Meðalraunvextir erlendra lána ríkissjóðs, reiknaðir í erlendri mynt árin 1981–1994 (%).

1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987
0,1	3,7	4,5	5,9	5,4	6,9	5,7
1988	**1989**	**1990**	**1991**	**1992**	**1993**	**1994**
4,8	4,9	2,0	3,1	3,4	3,4	4,2

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Til samanburðar má sýna vexti til langs tíma í sterlingspundum á tímabilinu frá 1981. Jafnframt eru sýndir langtímavextir í Bandaríkjadölum og þýskum mörkum, en þessar myntir vógu þungt í lántökum ríkissjóðs þegar umrætt lán var tekið. Verðbólga í Bretlandi, Bandaríkjunum og Þýskalandi er sýnd til hliðsjónar. Í töflunni kemur m.a. fram að á þeim tíma sem umrætt lán var tekið voru vextir og verðbólga yfirleitt há á þeim erlendu mörkuðum sem Ísland hafði aðgang að.

3. tafla.

Langtímavextir og verðbólga í Bretlandi, Bandaríkjunum og Þýskalandi 1985–1994.

	Bretland		Bandaríkin		Þýskaland	
	Langtíma-vextir %	Verðbólga %	Langtíma-vextir %	Verðbólga %	Langtíma-vextir %	Verðbólga %
1981	14,9	11,9	13,9	10,3	10,1	6,3
1982	13,1	8,6	13,0	6,1	8,9	5,3
1983	11,3	4,6	11,1	3,2	8,1	3,3
1984	11,3	5,0	12,4	4,3	8,0	2,4
1985	11,1	6,1	10,6	3,5	7,0	2,2
1986	10,1	3,4	7,7	1,9	6,2	-0,1
1987	9,6	4,1	8,4	3,7	6,2	0,2
1988	9,7	4,9	8,8	4,1	6,5	1,3
1989	10,2	7,8	8,5	4,8	7,0	2,8
1990	11,8	9,5	8,6	5,4	8,8	2,7
1991	10,1	5,9	7,9	4,2	8,5	3,5
1992	9,1	3,7	7,0	3,0	7,9	4,0
1993	7,5	1,6	5,9	3,0	6,5	4,1
1994	8,2	2,5	7,1	2,6	6,9	3,0

Skýring: Miðað er við vexti 10 ára ríkisskuldabréfa í Bretlandi og Bandaríkjunum og vexti á 8–15 ára skuldabréfum opinberra aðila í Þýskalandi.
Heimild: OECD Economic Outlook, júní 1995.

Í síðari lið spurningarinnar er spurt um spá fjármálaráðuneytisins um meðalraunvexti á næstu árum. Spá Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París, OECD, um langtímavexti og verðbólgu á árunum 1996 og 2000 er sýnd í eftirfarandi töflu:

4. tafla.

Spá OECD um langtímavexti og verðbólgu ásamt reiknuðum raunvöxtum fyrir árin 1996 og 2000 (%).

	Langtímavextir		Verðbólga		Raunvextir	
	1996	2000	1996	2000	1996	2000
Bandaríkin	6,9	7,1	2,7	3,0	4,1	4,0
Japan	3,7	4,3	0,2	0,5	3,5	3,8
Þýskaland	7,0	6,6	2,3	2,4	4,6	4,1
Frakkland	7,3	6,6	2,0	2,2	5,2	4,3
Ítalía	11,4	9,4	4,5	4,4	6,6	4,8
Bretland	8,2	7,6	2,7	3,0	5,4	4,5
Kanada	7,5	6,7	2,2	2,0	5,2	4,6
Meðaltal	**7,4**	**6,9**	**2,3**	**2,5**	**4,9**	**4,3**

Heimild: OECD Economic Outlook, júní 1995.

519. Fyrirspurn [282. mál]

til menntamálaráðherra um talsett og textað efni í sjónvarpi.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hve stór hluti þess efnis sem sýnt var í sjónvarpi árið 1995 var talsettur og hve stór hluti textaður?
2. Hve stór hluti barnaefnis í sjónvarpi var talsettur og hve stór hluti textaður sama ár?

Upplýsingar óskast sundurliðaðar eftir sjónvarpsstöðvum og komi þá einnig fram hvernig þessum málum var háttað hjá þeim stöðvum sem hófu rekstur á árinu þann tíma sem þær störfuðu.

Skriflegt svar óskast.

520. Svar [161. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndals um greiðslubyrði af lánum ríkissjóðs.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver verður árleg verg greiðslubyrði af öllum lánum ríkissjóðs á næstu árum og hvað er hún hátt hlutfall af tekjuskatti einstaklinga samkvæmt fjárlagafrumvarpi 1996?

Eftirfarandi tafla sýnir verga greiðslubyrði af lánum ríkissjóðs í millj. kr. yfir tíu ára tímabil:

Ár	Erlend lán	Íslensk lán önnur en markaðsbr.	Ríkisbréf, ríkisvíxlar, veltilán	Spari-skírteini	Samtals
1996	16.286	2.085	5.958	10.300	34.629
1997	16.264	1.566		8.065	25.895
1998	14.183	1.014	1.518	8.798	25.513
1999	22.291	730		14.855	37.876
2000	10.063	356	767	35.722	46.908
2001	4.004	109		1.302	5.415
2002	18.036	109		2.856	21.001
2003	12.967	108		8.079	21.154
2004	15.201	108		3.277	18.586
2005	13.998	107		878	14.983
Samtals	**143.293**	**6.292**	**8.243**	**94.132**	**251.960**

Forsendur þeirra upplýsinga sem fram koma í töflunni eru sem hér segir:

1. Verðlag og gengi er miðað við nóvember 1995.
2. Breytilegir vextir eru miðaðir við nóvember 1995.

3. Gert er ráð fyrir að flokkar spariskírteina með vexti yfir 5,5% séu greiddir á lokagjalddaga en flokkar með vöxtum þar undir séu greiddir á fyrsta gjalddaga. Þetta gildir fyrir svokallaða A-flokka spariskírteina, en þeir eru með annan binditíma en lokagjalddaga.
4. Gert er ráð fyrir í þessu yfirliti að þeir flokkar, sem heimilt er fyrir ríkissjóð að innkalla, komi til greiðslu á lokagjalddaga þar sem þeir eru allir með hærri vexti en áður er getið. Þessir flokkar koma fram í greiðslubyrði á árinu 2000.
5. Vextir af ríkisvíxlum og erlendum veltilánum eru tilgreindir fyrir árið 1996 en ekki önnur ár, enda ekki gerð vaxtaáætlun nema fyrir eitt ár í einu.

Samkvæmt fjárlögum 1996 er nettótekjuskattur einstaklinga áætlaður 17,3 milljarðar kr. Áætluð greiðslubyrði, þ.e. vextir og afborganir, eru 34,6 milljarðar kr. Hlutfall greiðslubyrði af tekjuskatti er 200% eða 100% hærra en árlegar tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga.

521. Svar [231. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um gjöld fyrir ferliverk.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hverju nema alls gjöld fyrir svokölluð ferliverk:

a. 1995,

b. samkvæmt áætlun 1996?

Reglugerð um ferliverk, nr. 340/1992, var sett í þeim tilgangi að draga úr innlögnum á sjúkrahús vegna smáaðgerða og rannsókna sem að jafnaði má gera á göngudeildum eða læknastofum án innlagna á legudeildir. Samkvæmt reglugerðinni greiðir sjúklingur gjald í samræmi við hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði við heilbrigðisþjónustu og er það hluti sérfræðiþjónustu. Kostnaður vegna ferliverka er ekki aðgreindur sérstaklega í bókhaldi sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar.

Læknar á Landakoti, St. Jósefsspítala og flestum öðrum spítölum nema Landspítala og Borgarspítala höfðu fyrir gildistöku reglugerðarinnar innheimt gjöld fyrir einstök læknisverk hjá Tryggingastofnun ríkisins og síðan greitt sjúkrahúsum aðstöðugjald sem samið var um á hverjum stað eftir kostnaði við verkin (oft um 40%). Eftir gildistöku reglugerðarinnar var þessi greiðslumáti tekinn upp á Borgarspítalanum. Sambærileg starfsemi fer fram á Landspítalanum en er sinnt samkvæmt föstum fjárlögum.

Aðstöðugjald, sem læknar greiddu sjúkrahúsum fyrir ferliverk árið 1994, var um 78 millj. kr. Út frá því má áætla að heildarkostnaðurinn við ferliverk á sjúkrahúsum hafi verið 194 millj. kr. Þar af hafi Tryggingastofnun greitt 117 millj. kr. en sjúklingar 77 millj. kr. Heildarkostnaður vegna klínískrar sérfræðiþjónustu sem Tryggingastofnun tók þátt í var á sama tíma 1.160 millj. kr. Þar af greiddi Tryggingastofnunin um 710 millj. kr. en sjúklingar um 450 millj. kr.

Með tilliti til þessa eru svör heilbrigðisráðherra við a- og b-lið í fyrirspurninni eftirfarandi:

a. Gjöld fyrir ferliverk árið 1995 eru enn ekki kunn en heildarkostnaður við sérfræðiþjónustu hefur ekki aukist.

b. Ekki er gerð sérstök áætlun fyrir ferliverk í sérfræðiþjónustunni. Ljóst er að sjúkrahúsinnlögnum vegna smærri aðgerða og rannsókna hefur fækkað eitthvað vegna ferliverka.

522. Frumvarp til laga [283. mál]

um flutninga á skipgengum vatnaleiðum vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

Markmið laga þessara er að tryggja gagnkvæman frjálsan aðgang skipa, sem skráð eru í aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, að skipgengum vatnaleiðum innan EES.

2. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga á grundvelli 1. gr. laga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á 116. löggjafarþingi 1992 lagði samgönguráðherra fram frumvarp til laga um flutninga á járnbrautum, skipgengum vatnaleiðum o.fl. vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Tilgangurinn með framlagningu frumvarpsins var eingöngu sá að fullnægja þeim ákvæðum EES-samningsins sem kveða á um að gerðir sem vísað er til eða er að finna í viðaukum við samninginn eða ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar bindi samningsaðila og skuli teknar upp í landsrétt. Raunhæf þýðing þessara gerða hér á landi var hins vegar á þeim tíma engin; t.d. var aðildarríkjum EES-samningsins ekki tryggður aðgangur að skipgengum vatnaleiðum innan EES og engar skipgengar vatnaleiðir eru hér á landi. Frumvarpið var ekki samþykkt.

Þegar ljóst varð að frumvarpið yrði ekki að lögum óskuðu íslensk stjórnvöld eftir því við Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) að vera undanþegin þeim skuldbindingum sem hér um ræðir. Á þetta var fallist ótímabundið að því er varðar flutninga með járnbrautum en tímabundið að því er varðar skipgengar vatnaleiðir þar sem bókun 20 við EES-samninginn heimilar tímabundna undanþágu frá löggjöf ESB um skipgengar vatnaleiðir. Í 2. tölulið bókunar 20 segir að ráðstafanir til að tryggja gagnkvæman jafnan aðgang að skipgengum vatnaleiðum innan yfirráðasvæðis samningsaðila skuli gerðar á vegum hlutaðeigandi alþjóðlegra stofnana fyrir 1. janúar 1996 að teknu tilliti til þeirra skuldbindinga sem er að finna í tilheyrandi marghliða samningum. EFTA-ríkin, sem eins og áður seg-

ir, höfðu ekki jafnan aðgang að skipgengum vatnaleiðum bandalagsins við gildistöku EES-samningsins, eiga samkvæmt sömu bókun að lögfesta réttarreglur um skipgengar vatnaleiðir jafnskjótt og þau öðlast rétt til jafns aðgangs.

Á fundi í Rínar-stjórnarnefndinni (the Central Rhine Commission) 8. nóvember 1995 var samþykkt ályktun um að EFTA-ríkin skuli hafa sömu réttindi og skyldur og aðildarríki ESB. Þar með er skilyrðum bókunar 20 fullnægt og EFTA-ríkjum er nú skylt að lögfesta ESB-reglur hér að lútandi. Skyldur EFTA-ríkjanna lúta fyrst og fremst að því að veita skipum, sem skráð eru í öðrum aðildarríkjum EES, sama aðgang að skipgengum vatnaleiðum og eigin skipum.

Reglugerðunum má skipa í þrjá flokka:

1. Reglur um markaðsaðgang.

Þegar samþykkt verður tillaga að reglugerð um setningu sameiginlegra reglna um flutning á vörum og fólki á skipgengum vatnaleiðum milli aðildarríkja mun markmiðinu um frjálsan markaðsaðgang verða náð. Þó er miðað við vissa aðlögun fram til 1. janúar 2000.

2. Reglur um aðlögun.

Þar sem þessi atvinnugrein hefur búið við stjórnun og höft, vegna offramboðs, mjög lengi og hún hefur nokkra félagslega þýðingu á ákveðnum svæðum munu reglur um styrki, fyrst og fremst til úreldingar, væntanlega gilda til 1998. Úreldingin miðar að því að taka lítil og óhagkvæm skip úr umferð.

3. Reglur um stöðlun.

Nauðsynlegt verður að samræma reglur um stöðlun, öryggi og menntun stjórnenda skipa sem sigla á skipgengum vatnaleiðum.

Ljóst er að aðgangur Íslands og íslenskra skipa að skipgengum vatnaleiðum Evrópu veitir íslenskum fyrirtækjum ýmis sóknarfæri á erlendum mörkuðum og eykur möguleika þeirra á flutningamörkuðum Evrópu sem er að sjálfsögðu bæði atvinnu- og gjaldeyrisskapandi. Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða hefur ennfremur vakið athygli á að ótvíræður ávinningur sé fyrir íslensku útgerðirnar að íslensk skip eigi siglingarétt á skipgengum vatnaleiðum Evrópu, svo sem Rín og Dóná. Bent er á að mikilvægar útflutningsafurðir Íslendinga, svo sem fiskimjöl, járnblendi o.s.frv., fari iðulega um umræddar skipgengar vatnaleiðir langt inn í land og geti umskipunarkostnaður í sjávarhöfn haft afgerandi áhrif á samkeppnisstöðu framleiðenda viðkomandi afurða og rýrt skilaverð til framleiðenda. Þótt íslenskar útgerðir eigi ekki, eins og er, skipakost undir íslenskum fána sem hentar til umræddra siglinga getur útflutningur og sala afurða breyst fyrirvaralaust í þá veru að raunhæft verður fyrir útgerðirnar að eiga slík skip undir íslenskum fána.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Markmið frumvarpsins er að tryggja gagnkvæman aðgang að skipgengum vatnaleiðum innan ríkja EES og fullnægja þar með ákvæðum bókunar 20 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Um nánari skýringu á greininni vísast til almennra athugasemda við lagafrumvarpið.

Um 2. gr.

Skuldbindingar EFTA-ríkjanna samkvæmt EES-samningnum felast í því að lögfesta þær gerðir sem eru hluti af samningnum og tryggja þar með skipum frá öðrum aðildarríkjum sömu réttindi og skyldur og eigin skipum. Reglum þeim, sem hér um ræðir, má skipta í þrjá flokka, sbr. almennar athugasemdir hér að framan.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um flutninga á skipgengum vatnaleiðum vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.

Skuldbindingar EFTA-ríkjanna samkvæmt EES-samningnum felast í því að lögfesta þær gerðir sem eru hluti af samningnum. Með frumvarpinu er leitast við að uppfylla þessar skuldbindingar með því að tryggja gagnkvæman aðgang að skipgengum vatnaleiðum innan ríkja EES og fullnægja þar með ákvæðum bókunar 20 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Ekki verður séð að samþykkt þessa frumvarps hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

523. Frumvarp til laga [284. mál]

um breytingu á lögum nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

Í stað orðanna „Búnaðarfélag Íslands“ í 21. gr. laganna og í stað sömu orða í 25. gr. kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Bændasamtök Íslands.

Í stað orðanna „sker Búnaðarfélag Íslands úr“ í 3. málsl. 26. gr. laganna kemur: skera Bændasamtök Íslands úr.

Í stað orðanna „Búnaðarfélag Íslands úrskurðar“ í 4. málsl. 41. gr. laganna kemur: Bændasamtök Íslands úrskurða.

2. gr.

3. mgr. 66. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra getur með reglugerð falið Bændasamtökum Íslands að hafa umsjón með samræmingu á gerð og útgáfu markaskráa og upptöku nýrra marka og ákveðið að öll mörk í landinu skuli sameiginlega færð í tölvu í umsjá þeirra. Kostnað af starfi Bænda-

samtaka Íslands vegna þessa verkefnis greiðir stjórn hvers fjallskilaumdæmis í hlutfalli við markafjölda.

3. gr.

2. málsl. 2. mgr. 69. gr. laganna orðast svo:

Skal einn skipaður eftir tilnefningu Bændasamtaka Íslands, annar eftir tilnefningu yfirdýralæknis og sá þriðji án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, eru Búnaðarfélagi Íslands falin ýmis verkefni. Þau helstu eru:

1. Búnaðarfélag Íslands tilnefnir einn fulltrúa í þriggja manna ítölunefnd sem sýslumaður skipar, sbr. 21. gr.
2. Til þess að gera ítölu í land, sem er innan tveggja eða fleiri lögsagnarumdæma eða er eign fleiri en eins lögsagnarumdæmis, tilnefnir landbúnaðarráðherra einn mann í nefnd og er hann formaður, stjórn Búnaðarfélags Íslands annan og landgræðslustjóri hinn þriðja, sbr. 25. gr.
3. Búnaðarfélag Íslands sker úr ágreiningi um reikning ítölunefndar eða skiptingu kostnaðar á milli sveitarfélaga, sbr. 26. gr.
4. Búnaðarfélag Íslands úrskurðar um kostnaðarreikninga vegna fjallskila á eyðilöndum, sbr. 41. gr.
5. Búnaðarfélag Íslands hefur með höndum ýmis verkefni í tengslum við útgáfu markaskráa, sbr. 66. gr.

Í frumvarpi þessu er lagt til að Bændasamtök Íslands, en svo nefnast heildarsamtök bænda, sbr. lög nr. 130/1994, um sameiningu Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í ein heildarsamtök bænda, taki við verkefnum sem Búnaðarfélagi Íslands eru falin í núgildandi lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

Í áðurnefndum lögum nr. 130/1994 er gert ráð fyrir að endurskoðuð verði lagaákvæði þar sem vísað er til Búnaðarfélags Íslands eða Stéttarsambands bænda, sbr. 4. gr. Að því er nú unnið á vegum landbúnaðarráðuneytisins og er gert ráð fyrir að frumvarp þessa efnis verði lagt fyrir Alþingi á vorþinginu.

Í 1. gr. frumvarpsins er, eins og áður er fram komið, lagt til að Bændasamtök Íslands taki við þeim verkefnum Búnaðarfélags Íslands sem tilgreind eru í 21., 25., 3. málsl. 26. gr. og 4. málsl. 41. gr. laganna. Sama er að segja um 3. mgr. 66. gr. laganna, en jafnframt eru lagðar til breytingar á ákvæðinu í samræmi við þá staðreynd að tölvuskráningu allra búfjármarka í landinu er nú lokið. Í 3. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 2. málsl. 2. mgr. 69. gr. sem fjallar um skipun markanefndar og þá aðila sem rétt eiga til að tilnefna aðila í markanefnd, en þeir eru samkvæmt núgildandi lögum Búnaðarfélag Íslands og sauðfjársjúkdómanefnd. Umboð markanefndar sem starfa á skv. 69. gr. laganna er runnið út og ber nauðsyn til að skipa nefndina sem allra fyrst vegna útgáfu á markaskrám í sýslum landsins á þessu ári, en í tengslum við þá útgáfu geta komið upp ýmis ágreiningsmál sem nefndin þarf að úrskurða um. Lagt er til að Bændasamtök Íslands tilnefni einn mann í markanefnd í stað Búnaðarfélags Íslands og yfirdýralæknir í stað sauðfjársjúkdómanefndar sem lögð var niður með lögum nr. 25/1993, um dýrasjúk-

dóma og varnir gegn þeim. Er það í samræmi við þá breytingu að samkvæmt nefndum lögum tók yfirdýralæknir við verkefnum sauðfjársjúkdómanefndar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

Með lögum nr. 130/1994 voru Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda sameinuð í ein heildarsamtök bænda og þau nefnd Bændasamtök Íslands. Í frumvarpi þessu er lagt til að Bændasamtök Íslands taki við verkefnum Búnaðarfélags Íslands sem því eru ætluð samkvæmt lögum nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

Til viðbótar er í frumvarpinu lögð til breyting á 3. mgr. 66. gr. laganna þannig að felld er úr gildi heimild Búnaðarfélags Íslands sem það hafði að fenginni sérstakri fjárveitingu í fjárlögum til að greiða að hluta tölvuvinnslu markaskránna í fyrsta sinn. Er þessi breyting gerð í ljósi þess að tölvuskráningu allra búfjármarka í landinu er nú lokið. Einnig eru lagðar til breytingar á 2. málsl. 2. mgr. 69. gr. nefndra laga sem fjallar um skipun markanefndar og þá aðila sem rétt eiga til að tilnefna aðila í markanefnd. Þar er lagt til að í stað Búnaðarfélags Íslands skipi Bændasamtök Íslands einn mann og í stað fyrrum sauðfjársjúkdómanefndar skipi yfirdýralæknir annan. Alls sitja þrír menn í markanefnd og er sá þriðji skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Ekki verður séð að lögfesting frumvarpsins feli í sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð.

524. Frumvarp til laga [285. mál]

um breytingar á þjóðminjalögum, nr. 88 29. maí 1989, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

28. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Á eftir 49. gr. laganna kemur nýr kafli, VI. kafli, **Um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa**, með sjö nýjum greinum, og breytist kafla- og greinatala samkvæmt því. Greinarnar eru svohljóðandi:

a. (50. gr.)

Eigi má flytja úr landi muni og gripi sem hér eru taldir, nema formlegt leyfi Þjóðminjasafns Íslands komi til, sjá þó 51. gr.:

1. Forngripi, eldri en 100 ára, hvort sem eru í eigu opinberra stofnana, fyrirtækja, félagasamtaka eða einstaklinga.
2. Hluta úr listrænum, sögulegum eða trúarlegum minjum er losaðir hafa verið frá þeim og eldri eru en 100 ára.
3. Málverk og handgerðar myndir úr hvaða efni sem er ef eldri eru en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
4. Mósaíkverk sem ekki falla undir 1. eða 2. tölul. og teikningar úr hvaða efni sem er séu myndverkin að öllu leyti handunnin, eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
5. Frumeintök af stungum, þrykki, silkiprenti og steinprenti, ásamt tilheyrandi plötum og frumgerð veggspjalda, séu verkin eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
6. Frumeintök höggmynda eða myndastyttna og eftirmyndir þeirra sem eru gerðar með sömu aðferð og frumeintökin séu verkin eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra, enda falli þau ekki undir 1. tölul.
7. Ljósmyndir og kvikmyndir og filmur af þeim, enda séu þær eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda myndanna.
8. Bækur, prentaðar fyrir 1500 (vögguprent), svo og handrit, þar með talin landabréf og raddskrár, stakar eða sem safn, sem eldri eru en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
9. Aðrar bækur, eldri en 100 ára, stakar eða sem safn.
10. Prentuð landabréf, eldri en 200 ára.
11. Skjalasöfn hvers konar og hluta þeirra, úr hvaða efni sem er, eldri en 50 ára.
12. Dýrafræðileg, grasafræðileg, bergfræðileg eða líffræðileg söfn og safneintök og sömuleiðis söfn sem gildi hafa fyrir sagnfræði, steingervingafræði, þjóðflokkafræði eða myntfræði.
13. Samgöngutæki, eldri en 75 ára.
14. Aðrar menningarminjar, eldri en 50 ára.

Leiki vafi á um aldur minja sem taldar eru í 1.–14. tölul. 1. mgr. þessarar greinar sker þjóðminjaráð úr.

b. (51. gr.)

Ákvæði 50. gr. taka til menningarminja er falla undir 1., 2., 8. og 11. tölul. þeirrar greinar án tillits til verðgildis þeirra.

Ákvæði 50. gr. taka til menningarminja er falla undir 4., 5., 7. og 10. tölul. þeirrar greinar sé verðgildi þeirra 1.200.000 kr. eða meira.

Ákvæði 50. gr. taka til menningarminja er falla undir 6., 9., 12., 13. og 14. tölul. þeirrar greinar sé verðgildi þeirra 4.200.000 kr. eða meira.

Ákvæði 50. gr. taka til menningarminja er falla undir 3. tölul. þeirrar greinar sé verðgildi þeirra 12.500.000 kr. eða meira.

Við verðgildismat skal miðað við ætlað markaðsverð hlutaðeigandi menningarminja hér á landi á þeim degi er umsókn um útflutningsleyfi berst Þjóðminjasafni Íslands.

c. (52. gr.)

Þjóðminjasafni Íslands er heimilt, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis, að koma í veg fyrir útflutning menningarminja, jafnt þeirra sem taldar eru í 50. gr. sem annarra, án tillits til aldurs þeirra og verðgildis, ef minjarnar teljast til þjóðardýrgripa eða þær hafa að öðru leyti sérstakt gildi fyrir íslenska þjóðmenningu. Getur þá Þjóðminja-

safn Íslands stöðvað útflutning þeirra um stundarsakir meðan leitað er umsagna sérfróðra manna og þar til formleg afstaða ráðuneytisins er fengin. Fallist ráðuneytið eigi á beiðni um útflutningsleyfi er sú niðurstaða bindandi fyrir alla aðila og hið sama gildir um samþykki ráðuneytisins við útflutningi.

d. (53. gr.)

Óheimilt er að flytja til Íslands menningarminjar fari sá flutningur fram í andstöðu við löggjöf í því ríki sem flutt er frá.

Ákvæði 3. og 4. mgr. þessarar greinar og ákvæði 54. gr., svo og ákvæði 55. gr. að því er varðar skilaferli menningarverðmæta til annarra ríkja, gilda einvörðungu um kröfur um skil frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í aðildarríkjum samnings um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993. Íslensk stjórnvöld skulu þó jafnframt leitast við eftir föngum að aðstoða við réttmæt skil menningarminja til ríkja er ekki eiga aðild að nefndum samningi hafi minjarnar verið fluttar þaðan í andstöðu við þarlend lög.

Íslenskum stjórnvöldum er skylt að sjá til þess að menningarminjum, sem fluttar hafa verið til Íslands með ólögmætum hætti, án tillits til núverandi eignaraðildar eða vörslu á þeim, verði skilað til réttra eigenda eða umsjármanna þeirra erlendis, enda sé skilyrðum 51. gr. um verðmæti þeirra fullnægt. Umsókn þar að lútandi skal borin upp formlega af valdbæru stjórnvaldi í hlutaðeigandi ríki og skal henni beint til Þjóðminjasafns Íslands sem gerir síðan viðeigandi ráðstafanir, eftir atvikum í samvinnu við hlutaðeigandi stjórnvöld hér á landi, sbr. nánar 54. gr.

Við verðgildismat menningarminja skv. 3. mgr. þessarar greinar, sbr. og 51. gr., skal miða við þann dag er Þjóðminjasafni Íslands berst krafa um skil á hlutaðeigandi minjum frá réttum stjórnvöldum í öðru ríki. Við ákvörðun verðgildis skal haft mið af ætluðu markaðsverði hér á landi.

e. (54. gr.)

Séu menningarminjar sem fjallað er um í 3. og 4. mgr. 53. gr. í eigu eða vörslu manna hérlendis er eigi vilja láta þær af hendi þegar Þjóðminjasafn Íslands krefst þess, sbr. 53. og 55. gr., geta hlutaðeigandi stjórnvöld í öðru ríki, sem bera fram lögformlega kröfu um skil menningarminja, krafist þess fyrir dómi hér á landi, hvort heldur sem er í einkamáli eða opinberu dómsmáli, að eigendum eða vörslumönnum minjanna verði gert að láta þær af hendi og að mælt verði fyrir um að þeim skuli skilað með lögmæltum hætti til þess ríkis er skila krefst. Sé um einkamál að ræða skal það höfðað gegn eiganda minjanna, hvernig sem hann er að minjunum kominn, og jafnframt gegn vörslumanni þeirra sé hann annar en eigandinn. Dómur um skil menningarverðmæta er grundvöllur innsetningargerðar, ef á reynir, en dómi má síðan jafnframt framfylgja með aðstoð sýslumanna, lögreglu og annarra þar til bærra yfirvalda, eftir því sem þörf krefur, fyrir atbeina Þjóðminjasafns Íslands.

Í kröfu um skil menningarminja, sem hér um ræðir og borin er upp fyrir íslenskum stjórnvöldum og dómstóli, ef á reynir, skal minjunum m.a. lýst svo nákvæmlega sem frekast er kostur svo og menningarlegu gildi þeirra og verðmæti. Þá skal fylgja kröfu skýr yfirlýsing frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í því ríki er skila krefst um að munirnir hafi verið fluttir úr því ríki með ólögmætum hætti.

Krafa um skil menningarminja skv. 1. mgr. þessarar greinar verður eigi höfð uppi fyrir dómi eftir að eitt ár er liðið frá því að hlutaðeigandi stjórnvöld í því ríki er skila krefst fengu vitneskju um hvar menningarminjarnar eru niðurkomnar og hver sé núverandi eigandi eða vörslumaður þeirra hér á landi. Kröfu um skil verður heldur ekki komið að fyrir dómi þegar liðin eru meira en 30 ár frá því að minjarnar voru fluttar ólöglega frá því ríki er skila krefst. Sé um að ræða minjar, sem eru hluti af opinberum söfnum í því ríki er skila krefst eða þær heyra til kirkjulegra minja þar er lúta sérstökum verndarráðstöfunum samkvæmt lögum þess ríkis, skal þó kröfufresturinn miðast við 75 ár, nema íslenska ríkið hafi skuldbundið sig til þess, gagnvart hlutaðeigandi ríki, að virða lengri frest.

Það ríki, er krafist hefur skila á menningarverðmætum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skal bera kostnað af þeim skilum, þar með talið málsmeðferð.

Þeir er komist hafa yfir menningarminjar sem þessi grein tekur til án þess að flutningur minjanna til Íslands hafi verið þeim saknæmur eða þeir hafi að öðru leyti öðlast þær með ólögmætum hætti geta krafist hæfilegra bóta frá því ríki er skila krefst vegna þess að þeim er gert að skila minjunum. Verður kröfu um bætur af þessum sökum m.a. komið að í dómsmáli sem höfðað er til skila minjanna eða þar sem krafa um skil er borin upp með öðrum hætti, en jafnframt getur grandlaus eigandi minja, sem skilakrafa beinist að, samið við hlutaðeigandi stjórnvöld í því ríki, er skila krefst, um bætur af þessum sökum. Hefur Þjóðminjasafn Íslands milligöngu um þá samningsgerð eftir því sem þörf gerist. Hafi bótakrafa, sem hér um ræðir, verið viðurkennd með dómi eða liggi fyrir formlegur samningur um bætur, þar á meðal dómsátt, getur Þjóðminjasafn Íslands gert það að skilyrði fyrir afhendingu minjanna til hlutaðeigandi erlendra stjórnvalda að bætur verði greiddar.

f. (55. gr.)

Þjóðminjasafn Íslands annast framkvæmd ákvæða þessa kafla laganna fyrir hönd íslenska ríkisins. Það veitir formleg leyfi til útflutnings menningarminja skv. 50. gr. og jafnframt skv. 52. gr. að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis. Um framkvæmd leyfisveitinga, m.a. um form leyfisskjala, skal farið að nánari reglum er menntamálaráðherra setur. Þjóðminjasafn leggur mat á verðgildi menningarminja skv. 51. gr., sbr. og 53. gr., og annast um framkvæmd skila á menningarminjum til annarra ríkja skv. 53. gr.

Ákvarðanir um afgreiðslu umsókna um útflutningsleyfi sem hér um ræðir skulu bornar upp í þjóðminjaráði til staðfestingar. Ágreiningi um leyfisveitingar eða synjanir útflutnings á þessu sviði má skjóta til menntamálaráðuneytis, sbr. nánar ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Verður þá ekki af útflutningi fyrr en ráðuneytið hefur heimilað hann og lagt fyrir Þjóðminjasafn Íslands að gefa út leyfisbréf þar að lútandi. Til menntamálaráðuneytis má og skjóta ágreiningi um önnur atriði, er lúta að framkvæmd ákvæða þessa kafla.

Við mat á gildi menningarminja, er hér um ræðir, svo og varðandi önnur meiri háttar álitaefni skal Þjóðminjasafn Íslands hafa náið samráð við forstöðumenn þeirra stofnana hér á landi sem einkum láta sig varða vörslu þeirrar tegundar muna sem mál snýst um hverju sinni, svo sem forstöðumann Listasafns Íslands varðandi myndlistarverk, Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi varðandi handrit, Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns varðandi bækur og handrit og Þjóðskjalasafns Íslands varðandi skjöl. Ef þörf gerist skal og leitað álits sérfróðra manna er eigi starfa við stofnanir þær er hér um ræðir.

Þjóðminjasafn Íslands tekur við kröfum um skil menningarminja frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í öðrum ríkjum og sömuleiðis ber það fram kröfur til hlutaðeigandi stjórnvalda erlendis um skil menningarminja frá þeim ríkjum hafi þær verið fluttar frá Íslandi með ólögmætum hætti, sbr. 50., 51. og 52. gr., og veitir þeim viðtöku fyrir hönd réttra eigenda eða vörslumanna hérlendis.

Þjóðminjasafn Íslands skal kappkosta að hafa náið samstarf og samráð við þau stjórnvöld í öðrum ríkjum er fjalla þar um leyfi til útflutnings menningarminja og um skil þeirra, svo og við fjölþjóðlegar stofnanir er láta sig þau mál varða. Þá skal það og leitast við af fremsta megni að upplýsa um vörslustaði menningarminja sem fluttar hafa verið til landsins með óheimilum hætti. Skulu lögregluyfirvöld aðstoða við þá leit ef þörf gerist.

Tollayfirvöld skulu tafarlaust tilkynna Þjóðminjasafni Íslands um menningarminjar sem reynt hefur verið að flytja ólöglega til landsins og hið sama gildir um ólögmætan útflutning.

Þjóðminjasafni Íslands til ráðuneytis um allt það er snertir framkvæmd ákvæða þessa kafla starfar þriggja manna nefnd kunnáttumanna er menntamálaráðherra skipar til þriggja ára í senn. Skal ráðherra skipa formann nefndarinnar sérstaklega en nefndin skiptir að öðru leyti með sér störfum. Þrír varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Við val aðalmanna og varamanna, annarra en formanns og varaformanns, skal þess gætt að einn þeirra hafi sérkunnáttu á sviði listfræði, annar á sviði menningarsögu eða fornminjafræði, þriðji á sviði bókfræði og hinn fjórði á sviði skjalfræði. Varði mál, sem undir nefndina er borið, sérsvið varamanns, skal hann fjalla um það mál jafnhliða aðalmönnum. Menntamálaráðherra ákveður þóknun nefndarinnar og greiðist hún af rekstrarfé Þjóðminjasafns.

g. (56. gr.)

Hvað varðar kröfur um skil menningarminja frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í aðildarríkjum að samningi um Evrópska efnahagssvæðið gilda ákvæði þessa kafla um skil á minjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá þeim ríkjum hingað til lands 1. janúar 1995 og síðar.

Hið sama tímamark gildir um kröfur íslenskra stjórnvalda um skil menningarminja frá öðrum aðildarríkjum að nefndum samningi.

3. gr.

Við tilvísun til lagagreina, sem varða refsingu ef brotið er gegn ákvæðum þeirra, í 59. gr. (áður 52. gr.) laganna bætist vísun til 50.–53. gr. þeirra.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan menntamálaráðherra. Það hefur að geyma ákvæði sem munu mynda nýjan kafla (VI. kafla) í þjóðminjalögum, nr. 88/1989, með síðari breytingum, ef að lögum verða. Með frumvarpinu er einkum stefnt að lögfestingu efnisákvæða tilskipunar ráðs Evrópusambandsins 93/7 EEC frá 15. mars 1993 um skil menningarminja, „sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis“, en íslenska ríkið, sem er aðili að samningi um Evrópska efnahagssvæðið frá 2. maí 1992 ásamt ýms-

um viðbótum, breytingum og bókunum við hann, sbr. lög nr. 2 frá 13. janúar 1993, er skuldbundið til að lögleiða þessi ákvæði. Þá er einnig haft mið af reglum ráðs Evrópusambandsins nr. 3911/92 EEC um útflutning menningarminja sem hafa mjög náin tengsl og samsvörun við ákvæði fyrrnefndrar tilskipunar. Í frumvarpinu koma jafnframt fram almenn stefnumið varðandi útflutning þeirra menningarminja sem hafa sérstakt gildi fyrir íslenska þjóðmenningu, án tillits til skilyrða fyrrnefndrar tilskipunar, og um almennt bann við innflutningi erlendra menningarminja, fari sá flutningur fram í andstöðu við löggjöf í því ríki sem flutt er frá.

Íslenska ríkið hafði, ásamt öðrum Norðurlandaríkjum (að danska ríkinu undanskildu), skuldbundið sig til þess að lögleiða ákvæði fyrrnefndrar ráðstilskipunar Evrópusambandsins eigi síðar en 1. janúar 1995, en nokkur dráttur hefur orðið á undirbúningi þessarar löggjafar hér á landi.

Mikilvægt er að skýrar lagareglur gildi á þessu sviði, en ákvæði 28. gr. þjóðminjalaga, nr. 88/1989, með síðari breytingum, sem nú er hið eina ótvíræða ákvæði í íslenskum lögum, almenns eðlis, um takmarkanir á útflutningi menningarminja, er með öllu ófullnægjandi sé haft mið af nauðsyn þess að samræma íslenska löggjöf fyrrnefndri tilskipun og reglum Evrópusambandsins. Í frumvarpinu er því lagt til að ákvæðið í 28. gr. þjóðminjalaga verði fellt úr gildi en í staðinn komi í sérstökum kafla laganna mun ítarlegri ákvæði um útflutning menningarminja auk nýrra ákvæða um hömlur við innflutningi menningarminja, þegar sérstaklega stendur á, en um það efni finnast engar skýrar reglur í núgildandi löggjöf.

Minnt skal á að auk samningar fyrrnefndra reglna Evrópusambandsins um þessi efni, er almennt hafa verið lögteknar í aðildarríkjum hins Evrópska efnahagssvæðis, hafa ýmsar alþjóðlegar stofnanir látið sig varða þau málefni er efni þessa frumvarps lýtur að. Má þar m.a. nefna sumar stofnanir Sameinuðu þjóðanna, svo sem UNESCO og UNIDROIT í Rómaborg er nýverið gekkst fyrir gerð alþjóðlegs sáttmála sem ætlað er að stemma stigu við þjófnaði eða annarri löglausri töku menningarminja og útflutningi þeirra í kjölfar þess athæfis. Íslenska ríkið er að vísu ekki aðili að þeim sáttmála en við samningu þess frumvarps, er hér liggur fyrir, var þó m.a. haft nokkurt mið af því alþjóðlega vandamáli sem hér um ræðir.

Hvað varðar ákvæði frumvarpsins um útflutning menningarminja skal sérstaklega tekið fram að þeim er ekki ætlað að víkja til hliðar eða koma í stað núgildandi lagafyrirmæla eða annarra reglna er snerta leyfi hlutaðeigandi menningarstofnana hér á landi til þess að lána íslenska þjóðardýrgripi á sýningar erlendis, sjá m.a. 1. gr. laga nr. 70/1972, um Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Ákvæði frumvarpsins hafa að geyma undantekningar frá viðurkenndum stefnumiðum innan hins Evrópska efnahagssvæðis um frjálst vöru- og viðskiptaflæði milli aðildarríkja nefnds milliríkjasamnings. Þau hafa því öðrum þræði viðskiptalega þýðingu gagnstætt því sem gildir um fyrrnefnd ákvæði laga um lánsheimildir íslenskra safna til annarra landa í menningarlegum tilgangi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér skal vísað til þess er fyrr sagði um efni núverandi 28. gr. þjóðminjalaga, en lagt er til að hún verði úr gildi numin.

Um 2. gr.

Efni 2. gr. frumvarpsins felur í sér sjö greinar, er mynda nýjan VI. kafla þjóðminjalaga, ef að lögum verða. Fá þær greinar töluröðina 50.–56. Hinum nýja kafla er ætluð fyrirsögnin „Um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa“. Bent skal á að sum þau ákvæði frumvarpsins, sem falla undir 2. gr. þess, hafa almennt gildi um út- og innflutning menningarminja, en öðrum er einvörðungu ætlað að gilda um óheimilan innflutning frá og skil menningarverðmæta til aðildarríkja samningsins um Evrópska efnahagssvæðið svo sem síðar verður vikið að.

Þjóðminjasafni Íslands er samkvæmt frumvarpinu fengið það hlutverk að fara, fyrir hönd íslenska ríkisins, með daglega og almenna framkvæmd ákvæða VI. kafla, verði þau lögtekin. Í reynd mun tiltekinn embættismaður eða embættismenn við safnið fara með þau störf sem hér um ræðir eftir nánari ákvörðun þjóðminjavarðar, en þjóðminjaráð mun engu að síður, sem stjórnarnefnd safnsins, hafa eftirlit með því að þessum skyldum safnsins (sem öðrum) verði framfylgt og lagt er til að endanleg afgreiðsla umsókna um útflutningsleyfi menningarminja fari fram í ráðinu. Ágreiningi um ákvarðanir má síðan skjóta til menntamálaráðuneytis sem hins æðsta stjórnvalds á þessu sviði.

Eigi verður talið að annarri embættisstofnun hér á landi standi það nær en Þjóðminjasafni að annast það hlutverk sem því er hér fyrirhugað, en safninu er hins vegar ætlað að hafa náið samráð við ýmsar aðrar menningarstofnanir við undirbúning ákvarðana hverju sinni. Þá má minna á að samkvæmt núgildandi 28. gr. þjóðminjalaga hefur safnið hlutverki að gegna á þessu sviði þótt mun umfangsminna sé en hér er ráðgert. Sambærileg rök ráða því einnig að best þykir fara á því að lagaákvæðum þeim er hér um ræðir verði fenginn staður í þjóðminjalögum fremur en í sérstökum lagabálki.

Verður nú fjallað nánar um einstök ákvæði er heyra undir 2. gr. frumvarpsins.

Um 50. gr.

Efni greinarinnar, og þar með talin flokkun minjanna eftir tegundum þeirra, byggist alfarið á samsvarandi ákvæði reglna Evrópusambandsins frá 1992 um útflutning menningarminja sem fyrr hefur verið drepið á.

Um 51. gr.

Ákvæði þetta hefur nána samstöðu með ákvæði 50. gr. Ljóst er að þau verðgildismörk, sem hér eru gefin, leiða í reynd til þess að mjög er dregið úr strangleika ákvæða 50. gr. ef þau ættu að gilda óskoruð. Þær upphæðir, sem miðað er við í 2.–4. mgr., taka mið af þeim verðgildismörkum sem notuð eru í fyrrnefndum reglum Evrópusambandsins um útflutning menningarminja, en þar eru þau mörk tiltekin í ECU. Umreikningur í íslenskar krónur er miðaður við opinbert gengi ECU í ársbyrjun 1995, en tölur eru hér látnar standa á heilu hundraði þúsunda króna (til lækkunar frá nákvæmri niðurstöðu gengisreiknings sem reyndar skerpir reglurnar).

Í þessu sambandi skal til samanburðar minnt á ákvæði 52. gr. frumvarpsins þar sem hömlur eru lagðar við útflutningi þjóðardýrgripa án tillits til verðgildis þeirra.

Um 52. gr.

Verði núverandi 28. gr. þjóðminjalaga úr gildi felld eins og lagt er til í frumvarpinu ber nauðsyn til þess að engu að síður verði almennt ákvæði í lögunum sem falli að öðrum ákvæðum hins nýja VI. kafla þeirra og feli að nokkru í sér efni fyrrnefndrar greinar en í breyttri og endurbættri mynd. Er óhjákvæmilegt að í lögum séu tryggð úrræði til

að koma í veg fyrir útflutning þjóðardýrgripa og menningargersema þegar nægar ástæður réttlæta það, svo sem hér er lagt til, án þess að þar sé miðað við tegundir muna og gripa, aldur þeirra og verðgildi. Það leiðir af eðli máls að tilteknir munir geta talist mjög mikilvægir fyrir íslenska þjóðmenningu og skaði að hvarfi þeirra úr landi án tillits til ætlaðs markaðsverðs þeirra.

Um 53. gr.

Ákvæði 1. mgr. felur í sér almennt bann við innflutningi menningarminja til Íslands fari hann sannanlega fram í andstöðu við löggjöf þess ríkis, sem flutt er frá. Er þar eigi skírskotað sérstaklega til aðildarríkja samningsins um Evrópska efnahagssvæðið svo sem hins vegar á við um hin næstu ákvæði frumvarpsins er beinlínis fjalla um skilaferli menningarverðmæta, svo sem rakið er í 2. mgr. þessarar greinar. Í 2. mgr. er þó tekið fram að á skilasviði beri íslenskum stjórnvöldum einnig að veita aðstoð eftir því sem aðstæður leyfa þegar um er að ræða skilakröfur frá ríkjum sem ekki eiga aðild að nefndum samningi þótt ekki sé þá mælt fyrir um sama ferli þar (þar með talin dómstólameðferð og bótakröfur) og við á um skilakröfur frá aðildarríkjum samningsins.

Ákvæði 3. og 4. mgr. þessarar geinar eru sniðin að efni fyrrnefndrar ráðstilskipunar Evrópusambandsins frá 1993 og hafa verðmiðanir 3. mgr. nánin tengsl og samsvörun við verðmætisreglur 50. og 51. gr., sem fyrr var fjallað um.

Um 54. gr.

Ákvæði þessarar greinar taka eingöngu til krafna um skil menningarverðmæta sem flutt hafa verið með ólögmætum hætti frá einhverju aðildarríkja samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, enda séu þær kröfur bornar upp formlega af valdbæru stjórnvaldi í því ríki. Er hér m.a. fjallað um atbeina íslenskra dómstóla í þessu efni sé hans krafist með réttum hætti, en þar verður m.a. að virða kröfufresti sem nánar eru greindir í 3. mgr. Kveðið er á um skaðabótarétt manna sem sviptir verða menningarminjum, m.a. í kjölfar dóms, er kveður á um skil minjanna, hafi mennirnir öðlast hlutina í grandleysi þótt formlegt og gilt leyfi til flutnings þeirra frá einhverju aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið hafi skort.

Um 55. gr.

Svo sem fyrr var getið er Þjóðminjasafni Íslands ætlað að annast framkvæmd ákvæða hins nýja VI. kafla þjóðminjalaga, nái frumvarp þetta lögfestingu. Um þá framkvæmd eru gefin nánari fyrirmæli í þessari grein. Skal þá minnt á það er fyrr sagði um að hin brýnu ákvæði um skilaferli menningarverðmæta til annarra ríkja taki einvörðungu beint mið af kröfum um skil til ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins, enda þótt íslenskum stjórnvöldum (í reynd einkum Þjóðminjasafni Íslands) sé jafnframt ætlað að aðstoða við skil til annarra ríkja ef nægar ástæður réttlæta það og aðstæður leyfa.

Lagt er til að þriggja manna fagleg nefnd verði Þjóðminjasafni til aðstoðar og ráðgjafar á þessu sviði.

Einstök ákvæði greinarinnar þarfnast ekki nánari skýringar.

Um 56. gr.

Dagsetning sú er nefnd er í greininni vísar til fyrrnefnds frests sem íslensk stjórnvöld fengu til að lögleiða ákvæði umræddrar ráðstilskipunar Evrópusambandsins frá 1993 en samræmist að öðru leyti ákvæðum þeirrar tilskipunar.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á þjóðminjalögum, nr. 88 29. maí 1989, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er stefnt að lögfestingu tilskipunar Evrópusambandsins nr. 93/7 frá 15. mars 1993, um skil menningarminja sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis. Í frumvarpinu koma einnig fram almenn stefnumið um útflutning þeirra menningarminja sem hafa sérstakt gildi fyrir íslenska þjóðmenningu, án tillits til skilyrða fyrrnefndrar tilskipunar, og um almennt bann við innflutningi erlendra menningarminja, fari sá flutningur fram í andstöðu við löggjöf í því ríki sem flutt er frá.

Þjóðminjasafni Íslands er samkvæmt frumvarpinu ætlað að fara með daglega og almenna framkvæmd ákvæða frumvarpsins og er gert ráð fyrir skipun þriggja manna nefndar kunnáttumanna sem verði safninu til ráðuneytis.

Miðað við reynslu síðustu ára er ekki búist við að ákvæði frumvarpsins feli í sér aukna vinnu eða kostnað.

525. Tillaga til þingsályktunar [286. mál]

um fullgildingu fríverslunarsamnings milli EFTA-ríkja og Slóveníu.

(Lögð fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd fríverslunarsamning milli EFTA-ríkja og Slóveníu, sem gerður var í Bergen 13. júní 1995.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Hinn 13. júní 1995 var undirritaður í Bergen fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkja og Slóveníu.

Fríverslunarsamningurinn er hliðstæður þeim fríverslunarsamningum, sem EFTA-ríkin hafa gert við ríki í Mið- og Austur-Evrópu. Samningurinn kveður á um fríverslun milli EFTA-ríkja og Slóveníu með iðnaðarvörur (25.–97. kafli í samræmdri vörulýsinga- og vöruheitaskrá). Einnig nær samningurinn til fisks og fiskafurða, sbr. II. viðauka samningsins, og til vara sem unnar eru að hluta til eða öllu leyti úr landbúnaðarvörum (unnar landbúnaðarvörur). Þessar vörur eru sérstaklega tilgreindar og nánar kveðið á um framkvæmd viðskipta með þær í bókun A við samninginn.

EFTA-ríki og Slóvenía afnema alla innflutningstolla á iðnaðarvörum, sem upprunnar eru í þessum löndum, og gjöld, sem hafa samsvarandi áhrif. Fyrir vissar iðnaðarvörur fær Slóvenía aðlögunartíma fyrir niðurfellingu tolla en að öðru leyti falla tollar niður strax við gildistöku samningsins. Tollar falla niður á fiski og fiskafurðum strax við gildistöku samningsins með örfáum undantekningum, þar sem um aðlögunartíma er að ræða. Tekur aðlögunartími einkum til vatnafisks.

Varðandi viðskipti með landbúnaðarvörur lýsa samningsríkin sig reiðubúin að því marki, sem stefna þeirra í landbúnaðarmálum leyfir, að stuðla að samfelldri þróun viðskipta með landbúnaðarvörur. Í tengslum við fríverslunarsamninginn gerðu EFTA-ríkin tvíhliða samninga um landbúnaðarmál við Slóveníu.

Fríverslunarsamningur EFTA-ríkja og Slóveníu er birtur sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari.

Árið 1994 fluttu Íslendingar út vörur til Slóveníu fyrir 17,9 milljónir króna. Innflutningur frá Slóveníu nam á sama ári 1,9 milljónum króna.

Með tillögunni var fríverslunarsamningurinn prentaður ásamt eftirtöldum gögnum:

I. viðauki sem um getur í a-lið 2. gr. Gildissvið.

Bókun A, um vörur sem um getur í b-lið 2. gr. Gildissvið.

II. viðauki sem um getur í c-lið 2. gr. Gildissvið.

Bókun B, um upprunareglur.

III. viðauki sem um getur í 2. mgr. 4. gr. Innflutningstollar og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif.

IV. viðauki sem um getur í 3. mgr. 4. gr. Innflutningstollar og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif.

Bókun D sem um getur í 1. mgr. 6. gr. Fjáröflunartollar.

V. viðauki sem um getur í 3. mgr. 7. gr. Útflutningstollar og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif.

VI. viðauki sem um getur í 2. mgr. 8. gr. Magntakmarkanir á innflutningi eða útflutningi og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif.

Bókun D, um einokun sem stendur óbreytt við gildistöku samningsins þrátt fyrir 10. gr.

VII. viðauki sem um getur í 16. gr. Vernd hugverka.

VIII. viðauki, um túlkun 18. gr.

IX. viðauki. Reglur um framkvæmd 3. mgr. 18. gr. samnings EFTA-ríkjanna og Slóveníu.

X. viðauki. Stofnun og starfsemi gerðardómstóls.

Samþykkt fundargerð við undirritun fríverslunarsamnings milli EFTA-ríkjanna og lýðveldisins Slóveníu.

Bókun um samkomulag varðandi samning milli EFTA-ríkjanna og Slóveníu.
Samningurinn á ensku ásamt bókunum og viðaukum.
Um þessi gögn vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins). Einnig verður samningurinn prentaður í C-deild Stjórnartíðinda ásamt viðaukum og bókunum.

526. Fyrirspurn [287. mál]

til utanríkisráðherra um tækifæri kvenna til starfsframa í utanríkisþjónustunni.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

Hvað líður könnun og tillögum utanríkisráðuneytisins um það hvernig auka megi tækifæri kvenna til starfsframa í utanríkisþjónustunni, sbr. Framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna frá 7. maí 1993, lið 13.1?

527. Fyrirspurn [288. mál]

til dómsmálaráðherra um stöðu kvenna innan löggæslunnar.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hversu margar konur starfa nú við löggæslu hér á landi og hvert er hlutfall þeirra
   a. hjá lögregluembættum landsins,
   b. hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins?
2. Hvert er hlutfall kvenna í löggæslu hér miðað við önnur norræn lönd?
3. Hvernig hefur verið staðið við lið 1.1 (staða kynja hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins) í Framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna frá 7. maí 1993?
4. Hversu mikið hefur konum fjölgað við löggæslu hér á landi undanfarin fimm ár?
5. Hvaða markmið hefur dómsmálaráðuneytið sett sér um fjölgun kvenna við löggæslu, sbr. 5. og 7. gr. jafnréttislaga, og til hvaða aðgerða hefur verið gripið?
6. Hversu margar konur skipa yfirmannsstöður innan löggæslunnar?

Skriflegt svar óskast.

528. Fyrirspurn [289. mál]

til dómsmálaráðherra um samning við Neyðarlínuna hf.

Frá Lúðvík Bergvinssyni.

1. Hvaða rök liggja að baki þeirri ákvörðun ráðherra að gera þjónustusamning við

einkaaðila um rekstur samræmdrar neyðarsímsvörunar fyrir landið allt? Þekkist slíkt fyrirkomulag erlendis? Hvers vegna var samningurinn gerður til átta ára í ljósi þess að um nýja starfsemi er að ræða?
2. Var gerð úttekt á því áður en gengið var til samninga við Neyðarlínuna hf. hvort koma hefði mátt á fót samræmdri neyðarsímsvörun með minni tilkostnaði er raun ber vitni? Hvaða rök mæla gegn því að samræmdri neyðarsímsvörun verði varanlega komið fyrir á vaktstöð Slökkviliðs Reykjavíkur og í umsjá þess eða annarra opinberra aðila?
3. Hefur verið gerð athugun á því af hálfu ráðherra hvort starfsemi eða eignaraðild þeirra einkafyrirtækja sem hlut eiga í Neyðarlínunni hf. tengist innbyrðis á einhvern hátt, og þá hvort slík tengsl geti haft skaðleg áhrif á samkeppni í öryggisþjónustu á markaði, sbr. ákvæði samkeppnislaga? Hafi athugun farið fram, hvernig var að henni staðið og hver var niðurstaða hennar?
4. Voru sett einhver skilyrði um fjárhagslega stöðu þeirra fyrirtækja sem aðild eiga að Neyðarlínunni hf. í ljósi þess hversu mikilvæg starfsemi hennar er? Hefur farið fram athugun á eiginfjárstöðu þeirra einkafyrirtækja sem hlut eiga í Neyðarlínunni hf.?
5. Hefur verið brugðist við athugasemdum samkeppnisráðs frá 13. nóvember sl. varðandi samning dómsmálaráðuneytisins og Neyðarlínunnar hf. um fyrirkomulag á rekstri hennar? Ef svo er, hvernig hefur verið brugðist við og eru þær ráðstafanir nægjanlegar að mati samkeppnisráðs?
6. Er ætlunin að leggja niður sólarhringsvaktir á einhverri lögreglu- eða slökkvistöð eftir að samræmdri neyðarsímsvörum hefur verið komið á?
7. Er ætlunin að einkavæða fleiri þætti löggæslu- og öryggismála?
8. Fór fram útboð á undirbúningsvinnu við útboðsgögn í samræmi við útboðsstefnu ríkisins og ákvæði laga nr. 52/1987, um opinber innkaup? Hefur verkfræðistofan, sem vann verkið, unnið önnur verk fyrir dómsmálaráðuneytið eða stofnanir, sem undir það heyra, undanfarin fimm ár? Ef svo er, hvert er umfang þeirra viðskipta í krónum talið, og var til þeirra stofnað á grundvelli útboða?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Með samræmdri neyðarsímsvörun er átt við móttöku tilkynninga um neyðartilvik og að koma þeim á framfæri við lögreglu, slökkvilið, lækna og sjúkraflutningafólk, auk þess að leiðbeina og ráðleggja hinum nauðstadda. Þrátt fyrir að um það sé almenn sátt að helsta hlutverk ríkisvaldsins sé að sjá um verkefni á sviði löggæslu og öryggismála hefur dómsmálaráðherra gert samning við einkafyrirtækið Neyðarlínuna hf. um rekstur samræmdrar neyðarsímsvörunar fyrir landið allt, sbr. lög nr. 25/1995, og á sá samningur að gilda næstu árin.

Í áliti samkeppnisráðs, 13. nóvember sl., eru gerðar athugasemdir við samninginn og segir þar m.a.: „Neyðarlínan hf., sem er í eigu stærstu öryggisþjónustufyrirtækjanna á markaðnum auk þriggja opinberra fyrirtækja og stofnana, er að stórum hluta fjármögnuð af opinberu fé. Samkeppnisráð telur það ekki samræmast markmiðum samkeppnislaga að Neyðarlínan hf. geti starfað á samkeppnismarkaði og þá e.t.v. í samkeppni við einkaaðila í öryggisþjónustu. Samningur dómsmálaráðuneytisins og Neyðarlínunnar girðir ekki fyrir þennan möguleika félagsins eins og æskilegt væri.“

529. Fyrirspurn [290. mál]

til dómsmálaráðherra um störf dómara á vegum framkvæmdarvaldsins.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hversu margir dómarar (hæstaréttar- og héraðsdómarar) eiga sæti í nefndum á vegum framkvæmdarvaldsins eða hefur verið falið að vinna einstök verkefni fyrir framkvæmdarvaldið? Við hvaða dómstóla starfa þeir? Hvernig skiptast þessar nefndir milli ráðuneyta og hvenær voru þær síðast skipaðar? Ef um einstök verkefni er að ræða, þá hvaða verkefni, á síðustu fjórum árum, og hjá hvaða ráðuneytum.
2. Hversu margir dómarar sitja í nefndum á vegum framkvæmdarvaldsins vegna lagaákvæða þar um? Um hvaða nefndir er að ræða?
3. Hefur verið haft samráð við dómsmálaráðuneytið þegar önnur ráðuneyti hafa skipað dómara í nefndir eða falið dómurum önnur verkefni á sínum vegum?
4. Telur ráðherra það samrýmast því meginmarkmiði réttarfarsbreytinganna 1992 að dómarar, sem skulu vera umboðsstarfalausir, gegni stjórnsýslustörfum og kveði jafnvel upp stjórnsýsluúrskurði?
5. Telur ráðherra það vera í samræmi við hlutleysi dómsvaldsins að starfandi dómarar eigi þátt í að semja frumvörp til laga er þeir eiga síðar að dæma eftir?

Skriflegt svar óskast.

530. Fyrirspurn [291. mál]

til menntamálaráðherra um fjarnám.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hvaða skólar á háskólastigi bjóða nú upp á fjarnám?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir eflingu fjarnáms í skólum á háskólastigi?

531. Fyrirspurn [292. mál]

til dómsmálaráðherra um þau ákvæði hegningarlaga er varða óviðeigandi ummæli um erlenda þjóðhöfðingja.

Frá Svavari Gestssyni.

Telur ráðherra ekki tímabært að fella úr gildi það ákvæði almennra hegningarlaga er mælir fyrir um refsingu fyrir að smána erlenda ráðamenn eða þjóðhöfðingja opinberlega?

532. Fyrirspurn [293. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um úthlutanir úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Hvernig hefur fjármagni Framkvæmdasjóðs aldraðra verið ráðstafað sl. fimm ár? Óskað er eftir að fjárhæðir séu sundurliðaðar eftir því til hvaða aðila, framkvæmda og rekstrarþátta greitt hefur verið.

Skriflegt svar óskast.

533. Fyrirspurn [294. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um kostnað við umönnun aldraðra.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hver er kostnaður á dag við heimahjúkrun aldraðra með tilliti til heildarkostnaðar sl. þriggja ára?
2. Hver er sambærilegur kostnaður á dag við umönnun aldraðra á dvalar- og hjúkrunarheimilum?

Skriflegt svar óskast.

534. Tillaga til þingsályktunar [295. mál]

um breytingu á þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1995–1998.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

Alþingi ályktar að árið 1996 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað samkvæmt eftirfarandi vegáætlun.

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN

(Fjárhæðir í m.kr.)

	1996
1.1. Markaðar tekjur:	
1. Bensíngjald	4.405
2. Þungaskattur, árgjald	685
3. Þungaskattur, km-gjald	1.560
4. Bætt innheimta þungask.	100
1.2. Fært í ríkissjóð	-637
	6.113
1.3. Framkvæmdaátak:	
1. Frá mörkuðum tekjustofnum	350
2. Framlag úr ríkissjóði	350
3. Lánsfé	0
4. Endurgreiðsla lánsfjár í lið 1.3.3	-50
	650
Samtals	6.763

II. SKIPTING ÚTGJALDA
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1996	
2.1. Stjórn og undirbúningur:		
1. Skrifstofukostnaður	140	
2. Tæknilegur undirbúningur	144	
		284
2.2. Viðhald þjóðvega:		
1. Almenn þjónusta		
1. Sameiginlegt	215	
2. Vegir og vegyfirborð	335	
3. Brýr og önnur vegamannvirki	35	
4. Vegmerkingar og vegbúnaður	220	
		805
2. Vetrarþjónusta		660
3. Viðhald		
1. Endurnýjun bund. slitl.	493	
2. Endurnýjun malarslitlaga	205	
3. Styrkingar og endurbætur	260	
4. Viðhald brúa og varnargarða	100	
5. Öryggisaðgerðir	60	
6. Vatnaskemmdir	42	
		1.160
4. Þéttbýlisvegir		310
2.3. Til nýrra þjóðvega:		
1. Stofnvegir		
1. Alm. verk. og bundin slitl.	782	
2. Höfuðborgarsvæðið	431	
3. Stórverkefni	463	
4. Framkvæmdaátak	650	
	2.326	
2. Tengivegir	275	
3. Til brúagerða		
1. Brýr 10 m og lengri	118	
2. Smábrýr	12	
4. Girðingar	28	
		2.759
2.4. Til safnvega:		159
2.5. Til landsvega:		60
2.6. Til styrkvega:		25
2.7. Til reiðvega:		10
2.8. Til tilrauna:		65
2.9. Til flóabáta:		466
Samtals		6.763

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Gildandi vegáætlun fyrir árin 1995–1998 var samþykkt á Alþingi í febrúar 1995. Þar var gert ráð fyrir 7.678 m.kr. heildarfjáröflun til vegamála á árinu 1996. Innifalið í þeirri fjáröflun voru tekjur af mörkuðum tekjustofnum, framlag úr ríkissjóði til framkvæmdaátaks og lánsfé til átaksins.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1996 var ákveðið að útgjöld til vegamála yrðu 6.663 m.kr. Jafnframt var gert ráð fyrir hertri innheimtu þungaskatts. Gæfi þungaskattur meiri tekjur en tölur í fjárlögum segja til um, skyldi sú aukna innheimta renna til vegamála á árinu. Var miðað við, að sú upphæð yrði tekin inn í fjáraukalög 1996, en hún hefur verið áætluð um 50 m.kr. Þá hefur bensíngjald verið hækkað að því marki, að hækkunin skili 100 m.kr. á þessu ári.

Með vísan til þess, sem hér er rakið á undan verður niðurstöðutala vegáætlunar 1996 6.663 + 100 = 6.763 m.kr. Síðan bætast við 50 m.kr. ef innheimta þungaskatts skilar þeim fjármunum.

Af þessum orsökum verður ekki komist hjá því að endurskoða vegáætlun fyrir árið 1996, en regluleg endurskoðun á ekki að fara fram fyrr en þinginu 1996 – 1997.

0. Verðlagsforsendur.

Í þessari endurskoðun vegáætlunar fyrir 1996 er gengið út frá verðlagsforsendum fjárlaga þ.e. að verðlagshækkun frá 1995 verði um 2,4%. Meðaltalsvísitala vegagerðar fyrir árið 1996 er því áætluð 5.150 stig.

I. Fjáröflun.

Eftirfarandi er samanburður á áætlaðri fjáröflun samkvæmt gildandi vegáætlun og tillögu þessari að vegáætlun 1996. Í töflunni eru tekjur flokkaðar eftir uppruna, en ekki ráðstöfun eins og í tillögunni.

	Gildandi vegáætlun m.kr.	Tillaga jan. 1996 m.kr.
Markaðar tekjur:		
Bensíngjald	4.876	4.660
Þungaskattur km-gj.	1.651	1.730
Þungaskattur árgjald	624	710
Alls	7.151	7.100
Framlag úr ríkissjóði	361	350
Lánsfé	310	0
Endurgreiðsla lánsfjár	0	- 50
Fært í ríkissjóð	- 144	- 637
Samtals VÁ	7.678	6.763

Í tölunum fyrir markaðar tekjur eru meðtaldar þær 350 m.kr. af mörkuðum tekjum sem renna eiga til framkvæmdaátaksins.

Bensíngjald hækkar þann 1. febrúar 1996 um 2,6% og er sú hækkun tekin með hér. Ekki er gert ráð fyrir öðrum breytingum á gjaldskrám markaðra tekja.

Við gerð vegáætlunar fyrir 1995–1998 var gert ráð fyrir að sala á bensíni tekjuárið 1995 yrði 1,8% meiri en 1994. Reyndin varð 0,8% sölusamdráttur. Þar af leiðandi er ný

spá um tekjur af bensíngjaldi 216 m.kr. lægri en í upphaflegu áætluninni. Á móti kemur að tekjur af þungaskattir voru öllu meiri en áætlað hafði verið og er nú reiknað með 165 m.kr. aukningu þar.

Vegagerðin tók við eftirliti með þungaskattsmálum í ársbyrjun 1994, og var eftirlitið þá aukið verulega. Auknar tekjur af þungaskatti má að verulegu leyti rekja til aukins eftirlits og hertrar innheimtu. Eftirlitið verður enn eflt á þessu ári, og er búist við að það skili 50 m.kr. umfram tölur hér að ofan, og verður það þá tekið inn í fjáraukalög eins og áður sagði.

Nú er ljóst að þungaskattskerfið verður í gildi enn um sinn. Ákveðið var að fresta gildistöku laga um olíugjald í tvö ár. Þessum tíma á að verja til að útfæra hér á landi olíugjald, sem byggist á litun olíu.

2. Skipting útgjalda.

Í meðfylgjandi töflu er sýndur samanburður á gildandi vegáætlun og tillögu þeirri, sem hér liggur fyrir.

			Gildandi vegáætlun m.kr.		Tillaga janúar 1996 m.kr.
2.1.	Stjórn og undirbúningur		286		284
2.2.1.	Almenn þjónusta		844		805
2.2.2.	Vetrarþjónusta		630		660
2.2.3.	Viðhald		1.249		1.160
2.2.4.	Þéttbýlisvegir		285		310
2.3.1.1.	Almenn verkefni og bundin slitlög	957		782	
2.3.1.2.	Höfuðborgarsvæðið	484		431	
2.3.1.3.	Stórverkefni	567		463	
2.3.1.4.	Framkvæmdaátak	1.032		650	
2.3.2.	Tengivegir	336		275	
2.3.3.	Til brúagerða	159		130	
2.3.4.	Til girðinga	28	3.563	28	2.759
2.4.	Til safnvega		181		159
2.5.	Til landsvega		66		60
2.6.	Til styrkvega		27		25
2.7.	Til reiðvega		11		10
2.8.	Til tilrauna		66		65
2.9.	Til flóabáta		470		466
		Samtals	7.678		6.763

Við samanburð á tölum þarf að hafa í huga, eins og áður var vikið að, að lítilsháttar munur er á verðlagi fjárlaga og því verðlagi sem vegáætlun gerði ráð fyrir. Sú breyting sem gerð er á liðum 2.1. og 2.9. skýrist af þessum mun.

Viðhalds- og þjónustuliðirnir 2.2.1.–2.2.4. lækka samtals um verðlagsmuninn og auk þess um 50 m.kr., en reiknað er með að tekjuauki vegna bættrar innheimtu þungaskatts renni í staðinn til þessara liða. Þessu til viðbótar hefur reynst nauðsynlegt að færa nokkuð á milli þessara liða innbyrðis, þannig er lagt til að fjárveiting til vetrarþjónustu hækki nokkuð vegna mikils halla á þeim lið frá síðasta ári. Þá hefur komið í ljós við samninga við þéttbýlissveitarfélög um veghald (viðhald og þjónustu þjóðvega innan þéttbýlismarka) að fjármagn til þess liðar var nokkuð vanáætlað. Hækkun á þessum tveimur liðum er látin bitna á liðum 2.2.1. og 2.2.3., almennri þjónustu og viðhaldi.

Gert er ráð fyrir því að fjárveiting til framkvæmdaátaks verði 650 m.kr. í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar þar um. Lagt er til að fjárveitingar til annarra nýframkvæmda lækki um rúmlega 18% en aðrir smærri liðir (2.4.–2.7.) lækki nokkru minna. Í liðnum 2.3.1.2. Höfuðborgarsvæðið er innifalin greiðsla skuldar við Reykjavíkurborg samkvæmt samningi frá 1991. Upphæðin er bundin og því ekki skorin niður, en aðrar fjárveitingar í liðnum lækka um rúmlega 18% eins og annað. Liður 2.8. til tilrauna er í samræmi við vegalög.

Ef fjármagn samkvæmt þessari tillögu er borið saman við undanfarin ár fæst eftirfarandi niðurstaða (vísitala vegagerðar 5150).

		Þar af	
Ár	Heildarútgjöld til vegamála m.kr.	Nýbygg. vega, brúa og fjárv.til landsvega m.kr.	Almenn þjónusta og viðhald m.kr.
1986	5.701	2.507	1.793
1987	4.984	2.155	1.555
1988	5.373	2.514	1.516
1989	5.674	2.484	1.495
1990	5.677	2.660	1.501
1991	5.868	2.887	1.588
1992	6.110	3.085	1.762
1993	7.921	4.273	1.917
1994	7.690	3.783	2.004
1995	7.813	3.653	2.037
1996	6.763	2.819	1.965

Tölur fyrir árin 1986–1994 eru samkvæmt skýrslu ráðherra um framkvæmd vegáætlunar en tölur fyrir árið 1995 eru samkvæmt vegáætlun fyrir það ár, að viðbættum 200 m.kr. samkvæmt fjáraukalögum 1995 vegna mikils kostnaðar við vetrarþjónustu.

Hafa verður í huga að frá og með árinu 1993 eru greidd framlög til flóabáta sem eru innifalin í heildarútgjöldum til vegamála.

535. Frumvarp til laga [296. mál]

um breyting á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

4. mgr. 10. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 83/1995, orðast svo:

Þá er heimilt að veiða 5% umfram aflamark hverrar botnfisktegundar, síldar og úthafsrækju og 3% umfram aflamark innfjarðarrækju og hörpudisks, enda dregst sá umframafli frá við úthlutun aflamarks næsta fiskveiðiárs á eftir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 4. mgr. 10. gr. laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, eins og lögin voru samþykkt á Alþingi í maí 1990, var fiskiskipi aðeins heimilt að veiða umfram aflamark sitt í botnfisktegundum. Heimild þessi takmarkaðist við 5% af aflamarki skips í hverri botnfisktegund og dróst umframafli frá við úthlutun aflamarks í sömu tegundum til fiskiskipsins næsta fiskveiðiár á eftir.

Á 117. löggjafarþingi var lagt fram frumvarp um breytingu á áðurgreindu ákvæði og var þar lagt til að þessi heimild til umframveiða tæki einnig til veiða á síld. Ástæða þess að þetta frumvarp var lagt fram var fyrst og fremst sú að á síldarvertíð haustið 1993 var skortur á síld til manneldisvinnslu. Var talið að með þessari breytingu næðist að fá það magn til ráðstöfunar til manneldisvinnslu sem samningar væru fyrir. Var frumvarp þetta samþykkt í desember 1993, sbr. lög nr. 113 14. desember 1993.

Við endurskoðun laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, í maí 1994, á sumarþingi 1995, var 4. mgr. 10. gr. breytt þannig að heimildin tæki einnig til veiða á rækju, en hins vegar var heimild til umframveiða á síld felld niður, sbr. 3. gr. laga nr. 83/1995. Miðast heimild til umframveiða í rækju við 5% í úthafsrækju en 3% í innfjarðarrækju.

Með frumvarpi þessu er lagt til að aftur verði horfið til fyrri skipunar varðandi síldina þannig að heimilt verði einstökum fiskiskipum að veiða allt að 5% umfram aflamark í síld. Þá er lagt til að heimilt verði að veiða 3% umfram í hörpudiski eins og nú leyfist í innfjarðarrækju, en skipan veiðistjórnunar í þessum staðbundnu stofnum er með líkum hætti. Umframaflinn komi til frádráttar næsta fiskveiðiár á eftir eins og tíðkast í öðrum tegundum. Þykir þessi skipan heppilegri, bæði með tilliti til samræmingar í nýtingu veiðiheimilda auk þess sem hún skapar nokkurt svigrúm sem getur nýst þegar markaðsaðstæður eru hagstæðar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að heimilaðar verði veiðar á síld 5% umfram aflamark, enda dragist sá umframafli frá við úthlutun aflamarks næsta fiskveiðiárs. Aukakostnaður ríkissjóðs af þessum sökum er enginn þar eða núverandi aflastjórnunarkerfi mun ná yfir þessa breytingu án teljandi fyrirhafnar.

536. Frumvarp til laga [297. mál]

um fjárreiður ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

I. KAFLI
Ríkisreikningur.

Almennt um bókhald og reikningsskil ríkisins.

1. gr.

Bókhaldi ríkisins, stofnana þess og fyrirtækja skal hagað á skýran og aðgengilegan hátt og skulu reikningsskil gefa glögga mynd af rekstri þess og efnahag. Að svo miklu leyti sem ekki er sérstaklega mælt fyrir á annan veg í lögum þessum gilda ákvæði laga nr. 145/1994, um bókhald, og laga nr. 144/1994, um ársreikninga, svo og góðar bókhalds- og reikningsskilavenjur.

Ríkisaðilar.

2. gr.

Ríkisaðilar eru þeir sem hafa með höndum starfsemi sem lögum samkvæmt lýtur ákvörðunarvaldi stjórnvalda eða eru að meiri hluta í eigu ríkisins.

Flokkun í ríkisreikningi.

3. gr.

Ríkisreikningur skiptist í eftirfarandi hluta:

1. A-hluti. Til hans teljast ríkissjóður og ríkisstofnanir, þar með taldir sjóðir í eigu ríkisins sem sinna starfsemi er að stærstum hluta er fjármögnuð af almennum skatttekjum. Sama á við um verðmiðlunar- og verðjöfnunarsjóði, öryggis- og eftirlitsstofnanir og þjónustustofnanir við ríkisaðila sem starfa samkvæmt sérstökum lögum þótt kostnaður við starfsemi þeirra sé ekki greiddur af almennu skattfé. Í A-hluta skal jafnframt gerð grein fyrir fjárreiðum þeirra sem ekki eru ríkisaðilar ef ríkissjóður kostar að öllu eða að verulegu leyti starfsemi þeirra með framlögum eða ber rekstrarlega ábyrgð á starfseminni samkvæmt lögum eða samningi.

2. B-hluti. Til hans teljast ríkisfyrirtæki er starfa á markaði og standa að öllu eða verulegu leyti undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vöru eða þjónustu til almennings og fyrirtækja, hvort sem er í samkeppni eða í skjóli einkaréttar, enda séu þau hvorki sameignar- né hlutafélög.
3. C-hluti. Til hans teljast lánastofnanir í eigu ríkisins aðrar en innlánsstofnanir, enda séu þær hvorki sameignar- né hlutafélög.
4. D-hluti. Til hans teljast fjármálastofnanir ríkisins, þar með taldir bankar og vátryggingarfyrirtæki í eigu ríkisins, enda séu þær hvorki sameignar- né hlutafélög.
5. E-hluti. Til hans teljast sameignar- og hlutafélög sem ríkið á að hálfu eða meira.

Reikningsár ríkisins.

4. gr.

Reikningsár ríkisins, stofnana þess og fyrirtækja, skal vera almanaksárið.

Áritun ríkisreiknings.

5. gr.

Með ríkisreikningi skal fylgja áritun fjármálaráðherra og ríkisbókara þar sem m.a. komi fram að reikningurinn nái til allra stofnana ríkisins og að hann sé gerður í samræmi við lög og þær venjur sem gilda um reikningsskil ríkisins.

Endurskoðun.

6. gr.

Ríkisendurskoðandi er endurskoðandi ríkisreiknings og ársreikninga stofnana og fyrirtækja ríkisins, sbr. lög nr. 12/1986, um Ríkisendurskoðun, og skal hann árita þá.

Framlagning ríkisreiknings.

7. gr.

Fjármálaráðherra skal leggja endurskoðaðan ríkisreikning fyrir Alþingi eigi síðar en 10 dögum eftir að þing kemur saman að hausti.

A-hluti ríkisreiknings.

8. gr.

A-hluti ríkisreiknings skal gerður í samræmi við viðurkenndar reikningsskilavenjur og skal m.a. geyma eftirfarandi upplýsingar:

a. Reikningsyfirlit er sýni:
   1. Rekstrarreikning.
   2. Efnahagsreikning.
   3. Sjóðstreymi.

   Í yfirlitum skv. 1.–3. tölul. skal sýna samanburð við fjárheimildir ársins og reikningstölur fyrra árs.
b. Skýringar þar sem m.a. komi fram:
   1. Lýsing á reikningsskilaaðferðum.
   2. Yfirlit yfir lán og ábyrgðir þar sem m.a. komi fram:
      a. Tekin löng lán.
      b. Veitt löng lán.
      c. Samningar sem fela í sér fjárskuldbindingar.
      d. Ábyrgðarskuldbindingar.

3. Önnur yfirlit þar sem m.a. komi fram:
   a. Áhættufé í fyrirtækjum og sjóðum.
   b. Gjaldfærð fjárfesting.
   c. Útgjöld umfram heimildir.
   d. Breytingar á höfuðstólsreikningi.

Ríkistekjur.
9. gr.

Til ríkistekna í A-hluta teljast:

1. Skattar og gjöld sem ríkið leggur á og innheimtir á grundvelli laga án þess að á móti komi beint framlag eða þjónusta í réttu hlutfalli við greiðslur.
2. Rekstrartekjur, þ.e. lögþvingaðar tekjur fyrir veitta þjónustu eða starfsemi á vegum ríkisins, auk tekna af eignum, viðurlögum og sektum.
3. Tekjur af sölu eigna, sbr. þó 35. gr.
4. Fjármagnstilfærslur, þ.e. tekjur frá öðrum en opinberum aðilum sem eingöngu eru ætlaðar til að fjármagna fjárfestingar.
5. Fjárframlög, þ.e. óafturkræf framlög frá öðrum.

Skattafslættir.
10. gr.

Skattafslættir, sem ekki eru útborganlegir, skulu dregnir frá tekjum skv. 1. tölul. 9. gr. Þeir skulu þó sýndir sérstaklega í tekjuyfirliti ríkisreiknings.

Útborganlega skattafslætti og bætur skal færa til gjalda.

Innheimta fyrir aðra.
11. gr.

Af sameiginlegum tekjustofni opinberra aðila sem ríkissjóður innheimtir og skiptist í föstum hlutföllum skal aðeins telja þann hluta meðal ríkistekna sem ríkissjóður hefur til eigin ráðstöfunar. Sé hins vegar sveitarfélögum ætluð föst fjárhæð af hinum sameiginlega tekjustofni skal færa tekjurnar að fullu hjá ríkissjóði og sýna ráðstöfun þeirra á gjaldahlið rekstrarreiknings.

Sérgreindir tekjustofnar sveitarfélaga, sem ríkissjóður annast innheimtu á, teljast ekki með tekjum ríkissjóðs.

Lögbundnir tekjustofnar sem ríkissjóður innheimtir, annarra en sveitarfélaga, skulu teljast meðal ríkistekna og ráðstöfun þeirra koma fram á gjaldahlið A-hluta ríkisreikningsins.

Þjónustutekjur.
12. gr.

Tekjur ríkisstofnana af sölu vöru og þjónustu sem seld er á markaðsforsendum skulu færast til lækkunar á gjöldum en jafnframt sýndar sérstaklega í reikningum þeirra.

Flokkun útgjalda.
13. gr.

Gjöldum skal skipt eftir ráðuneytum en þó skal sýna fjármagnsgjöld sérstaklega. Í séryfirlitum skal sýna:

1. Skiptingu gjalda eftir málaflokkum.
2. Hagræna skiptingu útgjalda.
3. Skiptingu gjalda eftir stofnunum og viðfangsefnum.
4. Ráðstöfun fjár sem veitt er óskiptu í fjárlögum til einstakra ráðuneyta eða ríkisstjórnar með sundurliðunum á viðfangsefni og málaflokka eftir því sem við á.

Varanlegir rekstrarfjármunir.
14. gr.

Varanlega rekstrarfjármuni stofnana í A-hluta skal færa til gjalda á því reikningsári sem til þeirra er stofnað.

Eignir utan efnahags.
15. gr.

Árlega skal halda sérstaka eignaskrá um varanlega rekstrarfjármuni ríkisins. Hún skal sundurliðuð eftir eignaflokkum og skulu niðurstöður hennar birtar með ríkisreikningi.

B- og C-hluti ríkisreiknings.
16. gr.

B- og C-hluti ríkisreiknings skulu a.m.k. hafa að geyma samandregna útgáfu af ársreikningum ríkisfyrirtækja og lánastofnana sem flokkast undir 2. og 3. tölul. 3. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um stytta útgáfu ársreikninga skv. 1. mgr.

D- og E-hluti ríkisreiknings.
17. gr.

Í D- og E-hluta ríkisreiknings skulu sýndar lykiltölur úr ársreikningum fjármálastofnana og félaga, sbr. 4. og 5. tölul. 3. gr.

II. KAFLI
Ársreikningar.
Gerð ársreikninga stofnana.
18. gr.

Ársreikningar stofnana í A-hluta skulu hafa að geyma sömu upplýsingar og tilgreindar eru í 8. gr. eftir því sem við getur átt.

Um ársreikninga stofnana ríkisaðila utan A-hluta gilda ákvæði laga um ársreikninga eða ákvæði sérlaga ef þau kveða á um jafnmiklar eða meiri kröfur til ársreikningagerðar.

Undirritun ársreikninga stofnana í A-hluta.
19. gr.

Ársreikningur stofnunar í A-hluta skal undirritaður af forstöðumanni hennar og aðalbókara. Um ábyrgð fyrir gerð ársreikningsins gilda ákvæði 50. gr.

Skil á ársreikningum.

20. gr.

Allar stofnanir A-hluta skulu gera ársreikning og eignaskrá innan tveggja mánaða frá lokum reikningsárs og senda til ríkisbókhalds, viðkomandi ráðuneytis og Ríkisendurskoðunar. Ríkisbókhaldi er heimilt að lengja skilafrest um allt að 30 daga.

Ríkisaðilar utan A-hluta skulu eigi síðar en 31. mars ár hvert hafa sent ríkisbókhaldi og viðkomandi ráðuneyti ársreikninga sína. Ríkisbókhald getur framlengt skilafrest um allt að 30 daga.

Einnig skulu þeir sem ekki eru ríkisaðilar og um getur í 3. málsl. 1. tölul. 3. gr. senda ársreikninga sína til ríkisbókhalds, viðkomandi ráðuneytis og Ríkisendurskoðunar innan þess frests sem getur í 1. mgr.

Hverju ráðuneyti ber að sjá til þess að stofnanir, sem undir það heyra, uppfylli ákvæði laga um skilafrest ársreikninga.

III. KAFLI
Frumvarp til fjárlaga.

Almennt.

21. gr.

Þegar er Alþingi kemur saman að hausti skal fjármálaráðherra leggja fram frumvarp til fjárlaga sem nái yfir fjárreiður aðila í A-, B- og C-hluta á næsta fjárlagaári. Frumvarpið skal vera á rekstrargrunni sbr. 1. gr., en einnig skal gerð grein fyrir áætluðum sjóðshreyfingum. Þannig skal fyrir fram leitað heimilda til greiðslna úr ríkissjóði, eftirgjafar krafna og til að gera hvers konar samninga um fjárhagslegar skuldbindingar fyrir ríkissjóð, ríkisstofnanir, fyrirtæki og sjóði í B- og C-hluta.

Frumvarp til fjárlaga skal samið með hliðsjón af þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar. Skulu áætlanir um tekjur og gjöld í frumvarpinu gerðar á sömu meginforsendum og þjóðhagsáætlun.

A-hluti frumvarps til fjárlaga.

22. gr.

Í frumvarpi til fjárlaga skal sýna áætlaðan rekstrarreikning fyrir ríkisaðila í A-hluta og jafnframt skal þar gerð grein fyrir áætluðu sjóðstreymi og lánahreyfingum ríkissjóðs.

Tekjur ríkissjóðs skulu sýndar eftir meginflokkum tekna og helstu skattstofnum. Skulu þar bæði sýndar álagðar og innheimtar tekjur.

Gjöld ríkissjóðs skulu sundurliðuð eftir ábyrgðarsviðum og viðfangsefnum. Gjöld skulu sýnd á rekstrargrunni, sbr. 1. mgr. 21. gr., þannig að þau sýni skuldbindingar að frádregnum þjónustutekjum. Þá skal sýnd fjármögnun gjaldanna.

Fjárveitingar skulu flokkaðar eftir viðfangsefnum og skiptast í almenn rekstrargjöld, viðhaldsgjöld og stofnkostnað.

Lánahreyfingar ríkissjóðs skulu sundurgreindar í langtímalán eða skammtímalán.

Markaðir tekjustofnar og lögbundin framlög.

23. gr.

Breytingar á mörkuðum tekjustofnum eða lögbundnum framlögum skal gera í fjárlögum eða fjáraukalögum. Í frumvarpi til fjárlaga skal vera sérstakt yfirlit um stöðu og ráðstöfun markaðra tekna og lögbundinna framlaga.

Skýringar við tekjur og útgjöld ríkissjóðs.
24. gr.

Í fjárlagafrumvarpi skal í athugasemdum gerð grein fyrir tekjuáætlun ríkissjóðs og útgjaldaáformum ráðuneyta, ríkisstofnana, ríkisfyrirtækja og lánastofnana. Gerð skal grein fyrir ráðstöfun fjárveitinga og efnislegum breytingum frá einu ári til annars. Enn fremur komi fram lýsing á helstu verkefnum einstakra ríkisaðila, verðmæti fjárfestingar og tilgangur styrkja til einkaaðila.

Ráðuneytum, ríkisstofnunum, ríkisfyrirtækjum og lánastofnunum er skylt að veita fjármálaráðherra þær upplýsingar sem hann telur nauðsynlegar við gerð frumvarpsins.

B- og C-hluti frumvarps til fjárlaga.
25. gr.

Í B- og C-hluta frumvarps til fjárlaga skal koma fram áætlun um rekstrarafkomu, arðgreiðslur, fjárfestingu, lántökur og lánveitingar einstakra aðila í B- og C-hluta ríkisreikningsins.

Í séryfirlitum skal sýnd sundurliðun á rekstrarreikningi og sjóðstreymi.

Lántökur, endurlán og ábyrgðir.
26. gr.

Í frumvarpi til fjárlaga skal leitað heimilda til lántöku, lánveitinga og ríkisábyrgða. Í athugasemdum skal jafnframt vera yfirlit um heildarlántökur ríkisaðila, lánveitingar til einstakra aðila utan A-hluta og um veitingu ríkisábyrgða og skiptingu þeirra eftir helstu ábyrgðarflokkum.

Áætlun yfir fjárfestingar og lánsfjárþörf.
27. gr.

Frumvarp til fjárlaga skal geyma áætlun yfir fjárfestingu opinberra aðila og lánsfjárþörf. Undirbúningur þessarar áætlunar skal vera á vegum fjármálaráðuneytis og skal það hafa forgöngu um gerð hennar í samvinnu við hlutaðeigandi aðila. Í henni skulu m.a. eftirtalin atriði koma fram:

1. Áætlun um opinberar framkvæmdir og spá um heildarfjárfestingu. Tekur þetta m.a. til fjármögnunar og fjárráðstafana ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og annarra opinberra aðila.
2. Áætlun um lánveitingar og fjármögnun fjárfestingarlánasjóða og sjóðstreymi lífeyrissjóða.
3. Heildaráætlun um lántökur opinberra aðila.
4. Yfirlit um skuldbindingar þjóðarbúsins út á við og áætlaðar greiðslur afborgana og vaxta af erlendum lánum minnst þrjú ár fram í tímann.
5. Yfirlit og spár um lána- og peningamarkaðinn í heild.

Langtímaáætlun.
28. gr.

Með fjárlagafrumvarpi ár hvert skal leggja fram áætlun fyrir ríkisbúskapinn til næstu þriggja ára eftir lok þess fjárhagsárs sem fjárlagafrumvarpið tekur til. Þar skal annars vegar gerð grein fyrir horfum í ríkisbúskapnum í ljósi almennra efnahagshorfa og hins vegar stefnu stjórnvalda í ríkisfjármálum. Fram komi mat á áhrifum ríkisbúskaparins á efnahags- og atvinnumál, áform um öflun tekna og skiptingu gjalda, fjárframlög til fjár-

festingar og yfirlit um lánastarfsemi ríkisins.

Þegar fjárlög hafa verið samþykkt á Alþingi skal langtímaáætlunin endurskoðuð og lögð fram á Alþingi ef verulegar breytingar hafa orðið á forsendum hennar.

IV. KAFLI
Framkvæmd fjárlaga.
Almennt um A-, B- og C-hluta.

Ráðstöfun eigna og samningar.

29. gr.

Ríkisaðilar í A-, B- og C-hluta skulu hverju sinni afla heimilda í lögum til að kaupa, selja, skipta eða leigja til langs tíma eftirtaldar eignir:

1. Fasteignir.
2. Eignarhluta í félögum.
3. Skip og flugvélar.
4. Listaverk, listmuni og söfn sem hafa að geyma menningarverðmæti.
5. Aðrar eignir sem verulegt verðgildi hafa og ekki falla undir 1.–4. tölul. þessarar greinar, nema annað leiði af ákvæðum þessa kafla.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal heimilt að taka á leigu og leigja út eignir skv. 1. mgr. ef um er að ræða venjubundna rekstrarleigu, enda liggi fyrir samþykki viðkomandi ráðuneytis og fjármálaráðuneytis.

30. gr.

Ráðuneytum er heimilt með samþykki fjármálaráðuneytis að gera verksamninga og samninga um rekstrarverkefni til lengri tíma en eins árs, enda sé verkefnið skilgreint í fjárlögum.

Eignir keyptar nauðungarsölu og ráðstöfun þeirra.

31. gr.

Ríkisaðilar í A-, B- og C-hluta geta án sérstakrar lagaheimildar keypt eignir við nauðungarsölu á grundvelli veðréttar eða skilmála að baki áfallinna ábyrgðarskuldbindinga.

Eignir, sem keyptar eru skv. 1. mgr., skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt.

Viðskipti án staðgreiðslu í A- og B-hluta.

32. gr.

Ríkisaðilum í A- og B-hluta er heimilt að eiga viðskipti án staðgreiðslu, enda séu þau innan marka fjárheimilda, og skal jafnan um það samið hvenær greiða skuli fyrir þau viðskipti. Fjármálaráðherra setur reglur um láns- og reikningsviðskipti.

Um A-hluta.

Ófyrirséð greiðsluskylda A-hluta.

33. gr.

Valdi ófyrirséð atvik því að greiða þarf úr ríkissjóði er fjármálaráðherra heimilt að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún ekki bið. Fjármálaráðherra er skylt að gera grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum og leita heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga.

34. gr.

Séu gerðir kjarasamningar sem kveða á um frekari launaútgjöld ríkisins en fjárlög gerðu ráð fyrir skal svo fljótt sem kostur er leita heimilda Alþingis til slíkra útgjalda með frumvarpi til fjáraukalaga. Launagreiðslum skal þó haga í samræmi við hina nýju kjarasamninga.

Ráðstöfun lausafjár A-hluta.

35. gr.

Ríkisstofnunum er heimilt án sérstakrar lagaheimildar að selja lausafé sem þær hafa notað við starfsemi sína, svo sem ökutæki, vélar, áhöld og annan búnað. Söluandvirði skal skilað í ríkissjóð nema fjármálaráðherra heimili ríkisstofnun að ráðstafa því til endurnýjunar á búnaði.

Gjafir til A-hluta.

36. gr.

Ákveði ríkisstjórn eða ríkisstofnun að þiggja gjöf sem gefin er með kvöðum eða skilyrðum sem óhjákvæmilega hafa í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð ber að taka við gjöfinni með fyrirvara um samþykki Alþingis, enda hafi ekki verið gert ráð fyrir útgjöldum þessum í fjárlögum. Á sama hátt er ríkisstjórn og ríkisstofnunum óheimilt að gefa eða afhenda án endurgjalds eignir nema fyrir fram sé aflað heimilda í fjárlögum.

Yfirfærsla umframgjalda og ónotaðra fjárveitinga A-hluta.

37. gr.

Heimilt er að flytja fjárheimildir milli einstakra rekstrarverkefna innan stofnunar, enda séu verkefnin tilgreind í fjárlögum.

Heimilt er að geyma ónotaðar fjárveitingar í lok reikningsárs. Með sama hætti er heimilt að draga skuldir frá fyrra ári frá fjárveitingum ársins.

Yfirfærsla lántökuheimilda.

38. gr.

Heimilt er að geyma ónotaðar lántökuheimildir yfir áramót. Lántökuheimildir skulu þó falla niður ef þær hafa eigi verið nýttar fyrir 1. apríl á næsta ári á eftir fjárlagaári því þegar þær voru veittar.

Fjárvarsla A-hluta.

39. gr.

Ríkisstofnunum er heimilt að fengnu samþykki fjármálaráðherra og með þeim skilyrðum sem hann setur að halda eigin bankareikninga.

Mánaðar- og árshlutauppgjör A-hluta.

40. gr.

Gera skal mánaðarlega greiðsluuppgjör fyrir ríkissjóð. Jafnframt skal fjármálaráðuneytið einu sinni innan reikningsársins gera grein fyrir sérstökum fjárskuldbindingum og kröfum ríkissjóðs sem áfallnar eru á árinu og ekki hafa komið til greiðslu. Að minnsta kosti einu sinni innan reikningsársins skal fjármálaráðherra gera grein fyrir horfum í ríkisfjármálum og lánsfjármálum á árinu.

Um B-, C- og D-hluta.

Fjárskuldbindingar B- og C-hluta.

41. gr.

Ríkisaðilum í B- og C-hluta er heimilt að fengnu samþykki fjármálaráðuneytis ásamt samþykki viðkomandi ráðuneytis að stofna til frekari fjárskuldbindinga en fjárlög gera ráð fyrir, enda sé það gert í þeim tilgangi einum að tryggja rekstrarhagsmuni fyrirtækisins.

Ráðstöfun eigna B- og C-hluta.

42. gr.

Ríkisaðilum í B- og C-hluta er heimilt án sérstakrar lagaheimildar að selja eða leigja varanlega rekstrarfjármuni sína, aðra en þá sem um getur í 1.–4. tölul. 29. gr., og ráðstafa söluandvirðinu eða leigunni í þágu starfseminnar.

Ráðstöfun rekstrarhagnaðar B-, C- og D-hluta.

43. gr.

Ríkisaðilar í B-, C- og D-hluta skulu skila rekstrarhagnaði sínum í ríkissjóð eftir nánari reglum er fjármálaráðherra setur með reglugerð að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra, enda mæli lög ekki fyrir um annað.

V. KAFLI

Frumvarp til fjáraukalaga.

Almennt um frumvarp til fjáraukalaga.

44. gr.

Í frumvarpi til fjáraukalaga skal leitað eftir heimildum til frekari fjárráðstafana en fjárlög ársins gera ráð fyrir gerist þess þörf.

Frumvarp til fjáraukalaga innan fjárhagsárs.

45. gr.

Valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að grípa þarf til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skal leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga. Heimilda fyrir fjárráðstöfunum af þessu tagi, sem grípa þarf til eftir samþykkt fjáraukalaga, skal leitað í lokafjárlögum, sbr. 46. gr.

Öðrum óskum um breyttar heimildir til fjárráðstafana en getur í 1. mgr. skal jafnan vísað til ákvörðunar Alþingis í tengslum við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár.

Frumvarp til lokafjárlaga til staðfestingar á ríkisreikningi.

46. gr.

Með ríkisreikningi sem lagður er fram á Alþingi sbr. 7. gr., skal fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar. Þar skal leitað heimilda til uppgjörs á skuldum eða óhöfnum fjárveitingum sem ekki eru fluttar milli ára. Jafnframt skal leggja fram sérstaka skrá yfir geymdar fjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins. Heimilt er að greiða slíka umframgreiðslu af fjárveitingu næsta árs. Einnig skal gerð grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

Ríkisreikningsnefnd.

47. gr.

Fjármálaráðherra skipar ríkisreikningsnefnd er skal vera honum til ráðuneytis um framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings og annars er þýðingu hefur fyrir það reikningslega kerfi er lögum þessum er ætlað að tryggja.

Ef vafi leikur á um túlkun laga þessara eða framkvæmd þeirra að öðru leyti skal óskað álits ríkisreikningsnefndar áður en ákvörðun er tekin eða reglur settar.

Skipun ríkisreikningsnefndar.

48. gr.

Ríkisreikningsnefnd skal skipuð sex mönnum. Fjórir menn skulu eiga sæti í henni samkvæmt stöðu sinni, þ.e. ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytis, ríkisbókari, ríkisendurskoðandi og hagstofustjóri. Hina skipar fjármálaráðherra eftir tilnefningu Seðlabanka Íslands og Þjóðhagsstofnunar, þó ekki lengur en til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann nefndarinnar úr hópi nefndarmanna.

Ríkisbókhald.

49. gr.

Ríkisbókhald hefur yfirumsjón með bókhaldi og ársreikningum ríkisaðila í A-, B- og C-hluta ríkisreiknings. Það skal gæta þess að samræmi sé við færslu bókhalds og gerð reikningsskila hjá þeim.

Ríkisbókhald skal veita ríkisaðilum aðstoð og ráðgjöf um bókhald og reikningsskil og setja ríkisaðilum í A-, B- og C-hluta ríkisreiknings framkvæmdar- og verklagsreglur ásamt leiðbeiningum sem þýðingu geta haft við færslu bókhalds og gerð ársreikninga.

Ríkisbókhald skal annast gerð ríkisreiknings.

Ríkisbókari veitir ríkisbókhaldi forstöðu og skal hann skipaður af fjármálaráðherra.

Ábyrgð á fjárreiðum.

50. gr.

Forstöðumenn og stjórnir ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja bera ábyrgð á því að fjárhagsráðstafanir þeirra stofnana og fyrirtækja er undir þá heyra séu í samræmi við heimildir. Þessir aðilar bera jafnframt ábyrgð á því að ársreikningur viðkomandi stofnunar eða fyrirtækis sé gerður í samræmi við lög þessi og að staðið sé við skilaskyldu á ársreikningum til ríkisbókhalds.

Brot á ákvæðum laga þessara varða skyldur opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 38/1954, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

VII. KAFLI
Reglugerðir og gildistaka.

Reglugerðarheimildir.

51. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara.

Gildistaka.

52. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, með síðari breytingum. Þau skulu þó gilda um gerð ríkisreiknings fyrir árið 1996, sem og um gerð fjárlaga og fjáraukalaga fyrir það ár. Frá 1. janúar 1997 falla og úr gildi lög nr. 103/1974, um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja, og 1., 5.–10. gr. laga nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almennt.

Nýjungar í opinberri stjórnsýslu ryðja sér nú víða til rúms. Greina má þrennt sem hæst rís í þessu efni:

Í fyrsta lagi hafa samskipti löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins verið til skoðunar. Á tímum veikrar stöðu opinberra fjármála, þar sem tekjuöfluninni eru sett þröng mörk en útgjaldaþarfirnar sýnast óþrjótandi, hefur reynt á valdsvið hvors aðila um sig.

Í öðru lagi er ljóst, að hlutverk fjárlaga er margþætt. Hlutverk þeirra í hagstjórn getur stangast á við þjónustumarkmið þeirrar starfsemi sem ríkið starfrækir. Ákvörðun um lækkun útgjalda til þess að draga úr lánsfjárþörf ríkisins verður t.d. að fylgja eftir með samdrætti útgjalda til verkefna og rekstri stofnana. Samhæfing aðgerða er því forsenda árangurs.

Í þriðja lagi hafa stjórnvöld ríkja á borð við Kanada, Stóra-Bretland, Ástralíu og Nýja-Sjáland rutt leið nýrra viðhorfa og aðferða í opinberri stjórnsýslu. Þannig er nú meira lagt upp úr því að meta árangur af starfsemi ríkisins fremur en að fylgja ávallt fastsettum reglum út í hörgul; sveigjanleiki til athafna fer vaxandi og hvatt er til frumkvæðis stjórnenda ríkisins. Veigamikill liður í því að nýjar leiðir séu færar er að upplýsingar um ráðstöfun fjármuna og árangur í starfi séu sem gleggstar. Þáttur í þessu er endurskoðun fjárlagagerðar og reikningshalds ríkisins. Af þessu hefur verið dreginn drjúgur lærdómur.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði heildstæð löggjöf um fjárreiður ríkisins, þ.e. um ríkisreikning, fjárlagagerð, framkvæmd fjárlaga og lántökur ríkissjóðs. Gildandi löggjöf um þetta efni er brotakennd, jafnframt því sem skort hefur skýrar lagareglur um framkvæmd fjárlaga.

Frumvarpið felur annars vegar í sér endurskoðun á núverandi lögum, einkum lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Hins vegar eru í frumvarpinu ákvæði um framkvæmd fjárlaga. Að sumu leyti koma þau í stað eldri lagaákvæða, sbr. t.d. ákvæði laga nr. 103/1974, um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja, sem lagt er til að falli niður, en að öðru leyti er hér um nýmæli að ræða.

Á árinu 1990 fól fjármálaráðherra ríkisreikningsnefnd, sem starfar samkvæmt lögum nr. 52/1966, að endurskoða reglur um bókhald ríkisins, reikningsskil þess og gerð fjárlaga. Ríkisreikningsnefnd skilaði tillögum sínum í sérstakri greinargerð í nóvember 1994 er nefnist Fjárreiður ríkisins. Frumvarpið byggir í megindráttum á þeim tillögum.

Frumvarpið er samið í kjölfar mikilla breytinga sem orðið hafa á gerð ársreikninga, bókhaldi, tölvutækni og hvers konar upplýsingastreymi. Á þetta jafnt við einkaaðila og hið opinbera. Þörfin fyrir upplýsingar um þjóðhagsstærðir og peningamál hefur aukist.

Þá hafa sveitarfélög tekið bókhaldsreglur sínar til gagngerrar endurskoðunar. Reikningsskil ríkisins hafa að sama skapi tekið ýmsum breytingum án þess að fram hafi farið heildarendurskoðun laga.

Helstu markmið sem lögð voru til grundvallar við samningu frumvarpsins eru:

- að setja heildstæð lög um fjárreiður ríkisins,
- að skilgreina ríkisaðila, ríkistekjur og ríkisútgjöld í samræmi við alþjóðastaðla,
- að byggja reikningsskil ríkisins, stofnana þess og fyrirtækja í meginatriðum á nýsettum lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, og lögum nr. 145/1994, um bókhald,
- að færa til eignar í efnahagsreikningi hlut ríkisins í fyrirtækjum eða sjóðum óháð rekstrarformi þeirra,
- að sýna í ríkisreikningi lykiltölur úr ársreikningum allra ríkisaðila, þar með talinna lánastofnana, ríkisbanka og hluta- og sameignarfélaga í meirihlutaeigu ríkisins,
- að framsetning fjárlaga verði á rekstrargrunni með sama hætti og ríkisreikningur og jafnframt verði sýnt sjóðstreymi,
- að gera fjárlög og ríkisreikning fyllilega sambærileg til eflingar eftirlits með fjárreiðum ríkisins og einstakra stofnana,
- að fjárlög taki til fjárreiða ríkissjóðs, ríkisstofnana, ríkisfyrirtækja og lánastofnana ríkisins,
- að fella efni lánsfjárlaga inn í fjárlög og samræma þinglega meðferð ríkisfjármálanna,
- að afgreiðsla ríkisreiknings á Alþingi verði tengd afgreiðslu á lokafjárlögum liðins árs og með því verði ríkisreikningur staðfestur,
- að setja skýrari reglur um framkvæmd fjárlaga,
- að taka saman eignaskrá stofnana ríkisins til aðhalds og eftirlits.

Frumvarpið skiptist í sjö kafla. Tveir fyrstu kaflarnir fjalla um skilgreiningar, ríkisreikning og ársreikninga stofnana. Þriðji kafli fjallar um frumvarp til fjárlaga. Fjórði kafli er um framkvæmd fjárlaga. Fimmti kafli er um frumvarp til fjáraukalaga. Í sjötta kafla eru ákvæði um ríkisreikningsnefnd, ríkisbókhald o.fl. Að lokum eru í sjöunda kafla ákvæði um reglugerðarheimildir og gildistöku. Hér verður gerð stutt grein fyrir meginhluta frumvarpsins, en um nánari skýringar vísast til athugasemda við einstakar greinar.

Ríkisreikningur (I. og II. kafli).

Í I. kafla eru almenn ákvæði um ríkisreikning. Núgildandi lagaákvæði um hann er að finna í lögum nr. 52/1966. Þótt þau lög hafi á sínum tíma verið mikil réttarbót hafa ákvæði þeirra staðist tímans tönn misvel. Í greinargerð með frumvarpi til þeirra laga sagði að á rúmlega 30 ára gildistíma laga nr. 61/1931, um ríkisbókhald og endurskoðun, hefðu kröfur til opinberra reikningsskila breyst mikið og þyrftu að fullnægja fleiri sjónarmiðum og aðilum en árið 1931. Þótt lögin frá 1931, sem samin voru að danskri fyrirmynd, þyki nú ekki síður en árið 1966 afar ófullkomin varð við gildistöku þeirra bylting í reikningsskilum ríkisins.

Meginmarkmið ríkisreiknings hefur löngum verið að sýna álagningu og ráðstöfun skatttekna ríkisins og gefa sem gleggsta mynd af heildarumsvifum ríkissjóðs. Á síðustu árum hefur þróunin verið sú að reikningshald ríkisins gegnir æ þýðingarmeira hlutverki við stjórnun og árangursmat sem og við samanburð á starfsemi ríkisins og einkaaðila.

Í I. kafla þessa frumvarps eru almenn ákvæði um ríkisreikning, skilgreiningu á ríkisaðilum, flokkun í ríkisreikningi, reikningsárið o.fl. Í kaflanum eru jafnframt ákvæði sem snerta A-hluta ríkisreiknings sérstaklega, og eru þar settar fram skýrar reglur um færslu skatttekna og ýmissa bótaliða.

Skilgreining á flokkun ríkisaðila, ríkistekjum og útgjöldum er byggð á alþjóðlegum stöðlum þar að lútandi. Þannig verður alþjóðlegur samanburður markvissari og auðveldari. Ríkisaðilar teljast þeir sem hafa með höndum starfsemi sem fellur undir ákvörðunarvald stjórnvalda vegna eignarhalds ríkisins á starfseminni og lögþvingunar eða vegna þess að ríkið kostar starfsemina að verulegu eða að öllu leyti. Þá eru í kaflanum ákvæði um aðra hluta ríkisreiknings. Gert er ráð fyrir að í ríkisreikningi séu a.m.k. sýndar helstu niðurstöður ársreikninga ríkisfyrirtækja, lána- og fjármálastofnana ríkisins og hluta- og sameignarfélaga í eigu þess.

Reikningsskil hins opinbera hafa um árabil verið frábrugðin reikningsskilum fyrirtækja sem starfa á almennum markaði. Skýrist það einkum af ólíku hlutverki og markmiðum hins opinbera borið saman við einkafyrirtæki. Í reikningshaldi fyrirtækja er lögð áhersla á að sýna kostnað af framleiðslustarfsemi fyrirtækisins og varpa ljósi á rekstrarárangur þess. Hjá ríkinu eru markmiðin mun fjölþættari og í mörgum tilvikum stangast þau jafnvel á. Síðustu áratugina hefur hlutverk hins opinbera í efnahagsstarfseminni farið mjög vaxandi og í auknum mæli verið gerðar kröfur til afskipta af þess hálfu. Óhjákvæmilega hafa umsvif þess aukist.

Viðhorf stjórnvalda til rekstrar ríkisstofnana og fyrirtækja hafa verið breytileg frá einum tíma til annars. Stundum hefur þeim verið ætlað að starfa samkvæmt ströngum miðstýringarreglum, t.d. um mannaráðningar og ráðstöfun fjár til einstakra verkefna. Á öðrum tíma hafa stofnanir verið hvattar til sjálfstæðra athafna, t.d. til að afla eigin tekna til frjálsrar ráðstöfunar. Þá hafa kröfur um lækkun ríkisútgjalda, hagræðingu og sparnað í ríkisrekstri skerpst til muna undanfarin ár. Áhersla hefur verið lögð á að meta hvaða árangri ríkisreksturinn skilar miðað við þá fjármuni sem hann hefur til umráða. Þetta gerir aðrar kröfur til reikningshalds en áður, m.a. þarf að vera hægt að bera saman rekstrarárangur ólíkra ríkisstofnana, svo og ríkisrekstur og einkarekstur.

Nýlega hafa verið sett almenn lög um ársreikninga og bókhald. Í þessu frumvarpi er mörkuð sú stefna að reikningshald ríkisins fylgi þeim lögum í meginatriðum. Reglur ársreikninga- og bókhaldslaga verða þó ekki að fullu lagðar til grundvallar við reikningsskil ríkisins. Þau frávik, sem kveðið er á um í frumvarpinu, byggjast fyrst og fremst á því að starfsemi ríkissjóðs lýtur ekki sömu lögmálum og almenn fyrirtæki. Sérstaða reikningsskila ríkisins birtist einkum í A-hluta ríkisreiknings og ársreikningum A-hlutastofnana. Meginfrávikið er sérregla um fjárfestingu í A-hluta. Samkvæmt henni ber að gjaldfæra á kaupári alla varanlega rekstrarfjármuni í rekstrarreikningi í stað þess að eignfæra þá í efnahagsreikningi og afskrifa síðan í rekstri í samræmi við endingartíma eins og kveðið er á um almennum lögum. Í frumvarpinu er lögð sú skylda á stofnanir í A-hluta að haldin sé skrá yfir eignir og verðmæti þeirra, en vanhöld hafa verið á því að ákvæðum gildandi laga um eignaskrá hafi verið fylgt. Í ljósi þeirrar reglu að gjaldfæra skuli alla varanlega rekstrarfjármuni er brýnt að eignaskráin sé nákvæm. Auk þess að styrkja eftirlit með eignum ríkissjóðs verður unnt að nota fjárbindingu stofnana í varanlegum rekstrarfjármunum til samanburðar innbyrðis og út á við. Einnig er að nefna að samkvæmt frumvarpinu munu eignarhlutar ríkissjóðs í fyrirtækjum og lánastofnunum, að frátöldum þeim sem gagngert þjóna félagslegu hlutverki, metnir ríkissjóði til eignar út frá eiginfjárstöðu þeirra að teknu tilliti til árlegra breytinga vegna ríkisframlaga og endurmats.

Með þessu frumvarpi flytjast fjölmargir aðilar úr B-hluta yfir í A-hluta, þar á meðal eru nokkrar stofnanir sem hafa verið reknar á viðskiptalegum forsendum og hagað reikningshaldi sínu í samræmi við það. Mikilvægt er að bókhald stofnana þjóni þörfum þeirra, þannig að það nýtist þeim sem best til rekstrar og aðhalds. Tilflutningur þessara aðila inn í A-hlutann mun ekki raska reikningshaldi að öðru leyti en því að þeim verður gert að skila inn skilgreindum upplýsingum til ríkisbókhalds. Sú ráðstöfun að færa þessar stofnanir undir A-hlutann á því ekki að raska starfsemi eða þjónustu þessara aðila á nokkurn hátt.

Auk þeirra breytinga á efni og gerð ríkisreiknings sem að framan er lýst er lagt til að framlagning ríkisreiknings á Alþingi og umræða um hann verði með öðru sniði en verið hefur. Sú skylda er lögð á fjármálaráðherra að leggja fram endurskoðaðan ríkisreikning eigi síðar en 10 dögum eftir að þing kemur saman að hausti. Með þeim ríkisreikningi skal, honum til staðfestingar, leggja fram frumvarp til lokafjárlaga vegna sama fjárhagsárs. Í samþykkt Alþingis á lokafjárlögum felst samþykkt á ríkisreikningi og er fjárhagsárinu þannig formlega lokað. Í þessu er einnig fólgin sú breyting að ríkisreikningur er ekki framvegis samþykktur með sérstökum lögum.

Frumvarp til fjárlaga (III. kafli).

Í III. kafla þessa frumvarps er að finna ákvæði um gerð frumvarps til fjárlaga. Lagt er til að gerðar verði verulegar breytingar á framsetningu frumvarps til fjárlaga, en í grófum dráttum skiptast þannig:

- Það skal sett fram á rekstrargrunni en sýni jafnframt greiðsluhreyfingar.
- Frumvarp til lánsfjárlaga verður fellt inn í frumvarp til fjárlaga og sama máli gegnir um tillögur um tímabundnar breytingar á mörkuðum tekjustofnum og framlögum sem háð eru ákvæðum annarra laga.
- Flokkun ríkisaðila er endurskoðuð með hliðsjón af alþjóðlegum stöðlum og er lagt til að í frumvarpi til fjárlaga verði sýndar fjárreiður A-, B- og C-hluta.
- Umfang og innihald frumvarpsins breytist að því leyti að nýir fjárlagaliðir koma inn en fjölmargar stofnanir flytjast úr B-hluta, einkum yfir í A-hluta en einnig í C-hluta en fjárreiður lánastofnana ríkisins verða sýndar þar.
- Uppbygging og efnisskipan fjárlaga skiptist í lagagreinar, sundurliðanir og séryfirlit.

Markmiðið með þessum breytingum er að skapa festu og samræmda uppbyggingu í áætlanagerð og reikningshaldi ríkisins. Hér á eftir er gerð frekari grein fyrir einstökum þáttum breytinganna.

Hingað til hefur fjárlagafrumvarpið verið sett upp á greiðslugrunni en hér er lagt til að það verði á rekstrargrunni en greiðsluhreyfingar jafnframt sýndar. Breytingin hefur það í för með sér að áætlanir fjárlaga og niðurstöður ríkisreiknings verða að fullu samanburðarhæfar, en ríkisreikningur hefur til margra ára sýnt bæði rekstrarniðurstöður og greiðsluhreyfingar.

Með framsetningu fjárlaga á greiðslugrunni eru sýndar ákvarðanir Alþingis um fjárveitingar, þ.e. samtímaráðstöfun fjár til tiltekinna verkefna. Þessi grunnur hentar vel til eftirlits með greiðslum ráðuneyta og stofnana þar sem auðvelt er að fylgjast með greiðslum þegar þær eiga sér stað og bera þær saman við fjárveitingar og greiðsluáætlanir. Þá hentar aðferðin vel til að sýna skammtímaáhrif ríkisbúskaparins á hagkerfið, bæði á innlenda eftirspurn og peningamarkaðinn. Fjárhagsáætlanir og samanburður þeirra við raunverulega útkomu á þessum grunni eru því mikilvægar fyrir hagstjórn í landinu.

Gallinn við greiðslugrunnsaðferðina er að ekki eru allar tekjur ríkissjóðs innheimtar um leið og þær eru kræfar og öll útgjöld eru ekki staðgreidd. Greiðslugrunnurinn leiðir ekki fram áhrifin af skuldbindingum sem stofnað er til á árinu og koma til greiðslu síðar. Því gefur þessi uppgjörsaðferð ekki fullnægjandi mynd af rekstrarniðurstöðum ríkissjóðs og skuldbindingum. Til að bæta úr þessu er gert ráð fyrir að frumvarp til fjárlaga verði hér eftir sett fram á rekstrargrunni en þar verði einnig sýndar greiðsluhreyfingar.

Kostirnir við framsetningu fjárlaga á rekstrargrunni eru þeir að heildarumsvif ríkissjóðs koma skýrt fram og mat á langtímaáhrifum ríkisfjármálanna verður auðveldara. Fjölmargar skuldbindingar ríkisins hafa orðið tilefni sérstakrar umræðu, m.a. á Alþingi. Þetta á ekki síst við um skuldbindingar ríkisins vegna lífeyrisréttinda og um ábyrgðir sem hafa fallið eða kunna að falla á ríkissjóð. Mat á ríkisfjármálum sem eingöngu tekur tillit til greiðslu gjalda og innheimtu tekna, þ.e. sjóðstreymis, er því ófullnægjandi í umræðu um ríkisfjármálin og við mat á framtíðarhorfum í ríkisbúskapnum. Ákvörðun um að setja frumvarp til fjárlaga fram á rekstrargrunni er veigamikil breyting sem mun veita betri yfirsýn og auka skilning á samhengi ríkisfjármála. Með þessari breytingu mun m.a. hugtakið fjárveiting öðlast nýja merkingu. Samkvæmt gildandi lögum felur fjárveiting til stofnunar í fjárlögum í sér ígildi greiðslu til hennar. Með hinni breyttu framsetningu mun fjárveiting þýða heimild til að stofna til skuldbindingar jafnhliða því sem sýnt verður hvað ríkissjóður mun greiða til stofnunarinnar á fjárlagaárinu.

Önnur grundvallarbreyting á fjárlögum sem hér er lagt til að gerð verði er að sameina fjárlög og lánsfjárlög. Sterk rök mæla með því að fella fjárlög og lánsfjárlög saman þannig að allar helstu stefnumarkandi ákvarðanir í ríkisfjármálum verði teknar samtímis, hvort sem þær snerta lögbundin framlög, rekstur, fjárfestingu, lánsfjármál eða ríkisábyrgðir. Samhengi ríkisfjármálanna verður við þetta mun skýrara en ella. Þessi breyting kemur óhjákvæmilega til með að hafa nokkur áhrif á störf Alþingis. Hingað til hefur afgreiðsla fjárlaga fallið undir verksvið fjárlaganefndar en afgreiðsla lánsfjárlaga undir verksvið efnahags- og viðskiptanefndar.

Lagt er til að frumvarp til fjárlaga taki til fjárreiða ríkissjóðs og ríkisstofnana í A-hluta, ríkisfyrirtækja í B-hluta og lánastofnana ríkisins í C-hluta. Ekki er gert ráð fyrir að þar verði sýndar fjárreiður fjármálastofnana ríkisins eða sameignar- og hlutafélaga í meirihlutaeigu ríkisins. Skilgreining ríkisaðila leiðir til að fjölmargir nýir aðilar koma inn í frumvarp til fjárlaga sem ekki hafa verið þar áður. Fjölmargir aðilar flytjast úr núverandi B-hluta vegna eðli starfseminnar, ýmist yfir í A-hluta, C-hluta eða jafnvel út úr reikningshaldi ríkisins. Þá er lagt til að fjárreiður nokkurra lána-stofnana ríkisins, sem nú eru utan frumvarps til fjárlaga, verði felldar inn í það.

Loks er gert ráð fyrir að frumvarp til fjárlaga samanstandi af þremur hlutum: lagagreinum fyrir A-, B- og C-hluta, sundurliðunum á ríkissjóðstekjum, fjárreiðum einstakra stofnana og framlögum til einstakra viðfangsefna, svo og séryfirlitum af ýmsu tagi. Miðað er við að sundurliðanir verði hluti laganna þó svo þær verði ekki innan sjálfs lagatextans. Um þær mun gilda hið sama og sundurliðanir ýmissa framkvæmdaframlaga í núgildandi fjárlögum. Gert er ráð fyrir að á grundvelli fjárlaga verði gefið út sérstakt fylgirit sem sýni ítarlega tegundasundurliðun útgjalda fyrir stofnanir í A-hluta.

Í þessu frumvarpi er lagt til að uppbygging og efnisskipan lagaákvæða frumvarps til fjárlaga verði eftirfarandi:

Frumvarp til fjárlaga.

Lagagreinar:

1. gr. Rekstraryfirlit ríkissjóðs.
2. gr. Sjóðstreymi ríkissjóðs.
3. gr. Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta.
4. gr. Fjárreiður lánastofnana í C-hluta.
5. gr. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir.
6. gr. Skerðingarákvæði í samræmi við ákvæði annarra greina.
7. gr. Heimildir fjármálaráðherra.
8. gr. Önnur ákvæði.

Sundurliðanir:

1. Tekjur A-hluta.
2. Stofnanir í A-hluta og framlög ríkissjóðs.
3. Ýmsar sundurliðanir fyrir A-hluta.
4. Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta.
5. Fjárreiður lánastofnana í C-hluta.

Séryfirlit:

1. Heildaryfirlit um fjármál A-hluta.
2. Málaflokkasundurliðun gjalda í A-hluta.
3. Tegundasundurliðun gjalda í A-hluta.
4. Markaðar tekjur og lögbundin framlög.
5. Skipting ríkissjóðstekna.
6. Lánsfjármál aðila í A-, B- og C-hluta.

Framkvæmd fjárlaga (IV. kafli).

Í kafla IV er fjallað um ýmis atriði er lúta að framkvæmd fjárlaga. Lengi hefur verið rætt um hvar mörk heimilda framkvæmdavaldsins til fjárráðstöfunar liggja. Engar heilsteyptar reglur eru í lögum um þessi mörk. Í 41. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um að eigi megi greiða gjald úr ríkissjóði nema með heimild í fjárlögum eða fjáraukalögum. Þetta ákvæði setur framkvæmdarvaldinu ákveðnar skorður, þar sem gert er ráð fyrir að Alþingi veiti fyrir fram heimildir til greiðslna úr ríkissjóði. Almennt hefur ákvæðið verið skilið á þá leið að þar sé ekki lagt ófrávíkjanlegt bann við því að greiða úr ríkissjóði nema að fenginni heimild fjárveitingarvaldsins heldur hafi það að geyma meginreglu sem fara beri eftir nema sérstakar aðstæður heimili annað. Í þessu frumvarpi er reynt að skýra þær aðstæður sem upp kunna að koma og réttlæta frávik frá fyrir fram veittum fjárheimildum og tryggja þannig virkt aðhald með framkvæmdarvaldinu og ráðstöfun þess á fjármunum ríkissjóðs. Þannig er gert ráð fyrir að settur verði lagarammi um heimildir framkvæmdarvaldsins með hliðsjón af þeirri takmörkun sem felst í stjórnarskránni.

Afar fábrotin ákvæði eru í gildandi löggjöf um framkvæmd fjárlaga. Lagt er til að úr þessu verði bætt og settar reglur um heimildir framkvæmdarvaldsins til fjárráðstöfunar, þ.e. heimildir til greiðslna úr ríkissjóði, heimildir til að takast á hendur skuldbindingar, reglur um ráðstöfun eigna, eigin tekjur stofnana og meðferð þeirra svo fátt eitt sé talið.

Fjárveitinganefnd Alþingis samdi fyrir nokkrum árum frumvarp um þetta efni en ekki var það afgreitt sem lög frá Alþingi. Fjölmörg efnisatriði þess frumvarps er að finna í IV. kafla þessa frumvarps.

Frumvarp til fjáraukalaga (V. kafli).

Í V. kafla eru ákvæði um fjáraukalög og lokafjárlög. Í þeim ákvæðum er mörkuð skýr stefna um hlutverk fjáraukalaga. Þeirrar tilhneigingar hefur gætt að setja í fjáraukalög ýmsar útgjaldaheimildir sem með réttu hefði átt að gera ráð fyrir í fjárlögum. Þannig hefur í reynd verið vikist hjá því að fjalla um allar fyrirsjáanlegar fjárráðstafanir í fjárlögum og málum frestað og þau tekin upp í fjáraukalögum. Í þessu frumvarpi er mörkuð skýr stefna um efni fjárlaga, fjáraukalaga og lokafjárlaga. Gert er ráð fyrir að allar fyrirsjáanlegar fjárráðstafanir komi fram í fjárlögum. Í fjáraukalögum innan fjárhagsárs verði fjallað um þær fjárráðstafanir sem ekki var hægt að sjá fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Fjáraukalög snerust þannig fyrst og fremst um ófrávíkjanleg málefni en ekki um rekstrarvanda einstakra ríkisstofnana. Aðrar fjárhagsráðstafanir eiga að koma til umfjöllunar eftir atvikum við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta fjárhagsár eða við afgreiðslu lokafjárlaga fyrir síðasta fjárhagsár.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að lokafjárlög verði afgreidd frá Alþingi um leið og ríkisreikningur og að Alþingi fjalli þannig um lokun fjárhagsársins með umræðu um ríkisreikning og lokafjárlög. Ekki verður flutt sérstakt frumvarp til laga um samþykkt ríkisreiknings eins og verið hefur heldur felist staðfesting á reikningnum í samþykkt lokafjárlaga frá Alþingi.

Ýmis ákvæði (VI. og VII. kafla).

Í VI. kafla eru ákvæði um ríkisreikningsnefnd, ríkisbókhald og ábyrgð stjórnenda á fjárreiðum stofnana ríkisins. Ákvæðin um ríkisreikningsnefnd eru efnislega samhljóða ákvæðum gildandi laga. Ákvæðin um ríkisbókhald eru að ýmsu leyti ítarlegri en ákvæði gildandi laga og er markmiðið með þeim að skilgreina betur hlutverk ríkisbókhalds.

Í VII. kafla er að finna ákvæði um heimild til setningar reglugerðar og gildistöku laganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er sett fram sú meginregla að lög nr. 145/1994, um bókhald, og lög nr. 144/1994, um ársreikninga, skuli gilda um bókhald og reikningsskil ríkisins, stofnana og fyrirtækja þess, nema sérstaklega sé mælt á annan veg. Þetta hefur til að mynda í för með sér að alþjóðlegir reikningsskilastaðlar og álit reikningsskilaráðs verða leiðandi við túlkun og framkvæmd laga um fjárreiður ríkissjóðs. Í frumvarpinu er mælt fyrir um ákveðin frávik frá reglum almennra laga og snúa þau einkum að A-hluta ríkisreiknings, en ákveðin sérsjónarmið eiga við um A-hlutann sem hafa í för með sér að reglur ársreikningalaga verða ekki að fullu lagðar til grundvallar í reikningsskilum hans. Tekur þetta einkum til færslu á fjárfestingarkostnaði í A-hluta, en lagt er til að hann sé gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað andstætt því sem gert er hjá atvinnufyrirtækjum þar sem hann færist um efnahagsreikning og er afskrifaður árlega.

Um 2. gr.

Í greininni er að finna skilgreiningu á hugtakinu *ríkisaðili*, en það hugtak kemur fyrir allvíða í frumvarpinu. Ríkisaðilar eru þeir sem hafa með höndum starfsemi er lýtur ákvörðunarvaldi stjórnvalda eða eru að meiri hluta í eigu ríkisins. Tekið skal fram að ríkisreikningur getur tekið til fjárreiða einkaaðila ef ríkið kostar starfsemi þeirra að mestu leyti. Um nánari skýringar vísast til athugasemda við 3. gr. þar sem kveðið er á um flokkun aðila í ríkisreikningi.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um flokkun í ríkisreikningi. Gert er ráð fyrir að ríkisreikningi verði skipt upp í eftirfarandi hluta:

A-hluti. Ríkissjóður og ríkisstofnanir. Þessi starfsemi nær yfir fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana. Starfsemin einkennist af valdi ríkisins yfir öðrum aðilum hagkerfisins í krafti laga, t.d. til að leggja á og innheimta skatta og gjöld. Útgjöld þessara aðila eru jafnan að langstærstum hluta fjármögnuð af skatttekjum, og skiptir þá ekki máli hvort ráðstöfun þeirra er bundin ákveðnum verkefnum eða ekki. Skatttekjurnar renna fyrst og fremst til þess að standa straum af rekstri æðstu stjórnar ríkisins, ráðuneyta, ríkisstofnana og ýmsum samfélagslegum rekstri og framkvæmdum, auk tilfærslu fjármuna ríkissjóðs til fjölmargra aðila í hagkerfinu.

Í undantekningartilvikum er starfsemi aðila A-hluta ekki fjármögnuð af skattfé heldur af þjónustugjöldum og er gjaldskrá þeirra ætlað að standa undir tilkostnaði að fullu. Er hér einkum átt við ríkisstofnanir sem eru starfræktar til að framfylgja ákveðinni lagasetningu eða stefnu stjórnvalda, svo sem um Tryggingaeftirlitið og Brunamálastofnun ríkisins og enn aðrar sem hafa nánast það hlutverk eitt að þjóna öðrum ríkisaðilum, t.d. Ríkiskaup, Lánasýsla ríkisins og húsameistari ríkisins. Með ríkisaðilum er einnig átt við stofnanir eða fyrirtæki sem hafa með höndum starfsemi sem lýtur ákvörðunarvaldi stjórnvalda eða eru að meiri hluta í eigu ríkisins, sbr. 2. gr. Hér falla undir m.a. verðmiðlunar- og verðjöfnunarsjóðir og öryggis- og eftirlitsstofnanir.

Undir A-hluta flokkast enn fremur ýmsir aðilar sem ekki teljast ríkisaðilar í hefðbundnum skilningi en ríkissjóður fjármagnar engu að síður starfsemi þeirra að öllu eða verulegu leyti samkvæmt lögum eða samningi þar um. Endurhæfingarstöðin að Reykjalundi, SÁÁ og Sólheimar í Grímsnesi eru dæmi um starfsemi af þessu tagi. Eðlilegt þykir að gerð sé grein fyrir fjárreiðum slíkra aðila til þess að í ríkisreikningi megi skýra með fullnægjandi hætti ráðstöfun ríkisframlagsins.

B-hluti. Ríkisfyrirtæki. Hér falla undir fyrirtæki sem eru alfarið í eigu ríkisins. Ríkisfyrirtækin starfa á markaði og byggja afkomu sína í aðalatriðum á sölu til almennings og fyrirtækja, ýmist í samkeppni við aðra eða í skjóli einokunar. Í flestum tilvikum miðast verðlagning vöru og þjónustu, sem fyrirtækin framleiða og selja, við að standa undir kostnaði af starfseminni.

Ríkisfyrirtæki í B-hluta eru einnig frábrugðin ríkisstofnunum A-hluta að því leyti að starfsemi þeirra er ekki eins háð beinum afskiptum stjórnvalda. Fyrirtækin hafa þó oft stjórn sem skipuð er af framkvæmdarvaldinu eða kosin af Alþingi. Ólíkt aðilum A-hluta geta ríkisfyrirtæki tekið lán til starfseminnar að fenginni heimild stjórnvalda. Afskipti stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga beinast einkum að gjaldskrám fyrirtækjanna, arðgreiðslum, fjárfestingu og heimildum til lántöku. Dæmi um ríkisfyrirtæki í B-hluta eru Ríkisútvarpið, Rafmagnsveitur ríkisins og ÁTVR. Ef ríkisfyrirtæki er breytt í hlutafélag eða sameignarfélag flyst það í E-hluta ríkisreiknings svo framarlega sem það verður að

meiri hluta í eigu ríkissjóðs en ella birtast ársreikningar þess ekki í ríkisreikningi.

C-hluti. Lánastofnanir. Hér falla undir lánastofnanir í eigu ríkisins aðrar en innlánsstofnanir sem starfa á fjármagnsmarkaði þar sem þær stofna til skuldbindinga og mynda fjárkröfur á aðra. Hvorki skiptir máli hvort ríkið ábyrgist skuldbindingar viðkomandi lánastofnunar né hvort hún veitir lán með öðrum kjörum en ríkja á fjármagnsmarkaði hverju sinni. Dæmi um þessar stofnanir eru Byggingarsjóður ríkisins, Lánasjóður íslenskra námsmanna og Fiskveiðasjóður Íslands.

Til lánastofnana ríkisins er stofnað með lagasetningu og þeim skipaðar stjórnir. Ráðstöfunarfé þeirra er ávöxtun eigin fjár og að stórum hluta lánsfé sem aflað er bæði innanlands og utan. Í sumum tilvikum leggur ríkissjóður slíkum stofnunum einnig til ráðstöfunarfé með beinum fjárframlögum og ábyrgist skuldbindingar þeirra. Ef stofnun í C-hluta er breytt í sameignar- eða hlutafélag flyst hún í E-hluta ríkisreiknings verði hún að meiri hluta í eigu ríkissjóðs en ella birtast ársreikningar hennar ekki í ríkisreikningi.

D-hluti. Fjármálastofnanir ríkisins. Hér er átt við starfsemi peningayfirvalda, viðskiptabanka ríkisins og annarra fjármálastofnana þess. Auk Seðlabanka Íslands teljast til fjármálastofnana ýmsir þeir aðilar sem taka við innlánum og stofna til skulda, veita lán á almennum markaði eða stunda vátryggingarstarfsemi. Ríkisbankarnir eru Búnaðarbanki Íslands og Landsbanki Íslands. Af öðrum fjármálastofnun ríkisins má nefna Póstgíróstofuna, Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og Viðlagatryggingu Íslands. Ef stofnun í D-hluta er breytt í hlutafélag eða sameignarfélag flyst hún í E-hluta verði hún að meiri hluta í eigu ríkissjóðs en ella birtast ársreikningar hennar ekki í ríkisreikningi.

E-hluti. Sameignarfélög og hlutafélög í meirihlutaeigu ríkissjóðs. Þessi fyrirtæki starfa á svipuðum grundvelli og ríkisfyrirtæki en eru frábrugðin þeim hvað snertir eignarhald og rekstrarform. Með meirihlutaeign sinni geta stjórnvöld haft áhrif á starfsemi þeirra og gert kröfur t.d. um arðgreiðslur. Yfirleitt eru stjórnir þessara fyrirtækja skipaðar af framkvæmdarvaldinu eða kosnar af Alþingi.

Með þessari grein og þeirri flokkun sem þar er sett fram er skýrt kveðið á um þá aðila sem teljast skulu í ríkisreikningi. Ákvæðum greinarinnar er ætlað að tryggja að jafnan sé fylgt föstum reglum í þessu efni.

Um 4. gr.

Í þessari grein sem er efnislega samhljóða 3. gr. laga nr. 52/1966 er gert ráð fyrir að almanaksárið verði áfram lögbundið sem reikningsár ríkisins, stofnana þess og fyrirtækja. Lög um ársreikninga fyrirtækja gera ráð fyrir því að fyrirtæki geti haft annað reikningsár ef slíkt er viðtekið í sambærilegum rekstri. Hvað ríkið áhrærir er nauðsynlegt að hér gildi afdráttarlaus lagaregla til að tryggja að ekki verði hægt með stjórnvaldsákvörðun að breyta um reikningsár.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um að bæði fjármálaráðherra og ríkisbókari skuli árita ríkisreikning. Skv. 49. gr. er það ríkisbókhald sem annast gerð ríkisreiknings og leggur fjármálaráðherra hann fyrir Alþingi. Með vísan til þessa þykir eðlilegt að fjármálaráðherra og ríkisbókari undirriti ríkisreikning og er það í samræmi við það sem verið hefur.

Um 6. gr.

Ákvæðið vísar til laga nr. 12/1986, um Ríkisendurskoðun, en þar er að finna fyllri ákvæði um endurskoðunarhlutverk stofnunarinnar.

Um 7. gr.

Í ákvæðinu er sett fram skylda fjármálaráðherra til að leggja endurskoðaðan ríkisreikning fyrir reglulegt Alþingi eigi síðar en 10 dögum eftir að það er saman komið að hausti. Rétt þykir að um þetta gildi ákveðin tímamörk svo að tryggt sé að gerð reikningsins dragist ekki á langinn og sé löggjafanum til nota við gerð fjárlaga fyrir næstkomandi fjárlagaár.

Um 8. gr.

Greinin hefur að geyma lágmarksfyrirmæli um upplýsingar í A-hluta ríkisreiknings. Þessi fyrirmæli eru ekki tæmandi heldur eru tiltekin helstu atriði. Byggt er á hefðbundinni framsetningu ársreikninga fyrirtækja, að teknu tilliti þeirra sérreglna sem gilda um reikningsskil A-hluta ríkissjóðs samkvæmt frumvarpinu. Að þessum sérreglum sleptt um gilda ákvæði laga nr. 144/1994, um ársreikninga, eftir því sem við verður komið.

Rekstrarreikningur ríkissjóðs verður settur fram á almennu formi fyrirtækja að teknu tilliti til þeirra reglna sem settar eru fram í 9.–14. gr. frumvarpsins.

Efnahagsreikningur verður einnig settur upp með svipuðum hætti og hjá fyrirtækjum með þeirri undantekningu að gert er ráð fyrir að varanlegir rekstrarfjármunir séu ekki færðir til eignar í efnahagsreikningi heldur séu þeir gjaldfærðir á kaupári. Þá er lagt til að tilteknar reglur gildi um færslu eignarhluta ríkisins í ríkisfyrirtækjum, lánastofnunum og félögum. Gengið er út frá að hlutdeild ríkissjóðs í eigin fé þessara aðila verði metin með hliðsjón af fjárhagsstöðu þeirra. Eignin breytist síðan í samræmi við ný framlög ríkissjóðs og árlegt endurmat eignarinnar. Þess skal og getið að gert er ráð fyrir að til eignar ríkissjóðs í efnahagsreikningi teljist framlög til stofnana og sjóða erlendis sem eru endurkræf eða fást endurgreidd þegar stofnun er lögð niður eða sjóður lagður af. Í lok hvers árs ber að endurmeta þessa eignarhluta ríkissjóðs. Framlög ríkissjóðs til erlendra stofnana, sjóða og verkefna, sem teljast óendurkræf, ber aftur á móti ávallt að færa um rekstrarreikning. Þá er miðað við að veitt og tekin lán ríkissjóðs verði sundurgreind eftir formi og lengd lána.

Almennar reglur gilda um skuldahlið efnahagsreiknings. Í því felst m.a. að þar skuli færðar lífeyrisskuldbindingar en samkvæmt lögum er ríkissjóður m.a. ábyrgur fyrir skuldbindingum lífeyrissjóða opinberra starfsmanna. Í ríkisreikningi fyrir árið 1989 var mörkuð sú stefna að færa þessar skuldbindingar til bókar í A-hluta ríkisreiknings og teljast þær til langtímaskuldbindinga. Skuldfærslan miðast við heildarskuldbindingar hlutaðeigandi sjóðs vegna aðila A-hluta að frádreginni hreinni eign sjóðsins.

Færslur á höfuðstól ríkissjóðs eru að meginstofni tvenns konar, tekjujöfnuður ársins og endurmat ársins á eignum og skuldum, m.a. við verðbreytingar. Höfuðstóll ríkissjóðs sýnir ekki það sama og höfuðstóll hjá atvinnufyrirtækjum og skýrist sá mismunur einkum af ólíkri meðferð óeignfærðra fjármuna. Í ríkisreikningi er höfuðstóllinn neikvæður þar sem reikningurinn sýnir aðeins peningalegar eignir og eignarhluta í fyrirtækjum og sjóðum ríkisins. Fjárfesting ársins er að fullu gjaldfærð í rekstrarreikningi. Þar sem varanlegir rekstrarfjármunir eru utan efnahagsreiknings og ríkissjóður á miklar eignir í byggingum og samgöngumannvirkjum segir höfuðstóll ríkisins ekkert um heildareignir ríkissjóðs eða hæfi hans til að standa við skuldbindingar sínar. Til að vega á móti þessu er gert ráð fyrir að árlega sé unnin skrá um helstu eignir ríkisins og verðmæti þeirra, sbr. 15. gr.

Um 9. gr.

Í þessari grein er að finna skilgreiningu á ríkistekjum í A-hluta. Skilgreining ríkistekna miðar að því að gefa skýra mynd af afskiptum ríkisins af efnahagsstarfseminni. Gert er ráð fyrir að tekjur ríkisins verði að fullu taldar í ríkisreikningi og fjárlögum. Sú skilgreining, sem hér er kveðið á um, er mun víðtækari en sú sem liggur nú til grundvallar í ríkisreikningi og fjárlögum. Markmiðið er að koma í veg fyrir að lögmælt skattheimta eða gjaldtaka opinberra aðila annarra en sveitarfélaga lendi utan fjárlaga og ríkisreiknings. Gengið er út frá tveimur meginforsendum. Annars vegar er með skatti átt við gjald sem krafið er af einstaklingum eða lögaðilum samkvæmt lögum án þess að á móti komi tiltekin þjónusta. Hins vegar er átt við að til hins opinbera teljist einungis ríki og sveitarfélög.

Í hinni nýju skilgreiningu ríkistekna felst sú meginbreyting frá núverandi tilhögun að lögbundin verðjöfnunar- og verðmiðlunargjöld teljast til ríkistekna. Gildir þá einu hvort skatttekjunum er ráðstafað til sömu aðila og greiða skattinn eða annarra.

Ríkistekjum er samkvæmt greininni skipt upp í fimm flokka sem byggja á stöðlum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF) og Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunar Evrópu (OECD). Meginflokkar teknanna eru sem hér segir:

1. Skatttekjur. Þær eru skilgreindar sem lögboðin gjöld er ríkið krefur einstaklinga eða lögaðila um án þess að á móti komi samsvarandi bein framlög eða þjónusta. Flestir skattar falla að þessari skilgreiningu, t.d. tekjuskattar, eignarskattar og virðisaukaskattur. Í öðrum tilvikum getur leikið vafi á. Er þá einkum um það að ræða að tiltekin þjónusta er veitt gegn gjaldtökunni þó svo að óvíst geti verið hvort hún svari beinlínis til þess gjalds sem áskilið er. Reglan sem beitt skal er að sé kostnaðurinn við þjónustuna álíka mikill eða minni en gjaldið er ekki um skatt að ræða. Sé gjaldið hins vegar til muna hærra en kostnaðurinn við veitta þjónustu ber að líta á það sem skatt.

2. Rekstrartekjur. Til þeirra teljast greiðslur einstaklinga eða lögaðila fyrir tiltekna þjónustu ríkisins sem það eitt veitir hlutaðeigandi aðila. Dæmi um tekjur af þessu tagi er gjald fyrir útgáfu vegabréfa, afnotagjöld Ríkisútvarpsins, göngudeildargjöld sjúkrahúsa og skólagjöld. Til þess að slíkar greiðslur teljist rekstrartekjur mega þær ekki vera hærri en kostnaðurinn við þjónustuna og jafnframt er áskilið að greiðandinn njóti hennar. Að öðrum kosti teljast slíkar greiðslur til skatta. Enn fremur er skilyrt að þessar greiðslur séu lögboðnar eins og skattar eða tengdar skyldubundinni þjónustu. Sé á hinn bóginn um að ræða greiðslur fyrir þjónustu að eigin vali kaupanda ber að fara með þær sem þjónustutekjur viðkomandi stofnunar en ekki sem rekstrartekjur ríkissjóðs. Til rekstrartekna teljast einnig tekjur af eignum, svo sem leigutekjur, arður og vextir, svo og viðurlög og sektir.

3. Tekjur af sölu eigna. Þessar tekjur myndast við sölu fasteigna, náttúruauðlinda, réttinda og stærri véla og tækja. Sama gildir um söluhagnað af eignarhlutum í fyrirtækjum. Sérstök undanþága er veitt í 3. tölul. greinarinnar þar sem vísað er til 35. gr. frumvarpsins. Samkvæmt þeirri grein er ríkisstofnun í A-hluta heimilt, án sérstakrar lagaheimildar, að selja lausafé sem hún hefur notað við starfsemi sína, svo sem ökutæki, vélar og áhöld og annan búnað. Fjármálaráðherra getur skv. 35. gr. heimilað ríkisstofnun að ráðstafa söluandvirðinu t.d. til endurnýjunar á búnaði. Ef slík heimild er ekki veitt rennur söluandvirðið í ríkissjóð sem tekjur af sölu eigna.

4. Fjármagnstilfærslur. Til þeirra teljast tekjur ríkisins frá öðrum en opinberum aðilum og er eingöngu ætlað til að fjármagna fjárfestingar, m.a. byggingu sjúkrahúsa, skóla og menningarstofnana. Sem dæmi má nefna framlög utan lands frá til framkvæmda sem

ríkið stendur að. Hlutur sveitarfélaga í framkvæmdum af þessu tagi færist ekki hér heldur í reikningum þeirra.

5. Fjárframlög. Undir þennan flokk falla tekjur af ýmsu tagi. Má þar nefna rekstrarframlög frá innlendum sem erlendum aðilum og framlög frá fjölþjóðastofnunum. En allir þessir liðir eiga það sammerkt að vera óendurkræfir.

Um 10. gr.

Mjög hefur tíðkast hérlendis, eins og víðar, að nettófæra skatta, þ.e. draga veittan afslátt eða frádrátt frá skatttekjum í tekjuhlið ríkissjóðs. Mikilvægt er að þessir liðir séu settir fram með skýrum hætti þar sem þeir hafa oft umtalsverð áhrif á fjárstreymi ríkissjóðs. Í samræmi við alþjóðastaðla er lagt til að farið verði með afsláttar- og frádráttarliði með tvennu móti eftir eðli þeirra.

Annars vegar er lagt til að afsláttar- og frádráttarliðir frá álögðum sköttum, sem ekki eru útborganlegir, skuli dregnir frá tekjum eins og verið hefur. Hér er um liði að ræða sem falla niður að svo miklu leyti sem þeir nýtast ekki á móti skattálagningu. Er þá litið svo á að afsláttur frá skatti sé órjúfanlegur hluti skattlagningar og sé í reynd hluti af ákvörðun skatts fremur en sjálfstæður afsláttur. Dæmi um liði af þessu tagi eru persónuafsláttur, sjómannaafsláttur og afsláttur vegna innleggs á húsnæðissparnaðarreikninga. Þrátt fyrir að þessir liðir séu dregnir frá þeim sköttum sem þeir tengjast er lagt til að þeir séu sýndir í tekjuyfirliti fjárlaga og ríkisreiknings.

Hins vegar er lagt til að sé styrkur eða afsláttur útborganlegur eða óháður eiginlegri ákvörðun skatts skuli hann færður sem gjöld. Hér teljast ekki síst ýmsir styrkir og bætur, sem eru ákvarðaðar af skattyfirvöldum en eru bæði útborganlegar og óháðar skattlagningu viðkomandi aðila. Dæmi um þetta eru barnabætur og barnabótaauki sem ráðast af fjölda og aldri barna og tekjum og eignum forsjármanna en eru ótengdar skattlagningunni sem slíkri og auk þess útborganlegar. Sama máli gegnir um vaxtabætur.

Ýmis markatilvik geta komið upp við framkvæmd þessa ákvæðis þótt dregnar séu upp í greininni allskýrar og afmarkaðar línur. Má í þessu sambandi nefna að vafi getur leikið á því hvort réttara er að færa endurgreiðslu virðisaukaskatts og niðurfellingu vörugjalda til frádráttar tekjum eða sem útgjöld á rekstrarreikningi. Ljóst er að slík endurgreiðsla og niðurfelling er háð skattgreiðslu eða skattálagningu. Í samræmi við staðla IMF og OECD er hér gert ráð fyrir því að enn sem komið er verði endurgreiðsla og niðurfelling af þessu tagi dregin frá viðkomandi sköttum, þ.e. nettófærð. Sennilega verða reglur staðlanna skerptar áður en langt um líður og kann þá að verða nauðsynlegt að taka þessa tilhögun til endurskoðunar.

Um 11. gr.

Hér eru settar fram reglur um hvernig farið skuli með innheimtu á tekjum fyrir aðra en ríkissjóð í reikningsskilum ríkisins. Í því tilliti skal greint á milli hvort um er að ræða innheimtu á tekjum fyrir sveitarfélög eða aðra aðila.

Sveitarfélög. Innheimta ríkissjóðs á tekjum fyrir sveitarfélögin er af tvennum toga. Annars vegar innheimta á sameiginlegum tekjustofni opinberra aðila, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, og hins vegar innheimta á sérgreindum tekjustofnum sveitarfélaga.

Ef um er að ræða tekjustofna sem ákveðnir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum og skiptast í föstum hlutföllum á milli þeirra skal aðeins sýna hluta ríkissjóðs af tekjunum í rekstrarreikningi. Dæmi um slíkan tekjustofn er staðgreiðsla opinberra gjalda. Sé hins vegar fyrir fram ákveðið hve háa fjárhæð sveitarfélög eigi að bera úr býtum af hin-

um sameiginlega tekjustofni ber að líta á það sem ígildi fjárveitingar af hálfu ríkisins. Með öðrum orðum, sé hlutur sveitarfélaga í sameiginlegum tekjustofni fyrir fram ákveðin fjárhæð en ekki tiltekið hlutfall teknanna, skal færa tekjurnar í heild í tekjuhlið rekstrarreiknings ríkissjóðs og ráðstöfun hans til sveitarfélaga í gjaldahlið. Sama á við ef hlutfall sveitarfélaga er ákvarðað af öðru en tilgreindum skattstofni. Þá ber að færa hlut sveitarfélaganna í gjaldahlið rekstrarreiknings. Dæmi um slíkan tekjustofn er framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sem ákvarðast sem hlutfall af skatttekjum ríkissjóðs.

Ef á hinn bóginn er um að ræða sérgreindan tekjustofn sveitarfélaga sem ríkissjóður annast innheimtu á er lagt til að innheimtan teljist ekki með tekjum ríkissjóðs. Dæmi um skattheimtu af þessu tagi er innheimta fasteignagjalda, en ríkið annast innheimtu þeirra í sumum tilvikum á grundvelli samnings ríkisins við viðkomandi sveitarfélag.

Aðrir aðilar. Í 3. mgr. greinarinnar er kveðið á um að lögbundna tekjustofna annarra en sveitarfélaga sem ríkissjóður innheimtir skuli telja meðal ríkistekna og ráðstöfun þeirra færð til gjalda í rekstrarreikning A-hluta ríkisreiknings. Sem dæmi má nefna verðjöfnunargjald af olíu og bensíni. Sama máli gegnir um sóknargjöld, en þau voru fyrir upptöku staðgreiðslukerfis opinberra gjalda lögbundinn tekjustofn kirkjusókna, innheimt af ríkissjóði. Sú breyting er nú lögð til að færa álagningu og innheimtu verðjöfnunargjalda um tekjur og gjöld ríkissjóðs en svo hefur ekki verið. Jafnframt er lagt til að sóknargjöldin komi fram bæði á tekju- og gjaldahlið ríkissjóðs en verði ekki dregin frá staðgreiðsluskilum til ríkissjóðs á tekjuhlið eins og verið hefur.

Um 12. gr.

Með þjónustutekjum ríkisstofnana er átt við tekjur af sölu á vörum eða markaðstengdri þjónustu til einstaklinga eða lögaðila sem þeir nýta að jafnaði að eigin vali og ekki er skylt að lögum að greiða fyrir. Dæmi um þetta eru tekjur af sölu á hagskýrslum, af gjöldum fyrir ljósritun og af trjáplöntusölu Skógræktar ríkisins, svo fátt eitt sé nefnt. Þjónustutekjur eru tengdar eða háðar starfsemi þeirra stofnana sem inna þjónustuna af hendi, þ.e. selja hana. Þannig er samhengi milli útgjalda viðkomandi stofnunar og þjónustutekna hennar. Af þessum sökum er gert ráð fyrir að þessar tekjur færist sem sértekjur hlutaðeigandi stofnunar á móti útgjöldum hennar á gjaldahlið. Þessi tilhögun styðst einkum við það að beint samhengi er milli útgjalda og þjónustutekna stofnunar og þess hvata til tekjuöflunar sem þessi tengsl mynda. Því er lagt til að þau séu sett fram með formlegum hætti í ríkisreikningi og fjárlögum.

Um 13. gr.

Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir hefðbundinni skiptingu gjalda á ráðuneyti að öðru leyti en því að fjármagnskostnaður er sýndur sérstaklega. Á undanförnum árum hefur vaxtakostnaður ríkissjóðs verið færður sem kostnaðarliður innan fjármálaráðuneytisins. Er hér um verulegar fjárhæðir að ræða sem ekki eru í tengslum við rekstur ráðuneytisins. Víða erlendis er vaxtakostnaður settur fram sérstaklega, aðskilinn frá öðrum útgjaldaliðum, vegna sérstöðu sinnar. Með þessum hætti blandast sá útgjaldaliður ekki fjárreiðum fjármálaráðuneytisins þótt hann sé eftir sem áður á ábyrgðarsviði þess.

Gert er ráð fyrir að sýna sundurliðun útgjalda á málaflokka: heilbrigðismál, fræðslumál, landbúnaðarmál, almannatryggingar o.s.frv. Þessi sundurliðun gefur góða vísbendingu um stefnumörkun stjórnvalda í ríkisfjármálum og með henni er unnt að sýna þróun útgjalda á ákveðnu tímabili. Hún auðveldar einnig alþjóðlegan samanburð og skipulagsbreytingar í stjórnsýslunni hafa engin áhrif á hana, hvorki í innlendum né erlendum

samanburði. Með öðrum orðum, útgjöld til ákveðins málaflokks eru óháð því hvort þau tilheyra einu eða fleiri ráðuneytum og hvort verkefni flytjast til í stjórnsýslunni. Sundurliðun af þessu tagi tryggir því að útgjöld verða samanburðarhæf milli ára. Sú sundurliðun, sem gert er ráð fyrir að lögð verði til grundvallar, byggir á staðli Sameinuðu þjóðanna (COFOG).

Þá er lagt til að útgjöldum verði skipt eftir hagrænu eðli í rekstrargjöld, tilfærslur og stofnkostnað til þess að draga fram hlut ríkisins í þjóðarbúskapnum. Með þessari flokkun gjalda er sýnt hver áhrif þau hafa utan ríkisins, þ.e. á vöru- og þjónustumarkað, fjármagnsmarkað og tekjuskiptingu. Hagræn flokkun af þessu tagi sýnir einnig tengsl ríkisfjármála við þjóðhagsreikninga. Í skýrslugerð um ríkisfjármál hér á landi hefur hagrænni flokkun útgjalda ríkisins jafnan verið gerð skil og er gert ráð fyrir að svo verði áfram.

Loks skal nefna að sé fé veitt óskipt til einstakra ráðuneyta eða verkefna um fjárlög skal gerð grein fyrir ráðstöfun þess fjár í ríkisreikningi hverju sinni.

Um 14. gr.

Gert er ráð fyrir að varanlegir rekstrarfjármunir stofnana í A-hluta skuli færðir til gjalda á því reikningsári sem til þeirra er stofnað. Þetta er sama regla og er í gildandi lögum. Í henni felst eitt stærsta frávikið frá rekstraruppgjörsreglum atvinnufyrirtækja, en þar eru kaup fastafjármuna eignfærð í efnahagsreikningi og síðan afskrifuð árlega í rekstrarreikningi í samræmi við áætlaðan endingartíma. Reikningar fyrirtækja sýna þannig notkun framleiðsluþátta við reksturinn á reikningstímabilinu óháð greiðslum og hversu mikið er notað af þeim eignum sem endast lengur en uppgjörstímabilið, svo sem fjárfesting í húsnæði eða tækjum.

Segja má að þessi færsluaðferð fyrirtækja gæti haft marga kosti fyrir rekstur stofnana ríkisins. Má ætla að þá yrði auðveldara að bera saman rekstur ríkisstofnana, svo og rekstur þeirra við rekstur einkaaðila. Þetta fellur vel að sjónarmiðum sem snúa að rekstri einstakra stofnana þar sem lögð er meiri áhersla á að sýna notkun fjármuna sem endast lengur en fjárlagaárið. Í því sambandi er oft gagnrýnt af stjórnendum stofnananna að í framsetningu ríkisfjármála séu allar fjárfestingar gjaldfærðar jafnóðum og til þeirra er stofnað. Þannig geta tvær svipaðar rekstrareiningar sýnt gjörólíka afkomu ef stofnað er til fjárfestingar hjá annarri þeirra. Bent hefur verið á að réttara væri að sýna notkun viðkomandi stofnana á fjármunum sínum með árlegri afskrift þeirra og fáist þá eðlilegur innbyrðis samanburður á milli þeirra og við rekstur einkaaðila.

Vandamálið hvað snertir ríkisreikning í þessu samhengi er að í mjög mörgum tilvikum er ekki til sæmilega skilgreint verð á eignum ríkisins. Það er til að mynda erfiðleikum bundið að meta til verðs og skilgreina árlega afskrift vega, gatna, holræsa, hafna, safna og þjóðgarða. Einnig er álitamál hversu marktækur sá efnahagsreikningur er þar sem eignahliðin væri að miklu leyti mynduð af eignum sem þessum. Segja má að meginrök þess að gjaldfæra fjárfestingu að fullu á kaupári séu þau að sýna ráðstöfun skattteknа á árinu í ríkisreikningi. Er litið svo á að þau rök vegi þyngra en þau sem búa að baki almennum reikningsskilareglum sem sýna notkun aðfanga við öflun tekna ársins.

Um 15. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum er kveðið á um að tekið skuli saman yfirlit yfir verðmæti óeignfærðra fjármuna ríkisins eigi sjaldnar en á 10 ára fresti, sbr. 47. gr. laga nr. 52/1966. Þessi skrá hefur ekki verið birt, en fasteignaskrá ríkissjóðs er til og við hald-

ið. Hún hefur að geyma upplýsingar um fasteignir ríkissjóðs, hvort heldur þær eru skráðar hjá A-hluta eða B-hluta ríkissjóðs. Heilsteypt skrá um aðrar eignir ríkisins er ekki tiltæk, en æskilegt er að þær verði skráðar með markvissum hætti. Undirbúningur þessa verks er hafinn en talið er rétt að mótaðar séu skýrar reglur í löggjöf og reglugerðum hvernig þessu verki skuli hagað. Skránni er ætlað að ná yfir varanlega rekstrarfjármuni ráðuneyta og ríkisstofnana. Helstu eignaflokkarnir eru fasteignir, farartæki, vélar og vélasamstæður, húsgögn og húsbúnaður, tölvubúnaður og skrifstofuvélar, tæki og áhöld og aðrar eignir.

Tilgangurinn með gerð eignaskrár er einkum tvíþættur. Í fyrsta lagi ber að lýsa helstu eignum ríkisins út frá gerð þeirra og verðmæti. Efnahagsreikningur ríkissjóðs lýsir ekki eignum í sannanlegum rekstrarfjármunum en með gerð eignaskrár og mati eignanna má nálgast heildarvirði þeirra. Litið er svo á að allar fasteignir skuli meta til verðmætis, enda er fasteignamati þeirra ætlað að gera slíkt. Sama á við um aðrar meiri háttar eignir ríkisins. Í öðru lagi er tilgangur eignaskrárinnar að efla eftirlit með eigum ríkisins. Árlega er háum fjárhæðum varið til kaupa á hvers konar búnaði til starfsemi stofnana og fyrirtækja. Tekur þetta til húsbúnaðar, stærri og smærri tækja hvers konar og áhalda.

Áhersla er lögð á verðmeiri eignir og að tilteknir eignaflokkar séu ávallt skráðir að tölu og verðgildi en hinar verðminni að tölu fyrst og fremst. Þannig verði öllum stofnunum og fyrirtækjum skylt að telja, merkja og skrá þessar eignir. Með þessum hætti er vænst að stofnanir og fyrirtæki gefi eignum sínum meiri gaum bæði þegar kemur að endurnýjun þeirra og ráðstöfun. Jafnframt á skráin að vera til þess fallin að mynda grunn til afskriftar efnislegra fjármuna hjá einstökum ríkisstofnunum ef svo ber undir. Þannig á að fást samsvörun milli rekstrarkostnaðar ríkisstofnunar og einkafyrirtækja.

Með vísan til 1. gr. frumvarpsins og laga nr. 144/1994, um ársreikninga, og laga nr. 145/1994, um bókhald, er miðað við að þær eignir, sem falla undir reglur um eignfærslu í efnahagsreikningi fyrirtækja, verði skilyrðislaust metnar til verðmætis, en verðminni eignir verði fyrst og fremst skráðar að tölu. Samkvæmt ákvæði greinarinnar er miðað við að skránni sé viðhaldið með reglubundnum hætti af ríkisstofnunum og niðurstöður hennar birtar með ríkisreikningi árlega.

Um 16. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að B- og C-hluti ríkisreiknings hafi að geyma ársreikninga þeirra sem þar teljast, án heildarskýringa. Byggt er á reglu 69. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga, en þar er kveðið á um birtingu á samandreginni útgáfu tiltekinna ársreikninga. Ekki þykja rök standa til að birta ársreikninga B- og C-hlutans í heild, enda á þessi framsetning að nægja til að sýna þátt B- og C-hluta aðila í heildarumsvifum ríkisins.

Um 17. gr.

Lagt er til að í D- og E-hluta ríkisreiknings verði aðeins birtar helstu niðurstöður úr ársreikningum þeirra aðila sem falla undir D- og E-hluta, sbr. ákvæði 3. gr. Úr ársreikningum þeirra verði unnar tilteknar lykiltölur til birtingar í ríkisreikningi.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skyldu forstöðumanns og aðalbókara til að undirrita ársreikninga stofnunar í A-hluta. Þetta er í samræmi við gildandi framkvæmd, en með ákvæðinu er áherslan lögð á þá ábyrgð sem hvílir á stjórnendum hvað varðar reikningsskilin. Með þessu er jafnframt tryggt að forstöðumaður geti ekki varpað ábyrgð yfir á bókara heldur beri hann einnig ábyrgð á gerð ársreikningsins. Um ábyrgðina er vísað til 50. gr. frumvarpsins.

Um 20. gr.

Í greininni er kveðið á um skilaskyldu stofnana A-hluta á ársreikningum til ríkisbókhalds, viðkomandi ráðuneytis og Ríkisendurskoðunar. Gert er ráð fyrir að einstök ráðuneyti beri ábyrgð á skilum þeirra stofnana sem undir þau heyra. Það breytir í engu skilaábyrgð forstöðumanna á ársreikningunum en sérstaklega er kveðið á um ábyrgð þeirra í 50. gr. og vísast til athugasemdar við hana.

Í 3. mgr. er sérstaklega kveðið á um skilaskyldu þeirra aðila sem ekki teljast ríkisaðilar en ríkissjóður kostar starfsemi þeirra að öllu eða mestu leyti. Nauðsynlegt þykir að gera skilaskyldu þeirra ótvíræða til þess að tryggja að í ríkisreikningi komi fram upplýsingar um þann hluta rekstrar þessara aðila sem borinn er uppi af framlagi ríkisins. Talin er eðlileg krafa að þessir aðilar skili ársreikningum því að litið er svo á að ríkissjóður eigi kröfu til að sjá ráðstöfun þeirra fjármuna sem varið er til viðkomandi starfsemi.

Um 21. gr.

Hér er almennt ákvæði um efni og reikningsgrunn frumvarps til fjárlaga. Lagt er til að fjárlög verði á rekstrargrunni og jafnframt verði sýnt hreint sjóðstreymi ríkissjóðs. Um nánari forsendur vísast til umfjöllunar í almennum athugasemdum, skýrslu ríkisreikningsnefndar og viðauka með frumvarpi þessu.

Sú framsetning fjárlaga, sem hér er gerð tillaga um, á að veita betri yfirsýn og auka samræmi og skilning á samhengi ríkisfjármála og áhrifum þeirra á þjóðarbúskapinn. Þetta hefur og í för með sér að áætlanir fjárlaga og niðurstöður ríkisreiknings verða að fullu samanburðarhæfar.

Í greininni er kveðið á um að leita skuli fyrir fram heimilda til greiðslu úr ríkissjóði, eftirgjafar krafna, þar með talinna opinberra gjalda, ráðstöfunar eigna, sbr. 29. gr., og til að gera hvers konar fjárhagsskuldbindingar. Heimildir til fjárráðstafana eru nú með mismunandi hætti. Má þar nefna heimildir 6. gr. fjárlaga til handa ríkisstjórn eða fjármálaráðherra til fjölmargra fjárhagsákvarðana og laga nr. 103/1974, um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja. Í öðrum tilvikum eru formlegar lagaheimildir ófullnægjandi, t.d. um gerð fjárhagsskuldbindinga umfram fjárlagaárið. Í ákvæði greinarinnar er lagt til að í fjárlagafrumvarpi skuli ávallt leita formlegra heimilda til hvers konar fjárráðstafana sem ekki eru heimilar samkvæmt almennum lögum og ákvæðum þessa frumvarps. Gengið er út frá að ýmissa heimilda, þar sem fjáhæðir liggja ekki fyrir, verði aflað með hliðstæðum hætti og nú gildir um 6. gr. fjárlaga. Efnisbreyting þessa ákvæðis frá því sem verið hefur er því m.a. sú að í frumvarpi til fjárlaga verða áætlaðar skuldbindingar, t.d. við kaup fasteigna en ekki aðeins greiðslu ársins. Fram til þessa hafa einungis verið sýndar þær fjárhæðir sem til greiðslu koma en í ríkisreikningi skuldbindingin. Þessi mismunandi málsmeðferð hefur iðulega valdið misskilningi.

Eins og í gildandi lögum er gert ráð fyrir að frumvarp til fjárlaga og fjárlög verði byggð á sömu meginforsendum og þjóðhagsáætlun, svo sem um hagvöxt, verðlag og þróun launa. Hér er því ekki um breytingu að ræða.

Um 22. gr.

Í þessari grein er fjallað almennt um það með hvaða hætti skuli gerð grein fyrir fjárreiðum A-hlutaaðila í frumvarpi til fjárlaga. Samkvæmt greininni skal setja fram áætlaðan rekstrarreikning fyrir ríkisaðila í A-hluta, sjóðstreymi og lánahreyfingar.

Tekjur skal sýna eftir meginflokkum tekna og helstu skattstofnum. Tekjur á rekstrargrunni sýna áætlanir um álagðar eða kræfar tekjur á árinu en sjóðstreymi sýnir áætlun um innheimtu þeirra.

Gjöld skulu sundurliðuð eftir ábyrgðarsviðum, þ.e. ráðuneytum. Í samræmi við ákvæði 13. gr. og skýringum við hana er gert ráð fyrir að fjármagnsgjöld verði sýnd sérstaklega en ekki talin með fjárreiðum fjármálaráðuneytisins eins og verið hefur. Gjöld á rekstrargrunni sýna þær skuldbindingar ríkissjóðs sem gert er ráð fyrir að stofnað sé til á árinu, að frádregnum þjónustutekjum. Sjóðstreymi sýnir hins vegar ákvarðanir um greiðslur á árinu. Gert er ráð fyrir því að uppsetning sjóðstreymis ríkissjóðs verði að fyrirmynd reikningsskila fyrirtækja með þeim breytingum sem stafa af efnisatriðum sem eru sérstök fyrir ríkisfjármálin.

Lánahreyfingar eru allar breytingar sem verða á efnahagsreikningi ársins. Niðurstöðutala rekstrar- og fjármunahreyfinga er hrein lánsfjárþörf. Hún er ein af lykilstærðum í reikningsskilum ríkissjóðs og sá mælikvarði sem þykir gefa hvað besta mynd af áhrifum ríkisfjármálanna á efnahagslífið. Lánsfjárþörf ríkissjóðs er ýmist skoðuð að meðtöldum afborgunum (heildarlánsfjárþörf, verg lánsfjárþörf) eða að þeim frátöldum (hrein lánsfjárþörf). Á móti lánsfjárþörfinni er sýnt hvernig henni er mætt með lántökum en mismunur lánsfjárþarfar og lánsfjármögnunar kemur fram sem breyting á handbæru fé.

Um 23. gr.

Þessi grein kveður á um að í frumvarpi til fjárlaga skuli sýndar tillögur um tímabundnar breytingar á mörkuðum tekjustofnum og á ýmsum framlögum sem háð eru ákvæðum annarra laga. Skerðingarheimilda hefur til þessa einkum verið aflað með lánsfjárlögum en með þeirri tilhögun, sem hér er gert ráð fyrir, verður hvort tveggja í fjárlögum, ákvarðanir um að skerða markaðar tekjur eða framlög og beinar lagaheimildir til þeirra ákvarðana. Hér kæmi einungis til ákvörðunar tímabundin skerðing sem tekur einungis til fjárlagaársins. Ákvæðið felur í sér að gert er ráð fyrir að haldið verði utan um ráðstöfun markaðra tekna með skipulegri hætti en nú er. Lagt er til að birt verði sérstakt yfirlit fyrir hverja stofnun og hvern þann tekjustofn sem í hlut á. Yfirlitið sýni bæði rekstrarhreyfingar og sjóðstreymi, þ.e. fram komi munur álagningar og innheimtu, skuldbindinga og greiðslna. Með þessu er stefnt að því að jafnan sé fyrir hendi skýrt yfirlit yfir stöðu og hreyfingar hvers markaðs tekjustofns og lögbundins framlags.

Um 24. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skýringar við tekjur og útgjöld ríkisins. Lagt er til að skýringar við tekjuáætlun ríkissjóðs verði með svipuðu sniði og verið hefur. Að því er varðar útgjöld er gert ráð fyrir að í frumvarpi til fjárlaga skuli veittar upplýsingar um málaflokka hvers ráðuneytis og ráðstöfun fjárveitinga til einstakra stofnana. Með greininni er lögð sú skylda á stjórnvöld að Alþingi sé upplýst með glöggum hætti um þær fjár-

veitingar sem lagt er til að veittar verði, auk þess sem efnislegar skýringar á verkefnum og viðfangsefnum fylgi þeim.

Á undanförnum árum hafa nýjar aðferðir við gerð fjárlaga rutt sér til rúms. Aðild ráðuneyta hefur vaxið og þar með hefur sú sérþekking, sem einstök ráðuneyti búa yfir um þá málaflokka sem undir þau heyra, nýst betur við fjárlagagerðina en fyrr á árum. Einnig hefur í auknum mæli verið lögð áhersla á ýmiss konar kennitölur um ríkisstarfsemina þegar fjallað er um ráðstöfun ríkisfjármuna. Hér á landi hefur markvisst verið unnið að því að flytja ábyrgð og umfjöllun um fjárveitingar til einstakra ráðuneyta og þar með að ráðuneytin skýri skiptingu þeirra milli verkefna. Greinin leggur þá skyldu á ráðuneytin að þau veiti upplýsingar og nauðsynlegar skýringar við gerð fjárlagafrumvarpsins. Jafnframt er fjármálaráðherra veitt heimild til þess að krefjast upplýsinga með samræmdum hætti fyrir ríkisstarfsemina umfram það sem kveðið er á um í lögum eða reglugerð.

Um 25. gr.

Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir að í frumvarpi til fjárlaga verði sýndar lykiltölur um starfsemi ríkisaðila í B- og C-hluta sem skipta máli við afgreiðslu og ákvörðun Alþingis. Hér er einkum um fimm liði að ræða, þ.e. hagnað eða tap, arðgreiðslu til ríkissjóðs, fjárfestingu, lánveitingar og lántöku ef um slíkt er að ræða. Ekki er gert ráð fyrir að frekar verði fjallað um fjárreiður B- og C-hluta í lagagreinum fjárlaga en gerð verði nánari grein fyrir þeim í sundurliðun.

Um 26. gr.

Lagt er til að ákvæði, sem nú eru í lánsfjárlögum um lántökur ríkisins, heimildir til endurlána til aðila utan A-hlutans og um veitingu ríkisábyrgða, verði í sérstakri grein fjárlaga. Þannig munu sjálfstæð lánsfjárlög heyra sögunni til. Grein þessi er efnislega samhljóða 71. gr. laga nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, með síðari breytingum.

Um 27. gr.

Ákvæðið er sambærilegt við ákvæði 72. gr. laga nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, með síðari breytingum.

Um 28. gr.

Gert er ráð fyrir að fjárlagafrumvarpi hvers árs skuli fylgja áætlun sem lýsi í aðalatriðum ríkisbúskapnum næstu þrjú árin eftir lok þess fjárhagsárs sem fjárlagafrumvarpið tekur til. Hérlendis sem erlendis fer skilningur vaxandi á því að ríkisfjármálin þurfi að skoða yfir lengra tímabil en nemur fjárlagaárinu.

Nú er áætlun af þessu tagi gerð í samvinnu við Þjóðhagsstofnun og Seðlabanka Íslands. Hún felur fyrst og fremst í sér lýsingu á ríkisbúskapnum miðað við að gildandi lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sé fylgt. Þannig má segja að áætlunin til þessa hafi falið í sér mat á horfum án þess að þar hafi verið gerð sérstök grein fyrir stefnu stjórnvalda.

Í greininni er lögð sú skylda á fjármálaráðherra að leggja fram stefnu ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum til lengri tíma. Auk þess sem langtímaáætlun fylgi fjárlagafrumvarpi hvers árs eins og verið hefur hin síðari ár er lagt til að fjármálaráðherra verði skylt að endurskoða áætlunina og leggja fyrir Alþingi breytist forsendur hennar verulega.

Um 29. gr.

Ákvæði greinarinnar kveður á um að afla þurfi heimilda í lögum til að kaupa, selja, skipta eða leigja til langs tíma ýmsar eignir sem telja má verulegar. Með lögum í þessu samhengi er átt við almenn lög, fjárlög eða fjáraukalög. Leiga til langs tíma miðast við samning til lengri tíma en eins árs. Hugtakið leiga tekur í þessu sambandi til fjármögnunarleigu auk hefðbundinna leigusamninga. Með þessu er reynt að tryggja að hvorki sala á veigameiri eignum ríkisins né kaup, skipti eða leiga á slíkum eignum geti átt sér stað nema Alþingi samþykki viðskiptin fyrir fram. Liggi slík heimild ekki fyrir verður að semja um viðskiptin með fyrirvara um samþykki Alþingis. Þó slíkur fyrirvari sé ekki gerður í einstökum samningum breytir það engu um það að samningurinn er ekki bindandi fyrir ríkið nema Alþingi veiti samþykki sitt fyrir honum. Heimildir framkvæmdarvaldsins til ráðstöfunar eigna eru gerðar nokkru þrengri en núgildandi lög kveða á um. Hlutabréf í félögum, skip og flugvélar hefur verið litið á sem lausafé og því ekki þurft lagaheimildir til sölu slíkra eigna. Sú venja hefur þó mótast að sækja jafnan um slíkar heimildir í lánsfjárlögum eða 6. gr. fjárlaga.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir sérstakri undanþágu varðandi leigusamninga sem teljast hefðbundnir rekstrarsamningar. Í slíkum tilvikum þykir eðlilegt að hægt sé að gera samninga án þess að heimildar hafi sérstaklega verið aflað í fjárlögum. Það skilyrði er þó sett að fjármálaráðuneyti og viðkomandi ráðuneyti samþykki gjörninginn. Sem dæmi um samninga af þessu tagi væri t.d. ef ríkið vildi leigja embættismanni fasteign í eigu ríkisins. Þá væri nægjanlegt að fjármálaráðuneytið og viðkomandi ráðuneyti árituðu samninginn um samþykki sitt en ekki þyrfti að bera samninginn sérstaklega undir Alþingi.

Um 30. gr.

Með þessari grein er ráðuneytum með samþykki fjármálaráðuneytis veitt heimild til að gera samninga sem bundnir eru til lengri tíma en fjárlagaársins. Skilyrði fyrir gerð slíkra samninga er að verkefni hafi verið skilgreind í fjárlögum.

Hér er annars vegar um að ræða samninga um úrlausnir tiltekinna rekstrarverkefna sem ríkið kostar. Bæði er að aukin áhersla er nú lögð á útboð þjónustu, svo og að með breyttum áherslum í rekstri ríkisstofnana hafa á undanförnum árum verið gerðir til reynslu svokallaðir þjónustusamningar sem oft eru gerðir til nokkurra ára.

Hins vegar eru verksamningar um framkvæmdir. Oft taka slíkir samningar til tveggja til þriggja ára og í mörgum tilvikum er hagkvæmt að bjóða framkvæmdir út í einu lagi og gera samninga við samstarfsaðila eins og sveitarfélög um framkvæmdatilhögun tiltekinna mannvirkja. Um skipan opinberra framkvæmda gilda lög nr. 63/1970. Þar er gert ráð fyrir að áður en verksamningar eru gerðir skuli tiltekin skilyrði um undirbúning framkvæmda uppfyllt.

Um 31. gr.

Eðli máls samkvæmt kemur fyrir að knýja þurfi fram fullnustu á kröfum sem ríkissjóður eða aðilar í B- og C-hluta kunna að eiga með kaupum á eignum við nauðungarsölu. Í þessari grein er gert ráð fyrir að kaup og endursala slíkra eigna sé heimil án þess að til komi sérstök lagaheimild í hvert sinn. Miðað er við að eignir sem keyptar eru með þessum hætti verði seldar jafnskjótt og hagkvæmt þykir. Þetta ákvæði er sambærilegt 2. málsl. 1. mgr. laga nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði.

Um 32. gr.

Í samræmi við almennar venjur viðskiptalífsins er hér kveðið á um að ríkisaðilum í A- og B-hluta sé heimilt að eiga viðskipti án staðgreiðslu. Gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra setji nánari reglur um viðskipti af þessu tagi, þ.e. bæði að því er varðar heimildir til greiðslufrests og veitingu slíks frests.

Um 33. gr.

Hér er kveðið á um heimild til að greiða úr ríkissjóði ef ófyrirséð atvik verða þess valdandi að greiðsluskylda fellur á ríkissjóð. Eðli máls samkvæmt er ekki hægt við samþykkt frumvarps til fjárlaga að sjá fyrir öll atvik komandi árs sem geta haft áhrif á fjárhagsstöðu ríkissjóðs. Ákvæðið gerir ráð fyrir að fjármálaráðherra sé skylt að gera grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum og afla heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga. Sem dæmi um greiðslur af þessu tagi má nefna greiðslu bóta vegna bótaskyldu sem fellur á ríkið samkvæmt skaðabótareglum. Ríkið kaupir almennt ekki frjálsar ábyrgðartryggingar til að standa straum af slíkum útgjöldum.

Um 34. gr.

Í þessu ákvæði er fjallað um kjarasamninga sem gerðir eru og hafa í för með sér frekari launaútgjöld en fjárlög gerðu ráð fyrir. Aldrei er hægt með vissu að áætla hver niðurstaða kjarasamninga kemur til með að verða. Væri vald fjármálaráðherra til að gera kjarasamninga takmarkað við fjárveitingu í fjárlagafrumvarpi gæti það valdið ófyrirséðum vandkvæðum við samningsgerð, einkum ef ráðherra yrði ekki talinn hafa fullt umboð til samninganna. Greinin gerir ráð fyrir því að haga skuli launagreiðslum í samræmi við gerðan kjarasamning en jafnframt skuli fjármálaráðherra leita heimildar Alþingis til útgjalda með fjáraukalögum eins fljótt og kostur er.

Um 35. gr.

Kveðið er á um heimildir til ráðstöfunar lausafjár stofnana í A-hluta. Meginreglan er sú að söluandvirði skuli skilað í ríkissjóð. Þó er sú undantekning gerð að fjármálaráðherra geti heimilað ríkisstofnunum að ráðstafa söluandvirðinu til endurnýjunar á búnaði. Sem dæmi má nefna að ef stofnun í A-hluta selur bifreið og kaupir nýja í hennar stað getur fjármálaráðherra heimilað að söluandvirði eldri bifreiðarinnar renni til kaupa á þeirri nýju. Með þessum heimildum er reynt að koma í veg fyrir að strangar formkröfur letji ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki til að koma í verð varanlegum rekstrarfjármunum sem notaðir hafa verið við starfsemina, t.d. við endurnýjun þeirra. Með lausafé samkvæmt þessari grein er einungis átt við það lausafé sem ekki fellur undir upptalningu 29. gr. frumvarpsins. Um sölu eigna ríkisins gilda að öðru leyti lög nr. 52/1987, um opinber innkaup.

Um 36. gr.

Í samræmi við meginreglu 41. gr. stjórnarskrárinnar er gert ráð fyrir að óheimilt sé að taka við gjöf sem gefin er með kvöð eða skilyrði sem kemur til með að hafa í för með sér útgjöld. Gera þarf fyrirvara um samþykki Alþingis, enda hafi ekki verið gert ráð fyrir útgjöldum þessum í fjárlögum. Með fjárlögum er í þessu sambandi átt við fjárlög í rýmri merkingu þess orðs, þ.e. í fjárlögum eða fjáraukalögum.

Um 37. gr.

Gert er ráð fyrir að heimilt sé að flytja fjárheimildir milli einstakra rekstrarverkefna, enda séu verkefnin skilgreind í fjárlögum og heildarútgjöld stofnana verði óbreytt. Með ákvæðinu er komið til móts við sjónarmið um aukinn sveigjanleika stofnana til ráðstöfunar fjármuna. Litið er svo á að stofnun sé einungis heimilt að flytja fjármuni milli rekstrarverkefna, t.d. starfsdeilda, en ekki til stofnkostnaðarverkefna eða nýrra verkefna.

Í 2. mgr. er kveðið á um að heimilt sé að geyma ónýttar fjárheimildir í lok reikningsárs. Þetta þykir eðlilegt þar sem verkefni geta frestast af ýmsum ástæðum, svo sem undirbúningi við framkvæmdir. Með áþekkum hætti er lagt til að verði útgjöld umfram heimildir ársins komi það til greiðslu af fjárveitingu næsta fjárlagaárs. Ekki er því lengur gert ráð fyrir að sérstaklega þurfi að sækja um heimildir til þessara ráðstafana í fjáraukalögum heldur nægi þessi heimild laganna. Í lokafjárlögum verði nánar gerð grein fyrir innstæðum og skuldum sem flytjast milli ára og þar leitað afstöðu Alþingis til meðferðar á mismuni fjárheimilda og niðurstöðu ríkisreiknings.

Um 38. gr.

Í samræmi við gildandi framkvæmd er gert ráð fyrir að heimilt sé að flytja lántökuheimildir fram yfir áramót. Slíkar heimildir falla niður ef þær hafa eigi verið nýttar fyrir 1. apríl. Lagt er til að sami háttur verði nú hafður á samkvæmt ákvæði greinarinnar.

Um 39. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 40. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru þrenns konar og fela öll í sér nýmæli. Í fyrsta lagi er sú skylda lögð á ríkisbókhald að vinna mánaðarlegt greiðsluuppgjör fyrir ríkissjóð. Þetta er nú þegar gert. Miðað er við að svo skjótt sem auðið er birti fjármálaráðherra niðurstöðurnar opinberlega. Það verði gert með fréttatilkynningu eða með öðrum reglubundnum hætti.

Í öðru lagi verður fjármálaráðherra skylt að gefa yfirlit um fjárhagsskuldbindingar og kröfur ríkissjóðs sem áfallnar eru. Miðað skal við að slíkt uppgjör fari fram á miðju ári og eigi síðar en í lok ágúst.

Í þriðja lagi verður fjármálaráðherra skylt að birta opinberlega mat á horfum í ríkisfjármálum a.m.k. einu sinni á fjárhagsárinu.

Undanfarin ár hefur fjármálaráðherra gert Alþingi grein fyrir greiðsluafkomu ríkissjóðs næstliðins árs með framlagningu skýrslu um afkomu ríkissjóðs. Gengið er út frá að svo verði áfram. Rétt þykir að taka af tvímæli um birtingu upplýsinga um þróun og horfur í fjármálum ríkisins. Því verði fjármálaráðherra skylt að upplýsa um stöðu þeirra, eins og að framan getur, með reglubundnum hætti.

Um 41. gr.

Hér er aðilum í B- og C-hluta sett sú sérregla að fjármálaráðherra og viðkomandi ráðherra geta heimilað þessum aðilum að stofna til frekari fjárskuldbindinga en fjárlög kveða á um. Gert er ráð fyrir að þessi heimild verði túlkuð þröngt og ekki nýtt nema þegar nauðsynlegt er til að tryggja rekstrarhagsmuni fyrirtækisins. Í lögum nr. 103/1974, um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja, er samsvarandi heimild en á hana hefur lítið reynt á undanförnum árum.

Um 42. gr.

Hér er kveðið á um heimildir til ráðstöfunar eigna aðila í B- og C-hluta. Tekið skal fram að gert er ráð fyrir að ákvæði þetta víki fyrir ákvæðum í sérlögum sé þeim til að dreifa.

Um 43. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að ríkisaðilar sem tilgreindir eru í B-, C- og D-hluta ríkisreiknings, skuli skila ríkissjóði rekstrarhagnaði liðins árs ef ekki er sérstaklega mælt fyrir um annað í lögum. Efnislega er þetta ákvæði svipað ákvæðum 54. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að það tekur ekki einungis til B-hluta eins og gildandi ákvæði heldur og til C- og D-hlutans. Í lögum um ríkisaðila sem samkvæmt frumvarpi þessu flokkast í C- eða D-hluta ríkisreiknings er nær undantekningarlaust mælt sérstaklega fyrir um það hver skuli taka ákvörðun um ráðstöfun rekstrarhagnaðar, sbr. t.d. ákvæði 21. gr. laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka, og 7. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, eða hvernig honum skuli ráðstafað, sbr. t.d. ákvæði laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands. Í ljósi þess að ákvæðið nær til fleiri aðila en það gerði áður þykir eðlilegt að fjármálaráðherra hafi samráð við viðkomandi ráðherra þegar reglur um skil á rekstrarhagnaði eru settar. Í slíkri reglugerð getur hann kveðið á um að ríkisfyrirtækjum sé heimilt að halda eftir tilteknum hluta af rekstrarhagnaði til þess að auka eigið fé, sem og reglur um arðsemi eigin fjár fyrirtækjanna. Rétt er að taka fram að um arð af hlutabréfum í eigu ríkisins gilda reglur laga um hlutafélög og hefur þetta ákvæði engin áhrif á þær.

Um 44. gr.

Gert er ráð fyrir að frumvarp til fjáraukalaga verði sett fram með sama hætti og frumvarp til fjárlaga, þ.e. á rekstrargrunni en jafnframt sýndar greiðsluhreyfingar. Með þessu er tryggt að samræmi sé milli framsetningar fjárlaga og fjáraukalaga enda fjáraukalög í reynd ekkert annað en breyting á fjárlögum. Hins vegar er nafnið á þessum breytingalögum ákveðið í stjórnarskrá og komin hefð á að kalla þau fjáraukalög. Um nánari skýringar og forsendur vísast til almennra athugasemda.

Um 45. gr.

Um skýringar vísast til almennra athugasemda, svo og athugasemda við 33. og 34. gr.

Um 46. gr.

Samkvæmt þessu ákvæði er gert ráð fyrir að um leið og Alþingi fjallar um ríkisreikning verði fjallað um lokafjárlög ársins. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda um skýringar.

Um 47.–48. gr.

Í þessum greinum eru ákvæði um ríkisreikningsnefnd. Þau eru með svipuðu sniði og ákvæðin um ríkisreikningsnefnd í gildandi lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Framsetningu ákvæðanna er nokkuð breytt án þess að í því felist breyting á hlutverki og verksviði ríkisreikningsnefndar. Sem fyrr er gengið út frá því að nefndin sé fjármálaráðherra til ráðgjafar um bókhaldsmálefni og vafaatriði um túlkun laga og reglna um fjárreiður ríkisins. Gert er ráð fyrir að skipan nefndarinnar verði með sama hætti og fyrr, en þó er lagt til að þeir tveir einstaklingar sem skipaðir eru í nefndina sam-

kvæmt tilnefningu, verði skipaðir til fjögurra ára í senn. Hinir fjórir nefndarmennirnir sitja í nefndinni stöðu sinnar vegna. Þá er fellt brott ákvæði um að varamenn þeirra gegni starfinu.

Um 49. gr.

Kveðið er á um stöðu og hlutverk ríkisbókhalds og ríkisbókara við framkvæmd reglna þeirra sem felast í frumvarpinu. Ákvæðin eru fyllri en í gildandi lögum og gera stöðu ríkisbókhaldsins skýrari, m.a. með því að kveða á um heimild til að setja framkvæmdar- og verklagsreglur fyrir þá aðila sem undir gildissvið laganna falla. Rísi ágreiningur um reglur af því tagi kemur til kasta ríkisreikningsnefndar og fjármálaráðherra.

Um 50. gr.

Í greininni er ákvæði um ábyrgð forstöðumanna og stjórna hjá ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum. Greinin er nýmæli þar sem ákvæði af þessu tagi er ekki í gildandi lögum frá 1966. Ekki er gert ráð fyrir að ákvæði þetta hafi nein áhrif á þá ábyrgð sem leiða kann af öðrum lögum, sbr. t.d. lög nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, né rýrir ákvæðið þær eftirlitsskyldur sem ráðuneyti hafa með þeim stofnunum og fyrirtækjum sem undir þau heyra, sbr. 9. gr. laga nr. 73/1979, um Stjórnarráð Íslands.

Um 51. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 52. gr.

Í þessari grein er lagt til að frumvarpið öðlist gildi 1. janúar 1997 verði það að lögum. Þá er gert ráð fyrir að á árinu 1996 verði breytingin undirbúin og kynnt rækilega innan ríkiskerfisins en mjög mikilvægt er að vel takist til í því efni. Þar sem undirbúningur og gerð fjárlagafrumvarps fyrir árið 1997 verður eðli málsins samkvæmt að byggja á hinum nýju lögum þykir rétt að taka það sérstaklega fram.

Þó svo gert sé ráð fyrir að lög nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, með síðari breytingum, falli úr gildi frá og með gildistöku þessa frumvarps verður ekki hjá því komist að mæla fyrir um að gerð ríkisreiknings fyrir árið 1996 sem og fjárlög og fjáraukalög fyrir það ár fari eftir ákvæðum þeirra þar sem gerð, efni og uppbygging þessara heimilda byggja öll á þeim. Þá er í greininni lagt til að lög nr. 103/1974, um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja, og 1., 5.–8. gr. og 10. gr. laga nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana, falli brott við gildistöku frumvarpsins. Efni þessara lagaákvæða er ýmist að finna í frumvarpinu eða þau fá ekki samrýmst ákvæðum þess.

Viðauki.

Fjárlög
fyrir árið 199X

A-hluti **Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana**
1. gr. Rekstraryfirlit ríkissjóðs
2. gr. Sjóðstreymi ríkissjóðs

B-hluti **Fjárreiður ríkisfyrirtækja**
3. gr. Fjárreiður ríkisfyrirtækja

C-hluti **Fjárreiður lánastofnana**
4. gr. Fjárreiður lánastofnana

Ýmis ákvæði
5. gr. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir
6. gr. Skerðingarákvæði í samræmi við ákvæði annarra greina
7. gr. Heimildir fjármálaráðherra
8. gr. Önnur ákvæði

Sundurliðanir
1. Tekjur A-hluta
2. Stofnanir í A-hluta og framlög ríkissjóðs
3. Ýmsar sundurliðanir í A-hluta
4. Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta
5. Fjárreiður lánastofnana í C-hluta

Séryfirlit
1. Heildaryfirlit um fjármál A-hluta
2. Málaflokkasundurliðun gjalda í A-hluta
3. Tegundarsundurliðun gjalda í A-hluta
4. Markaðar tekjur og lögbundin framlög
5. Skipting ríkissjóðstekna
6. Lánsfjármál ríkisaðila A-, B- og C -hluta

A-hluti
Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr.

Árið 199x er áætlað að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 1 og 2.

Þús. kr.	Reiknings-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Tekjur		
Skatttekjur		
Skattar á tekjur einstaklinga	0	0
Skattar á tekjur lögaðila	0	0
Tryggingagjald	0	0
Eignarskattar	0	0
Virðisaukaskattur	0	0
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	0	0
Skattar ótaldir annars staðar	0	0
Skatttekjur samtals	0	0
Rekstrartekjur		
Arðgreiðslur	0	0
Vaxtatekjur	0	0
Aðrar rekstrartekjur	0	0
Rekstrartekjur samtals	0	0
Sala eigna	0	0
Fjármagnstilfærslur, framlög	0	0
Tekjur samtals	**0**	**0**
Gjöld		
Æðsta stjórn ríkisins	0	0
Forsætisráðuneyti	0	0
Menntamálaráðuneyti	0	0
Utanríkisráðuneyti	0	0
Landbúnaðarráðuneyti	0	0
Sjávarútvegsráðuneyti	0	0
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	0	0
Félagsmálaráðuneyti	0	0
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	0	0
Fjármálaráðuneyti	0	0
Samgönguráðuneyti	0	0
Iðnaðarráðuneyti	0	0
Viðskiptaráðuneyti	0	0
Hagstofa Íslands	0	0
Umhverfisráðuneyti	0	0
Fjármagnskostnaður	0	0
Gjöld samtals	**0**	**0**
Tekjujöfnuður	**0**	

A-hluti
Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr.

Árið 199x er áætlað að sjóðstreymi ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein.

	Þús. kr.
Rekstrarhreyfingar:	
Tekjujöfnuður	0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi:	
Reiknaðir vextir	0
Lífeyrisskuldbindingar	0
Ýmsar afskriftir	0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	0
Viðskiptaskuldir, (breyting)	0
Handbært fé frá rekstri	**0**
Fjármunahreyfingar:	
Veitt stutt lán	0
Veitt löng lán	0
- Afborganir veittra lána	0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	0
Fjármunahreyfingar samtals	**0**
Hrein lánsfjárþörf	**0**
Fjármögnun:	
Skammtímalán	0
Tekin löng lán	0
- Afborganir lána	0
Fjármögnun samtals	**0**
Breyting á handbæru fé	**0**
Handbært fé í ársbyrjun	0
Handbært fé í árslok	0

B-hluti
Fjárreiður ríkisfyrirtækja

3. gr.

Árið 199x er ætlast til þess að rekstri, fjárfestingu og lántöku eftirtalinna ríkisfyrirtækja verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 4.

Þús. kr.	Hagnaður/ tap	Arðgreiðsla til ríkissjóðs	Fjárfesting	Lántökur
Happdrætti Háskóla Íslands	0	0	0	0
Lyfjabúð Háskóla Íslands	0	0	0	0
Ríkisútvarpið, sjónvarp	0	0	0	0
Ríkisútvarpið, hljóðvarp	0	0	0	0
Þjóðleikhúsið	0	0	0	0
Sinfóníuhljómsveit Íslands	0	0	0	0
Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli	0	0	0	0
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	0	0	0	0
Ratsjárstöðvar, rekstur	0	0	0	0
Sala varnarliðseigna	0	0	0	0
Laxeldisstöðin Kollafirði	0	0	0	0
Tryggingast.rík. frjálsar slysatr.	0	0	0	0
Áfengis- og tóbaksversl. ríkisins	0	0	0	0
Póst- og símamálastofnun	0	0	0	0
Rafmagnsveitur ríkisins	0	0	0	0
Samtals	**0**	**0**	**0**	**0**

C-hluti
Fjárreiður lánastofnana

4. gr.

Árið 199x er ætlast til þess að rekstri og lánveitingum eftirtalinna stofnana og sjóða verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 5.

Þús. kr.	Hagnaður/ tap	Arðgreiðsla til ríkissjóðs	Veitt lán	Fjár-festing	Lántökur
Byggðastofnun	0	0	0	0	0
Lánasjóður íslenskra námsmanna	0	0	0	0	0
Byggingarsjóður ríkisins	0	0	0	0	0
Húsbréfadeild	0	0	0	0	0
Byggingarsjóður ríkisins	0	0	0	0	0
Byggingarsjóður verkamanna	0	0	0	0	0
Framkvæmdasjóður Íslands	0	0	0	0	0
Hafnabótasjóður	0	0	0	0	0
Orkusjóður	0	0	0	0	0
Ferðamálasjóður	0	0	0	0	0
Landflutningasjóður	0	0	0	0	0
Framleiðnisj. landbúnaðarins	0	0	0	0	0
Stofnlánadeild landbúnaðarins	0	0	0	0	0
Fiskveiðasjóður	0	0	0	0	0
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	0	0	0	0	0
Iðnlánasjóður	0	0	0	0	0
Iðnþróunarsjóður	0	0	0	0	0
Samtals	**0**	**0**	**0**	**0**	**0**

Ýmis ákvæði.

5. gr.

Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilað að taka lán, endurlána og veita ríkisábyrgðir samkvæmt eftirfarandi ákvæðum:

Lántökur ríkissjóðs.

1.1. Að taka lán allt að 15.970 m.kr. á árinu 1993 og ráðstafa því í samræmi við ákvæði annarra greina þessara fjárlaga.

Endurlán.

2.1. Að endurlána Lánasjóði íslenskra námsmanna allt að 3.900 m.kr.
2.2. Að endurlána Atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar allt að 1.300 m.kr.

Ríkisábyrgðir.

3.1. Að ábyrgjast allt að 7.750 m.kr. lántöku Landsvirkjunar.
3.2. Að veita ríkisábyrgð til Vatnsleysuhrepps, allt að 55 m.kr. til undirbúningsrannsókna við Flekkuvíkurhöfn.

6. gr.

Skerðingarákvæði í samræmi við ákvæði annarra greina.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 3. gr. laga nr 71/1990, um Listskreytingasjóð ríkisins, með áorðnum breytingum skal framlag ríkissjóðs eigi vera hærra en 12 m.kr. á árinu 1993.
2. Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr 50/1957, um menningarsjóð, með áorðnum breytingum skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1993.

7. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt:

Eftirgjöf gjalda.

1.1. Að fella niður toll og vörugjald af öryggis- og hjálpartækjum fyrir fatlaða
1.2. Að fella niður stimpilgjöld af skuldaskjölum Spalar hf. vegna fjármögnunar jarðganga.

Ráðstöfun eigna.

2.1. Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Vogagerði 6, Vogum.
2.2. Að selja fasteignina Sólborg á Akureyri.

Fasteignakaup.

3.1. Að kaupa hverasvæði Geysis í Haukadal.
3.2. Að kaupa Hótel Valhöll á Þingvöllum.

Ýmsar heimildir

4.1. Að kaupa dagblöð fyrir stofnanir ríkisins, allt að 100 eintökum af hverju blaði.

8. gr.
Önnur ákvæði.

1. Skattvísitala árið 199X skal vera 123 stig miðað við 120 stig árið 199x.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um fjárreiður ríkisins.

Árið 1990 fól fjármálaráðherra ríkisreikningsnefnd að gera heildarendurskoðun á reglum um bókhald, reikningsskil, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Nefndin skilaði skýrslu í nóvember árið 1994 um tillögur sínar varðandi breytingar á reikningshaldi ríkissjóðs. Í skýrslunni kemur fram það álit nefndarinnar að tryggja þurfi með nýrri löggjöf samræmi í endurskoðun reikningsskila ríkissjóðs og fulla samanburðarhæfni milli fjárlaga og ríkisreiknings. Lagafrumvarpið, sem hér liggur fyrir, var undirbúið á grundvelli tillagna nefndarinnar. Við mat á kostnaðaráhrifum hefur því verið tekið mið af ýmsum efnisatriðum skýrslunnar auk ákvæða frumvarpsins.

Í meginatriðum miðar frumvarpið að því að aðlaga ríkisreikning og fjárlög betur breyttum kröfum um upplýsingar varðandi samhengi ríkisfjármála og efnahagsmála, árangur í ríkisstarfseminni og fjármálastjórn hins opinbera eins og nánar er rakið í athugasemdum með frumvarpinu. Til þess að ná fram markmiðum frumvarpsins verður að ráðast í miklar endurbætur á gerð fjárlaga og ríkisreiknings. Miklar breytingar verður að gera á uppbyggingu og framsetningu á þingskjölum fjárlaga og fjáraukalaga. Þau verður að færa að öllu leyti í nýjan búning, enda hafa umbæturnar, sem ætlunin er að lögfesta með frumvarpinu, ekki verið teknar upp í fjárlagaritum fram að þessu. Endurbætur á ríkisreikningi eru lengra á veg komnar því unnið hefur verið að þeim í reikningum undanfarinna ára. Þannig var þegar árið 1989 tekin upp fullkomnari færsla á rekstrargrunni ríkissjóðs og í ríkisreikningi fyrir árið 1994 var framsetning margra talnayfirlita færð í það horf sem lagt er til í skýrslu ríkisreikningsnefndar.

Einungis hefur verið gerð lausleg athugun á helstu þáttum þess sem snúa að breyttri framsetningu fjárlaga. Vinnu ráðuneytisins að þessum verkefnum má skipta annars vegar í tímabundinn undirbúningskostnað og hins vegar í aukinn kostnað til lengri tíma litið. Í stórum dráttum verða helstu undirbúningsverkefnin að útfæra nýjar lagagreinar og fjármálayfirlit fyrir ný þingskjöl fjárlaga og fjáraukalaga, að skilgreina rekstrargrunn og breyta fyrirkomulagi og úrvinnslu talnaefnis í tölvukerfi og endurskipuleggja inntak og form upplýsingamiðlunar milli stjórnsýsluaðila og vinnubrögð þeirra við fjárlagagerð, auk þess að leiðbeina starfsfólki ráðuneyta og stofnana um allt sem varðar hina breyttu tilhögun. Sem dæmi um aukin verkefni sem verða viðvarandi má nefna að allmargir nýir aðilar verða teknir inn í fjárlögin. Þá má gera ráð fyrir að fjárlagagerðin verði almennt tímafrekari með framsetningu á rekstrargrunni, þar sem flóknara er að meta skuldbindingar fram í tímann en greiðsluhreyfingar til eins árs. Stefnt er að því að með betra skipulagi fjárlagagerðar, endurbættu tölvukerfi og breyttum starfsáherslum megi mæta þess-

um nýju verkefnum án þess að fjölga starfsfólki eða efna til nýrra útgjalda svo nokkru nemi.

Breytingar á framsetningu fjárlaga verða unnar í nánum tengslum við hönnun nýs tölvukerfis fyrir fjárlagagerð sem hafinn er undirbúningur að og hefur sérstaka fjárveitingu í fjárlögum ársins 1996. Hins vegar var þegar fyrirhugað að endurnýja tölvukerfið af öðrum ástæðum þar sem núverandi kerfi er orðið tæknilega úrelt og þjónar ekki nægilega vel nýju skipulagi rammafjárlagagerðar sem hefur verið í mótun síðustu árin. Þessi stofnkostnaður er því ekki talinn til viðbótarútgjalda sem leitt geti af ákvæðum frumvarpsins.

Á hinn bóginn verður að gera ráð fyrir auknum útgjöldum til þess að ná fram markmiðum frumvarpsins á þeim verksviðum sem snúa að ríkisbókhaldi. Ræðst það af því að þær endurbætur, sem eftir er að gera í reikningshaldinu, eru talsvert umfangsmiklar. Bæði er að breytingarnar ná til mjög margra bókhaldsaðila, eða allra ríkisstofnana, og hitt að þær beinast að margbrotinni upplýsingavinnslu í þremur stærstu tölvukerfunum sem annast fjárreiður ríkissjóðs: bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins (BÁR), lánakerfi ríkisins (SKIL) og tekjubókhaldskerfi ríkisins. Ekki þykir ástæða til að greina nákvæmlega frá öllum þeim verkefnum sem leysa þarf úr á þessu sviði heldur er látið nægja að draga saman stærstu þættina hér á eftir.

— *Nýir ríkisaðilar og breytt flokkun í A–E hluta.*
Taka þarf marga nýja aðila inn í ríkisreikning, innheimta viðeigandi bókhaldsgögn og annast bókun á fjárreiðum þeirra. Gera þarf breytingar á skipulagi bókhaldskerfa til þess að þau ráði við skiptingu ríkisreiknings í fimm hluta í stað tveggja hluta áður.

— *Árshlutauppgjör rekstrargrunns tvisvar á ári og flýting.*
Stefnt er að því að einu sinni innan árs verði gerð grein fyrir áföllnum skuldbindingum þó ekki sé um fullkomið rekstraruppgjör að ræða. Það árshlutauppgjör krefst talsverðrar viðbótarvinnu, auk þess sem gera verður endurbætur á BÁR og breyta bókhaldi að þessu leyti hjá stofnunum. Þá þarf að gera ráðstafanir til flýta lokauppgjöri ríkisreiknings um nokkra mánuði til þess að talnaefnið komi að notum við undirbúning fjárlagafrumvarps fyrir næsta ár á rekstrargrunni.

— *Ný fjármálayfirlit og aukin tölvuvinnsla þeirra.*
Fyrirhugað er að taka í gagnið ýmis ný yfirlit um fjármál ríkisins og vinna að því að þau verði í auknum mæli mynduð með vélrænum hætti í stað þess að vera handunnin.

— *Ný eignaskrá ríkisins.*
Byggja þarf upp miðlæga eignaskrá fyrir allar ríkisstofnanir. Tryggja þarf samræmda skráningu og upplýsingaskil stofnana.

— *Ný yfirlit um lánahreyfingar úr SKIL.*
Stefnt er að því að taka upp ný yfirlit í ríkisreikningi sem sýni horfur í lánsfjármálum næstu ára, einkum skuldastöðu, afborganir af teknum lánum og skuldbindingar utan efnahagsreiknings. Setja þarf úrvinnslu á talnaefninu í SKIL og miðla því inn í BÁR.

— *Breytt flokkun og umsýsla ríkistekna.*
Gera verður nýja aðgreiningu á þjónustutekjum stofnana, t.d. göngudeildargjöldum, og rekstrartekjum sem teljast til ríkistekna, t.d. gjöldum fyrir vegabréf eða vottorð. Við þá breytingu þarf að koma innheimtu ýmissa stofnana á rekstrartekjum fyrir í

tekjubókhaldi ríkisins og tryggja fullnægjandi skil og uppgjör.

— *Upplýsingamiðlun til alþjóðastofnana.*
Aðlaga þarf núverandi fjármálayfirlit og útbúa ný með hliðsjón af alþjóðlegum stöðlum. Fylgjast þarf betur með breytingum á stöðlum og uppgjörsaðferðum á alþjóðlegum vettvangi.

— *Kynning og leiðbeiningar.*
Til að koma við þessum umbótum á reikningshaldi ríkissjóðs þarf að veita markvissa fræðslu til viðkomandi bókhaldsaðila. Ákvarða þarf samræmdar reglur um bókun, skilgreina hugtök og semja leiðbeiningar. Undirbúa þarf námskeið og fræðsluefni til kynningar fyrir stofnanir.

Ríkisbókhald hefur lagt mat á kostnað sinn af framangreindum verkefnum þar sem reynt er að aðgreina viðbótarútgjöldin sérstaklega. Samkvæmt þeirri áætlun er gert ráð fyrir að tímabundin viðbótarútgjöld við þau verkefni sem beinast að undirbúningi og framkvæmd breytinganna á reikningshaldi ríkisins verði um 7 m.kr. Þar af verði um helmingurinn vegna sérfræðivinnu og kynningarstarfs hjá ríkisbókhaldi og hinn helmingurinn vegna verkefna í tengslum við breytingar á tölvukerfum. Þá áætlar stofnunin að viðbótarútgjöld við þau verkefni sem leiða til varanlegrar aukningar í starfsumfangi verði nálægt 10 m.kr. Stærstur hluti þessa kostnaðar, eða um 7,5 m.kr., skýrist af auknum launagjöldum hjá stofnuninni. Þannig er gert ráð fyrir nýju starfi við umsýslu með eignaskrá ríkisins og auknum launagjöldum vegna umfangsmeira og flóknara uppgjörs ríkisins en verið hefur. Í fjárlögum ársins 1996 er gert ráð fyrir 8 m.kr. framlagi til að mæta kostnaði við þessi verkefni.

537. Fyrirspurn [298. mál]

til dómsmálaráðherra um reglur um þátttöku barna og unglinga í happdrætti.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hefur ráðherra í hyggju að beita sér fyrir breytingu á þeim reglum sem gilda um þátttöku barna og unglinga í hvers konar happdrætti, þar með taldir peningaspilakassar? Ef svo er, í hverju er sú breyting fólgin?
2. Eru þær reglur, sem hér gilda um þátttöku barna og unglinga í happdrætti og notkun á peningaspilakössum, í samræmi við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndum? Ef ekki, í hverju er mismunurinn fólginn?
3. Hvernig er háttað eftirliti með því að þeim reglum, sem í gildi eru, sé framfylgt?
4. Hver eru viðurlög ef um vanrækslu á eftirliti er að ræða?

538. Fyrirspurn [299. mál]

til fjármálaráðherra um skattlagningu happdrættisreksturs.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvernig er háttað skattlagningu á rekstur hvers konar happdrættis hér á landi, þar með talinn rekstur spilakassa?
2. Hvernig er staðið að slíkri skattlagningu annars staðar á Norðurlöndum?
3. Eru sambærileg skattaákvæði í gildi um svokallað Víkingalottó í löndum sem standa að því happdrætti? Ef ekki, hver er mismunurinn?
4. Hefur ráðherra í hyggju að beita sér fyrir breytingu á skattareglum um starfsemi happdrættis? Ef svo er, í hvaða veru?

539. Svar [260. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Ögmundar Jónassonar og Kristins H. Gunnarssonar um skuldir sveitarfélaga.

Leitað var upplýsinga hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um svör við 1.–3. lið fyrirspurnarinnar.

1. *Hverjar voru heildarskuldir sveitarfélaganna, hvers fyrir sig og samtals, í árslok 1994?*

Heildarskuldir sveitarsjóða í árslok 1994 voru 34.797.128.000 kr.

Heildarskuldir fyrirtækja sveitarfélaga sem hafa sjálfstæðan fjárhag voru í árslok 1994 19.722.948.000 kr.

Skuldir sveitarsjóða og fyrirtækja þeirra voru samtals í árslok 1994 54.520.076.000 kr.

Á meðfylgjandi yfirliti er að finna heildarskuldir sveitarsjóða og fyrirtækja sveitarfélaga sundurliðaðar eftir sveitarfélögum.

2. *Hver var peningaleg staða sveitarfélaganna, hvers fyrir sig og samtals, á sama tíma?*

Peningalegar eignir sveitarsjóða voru í árslok 1994 samtals 12.906.404.000 kr.

Samtals peningaleg staða sveitarsjóðanna var því í árslok 1994 neikvæð eða –21.890.724.000 kr.

Skilgreiningar á peningalegum eignum fyrirtækja sveitarfélaga eru misjafnar eftir því við hvaða fyrirtæki er átt. Sem dæmi má nefna að hjá rafveitum og hitaveitum samanstanda peningalegar eignir af veltufjármunum, langtímakröfum og fastafjármunum, en hjá hafnarsjóðum samanstanda þær af veltufjármunum og langtímakröfum.

Peningaleg staða fyrirtækja sveitarfélaga, með framangreindum fyrirvörum, var í árslok1994 jákvæð eða 15.619.984.000 kr.

Peningaleg staða sveitarsjóða og fyrirtækja sveitarfélaga var í árslok 1994, með framangreindum fyrirvörum, neikvæð eða samtals –6.270.740.000 kr.

Á meðfylgjandi yfirliti er að finna peningalega stöðu sveitarsjóða og fyrirtækja sveitarfélaga, sundurliðaða eftir sveitarfélögum.

3. *Hvert var hlutfall peningalegrar stöðu skv. 2. lið fyrirspurnarinnar af skatttekjum sveitarsjóðs árið 1994 hjá hverju sveitarfélagi fyrir sig og samtals?*

Hlutfall peningalegrar stöðu sveitarsjóða af skatttekjum þeirra var –82,5% í árslok 1994.

Peningaleg staða sveitarsjóða og fyrirtækja sem hlutfall af skatttekjum, með framangreindum fyrirvörum, var í árslok 1994 –23,6%.

Það skal tekið fram að hér er sýnt hlutfall af skatttekjum sveitarsjóðs en ekki af tekjum fyrirtækja.

Á meðfylgjandi yfirliti er að finna þetta hlutfall hjá sveitarsjóðum og fyrirtækjum sveitarfélaga, sundurliðað eftir sveitarfélögum.

4. *Hvaða viðmiðun hefur ráðuneytið til að meta hvort skuldir sveitarfélaga eru komnar á hættustig og hvaða sveitarfélög eru yfir þeim mörkum miðað við fjárhagsstöðu í árslok 1994?*

Á árinu 1989 starfaði nefnd á vegum félagsmálaráðuneytisins sem hafði það hlutverk að yfirfara fjárhagsmál sveitarfélaga. Nefndin lagði m.a. til að félagsmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga kæmu sér saman um ákveðnar viðmiðunartölur varðandi fjárhag sveitarfélaga. Nefndin tók fram að þessar viðmiðanir gætu t.d. verið að nettóskuldir sveitarfélaga ættu yfirleitt ekki að fara yfir 50% af sameiginlegum tekjum og hættumörkum væri náð þegar hlutfallið væri orðið 80–90%.

Ráðuneytið hefur stuðst við þessar viðmiðanir. Þetta er þó engan veginn einhlítur mælikvarði. Líta þarf til margra atriða þegar meta skal peningalega stöðu og nettóskuldir sveitarfélaga og möguleika viðkomandi sveitarfélags til að standa við fjárhagsskuldbindingar sínar. Við þetta mat þarf m.a. að hafa eftirfarandi atriði í huga:

Eignir:
- Hlutabréf.
- Eignarhlutar í öðrum félögum.
- Eignarhlutar í fyrirtækjum sveitarfélagsins, svo sem veitufyrirtækjum.
- Félagslegar íbúðir sem ekki eru færðar sem sérstakt fyrirtæki sveitarfélags.
- Aðrar eignir sem ekki eru bundnar vegna lögboðinnar þjónustu sveitarfélags.

Skuldbindingar:
- Ábyrgðaskuldbindingar sem fallið hafa á sveitarsjóð eftir lok reikningsskilatímabils eða ljóst er að muni falla á sveitarsjóð.
- Skuldbindingar eigin fyrirtækja sveitarfélaga eða vegna verkefna með öðrum sem ætla má að lendi á sveitarsjóði í formi framlaga.

Þjónustustig og staða framkvæmda:
- Staða sveitarsjóðs gagnvart lögboðnum verkefnum, svo sem skólum, leikskólum og íþróttamannvirkjum.
- Verksamningar.

Annað:
- Atriði í ársreikningi sveitarfélags sem ekki eru í samræmi við reikningsskilaaðferðir sveitarfélaga ef ljóst er að þau hafi áhrif á mat peningalegrar stöðu sveitarfélagsins.

Einnig þarf að líta til þróunar íbúafjölda og atvinnuástands í sveitarfélaginu. Ef atvinnuástand er gott og íbúum fer fjölgandi á viðkomandi sveitarfélag yfirleitt auðveldara með að standa við skuldbindingar sínar en ef atvinnuástand er slæmt og íbúum fer fækkandi.

Eins og fram kemur af því sem hér hefur verið rakið þarf að líta til margra þátta þegar metin er fjárhagsstaða sveitarfélaga.

Ráðuneytið útbýr ekki sérstaka lista til dreifingar um sveitarfélög þar sem skuldir eru komnar á hættustig. Hins vegar eru árlega birtar upplýsingar um fjárhag sveitarfélaga í árbók sveitarfélaga sem Samband íslenskra sveitarfélaga gefur út.

Fylgiskjal með svörum við fyrirspurn Ögmundar Jónassonar og Kristins H. Gunnarssonar 3. febrúar 1996

Skuldir og peningaleg staða sveitarfélaga.

Fjárhæðir í þús. kr.			Sveitarsjóðir					Fyrirtæki sveitarfélaga 1)		Sveitarsjóðir og fyrirtæki		
svfnr	Sveitarfélag	1/12 '95	Skattiekjur	Peningalegar eignir	Heildar-skuldir	Peningaleg staða	Peningal. staða sveitarsjóðs hlutfall af skattekjum	"Peningalegar eignir"	Heildarskuldir	Samtals heildarskuldir	Samtals "peningaleg staða"	"peningaleg staða" hlutfall af skatttekjum 2)
0000	Reykjavíkurborg	104.276	9.967.123	3.687.020	12.445.677	-8.758.657	-87,0%	24.532.307	5.974.942	18.420.619	9.798.708	97,4%
1000	Kópavogskaupstaður	17.660	1.560.578	1.269.996	4.069.902	-2.799.906	-177,7%	0	120.248	4.190.150	-2.920.154	-185,3%
1100	Seltjarnarneskaupstaður	4.541	437.966	109.845	383.453	-273.608	-61,9%	311.658	78.410	461.863	-40.360	-9,1%
1300	Garðabær	7.801	751.035	509.815	1.175.988	-666.173	-87,9%	0	0	1.175.988	-666.173	-87,9%
1400	Hafnarfjarðarkaupstaður	17.538	1.756.545	847.350	3.820.352	-2.973.002	-167,6%	1.062.580	610.566	4.430.918	-2.520.988	-142,2%
1603	Bessastaðahreppur	1.230	111.807	31.590	113.888	-82.298	-72,9%	3	3.654	117.542	-85.949	-76,1%
1604	Mosfellsbær	4.911	461.685	160.944	474.272	-313.328	-67,2%	143.977	215.843	690.115	-385.194	-82,6%
1605	Kjalarneshreppur	501	46.977	81.824	206.661	-124.837	-263,2%	0	0	206.661	-124.837	-263,2%
1606	Kjósarhreppur	139	14.197	7.786	7.186	600	4,2%	0	0	7.186	600	4,2%
2000	Reykjanesbær	10.340	1.017.261	418.901	1.387.163	-968.262	-94,3%	390.567	1.082.346	2.469.509	-1.660.041	-161,6%
2300	Grindavíkurkaupstaður	2.167	234.081	96.656	144.516	-47.860	-20,3%	104.600	262.768	407.284	-206.028	-87,2%
2503	Sandgerði	1.291	157.683	155.735	231.489	-75.754	-47,6%	64.291	165.975	397.464	-177.438	-111,5%
2504	Gerðahreppur	1.152	102.675	30.803	225.381	-194.578	-187,7%	0	0	225.381	-194.578	-187,7%
2506	Vatnsleysustrandarhrepp	684	67.964	64.369	144.247	-79.878	-116,4%	468	15.353	159.600	-94.763	-138,1%
3000	Akraneskaupstaður	5.102	498.669	148.211	388.719	-240.508	-47,8%	361.005	196.381	585.100	-75.884	-15,1%
3501	Hvalfjarðarstrandarhrepp	160	20.127	4.390	6.912	-2.522	-12,4%	0	0	6.912	-2.522	-12,4%
3502	Skilmannahreppur	128	22.772	5.669	7.191	-1.522	-6,6%	0	0	7.191	-1.522	-6,6%
3503	Innri-Akraneshreppur	123	10.190	8.807	393	8.414	81,8%	0	0	393	8.414	81,8%
3504	Leirár- og Melahreppur	139	9.749	7.355	429	6.926	70,4%	0	0	429	6.926	70,4%
3505	Andakílshreppur	261	25.240	2.694	1.997	697	2,7%	0	0	1.997	697	2,7%
3506	Skorradalshreppur	49	7.019	5.402	12.923	-7.521	-106,1%	0	0	12.923	-7.521	-106,1%
3507	Lundarreykjadalshreppur	98	8.026	6.166	30.666	-24.500	-302,3%	0	0	30.666	-24.500	-302,3%
3508	Reykholtsdalshreppur	246	19.159	3.957	14.393	-10.436	-54,0%	0	0	14.393	-10.436	-54,0%
3509	Hálsahreppur	94	7.031	5.449	14.811	-9.362	-131,9%	0	0	14.811	-9.362	-131,9%
3601	Hvítársíðuhreppur	76	5.501	9.113	591	8.522	153,4%	0	0	591	8.522	153,4%
3602	Þverárhlíðarhreppur	76	6.312	2.616	2.535	81	1,3%	0	0	2.535	81	1,3%
3605	Borgarhreppur	138	12.286	18.580	1.904	16.676	134,4%	0	0	1.904	16.676	134,4%
3607	Álftaneshreppur	97	8.038	1.378	13.232	-11.854	-146,1%	0	0	13.232	-11.854	-146,1%
3609	Borgarbyggð	2.124	216.675	136.368	216.562	-80.194	-36,7%	140.467	180.723	397.285	-120.450	-55,1%
3701	Kolbeinsstaðahreppur	116	vantar	vantar	vantar	vantar	vantar	0	0	vantar	vantar	vantar
3709	Eyrarsveit	951	94.602	65.476	64.712	764	0,8%	1	78.968	143.680	-78.203	-81,9%
3710	Helgafellssveit	38	5.564	7.120	2.426	4.694	83,6%	0	0	2.426	4.694	83,6%
3711	Stykkishólmsbær	1.296	134.216	120.536	187.906	-67.370	-49,7%	23.542	316.913	504.819	-360.741	-266,2%
3712	Skógarstrandarhr.	68	3.827	10.656	0	10.656	275,8%	0	0	0	10.656	275,8%
3714	Snæfellsbær	1.822	247.951	228.333	371.080	-142.747	-57,0%	46.159	84.657	455.737	-181.245	-72,4%

Fjárhæðir í þús. kr.			Sveitarsjóðir					Fyrirtæki sveitarfélaga 1)		Sveitarsjóðir og fyrirtæki		
						Peningal. staða sveitarsjóðs					Samtals	"peningaleg
svfnr	Sveitarfélag	1/12 '95	Skattekjur	Peningalegar eignir	Heildar-skuldir	Peningaleg staða	hlutfall af skattekjum	"Peningalegar eignir"	Heildarskuldir	Samtals heildarskuldir	"peningaleg staða"	staða" hlutfall af skatttekjum 2)
3715	Eyja- og Miklaholtshrepp	145	10.499	18.772	99	18.673	176,2%	0	0	99	18.673	176,2%
3809	Saurbæjarhreppur	101	vantar	vantar	vantar	vantar	vantar	0	0	vantar	vantar	vantar
3811	Dalabyggð	706	70.956	35.451	80.805	-45.354	-63,3%	0	0	80.805	-45.354	-63,3%
4000	Ísafjarðarkaupstaður	3.386	408.944	255.134	444.281	-189.147	-45,8%	237.639	550.330	994.611	-501.838	-121,5%
4100	Bolungarvíkurkaupstaður	1.077	126.832	68.580	282.160	-213.580	-166,8%	26.779	195.496	477.656	-382.297	-298,5%
4502	Reykhólahreppur	350	30.027	64.155	111.106	-46.951	-154,9%	0	0	111.106	-46.951	-154,9%
4604	Tálknafjarðarhreppur	327	36.985	37.451	65.456	-28.005	-75,0%	0	0	65.456	-28.005	-75,0%
4607	Vesturbyggð	1.343	138.207	115.160	400.599	-285.439	-204,6%	40.177	84.906	485.505	-330.168	-236,6%
4702	Þingeyrarhreppur	434	52.403	15.751	156.486	-140.735	-266,0%	266	45.973	202.459	-186.442	-352,4%
4703	Mýrahreppur,	68	4.887	3.596	2.046	1.550	31,4%	0	0	2.046	1.550	31,4%
4704	Mosvallahreppur	73	5.734	2.032	10.956	-8.924	-154,1%	0	0	10.956	-8.924	-154,1%
4705	Flateyrarhreppur	351	37.006	46.726	144.323	-97.597	-261,2%	0	0	144.323	-97.597	-261,2%
4706	Suðureyrarhreppur	303	33.140	44.172	131.443	-87.271	-260,8%	0	0	131.443	-87.271	-260,8%
4803	Súðavíkurhreppur	283	32.408	31.684	68.742	-37.058	-113,3%	0	0	68.742	-37.058	-113,3%
4901	Árneshreppur	88	8.467	6.132	10.859	-4.727	-55,3%	0	0	10.859	-4.727	-55,3%
4902	Kaldrananeshreppur	146	15.635	8.520	8.816	-296	-1,9%	0	0	8.816	-296	-1,9%
4904	Hólmavíkurhreppur	532	51.645	33.163	67.750	-34.587	-66,3%	1.864	74.226	141.976	-106.949	-205,1%
4905	Kirkjubólshreppur	54	4.307	18.657	231	18.426	423,7%	0	0	231	18.426	423,7%
4908	Bæjarhreppur,	107	8.658	15.526	4.718	10.808	123,6%	0	0	4.718	10.808	123,6%
4909	Broddaneshreppur	96	7.905	14.849	372	14.477	181,4%	0	0	372	14.477	181,4%
5000	Siglufjarðarkaupstaður	1.726	187.886	93.341	200.825	-107.484	-56,7%	11.480	1.421	202.246	-97.425	-51,4%
5100	Sauðárkrókskaupstaður	2.763	282.251	159.627	493.497	-333.870	-117,2%	327.224	64.989	558.486	-71.635	-25,1%
5501	Staðarhreppur,	101	8.214	5.598	485	5.113	61,7%	0	0	485	5.113	61,7%
5502	Fr.-Torfustaðahreppur	65	5.309	1.215	7.005	-5.790	-108,0%	0	0	7.005	-5.790	-108,0%
5503	Y.-Torfustaðahreppur	215	17.464	8.100	12.953	-4.853	-27,5%	0	0	12.953	-4.853	-27,5%
5504	Hvammstangahreppur	691	75.061	38.462	97.893	-59.431	-78,4%	53.004	47.674	145.567	-54.101	-71,4%
5505	Kirkjuhvammshreppur	90	8.835	12.318	605	11.713	131,3%	0	0	605	11.713	131,3%
5506	Þverárhreppur	85	6.994	3.816	2.134	1.682	23,8%	0	0	2.134	1.682	23,8%
5507	Þorkelshólshreppur	146	11.103	10.050	5.189	4.861	43,4%	0	0	5.189	4.861	43,4%
5601	Áshreppur	92	6.720	9.325	1.549	7.776	114,6%	0	0	1.549	7.776	114,6%
5602	Sveinsstaðahreppur	92	7.657	11.087	0	11.087	143,4%	0	0	0	11.087	143,4%
5603	Torfalækjarhreppur	111	10.979	31.261	0	31.261	282,0%	0	0	0	31.261	282,0%
5604	Blönduósbær	1.031	114.494	70.208	175.020	-104.812	-90,7%	106.189	222.939	397.959	-221.562	-191,7%
5605	Svínavatnshreppur	118	25.340	56.948	0	56.948	222,6%	0	0	0	56.948	222,6%
5606	Bólstaðarhlíðarhreppur	112	9.281	21.226	0	21.226	226,5%	0	0	0	21.226	226,5%
5607	Engihlíðarhreppur	71	6.406	2.599	114	2.485	38,4%	0	0	114	2.485	38,4%
5608	Vindhælishreppur	35	3.186	4.185	0	4.185	130,1%	0	0	0	4.185	130,1%
5609	Höfðahreppur	668	80.222	30.061	49.620	-19.559	-24,1%	11.007	84.949	134.569	-93.501	-115,4%

Fjárhæðir í þús. kr.		Sveitarsjóðir						Fyrirtæki sveitarfélaga 1)		Sveitarsjóðir og fyrirtæki		
						Peningal. staða sveitarsjóðs					Samtals	"peningaleg staða" hlutfall
svfnr	Sveitarfélag	1/12 '95	Skatttekjur	Peningalegar eignir	Heildar-skuldir	Peningaleg staða	hlutfall af skattekjum	"Peningalegar eignir"	Heildarskuldir	Samtals heildarskuldir	"peningaleg staða"	af skatttekjum 2)
5610	Skagahreppur,	61	3.524	14.314	0	14.314	402,3%	0	0	0	14.314	402,3%
5701	Skefilsstaðahreppur	45	vantar	vantar	vantar	vantar	vantar	0	0	vantar	vantar	vantar
5702	Skarðshreppur,	108	8.978	1.652	10.572	-8.920	-98,4%	0	0	10.572	-8.920	-98,4%
5703	Staðarhreppur,	129	10.542	8.643	578	8.065	75,8%	0	0	578	8.065	75,8%
5704	Seyluhreppur	305	31.121	14.702	19.206	-4.504	-14,3%	0	0	19.206	-4.504	-14,3%
5705	Lýtingsstaðahreppur	284	22.069	7.085	12.044	-4.959	-22,3%	0	0	12.044	-4.959	-22,3%
5706	Akrahreppur	242	18.330	27.135	1.944	25.191	136,1%	0	0	1.944	25.191	136,1%
5707	Rípurhreppur	80	6.879	13.946	443	13.503	194,4%	0	0	443	13.503	194,4%
5708	Viðvíkurhreppur	76	6.147	9.525	11	9.514	153,3%	0	0	11	9.514	153,3%
5709	Hólahreppur	150	12.297	4.846	3.226	1.620	13,0%	0	0	3.226	1.620	13,0%
5710	Hofshreppur,	378	38.032	21.713	30.263	-8.550	-22,3%	0	0	30.263	-8.550	-22,3%
5715	Fljótahreppur	138	13.123	6.085	24.480	-18.395	-138,8%	0	0	24.480	-18.395	-138,8%
6000	Akureyrarkaupstaður	14.922	1.519.456	526.711	970.073	-443.362	-28,9%	4.495.644	5.004.305	5.974.378	-952.023	-62,1%
6100	Húsavíkurkaupstaður	2.481	274.647	207.324	242.902	-35.578	-12,8%	310.708	307.066	549.968	-31.936	-11,5%
6200	Ólafsfjarðarkaupstaður	1.193	131.255	82.564	292.141	-209.577	-158,1%	98.071	60.999	353.140	-172.505	-130,2%
6300	Dalvíkurbær	1.491	154.559	132.243	231.693	-99.450	-63,7%	201.942	193.382	425.075	-90.890	-58,2%
6501	Grímseyjarhreppur	117	10.692	17.789	6.880	10.909	101,1%	0	0	6.880	10.909	101,1%
6502	Svarfaðardalshreppur	257	20.045	7.260	10.324	-3.064	-15,1%	0	0	10.324	-3.064	-15,1%
6504	Hríseyjarhreppur	270	28.458	18.868	72.703	-53.835	-187,4%	0	0	72.703	-53.835	-187,4%
6505	Árskógshreppur	354	36.750	24.082	31.690	-7.608	-20,5%	0	0	31.690	-7.608	-20,5%
6506	Arnarneshreppur	204	17.152	6.268	7.535	-1.267	-7,3%	0	0	7.535	-1.267	-7,3%
6507	Skriðuhreppur	97	6.832	1.820	4.993	-3.173	-46,0%	0	0	4.993	-3.173	-46,0%
6508	Öxnadalshreppur	46	4.025	3.683	0	3.683	90,6%	0	0	0	3.683	90,6%
6509	Glæsibæjarhreppur	239	18.047	9.411	5.421	3.990	21,9%	0	0	5.421	3.990	21,9%
6513	Eyjafjarðarsveit	933	92.550	49.867	28.414	21.453	23,0%	0	0	28.414	21.453	23,0%
6601	Svalbarðsstrandarhr.	336	31.483	30.801	27.892	2.909	9,2%	0	0	27.892	2.909	9,2%
6602	Grýtubakkahreppur	364	37.220	17.567	41.459	-23.892	-63,6%	0	0	41.459	-23.892	-63,6%
6604	Hálshreppur	186	14.031	20.046	404	19.642	138,7%	0	0	404	19.642	138,7%
6605	Ljósavatnshreppur	244	17.635	12.632	8.298	4.334	24,3%	0	0	8.298	4.334	24,3%
6606	Bárðdælahreppur	138	11.194	8.564	343	8.221	72,7%	0	0	343	8.221	72,7%
6607	Skútustaðahreppur	487	58.873	18.645	39.198	-20.553	-34,6%	66.858	11.400	50.598	34.905	58,7%
6608	Reykdælahreppur	306	28.530	19.021	8.594	10.427	36,2%	0	0	8.594	10.427	36,2%
6609	Aðaldælahreppur	320	30.359	8.488	5.801	2.687	8,8%	0	0	5.801	2.687	8,8%
6610	Reykjahreppur	107	8.843	5.861	1.921	3.940	44,1%	0	0	1.921	3.940	44,1%
6611	Tjörneshreppur	86	6.145	13.829	550	13.279	214,0%	0	0	550	13.279	214,0%
6701	Keldunesshreppur	109	10.253	6.987	935	6.052	58,5%	0	0	935	6.052	58,5%
6702	Öxarfjarðarhreppur	399	38.728	35.617	35.410	207	0,5%	0	0	35.410	207	0,5%
6705	Raufarhafnarhreppur	371	44.948	12.957	60.731	-47.774	-105,3%	0	0	60.731	-47.774	-105,3%

Fjárhæðir í þús. kr.		Sveitarsjóðir						Fyrirtæki sveitarfélaga 1)		Sveitarsjóðir og fyrirtæki		
						Peningal. staða sveitarsjóðs					Samtals	"peningaleg
				Peningalegar	Heildar-	Peningaleg	hlutfall af	"Peningalegar		Samtals	"peningaleg	staða" hlutfall
svfnr	Sveitarfélag	1/12 '95	Skattekjur	eignir	skuldir	staða	skattekjum	eignir"	Heildarskuldir	heildarskuldir	staða"	af skatttekjum 2)
6706	Svalbarðshreppur	124	9.828	1.435	30.519	-29.084	-293,1%	0	0	30.519	-29.084	-293,1%
6707	Þórshafnarhreppur	483	53.853	32.181	120.345	-88.164	-162,2%	23.514	124.685	245.030	-189.335	-348,2%
7000	Seyðisfjarðarkaupstaður	830	107.136	46.812	103.768	-56.956	-52,7%	64.076	139.903	243.671	-132.783	-122,8%
7100	Neskaupstaður	1.651	191.916	132.214	166.758	-34.544	-17,8%	16.768	122.985	289.743	-140.761	-72,6%
7200	Eskifjarðarkaupstaður	1.006	113.049	52.382	84.198	-31.816	-27,9%	27.174	85.478	169.676	-90.120	-79,0%
7501	Skeggjastaðahreppur	148	12.843	11.173	36.889	-25.716	-198,3%	0	0	36.889	-25.716	-198,3%
7502	Vopnafjarðarhreppur	875	90.873	43.744	102.136	-58.392	-63,6%	1.434	108.376	210.512	-165.334	-180,2%
7503	Hlíðarhreppur	86	6.264	7.814	3.343	4.471	70,7%	0	0	3.343	4.471	70,7%
7504	Jökuldalshreppur	145	11.293	10.916	4.895	6.021	52,8%	0	0	4.895	6.021	52,8%
7505	Fljótsdalshreppur	109	8.802	10.991	8.943	2.048	23,0%	0	0	8.943	2.048	23,0%
7506	Fellahreppur	442	41.589	15.052	23.532	-8.480	-20,2%	0	0	23.532	-8.480	-20,2%
7507	Tunguhreppur	97	7.158	10.147	5.550	4.597	63,6%	0	0	5.550	4.597	63,6%
7508	Hjaltastaðarhreppur	70	5.589	4.813	883	3.930	69,6%	0	0	883	3.930	69,6%
7509	Borgarfjarðarhreppur	175	17.731	13.335	22.664	-9.329	-52,1%	0	0	22.664	-9.329	-52,1%
7601	Skriðdalshreppur	85	6.692	7.837	6.709	1.128	16,7%	0	0	6.709	1.128	16,7%
7602	Vallahreppur	157	11.635	15.510	14.083	1.427	12,1%	0	0	14.083	1.427	12,1%
7603	Egilsstaðabær	1.580	162.538	66.511	71.266	-4.755	-2,9%	1.270	109.490	180.756	-112.975	-68,8%
7604	Eiðahreppur	142	12.017	2.444	7.728	-5.284	-43,6%	0	0	7.728	-5.284	-43,6%
7605	Mjóafjarðarhreppur	29	2.469	4.460	19	4.441	178,2%	0	0	19	4.441	178,2%
7609	Reyðarfjarðarhreppur	699	77.340	58.847	105.020	-46.173	-59,1%	78.417	29.666	134.686	2.578	3,3%
7610	Fáskrúðsfjarðarhreppur	89	6.685	2.768	1.019	1.749	25,9%	0	0	1.019	1.749	25,9%
7611	Búðahreppur	711	81.462	52.519	96.251	-43.732	-53,2%	86.911	102.123	198.374	-58.944	-71,7%
7612	Stöðvarhreppur	275	31.793	25.078	27.504	-2.426	-7,6%	0	0	27.504	-2.426	-7,6%
7613	Breiðdalshreppur	337	31.893	16.823	47.168	-30.345	-94,2%	0	0	47.168	-30.345	-94,2%
7617	Djúpavogshreppur	592	61.373	45.480	74.707	-29.227	-47,2%	1.023	18.095	92.802	-46.299	-74,7%
7701	Bæjarhreppur	47	4.266	1.474	0	1.474	34,2%	0	0	0	1.474	34,2%
7705	Borgarhafnarhreppur	111	8.151	7.376	145	7.231	87,9%	0	0	145	7.231	87,9%
7706	Hofshreppur,	114	9.387	3.850	2.371	1.479	15,6%	0	0	2.371	1.479	15,6%
7707	Hornafjarðarbær	2.178	234.323	67.709	205.702	-137.993	-58,3%	14.381	13.703	219.405	-137.315	-58,0%
8000	Vestmannaeyjakaupstað	4.804	474.830	118.798	503.459	-384.661	-80,2%	1.069.967	1.385.811	1.889.270	-700.505	-146,1%
8100	Selfosskaupstaður	4.176	405.327	143.199	384.927	-241.728	-59,1%	30.446	223.607	608.534	-434.889	-106,3%
8508	Mýrdalshreppur	563	56.666	16.220	50.187	-33.967	-59,4%	0	0	50.187	-33.967	-59,4%
8509	Skaftárhreppur	603	59.047	45.960	61.841	-15.881	-26,6%	0	0	61.841	-15.881	-26,6%
8601	A.-Eyjafjallahreppur	170	14.007	5.865	23.557	-17.692	-125,1%	0	0	23.557	-17.692	-125,1%
8602	V.-Eyjafjallahreppur	198	16.406	16.468	4.130	12.338	74,5%	0	0	4.130	12.338	74,5%
8603	A.-Landeyjahreppur	193	16.809	7.945	18.110	-10.165	-59,9%	0	0	18.110	-10.165	-59,9%
8604	V.-Landeyjahreppur	169	14.488	5.972	7.004	-1.032	-7,1%	0	0	7.004	-1.032	-7,1%
8605	Fljótshlíðarhreppur	212	16.376	17.015	491	16.524	99,9%	0	0	491	16.524	99,9%

Fjárhæðir í þús. kr.		Sveitarsjóðir						Fyrirtæki sveitarfélaga 1)		Sveitarsjóðir og fyrirtæki		
							Peningal. staða sveitarsjóðs					
				Peningalegar	Heildar-	Peningaleg	hlutfall af	"Peningalegar		Samtals	Samtals "peningaleg	"peningaleg staða" hlutfall
svfnr	Sveitarfélag	1/12 '95	Skatttekjur	eignir	skuldir	staða	skattekjum	eignir"	Heildarskuldir	heildarskuldir	staða"	af skatttekjum 2)
8606	Hvolhreppur	756	79.487	19.801	55.963	-36.162	-45,1%	0	0	55.963	-36.162	-45,1%
8607	Rangárvallahreppur	780	85.840	44.559	97.335	-52.776	-60,9%	0	0	97.335	-52.776	-60,9%
8610	Ásahreppur	141	22.281	75.487	194	75.293	334,7%	0	0	194	75.293	334,7%
8611	Djúpárhreppur	238	21.325	80.306	2.563	77.743	361,1%	0	0	2.563	77.743	361,1%
8612	Holta- og Landsveit	384	33.661	21.510	2.663	18.847	55,5%	0	0	2.663	18.847	55,5%
8701	Gaulverjabæjarhreppur	137	9.871	8.916	0	8.916	89,5%	0	0	0	8.916	89,5%
8702	Stokkseyrarhreppur	522	50.079	33.057	109.350	-76.293	-150,9%	765	17.079	126.429	-92.607	-183,2%
8703	Eyrarbakkahreppur	541	56.334	22.015	76.107	-54.092	-95,1%	2.643	44.629	120.736	-96.078	-168,9%
8704	Sandvíkurhreppur	113	8.312	2.334	0	2.334	27,8%	0	0	0	2.334	27,8%
8706	Hraungerðishreppur	182	14.511	4.974	27.342	-22.368	-152,7%	0	0	27.342	-22.368	-152,7%
8707	Villingaholtshreppur	206	14.815	7.545	11.647	-4.102	-27,4%	0	0	11.647	-4.102	-27,4%
8708	Skeiðahreppur	257	18.179	13.310	6.115	7.195	39,2%	0	0	6.115	7.195	39,2%
8709	Gnúpverjahreppur	304	38.204	44.195	44.802	-607	-1,6%	0	0	44.802	-607	-1,6%
8710	Hrunamannahreppur	661	59.345	30.686	63.964	-33.278	-55,5%	604	29.683	93.647	-62.357	-104,1%
8711	Biskupstungnahreppur	519	49.099	24.445	71.688	-47.243	-95,3%	1.390	48.081	119.769	-93.934	-189,5%
8712	Laugardalshreppur	229	25.425	10.677	31.953	-21.276	-82,9%	0	0	31.953	-21.276	-82,9%
8713	Grímsneshreppur	275	44.062	19.942	59.366	-39.424	-88,6%	0	0	59.366	-39.424	-88,6%
8714	Þingvallahreppur	45	7.081	3.067	3.542	-475	-6,6%	0	0	3.542	-475	-6,6%
8715	Grafningshreppur	49	12.345	8.747	3.394	5.353	42,9%	0	0	3.394	5.353	42,9%
8716	Hveragerðisbær	1.697	168.111	90.775	212.795	-122.020	-71,9%	257.402	112.320	325.115	23.062	13,6%
8717	Ölfushreppur	1.630	153.519	86.520	41.758	44.762	28,9%	234.776	87.163	128.921	192.375	124,1%
	Allt landið samtals	267.809	26.292.120	12.906.404	34.797.128	-21.890.724	-82,5%	35.083.438	19.140.679	53.937.807	-5.947.965	-22,4%
	Fyrirtæki sveitarfélaga með											
	færri en 400 íbúa:							259.494	582.269	582.269	-322.775	
	Allt landið samtals:		**26.292.120**	**12.906.404**	**34.797.128**	**-21.890.724**	**-82,5%**	**35.342.932**	**19.722.948**	**54.520.076**	**-6.270.740**	**-23,6%**

1) Hér er um að ræða fyrirtæki með sjálfstæðan fjárhag þeirra sveitarfélaga er telja 400 íbúa og fleiri.

2) a) Skilgreiningar á peningalegum eignum, og þar með peningalegri stöðu, fyrirtækja sveitarfélaga eru misjafnar eftir tegundum fyrirtækja. Peningalegar eignir rafveitna og hitaveitna t.d. samanstanda af veltufjármunum, langtímakröfum og fastafjármunum á meðan peningalegar eignir t.d. hafnarsjóða samanstanda af veltufjármunum og langtímakröfum.

b) Samtals peningalega staðan er hér sýnd sem hlutfall af skatttekjum sveitarsjóðsins og eru þá tekjur fyrirtækjanna ekki með.

540. Tillaga til þingsályktunar [300. mál]

um úttekt og flutning á félagslegum verkefnum frá heilbrigðisráðuneyti til félagsmálaráðuneytis.

Flm.: Rannveig Guðmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa starfshóp, m.a. með fulltrúum þingflokkanna, til að gera úttekt á og skilgreina hvaða stofnanir og verkefni á sviði heilbrigðisráðuneytis séu í raun félagsleg verkefni sem eðlilegra væri að heyrðu undir félagsmálaráðuneytið. Unnin verði áætlun um að flytja þau verkefni milli ráðuneyta.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur sífaukin áhersla verið lögð á hagræðingu í heilbrigðiskerfinu og í ljós hefur komið að ýmis verkefni, sem áður tilheyrðu heilbrigðissviði, væru nú skilgreind sem félagsleg úrræði. Um er að ræða ýmsar stofnanir sem settar voru á laggirnar þegar draga þurfti úr dýrum innlögnum á sjúkrastofnanir á þeim tímum þegar félagsleg úrræði skorti. Skemmst er að minnast umræðunnar um lokun vistheimilisins Bjargs sem heyrir undir heilbrigðisráðuneyti en er í raun heimili þeirra vistmanna sem þar dvelja. Ef lagaleg staða slíkra stofnana eða verkefna verður áfram óljós má búast við að sparnaðaraðgerðir við fjárlagagerð bitni á komandi árum í ríkari mæli á þessum mikilvægu þáttum. Smám saman hefur æ meiri áhersla verið lögð á endurhæfingu hvers konar sem og fyrirbyggjandi úrræði til að draga úr innlögnum á sjúkrastofnanir. Mörkin milli heilbrigðisþjónustu og félagslegrar þjónustu við langtímasjúka, aldraða og fatlaða hafa í mörgum tilfellum verið óljós en í nýlegum lögum um félagslega þjónustu er reynt að skilgreina þessi mörk. Skýrar línur eru m.a. mikilvægar varðandi allan samanburð á kostnaði, annars vegar á útgjöldum til heilbrigðismála og hins vegar á útgjöldum til félagsmála.

Með lögum um málefni aldraðra hafa verkefni verið skilgreind ýmist á sviði félags- eða heilbrigðismála. Má nefna að heimaþjónusta aldraðra er að hluta til heilbrigðisþjónusta veitt af heilsugæslustöðvum og að hluta til félagsleg þjónusta félagsmálastofnana veitt sem samþætt þjónusta heima í héraði.

Með lagasetningu um málefni fatlaðra hefur þjónusta við fatlaða gjörbreyst. Lögin frá 1992 ná eingöngu til félagslega þáttarins en almenn lög á sviði heilbrigðis- og menntamála skulu nú gilda um fatlaða jafnt sem aðra þegna landsins. Til þessa hafa búsetumálin þróast frá hefðbundinni stofnanaþjónustu til sambýla en nú er lögð aukin áhersla á félagslegar íbúðir og sjálfstæða búsetu fatlaðra. Lögð er áhersla á stoðþjónustu, þ.e. margháttaða þjónustu við fatlaða sem geri þeim kleift að búa sjálfstætt utan stofnana, og má segja að réttur til stoðþjónustu sé uppistaðan í breyttum áherslum. Í stoðþjónustu felst m.a. réttur til heimaþjónustu (heimilishjálp og heimahjúkrun), sem er hefðbundin félagsþjónusta veitt af sveitarfélögunum, en einnig réttur til liðveislu, svo sem við að búa sjálfstætt og vera á vinnumarkaði.

Það sem gerir þessar breyttu áherslur mögulegar eru lög um félagsþjónustu sveitarfélaga sem sett voru árið 1991. Þau lög gjörbreyta rétti íbúa sveitarfélaga til félagslegrar þjónustu og opna jafnframt nýja möguleika í þjónustu við fatlaða, aldraða og sjúka.

Eins og fyrr er getið virðist sem ýmsar stofnanir hafi fest í stjórnsýslunni án þess að hugað væri að því að með breyttum lögum og nútímaviðhorfum væri ástæða til að endurskoða starfsemi þeirra eða staðsetningu í kerfinu. Þannig var Kópavogshæli sett á laggirnar samkvæmt lögunum frá 1967 en á síðustu árum hafa farið fram viðræður um að endurskoða búsetumál þeirra er þar dvelja. Við setningu laganna um málefni fatlaðra, sem tóku gildi 1992, fór félagsmálanefnd Alþingis fram á, sbr. nefndarálit við afgreiðslu málsins, að viðræður yrðu hafnar milli ráðuneyta félags- og heilbrigðismála um hvernig tryggja mætti íbúum Kópavogshælis þá þjónustu sem lögin kváðu á um en þeir sem vistmenn á heilbrigðisstofnun áttu í raun ekki kost á. Síðan hefur verið unnin áætlun um útskrift þeirra vistmanna sem heimili hafa átt á Kópavogshæli og flutning á sambýli. Sérstök heimild er í lögum um að Framkvæmdasjóður fatlaðra megi ráðstafa fjármagni til reksturs sambýla og á það sérstaklega við um vistmenn Kópavogshælis. Þessi áform tengjast áætlun um að Kópavogshæli verði endurhæfingar- og hæfingarstöð Ríkisspítalanna.

Þetta stutta yfirlit um breytingar á lögum og breytt viðhorf sem miða í átt til margvíslegrar stoðþjónustu sýnir ótvírætt hverja nauðsyn ber til að endurmeta stöðu ýmissa stofnana sem núna tilheyra heilbrigðiskerfinu. Má þar nefna ýmsar deildir fyrir geðsjúka og fatlaða sem eru í raun heimili þess fólks er þar dvelst eða áfangastaðir þar sem veitt er félagsleg endurhæfing. Þegar hefur verið getið um fyrirhugaðar breytingar á Kópavogshæli, en nefna má stofnanir eins og Gunnarsholt, meðferðarheimilið við Kleifarveg 15, Hlein í Mosfellssveit og endurhæfingardeildina í Hátúni að ógleymdu Bjargi sem nýverið lenti einmitt undir niðurskurðarhnífnum. Þá má nefna að Bergiðjan, sem er verndaður vinnustaður, er hluti sjúkrahússtarfseminnar í landinu þrátt fyrir að verndaðir vinnustaðir heyri undir félagsmálaráðuneyti samkvæmt lögunum um málefni fatlaðra.

Leiða má að því líkur að á félagslegum stofnunum, sem skilgreindar eru sem heilbrigðisstofnanir, sé í einhverjum tilvikum ráðið dýrara starfsfólk, svo sem læknar og hjúkrunarfræðingar, meðan á öðrum stöðum, félagslega reknum, sé öðruvísi staðið að starfsmannahaldi. Mikilvægt er að skoða þessa þætti með opnum huga og fordómalaust en hafa hagsmuni íbúa eða vistmanna að leiðarljósi.

Ef hagræðing á að vera árangursrík og sársaukalítil þarf skynsamleg vinnubrögð og er því mikilvægt að átta sig á hvar skórinn kreppir og skilgreina svo sem unnt er hvað er ríkisins, hvað er sveitarfélaganna, hvað eru heilbrigðisstofnanir og hvað félagslegar stofnanir og hlú að þeim sem slíkum. Þannig má oft draga úr dýrum innlögnum með því að bjóða upp á góð félagsleg úrræði. Með þessari tillögu til þingsályktunar er stefnt að því að komast hjá niðurskurði eða lokunum sem eiga rætur að rekja til þess að viðkomandi yfirvöld telja sig ekki lengur bera ábyrgð á rekstrinum.

Heilbrigðislög mæltu fyrir um heilbrigðisþjónustu en sökum vanbúinnar félagsþjónustu og skorts á heildstæðri félagsmálalöggjöf var farin sú leið að skapa félagslegum verkefnum lagagrundvöll undir formerkjum heilbrigðisþjónustu. Þannig voru heimili geðfatlaðra og þroskaheftra gjarnan rekin sem sjúkradeildir. Áfangastaðir, sem í raun er ætlað að auka félagslega færni, hafa verið reknir sem endurhæfingarstöðvar á heilbrigðissviði og verndaðir vinnustaðir hafa verið skilgreindir sem endurhæfingarstaðir. Dæmi er um að meðferðarheimili fyrir börn séu skilgreind sem sjúkradeild.

Með breyttum viðhorfum til félagslegra verkefna og heilbrigðismála er brýnt að huga að rekstri stofnana, eins og hér er dregið fram, skilgreina hverjar eigi í raun að starfa sem heilbrigðisstofnanir en setja þær sem nú skoðast sem félagsleg verkefni undir félagsmálaráðuneytið og gera til þess nauðsynlegar lagabreytingar.

541. Frumvarp til laga [301. mál]

um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

4. Dómari ákvarðar þóknun til handa dómtúlk eða þýðanda sem greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Við 1. mgr. 32. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Í því tilviki skal lögregla, svo fljótt sem kostur er eftir að sakbornings var handtekinn, tilkynna nánustu vandamönnum hans að hann hafi verið handtekinn og hvar hann sé vistaður. Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um hvenær synja má handteknum manni um að hafa samband við nánustu vandamenn sína.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 69. gr. laganna:

a. Við 5. mgr. bætist: en lögreglustjóri eða löglærður starfsmaður hans ákvarðar þóknun.
b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

6. Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um tilhögun yfirheyrslna.

4. gr.

Við 101. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

4. Dómsmálaráðherra setur í reglugerð ákvæði um skráningu á atriðum er varða vistun á handteknum mönnum.

5. gr.

Á eftir 1. mgr. 108. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi og breytist töluröð annarra málsgreina samkvæmt því:

2. Þrátt fyrir ákvæði d-liðar 1. mgr. mega gæsluvarðhaldsfangar taka við og senda bréf til dómstóla, dómsmálaráðherra, umboðsmanns Alþings og verjanda síns, án þess að efni þeirra sé athugað. Dómsmálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um að gæsluvarðhaldsfangar megi senda öðrum opinberum aðilum eða einstaklingum bréf án þess að efni þeirra sé athugað.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 5. gr. laga um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur, nr. 32 2. nóvember 1914.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru efnislega lagðar til þrjár breytingar á lögum um meðferð opinberra mála. Í fyrsta lagi er lagt til að dómari ákvarði þóknun til handa dómtúlki eða þýðanda og að sú þóknun greiðist úr ríkissjóði og þegar þörf er túlks vegna yfirheyrslna hjá lögreglu ákvarði lögreglustjóri eða löglærður fulltrúi hans þóknunina. Í öðru lagi er lagt til að dómsmálaráðherra setji reglugerðir um nánari ákvæði um hvenær synja megi handteknum manni að hafa samband við nánustu vandamenn sína, sbr. 1. mgr. 32. gr. laganna, um framkvæmd yfirheyrslna hjá lögreglu og um skráningu á atriðum er varða vistun á handteknum mönnum. Í þriðja lagi er gerð tillaga um að gæsluvarðhaldsfangar megi senda tilteknum aðilum bréf án þess að efni þeirra sé athugað.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr. og a-lið 3. gr.

Samkvæmt 5. gr. laga um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur, nr. 32 2. nóvember 1914, skal stjórnarráðið semja og setja verðskrá yfir verk dómtúlka og skjalaþýðenda.

Í bréfaskiptum sem dómsmálaráðuneytið hefur átt við Samkeppnisstofnun hefur komið fram að stofnunin telur að framangreint lagaákvæði stríði gegn markmiðum samkeppnislaga. Jafnframt hefur komið fram að þegar dómstóll kveður dómtúlk til starfa og kostnaður er greiddur af ríkinu verði samkeppni við slíkar aðstæður vart komið við og telur Samkeppnisstofnun að færa megi rök fyrir því að í slíkum tilvikum sé eðlilegt að ákvarða þóknun fyrir slíka vinnu í samræmi við skráðar réttarreglur.

Samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974, sem féllu úr gildi við gildistöku laga nr. 19/1991 1. júlí 1992, taldist kostnaður við skjalaþýðingar og dómtúlkun til sakarkostnaðar. Í 164. gr. núgildandi laga þar sem fjallað er um sakarkostnað eru þessi atriði ekki tilgreind en í athugasemdum við þessa grein í frumvarpi til þeirra laga er tekið fram að þessi kostnaður teljist ekki til sakarkostnaðar. Skv. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu skal sakborningur eiga rétt til að fá ókeypis aðstoð túlks ef hann skilur ekki eða talar mál það sem notað fyrir dómi. Sams konar ákvæði er í 14. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi sem samþykktur var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 16. desember 1966 og Ísland er aðili að.

Með vísun til þess sem að framan er rakið er í 1. gr. lagt til að við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein þar sem segir að dómari ákvarði þóknun til handa dómtúlki eða þýðanda og að sá kostnaður greiðist úr ríkissjóði og að við 5. mgr. 69. gr. bætist ákvæði um að lögreglustjóri eða löglærður fulltrúi hans ákvarði þóknun túlks þegar hans er þörf við yfirheyrslu hjá lögreglu. Er þetta sama fyrirkomulag og gildir um ákvörðun þóknunar til handa réttargæslumanni, sbr. 1. mgr. 44. gr. laganna. Jafnframt er í 6. gr. lagt til að ákvæði er mælir fyrir um opinbera gjaldskrá yfir verk dómtúlka og skjalþýðenda verði fellt úr gildi.

Um 2. gr., b-lið 3. gr. og 4. gr.

Í skýrslu sem Evrópunefnd um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (CPT) sendi ríkisstjórn Íslands 23. mars 1994 í framhaldi af heimsókn nefndarinnar til Íslands dagana 6.–12. júlí 1993, er m.a. fjallað um nokkur atriði er varða réttarstöðu handtekinna manna.

Í 31. mgr. í skýrslu nefndarinnar er lagt til að settar verði nánari reglur um það hvenær synja megi handteknum manni um að hafa samband við nánustu vandamenn sína, en í síðasta málslið 1. mgr. 32. gr. laga um meðferð opinberra mála segir að handtekinn maður megi hafa samband við nánustu vandamenn sína, „nema sérstök ástæða sé til að ætla að það muni torvelda rannsókn málsins."

Í 39. mgr. skýrslu nefndarinnar er lagt til að til viðbótar ákvæðum í lögum um meðferð opinberra mála er fjalla um yfirheyrslur verði settar reglur um yfirheyrslur þar sem lýst væri nákvæmlega hvernig fara beri að í ýmsum atriðum.

Í 43. mgr. skýrslunnar er lagt til að settar verði reglur um samræmda skráningu á ýmsum atriðum er varða vistun á handteknum mönnum í fangageymslum lögreglu.

Í svari íslenskra stjórnvalda, dags. 27. september 1994, til Evrópunefndarinnar um varnir gegn pyndingum o.fl. varðandi framangreind atriði segir að dómsmálaráðherra hafi ákveðið að skipa nefnd til að gera tillögur m.a. um nánari reglur um hvenær fresta megi því að handtekinn maður fái að tilkynna nánum vandamanni um að hann sé í haldi, um almennar reglur um tilhögun yfirheyrslna hjá lögreglu og um almennar reglur um skráningu á ýmsum atriðum varðandi vistun handtekinna manna í fangageymslum lögreglu. Jafnframt var tekið fram að áður en slíkar reglur yrðu settar þyrfti lagaheimild til setningar þeirra.

Með bréfi, dags. 8. desember 1994, skipaði dómsmálaráðherra þá Arnar Guðmundsson, skólastjóra Lögregluskóla ríkisins, Boga Nilsson rannsóknarlögreglustjóra, og Ólaf Hauksson sýslumannsfulltrúa í nefnd til að semja reglur um framangreind atriði. Nefndin skilaði tillögum sínum til ráðherra með bréfi, dags. 11. desember 1995.

Í fylgiskjali I með frumvarpi þessu eru framangreindar málsgreinar úr skýrslu Evrópunefndarinnar um varnir gegn pyndingum o.fl. og svör við þeim athugasemdum.

Með vísun til þessa er í 2. gr. lagt til að við 1. mgr. 32. gr. laganna bætist tveir nýir málsliðir sem kveði á um að þegar því er frestað að tilkynna nánustu vandamönnum um handtöku skuli lögregla svo fljótt sem kostur er eftir að sakborningur var handtekinn tilkynna nánustu vandamönnum hans að hann hafi verið handtekinn og hvar hann sé vistaður og að dómsmálaráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um hvenær synja megi handteknum manni um að hafa samband við nánustu vandamenn sína. Í b-lið 3. gr. er lagt til að við 69. gr. laganna bætist ný málsgrein þar sem segi að dómsmálaráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um tilhögun yfirheyrslna og í 4. gr. er lagt til að við 101. gr. laganna bætist ný málsgrein sem segi að dómsmálaráðherra setji í reglugerð ákvæði um skráningu á atriðum er varða vistun á handteknum mönnum.

Um 5. gr.

Í 121. og 122. mgr. í áðurgreindri skýrslu Evrópunefndar um varnir gegn pyndingum o.fl. er spurst fyrir um hvort gæsluvarðhaldsfangar megi hafa samskipti við nánar tilgreind yfirvöld án eftirlits. Í svari íslenskra stjórnvalda kemur fram að ekki sé bannað að hafa eftirlit með samskiptum gæsluvarðhaldsfanga við þessi stjórnvöld og að dómsmálaráðherra hafi ákveðið að fela réttarfarsnefnd að gera tillögur um breytingar á lögum um meðferð opinberra mála í þá veru að gæsluvarðhaldsfangar eigi rétt á samskipt-

um við ákveðin stjórnsýslu- og dómsmálayfirvöld í trúnaði.

Í fylgiskjali I eru framangreindar málsgreinar úr skýrslu Evrópunefndarinnar um varnir gegn pyndingum o.fl. og svör við þeim athugasemdum.

Í 1. mgr. 108. gr. laga um meðferð opinberra mála eru ákvæði um réttarstöðu gæsluvarðhaldsfanga. Í d-lið segir að gæslufangar megi senda og taka við bréfum og öðrum skjölum en þó geti sá sem rannsókn stýrir látið athuga efni bréfa eða annarra skjala og kyrrsett þau ef nauðsyn ber til í þágu rannsóknar og í slíku tilviki skuli sendanda gert viðvart.

Hér er lagt til að á eftir 1. mgr. 108. gr. laganna komi ný málsgrein þar sem segi að þrátt fyrir ákvæði d-liðar 1. mgr. megi gæsluvarðhaldsfangar taka við og senda bréf til dómstóla, dómsmálaráðherra, umboðsmanns Alþingis og verjenda síns, án þess að efni þeirra sé athugað, og að dómsmálaráðherra sé heimilt að setja í reglugerð ákvæði um að gæsluvarðhaldsfangar megi senda öðrum opinberum aðilum eða einstaklingum bréf án þess að efni þeirra sé athugað.

Um 6. gr.

Gildistökuákvæðið þarfnast ekki skýringa. Með vísun til þess sem fram kemur í athugasemdum við 1. gr. og a-lið 3. gr. frumvarpsins er hér jafnframt lagt til að 5. gr. laga um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalaþýðendur, nr. 32 2. nóvember 1914, verði felld úr gildi, en í þeirri grein segir að Stjórnarráðið skuli semja og setja verðskrá yfir verk dómtúlka og skjalaþýðenda.

Fylgiskjal I.

Í þessu fylgiskjali eru teknar upp orðrétt þær málsgreinar úr skýrslu Evrópunefndar um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (CPT) sem nefndin sendi ríkisstjórn Íslands í framhaldi af heimsókn nefndarinnar til Íslands dagana 6.–12. júlí 1993, sem vitnað er til í athugasemdum við frumvarp þetta og svör íslenskra stjórnvalda við þeim athugasemdum.

Í 31. mgr. í skýrslu nefndarinnar segir:

„Á Íslandi á handtekinn maður skv. 1. mgr. 32. gr OML rétt á að tilkynna nánum vandamanni þegar í stað um að hann sé í haldi, enda séu ekki sérstakar ástæður til að ætla að það muni torvelda rannsókn málsins. **CPT leggur til að skýrar verði kveðið á um hvenær fresta megi nýtingu tilkynningarréttar og að þeim rétti sé veitt viðeigandi vernd (til dæmis að öll frestun sé skráð og rökstudd, og að hún sé háð samþykki saksóknara eða yfirmanns í lögreglu).“**

Í svari íslenskra stjórnvalda til nefndarinnar varðandi þetta atriði segir:

„Dómsmálaráðherra hefur ákveðið að skipa nefnd til þess að kanna í hvaða tilvikum handteknum mönnum hefur verið synjað um að hafa samband við ættingja og til að gera tillögur um skýrari reglur um þessi atriði.

Tekið skal fram að áður en unnt er að setja slíkar reglur er nauðsynlegt að breyta lögum um meðferð opinberra mála og hefur dómsmálaráðherra ákveðið að frumvarp að nauðsynlegum lagabreytingum verði undirbúið.“

Í 39. mgr. í skýrslu nefndarinnar segir:

„Að áliti CPT væri æskilegt að til viðbótar ákvæðum OML um yfirheyrslur verði settar reglur um yfirheyrslur, þar sem lýst væri nákvæmlega hvernig fara bæri að í hinum ýmsu atriðum. Tilvist slíkra reglna myndi m.a. stuðla að því að árétta það sem lögreglumönnum hefði verið kennt við þjálfun.

Meðal annars ættu slíkar reglur að fjalla um eftirtalin atriði: Að hinum yfirheyrða sé á fyrirfram ákveðinn hátt kynnt hverjir séu viðstaddir yfirheyrsluna (nöfn þeirra og/eða fjöldi), hver sé hvíldartími milli yfirheyrslulota og hver hlé skuli gerð, á hvaða stöðum yfirheyrslur megi fara fram, hvort gera megi handteknum manni að standa uppréttur meðan á yfirheyrslu stendur, og hvernig haga skuli yfirheyrslu fólks sem er undir áhrifum fíkniefna, áfengis eða lyfja, eða er í losti. Í reglunum ætti einnig á kveða á um fasta tilhögun á skráningu þeirra sem viðstaddir eru hverja yfirheyrslu og hverjar óskir hinn yfirheyrði kann að bera fram meðan á yfirheyrslu stendur.

Ákveðnar verndarreglur þyrftu að gilda um fólk sem sérstaklega er veikt fyrir, svo sem um ungmenni, þroskahefta eða geðveika.

Nefndin leggur því til að slíkar siðareglur verði samdar til handa íslenskri lögreglu.“

Í svari íslenskra stjórnvalda til nefndarinnar varðandi þetta atriði segir:

„Dómsmálaráðherra hefur ákveðið að settar verði nánari reglur um tilhögun yfirheyrslna, þar sem m.a. verði höfð hliðsjón af þeim atriðum er greinir í 39. málsgrein í skýrslu nefndarinnar.

Nefnd þeirri sem gerð er grein fyrir í svari við tillögu í 31. málsgrein verður falið að gera tillögur að reglum um yfirheyrslur.

Tekið skal fram að áður en unnt er að setja slíkar reglur er nauðsynlegt að breyta lögum um meðferð opinberra mála og hefur dómsmálaráðherra ákveðið að frumvarp að nauðsynlegum lagabreytingum verði undirbúið.“

Í 43. mgr. í skýrslu nefndarinnar segir:

„Sendinefndin veitti því athygli að viss atriði varðandi vistun manna í fangageymslum lögreglu voru skráð á tölvu, en önnur voru rituð.

Að áliti CPT myndi það verða til að treysta þær öryggisráðstafanir sem viðhafðar eru með tilliti til vistunar í fangageymslu lögreglu ef ein heildarskráning væri viðhöfð fyrir hvern þann sem í haldi er, þar sem skráð væru öll atriði varðandi vistun hans og það sem gert væri í tilefni af þeim atriðum (hvenær handtaka fór fram og ástæður hennar, hvenær viðkomandi var tilkynnt um réttindi sín, merki um áverka eða geðsjúkdóm o.s.frv., samband við nána vandamenn eða heimsóknir þeirra, lögmanns, læknis eða fulltrúa erlends ríkis, hvenær hinum handtekna var boðinn matur, hvenær yfirheyrslur fóru fram, hvenær viðkomandi var látinn laus eða færður fyrir saksóknara eða dómara o.s.frv.). Hvað sum atriði snertir (eigur handtekins manns sem frá honum eru teknar, að handteknum manni hafi verið skýrt frá réttindum sínum og hver slík réttindi hann nýtir sér eða hverjum hann kýs að halda ekki fram) ber að afla undirritunar hins handtekna eða setja

fram skýringu á að undirritun vanti. Ennfremur ber að veita lögmanni hins handtekna aðgang að slíkri vistunarskrá.

CPT leggur til að íslensk stjórnvöld athugi möguleika á því að koma slíkri vistunarskráningu á.“

Í svari íslenskra stjórnvalda til nefndarinnar varðandi þetta atriði segir:

„Dómsmálaráðherra hefur ákveðið að settar verði samræmdar reglur um skráningu á atriðum varðandi vistun á handteknum mönnum í fangageymslum lögreglu, þar sem m.a. verði höfð hliðsjón af þeim atriðum er greinir í 43. málsgrein í skýrslu nefndarinnar.

Nefnd þeirri sem gerð er grein fyrir í svari við tillögu í 31. málsgrein verður falið að gera tillögur að samræmdum reglum um skráningu á atriðum varðandi vistun á handteknum mönnum í fangageymslum lögreglu.

Tekið skal fram að áður en unnt er að setja slíkar reglur er nauðsynlegt að breyta lögum um meðferð opinberra mála og hefur dómsmálaráðherra ákveðið að frumvarp að nauðsynlegum lagabreytingum verði undirbúið.“

Í 121. mgr. í skýrslu nefndarinnar segir:

„Bæði gæsluvarðhalds- og afplánunarfangar eiga rétt á símtölum út fyrir stofnunina (19. gr. fangelsislaga og 27.–28. gr. rgl. um bréfaskipti o. fl.), þótt vissar takmarkanir megi á því gera gagnvart gæsluvarðhaldsföngum með tilliti til rannsóknarþarfa (62. gr. rgl. um gæsluvarðhaldsvist).

Komst sendinefndin að raun um að á Litla-Hrauni var framkvæmdin sú að fangar gátu hringt þrjú sex mínútna símtöl á viku og jafnframt tekið við þremur símtölum, og með svipuðum hætti gátu fangar í Síðumúlafangelsi og í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg hringt út fyrir stofnunina þrisvar á viku milli kl. 18 og 20, í tíu mínútur í senn.

Starfsmenn viðkomandi stofnana gátu fylgst með símtölunum, en að vísu er fanga sagt frá því fyrirfram að með símtali hans verði fylgst. Bann liggur við því að fylgjast með símtölum fanga við lögmenn sína, við ákveðin stjórnsýslu- og dómsmálayfirvöld, umboðsmann Alþingis og Mannréttindanefnd Evrópu. **CPT er umhugað um að vita hvort hið sama gildi um símtöl gæsluvarðhaldsfanga við lögmenn sína eða einhver þau yfirvöld sem að ofan eru nefndar.“**

Í svari íslenskra stjórnvalda til nefndarinnar varðandi þetta atriði segir:

„Það liggur ekki beint bann við því að hlustað sé á símtöl gæsluvarðhaldsfanga við framangreinda aðila.

Dómsmálaráðherra hefur ákveðið að fela réttarfarsnefnd að gera tillögur um breytingar á lögum um meðferð opinberra mála í þá veru að gæsluvarðhaldsfangar eigi rétt á samskiptum við ákveðin stjórnsýslu- og dómsmálayfirvöld og fleiri aðila í trúnaði.“

Í síðari hluta 122. mgr. í skýrslu nefndarinnar segir:

„55.–61. gr. rgl. um gæsluvarðhaldsvist fjalla um réttindi gæsluvarðhaldsfanga varðandi bréfaskriftir. Athuga má bréf undir vissum kringumstæðum, en viðkomandi einstaklingur getur borið málið undir dómara. **CPT er umhugað um að vita hvort skoða megi bréf gæsluvarðhaldsfanga til lögmanna eða nokkurra þeirra stofnana sem að ofan eru nefndar, og sé svo, þá hvernig.“**

Í svari íslenskra stjórnvalda til nefndarinnar varðandi þetta atriði segir:

„Heimilt er að rannsaka bréf til þeirra aðila sem hér eru nefndir. Um það gilda sömu reglur og bréfaskipti gæsluvarðhaldsfanga almennt, sbr. 55.–61. gr. reglugerðar um gæsluvarðhaldsvist, en í þeim greinum eru útfærð nánar ákvæði í d-lið 1. mgr. 108. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Dómsmálaráðherra hefur ákveðið að fela réttarfarsnefnd að gera tillögur um breytingar á lögum um meðferð opinberra mála í þá veru að gæsluvarðhaldsfangar eigi rétt á samskiptum við ákveðin stjórnsýslu- og dómsmálayfirvöld og fleiri aðila í trúnaði."

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, með síðari breytingum.

Frumvarpið felur í sér þrjár efnislegar breytingar á núgildandi lögum; í fyrsta lagi að dómari ákvarði þóknun til handa dómtúlk eða þýðanda og að sá kostnaður greiðist af ríkissjóði, í öðru lagi að dómsmálaráðherra setji reglugerðir um réttarstöðu handtekinna manna og í þriðja lagi að gæsluvarðhaldsfangar megi senda tilteknum aðilum bréf án þess að efni þeirra sé athugað.

Samkvæmt lögum setur stjórnarráðið verðskrá fyrir verk dómtúlka og skjalþýðenda en Samkeppnisstofnun telur að færa megi rök fyrir því að réttara sé að ákvarða þóknun fyrir túlkun í dómi og hjá lögreglu í samræmi við skráðar réttarreglur. Í 1. gr. og a-lið 3. gr. frumvarpsins eru gerðar breytingar á núgildandi lögum er miða að þessu og í 6. gr. er lagt til að fella brott ákvæði er mælir fyrir um opinbera gjaldskrá. Að mati fjármálaráðuneytis hefur þessi breyting lítil sem engin áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Tvær síðarnefndu breytingarnar hafa ekki áhrif á kostnað ríkissjóð.

542. Tillaga til þingsályktunar [302. mál]

um aðgerðir til að bæta stöðu skuldara.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa tillögur um aðgerðir til að bæta stöðu skuldara.

Tillögurnar feli m.a. í sér eftirfarandi:

a. Dregið verði úr gjaldtöku og skattlagningu hins opinbera vegna skulda einstaklinga, svo sem stimpil- og þinglýsingargjöldum, gjaldtöku við fjárnám og nauðungarsölu og virðisaukaskatti á innheimtukostnað lögmanna.

b. Tryggður verði betur réttur skuldara við fjárnáms- og uppboðsaðgerðir og gjaldþrotameðferð, m.a. með löggjöf um greiðsluaðlögun sem gæti að verulegu leyti komið í stað uppboðsmeðferðar eða gjaldþrotaskipta.
c. Sett verði opinber gjaldskrá fyrir innheimtu lögmanna þar sem m.a. verði sett þak á innheimtuþóknun þeirra og aðra gjaldtöku af skuldurum.
d. Settar verði reglur fyrir fjármálastofnanir um hámark gjaldtöku vegna vanskila skuldara.
e. Settar verði reglur sem tryggi betur réttarstöðu ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga, svo sem um skyldu lánveitanda til að upplýsa ábyrgðarmenn um hvað felst í sjálfskuldarábyrgð og/eða veðleyfi þeirra.
f. Efnalitlu fólki verði tryggð ókeypis lögfræðiþjónusta og fjármálaaðstoð vegna innheimtuaðgerða kröfuhafa.

Tillögur sem m.a. byggjast á framangreindum þáttum verði komið í framkvæmd svo fljótt sem verða má og nauðsynleg lagafrumvörp þar að lútandi lögð fyrir Alþingi eigi síðar en á komandi haustþingi.

Greinargerð.

Markmiðið með þingsályktunartillögu þessari er að dregið verði úr óhóflegri gjaldtöku og skattlagningu á skuldir og vanskil einstaklinga, auk þess sem tryggð verði betur réttarstaða fólks við fjárnám, uppboðsaðgerðir og gjaldþrotameðferð.

Ástæður og umfang vanskila.

Allir vita að það er fyrst og fremst launafólk sem hefur borið hitann og þungann af því að hér hefur ríkt stöðugleiki og atvinnulífið fengið svigrúm til að rétta úr kútnum. Þannig hefur launafólk á undanförnum árum sætt sig við lítið breytt launakjör, en allt of stór hluti þjóðarinnar hefur þurft að framfleyta sér af lágmarkslaunum sem eru ekki mikið hærri en atvinnuleysisbætur.

Á meðan launafólk hefur þurft að sætta sig við nánast óbreytt launakjör hafa skuldir einstaklinga aukist verulega. Samhliða því hefur gætt vaxandi vanskila hjá heimilum í landinu og nauðungaruppboðum fjölgað. Þannig hafa aldrei verið seldar fleiri fasteignir á nauðungaruppboði í Reykjavík en á sl. ári en þá voru 380 fasteignir seldar nauðungarsölu í Reykjavík.

Ástæður skuldaaukningar og vaxandi vanskila heimilanna eru ekki síst atvinnuleysi og minni atvinnutekjur hjá fjölda heimila í landinu, auk ýmissa stjórnvaldsaðgerða sem þrengt hafa kjör þeirra. Við slíkar aðstæður er mjög óeðlilegt að ríkisvaldið sé að græða á neyð heimilanna, en eftir því sem vanskilin aukast og nauðungaruppboðum fjölgar hefur ríkið meiri tekjur. Þannig hefur verið áætlað að tekjur ríkissjóðs af stimpilgjöldum, þinglýsingargjöldum, gjöldum af fjárnámi og nauðungarsölum auk tekna af virðisaukaskatti af gjaldtöku lögmanna hjá skuldurum í innheimtumálum nemi ekki undir 2 milljörðum kr. á ári. Þar að auki er um að ræða þóknun lögmanna og fjármálastofnana, svo sem banka, sparisjóða og verðbréfafyrirtækja, fyrir innheimtuaðgerðir sem er oft umtalsverður kostnaður við vanskil.

Ríkið, fjármálastofnanir, lögmannastéttin og aðrir innheimtuaðilar hafa því haft miklar tekjur af fólki sem býr við sára neyð og á í miklum greiðsluerfiðleikum. Á meðan ríkið skattleggur skuldir einstaklinga eru fjármagnstekjur skattfrjálsar.

Kostnaður hærri en höfuðstóll.

Ljóst er að þessi gjaldtaka ríkisins er skuldurum afar þungbær og getur haft úrslitaáhrif á það hvort fólk getur unnið bug á fjárhagserfiðleikum sínum. Til að forðast nauðungaruppboð þarf viðkomandi einstaklingur oft að greiða til ríkisins í formi stimpil- og þinglýsingargjalda, réttargjalda og virðisaukaskatts tugi eða jafnvel hundruð þúsunda króna ofan á hinar eiginlegu skuldir og gjöld til lögmanna. Þannig er algengt að þóknun, kostnaður og álög á skuldir einstaklinga, til ríkisins og innheimtuaðila, geta þegar upp er staðið orðið mun hærri en höfuðstóll skuldarinnar. Slík skattheimta ríkissjóðs misbýður siðferðiskennd fólks og verður oft til þess að brjóta niður einstaklinga sem þurfa á öllu sínu að halda til að ráða fram úr erfiðleikunum.

Það hlýtur að vera siðferðileg spurning hvort réttlætanlegt sé að ríkið nýti sér þannig neyð fólks í tekjuöflunarskyni og komi jafnvel í veg fyrir að það geti náð tökum á lífi sínu á nýjan leik. Það má vissulega segja að ekki sé óeðlilegt að þeir sem eru í vanskilum greiði fyrir þau útgjöld sem ríkið verður fyrir af þeim sökum. Þegar gjaldtakan er hins vegar orðin margföld sú fjárhæð sem svarar beinum útgjöldum ríkissjóðs er um beina skattlagningu að ræða á skuldir og neyð heimilanna í landinu.

Ábyrgð kröfuhafa.

Það sjónarmið hefur um of ríkt í þjóðfélaginu að kröfuhafinn hafi einn réttinn sín megin og grundvallast það á þeirri meginreglu samningaréttarins að gerðan samning skuli halda og á þörfum viðskiptalífsins. Sífellt flóknari uppbygging viðskiptalífsins krefst aukinnar skilvirkni og hafa reglur fjármunaréttarins miðað að setningu skýrra lagaákvæða sem kveða á um hagræðingu við innheimtu skulda. Með þessu hefur dómskerfið í auknum mæli færst í þá átt að þjóna hagsmunum kröfuhafa.

Gera verður þær kröfur til þeirra sem lána fé í ágóðaskyni að þeir beri nokkra ábyrgð á þeirri ákvörðun sinni. Ákvörðun um lánveitingu á fyrst og fremst að byggjast á lánstrauti neytandans. Tryggja verður með lögum vernd fyrir ábyrgðarmenn þar sem kveðið verður á um ríka upplýsingaskyldu lánveitanda um gildi ábyrgðar og um efni samnings. Jafnframt þarf að liggja fyrir skylda lánveitanda til að upplýsa ábyrgðarmenn um breytingar á efni og stöðu samnings sem ábyrgðin nær til. Æskilegt væri einnig að ábyrgðarmenn hefðu aðgang að upplýsingum um fjárhagsstöðu skuldara.

Opinber réttaraðstoð.

Nauðsynlegt er að komið verði á fót opinberri réttaraðstoð til að veita almenningi ráðgjöf á sviði lögfræði til að tryggja að réttindi einstaklinga glatist ekki sökum lítilla efna. Til þess að slík aðstoð verði raunverulegt úrræði þarf hún að ná til leiðbeininga um réttarreglur og lagaúrræði, hvort sem um réttarágreining er að ræða eða ekki, svo og ráðgjafar í einstökum málum. Benda má á nauðsyn þess að einstaklingar fái hjálp við einfalda skjalagerð, bréfaskriftir og aðstoð við kærur og við að koma nýrri skipan á fjármál sín.

Greiðsluaðlögun.

Þau úrræði, sem skuldugum einstaklingum standa til boða, svo sem frjálsir samningar, greiðslustöðvun og nauðasamningar, eru fremur sniðin að þörfum atvinnulífsins. Þau miða að því að tryggja kröfuhöfum skilvísa greiðslu af eignum skuldara, fremur en að tryggja afkomu þess sem eftir þeim leitar. Því er þörf á sérstakri löggjöf um greiðsluaðlögun eins og þeirri sem nágrannaþjóðir okkar hafa sett. Markmiðið með greiðsluað-

lögun er að tryggja afkomu einstaklinga sem komnir eru í greiðsluþrot en gætu ef vel væri að staðið komið reglu á fjármál sín. Rétt væri að greina á milli tvenns konar greiðsluaðlögunar: Annars vegar er frjáls greiðsluaðlögun sem byggist á samningi skuldara við lánardrottna um frestun á greiðslu skuldar, niðurfellingu skuldar að öllu eða nokkru leyti eða eftirgjöf vaxta og kostnaðar, annaðhvort strax eða að loknu greiðsluaðlögunartímabili sem stæði yfir í fimm ár. Hins vegar geta dómstólar, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, úrskurðað að greiðsluaðlögun skuli heimil ef ekki næst samkomulag við kröfuhafa. Greiðsluaðlögun felur í sér gagngera endurskipulagningu á fjármálum skuldara og verður honum m.a. gert skylt að selja þær eignir sem hann getur verið án. Greiðsluaðlögun leysir skuldara undan greiðsluskyldu á þeim skuldum sem greiðsluaðlögunin nær til og kröfuhafar geta ekki krafist gjaldþrotaskipta vegna sömu skuldar.

Rökin með slíku úrræði eru þau að tryggð verði greiðsla til kröfuhafa meðan enn eru til verðmæti, svo og að koma í veg fyrir þjóðfélagslegt tjón sem leiðir af fjöldagjaldþrotum einstaklinganna. Til þess að markmið greiðsluaðlögunar náist verður hún að ná til allra skulda, þar með talið skulda sem tryggðar eru með veði í fasteignum skuldara, ábyrgðar þriðja manns og samninga með eignarréttarfyrirvara og kaupleigu. Einnig kemur til greina að skattayfirvöld fái heimild til að fella niður opinber gjöld einstaklinga á því ári sem þeir verða gjaldþrota.

Opinber gjaldskrá vegna innheimtukostnaðar lögmanna.

Í þingsályktunartillögunni er lagt til að sett verði opinber gjaldskrá um innheimtu lögmanna þar sem m.a. verði sett þak á innheimtukostnað. Þeir sem verið hafa í vanskilum eða á nauðungaruppboði, að ekki sé talað um gjaldþrot, þekkja að það er ekki síst hár lögfræðikostnaður sem gerir kostnað við vanskil oft og tíðum óviðráðanlegan. Staðreyndin er sú að á meðan nánast hefur ríkt verðstöðvun og launafólk hefur þurft að búa að mestu við óbreytt kjör hafa einstakir lögmenn margfaldað gjaldtökur sínar og því sem næst eftirlitslaust makað krókinn á kostnað fólks í greiðsluerfiðleikum. Nefna má að þóknun lögmanna fyrir það eitt að mæta í fjárnámsfyrirtöku hjá sýslumanni var lengst af innan við 3.000 kr. Nú finnast þess fjölmörg dæmi að einstakir lögmenn rukki fjárnámsþola um allt að 15.000 kr. fyrir að mæta í fjárnámsfyrirtöku sem tekur venjulega um 6–8 mínútur. Mun hærri fjárhæðir, eða allt að 40.000 kr., eru ekki óþekktar fyrir þetta litla viðvik lögmanna.

Í febrúar 1994 kvað Samkeppnisstofnun upp úrskurð um beiðni Lögmannafélags Íslands um undanþágu frá banni við útgáfu á sameiginlegri gjaldskrá. Í úrskurði sínum taldi Samkeppnisstofnun hagsmunasamtök lögmanna, Lögmannafélag Íslands, ekki til þess bæran aðila að gefa út leiðbeinandi reglur um gjaldtöku lögmanna, reglur sem ætlað er að gæta hagsmuna dómþola þegar dómstólar dæma um málskostnað, eða til að gæta hagsmuna skuldara í innheimtumálum, enda eiga lögmenn sjálfir annarra beinna hagsmuna að gæta í slíkum málum. Lögmannafélagið taldi í rökstuðningi sínum að hætta væri á að ósamræmi skapaðist innan dómaraembætta og milli þeirra um ákvörðun málskostnaðar ef ekki væri við leiðbeinandi reglur að styðjast. Enn fremur var vikið að hagsmunum skuldara í innheimtumálum. Um þetta atriði sagði Samkeppnisstofnun orðrétt í úrskurði sínum: „Ef setja þarf reglur eða gjaldskrá til að gæta hagsmuna þeirra sem áður er um rætt eða til að gæta samræmis hjá dómstólum, sbr. það sem fjallað er um í beiðni Lögmannafélags Íslands, telur Samkeppnisstofnun eðlilegt að það sé löggjafarvaldið eða til þess bær stjórnvöld sem það geri.“

Rök mæla með því að sett verði opinber gjaldskrá um innheimtukostnað lögmanna þar sem m.a. verði sett þak á þann kostnað. Fólk í vanskilum velur sér ekki lögmann, heldur eru það kröfuhafar þeirra sem það gera. Lögmál frjáls markaðar um framboð og eftirspurn, þar sem fólk beinir viðskiptum sínum þangað sem það fær ódýrasta þjónustu, gildir því ekki í þessum tilvikum. Ef skuldari greiðir ekki lögmanni það sem hann er krafinn um gengur lögmaðurinn að skuldurum með fjárnámi og nauðungarsölu og þeim er því nauðugur einn kostur að greiða lögmönnum, sem fengnir eru til að gæta hagsmuna annarra, uppsett verð fyrir þeirra þátt í innheimtu skulda. Því er eðlilegt að til komi atbeini opinberra aðila til að gæta hagsmuna skuldara með útgáfu opinberrar gjaldskrár um innheimtukostnað lögmanna.

Víðtækar aðgerðir – tekjutap ríkissjóðs ekki sjálfgefið.

Með hliðsjón af því sem áður hefur verið sagt um sífellt versnandi kjör almennings verður að grípa til víðtækra úrræða af hálfu löggjafar- og framkvæmdarvalds. Tillögur þær, sem þessi þingsályktunartillaga felur í sér, miða að því að rétta við hag þeirra sem verst hafa farið út úr efnahagsþrengingunum og óhóflegu álagi og þóknunum ríkis, fjármálastofnana, lögfræðinga og annarra aðila á vaxandi skuldir einstaklinga og heimilanna í landinu. Það er ekki þjóðfélagslega hagkvæmt að illa statt fjölskyldufólk missi allar eigur sínar í kjölfar minnkandi launa eða atvinnuleysis. Því fylgja aukin félagsleg vandamál, meiri þörf fyrir þjónustu heilbrigðiskerfisins og þar með aukin útgjöld ríkis og sveitarfélaga. Þótt tillaga þessi feli í sér einhvern tekjumissi fyrir ríkissjóð er tekjutap ríkissjóðs þess vegna ekki sjálfgefið þegar á heildina er litið, vegna aðgerða til að aðstoða skuldara sem við neyð búa.

Raunveruleg dæmi.

Hér verða annars vegar sýnd þrjú raunveruleg dæmi af skuldurum í gjaldþrotaskiptum (dæmi 1–3) og hins vegar dæmi um álagðan kostnað þegar mál er komið í uppboðsmeðferð (dæmi 4), dæmi um sundurliðaðan kostnað af fjárnámi (dæmi 5) og loks dæmi um áfallinn kostnað samkvæmt kröfulýsingu í uppboðsandvirði að loknu nauðungaruppboði (dæmi 6). Þessi dæmi sýna þann mikla kostnað sem fallið getur á skuldara og ábyrgðarmenn með ýmiss konar gjaldtöku og þóknunum ríkis, fjármálastofnana, lögfræðinga og annarra aðila.

1. Kröfuhafi (banki) krefst gjaldþrotaskipta vegna vangoldins skuldabréfs (tveggja ára gömul vanskil):

Höfuðstóll gjaldfelldur		1.500.000 kr.
Gjaldtaka banka (mest dráttarvextir)		517.252 kr.
Gjaldtaka ríkis (fjárnámsgjald, þinglýsingar- og stimpilgjöld, virðisaukaskattur)		81.660 kr.
Lögfræðikostnaður:		
– innheimtuþóknun	114.000	
– mót við fjárnám	39.623	
– annar lögfræðikostnaður	*16.417*	170.040 kr.
	Samtals	2.268.952 kr.

Höfuðstóll skuldar hefur hækkað um 51%.

2. Krafa fellur á ábyrgðarmann (eins árs gömul vanskil):

Höfuðstóll skuldar		40.000 kr.
Gjaldtaka banka (mest vextir)		14.560 kr.
Gjaldtaka ríkissjóðs		6.000 kr.
Lögfræðikostnaður:		
– málskostnaður	21.000	
– kostnaður af fyrri innheimtutilraunum	15.000	
– annar lögfræðikostnaður	10.000	46.000 kr.
	Samtals	106.560 kr.

Höfuðstóll skuldar hefur hækkað um 166%.

3. Kröfuhafi krefst gjaldþrotaskipta vegna rúmlega fimm ára vanskila skuldar:

Höfuðstóll gjaldfelldur		323.000 kr.
Gjaldtaka banka (mest dráttarvextir)		990.000 kr.
Gjaldtaka ríkissjóðs (virðisaukaskattur, þinglýsingar- og stimpilgjöld)		38.000 kr.
Lögfræðikostnaður:		
– málskostnaður	38.000	
– vörslusviptingarbeiðni	6.000	
– fjárnám	22.000	
– uppboðsbeiðni	7.000	
– vextir af kostnaði	55.000	
– annar lögfræðikostnaður	9.000	137.000 kr.
	Samtals	1.488.000 kr.

Höfuðstóll skuldar hefur hækkað um 360%.

4. Álagður kostnaður þegar mál er komið í uppboðsmeðferð. Gjaldfallið skuldabréf (eins og hálfs árs vanskil):

Höfuðstóll gjaldfelldur		103.000 kr.
Kostnaður kröfuhafa		14.800 kr.
Gjaldtaka ríkissjóðs (fjárnámsbeiðni, þinglýsingar- og stimpilgjöld, nauðungarsölugjöld)		9.700 kr.
Lögfræðikostnaður:		
– innheimtukostnaður	23.000	
– annar lögfræðikostnaður	10.300	33.300 kr.
	Samtals	160.800 kr.

Höfuðstóll skuldar hefur hækkað um 56%.

5. Sundurliðaður kostnaður vegna fjárnáms á vangoldinni skuldakröfu (tveggja og hálfs árs vanskil):

Höfuðstóll		126.000 kr.
Dráttarvextir kröfuhafa		63.000 kr.
Gjaldtaka ríkissjóð (aðfarargjald)		3.000 kr.
Lögfræðikostnaður:		
– innheimtukostnaður	27.000	
– mót við fjárnám	10.800	
– annar lögfræðikostnaður	4.700	42.500 kr.
	Samtals	234.500 kr.

Höfuðstóll skuldar hefur hækkað um 86%.

6. Áfallinn kostnaður samkvæmt kröfulýsingu í uppboðsandvirði að loknu nauðungaruppboði. Krafa vegna ógreiddrar stöðumælasektar (tæplega eins og hálfs árs vanskil):

Höfuðstóll		1.050 kr.
Dráttarvextir		140 kr.
Gjaldtaka ríkissjóðs (þinglýsingar- og stimpilgjöld, uppboðsbeiðni, virðisaukaskattur)		6.739 kr.
Lögfræðikostnaður:		
– innheimtuþóknun	3.396	
– vörslusviptingarkostnaður	23.400	
– kostnaður við uppboð	13.000	
– annar lögfræðikostnaður	7.602	47.398 kr.
	Samtals	55.327 kr.

Höfuðstóll skuldar hefur í þessu dæmi meira en fimmtíufaldast.

543. Fyrirspurn [303. mál]

til dómsmálaráðherra um skipun nefndar um fréttaflutning og upplýsingaskyldu um slysfarir.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni.

Hvers vegna hefur ekki verið skipuð nefnd er „leggi grundvöll að samráðsvettvangi hlutaðeigandi aðila um fréttaflutning og upplýsingaskyldu stofnana um slysfarir og harmraunir fólks“, sbr. þingsályktun sem samþykkt var 25. febrúar 1995?

544. Fyrirspurn [304. mál]

til samgönguráðherra um einbreiðar brýr.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Hvar eru einbreiðar brýr á stofnvegum?
2. Er ekki tímabært að markvisst verði unnið að breikkun einbreiðra brúa hvarvetna þar sem aðliggjandi vegir eru tvíbreiðir?
3. Hver er áætlaður kostnaður við breikkun einbreiðra brúa á stofnvegum?

545. Fyrirspurn [305. mál]

til menntamálaráðherra um óbyggt skólahúsnæði.

Frá Ragnari Arnalds.

Hve mikið er óbyggt af skólahúsnæði svo að fullnægt verði ákvæðum grunnskólalaga um samfelldan skóladag og einsetinn skóla? Óskað er eftir sundurliðuðu svari þar sem gerð er grein fyrir þörf á almennum skólastofum, mötuneytum, félagsaðstöðu nemenda, vinnuaðstöðu kennara, sérgreinastofum og skólasöfnum.

Skriflegt svar óskast.

546. Fyrirspurn [306. mál]

til samgönguráðherra um fjárveitingu til sýsluvega.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hversu háar hafa fjárveitingar til sýsluvega, eða sambærilegs hluta vegakerfisins nú, verið á ári hverju frá því að ríkið yfirtók hlut sveitarfélaganna í kjölfar breyttrar verkaskiptingar?
2. Hverju munar á fjárveitingum á hverju ári og í heild borið saman við upphæðina sem lögð var til grundvallar verkaskiptingunni á sínum tíma?

Óskað er eftir að allar tölur séu uppfærðar til núgildandi verðlags.

Skriflegt svar óskast.

547. Frumvarp til laga [307. mál]

um breytingu á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34/1991, með síðari breytingum.

Flm.: Kristján Pálsson, Pétur H. Blöndal, Vilhjálmur Egilsson, Guðjón Guðmundsson.

1. gr.

Í stað 1. og 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur nýr töluliður er orðast svo: Erlendir aðilar mega eiga allt að 49% hlut í fyrirtækjum sem vinna sjávarafurðir hér á landi og/eða stunda fiskveiðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með þessum lögum er verið að heimila beina fjárfestingu erlendra aðila í fyrirtækjum sem stunda fiskveiðar og fiskvinnslu. Skorður eru þó settar við slíkri fjárfestingu og má hún ekki verða meiri en 49%.

Íslenskur sjávarútvegur hefur á síðustu árum átt í verulegum erfiðleikum vegna samdráttar í þorskveiðum. Innan greinarinnar hefur verið brugðist við breyttri stöðu með endurskipulagningu framleiðslunnar, sameiningu fyrirtækja, endurfjármögnun lána og með skráningu sjávarútvegsfyrirtækja á hlutabréfamarkaði. Allar þessar aðgerðir hafa orðið til þess að efla fyrirtækin í greininni og þau snúið vörn í sókn. Ljóst er að velflestar greinar fiskvinnslunnar eru reknar með töluverðu tapi og ekki er fyrirsjáanlegt að það breytist. Það er áhyggjuefni í ljósi þess að launafólk í fiskvinnslu hefur tekið mikið af þessum erfiðleikum á sínar herðar með hógværð í launakröfum. Ekki er hægt að búast við því að slík þolinmæði verði viðvarandi og eru þegar brögð að því að íslenskt fiskvinnslufólk leiti til útlanda eftir vinnu í fiski.

Búast má við miklum breytingum á stöðu fiskvinnslu og útgerðar á Íslandi ef frumvarp þetta verður að lögum. Þar ber helst að nefna að áhættufjármagn kemur inn í greinina, meiri möguleika til markaðsöflunar, breyttar aðferðir í fiskvinnslunni og sterkari fyrirtæki í sjávarútvegi.

Með tilkomu samninga um Evrópska efnahagssvæðið var gert ráð fyrir að fjárfesting aðila innan þess yrði heimil á Íslandi með undantekningum í orkufyrirtækjum, flugi og sjávarútvegi. Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar um erlenda fjárfestingu, sem lagt hefur verið fram, er gert ráð fyrir að bein fjárfesting erlendra aðila í flugrekstri á Íslandi sé heimil allt að 49%. Ekki er hægt að sjá nein rök fyrir því að mismuna fyrirtækjum á Íslandi að þessu leyti. Ástæður eins og að sjálfstæði landsins sé stefnt í hættu eiga ekki við lengur enda öryggisákvæði 6. gr. frumvarps ríkisstjórnarinnar, sem heimilar viðskiptaráðherra að stöðva erlenda fjárfestingu ógni hún öryggi landsins eða gangi gegn allsherjarreglu, almannaöryggi eða almannaheilbrigði, sett til að koma í veg fyrir slíkt.

Á síðustu áratugum hefur verið reynt að fá erlenda fjárfestingu til landsins og þá sérstaklega til orkufrekrar starfsemi, t.d. álvera. Þrátt fyrir mikla fyrirhöfn hefur miðað hægt í þeim málum. Á síðustu árum hefur einnig verið opnað fyrir aðra erlenda fjárfestingu með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Í þeim tilfellum var miðað við að há-

marksfjárfesting erlends aðila í einu fyrirtæki yrði ekki hærri en 250 millj. kr. án sérstakrar heimildar ráðherra. Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar er nú gert ráð fyrir að fella það ákvæði út því að að ásókn útlendinga er mjög lítil og fjárhæðir lágar. Erlendir fjárfestar leita ekki hingað nema þeir sjái hagnaðarvon og að hingað sé eitthvað nýtt að sækja. Í sjávarútvegi eru Íslendingar fremstir meðal jafningja og íslenskir ráðgjafar eftirsóttir um heim allan. Það sem við höfum helst að bjóða erlendum fjárfestum er því tengt sjávarútveginum, bæði þekking og framleiðsla. Þetta verður að hafa í huga ef auka á áhuga erlendra aðila fyrir fjárfestingu á Íslandi. Frumvarp ríkisstjórnarinnar er aðeins breyting á lögunum í átt til ríkjandi ástands á óbeinni eignaraðild erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegi.

Ekki er hægt að sjá að sú þróun verði stöðvuð að fyrirtæki renni meira og minna saman fjárhagslega þvert á landamæri ríkja ef atvinnurekstur og þjóðfélag hefur hag af því. Þannig hafa komist á legg hliðarfyrirtæki sem beinlínis verða til við fjárfestingu nýrra aðila. Þessi þróun hefur t.d. orðið mjög áberandi á Írlandi þar sem blómleg fyrirtæki og menntasetur hafa risið með tilkomu frísvæða.

Því fyrr sem stór skref verða stigin í átt til frjálsari samskipta við erlenda fjárfesta og íslenskum fyrirtækjum er gefinn kostur á að tileinka sér breytingar sem nú eiga sér stað í hinum vestræna heimi því betur gengur að bæta kjör almennings á Íslandi.

548. Svar [222. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um símahleranir.

1. *Hvaða lagaákvæði hafa gilt eða gilda um símahleranir hér á landi?*

Samkvæmt 15. gr. laga um fjarskipti, nr. 73/1984, má ekki án undangengins dómsúrskurðar veita óviðkomandi mönnum aðgang að því að hlusta á fjarskiptasamtöl eða hljóðrita þau.

Núgildandi lagaákvæði um heimild til símahlerana í þágu rannsóknar opinbers máls er að finna í a-lið 1. mgr. 86. gr., sbr. 87. og 88. gr., laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Fyrir gildistöku þeirra laga var ákvæði um símahleranir að finna í 47. gr. laga nr. 74/1974, en það ákvæði var óbreytt í lögum um meðferð opinberra mála allt frá árinum 1951, sbr. 47. gr. laga nr. 27/1951, 47. gr. laga nr. 82/1961 og 47. gr. laga nr. 73/1973.

Þá er í 19. gr. laga um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988, að finna heimild til að hlusta á símtöl við fanga en það skal þó ávallt gert með vitneskju hans.

Önnur ákvæði um hlerun símtala er ekki að finna í gildandi lögum.

2. *Hversu oft hafa heimildir verið veittar til símahlerana á ári undanfarin tíu ár og hve mörg símanúmer hafa verið hleruð?*

Með gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, 1. júlí 1992 var dómstólaskipan breytt verulega hér á landi sem kunnugt er. Þá voru settir á stofn átta héraðsdómstólar og í fyrsta sinn hafin skipuleg tölvuskráning upplýsinga um dómsmál, þar á meðal rannsóknarúrskurði, svo sem úrskurði um símahleranir. Fyrir þann tíma voru dómstólar á héraðsdómsstigi um 30 talsins og ekki um samræmda skráningu að ræða á úrskurðum af þessu tagi. Upplýsingar um símahlerunarúrskurði fyr-

ir 1. júlí 1992 eru því svo brotakenndar og torsóttar að ráðuneytið hefur ekki treyst sér til að taka þær saman.

Í kjölfar fyrirspurnarinnar var héraðsdómstólum send beiðni um svör við einstökum spurningum hennar og byggist svar ráðuneytisins á svörum héraðsdómstólanna sem aftur sækja upplýsingar sínar í tölvutækar málaskrár. Svörin taka þó sem fyrr segir aðeins til tímabilsins frá 1. júlí 1992 til ársloka 1995 eða þriggja ára og sex mánaða.

Alls hafa á þessu tímabili verið kveðnir upp 29 úrskurðir um hleranir á samtals 42 símanúmerum eða að meðaltali 8,3 úrskurðir á ári um hlerun á að meðaltali 12 símanúmerum, á landinu öllu.

Nánar tiltekið voru úrskurðir sem hér segir:

	Úrskurðir	Símanúmer
Árið 1992		
Héraðsdómur Reykjavíkur	2	2
Héraðsdómur Reykjaness	1	1
Árið 1993		
Héraðsdómur Reykjavíkur	8	10
Héraðsdómur Reykjaness	1	1
Árið 1994		
Héraðsdómur Reykjavíkur	9	16
Árið 1995		
Héraðsdómur Reykjavíkur	8	12
Samtals	**29**	**42**

3. *Í hve langan tíma hafa heimildirnar verið veittar*
   a. lengst,
   b. að meðaltali?

Lengst hafa heimildir verið veittar í tvo mánuði. Að meðaltali hafa þær verið veittar í 29,5 daga.

4. *Eru einhver dæmi um aðrar símahleranir á vegum ráðuneytanna en þær sem að framan eru nefndar?*
5. *Hefur utanríkisráðuneytið látið stunda símahleranir? Ef svo er, hverjar og af hvaða tilefni?*

Dómsmálaráðuneytinu er ekki kunnugt um neinar aðrar símahleranir en þær sem getið er um hér að framan.

549. Frumvarp til laga [308. mál]

um breytingu á lögum um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands, nr. 13 30. mars 1992.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Fiskveiðar í efnahagslögsögu Íslands mega eftirtaldir aðilar einir stunda:

a. Íslenskir ríkisborgarar og aðrir íslenskir aðilar.
b. Íslenskir lögaðilar sem að öllu leyti eru í eigu íslenskra aðila eða íslenskra lögaðila sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:
   i) Eru undir yfirráðum íslenskra aðila.
   ii) Eru ekki í eigu erlendra aðila að meira leyti en 25%, sé miðað við hlutafé eða stofnfé. Fari eignarhlutur íslensks lögaðila í lögaðila, sem stundar veiðar í efnahagslögsögu Íslands, ekki yfir 5% má eignarhlutur erlendra aðila þó vera allt að 33%.
   iii) Eru að öðru leyti í eigu íslenskra ríkisborgara, eða íslenskra lögaðila sem eru undir yfirráðum íslenskra aðila.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 34 25. mars 1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, sbr. lög nr. 121/1993. Eru breytingar þessa frumvarps sem nú er flutt gerðar til samræmis við breytingar á því frumvarpi. Af frumvörpunum leiðir sú breyting að nú verður óbein fjárfesting í sjávarútvegi heimil þótt verulegar takmarkanir séu þar enn á. Því verður ekki lengur með lögunum komið í veg fyrir beina erlenda eignaraðild að lögaðila sem á í fyrirtæki sem stundar fiskveiðar í efnahagslögsögu Íslands. Sú beina eignaraðild er hins vegar takmörkuð við 25% hlutafjár eða stofnfjár en má þó ná til allt að 33% hlutafjár eða stofnfjár ef eignarhlutur viðkomandi lögaðila í fyrirtæki sem stundar veiðar í efnahagslögsögu Íslands er ekki meiri en 5%. Auk þess er sú krafa gerð að það fyrirtæki sem á í útgerðarfyrirtækinu sé undir íslenskum yfirráðum. Að sjálfsögðu er ætlast til þess að einstök orð og hugtök frumvarpsins hafi sömu merkingu og þau hafa í frumvarpi til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34 25. mars 1991, sbr. lög nr. 121/1993. Er því almennt vísað til þess frumvarps og athugasemda við það. Þó verður ekki hjá því komist skýrleikans vegna að greina hér sérstaklaga frá því sem þar segir um hugtökin íslenskan aðila, íslenskan lögaðila og yfirráð íslenskra aðila. Í lokamálsgrein 1. gr. áðurnefnds frumvarps segir orðrétt: *„Með íslenskum aðila er í þessari grein átt við ríkissjóð og sveitarfélög, svo og stofnanir, fyrirtæki og sjóði hér á landi í fullri eigu þeirra, íslenska ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi og lögaðila sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu opinberra aðila hér á landi, íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi eða annarra lögaðila sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi. Með íslenskum lögaðila er í þessari grein átt við lögaðila með heimili hér á landi án tillits til þess hvernig rekstr-*

arformi eða eignarhaldi er háttað. Lögaðili telst eiga heimili hér á landi ef hann er skráður hér á landi, ef hann telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn hans er hér á landi. Með íslenskum lögaðila undir yfirráðum íslenskra aðila er í þessari grein átt við íslenskan lögaðila þar sem íslenskir aðilar eiga meiri hluta hans, svo sem meiri hluta hlutafjár eða stofnfjár, og hafa meirihluta atkvæðisréttar og hafa raunveruleg yfirráð yfir viðkomandi lögaðila.“

Auk þess er rétt til glöggvunar að geta þess að í 2. gr. ofangreindra laga er hugtakið erlendur aðili skilgreint svo: *„Einstaklingur, búsettur erlendis, án tillits til ríkisfangs, félag, stofnun, sjóður eða annar lögaðili, sem á heimili erlendis, erlent ríki og ríkisfyrirtæki, svo og atvinnufyrirtæki undir erlendum yfirráðum. Einstaklingur telst búsettur erlendis ef hann á lögheimili erlendis eða á þar heimili samkvæmt skilgreiningu lögheimilislaga. Lögaðili telst eiga heimili erlendis ef hann er skráður til heimilis erlendis eða telur heimili sitt erlendis samkvæmt samþykktum sínum.“* Bein fjárfesting í sjávarútvegi er eftir sem áður óheimil.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands nr. 13 30. mars 1992.

Með frumvarpi þessu er lagt til að leyfilegur eignarhlutur erlendra aðila í íslenskum lögaðilum er stunda fiskveiðar í efnahagslögsögu Íslands verði aukinn, með vissum skilyrðum.

Ekki er séð að samþykkt frumvarpsins leiði til kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

550. Tillaga til þingsályktunar [309. mál]

um samanburð á lífskjörum á Íslandi og í nálægum löndum.

Flm.: Gunnlaugur M. Sigmundsson.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að skipa nefnd er hafi það hlutverk að gera hlutlæga skoðun á lífskjörum á Íslandi og bera saman við lífskjör í nálægum löndum, auk þess að benda á hugsanlegar ástæður fyrir mismun sem fram kann að koma.

Greinargerð.

Mikil umræða hefur að undanförnu farið fram um samanburð á þeim kjörum sem launþegar búa við hér á landi og í nálægum löndum. Staðhæft er að Íslendingar flýi land á vit betri lífskjara og hefur sérstaklega verið rætt um Hanstholm í Danmörku í þessu sambandi, a.m.k. hvað fiskvinnslufólk varðar. Umræðan mótast nokkuð af því að rætt er við brottflutta Íslendinga sem gefa upplýsingar um að laun sín séu mun hærri en laun

sem hér eru greidd fyrir sambærileg störf. Vitað er að samanburður á launum einum saman gefur engan veginn rétta mynd af afkomu launþega og fjölskyldna þeirra. Til þess að fá réttan samanburð verða að liggja fyrir upplýsingar um fjölmarga aðra þætti, svo sem um verð á algengum lífsnauðsynjum og kostnað við samgöngur, um skattkerfi, félagslega þjónustu, heilbrigðiskerfi og skólakerfi, auk upplýsinga um lögskipaða og áunna frídaga, sem og vinnustundir að baki launum viðkomandi.

Mikilvægt er fyrir umræðu um lífskjör og lág laun á Íslandi að fá hlutlægan samanburð við lífskjör í nágrannalöndunum. Ef það er rétt sem haldið hefur verið fram að afkoma almennings sé lakari hér en í nálægum löndum er jafnframt mikilvægt að vita í hverju sá munur liggur svo unnt sé að bregðast við og leiðrétta það sem aflaga fer.

Ekki liggur fyrir heildstæður samanburður á kjörum eða möguleikum fólks til mannsæmandi lífsafkomu hér á landi samanborið við nálæg lönd en þó hafa Haraldur L. Haraldsson hagfræðingur og Þröstur Sigurðsson viðskiptafræðingur hjá fyrirtækinu Rekstur og ráðgjöf ehf. tekið saman ýmis gögn sem gætu myndað grundvöll slíkrar úttektar. Samanburðurinn er hins vegar kostnaðarsamur og ekki á færi einstaklinga að ráðast í svo vel sé. Úttekt eða samanburður sem unninn er á vegum verkalýðsfélaga eða samtaka vinnuveitenda kann að verða vefengdur. Af þeim sökum er eðlilegt að stjórnvöld hlutist til um að láta gera slíka könnun þannig að niðurstaða fáist um hvort lífskjör hér á landi séu sambærileg við það sem gerist í löndunum í kringum okkur.

551. Tillaga til þingsályktunar [310. mál]

um fiskréttaverksmiðjur.

Flm.: Gunnlaugur M. Sigmundsson.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að taka upp viðræður við Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Íslenskar sjávarafurðir hf. um að fiskréttaverksmiðjur í eigu dótturfélaga þessara fyrirtækja sem starfræktar eru erlendis verði fluttar til Íslands eða reistar hér nýjar verksmiðjur gegn því að slíkum fyrirtækjum verði skapað sambærilegt rekstrarumhverfi og erlendum stóriðjufyrirtækjum stendur til boða á Íslandi, auk tekjuskattsfrelsis í 25 ár.

Greinargerð.

Stjórnvöld hafa um árabil lagt áherslu á að fá erlend fyrirtæki á sviði orkufreks iðnaðar til að reisa verksmiðjur hér á landi. Haft hefur verið samband við fjölmörg fyrirtæki um allan heim og þeim boðið rekstrarumhverfi sem ekki stendur innlendum fyrirtækjum til boða. Slík boð eiga fyllilega rétt á sér í ljósi þess að fyrirtæki leita þangað sem rekstraraðstæður eru bestar enda skiptir fjarlægð milli verksmiðju og kaupenda vöru minna máli nú en áður. Þrátt fyrir að íslensk stjórnvöld telji sig vera að bjóða góð starfsskilyrði hefur árangur af leit að fjárfestum til að reisa verksmiðjur hér á landi verið harla lítill síðustu árin. Nýverið rættist þó úr er samningar náðust um stækkun álversins í Straumsvík. Miklar vonir eru bundnar við að stækkun álversins í Straumsvík verði lyftistöng fyrir íslenskt efnahags- og atvinnulíf en engu síður er ljóst að fyrst og fremst er um fjármagnsfrekan rekstur að ræða sem ekki skapar nema takmarkaðan fjölda starfa þegar framkvæmdum við byggingu verksmiðjunnar lýkur. Þá er og ljóst að jákvæðra áhrifa

stækkunar álversins á vinnumarkaðinn mun aðallega gæta á suðvesturhorni landsins en aðrir landshlutar njóta góðs af með óbeinum hætti. Stjórnvöldum ber því skylda til að huga að því að til landsins flytjist einnig fyrirtæki sem ekki byggja tilveru sína hér einungis á ódýrri orku og takmörkuðum mannafla. Íslenskur atvinnumarkaður þarf einnig á vinnuaflsfrekum rekstri að halda sem hagkvæmt getur talist að staðsetja á öðrum svæðum en suðvesturhorni landsins.

Íslenskt atvinnulíf hefur í áraraðir byggst öðru fremur á sjósókn og vinnslu sjávarafla enda eru Íslendingar taldir í fremstu röð þeirra þjóða sem vinna og selja fisk. Vinnsla þess afla sem á land berst hefur þó til skamms tíma einkum miðast við að vinna fiskinn sem hráefni til frekari vinnslu í útlöndum og þjóðinni orðið tiltölulega lítið ágengt í að vinna og markaðssetja fullunna vöru í neytendapakkningar. Vitað er að tiltölulega fá fyrirtæki ráða markaði fyrir fullbúna fiskrétti í Evrópu en meðal þeirra fyrirtækja eru Unilever, Findus og Nestlé.

Íslensku sölusamtökin, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Sjávarafurðadeild Sambandsins, nú Íslenskar sjávarafurðir hf., byggðu á sínum tíma upp fiskréttaverksmiðjur í Bandaríkjunum og Bretlandi sem í áranna rás hafa vaxið og dafnað og eru nú orðin ströndug og góð fyrirtæki. Forsendur þær sem á sínum tíma lágu að baki þeirri ákvörðun að byggja verksmiðjur til fullvinnslu sjávarfangs á erlendri grund eru breyttar að mörgu leyti og gætu þessar verksmiðjur í dag allt eins verið starfræktar á Íslandi eins og erlendis þótt sölukerfi þeirra væri staðsett á viðkomandi markaðssvæði. Enn munu þó vera vandkvæði hvað varðar tolla á fullunna matvöru sem flutt er á markað í Bandaríkjunum og er niðurfelling þeirra eitt þeirra mála sem íslensk stjórnvöld þurfa að beita sér fyrir að samkomulag náist um við þarlend stjórnvöld. Þrátt fyrir breyttar aðstæður geta Íslendingar ekki vænst þess að gróin fyrirtæki stokki upp starfsemi sína og flytji milli landa nema verulegur ávinningur sé af flutningnum. Í veröld þar sem fleiri og fleiri þjóðir bjóða upp á fært og vel þjálfað vinnuafl verða stjórnvöld á Íslandi að bjóða rekstrar- og skattaumhverfi sem er betra en það sem viðkomandi fyrirtæki búa við ef vænta á þess að flutningur komi til greina.

Fyrir íslenskan vinnumarkað er eftir miklu að slægjast því í fyrirtækjum þessara aðila í Bandaríkjunum og Bretlandi vinna samtals um 1.500 manns. Rétt er þó að geta þess að verksmiðjur þær sem hér um ræðir vinna fisk frá fleiri svæðum en Íslandi. Verksmiðja Sölumiðstöðvarinnar í Bandaríkjunum vinnur t.d. fisk frá Kína, Alaska, Argentínu, Úrúgvæ, Kanada, Noregi, Færeyjum og Hjaltlandseyjum, auk þess fisks sem kemur frá Íslandi. Þótt sölukerfi og hugsanlega frystigeymslur yrðu áfram starfræktar erlendis skapar flutningur á verksmiðjunum sjálfum hingað fleiri ný störf en fjöldi nýrra stóriðjuvera auk þess sem slíkum verksmiðjum yrði vafalítið valinn staður sem næst hráefnisöflun, þ.e. í hinum dreifðu byggðum. Tilkoma stórra vélvæddra matvælaverksmiðja stuðlar einnig að því að hér skapist ný atvinnugrein sem er fullvinnsla matvæla fyrir erlenda markaði. Íslendingar þurfa í upphafi nýrrar aldar að stefna að því að eignast vörumerki sem nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar á neysluvörumarkaði.

Í ljósi þessara jákvæðu áhrifa á atvinnulíf í landinu er þingsályktunartillagan flutt. Tillagan gerir ráð fyrir að viðskiptaráðherra taki upp beina samninga við eigendur umræddra fyrirtækja um að þau ráðist í það stórvirki að flytja fiskréttaverksmiðjur sínar hingað til lands eða reisa hér nýjar verksmiðjur. Verði þingsályktunartillagan samþykkt getur ráðherra gengið til samninga við umrædd fyrirtæki um ívilnanir sem taldar eru nauðsynlegar til að fá fyrirtækin hingað, í trausti þess að Alþingi fylgi málinu eftir með setningu laga um skattaívilnanir og afslátt frá gildandi orkuverði sem að mati flutnings-

manns er nauðsynlegt til að fyrirtækin standi í þeim umbyltingum og óvissu sem óneitanlega fylgja flutningi fyrirtækja. Flutningsmaður setur fram þá hugmynd að fyrirtækjunum verði boðið tekjuskattsfrelsi í 25 ár og er sá árafjöldi áætlaður út frá auknum kostnaði samfara endurbyggingu hér og afskriftum á búnaði og húsum erlendis sem ekki verða flutt eða komið í verð. Að auki þurfa að koma aðrir þættir tengdir hinum daglega rekstri, eins og lágt orkuverð auk þess að leggja til aðstöðu með sama hætti og í boði er fyrir stóriðju.

Til glöggvunar fylgja upplýsingar um þau fyrirtæki í eigu umræddra aðila sem til greina kæmi að flytja hingað að mati flutningsmanns.

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

Markaðir Sölumiðstöðvarinnar eru helstir í Bandaríkjunum, Bretlandi, á meginlandi Evrópu og í Asíulöndum fjær. Sölustarf fyrirtækisins hefur í vaxandi mæli verið flutt sem næst kaupendum vörunnar og er það gert með þeim hætti að hafa sölumenn og söluskrifstofur á viðkomandi markaðssvæði en samræming sölustarfs og miðlun upplýsinga milli markaða fer fram frá höfuðstöðvum fyrirtækisins á Íslandi.

Árið 1944 opnaði fyrirtækið söluskrifstofu í New York og þremur árum síðar eða árið 1947 stofnaði Sölumiðstöðin fyrirtækið Coldwater Seafood Corporation sem í dag hefur aðalskrifstofur í Roweyton í Connecticut. Fyrirtækið hóf verksmiðjurekstur árið 1954 og var framleiðslan í upphafi fiskstautar og fisksneiðar með brauðmylsnu. Þessi verksmiðja varð fljótlega of lítil og árið 1968 var byggð ný fiskréttaverksmiðja sem starfrækt er í Cambridge í Maryland. Sala verksmiðjuafurða var um 25.000 tonn árið 1994 að verðmæti 104 milljónir dollara eða sem svarar til um 7 milljarða kr. á núverandi gengi. Auk verksmiðjureksturs rekur Coldwater frystigeymslu í Everett í Massachusetts. Samtals vinna um 500 manns fyrir fyrirtækið á þessum þremur stöðum.

Sölumiðstöðin stofnaði söluskrifstofu í Englandi árið 1956 en árið 1983 var stofnað dótturfyrirtæki, Icelandic Freezing Plants Ltd., auk þess sem reist var mjög fullkomin fiskréttaverksmiðja í Grimsby. Hjá fyrirtækinu vinna nú um 600 manns og nemur sala á verksmiðjuvöru yfir 30 milljónum sterlingspunda eða rúmum 3 milljörðum íslenskra kr.

Íslenskar sjávarafurðir hf.

Íslenskar sjávarafurðir eiga í Bandaríkjunum dótturfélagið Iceland Seafood Corporation (75,9% eignarhlutur) sem rekur verksmiðju í Harrisburg. Sala fyrirtækisins á árinu 1994 nam tæpum 122 milljónum dollara en flutningsmaður þingsályktunartillögu þessarar hefur ekki upplýsingar um það hvernig sú sala skiptist í umboðssölu annars vegar og sölu á verksmiðjuframleiddum fiskréttum hins vegar. Starfsmannafjöldi félgsins í Bandaríkjunum er tæplega 400 manns.

552. Fyrirspurn [311. mál]

til heilbrigðisráðherra um ómskoðanir.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hversu margar ómskoðanir á konum (framkvæmdar hjá kvensjúkdómalæknum á stofum) voru greiddar af Tryggingastofnun á síðasta ári?
2. Hvaða reglur gilda um ómskoðanir kvensjúkdómalækna á eigin stofum?
3. Telur ráðherra að sá kvóti, sem settur hefur verið á ómskoðanir á stofum, dugi til að tryggja nauðsynlegar rannsóknir og forvarnir?

553. Skýrsla [312. mál]

Íslandsdeildar ÖSE-þingsins fyrir árið 1995.

Á leiðtogafundi Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu (RÖSE) í ársbyrjun 1995 var samþykkt að breyta nafni ráðstefnunnar í Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE). Í kjölfarið breyttist nafn RÖSE-þingsins í ÖSE-þingið.

Í yfirlýsingu þjóðarleiðtoga RÖSE-ríkjanna, sem undirrituð var 21. nóvember 1990 í París, var hvatt til þess að komið yrði á fót þingmannasamkundu ríkjanna. Fyrsti undirbúningsfundur til að hrinda þessu ákvæði Parísaryfirlýsingarinnar í framkvæmd var haldinn í Madrid í apríl 1991. Á Madrid-fundinum var ákveðið að koma á fót RÖSE-þingi er kæmi saman einu sinni á ári (í júlí). Þar var samþykkt svokölluð Madrid-yfirlýsing sem er grundvallarskjal ÖSE-þingmannasamstarfsins. Að loknum tveimur undirbúningsfundum á árinu 1992 var fyrsti fundur RÖSE-þings haldinn í júlí 1992 í Búdapest. Í ársbyrjun 1995 breytti þingið síðan um nafn, sem fyrr segir, og kallast nú ÖSE-þingið. ÖSE-þingið er því ungt að árum og starf þess enn í mótun. Þingið getur tvímælalaust orðið mikilvægur hlekkur í ÖSE-keðjunni á öllum sviðum ÖSE-samstarfsins. Þó er ljóst að hvað þingfundina varðar er nauðsynlegt að taka vinnubrögð og skipulag til endurskoðunar ef samstarfið á að bera raunverulegan árangur, enda hafa starfsreglur þingsins nær stöðugt verið til endurskoðunar.

I. Markmið og skipulag ÖSE-þingsins.

Aðild að ÖSE eiga 53 ríki Evrópu og Norður-Ameríku. Stofnunin starfar á grundvelli Helsinki-sáttmálans frá árinu 1975. Henni er ætlað að stuðla að öryggi og samvinnu ríkja í Evrópu og standa vörð um virðingu fyrir mannréttindum íbúa álfunnar.

Samkvæmt starfsreglum ÖSE-þingsins eru því ætluð eftirfarandi hlutverk:

1. Að meta árangurinn af ÖSE-samstarfinu.
2. Að ræða mál sem eru á dagskrá funda leiðtoga og utanríkisráðherra ÖSE-ríkjanna.
3. Að þróa leiðir til að koma í veg fyrir og leysa úr átökum.
4. Að stuðla að eflingu lýðræðislegra stofnana í ÖSE-ríkjunum.
5. Að leggja sitt af mörkum til þróunar, samskipta og samstarfs stofnana ÖSE.

Samkvæmt starfsreglum ÖSE-þingsins er aðild að því miðuð við þing þeirra ríkja sem undirritað hafa Helsinki-sáttmálann frá 1975 og Parísaryfirlýsinguna frá 1990 og að ríkin taki þátt í ÖSE-samstarfinu. Í dag eiga 53 þing ÖSE-ríkjanna aðild að ÖSE-þinginu. Gert er ráð fyrir 312 fulltrúum á þinginu og þar af á Alþingi þrjá.

Starfsreglurnar gera ráð fyrir að ÖSE-þingið komi saman í júlí ár hvert og standi fundur þess eigi lengur en fimm daga. Auk þingfunda er gert ráð fyrir að á þinginu starfi þrjár fastanefndir er fjalli um mál er falla undir svið þeirra. Formaður, varaformaður og framsögumaður hverrar nefndar eru kjörnir af nefndunum í lok allsherjarfundar ár hvert. Framsögumaður nefndar velur umræðuefnið sem tekið er fyrir í nefndinni það ár, í samráði við formann og varaformann nefndarinnar. Hann undirbýr skýrslu sem lögð er fyrir nefndina ásamt drögum að ályktun. Fastanefndirnar þrjár eru nefnd um stjórn- og öryggismál (fyrsta nefnd), nefnd um efnahags-, vísinda-, tækni- og umhverfismál (önnur nefnd) og nefnd um lýðræði og mannréttindamál (þriðja nefnd). Heimilt er forseta þingsins að boða til aukaþings ef stjórnarnefnd þingsins ákveður svo.

Framkvæmdastjórn þingsins (Bureau) er skipuð forseta þess, níu varaforsetum og gjaldkera. Stjórnarnefnd þingsins (Standing Committee) er ætlað að undirbúa störf þingsins. Hún er skipuð forseta ÖSE-þingsins, varaforsetum, gjaldkera, formönnum nefnda þingsins og formönnum sendinefnda einstakra þjóðþinga, eða alls 67 fulltrúum.

Þingsköp ÖSE-þingsins gera ráð fyrir að þingið og framkvæmdastjórnin taki ákvarðanir sínar með meiri hluta atkvæða en ákvarðanir stjórnarnefndarinnar skuli teknar samkvæmt afbrigði af svokallaðri „samstöðu-reglu“ (consensus rule), en henni er fylgt á fundum fulltrúa ríkisstjórna ÖSE-ríkjanna. Stjórnarnefnd þingsins fylgir svokallaðri „consensus minus one“ reglu sem felur í sér að tvö eða fleiri ríki geta fellt einstök mál í nefndinni.

Fulltrúi ráðherraráðs ÖSE ávarpar þingið á árlegum fundi þess og gefur skýrslu um málefni ÖSE og verkefni sem verið er að vinna að á þeim vettvangi. Þá geta þingfulltrúar beint fyrirspurnum til þess ráðherra er mætir sem fulltrúi ráðherraráðsins.

Líkt og almennt hefur gilt í ÖSE-samstarfi eru opinber tungumál þingsins sex, enska, franska, þýska, ítalska, rússneska og spænska.

II. Íslandsdeild ÖSE-þingsins.

Íslandsdeildin var skipuð sem hér segir árið 1995:

Fyrir þingkosningar í apríl: Tómas Ingi Olrich Sjálfstæðisflokki, formaður, Finnur Ingólfsson Framsóknarflokki, varaformaður, Sigbjörn Gunnarsson Alþýðuflokki, Guðjón Guðmundsson Sjálfstæðisflokki, Ólafur Ragnar Grímsson Alþýðubandalagi og Anna Ólafsdóttir Björnsson Kvennalista (áheyrnarfulltrúi).

Eftir þingkosningar í apríl: Pétur H. Blöndal Sjálfstæðisflokki, formaður, Ragnar Arnalds Alþýðubandalagi, varaformaður, Hjálmar Árnason Framsóknarflokki, Guðjón Guðmundsson Sjálfstæðisflokki og Guðný Guðbjörnsdóttir Kvennalista.

Ritari deildarinnar er Gústaf Adolf Skúlason alþjóðaritari.

III. Starfsemi á árinu 1995.

a. Fundur stjórnarnefndar.

Fundur stjórnarnefndnar ÖSE-þingsins var haldinn dagana 12.–13. janúar í Vín. Fundinn sóttu fyrir hönd Íslandsdeildarinnar formaður og ritari.

Max van der Stoel, sérlegur erindreki ÖSE um málefni minnihlutahópa, vék m.a. að málefnum minnihlutahópa í Moldavíu, Eystrasaltsríkjunum, Úkraínu, Albaníu og Makedóníu. Embætti hans er ætlað að bregðast við eins skjótt og hægt er þegar hætta er á að þjóðernisdeilur þróist í átök innan ÖSE-svæðisins. Hann lýsti yfir ánægju með að leiðtogafundur ÖSE í Búdapest hefði ákveðið að efla starfsemi embættis hans. Þá svaraði hann fyrirspurnum nefndarmanna og lutu þær einkum að ástandi mála í Makedóníu, Albaníu, Grikklandi, Úkraínu og Eistlandi.

Audrey Glover, yfirmaður þeirrar stofnunar ÖSE sem fer með mannréttindi og lýðræði (ODIHR), ræddi einkum um kosningaeftirlitið en skýrði einnig frá námskeiðum sem eru í undirbúningi, sem og þeirri aðstoð sem veitt hefur verið við gerð stjórnarskráa í ríkjum fyrrum Sovétríkjanna og fylgiríkja þeirra. Stofnun hennar er m.a. ætlað að samræma kosningaeftirlit, útvega sérfræðinga á sviði stjórnskipunarréttar og veita fræðslu á því sviði.

Istvan Gyarmati, formaður ÖSE-ráðsins, ræddi um átökin í Tsjetsjeníu sem nýverið höfðu verið til umræðu í ÖSE-ráðinu og sagðist hann telja að umfjöllun ÖSE um málið hefði áhrif á báða deiluaðila.

Dr. Wilhelm Höynck, framkvæmdastjóri ÖSE, ræddi ýmis atriði er vörðuðu innra starf ÖSE. Hann vék einnig að því að á árinu væru 20 ár liðin frá því að Helsinki-sáttmálinn var undirritaður og bað þingmenn að íhuga hvernig þingin gætu best staðið að því að minnast þess atburðar.

Dr. Franz Vranitsky, forsætisráðherra Austurríkis, ávarpaði fundinn og lagði áherslu á mikilvægi ÖSE sem samráðsvettvangs um öryggismál í Evrópu og benti í því sambandi á að ÖSE væri eini vettvangurinn þar sem Rússar mættu öðrum Evrópuríkjum á jafnréttisgrundvelli.

Enn fremur var rætt um undirbúning næsta ÖSE-þings í júlí í Ottawa í Kanada og fjárhagsstaða samtakanna kynnt, en hún er ágæt. Fram kom að þingsköp ÖSE-þingsins væru þung í vöfum og ákveðið var að halda aukafund stjórnarnefndarinnar í Kaupmannahöfn í apríl til að fjalla um breytingar á þeim. Þá var rætt um kosningaeftirlit og voru menn sammála um að sá þáttur væri mikilvægasta framlag ÖSE-þingsins til lýðræðis í Evrópu. Samþykkt var ályktun um Tsjetsjeníu. Loks tóku Makedóníumenn upp óskir sínar um aðild að ÖSE, en þeir höfðu þá áheyrnaraðild.

b. Aukafundur stjórnarnefndar.

Hinn 21. apríl sótti formaður Íslandsdeildarinnar aukafund stjórnarnefndar í Kaupmannahöfn þar sem ræddar voru starfsreglur þingsins.

Fjöldi breytingartillagna hlaut samþykki fundarins og má þar mikilvægastar nefna breytingar sem gerðar voru á skilafresti breytingartillagna við ályktunartillögur þingsins. Þær ber nú að leggja fram eigi seinna en við upphaf þingfundar en áður þurfti einungis að leggja þær fram fyrir viðkomandi atkvæðagreiðslu.

c. Fjórði fundur RÖSE-þingsins.

Dagana 4.–8. júlí var haldinn fjórði árlegi fundur ÖSE-þingsins, að þessu sinni í Ottawa. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Pétur H. Blöndal formaður, Hjálmar Árnason og Guðjón Guðmundsson, auk ritara Íslandsdeildarinnar.

Áður en þingið hófst formlega var haldinn upplýsingafundur um starfsemi ÖSE þar sem framkvæmdastjóri ÖSE, umboðsmaður ÖSE í málefnum minnihlutahópa og forstöðumaður lýðræðis- og mannréttindaskrifstofu ÖSE fluttu ávörp og sátu fyrir svörum.

Þar var m.a. fjallað um kosningaeftirlitið sem ÖSE hefur staðið að í ýmsum ríkjum Austur-Evrópu. Jafnframt var rætt um þátt ÖSE í átakavörnum og lausn deilumála víðs vegar um Evrópu. Var m.a. fjallað um Tsjetsjeníu, Moldavíu og Nagornó-Karabakh. Þá var fjallað um átökin í fyrrum Júgóslavíu en því miður gat ÖSE ekki státað af neinum árangri þar.

Þá fundaði stjórnarnefnd þingsins en í henni eiga sæti formenn allra landsdeilda þingsins. Á fundinum var m.a. fjallað um skýrslu sendinefndar ÖSE-þingsins sem heimsótti Tyrkland í boði tyrkneska þingsins, einkum til að skoða aðstæður Kúrda. Stjórnarnefndin ákvað að sendinefndin héldi áfram starfi sínu í málefnum Tyrklands. Jafnframt var ákveðið að forseti þingsins skipaði fljótlega „ad hoc" nefnd til að fjalla um reglusmíð (code of conduct) í mannréttindamálum.

Þrjár nefndir starfa á vegum ÖSE-þingsins. Íslandsdeildin tók þátt í nefndarstarfi sem hér segir:

Nefnd um stjórn- og öryggismál	Pétur H. Blöndal
Nefnd um efnahags-, vísinda-, tækni- og umhverfismál	Guðjón Guðmundsson
Nefnd um lýðræði og mannréttindamál	Hjálmar Árnason

Við setningu þingsins fluttu ávörp Frank Swaelen, forseti ÖSE-þingsins, Gilbert Parent, forseti neðri deildar kanadíska þingsins, Gildas L. Molgat, forseti efri deildar kanadíska þingsins, Jean Chretien, forsætisráðherra Kanada og Laszlo Kovaks, formaður ráðherraráðs ÖSE og utanríkisráðherra Ungverjalands. Umræður á fundinum snerust eðlilega mikið um fyrrum Júgóslavíu en jafnframt var fjallað um önnur svæði, svo sem Nagornó-Karabakh, Moldavíu, Eystrasaltssvæðið og Tsjetsjeníu, svo og fyrirhugaðar kjarnorkutilraunir Frakka. Þá héldu konur meðal þingmanna einnig með sér fund.

Ályktun fundarins var unnin þannig að lagðar voru fram skýrslur í hverri nefnd en á grundvelli þeirra höfðu verið samin drög að ályktunum. Voru þessi drög rædd í viðkomandi nefnd, breytingartillögur lagðar fram og ályktunin afgreidd. Þessum ályktunum var síðan steypt saman í eina heildarályktun í þremur köflum sem lögð var fyrir þingið. Ályktun þingsins er í lokaútgáfu sinni sautján síðna skjal og kennir þar ýmissa grasa. Í ályktuninni er t.d. að finna hvatningu til þess að kannaðar verði hógværar breytingar á hinni svokölluðu „samstöðu-reglu" í ákvarðanatöku innan ÖSE, fordæmingu á ákvörðun Frakka um að hefja á ný kjarnorkutilraunir, ákvörðun um að halda eins dags fund í Sarajevó fyrir árslok ef öryggisaðstæður leyfa og ákall um að fyrrum Júgóslavíulýðveldið Makedónía fái inngöngu í ÖSE, með afbrigði af samstöðureglunni (consensus minus one) ef þörf krefur.

Á þinginu fór fram kjör forseta ÖSE-þingsins og fimm varaforseta af níu. Frank Swaelen frá Belgíu var endurkjörinn án mótframboðs í embætti forseta. Frambjóðendur til varaforseta voru átta en eftirfarandi náðu kosningu:

Steny Hoyer	Bandaríkin	til þriggja ára
Helle Degn	Danmörk	til þriggja ára
Andras Barsony	Ungverjaland	til þriggja ára
Erkin Khalilov	Úsbekistan	til eins árs
Kazys Bobelis	Litáen	til eins árs

Fulltrúar Íslandsdeildarinnar áttu fund með tveimur fulltrúum Tyrklands á meðan á ÖSE-þinginu stóð til þess að ræða málefni Sophiu Hansen. Könnuðust Tyrkirnir við málið og lýstu sig að vissu leyti reiðubúna til að aðstoða við málið og mun Íslandsdeildin eiga frekari samskipti við þá í því sambandi. Þá átti Íslandsdeildin kynningarfund með fulltrúum frá Kirgisistan og Tadsjikistan.

d. Kosningaeftirlit.

ÖSE-þingið ákvað frá upphafi að taka virkan þátt í kosningaeftirliti og leggja áherslu á það starf sem mikilvægan lið í eflingu lýðræðis og virðingar fyrir mannréttindum. Jafnframt hefur ÖSE hvatt þingið til þess að sinna þessu starfi af fullum krafti. Árið 1995 tók ÖSE-þingið þátt í kosningaeftirliti vegna kosninga í Armeníu, Lettlandi, Króatíu, Georgíu, Aserbaídsjan, Hvíta-Rússlandi, Kasakstan og Rússlandi. Alls tóku um 200 þingmenn ÖSE-ríkjanna þátt í þessu starfi, langflestir í Rússlandi.

e. Annað.

ÖSE-þingið hefur átt fulltrúa á fundum embættismannanefndar ÖSE. Það hefur tekið þátt í fundum efnahagsmálanefndarinnar og námsstefnum lýðræðis- og mannréttindaskrifstofunnar. Þingið tók jafnframt þátt í ferðum formanns ráðherraráðs ÖSE til ýmissa svæða.

Fylgiskjal I.

SKIPAN ÖSE-ÞINGSINS

	Fjöldi þingsæta hvers aðildarríkis	Fjöldi þingsæta alls
A. Bandaríkin	17	17
B. Rússland	15	15
C. Þýskaland, Frakkland, Ítalía og Bretland	13	52
D. Kanada og Spánn	10	20
E. Úkranía, Belgía, Holland, Pólland, Svíþjóð og Tyrkland	8	48
F. Rúmenía	7	7
G. Austurríki, Danmörk, Finnland, Grikkland, Ungverjaland, Írland, Noregur, Portúgal, Tékkland, Sviss, Hvíta-Rússland, Úsbekistan og Kasakstan	6	78
H. Búlgaría og Lúxemborg	5	10
I. Júgóslavía og Slóvakía	4	8
J. Kýpur, Ísland, Malta, Eistland, Lettland, Litáen, Albanía, Slóvenía, Króatía, Moldavía, Tadsjikistan, Túrkmenistan, Georgía, Kirgisistan, Armenía, Aserbaídsjan og Bosnía-Hersegóvína	3	51
K. Liechtenstein, Mónakó og San Marínó	2	6
Samtals		**312**

Fylgiskjal II.

Starfsreglur fyrir Íslandsdeild ÖSE-þingsins.

1. gr.

Íslandsdeild ÖSE-þingsins (The Icelandic delegation to the OSCE Parliamentary Assembly) er skipuð fimm alþingismönnum. Íslandsdeildin sendir þrjá fulltrúa á ÖSE-þingið hvert ár, sbr. ákvæði Madrid-yfirlýsingarinnar frá apríl 1991 og viðauka við starfsreglur þingsins frá janúar 1993 um fjölda fulltrúa frá einstökum aðildarþingum.

2. gr.

Þingflokkar skulu tilnefna í Íslandsdeildina eftir hverjar alþingiskosningar og gildir tilnefningin út kjörtímabilið nema þingflokkar ákveði annað.

3. gr.

Þingflokkur skal tilnefna í deildina eftir hlutfallsreglu jafnmarga þingmenn og hann á rétt til samkvæmt stærð flokksins nema samkomulag sé um aðra skiptingu fulltrúa. Þingflokki, sem ekki hefur styrkleika til að hljóta fulltrúa í Íslandsdeildina, skal heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu á fundum deildarinnar. Áheyrnarfulltrúi skal hafa rétt til þátttöku í starfi ÖSE-þingsins samkvæmt almennum reglum 7. gr.

4. gr.

Fulltrúi stærsta þingflokksins skal kalla Íslandsdeildina saman til fyrsta fundar og skal þá kjósa formann og varaformann deildarinnar fyrir kjörtímabilið.

Formaður situr í stjórnarnefnd (Standing Committee) ÖSE-þingsins, sbr. 32. gr. starfsreglna þess.

5. gr.

Íslandsdeildin hefur ritara sem er nefndinni til aðstoðar, sbr. 3. mgr. 35. gr. þingskapa Alþingis.

6. gr.

Íslandsdeildin skal árlega leggja fyrir forsætisnefnd Alþingis, innan þess frests sem nefndin ákveður, tillögur um fjárveitingar til starfsemi deildarinnar. Tillagan skal við það miðuð að fjárveiting nægi til að greiða árgjald til aðalskrifstofu þingsins, ferðakostnað fulltrúa og annan kostnað sem af starfsemi deildarinnar leiðir. Reikningar skulu endurskoðaðir með sama hætti og önnur útgjöld Alþingis.

7. gr.

Í upphafi hvers kjörtímabils skipuleggur Íslandsdeildin þátttöku deildarinnar í starfi ÖSE-þingsins fyrir kjörtímabilið í heild, sbr. 2. mgr.

Formaður deildarinnar skal að jafnaði sækja öll þau þing sem Íslandsdeildin tekur þátt í. Við val á öðrum þátttakendum á þingin skal fylgja hlutfallsreglu eftir stærð þingflokka ef ekki er samkomulag um annað.

8. gr.

Starfsreglur þessar taka þegar gildi.

(Samþykktar á fundi forsætisnefndar 28. apríl 1993.)

554. Frumvarp til laga [313. mál]

um breytingu á lögum nr. 74/1984, um tóbaksvarnir.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skráð sé aðvörun“ í 1. mgr. kemur: skráðar séu viðvaranir.
b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Sígarettupakka skal merkja sérstaklega með upplýsingum um tjöru- og nikótíninnihald.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þrátt fyrir það er Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins heimilt að gefa út verðskrá fyrir tóbak og birta skrá yfir skaðleg efni í tóbaksvörum.
b. Við 2. mgr. bætist: og í myndskreytingu á varningi.
c. 3. mgr. verður svohljóðandi:
   Með auglýsingum er í lögum þessum m.a. átt við:
   1. hvers konar söluhvetjandi tilkynningar til almennings eða sérstakra markhópa, þar á meðal útstillingar, skilti og svipaðan búnað, og notkun tóbaksvörumerkja (heita og auðkenna),
   2. söluhvetjandi umfjöllun í fjölmiðlum um einstakar vörutegundir,
   3. dreifingu vörusýna til neytenda.
   Bannað er að framleiða hér á landi tónlistarmyndbönd þar sem tóbaksneysla er áberandi.

3. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

8.1. Tóbak má hvorki selja né afhenda einstaklingum yngri en 17 ára. Bann þetta skal auglýst með áberandi hætti þar sem tóbak er selt. Leiki vafi á um aldur kaupand-

ans getur sala því aðeins farið fram að hann sýni með skilríkjum fram á að hann sé orðinn 17 ára.

8.2. Bannað er að flytja inn, framleiða og selja leikföng eða sælgæti sem er eftirlíking af sígarettum, vindlum eða reykjarpípum eða er ætlað að minna á tóbak með öðrum hætti, svo sem myndskreytingu.

8.3. Bannað er að selja tóbak úr sjálfsölum.

8.4. Ekki er heimilt að selja sígarettur í minna magni en heilum 20 stykkja pökkum og vindla má aðeins selja í heilum pakkningum. Heimilt er þó að selja vindla í stykkjatali á vínveitingastöðum.

8.5. Bannað er að flytja inn, framleiða og selja munntóbak og fínkornótt neftóbak.

8.6. Ekki má selja tóbak í skólum, stofnunum fyrir börn og unglinga eða á heilbrigðisstofnunum.

4. gr.

3. málsl. fyrri málsgreinar 9. gr. laganna orðast svo: Á þeim veitingastöðum þar sem meginánersla er lögð á kaffiveitingar og matsölu skulu þó ávallt vera reyklaus svæði, ekki síðri en þau svæði þar sem reykingar eru leyfðar, og tryggja skal að aðgangur að þeim liggi ekki um reykingasvæði.

5. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

10.1. Tóbaksreykingar eru með öllu óheimilar:

1. Í grunnskólum, á leikskólum, hvers konar dagvistum barna og í húsakynnum sem eru fyrst og fremst ætluð til félags- og tómstundastarfa barna og unglinga.
2. Á opinberum samkomum innan húss sem einkum eru ætlaðar börnum eða unglingum.
3. Í framhaldsskólum og sérskólum.
4. Á heilsugæslustöðvum, á læknastofum og öðrum stöðum þar sem veitt er heilbrigðisþjónusta. Það á þó ekki við íbúðarherbergi vistmanna á hjúkrunar- og dvalarheimilum en þar er þó skylt að gefa þeim sem ekki reykja kost á reyklausum íbúðarherbergjum.
5. Á sjúkrahúsum. Þó má leyfa reykingar sjúklinga í vissum tilvikum. Ráðherra setur reglugerð þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd undanþágunnar.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „um skaðsemi tóbaksneyslu“ í 1. mgr. kemur: í því skyni að draga úr tóbaksneyslu.

b. Í stað orðsins „ríkisfjölmiðlum“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: fjölmiðlum.

c. 2. mgr. orðast svo:

Fræðsla um áhrif tóbaksneyslu skal veitt á heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum, svo og aðstoð við þá sem vilja hætta að nota tóbak.

7. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

15.1. Skylt er að verja a.m.k. 0,4 % af brúttósölu tóbaks til tóbaksvarnastarfs.

15.2. Tóbaksvarnanefnd ráðstafar fénu í samráði við ráðherra.

8. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

18.1. Heilbrigðisnefndir, Vinnueftirlit ríkisins, Siglingamálastofnun ríkisins og Flugmálastjórn hafa, eftir því sem við á, eftirlit með því að virt séu ákvæði II. kafla laga þessara í samræmi við þau lög sem gilda um þessar stofnanir.

18.2. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd eftirlitsins.

9. gr.

Í stað orðanna „2. og 3. mgr.“ í 3. mgr. 19. gr. laganna kemur: 2.–6. mgr.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1996.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til nýrra heildarlaga um tóbaksvarnir var lagt fram á 118. löggjafarþingi en hlaut þá ekki afgreiðslu. Unnið hafði verið að smíði þess frumvarps allt frá árinu 1988 er Guðmundar Bjarnasonar, þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, óskaði eftir því að tóbaksvarnanefnd mótaði tillögur um breytingar á núgildandi tóbaksvarnalögum, nr. 74/1984, í ljósi fenginnar reynslu. Frumvarp þetta er að hluta til byggt á frumvarpinu sem lagt var fram á 118. löggjafarþingi en í ljósi neikvæðrar þróunar varðandi reykingar unglinga er nú lögð áhersla á að breytt verði ákvæðum um aðgengi að tóbaki, um auglýsingar og um reykingar á ýmsum stöðum, svo sem í skólum, með það að markmiði að styrkja baráttuna gegn reykingum þessa aldurshóps. Þá eru í frumvarpinu ákvæði vegna breytinga sem nauðsynlegt er að gera vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Frumvarpið er byggt á tillögum tóbaksvarnanefndar sem í eiga sæti Halldóra Bjarnadóttir, sem er formaður, Helgi Guðbergsson og Þorvarður Örnólfsson.

Lög um tóbaksvarnir, nr. 74/1984, sem tóku gildi í ársbyrjun 1985, mörkuðu tímamót og voru mun ítarlegri en eldri lög, nr. 27/1977. Við setningu þeirra var tekið mið af löggjöf sem einna lengst gekk í nálægum löndum. Lögin í heild og reglugerðir sem þeim fylgdu vöktu á sínum tíma heimsathygli og mikið hefur verið til þeirra vitnað. Þau hafa reynst árangursríkt vopn í þeirri baráttu sem háð hefur verið hérlendis síðustu ár gegn reykingum. Frá því að lögin voru sett hefur jafnt og þétt dregið úr sölu og neyslu tóbaks. Nefna má að tóbakssala á hvern fullorðinn íbúa minnkaði um tæp 29% frá 1984 til 1994. Þó að mikið hafi áunnist erum við samt enn langt frá því takmarki sem sett hefur verið, að Ísland verði reyklaust land.

Síðan lög um tóbaksvarnir voru samþykkt árið 1984 hafa orðið miklar breytingar á viðhorfum til varnaraðgerða, m.a. vegna aukinnar þekkingar á áhrifum óbeinna reykinga. Erlendis hefur löggjöf orðið æ harðari, ekki síst um takmarkanir á reykingum. Þetta á t.d. við Bandaríkin og Kanada. Þá hefur Evrópusambandið markað ákveðna stefnu gegn tóbaksneyslu í tengslum við víðtækt átak gegn krabbameini og sum bandalagsríkin gengið enn lengra en þeim er skylt. Við Íslendingar höfum því ekki lengur sömu forustu í tóbaksvörnum og áður að því er löggjöf varðar.

Á hinn bóginn samþykkti Alþingi með íslenskri heilbrigðisáætlun 19. mars 1991 einarða stefnu í tóbaksmálum sem trauðla verður framfylgt nema með mun víðtækari og afdráttarlausari löggjöf en þeirri sem nú gildir. Þar segir í 8. lið: „Draga skal úr og helst útrýma neyslu tóbaks með því að fá fólk til að byrja ekki að reykja og þá sem reykja til

að hætta. Til þess að ná þessu takmarki verður að auka bæði upplýsingar og áróður og athuga sérstaklega tengsl milli reykinga og annarra lífshátta. Koma þarf í veg fyrir að fólk, sem ekki reykir, þurfi að líða tóbaksreyk. Verð á tóbaksvörum ætti að hækka umfram almennar verðhækkanir. Útiloka ber áhrif innflytjenda á útsöluverð tóbaksvara.“

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hefur skilgreint fjórþætt markmið tóbaksvarna sem greina má þannig í stuttu máli:
— Að ungt fólk byrji ekki að reykja.
— Að reykingamenn hætti að reykja og fái til þess hvatningu og aðstoð.
— Að þeir sem hætta ekki að reykja fái sem minnst af skaðlegum efnum úr reyknum.
— Að þeir sem ekki reykja njóti verndar gegn tóbaksreyk frá öðrum.

Markmið þessi hafa m.a. verið höfð að leiðarljósi við samningu þessa frumvarps.

Nokkur helstu nýmæli sem felast í frumvarpinu eru:
— Merkja skal sígarettupakka með upplýsingum um tjöru- og nikótíninnihald.
— Bann er sett við framleiðslu tónlistarmyndbanda hér á landi þar sem tóbaksneysla er áberandi.
— Aldursmörk til tóbakskaupa eru hækkuð úr 16 árum í 17 ár.
— Munntóbak og fínkornað neftóbak er bannað.
— Nánar er kveðið á um takmarkanir á reykingum á veitingastöðum.
— Reykingar eru með öllu bannaðar á leikskólum, í grunnskólum, framhaldsskólum, sérskólum, dagvistum barna og húsnæði til félags- og tómstundastarfs barna og unglinga.
— Veita skal fræðslu á heilbrigðisstofnunum um áhrif tóbaksneyslu.
— Fjárveitingar til tóbaksvarna eru auknar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Breytingar á 6. gr. laganna eru tvíþættar. Annars vegar er um að ræða orðalagsbreytingu á 1. mgr. að tillögu málfræðinga og hugtakið „viðvörun“ er notað í stað hugtaksins „aðvörun“. Þá er lögfest að sígarettupakka skuli merkja sérstaklega með upplýsingum um tjöru- og nikótíninnihald í samræmi við tilskipanir Evrópuráðsins 89/622/EBE og 92/41/EBE um viðvörunarmerkingar á tóbaki og reglugerð nr. 433/1995 um viðvörunarmerkingar á tóbaki.

Um 2. gr.

Íslendingar urðu með fyrstu þjóðum til að banna tóbaksauglýsingar (lög nr. 59/1971) og með lögum nr. 27/1977 varð það bann algert. Bannið við hvers konar tóbaksauglýsingum er hér enn áréttað og skýrar en áður leiðbeint um það hvað teljist tóbaksauglýsingar í þessu sambandi.

Með breytingu á 1. mgr. 7. gr. laganna er Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins veitt heimild til að gefa út verðskrá um tóbak og tóbaksvarnanefnd að birta skrá um skaðleg efni í tóbaksvörum. Með því er tekinn af vafi um þessar heimildir en þær þykja eiga rétt á sér.

2. mgr. 7. gr. verður óbreytt að öðru leyti en því að einnig verður bannað að sýna hvers konar meðferð tóbaks eða reykfæra í myndskreytingu á varningi. Er þá m.a. átt við myndir af reykjandi fólki, t.d. frægum kvikmyndaleikurum, á fatnaði.

3. mgr. 7. gr. verður ítarlegri en núgildandi málsgrein hvað varðar skýringar á því hvað teljist vera auglýsing og þar með bannað. 1. tölul. er efnislega samhljóða gildandi ákvæði en nýmæli felast í 2. og 3. tölul. Lýsingin er þó ekki tæmandi fremur en fyrr.

Um 3. gr.

Tóbak veldur ávana og fíkn og ætti í raun að skilgreina það sem fíkniefni (sjá skýrslu landlæknis Bandaríkjanna 1988: Nicotine addiction). Þetta skýrir að verulegu leyti hve sterk tök það hefur á flestum neytendum, jafnvel þó að þeim sé ljóst hvaða háska það veldur. Margt bendir til að tóbaksávani verði hvað mestur hjá þeim sem byrja ungir að reykja. M.a. hefur verið sýnt fram á að þeir hneigjast öðrum fremur til stórreykinga og til þess að reykja „ofan í sig". Sama á væntanlega við aðra tóbaksneyslu. Margar rannsóknir hafa jafnframt sýnt að reykingamönnum er því hættara við að deyja af völdum reykinga sem þeir byrja yngri að reykja. Sem dæmi má nefna umfangsmikla rannsókn bandaríska læknisins F.C. Hammonds. Samkvæmt henni var körlum sem byrjuðu að reykja 14 ára eða yngri um það bil fimm sinnum hættara við að deyja úr lungnakrabbameini en þeim sem voru 25 ára eða eldri þegar þeir byrjuðu að reykja. Áhætta þeirra sem byrjuðu að reykja á aldrinum 15–19 ára var fjórföld að þessu leyti. Það eru því veigamikil rök til þess að sporna sérstaklega og með öllum tiltækum ráðum við því að börn og unglingar byrji að neyta tóbaks. Skipuleg fræðsla og upplýsingar um áhrif og afleiðingar tóbaksneyslu eru að vísu hornsteinar í slíkum forvörnum en margar aðrar ráðstafanir þurfa að koma til. Ákvæði 3. gr. frumvarpsins (8. gr. laganna) hníga að þessu. Sum þeirra er að finna í meginatriðum í 8. gr. laganna, önnur eru nýmæli.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hefur mælst til að börnum sé ekki selt tóbak. Mörg lönd hafa bannað sölu á tóbaki til barna og unglinga og er þar í reynd um að ræða opinbera staðfestingu á því að nauðsynlegt sé að hamla gegn því að menn byrji að neyta tóbaks. Yfirleitt hafa mörkin verið sett við 16 ára aldur. Sums staðar, t.d. víða í Bandaríkjunum, eru þessi aldursmörk hærri, allt upp í 19 ár, og þróun í löggjöf um tóbaksvarnir virðist vera í þá átt að hækka mörkin.

Þegar lög um tóbaksvarnir voru sett árið 1984 var ákveðið að miða bann við tóbakssölu til barna við 16 ára aldur. Almenningur virðist hlynntur því að hækka mörkin enn meir, eins og fram kom í könnun Hagvangs í september 1991. Þá kváðust 62% þeirra sem afstöðu tóku vera hlynntir því að aldursmörkin yrðu hækkuð í 18 ár. Hér er lagt til að farinn verði meðalvegur og miðað við 17 ár þannig að ná megi til allra grunnskólanema sem er mjög æskilegt. Við það ætti að verða auðveldara að girða fyrir reykingar nemenda en allir virðast vera sammála um mikilvægi þess.

Athuganir hafa sýnt að töluverður misbrestur er á því að farið sé að lögum um bann við sölu tóbaks til barna hér á landi. Oft er um að ræða vanþekkingu á lagaákvæðinu. Af þeim sökum er talið nauðsynlegt að skylda söluaðila til að hafa uppi skilti um þetta bann.

Ákvæði 2. mgr. er nýmæli. Nokkuð hefur borið á því að seldar séu hér á landi eftirlíkingar af sígarettum og öðrum reykfærum, svo og leikföng með vörumerkjum tóbaksframleiðenda. Með varningi þessum er leynt eða ljóst verið að minna á tóbak og tengja eftirsóknarverða eiginleika sælgætis eða leikfanga við hættulegt ávanaefni þannig að orðið geti til að fegra mynd þess í augum ungra neytenda. Jafnframt gefa eftirlíkingar af sígarettum, vindlum og reykjarpípum kost á „þykjustuleikjum" sem gætu verið spor í þá átt að líkja í alvöru eftir háttalagi reykingamanna. Ákvæði um bann við tóbaksauglýsingum taka að vísu til dreifingar á umræddum varningi en erfitt er um vik að hefta sölu á honum nema til komi jafnframt bann við að flytja hann inn og framleiða.

Ákvæði 3. mgr. um bann við að selja tóbak úr sjálfsölum er óbreytt frá gildandi ákvæðum.

Tilgangurinn með 4. mgr. er fyrst og fremst að hamla gegn tóbaksneyslu unglinga. Sérfræðinganefnd Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar hefur tekið undir þetta sjónarmið og lög hafa verið sett í nokkrum löndum í þessa veru, m.a. í Ástralíu.

Tóbaksneysla Íslendinga er nú fyrst og fremst í formi reykinga. Tóbaksneysla er hér um bil úr sögunni og neysla neftóbaks sem framleitt er hér á landi hefur dregist mjög saman og er að mestu leyti bundin við roskna karlmenn.

Erlendis hefur mikið borið á viðleitni tóbaksframleiðenda til að markaðssetja nýjar tegundir munntóbaks sem blandað er bragðefnum, svo og lyktblandað og fínmulið neftóbak. Með þessum nýju formum tóbaksneyslu er einkum höfðað til ungs fólks og sums staðar, t.d. í Svíþjóð og Bandaríkjunum, með þeim afleiðingum að umtalsverður hluti unglinga, allt frá 12 ára aldri, er farinn að nota „reyklaust tóbak“ að staðaldri. Ljóst er að þetta tóbak er ávanabindandi, ekki síður en reyktóbak, enda inniheldur það nikótín sem frásogast auðveldlega í gegnum slímhúð í nefi og munni. Í því eru ýmis efni sem geta valdið krabbameini, svo sem fjölhringlaga kolvetnissambönd og nítrósamín og er þegar farið að bera á aukinni tíðni krabbameina í munni í þeim löndum þar sem neyslan hefur aukist mest. Hér á landi hefur neftóbak, framleitt erlendis, og hin nýju form munntóbaks að jafnaði ekki verið á almennum markaði. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hóf að vísu dreifingu á mentólblönduðu neftóbaki fyrir um áratug og aftur 1984. Í bæði skiptin hvarf verslunin fljótlega frá því að hafa þessa vöru á boðstólum vegna eindreginna viðbragða af hálfu landlæknis og fleiri aðila. Síðustu árin hefur fínmulið, lyktblandað neftóbak (dry snuff, luktsnus) þó verið sérpantað fyrir tóbaksverslun í Reykjavík og nú um skeið hefur verið flutt inn munntóbak í grisjum (moist snuff, fugtig snus) fyrir sömu verslun. Hún hefur svo dreift þessum vörum til verslana á nokkrum stöðum utan Reykjavíkur og sent í pósti til einstaklinga. Þetta hefur leitt til staðbundinna neyslufaraldra meðal barna og unglinga og hafa borist uggvænlegar fréttir þar að lútandi. Við þessu þarf að bregðast af fullri einurð. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur varað eindregið við neyslu á reyklausu tóbaki og hvatt aðildarríkin til að banna það eftir því sem frekast er kostur. Meðal þeirra ríkja sem hafa bannað allar tegundir af reyklausu tóbaki eru Hong Kong, Nýja-Sjáland, Ísrael, Japan og Taiwan. Nú hefur Evrópusambandið, með tilskipun 92/41/EBE, gert aðildarríkjunum skylt að banna munntóbak (þó ekki „traditional tobacco products“ sem gæti átt við gamla íslenska munntóbakið). Með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið er Íslendingum skylt að hlíta þessu banni. Hér er því lagt til að skrefið verði stigið til fulls.

Um 4. og 5. gr.

Ákvæði um vernd gegn tóbaksreyk frá öðrum eru í III. kafla laganna en fyrirsögn hans er „Takmörkun á tóbaksreykingum“. Mikil framför var að ákvæðum þessum sem voru einhver hin róttækustu er þá þekktust í löggjöf. Hafa þau að verulegu leyti, þó ekki öllu, náð tilgangi sínum. Meginávinningur af slíkum reglum felst í þeirri heilsuvernd sem þær stuðla beinlínis að með því að draga úr tóbaksmengun andrúmslofts í umhverfi fólks. Þegar gildandi lög voru samin og sett var byggt á þáverandi vitneskju um skaðsemi óbeinna reykinga. Þekkingu á því sviði hefur hins vegar fleygt fram síðan þannig að ljóst er að þörf er á enn afdráttarlausari löggjöf um vernd gegn tóbaksreyk en nú gilda. Ákvæði um takmarkanir á reykingum styðjast einnig við þá nauðsyn að börn og unglingar geti sem víðast verið óhult fyrir fordæmi reykjandi fólks. Jafnframt er vafalaust að slíkar regl-

ur eru fólki hvatning til og stuðningur við að hætta að reykja. Ákvæði III. kafla taka mið af því sem fram kemur í 8. lið íslenskrar heilbrigðisáætlunar: „Koma þarf í veg fyrir að fólk, sem ekki reykir, þurfi að líða tóbaksreyk."

Um 4. gr.

Veitinga- og skemmtistaðir eru meðal þeirra fyrirtækja sem eðli sínu samkvæmt falla undir meginákvæði núgildandi 1. mgr. 9. gr. Þar er sú undantekning gerð að reykingar eru leyfðar en þó áskilið að tóbaksreykingar séu bannaðar við „afmarkaðan fjölda veitingaborða". Hér er að svo stöddu lagt til að veitingasalir á skemmtistöðum séu alveg undanþegnir reykingabanni, svo og veitingasalir á öðrum veitingastöðum þar sem ekki er lögð aðaláhersla á kaffiveitingar og matsölu og er þar átt við svonefndar krár. Sú undanþága á einungis við salina en ekki ganga, snyrtingar og því um líkt. Vilji forráðamenn ganga lengra en skylt er samkvæmt þessu njóta þeir stuðnings laganna. Á þeim veitingastöðum þar sem áherslan er á kaffi- og matsölu skulu þó enn sem fyrr vera reyklaus svæði og nú er nánar kveðið á um þá skyldu. Vert er að geta niðurstöðu könnunar Hagvangs frá febrúar 1989 þar sem 80% þeirra sem afstöðu tóku töldu æskilegt að eiga kost á reyklausum matsölustöðum.

Um 5. gr.

Í grein þessari eru lagðar til veigamiklar breytingar á 10. gr. laganna. Viðaukar við ákvæði hennar eru í samræmi við þá breytingu sem orðið hefur á viðhorfi til mengunar af völdum tóbaksreyks og með hliðsjón af auknum skilningi á nauðsyn þess að draga úr fordæmisáhrifum reykinga. Einnig hafa undanþáguheimildir í núgildandi ákvæði leitt til slappleika í framkvæmd laganna í þeim stofnunum sem ákvæðið tekur til. Hér er því gert ráð fyrir að undanþágur þessar falli úr gildi og reykingar verði með öllu óheimilar í grunnskólum, leikskólum, hvers konar dagvistum barna og húsakynnum fyrir félags- og tómstundaiðkanir barna og unglinga, þar með taldir dansskólar og hliðstæðir skólar. Með dagvistum barna er átt við skóladagheimili, sumardvalarheimili og aðrar sambærilegar stofnanir, svo og gæslu barna í heimahúsum (hjá dagmæðrum).

Orðlagi í 2. tölul. um opinberar barna- og unglingasamkomur er breytt lítillega.

Í 3. tölul. er kveðið á um að reykingar verði með öllu bannaðar í framhaldsskólum og sérskólum eins og í grunnskólum. Til þess liggja sömu rök að flestu leyti.

Í 4. tölul. er ákvæði sem tekur til allra staða sem veita heilbrigðisþjónustu en þó er gerð undantekning varðandi íbúðarherbergi vistmanna á hjúkrunar- og dvalarheimilum.

Í 5. tölul. er gert ráð fyrir að reykingar á sjúkrahúsum verði með öllu óheimilar öðrum en sjúklingum sem fá leyfi til að reykja samkvæmt nánari reglum sem settar skulu. Þetta er í samræmi við þróun bæði hér á landi og erlendis í þá átt að sjúkrahús verði að mestu leyti reyklausar stofnanir. Reykingar hafa verið bannaðar á Ríkisspítölum frá 1. janúar 1991. Á sama tíma voru takmarkanir á reykingum hertar á Borgarspítalanum. Nokkur önnur sjúkrahús eru nú reyklausir vinnustaðir. Þrátt fyrir þessa ótvíræðu þróun þykir rétt að hafa ákvæði í frumvarpinu til að tryggja að öll sjúkrahús á landinu verði reyklaus og er það í samræmi við ályktun Landssambands sjúkrahúsa.

Um 6. gr.

Hér er lögð til orðalagsbreyting á 1. mgr. 14. gr. laganna í því skyni að árétta markmið fræðslunnar, þ.e. að draga úr tóbaksneyslu. Fræðslan þarf að sjálfsögðu að beinast að fleiru en skaðsemi neyslunnar, enda hefur svo verið í reynd. Þar hefur hlutur félagasamtaka verið drýgri en hins opinbera. Mikilvægt er að styðja við bak þeirra með aukinni tóbaksfræðslu af hálfu skólakerfisins og fjölmiðla.

Með breytingum á 2. mgr. er skylda til að aðstoða þá sem vilja hætta að reykja lögð á heilsugæslustöðvar og sjúkrahús, en ekki er gert ráð fyrir beinni forgöngu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis í því efni svo sem er í núgildandi tóbaksvarnalögum. Er þá tekið mið af reynslu undanfarinna ára og því sjónarmiði sem m.a. var túlkað svo í greinargerð með lögunum að líta beri á tóbaksvarnir sem eðlilegan þátt í heilsugæslustarfi (sbr. lög um heilbrigðisþjónustu). Engan veginn er ætlunin að taka fyrir samvinnu heilbrigðisyfirvalda við félagasamtök, stofnanir og fyrirtæki um námskeið af þessu tagi.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir að framlag til tóbaksvarna verði 0,4% af brúttósölu tóbaks í stað 0,2% í gildandi lögum. Tilgangurinn með þeirri hækkun er að efla tóbaksvarnir í landinu og flýta þar með fyrir þeirri þróun sem stefnt er að með lögunum. Með þessu fæst m.a. aukið svigrúm til að veita styrki til sérstakra verkefna, þar á meðal vísindarannsókna. Þess skal getið að við útreikning á brúttósölu tóbaks hefur verið miðað við sölu Áfengis- og tóbaksverslunar ríksins með virðisaukaskatti, sem var árið 1994 tæplega 4,7 milljarðar króna.

Um 8. gr.

Hér er eftirlitsaðilum fjölgað og eftirlit falið Siglingamálastofnun ríkisins og Flugmálastjórn auk heilbrigðisnefnda og Vinnueftirlits ríkisins eins og nú. Nauðsynlegt er talið að ráðherra setji nánari ákvæði um framkvæmd eftirlitsins, m.a. um verkaskiptingu aðila.

Um 9. gr.

Hér er tilvísunum breytt í samræmi við breytingu á 8. gr. laganna.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 74/1984, um tóbaksvarnir.

Markmið frumvarpsins er að draga úr tóbaksneyslu og því heilsutjóni sem slík neysla veldur reykingamanni beint og með óbeinum hætti þeim sem verða fyrir loftmengun af reyknum.

Hér á eftir er lagt mat á kostnað þeirra atriða sem ætla má að hafi bein áhrif á tekjur og gjöld ríkissjóðs, í sömu röð og þau birtast í frumvarpinu. Ekki er gerð tilraun til að meta ábata ríkissjóðs og heilbrigðiskerfis af minni reykingum eða hugsanleg áhrif frumvarpsins á reykingar. Bent er á skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands nr. 10/1992 um þjóðhagslegan kostnað af reykingum.

Í 3. gr. er lagt bann við innflutningi, framleiðslu og sölu á munntóbaki og fínkornóttu neftóbaki. Heildarálagning á innlent og innflutt munntóbak og fínkornótt neftóbak nam um 6,5 m.kr. árið 1994 og lækka tekjur ríkissjóðs samsvarandi verði af banninu.

Í 6. gr. er kveðið á um að heilsugæslustöðvar og sjúkrahús skuli aðstoða þá sem vilja hætta að reykja, svo og veita fræðslu um áhrif tóbaksneyslu. Ef veita á fólki aðstoð við að hætta reykingum, svo sem með námskeiðum, kynningarefni o.fl., á sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum sem ríkissjóður rekur mun slík starfsemi á almennum markaði væntanlega dragast verulega saman nema starfsemi ríkisins verði fjármögnuð með námskeiðsgjöldum. Ekki verður séð að framangreindar stofnanir séu undir það búnar að taka við slíkum verkefnum í neinum mæli án aukinna fjárframlaga eða heimildar til innheimtu námskeiðsgjalda.

Í 7. gr. er kveðið á um að verja skuli 0,4% af brúttósölu tóbaks til tóbaksvarnastarfs í stað 0,2% í gildandi lögum. Samtals gefur ákvæðið tæplega 20 m.kr. til tóbaksvarnastarfs sem er hækkun um tæplega 10 m.kr. frá gildandi lögum. Lækka tekjur ríkissjóðs af hagnaði ÁTVR um sömu fjárhæð.

Að öllu samanlögðu má gera ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af sölu tóbaks lækki um 16 til 18 m.kr og að einhver kostnaðarauki verði vegna námskeiða og aukins eftirlits. Ekki er gerlegt að meta með vissu þann kostnað en gera má ráð fyrir að innheimt verði námskeiðsgjöld og að kostnaði við eftirlit verði haldið innan þess ramma sem fjárráð stofnana, sem taldar eru í 8. gr. frumvarpsins, leyfa.

555. Fyrirspurn [314. mál]

til fjármálaráðherra um reglur við innheimtu opinberra gjalda.

Frá Tómasi Inga Olrich.

1. Hefur það verið verklagsregla hjá fjármálaráðuneytinu við innheimtu skipulagsgjalda að leggja allt gjaldið á þann eiganda sem samkvæmt stafrófsröð er fyrstur þinglýstra eigenda, sé þinglýstur eignaskiptasamningur ekki fyrir hendi?
2. Ef svo er, hefur sú verklagsregla verið notuð við innheimtu annarra gjalda, þ.e. að gera einum aðila að standa skil á gjöldum annarra?
3. Hve mörgum greiðendum opinberra gjalda hefur á þennan eða annan sambærilegan hátt verið gert að standa skil á gjöldum sem þeim ber ekki að greiða?
4. Styðst umrædd verklagsregla við lagaheimildir eða telst hún ólögleg?
5. Ef í ljós kemur að einhverjir greiðendur opinberra gjalda hafa borið fjárhagslegan skaða af framangreindum innheimtuaðferðum og þær teljast ólöglegar, hvernig hyggst ráðherra leiðrétta það?

Skriflegt svar óskast.

556. Frumvarp til laga [315. mál]

um helgidagafrið.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

I. KAFLI

Tilgangur laganna.

1. gr.

Um helgidagafrið er mælt í lögum þessum í því skyni að vernda helgihald og til að tryggja frið, næði, hvíld og afþreyingu almennings á helgidögum þjóðkirkjunnar innan þeirra marka er greinir í lögunum.

II. KAFLI

Um helgidagafrið og helgidaga þjóðkirkjunnar.

2. gr.

Helgidagar þjóðkirkjunnar eru þeir sem nú skal greina:

1. Sunnudagar, annar dagur jóla, nýársdagur, skírdagur, annar dagur páska, uppstigningardagur og annar dagur hvítasunnu.
2. Jóladagur og föstudagurinn langi til kl. 6.00 að morgni næsta dags, páskadagur og hvítasunnudagur.
3. Aðfangadagur jóla frá kl. 18.00.

III. KAFLI
Um helgidagafrið.

3. gr.

Óheimilt er að trufla guðsþjónustu, kirkjuathöfn eða annað helgihald með hávaða eða öðru því sem andstætt er helgi viðkomandi athafnar.

4. gr.

Um starfsemi á helgidögum þjóðkirkjunnar gilda eftirfarandi reglur:

1. Á helgidögum skv. 1. tölul. 2. gr. er öll almenn starfsemi heimil.
2. Á helgidögum skv. 2. og 3. tölul. 2. gr. er eftirfarandi starfsemi óheimil:
   a. Skemmtanir, svo sem dansleikir eða einkasamkvæmi á opinberum veitingastöðum eða á öðrum stöðum sem almenningur hefur aðgang að. Hið sama gildir um opinberar sýningar og skemmtanir þar sem happdrætti, bingó eða önnur svipuð spil fara fram.
   b. Markaðir og verslunarstarfsemi, svo og önnur viðskiptastarfsemi.

5. gr.

Eftirfarandi starfsemi er undanþegin banni því er greinir í 4. gr.:

1. Starfsemi lyfjabúða, bensínstöðva, bifreiðastöðva, verslana á flugvöllum og fríhafnarsvæðum, verslana með neyðarbúnað, blómaverslana, söluturna og myndbandaleiga. Hið sama gildir um gististarfsemi og tengda þjónustu.
2. Íþrótta- og útivistarstarfsemi.
3. Listsýningar, leiksýningar eða sams konar sýningar og samkomur er hafa sígilt listrænt gildi og samrýmast helgidagafriði, svo og sýningar er varða vísindi eða er ætlað að gegna almennu upplýsingahlutverki, má halda eða veita aðgang að á þeim tímum þegar helgidagafriður á að ríkja skv. 2. tölul. 2. gr., en þó ekki fyrr en kl. 15.00. Hið sama gildir um listasöfn og bókasöfn.
4. Heimila má að dansleikir er hefjast að kvöldi laugardags fyrir páska eða hvítasunnu standi aðfaranótt páskadags og hvítasunnudags samkvæmt almennum reglum, þó eigi lengur en til kl. 3.00.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

6. gr.

Lögreglustjóri getur, þegar sérstakar ástæður mæla með því, leyft að haldnar séu samkomur og sýningar eða að stofnað sé til svipaðrar starfsemi, sem greinir í 5. gr., á þeim tíma sem helgidagafriður skv. 5. gr. á að ríkja.

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. tölul. 4. gr. er lögreglustjóra heimilt að veita leyfi fyrir einkasamkvæmi af sérstöku tilefni.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum.

Brjóti handhafi opinbers starfsleyfis gegn lögum þessum er heimilt að svipta hann leyfinu tímabundið eða fyrir fullt og allt ef brot er ítrekað.

8. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laganna falla úr gildi lög um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar, nr. 45 15. júní 1926, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

A. Almennt.

Með bréfi, dags. 24. maí 1995, skipaði dóms- og kirkjumálaráðherra nefnd sem falið var að endurskoða lög um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar, nr. 45 15. júní 1926. Nefndarmenn voru Lára Margrét Ragnarsdóttir alþingismaður, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Valgerður Sverrisdóttir alþingismaður og sr. Hjálmar Jónsson alþingismaður. Ritari nefndarinnar var Högni S. Kristjánsson fulltrúi í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Drög að lagafrumvarpi lágu fyrir í október 1995 og voru þau lögð fyrir 26. kirkjuþing. Ályktaði kirkjuþing um frumvarpsdrögin efnislega með eftirfarandi hætti:

1. Lagt var til breyting á kaflaheiti II. og III. kafla.
2. Lagt var til að bann við skemmtanahaldi gilti aðfaranótt páskadags.
3. Vakin var athygli á nauðsyn nánari skilgreininga ýmissa atriða.

Í frekari vinnu nefndarinnar við frumvarpið eftir að umsögn kirkjuþings lá fyrir voru gerðar eftirfarandi breytingar á því auk orðalagsbreytinga.

1. Kaflaheitum II. og III. kafla var breytt til samræmis við ályktun kirkjuþings.
2. Auk þess að leggja áfram til að skemmtanahald yrði heimilt aðfaranótt páskadags var lagt til að skemmtanahald aðfaranótt hvítasunnudags yrði með sama hætti. Er þetta rökstutt nánar í athugasemdum við 5. gr. Er lagt til að sett verði tímamörk í þessu efni þannig að skemmtanir standi þessar nætur eigi lengur en til kl. 3.00.
3. Orðið var við því að skilgreina ýmis atriði nánar.
4. Í 2. tölul 2. gr. er helgi jóladags og föstudagsins langa framlengd til kl. 6.00 daginn eftir. Þetta er gert til að nálgast bann við skemmtanahaldi þennan tíma með öðrum hætti en var í þeim drögum er lögð voru fyrir kirkjuþing. Til samræmis var fellt út sérstakt bann við skemmtanahaldi þennan tíma í 4. gr.
5. Farin var önnur leið en áður til að skilgreina hvaða starfsemi væri heimil á helgidögum skv. 1. tölul. 5. gr.

B. Söguleg atriði.

Ákvæði um helgidaga og helgidagahald voru upprunalega í kristinna laga þætti, sbr. síðar Kristinrétt Árna biskups Þorlákssonar, 31.–37. kap. Sú löggjöf var víðtækari en helgidagalöggjöf síðari alda. Voru m.a. ákvæði „um að meir segðist á brotum“ sem unnin væru á helgum dögum en endranær. Við siðaskipti urðu aldahvörf og er talið að 26 messudagar hafi verið afnumdir með kirkjuskipan Kristjáns III. frá 1537, lögfest hér á landi 1541 og 1551, en raunar bætti það lagaboð við helgidögum þótt í litlum mæli væri og breytti auk þess ákvæðum um helgidagahald öðrum þræði. Í Alþingissamþykkt 1552 var fjallað um helgibrot, kirkjugrið og helgidagahald og er m.a. getið þar tveggja helgidaga sem kirkjuskipanin vék ekki að sérstaklega, þ.e. skírdegi og föstudeginum langa.

Síðari lagaboð, m.a. kirkjuskipan Kristjáns IV. frá 1607, lögfest hér 1629, áréttuðu ákvæði fyrri kirkjuskipanar (frá 1537). Helgisiðabókin frá 1685 var ekki lögleidd hér á landi þótt eftir henni væri farið í ýmsum greinum. Ákvæði Dönsku og Norsku laga frá 1683 og 1687 um helgidaga og helgidagahald, og að svo miklu leyti sem því var til að dreifa, voru ekki lögleidd hér á landi. Tilskipunin um tilhlýðilegt helgihald sabbatsins og annarra helgra daga frá 29. maí 1744 á rót að rekja til píetismans og voru þar ströng ákvæði um helgihald og m.a. um kirkjusókn. Tilskipun 26. október 1770 stafar frá tímum Struensee en þá voru nokkrir helgidagar afnumdir. Eftir sem áður gilti tilskipun 29. maí 17414 að verulegu leyti. Helgidagalöggjöf Dana var breytt með nýjum lögum frá 1845 mjög í frjálsræðisátt. Bárust Alþingi, er það var endurreist, bænaskrár um breytingar á helgidagalöggjöf. Með tilskipun frá 1855 var komið á nýskipan að því er varðaði helgihaldið og var sú löggjöf mjög reist á dönsku helgidagalögunum frá 1845. Var þessi skipan ólíkt frjálslegri en hin fyrri skipan og þótti sumum of langt gengið sérstaklega með að draga úr friðun sunnudags. Var þessu atriði breytt með opnu bréfi 28. september 1860.

Þegar leið á 19. öldina voru flutt frumvörp á Alþingi er vörðuðu þetta mál, m.a. 1893, um afnám helgidaga, skírdags, uppstigningardags, annars dags í páskum og hvítasunnu og kóngsbænadags. Frumvarp þetta náði aðeins fram að ganga að því er varðar afnám kóngsbænadags, sbr. lög nr. 37/1893. Þá voru sett sérstök lög um fermingu og affermingu skipa, nr. 19/1897, en heildarlög um helgidaga, sem sett voru í Danmörku 1876, voru ekki lögfest hér á landi eða lög sniðin eftir þeim. Hins vegar voru lögtekin ný lög um helgidaga og helgidagahald árið 1901, sbr. lög nr. 47 það ár. Var þar kveðið rækilega á um helgidagahald, en helgidagar látnir haldast. Í meðferð málsins á Alþingi kom glögglega fram að greina bæri í milli helgidagalöggjafar og vinnuverndarlöggjafar. Fáum árum seinna (1919) var flutt frumvarp á Alþingi sem var gagngert af vinnuverndarrótum runnið og mælti fyrir um að helgidagar yrðu raunverulega að hvíldardögum fyrir verkamenn.

Núgildandi lög um þetta efni eru nr. 45/1926. Þau fólu m.a. í sér þá breytingu að takmarka skyldi vinnu við fermingu og affermingu skipa á helgidögum og í öðru lagi var leyft að hafa fleiri verslanir opnar á helgidögum en fyrr var svo og þjónustustofnanir. Skírdegi var ekki gert hærra undir höfði en sunnudögum og almennar skemmtanir voru bannaðar eftir kl. 18.00 kvöldið fyrir stórhátíðardaga. Þessi lög hafa gilt í rösklega sjö áratugi óbreytt að kalla, en breytingar er gerðar hafa verið varða annars vegar refsiviðurlög í 8. gr. sem breytt var með lögum nr. 75/1982 er fjalla m.a. um sektarmörk nokkurra laga og hins vegar atriði er tengdust aðskilnaði umboðsvalds og dómsvalds í héraði og tók gildi 1. júlí 1992.

Á 111. löggjafarþingi árið 1988 var lagt fram frumvarp til laga um helgidagafrið en það varð ekki útrætt.

C. Gildandi lög.

Eins og áður getur eru gildandi lög um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar frá árinu 1926. Eitt einkenni þeirra laga er að í þeim eru ekki taldir upp þeir dagar sem teljast vera helgidagar. Hins vegar hefur ekki verið ágreiningur um að það eru þeir sömu dagar og getur í 2. gr. frumvarps þessa.

Í lögunum er í 1. gr fjallað um bann við vinnu á helgidögum er hefur hávaða í för með sér eða fer fram á þeim stað eða með þeim hætti að hún raskar friði helgidagsins. Er fjallað sérstaklega um fermingu og affermingu skipa í þessu sambandi.

Í 2. gr. er fjallað um verslunarstarfsemi. Er hún bönnuð á helgidögum þjóðkirkjunnar en undanþegnar banninu eru tilteknar búðir eins og lyfjabúðir, brauð- og mjólkurbúðir að því er snertir sölu á brauði og mjólk, fiskbúðir o.fl. Kemur og fram að öll sala opinberlega sé bönnuð á helgidögunum en undanþága er varðandi sölu á fiski, bókum, blöðum, aðgöngumiðum að íþróttamótum, happdrættismiðum og þess háttar til kl. 11 árdegis og eftir kl. 3 síðdegis.

Í 3. gr. er kveðið á um að á helgidögum þjóðkirkjunnar megi ekki á neinum almennum veitingastað halda veislur eða aðra hávaðasama fundi fyrr en eftir miðaftan.

Samkvæmt 4. gr. má á helgidögum þjóðkirkjunnar hvorki halda almennar skemmtanir né heldur mega markaðir eða aðrar þær athafnir, sem hávaði er að, eiga sér stað fyrir kl. 3 síðdegis, nema lögreglustjóri leyfi.

Samkvæmt 5. gr. má á helgidögum þjóðkirkjunnar ekki, nema brýna nauðsyn beri til, halda sveitar- eða bæjarstjórnarfund, þing eða dómþing.

Samkvæmt 6. gr. má ekki halda almenna fundi um veraldleg efni á helgidögum þjóðkirkjunnar fyrr en um nónbil.

Í 7. gr. laganna er mælt fyrir um að bönn þau er áður getur í lögunum nái yfir allan föstudaginn langa og hinn fyrra helgidag stórhátíðanna og eftir kl. 6 á aðfangadagskvöld jóla. Kemur og fram að kvöldið fyrir aðra stórhátíðisdaga eru allar almennar skemmtanir bannaðar eftir miðaftan.

D. Álit umboðsmanns Alþingis.

Í tveimur álitum umboðsmanns Alþingis árið 1995 hefur verið vikið að ákvæðum laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar, nr. 45/1926. Í áliti sínu frá 25. apríl 1995 beindi umboðsmaður því til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að það hygði að því hvort ástæða væri til breytinga á lögunum. Í sama áliti vakti umboðsmaður athygli á nauðsyn þess að tryggja samræmi í framkvæmd laganna. Í álitinu er m.a. komist að þeirri niðurstöðu að lögin standi ekki í vegi almennri veitingastarfsemi á páskadegi.

Í öðru áliti umboðsmanns frá 12. maí 1995 kemur fram að hann telji að lögin standi ekki í vegi fyrir skemmtanahaldi aðfaranótt laugardags fyrir páska (frá miðnætti). Í áliti hans segir m.a. að laugardagurinn fyrir páska sé ekki meðal helgidaga þjóðkirkjunnar í skilningi laga nr. 45/1926. Verði bann við skemmtanahaldi þann dag því ekki byggt á helgidagafriðun. Dagur þessi falli hins vegar undir kvöldfriðun skv. 2. mgr. 7. gr. laganna. Þar sem fyrir lá að fyrirhugað skemmtanahald átti ekki að fara fram á þeim tíma varð bann við því ekki byggt á þessu ákvæði. Jafnframt segir umboðsmaður að umræddur tími dags verði ekki felldur undir lögin með öðrum hætti.

Hvað varðar annan dag hvítasunnu segir umboðsmaður Alþingis að hann sé ótvírætt meðal helgidaga þjóðkirkjunnar og því hafi skemmtanahald ekki verið heimilt þann dag nema með leyfi lögreglustjóra. Gerir umboðsmaður hins vegar athugasemdir við ósamræmi í framkvæmd milli einstakra landshluta og einstakra helgidaga sem eðlilegt sé að hafi samstöðu.

II. Almennt.

A.

Löggjöf um helgidaga og helgidagahald á langa sögu að baki svo sem vikið hefur verið að. Löggjöfin hefur lengstum verið af trúarlegum toga spunnin. Ýmis önnur sjónarmið hafa þó tengst löggjöfinni. Í því efni hafa á síðari árum tengst málefninu vinnuverndarsjónarmið í þeirri viðleitni að tryggja fólki frí frá vinnu á helgidögum. Löggæslu-

sjónarmið tengjast og málinu að því leyti að haga verður löggjöfinni þannig að auðvelt sé að framfylgja henni og tengist það afstöðu almennings til helgidaga og helgidagahalds þar sem ætla má að auðveldara sé að framfylgja reglum er falla almennt að sjónarmiðum almennings. Í þessu verður og að hafa í huga að með löggjöf sem þessari eru atvinnustarfsemi sett takmörk og frjálsræði manna heft.

Í starfi nefndarinnar er samdi frumvarp þetta var nokkuð rætt um markmið með lagasetningu sem þessari. Voru nefndarmenn sammála um að leitast bæri við að tryggja fólki frið, ró og næði á tilteknum hátíðisdögum. Jafnframt bæri að gera lögin þannig úr garði að hið sama fólk gæti innan vissra takmarka átt þess kost að stunda afþreyingu sem samræmdist helgi þeirra daga er hér um ræðir.

B.

Í gildandi lögum er fjallað um ýmsa starfsemi á helgidögum, svo sem verslunarstarfsemi, skemmtanir og almennar samkomur. Þótti ekki ástæða til að hverfa frá þeirri uppbyggingu löggjafarinnar.

Á undanförnum árum og áratugum hefur orðið veruleg breyting á þjóðfélagsháttum hér á landi. Í því efni má t.d. nefna rúman opnunartíma verslana, skemmtanahald fer í vaxandi mæli fram í tengslum við helgidaga svo og íþróttakeppnir ýmisskonar. Þessi atriði tengjast öll meira eða minna því sem fyrr var getið um tengsl löggjafarinnar við vinnuverndarsjónarmið. Þessi sjónarmið hafa komið fram í því m.a. að gert hefur verið ráð fyrir að á helgidögum þjóðkirkjunnar hafi fólk almennt frí frá störfum. Með þeim breytingum, sem orðið hafa á þjóðfélagsháttum, hafa til viðbótar vinnuverndarsjónarmiðum komið sjónarmið og kröfur um svigrúm til afþreyingar á þessum frídögum.

Nokkur umræða hefur einnig skapast um að veitingastaðir séu lokaðir á tilteknum helgidögum þjóðkirkjunnar, einkum um páska og hvítasunnu. Hefur það m.a. verið tengt þeirri viðleitni að markaðssetja Ísland í auknum mæli sem ferðamannaland og þetta verið talið því fjötur um fót. Í lögum nr. 88/1971, um 40 stunda vinnuviku, og í kjarasamningum einstakra stéttarfélaga eru skilgreindir frídagar launþega. Eru þessir dagar gjarnan miðaðir við helgidaga þjóðkirkjunnar og ýmsa aðra skilgreinda daga. Hins vegar er heimilt samkvæmt tilvitnuðum lögum að víkja frá ákvæðum þeirra með samningum sem staðfestir eru af hlutaðeigandi heildarsamtökum. Er þess og að geta að samkvæmt gildandi lögum eru ekki hömlur við starfsemi veitinga- eða gististaða á helgidögum þjóðkirkjunnar. Heimildir til áfengisveitinga á nefndum dögum hafa hins vegar verið takmarkaðar samkvæmt reglugerð um sölu og veitingar áfengis og skemmtanahald er bannað samkvæmt gildandi lögum um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar. Samkvæmt þessu er hins vegar ljóst að helgidagalöggjöfin stendur því ekki í vegi að veitingastarfsemi fari fram á helgidögum þjóðkirkjunnar. Því er hér um að ræða atriði sem aðilar vinnumarkaðarins geta haft áhrif á í samningum sín í milli.

C.

Reglulega fer fram umræða um hvort fækka beri helgidögum eða takmarka helgi þeirra með öðrum hætti.

Í frumvarpi því er lagt var fram 1988 var lagt til að dregið yrði úr helgidagafriðun án þess að dögunum væri með því fækkað. Í þessu skyni var m.a. lagt til að afnumin yrði friðun laugardags fyrir páska og hvítasunnu.

Í frumvarpi því er hér liggur fyrir er gengið lengra. Lagt er til að helgidagar verði þeir sömu og mælt var fyrir um í frumvarpinu 1988. Hins vegar er breytt ákvæðum um hvaða athafnir skuli heimilar á helgidögum. Þótti ekki ástæða til að fækka hinum helgu dögum þó að heimil starfsemi á þeim dögum sé nokkuð rýmkuð. Eru þessar breytingar skilgreindar með þeim hætti að á stórhátíðisdögum verði heimiluð starfsemi mjög takmörkuð en á öðrum dögum mjög rúm. Þykir þessi skipan falla að viðhorfum almennings á þessu sviði og koma til móts við kröfur um svigrúm til afþreyingar á helgidögum þjóðkirkjunnar.

Hins vegar þótti rétt að reisa skorður við þeirri framkvæmd sem komist hefur á í ýmsum umdæmum undanfarin ár að dansleikir hefjist á miðnætti að liðnum föstudeginum langa (aðfaranótt laugardags fyrir páska) og aðfaranótt annars dags jóla. Fyrir þessu eru þau rök að skemmtanahald raskar óhjákvæmilega þeirri helgi, friði og ró sem stefnt er að tiltekna daga með frumvarpi þessu jafnframt því að helgi föstudagsins langa og jóladags verði óhjákvæmilega raskað með samkomuhaldi sem þessu. Er sú leið farin að þessu markmiði að framlengja helgi jóladags og föstudagsins langa til kl. 6.00 næsta dag svo sem greinir í 2. tölul. 2. gr. frumvarpsins. Felur þetta hins vegar í sér að slíkt samkomuhald mun verða heimilt um hvítasunnu og páska án sérstakra leyfa annarra en lögbundina skemmtanaleyfa, þó eigi lengur en til kl. 3.00.

D.

Í 1. gr. frumvarpsins er skilgreint almennt markmið með lagasetningu þessari. Gætir þar þeirra viðhorfa að markmiðið sé ekki það eitt að tryggja helgi þeirra daga sem eru helgidagar þjóðkirkjunnar heldur og að vernda helgihald og tryggja almenningi frið og ró þessa daga, jafnframt því að veita almenningi svigrúm fyrir afþreyingu innan tiltekinna marka.

Í 2. gr. frumvarpsins eru taldir upp helgidagarnir og er þeim skipt í þrjá flokka. Má til einföldunar segja að í 2. og 3. tölul. sé að finna þá daga sem oft eru nefndir stórhátíðisdagar. Er vakin athygli á því að helgi jóladagsins og föstudagsins langa er framlengd til kl. 6.00 að morgni næsta dags svo sem vikið hefur verið að. Er þetta gert í því skyni að skemmtanir hefjist ekki á miðnætti að liðnum þessum dögum.

Í 3. gr. frumvarpsins er að finna almenn ákvæði um athafnir og starfsemi sem raskar helgi guðsþjónustu og kirkjuathafna sem slíkra. Í 4. gr. er hins vegar sérgreint ákvæði sem kveður á um athafnir og starfsemi sem andstæðar eru helgidagafriði. Er þar að finna það nýmæli að sérstaklega er tekið fram að öll almenn starfsemi sé heimil á þeim dögum er greinir í 1. tölul. 2. gr. en hins vegar er kveðið á um bann við tilteknum athöfnum á þeim dögum er greinir í 2. og 3. tölul. 2. gr. en undanþágur eru frá því í 5. gr. þar sem leitast er við að koma til móts við menningar- og listastarfsemi og íþrótta- og útivistarstarfsemi. Í 6. gr. er ákvæði sem heimilar lögreglustjóra að víkja frá ákvæðum 5. gr. og í einu tilviki frá ákvæði 4. gr.

E.

Ákvæði frumvarpsins hafa í för með sér eftirfarandi:

1. *Helgidagar þar sem mælt er fyrir um fulla friðun:* Jóladagur og föstudagurinn langi til kl. 6.00 að morgni næsta dag, páskadagur og hvítasunnudagur, sbr. 2. tölul. 2. gr. og 2. tölul. 4. gr. Þó er heimilað að dansleikir standi aðfaranótt páskadags og hvítasunnudags, sbr. 5. tölul. 5. gr., en eigi lengur en til kl. 3.00. Lögreglustjóra er heimilt skv. 6. gr. að veita undanþágur vegna einkasamkvæma.

2. *Friðun frá kl. 18.00:* Aðfangadagur jóla, sbr. 3. tölul. 2. gr.
3. *Frávik frá friðun eru í 5. og 6. gr.*
4. *Helgidagar þar sem ekki er lögboðin friðun:* Sunnudagar, annar dagur jóla, nýársdagur, skírdagur, annar dagur páska, uppstigningardagur og annar dagur hvítasunnu, sbr. 1. tölul. 2. gr. og 1. tölul. 4. gr.

F.

Bera má saman efni frumvarpsins og gildandi laga með eftirfarandi hætti.

1. Helgidagar eru þeir sömu, en þeir eru tilgreindir í frumvarpinu, andstætt því sem nú er.
2. Frumvarpið gerir ráð fyrir að felld verði niður friðun laugardaga fyrir páska og hvítasunnu eftir kl. 18.00, sbr. 2. mgr. 7. gr. gildandi laga. Lagt er til að heimilt verði að dansleikir standi aðfaranótt páskadags og hvítasunnudags, þó eigi lengur en til kl. 3.00.
3. Friðun sunnudaga og annarra helgidaga er greinir í 1. tölul. 2. gr. er felld niður (en samkvæmt frumvarpinu frá 1988 var hún frá kl. 10.00–15.00) en sett eru takmörk varðandi skemmtanir í framhaldi jóladags.
4. Ákvæðin um starfsemi þá sem bönnuð er á helgidögum eru sérgreindari í frumvarpinu en samkvæmt gildandi lögum og er lagt til að ýmis frávik verði lögfest í ljósi reynslunnar.
5. Ekki eru tekin upp í frumvarpið sérákvæði 1. gr. gildandi laga eða 5. gr. þeirra um sveitarstjórnarfundi o.fl. eða 6. gr. um almenna fundi. Þýðir það í raun að engin takmörk eru á slíkum fundum.
6. Aukið er við helgidagafriðun með því að taka fram að friðun föstudagsins langa nái til aðfararnætur laugardagsins fyrir páska.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í grein þessari er skilgreint markmið frumvarpsins ef að lögum verður. Er þar um þau nýmæli að ræða að frumvarpinu er ætlað að vernda helgihald almennt og tryggja almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar. Er sérstaklega tekið fram að markmiðið sé og að tryggja almenningi frið, ró, næði og afþreyingu þá daga er greinir í 2. gr. Er þess getið að slík afþreying takmarkist af ákvæðum er greinir í frumvarpinu.

Um 2. gr.

Ákvæðið er að mestu með sama hætti og í frumvarpinu frá 1988. Helgidagarnir eru óbreyttir. Gerðar eru orðalagsbreytingar sem ekki hafa efnisleg áhrif á ákvæðið en að auki er helgi föstudagsins langa og jóladags framlengd fram á næsta dag, sbr. 2. tölul.

Í ákvæðinu felst einvörðungu talning á helgidögunum. Hins vegar ræðst það af öðrum ákvæðum frumvarpsins hvaða starfsemi er heimil á þessum dögum og eftir atvikum innan hvaða tímamarka. Eins og ákvæðið er framsett eru engin tímamörk sett og gildir því bann við tiltekinni starfsemi allan daginn, þ.e. frá kl. 00.00 til kl. 24.00. Frá þessu eru svo undanþágur í 4. og 5. gr. Einnig er lögreglustjóra heimilt að veita tilteknar undanþágur skv. 6. gr.

Sú leið er farin að framlengja helgidagafrið jóladagsins og föstudagsins langa til kl. 6.00 næsta dag til þess að hindra skemmtanahald í framhaldi þessara daga. Er þetta nýmæli. Þykir sú hefð, sem skapast hefur í ýmsum umdæmum, að heimila skemmtanir

(dansleiki, jafnvel með áfengisveitingum) á þessum tíma, ganga gegn þeim markmiðum sem stefnt er að með frumvarpinu. Skemmtanahald hefur óhjákvæmilega áhrif á helgi föstudagsins langa og jóladags og er ástæða til að ætla að undanfari slíkra skemmtana sé ýmiss konar ónæði að kvöldi föstudagsins langa og jóladags. Takmörkun þessi er og í samræmi við ályktun 19. kirkjuþings frá 1988 sem lagði áherslu á að sporna gegn samkomuhaldi eftir miðnætti á jóladag og páskadag. Hins vegar var ákveðið að leggja til að takmörkun þessi næði eingöngu til föstudagsins langa og jóladags. Rökin fyrir þeirri takmörkun eru fyrst og fremst þau að í huga fólks er helgi þessara daga með öðrum hætti en annarra hátíðisdaga, en hafa ber í huga að um páska og hvítasunnu leitar fólk sér í auknum mæli afþreyingar í ýmsum tómstundum og slíkt ber að styrkja frekar en hitt. Því er t.d. ekki lagt til að takmörkun verði á skemmtanahaldi eftir miðnætti páskadags eða hvítasunnudags, sbr. 5. tölul. 5. gr., að öðru leyti en því að lagt er til að skemmtanahald standi eigi lengur en til kl. 3.00. Er slíkt til þess fallið að auka möguleika á að bjóða fólki upp á margvíslega afþreyingu meðan flestir eiga frí frá vinnu.

Eins og áður er getið er í gildandi lögum ekki að finna ákvæði um það hverjir séu helgidagar þjóðkirkjunnar. Úr þessu er bætt með þeirri upptalningu er greinir í ákvæðinu.

Þess er og vert að geta að með þeirri skipan, sem lagt er til að tekin verði upp í 2. gr., er felld niður sú friðun sem er samkvæmt gildandi lögum frá kl. 18.00 laugardaginn fyrir páska og hvítasunnu. Felur þetta í sér t.d. að kvikmyndasýningar, verslunarstarfsemi, skemmtanir o.fl. geta farið fram allt til miðnættis þessa daga verði frumvarpið að lögum. Rýmri heimildir eru þó lagðar til að því er varðar skemmtanahald aðfaranótt páskadags og hvítasunnudags, sbr. 5. tölul. 5. gr.

Um 3. gr.

Í greininni er að finna almennt ákvæði um að óheimilt sé að trufla guðsþjónustu, kirkjuathöfn eða annað helgihald með hávaða eða öðru sem andstætt kann að vera helgi viðkomandi athafna. Með ákvæðinu er gert ráð fyrir því að helgihald almennt njóti þessarar verndar og er hún hvorki bundin við helgidaga þjóðkirkjunnar eða þjóðkirkjuna heldur nýtur athöfnin verndar þótt hún fari fram í öðru trúfélagi eða utan þess friðunartíma sem annars er markaður í frumvarpinu. Er ekki ástæða til að gera greinarmun á trúfélögum í þessu sambandi.

Er í þessu efni og vakin athygli á 3. mgr. 122. gr. almennra hegningarlaga.

Í ákvæðinu er lagt bann við að trufla framangreindar trúarathafnir. Sú háttsemi sem hér kemur til getur verið af ýmsum toga. Oftast má ætla að um sé að ræða háváðasama háttsemi í grennd við kirkju eða samkomuhús sem truflar trúarlega athöfn. Annað kann og að falla hér undir eðli málsins samkvæmt.

Um 4. gr.

Í þessu ákvæði eru settar fram almennar reglur um takmörk á heimilaðri starfsemi á þeim dögum er greinir í 2. gr. Frá þeim takmörkunum er greinir í ákvæðinu eru undantekningar í 5. gr. og 2. mgr. 6. gr.

Í 1. tölul. er að finna nýmæli. Það er sú breyting frá gildandi lögum, og frá því sem lagt var til í frumvarpinu frá 1988, að öll almenn starfsemi skuli vera heimil á þeim dögum er greinir í 1. tölul. 2. gr. Þetta felur í sér að engin takmörk eru lögð við starfsemi þá daga vegna helgidagafriðar. Þykir slíkt fara gegn ríkjandi viðhorfum almennings og gegn þeim breytingum er orðið hafa á íslenskum þjóðfélagsháttum í þá veru að nýta daga

sem þessa í auknum mæli til ýmiss konar afþreyingar, gjarnan í samveru fjölskyldu. Er mikilvægt að stuðla að slíku. Þetta felur m.a. í sér að frumvarpið leggur ekki skorður við skemmtistarfsemi tilgreinda daga, utan aðfaranótt annars dags jóla. Verslunarstarfsemi er almennt heimil. Íþróttastarfsemi, kvikmyndasýningar o.fl. er því heimilt að viðhafa þessa daga. Hafa ber þó í huga að önnur lög, stjórnvaldsfyrirmæli eða kjarasamningar kunna í framkvæmd að setja takmarkanir í þessu efni.

Í 2. tölul. er að finna takmarkanir á ýmsa starfsemi á þeim dögum er greinir í 2. og 3. tölul. 2. gr. Upptalning sú er greinir í 2. tölul. er almenns eðlis en sú leið er ekki farin, svo sem var gert í frumvarpinu frá 1988, að telja upp einstaka starfsemi sem óheimil er.

Í a-lið 2. tölul. er lagt bann við skemmtanahaldi á opinberum veitingastöðum eða öðrum stöðum sem almenningur hefur aðgang að, svo og einkasamkvæmum. Hið sama gildir um opinberar sýningar og skemmtanir þar sem happdrætti, bingó eða önnur svipuð spil fara fram.

Með opinberu skemmtanahaldi og sýningum er átt við að aðgangur að slíkum skemmtunum eða sýningum sé frjáls fyrir almenning eða óákveðinn hóp manna eða fyrir félagsmenn og boðsgesti þeirra þegar félag, samtök manna eða stofnun gengst fyrir skemmtun eða sýningu sem hænir að mannsöfnuð án tillits til þess hvort aðgangur er án endurgjalds eður ei eða hvort samkoma eða sýning er utan eða innan dyra. Með skemmtun í þessu samhengi er m.a. átt við dansleiki, hljómleika eða aðrar sams konar skemmtanir.

Í ákvæðinu er einnig lagt bann við einkasamkvæmum á nefndum stöðum. Er bann þetta lagt til með það að markmiði að koma í veg fyrir að skemmtunum sé haldið uppi á þessum stöðum í skjóli þess að um einkasamkvæmi sé að ræða. Mun þetta auðvelda til muna alla framkvæmd laganna. Hins vegar er lagt til í 2. mgr. 6. gr. að lögreglustjóra verði heimilt að víkja frá banni við einkasamkvæmum í sérstökum tilvikum.

Í ákvæðinu er og lagt til bann við opinberu skemmtanahaldi tilgreinda daga þar sem fram fer tiltekin spilastarfsemi. Ákvæði þetta er í samræmi við frumvarpið frá 1988 að öðru leyti en því að bannið er bundið við opinberar skemmtanir af þessu tagi en samkvæmt eldra frumvarpi gat bannið einnig náð til samkoma á einkaheimilum manna. Þykja rök ekki standa til þess að grípa inni í einkalíf almennings með þeim hætti á grundvelli friðunar helgidaga. Það bann sem í ákvæðinu greinir er ekki bundið við tiltekna staðsetningu heldur gildir það hvort heldur skemmtun er haldin í veitingahúsi eða öðru samkomuhúsi. Samkvæmt orðanna hljóðan er bannið bundið við skemmtun þar sem happdrætti, bingó eða önnur svipuð spil fara fram. Felur þetta í sér ætlan um að með ákvæðinu sé reynt að takmarka spilastarfsemi þar sem spilað er um fjármuni með einum eða öðrum hætti. Með þessu er leitast við að leggja ekki höft á ýmsa starfsemi sem fram fer á tilgreindum dögum, svo sem bridsmót, skákmót eða slíka starfsemi. Með þessu ákvæði er ekki ætlunin að leggja höft á notkun spilakassa á þeim stöðum sem opnir eru greinda daga.

Í ákvæðinu er lagt bann við opinberum sýningum nefnda daga. Gildir það bann um allar sýningar en í 5. gr. er mælt fyrir um undanþágur frá því og innan marka 5. gr. er hægt að veita frekari undanþágur á grundvelli 6. gr.

Ákvæði a-liðar 2. tölul. tekur til skemmtana og sýninga á þeim dögum er greinir í 2. og 3. tölul. 2. gr. Felur þetta í sér það nýmæli að skemmtanahald verður óheimilt á tímabilinu 00.00 til kl. 6.00 aðfaranótt annars dags jóla og laugardags fyrir páska. Í athugasemdum við 2. gr. var nánar vikið að þessu.

Rétt er að benda á að þessi ákvæði leggja ekki frekar en verið hefur takmarkanir á heimildir veitingastaða til að stunda veitingastarfsemi þessa daga. Ákvæðið nær eingöngu til skemmtanahalds. Þannig geta veitingastaðir, þar með talin hótel, verið opnir þessa daga. Hafa ber þó í huga að á grundvelli áfengislaga eru takmarkanir á áfengisveitingum á þeim dögum er hér greinir.

Í b-lið 2. tölul. er lagt bann við markaðsstarfsemi, verslunarstarfsemi og annarri viðskiptastarfsemi á tilgreindum dögum. Hér er lagt til að öll almenn verslunar- og viðskiptastarfsemi verði óheimil nefnda daga. Í því felst að starfsemi almennra verslana, peningastofnana o.s.frv. er óheimil. Vakin er athygli á þeim undanþágum sem heimilar eru frá þessu í 5. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Grein þessi felur í sér nánari afmörkun á starfsemi sem 4. gr. spornar almennt við en í ákvæðinu er mælt fyrir um ýmsar undantekningar frá takmörkunum 4. gr. Markmiðið með þeim undantekningum er greinir í ákvæðinu er að stuðla að því að ýmiss konar afþreying verði möguleg fyrir almenning á þeim dögum er greinir í 2. tölul. 2. gr., enda sé um að ræða starfsemi sem almennt má ætla að falli að helgidagafriði. Jafnframt er markmið með ákvæðinu að leitast við að helgidagafriður komi ekki í veg fyrir ýmsa starfsemi sem nauðsynleg er fyrir ferðamenn.

Þeim undanþágum er greinir í ákvæðinu má í grófum dráttum skipta í tvo flokka. Annars vegar er um að ræða almennar og ótímabundnar undanþágur frá banni 4. gr. við starfsemi á þeim dögum er greinir í 2. tölul. 2. gr., þ.e. að undanþágurnar gilda allan daginn. Í þennan flokk falla lyfjabúðir, bensínstöðvar, verslanir á flugvöllum og fríhafnarsvæðum, verslanir með neyðarbúnað, blómaverslanir, söluturnar og myndbandaleigur, auk íþrótta- og útivistarstarfsemi. Hins vegar er um að ræða undanþágur er varða starfsemi sem heimil verður eftir kl. 15.00 tilgreinda daga, en í þann flokk fellur ýmiss konar lista- og vísindastarfsemi. Tímasetningu í þessu sambandi er ætlað að stuðla að því að umrædd starfsemi rekist ekki á við almennt helgihald.

Í 1. tölul. er að finna nýmæli. Í frumvarpi því er lagt var fram 1988 var gert ráð fyrir að almennt væru lyfjabúðir og bensínsölur undanþegnar banni en ýmis önnur verslunarstarfsemi einungis á tilteknum dögum. Öll verslunarstarfsemi er heimil á þeim dögum er greinir í 1. tölul. 2. gr. Hér er lagt til að lyfjabúðir og önnur nánar tilgreind verslunar- og þjónustustarfsemi verði alfarið undanþegin takmörkunum b-liðar 2. tölul. 4. gr. Með þessu ákvæði er m.a. leitast við að koma til móts við það sjónarmið að unnt verði að bjóða ferðamönnum ýmsa nauðsynlega þjónustu án tillits til helgidagafriðar. Þetta þýðir m.a. að veitingastarfsemi verður heimil á þessum dögum (svo sem reyndar hefur verið), þjónustustarfsemi við ferðamannastaði, bensínsölur o.s.frv. Markmiðið er eingöngu að þjónustuaðilum verði gert mögulegt að sinna ýmissi grunnþjónustu, þar með talið við ferðamenn, á þessum hátíðardögum. Ákvæðinu verður ekki beitt til að hafa almennar verslanir og þjónustustarfsemi opna þessa daga, svo sem matvöruverslanir, fataverslanir o.s.frv. Heimill starfstími allrar þessarar þjónustu ræðst á þessum dögum af almennum reglum er um opnunartímann gilda. Með því að telja nákvæmlega upp þá starfsemi sem er undanþegin banni 4. gr. er leitast við að auðvelda framkvæmd laganna. Með því verður ljósar en ella hvað heimilt er og hvað ekki. Rétt er að víkja sérstaklega að söluturnum og myndbandaleigum. Ástæða þess að slík starfsemi er undanþegin banni 4. gr. er sú að með því að undanþiggja bensínstöðvar banni 4. gr. er heimilað að bensínstöðvar verði almennt opnar tilgreinda daga. Þær eru í eðli sínu söluturnar þar sem margvís-

legar aðrar vörur en olíuvörur eru seldar. Er eðlilegt að starfsemi annarra söluturna sitji við sama borð og megi hafa opið þessa daga. Jafnframt er þá nauðsynlegt að heimila að myndbandaleigur megi vera opnar þar sem slík starfsemi er nánast undantekningalaust rekin í blönduðum rekstri með söluturnum. Það að leggja bann við starfsemi myndbandaleiga en heimila opnun söluturna mundi leiða til mikilla erfiðleika í framkvæmd.

Í 2. tölul. er að finna nýmæli frá því sem var í frumvarpinu frá 1988 en þar var gert ráð fyrir að íþróttastarfsemi væri bundin við þá daga er greinir í 1. tölul. 2. gr. ef slíkt væri nauðsynlegt, svo og páskadag og hvítasunnudag eftir kl. 15.00. Undanþágan tók þó ekki til keppni vélknúinna farartækja, þar með talinna loftfara, veðreiðakeppni og íþróttakeppni eða íþróttamóta atvinnumanna. Um er að ræða almenna undanþágu fyrir íþrótta- og útivistarstarfsemi, þ.e. hún er ekki bundin við tiltekinn tíma dagsins. Þykir ekki ástæða til að setja takmörk við því á hvaða tíma dagsins íþrótta- og útivistarstarfsemi fer fram. Samræmist það best því markmiði að almenningi standi til boða afþreying á þeim dögum er frumvarpið nær til. Verður almennt að líta svo á að íþróttastarfsemi sé af hinu góða sem ekki beri að leggja hömlur við. Jafnframt er í þessu efni tekið tillit til þess að í auknum mæli fer fram ýmiss konar skipulögð íþrótta- og útivistarstarfsemi á þeim dögum er hér um ræðir. Má í því efni nefna skipulögð skíðamót. Í þessu efni eru ekki settar takmarkanir á íþróttagreinar og tekur undanþágan því til akstursíþrótta, íþróttamóta atvinnumanna o.s.frv. Hins vegar verður ekki stunduð veðmálastarfsemi í skjóli þessarar undanþágu.

Í 3. tölul. er að finna ákvæði er einnig var í frumvarpinu frá 1988 að öðru leyti en því að undanþágu er eingöngu þörf að því er varðar þá daga er greinir í 2. og 3. tölul. 2. gr., frá kl. 15.00. Það að undanþiggja sýningar með listrænu og fræðandi efni frá almennu banni 4. gr. byggist á því viðhorfi er áður greinir að stuðla beri að því að almenningur geti tilgreinda daga sótt tiltekna afþreyingu sem fellur að þeim friði og ró sem stefnt er að þessa daga. Þykja listsýningar, vísindasýningar, listasöfn og bókasöfn falla almennt undir þetta atriði. Rétt er og að taka fram að ýmis starfsemi, er tengist þeirri starfsemi sem hér er undanþegin, mundi einnig vera heimil, svo sem veitingastarfsemi og sölustarfsemi. Með listsýningum er átt við sýningar á hvers konar myndlist, hvort heldur er um að ræða málverk, teikningar, höggmyndir, grafík, gjörninga, ljósmyndir o.s.frv. Hvað varðar vísindasýningar og sýningar sem ætlað er að gegna almennu upplýsingahlutverki er m.a. átt við sýningar á vísindatækjum, vísindalegum vinnubrögðum, handritasýningar, sýningu vísindarita o.s.frv., svo og sýningar er varða nýjungar í mannvirkjagerð, tölvutækni, ferðamannaþjónustu o.s.frv. Samkvæmt orðanna hljóðan tekur ákvæðið og til leiksýninga, ballettsýninga o.s.frv. Hins vegar eru kvikmyndasýningar ekki heimilar samkvæmt ákvæðinu.

Í 3. tölul. er og að finna undanþágu að því er varðar samkomur er hafa sígilt listrænt gildi og samrýmast helgidagafriði, enda séu þær haldnar eftir kl. 15.00. Undir þetta ákvæði falla ýmsar listrænar samkomur, svo sem listahátíðir, bókmenntakynningar, listkynningar o.s.frv. Undir ákvæðið falla og tónlistarsamkomur sem hafa sígilt og listrænt gildi og samræmast helgidagafriði. Sú takmörkun sem í þessu felst felur m.a. í sér að „popptónleikar" mundu óheimilir þessa daga en tónleikar með sígildri tónlist, kirkjutónlist, kórtónlist o.s.frv. eru heimilir. Þykir takmörkun sem þessi samræmast best þeim friði sem stefnt er að tilgreinda daga.

Í 4. tölul. er gert ráð fyrir að heimilt verði að dansleikir standi yfir aðfaranótt páskadags og hvítasunnudags samkvæmt almennum reglum, þó eigi lengur en til kl. 3.00. Felur það í sér að almennar reglur um opnunartíma skemmtistaða gilda að þessu leyti. Rök-

in að baki þessu eru þau sem áður getur, þ.e. að ekki beri að standa í vegi fyrir afþreyingu fólks þessa daga. Hafa ber í huga að í auknum mæli fara fram skipulagðar samkomur á þessum árstíma, einkum hvítasunnu, sem oft tengjast útivist og útiveru. Er undanþágu sem þessari ætlað að koma til móts við slíka starfsemi. Með því að láta undanþáguna ná bæði til páskadags og hvítasunnudags er leitast við að gæta samræmis á milli þessara hátíða. Rétt þótti hins vegar að setja tiltekin tímamörk í þessu efni.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu er að finna heimild fyrir lögreglustjóra, þegar sérstakar ástæður mæla með, að leyfa samkomur, sýningar eða svipaða starfsemi og greinir í 5. gr. á þeim tíma er helgidagafriður skv. 5. gr. á að ríkja. Ákvæðið þykir nauðsynlegt til að möguleikar verði fyrir hendi til að leysa ýmis vandmál er upp kunna að koma og ekki eru fyrirséð. Hins vegar þykir nauðsynlegt að takmarka þessa undanþáguheimild svo sem unnt er til að tryggja að sem best samræmi náist á milli umdæma í þessum efnum, en reynsla sýnir m.a. að rúm undanþáguheimild samræmist ekki því markmiði sem stefnt er að með lögum sem þessum.

Ákvæðið felur í sér að þær undanþágur er lögreglustjóri getur heimilað snúa eingöngu að 5. gr. Það þýðir t.d. að lögreglustjóri getur vikið frá þeim tímamörkum sem sett eru í 5. gr. en hann getur hins vegar ekki heimilað að skemmtun sem annars er bönnuð skv. 4. gr. verði haldin, utan einkasamkvæma sem hann hefur heimild til að leyfa skv. 2. mgr. ákvæðisins. Rökin að baki þeirri sérstöku undanþáguheimild eru að nauðsynlegt þykir að leggja bann við einkasamkvæmum á opinberum veitingastöðum og öðrum stöðum sem almenningur hefur aðgang að til að tryggja að ekki verði haldið uppi skemmtanahaldi andstætt lögunum í skjóli einkasamkvæma. Hins vegar er nauðsynlegt að tryggja að við sérstakar aðstæður væri unnt að heimila einkasamkvæmi á þessum stöðum á nefndum dögum. Má í því efni nefna afmæli, brúðkaup og jólaskemmtanir.

Um 7. gr.

Í ákvæðinu er annars vegar kveðið á um refsingu fyrir brot gegn ákvæðum frumvarpsins ef að lögum verður og hins vegar um leyfissviptingu ef brotið er gegn ákvæðum frumvarpsins, en það er nýmæli frá gildandi lögum og frumvarpinu frá 1988.

Ekki er talin ástæða til að kveða á um þyngri refsingar en sektir og gildir hér því ákvæði 50. gr. almennra hegningarlaga.

Rétt þykir að kveða á um það í lögum að heimilt sé að svipta handhafa opinbers leyfis því ef brotið er ítrekað gegn lögunum. Getur sviptingin ýmist verið tímabundin eða fyrir fullt og allt. Í þessu felst t.d. að ef handhafi áfengisveitingaleyfis brýtur gegn ákvæðum frumvarpsins verður heimilt að svipta hann leyfinu sé brot hans ítrekað. Er ákvörðun í því efni í höndum lögreglustjóra.

Um 8. gr.

Rétt þykir að hafa í lögum almenna heimild fyrir ráðherra til að setja reglugerð um framkvæmd laganna.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Samanburður á gildandi lögum og frumvarpinu.

Dagur	Gildandi lög	Frumvarp
Sunnudagur	• Bann við tiltekinni starfsemi (skemmtunum o.fl.) á veitingastöðum fyrir kl. 15.00. • Verslunarbann með undanþágum. • Takmarkanir á vinnu.	• Öll almenn starfsemi heimil.
Aðfangadagur jóla	• Almennt bann eftir kl. 18.00.	• Almennt bann eftir kl. 18.00. • Undanþágur eru um nauðsynlega verslunarstarfsemi, íþrótta- og útivistarstarfsemiog menningarviðburði. • Leyfa má einkasamkvæmi af sérstöku tilefni, sbr. 6. gr.
Jóladagur	• Almennt bann.	• Almennt bann framlengt til kl. 6.00 á öðrum degi jóla. • Undanþágur sömu og á aðfangadag, menningarviðburðir heimilir eftir kl. 15.00. • Leyfa má breytingar á tímasetningum 5. gr. skv. 6. gr.
Annar dagur jóla	• Sama og sunnudagur.	• Jóladagshelgi til kl.6.00. • Sama og sunnudagur.
Nýársdagur	• Sama og sunnudagur.	• Sama og sunnudagur.
Skírdagur	• Sama og sunnudagur. • Vakin athygli á helgi föstudagsins langa frá miðnætti.	• Sama og sunnudagur
Föstudagurinn langi	• Sama og jóladagur.	• Almennt bann framlengt til kl. 6.00 á laugardegi. • Annars sama og jóladagur.
Laugardagur fyrir páska	• Almennar skemmtanir bannaðar eftir kl. 18.00.	• Helgi föstudagsins langa framlengd til kl. 6.00. • Að öðru leyti engar takmarkanir.
Páskadagur	• Sama og jóladagur.	• Sama og jóladagur. • Dansleikir leyfðir aðfaranótt páska dags til kl. 3.00.
Annar dagur páska	• Sama og sunnudagur.	• Sama og sunnudagur.
Uppstigningardagur	• Sama og sunnudagur.	• Sama og sunnudagur.
Laugardagur fyrir hvítasunnnu	• Sama og laugardagur fyrir páska.	• Engar takmarkanir.
Hvítasunnudagur	• Sama og páskadagur.	• Sama og páskadagur.
Annar dagur hvítasunnu	• Sama og annar dagur páska.	• Sama og sunnudagur.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um helgidagafrið.

Frumvarpið er samið af nefnd sem falið var að endurskoða lög nr. 45/1926, um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar. Frumvarpið felur í sér rýmkun á heimildum til ýmiss konar starfsemi á helgidögum. Ekki verður séð að frumvarpið hafi í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

557. Svar [255. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Ögmundar Jónassonar og Kristins H. Gunnarssonar um kostnað við rekstur grunnskóla.

Leitað var upplýsinga hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um svör við fyrirspurninni.

1. *Hver var kostnaður sveitarfélaganna, hvers fyrir sig og samtals, við rekstur grunnskóla árið 1994?*

Hreinn kostnaður sveitarfélaga við rekstur grunnskóla var árið 1994 samtals 3.365 millj. kr.

Á meðfylgjandi yfirliti er að finna þennan kostnað sundurliðaðan eftir sveitarfélögum.

2. *Hver var kostnaður ríkisins við rekstur grunnskólans árið 1994 sundurliðað eftir sveitarfélögum?*

Kostnaður ríkisins árið 1994 af þeim verkefnum grunnskóla og tengdra stofnana sem gert er ráð fyrir að flytjist til sveitarfélaga var samtals 5.177 millj. kr.

Eingöngu er mögulegt að sundurliða eftir sveitarfélögum launakostnað ríkisins sem færður hefur verið á viðkomandi skóla eða samtals 4.583 millj. kr. Á meðfylgjandi yfirliti er að finna þá sundurliðun.

3. *Hver er áætlaður kostnaður við rekstur grunnskóla, á heilu ári, ef sveitarfélögin taka að fullu við rekstri grunnskólans og hvernig er áætlað að sá kostnaður þróist á næstu árum?*

Samkvæmt mati er fram kemur í lokaskýrslu nefndar sem hafði það verkefni að meta kostnað af tilfærslu grunnskólans til sveitarfélaga er kostnaður sveitarfélaga við rekstur grunnskóla áætlaður eftirfarandi:

1996	1997	1998	1999	2000
10.030	10.556	10.878	11.179	11.415

Tekið skal fram að nefndin var ekki sammála um einstaka liði í kostnaðarmati þessu.

Kostnaður við rekstur grunnskóla árið 1994.

Allar fjárhæðir í þús. kr.

		Sveitarfélög	Ríkissjóður
		Hreinn rekstrar-kostnaður 1994	Laun vegna kennslu og stjórnunar í grunnskólum 1994 1)
0000	**Reykjavíkurborg**	1.100.899	1.419.322
1000	**Kópavogskaupstaður**	208.701	274.526
1100	**Seltjarnarneskaupstaður**	58.213	68.935
1300	**Garðabær**	74.668	114.552
1400	**Hafnarfjarðarkaupstaður**	211.622	300.046
1603	**Bessastaðahreppur**	13.915	24.764
1604	**Mosfellsbær**	58.244	84.024
1605	**Kjalarneshreppur**	15.759	13.127
1606	**Kjósarhreppur**	4.689	5.179
2000	**Reykjanesbær**	132.652	165.221
2300	**Grindavíkurkaupstaður**	24.431	41.258
2503	**Sandgerði**	21.061	30.467
2504	**Gerðahreppur**	14.323	24.477
2506	**Vatnsleysustrandarhreppur**	8.624	18.125
3000	**Akraneskaupstaður**	61.372	104.859
3501	**Hvalfjarðarstrandarhreppur**	4.353	4.717
3502	**Skilmannahreppur**	4.323	5.205
3503	**Innri-Akraneshreppur**	2.702	2.928
3504	**Leirár- og Melahreppur**	3.657	3.416
3505	**Andakílshreppur**	7.263	7.624
3506	**Skorradalshreppur**	1.517	1.743
3507	**Lundarreykjadalshreppur**	2.189	2.461
3508	**Reykholtsdalshreppur**	6.144	7.450
3509	**Hálsahreppur**	2.227	2.505
3601	**Hvítársíðuhreppur**	1.581	1.628
3602	**Þverárhlíðarhreppur**	1.845	1.872
3605	**Borgarhreppur**	3.416	3.080
3607	**Álftaneshreppur**	2.300	2.262
3609	**Borgarbyggð**	36.046	44.915
3701	**Kolbeinsstaðahreppur**	Vantar	2.867
3709	**Eyrarsveit**	13.508	19.781
3710	**Helgafellssveit**	Vantar	1.220
3711	**Stykkishólmsbær**	18.502	22.989
3712	**Skógarstrandarhr.**	1.263	1.289
3713	**Eyja- og Miklaholtshreppur**	3.870	3.901
3714	**Snæfellsbær**	25.992	47.014
3809	**Saurbæjarhreppur**	Vantar	2.471
3811	**Dalabyggð**	16.139	20.776

		Sveitarfélög	Ríkissjóður
		Hreinn rekstrar-kostnaður 1994	Laun vegna kennslu og stjórnunar í grunnskólum 1994 1)
4000	**Ísafjarðarkaupstaður**	31.422	56.551
4100	**Bolungarvíkurkaupstaður**	12.941	21.916
4502	**Reykhólahreppur**	9.857	10.196
4604	**Tálknafjarðarhreppur**	5.484	10.259
4607	**Vesturbyggð**	25.628	37.310
4702	**Þingeyrarhreppur**	6.178	13.290
4703	**Mýrahreppur,**	1.411	2.757
4704	**Mosvallahreppur**	1.621	4.120
4705	**Flateyrarhreppur**	4.911	9.795
4706	**Suðureyrarhreppur**	7.296	9.874
4803	**Súðavíkurhreppur**	7.345	9.927
4901	**Árneshreppur**	3.012	4.723
4902	**Kaldrananeshreppur**	4.094	8.509
4904	**Hólmavíkurhreppur**	9.524	14.875
4905	**Kirkjubólshreppur**	916	577
4908	**Bæjarhreppur,**	3.300	3.222
4909	**Broddaneshreppur**	4.171	2.903
5000	**Siglufjarðarkaupstaður**	18.158	35.747
5100	**Sauðárkrókskaupstaður**	36.208	51.510
5501	**Staðarhreppur,**	2.462	5.200
5502	**Fr.-Torfustaðahreppur**	1.729	2.300
5503	**Y.-Torfustaðahreppur**	4.350	4.957
5504	**Hvammstangahreppur**	13.642	16.215
5505	**Kirkjuhvammshreppur**	2.151	2.396
5506	**Þverárhreppur**	2.876	5.016
5507	**Þorkelshólshreppur**	2.738	3.862
5601	**Áshreppur**	2.376	2.273
5602	**Sveinsstaðahreppur**	2.605	2.332
5603	**Torfalækjarhreppur**	3.560	3.150
5604	**Blönduósbær**	19.950	24.259
5605	**Svínavatnshreppur**	5.471	3.626
5606	**Bólstaðarhlíðarhreppur**	3.104	2.790
5607	**Engihlíðarhreppur**	2.179	1.780
5608	**Vindhælishreppur**	1.064	911
5609	**Höfðahreppur**	11.247	15.039
5610	**Skagahreppur,**	172	334
5701	**Skefilsstaðahreppur**	Vantar	1.534
5702	**Skarðshreppur,**	548	3.298
5703	**Staðarhreppur,**	3.037	1.469
5704	**Seyluhreppur**	9.642	9.118
5705	**Lýtingsstaðahreppur**	9.319	7.388
5706	**Akrahreppur**	6.101	6.319
5707	**Rípurhreppur**	601	3.071

		Sveitarfélög Hreinn rekstrar-kostnaður 1994	Ríkissjóður Laun vegna kennslu og stjórnunar í grunnskólum 1994 1)
5708	**Viðvíkurhreppur**	2.367	3.011
5709	**Hólahreppur**	3.220	3.769
5710	**Hofshreppur,**	9.635	9.961
5715	**Fljótahreppur**	3.849	5.241
6000	**Akureyrarkaupstaður**	151.698	242.663
6100	**Húsavíkurkaupstaður**	26.843	43.794
6200	**Ólafsfjarðarkaupstaður**	15.552	24.789
6300	**Dalvíkurbær**	18.221	27.608
6501	**Grímseyjarhreppur**	1.734	5.045
6502	**Svarfaðardalshreppur**	5.894	8.499
6504	**Hríseyjarhreppur**	2.873	6.871
6505	**Árskógshreppur**	7.615	9.509
6506	**Arnarneshreppur**	4.148	4.557
6507	**Skriðuhreppur**	1.803	2.022
6508	**Öxnadalshreppur**	549	616
6509	**Glæsibæjarhreppur**	4.039	4.427
6513	**Eyjafjarðarsveit**	24.044	21.887
6601	**Svalbarðsstrandarhr.**	3.751	9.332
6602	**Grýtubakkahreppur**	4.642	9.000
6604	**Hálshreppur**	3.571	4.153
6605	**Ljósavatnshreppur**	5.665	7.051
6606	**Bárðdælahreppur**	3.348	5.674
6607	**Skútustaðahreppur**	11.552	16.331
6608	**Reykdælahreppur**	4.455	6.972
6609	**Aðaldælahreppur**	10.196	9.786
6610	**Reykjahreppur**	1.883	2.192
6611	**Tjörneshreppur**	1.186	1.374
6701	**Kelduneshreppur**	2.865	1.749
6702	**Öxarfjarðarhreppur**	10.874	9.971
6705	**Raufarhafnarhreppur**	5.327	8.381
6706	**Svalbarðshreppur**	2.795	4.739
6707	**Þórshafnarhreppur**	5.639	9.642
7000	**Seyðisfjarðarkaupstaður**	11.643	18.251
7100	**Neskaupstaður**	15.439	32.704
7200	**Eskifjarðarkaupstaður**	9.536	18.639
7501	**Skeggjastaðahreppur**	3.346	5.792
7502	**Vopnafjarðarhreppur**	11.245	16.963
7503	**Hlíðarhreppur**	3.198	2.818
7504	**Jökuldalshreppur**	5.055	4.579
7505	**Fljótsdalshreppur**	3.179	3.285
7506	**Fellahreppur**	5.903	8.732
7507	**Tunguhreppur**	4.012	2.652
7508	**Hjaltastaðarhreppur**	2.598	2.436

		Sveitarfélög	Ríkissjóður
		Hreinn rekstrar-kostnaður 1994	Laun vegna kennslu og stjórnunar í grunnskólum 1994 1)
7509	**Borgarfjarðarhreppur**	3.504	5.264
7601	**Skriðdalshreppur**	2.648	2.824
7602	**Vallahreppur**	3.971	4.398
7603	**Egilsstaðabær**	13.299	32.417
7604	**Eiðahreppur**	5.912	6.127
7605	**Mjóafjarðarhreppur**	342	1.758
7609	**Reyðarfjarðarhreppur**	9.120	16.710
7610	**Fáskrúðsfjarðarhreppur**	2.755	1.419
7611	**Búðahreppur**	10.787	13.872
7612	**Stöðvarhreppur**	2.721	6.165
7613	**Breiðdalshreppur**	5.683	7.287
7617	**Djúpavogshreppur**	9.220	14.164
7701	**Bæjarhreppur**	788	880
7705	**Borgarhafnarhreppur**	4.205	4.920
7706	**Hofshreppur,**	2.777	3.890
7707	**Hornafjarðarbær**	34.161	43.610
8000	**Vestmannaeyjakaupstaður**	64.243	81.437
8100	**Selfosskaupstaður**	58.280	71.139
8508	**Mýrdalshreppur**	12.840	17.109
8509	**Skaftárhreppur**	15.471	13.078
8601	**A.-Eyjafjallahreppur**	3.330	6.566
8602	**V.-Eyjafjallahreppur**	4.873	6.036
8603	**A.-Landeyjahreppur**	6.683	5.948
8604	**V.-Landeyjahreppur**	2.783	4.420
8605	**Fljótshlíðarhreppur**	5.404	6.680
8606	**Hvolhreppur**	16.071	15.343
8607	**Rangárvallahreppur**	14.720	15.593
8610	**Ásahreppur**	3.653	2.555
8611	**Djúpárhreppur**	4.034	5.075
8612	**Holta- og Landsveit**	11.717	8.158
8701	**Gaulverjabæjarhreppur**	3.561	6.072
8702	**Stokkseyrarhreppur**	7.200	12.233
8703	**Eyrarbakkahreppur**	5.648	11.769
8704	**Sandvíkurhreppur**	1.670	2.698
8706	**Hraungerðishreppur**	4.595	6.480
8707	**Villingaholtshreppur**	6.508	6.917
8708	**Skeiðahreppur**	5.858	5.860
8709	**Gnúpverjahreppur**	6.817	7.488
8710	**Hrunamannahreppur**	12.343	14.993
8711	**Biskupstungnahreppur**	6.171	14.726
8712	**Laugardalshreppur**	2.538	7.122
8713	**Grímsneshreppur**	8.026	7.040
8714	**Þingvallahreppur**	1.480	1.331

		Sveitarfélög Hreinn rekstrar-kostnaður 1994	Ríkissjóður Laun vegna kennslu og stjórnunar í grunnskólum 1994 1)
8715	**Grafningshreppur**	1.916	1.625
8716	**Hveragerðisbær**	25.999	33.392
8717	**Ölfushreppur**	19.509	31.464
		3.365.232	4.583.215
	Til viðbótar:		
	Kostnaður ríkis 1994 vegna fræðsluskrifstofa sem gert er ráð fyrir að flytjist til sveitarfélaga		173.051
	Annar kostnaður ríkis 1994 vegna verkefna sem gert er ráð fyrir að flytjist til sveitarfélaga (T.a.m. sérskólar og sérdeildir ríkisins)		420.888
	Samtals	**3.365.232**	**5.177.154**

1) Nokkuð er um að sveitarfélög reki grunnskóla sameiginlega. Í slíkum tilvikum hefur launakostnaði ríkisins vegna grunnskólans verið skipt niður á viðkomandi sveitarfélög eftir nemendafjölda.
Hluti af launakostnaði ríkisins eru laun vegna sérdeilda fræðsluumdæma í grunnskólum. Þrátt fyrir að þær þjóni jafnvel stærri svæðum þá er kostnaðurinn færður á viðkomandi grunnskóla og hann því sýndur hér hjá viðkomandi sveitarfélagi.

558. Fyrirspurn [316. mál]

til fjármálaráðherra um fíkniefnasmygl.

Frá Ögmundi Jónassyni og Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvernig hyggst ráðherra beita sér fyrir úrbótum gagnvart fíkniefnasmygli þar sem tollgæslu er ábótavant eins og fram kom í viðtali við tollverði í DV 29. og 31. janúar sl.?
2. Hafði ráðherra afskipti af málefnum þeirra tollvarða sem rætt var við um fíkniefnavarnir í sömu viðtölum?

559. Frumvarp til laga [317. mál]

um breytingu á lögum um landflutningasjóð, nr. 62/1979, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Hlutverk landflutningasjóðs er að stuðla að uppbyggingu og framþróun í vöruflutningum á landi. Í þeim tilgangi skulu veittir styrkir til verkefna sem lúta að fræðslu um flutningastarfsemi, svo sem rekstur flutningafyrirtækja, vörumeðferð, neytendavernd og markaðsmál.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 2. og 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ráðherra skipar þrjá menn í stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn, þar af einn eftir tilnefningu Landvara, félags íslenskra vöruflytjenda. Formaður sjóðstjórnar skal vera annar þeirra sem skipaður er án tilnefningar.
b. 2. mgr. fellur brott.

3. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Stjórn landflutningasjóðs tekur ákvörðun um hvernig hagað skuli vörslu og umsjón sjóðsins. Endurskoðun ársreikninga landflutningasjóðs annast Ríkisendurskoðun.

4. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Rétt til styrkja úr sjóðnum eiga þeir einir sem eru fullgildir félagar í Landvara, félagi íslenskra vöruflytjenda, samtök þeirra eða verkefni á þeirra vegum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1996.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frá 1. júní 1996 fellur úr gildi skipunartími núverandi stjórnar landflutningasjóðs og skal ný stjórn skipuð frá sama tíma.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í samgönguráðuneytinu. Landflutningasjóður var stofnaður með lögum nr. 62/1979. Aðdragandi stofnunar hans var nokkur ár. Alþingi samþykkti árið 1975 þingsályktun um „stofnlánasjóð vegna stórra atvinnubifreiða og stórvirkra vinnuvéla“ og hafði Landvari, landsfélag vörubifreiðaeigenda á flutningaleiðum, átt frumkvæði að því að tillagan var flutt. Samgönguráðherra skipaði nefnd er samdi frumvarp um sjóðinn. Í fyrstu var gert ráð fyrir í frumvarpinu að fleiri ættu aðild að sjóðnum, þ.e. einnig eigendur vinnuvéla og sérleyfis- og hópferðabíla. Eftir athuganir þingnefndar kom í ljós að einungis Landvaramenn höfðu hug á að taka þátt í sjóðnum. Þegar undirbúningur hafði staðið í fjögur til fimm ár var frumvarp í breyttu formi samþykkt sem lög frá Alþingi 31. maí 1979.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að allt frumkvæði að stofnun og tilurð sjóðsins hafi komið frá Landvara. Þeir greiddu síðan samkvæmt lögunum 1% gjald (tekið af aðstöðugjaldsstofni frá tekjuárinu 1980 að telja) til sjóðsins til 1984. Þá var lögunum breytt, enn að frumkvæði Landvara, þannig að 1% gjaldið var fellt niður, enda hafði ríkissjóður ekki staðið við að greiða sitt mótframlag sem lögin gerðu ráð fyrir að yrði jafnhátt og gjald Landvaramanna.

Höfuðstóll Landflutningasjóðs er því myndaður annars vegar með 1% gjaldi félaga í Landvara, hins vegar með tekjum af starfsemi sjóðsins. Ljóst er af öllum gögnum málsins sem og af texta laganna að engir aðrir en félagar í Landvara hafa myndað eign sjóðsins. Eigið fé sjóðsins nam í árslok 1993 15.210.336 kr. Varsla sjóðsins er í höndum Byggðastofnunar samkvæmt samningi sem undirritaður var 3. febrúar 1994.

Í 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna frá 1979, um tekjur sjóðsins, segir: „1% gjald er innheimt af starfsemi þeirra aðila sem eiga og reka bifreiðar til skipulagsbundinna vöruflutninga um landið, enda séu þeir fullgildir meðlimir í Landvara.“ Með lögum nr. 54/1984 var ákvæðum 4. gr. laganna um tekjur sjóðsins breytt. Þá var um leið tekið tillit til þess að einungis félagar í Landvara höfðu greitt til sjóðsins með ákvæði 2. gr. sem er svohljóðandi: „2. mgr. 5. gr. orðist svo: Rétt til lána úr sjóðnum eiga þeir einir sem eru fullgildir félagar í Landvara, landsfélagi vörubifreiðaeigenda á flutningaleiðum.“ Þegar innheimta gjaldsins í sjóðinn hófst 1981 fór hún fram samkvæmt félagatali Landvara og æ síðan á meðan gjaldið var innheimt og er það staðfest með bréfum milli ráðuneytisins og ríkisskattstjóra.

Landvari hefur farið þess á leit við ráðuneytið að Landflutningasjóður verði lagður niður og eignir hans afhentar Landvara. Ljóst er að ógerlegt er að endurgreiða gjaldið þeim sem upphaflega inntu það af hendi. Einstaklingar hafa látist og fyrirtæki hætt starfsemi. Því verður að leita annarra leiða við ráðstöfun sjóðsins. Hér er valin sú leið að sjóðurinn starfi áfram undir yfirstjórn samgönguráðherra og að sjóðurinn fá nýtt hlutverk til að styrkja stöðu atvinnugreinarinnar. Samgönguráðherra skipar þriggja manna stjórn sjóðsins og þar skal einn tilnefndur af Landvara.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um hlutverk sjóðsins og til hverra verkefna sjóðurinn skuli veita styrki.

Um 2. gr.

Áfram er gert ráð fyrir að þrír menn skipi stjórn sjóðsins. Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að auk Landvara tilnefni Framkvæmdastofnun ríkisins, nú Byggðastofnun, einn fulltrúa í sjóðstjórn. Hér er lagt er til að samgönguráðherra skipi tvo menn í sjóðinn án tilnefningar og að Landvari tilnefni einn fulltrúa.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að stjórn sjóðsins taki á hverjum tíma ákvörðun um hver hafi með höndum vörslu og umsjón sjóðsins og að Ríkisendurskoðun annist endurskoðun ársreikninga sjóðsins í samræmi við reglur þar um. Varsla sjóðsins er nú í höndum Byggðastofnunar samkvæmt samningi sem undirritaður var 3. febrúar 1994.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Miðað er við, verði frumvarpið að lögum, að þau taki gildi 1. júní nk. og að frá þeim tíma verði skipuð ný sjóðstjórn.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um landflutningasjóð, nr. 62/1979, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að landflutningasjóður fái nýtt hlutverk, þ.e. að stuðla að uppbyggingu og framþróun í vöruflutningum á landi. Í þessu sambandi skal sjóðurinn beita sér fyrir því að styrkja fullgilda félaga í Landvara, landsfélagi vörubifreiðaeigenda á flutningaleiðum, í samræmi við hlutverk sjóðsins. Samkvæmt núgildandi lögum er hlutverk sjóðsins að veita stofnlán til kaupa á vöruflutingabifreiðum er eiga að annast vöruflutninga á langleiðum og fyrir dreifbýli og til nauðsynlegra bygginga sem eru beinum tengslum við slíka flutningastarfsemi.

Eigið fé landflutningasjóðs, sem myndað er annars vegar með 1% gjaldi af stofni aðstöðugjalds félaga í Landvara og hins vegar með tekjum af starfsemi sjóðsins, var í árslok 1993 rúmar 15 m.kr.

Ekki verður séð að löggilding frumvarpsins hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð.

560. Fyrirspurn [318. mál]

til viðskiptaráðherra um fjárfestingu erlendra aðila á Íslandi.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hversu mikil var fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi árin 1993–1995?
2. Hversu mikil var sú fjárfesting í einstökum atvinnugreinum?
3. Má vænta aukins áhuga útlendinga á því að fjárfesta í íslensku atvinnulífi?

561. Fyrirspurn [319. mál]

til viðskiptaráðherra um fjárfestingu Íslendinga erlendis.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hversu mikil var fjárfesting Íslendinga erlendis á árunum 1993–1995? Í hverju fólst sú fjárfesting?
2. Hversu mikill hluti fjárfestingarinnar kom frá
   a. atvinnufyrirtækjum,
   b. fjármálastofnunum, þar með töldum lífeyrissjóðum,
   c. einstaklingum?
3. Má vænta aukinnar fjárfestingar Íslendinga erlendis? Ef svo er, á hvaða sviðum helst?

562. Svar [69. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um styrkveitingar úr Menningarsjóði úrvarpsstöðva [viðbótarsvar].

Fyrirspurnin var svohljóðandi:

Hverjir hafa fengið styrkveitingar að upphæð yfir 1 millj. kr. úr Menningarsjóði útvarpsstöðva frá upphafi, til hvaða verkefna, hversu háar upphæðir voru veittar til hvers verkefnis og hver þessara verkefna hafa verið flutt sem dagskrárefni í hljóðvarpi og sjónvarpi?

Á þingskjali 127 var leitast við að svara fyrirspurninni en vakin athygli á að ekki lægju fyrir tæmandi upplýsingar um hluta þess sem um var spurt og í umræðum á 27. fundi, 6. nóvember sl., kom fram í svari ráðherra við munnlegri (óundirbúinni) fyrirspurn þingmannsins að vænta mætti frekari upplýsinga.

Frá Menningarsjóði útvarpsstöðva hafa borist fyllri upplýsingar um úthlutun styrkja úr sjóðnum og afdrif styrktra verkefna. Hefur þeim upplýsingum verið bætt við fyrra svar og er það prentað hér á ný.

Bréf sjóðsins fylgir svarinu sem fylgiskjal.

Úthlutanir til Íslenska sjónvarpsfélagsins (Stöðvar 2) og Íslenska útvarpsfélagsins (Bylgjunnar).

	Athugasemdir	Þús. kr.
9. apríl 1987		
Íslenska sjónvarpsfélagið:		
Sviðsljós	flutt	1.000
Spurningaþáttur	flutt	800
Íslenska útvarpsfélagið:		
15 sakamálaleikrit	flutt	1.200
Tónsmíð og tónleikar	flutt	1.100
28. september 1987		
Íslenska útvarpsfélagið:		
Smásögur ungra höfunda	flutt	1.000
Ný leikritaröð	flutt	1.500
Tónlist og saga	flutt	500
Íslenskir skemmtikraftar frá dögum revíunnar	flutt	1.008
20. nóvember 1987		
Íslenska útvarpsfélagið:		
Fréttir og fortíð	flutt	1.200
Jazztónleikar*		1.000
Klassísk tónlist*		1.000
14. desember 1987		
Íslenska sjónvarpsfélagið:		
Þingvellir í myndum íslenskra málara	flutt	2.000
Sá yðar sem syndlaus er	flutt	1.950
15. febrúar 1988		
Íslenska útvarpsfélagið:		
Minningarþáttur um Vilhjálm Vilhjálmsson	flutt	250
Brávallagata 92	flutt	1.560
Afritun gamalla hljóðrita	flutt	400
Til fræðsluþátta	flutt	300
21. mars 1988		
Íslenska sjónvarpsfélagið:		
Heimildarmynd um Halldór Laxness	flutt	2.000
Íslenska útvarpsfélagið:		
Spurningaþættir	flutt	975
Músiktilraunir '88	flutt	272
Leikþættir	flutt	750
27. maí 1988		
Íslenska útvarpsfélagið:		
Dagskrárþættir um íslenska textagerð	flutt	440
Afmæli Hljóma	flutt	363
21. júlí 1988		
Íslenska útvarpsfélagið:		
Endurvakning útvarpsskákar	flutt	250
Umferðarátak	flutt	250
Alnæmi	flutt	200
13. desember 1988		
Íslenska útvarpsfélagið:		
Brávallagata 92	flutt	850
Spurningaþættir	flutt	500

27. nóvember 1989			
Íslenska útvarpsfélagið:			
Umferðarútvarp	flutt		675
Saga íslenskrar dægurtónlistar	flutt		1.000
Bibba á Brávallagötunni	flutt		1.200
Fræðsla um alnæmi	flutt		400
Þáttur um Þórberg Þórðarson	flutt		300
Til Leiklistarskóla Íslands	flutt		1.000
Fræðsla um eiturlyf	flutt		500
Amerísk sveitatónlist	flutt		120
„Og hvað svo“	flutt		525
Sögulestur	flutt		750
Bibba í heimsreisu	flutt		1.500
Málræktarátak	flutt		1.025
27. desember 1990			
Íslenska útvarpsfélagið:			
Fræðsluþættir um umhverfismál	flutt		1.000
Fræðsluþættir um eiturlyf	flutt		750
Pistlar um umferðina	flutt		750
Fræðsluþættir um framhaldsskóla	flutt		1.000
Fræðsluþættir um peningamál	flutt		600
Pistlar fyrir Slysavarnafélag Íslands	flutt		450
Pistlar um menningarmál	flutt		350
Dagskrárgerð utan Reykjavíkur	flutt		1.100
Íslenska sjónvarpsfélagið:		sótt um	
Heimildarmynd um Halldór Laxness, ensk útgáfa	flutt	3.250	
Áfangar	flutt	7.500	
Jólaboð með afa 1989	flutt	1.600	
Heimildarþáttur um Þórberg Þórðasson	flutt	1.500	
Talsetning á barnaefni	flutt	3.000	
Jólaboð með afa 1991	flutt	2.000	
Emil og skundi	flutt	3.000	
Draumalandið	flutt	6.000	
Nýja öldin	flutt	3.000	
Maður lifandi	flutt	5.250	
Lystaukinn	flutt	4.000	
Landslagið 1990	flutt	2.000	
Samtals		**42.100**	
Úthlutað án tilgreiningar			12.750
29. apríl 1991			
Með afa	flutt		1.400
Talsetning barnaefnis	flutt		2.800
Ungir listamenn	flutt		1.900
Hvernig gerum við	hætt við		1.900
1. febrúar 1992			
Sjónvarpsþættir um umhverfisvernd	flutt		3.500
20. mars 1993			
Sjónvarpsmynd um Kristján Jóhannsson óperusöngvara	flutt		7.000
Sporðaköst	flutt		5.000
Leiðtogafundurinn í Reykjavík	í vinnslu		4.000

* Var breytt með bókun 13. desember 1987 í: Hljómleikar með léttri tónlist (flutt).

Úthlutanir til Ríkisútvarpsins, hljóðvarps.

	Athugasemdir	Þús. kr.
9. apríl 1987		
Íslenskt söngvasafn	flutt	2.000
Þættir úr sögu Íslands	flutt	960
Íslendingasögur	flutt	615
Menningarkvöldvökur	flutt	600
15. febrúar 1988		
Útvarp í íslensku þjóðlífi í 60 ár	flutt	520
Barna- og unglingaþættir í Íslendingasögum	flutt	900
Síldarárin á Siglufirði	flutt	400
21. mars 1988		
Þáttaröð um líf og starf sjómannsins í gegnum tíðina	flutt	550
Viðtöl við aldraða Íslendinga sem hafa dvalið langdvölum í Danmörku, Noregi og Svíþjóð	flutt	350
Frá aldarbyrjun	flutt	550
Heimildarþættir um Theodór Gunnarsson	flutt	500
Hljóðritun á leik norðlenskra tónlistarmanna	flutt	500
27. maí 1988		
Shakespeare	flutt	1.750
Fræðsluþættir fyrir börn og unglinga	flutt	650
Hljóðritanir á verkum íslenskra tónskálda	flutt	1.000
21. júlí 1988		
Fornleifarannsóknir	flutt	250
Þáttur um tónlistariðkun alþýðu á Íslandi fyrr og nú	flutt	500
Stjórnmálabarátta á Íslandi frá 1945	hætt við	750
Sönghæf tónlist fyrir börn	flutt	500
13. desember 1988		
Keltnesk áhrif	flutt	500
21. febrúar 1990		
Útvarpið 60 ára	flutt	3.500
Hljóðritun á nýjum tónverkum eftir íslensk tónskáld	flutt	500
Leikverk eftir suður-ameríska höfunda	flutt	500
Pólitískar satírur	flutt	500
27. desember 1990		
Leikþættir fyrir börn og unglinga	flutt	1.200
Það er leikur að hlusta	flutt	400
Leikverk frá Austur-Evrópu	flutt	2.400
29. apríl 1991		
Jóhann Sigurjónsson	í vinnslu	2.500
Búa tvær þjóðir í landinu?	flutt	1.000
Þjóðsögur í útvarpsbúningi	flutt	1.500
Götubarinn	flutt	1.200
Menning á Norðurheimskautinu	í vinnslu	1.200
Íslandsverslun á tímum einokunar	í vinnslu	800
Þjóðgarðar og friðlönd	flutt	200
2. febrúar 1992		
Hrafnkelssaga	flutt	500
Burleskur, frásagnarháttur í bókmenntum Frakka og Spánverja	*flutt*	*500*
Gamanleikur — til að láta semja handrit að íslenskum gamanleikjum	flutt	2.000
Íslensk framleiðsla — fréttaþáttur	flutt	450
Útvarpsleikrit á vegum Leikfélags Akureyrar	flutt	400
Austurland: Hvalveiðar við Austurland	flutt	140

20. mars 1993		
Rás 1:		
Skólakerfi á krossgötum	flutt	365
Tvennar sögur	í vinnslu	400
Útvarpsþættir um norræna menn á Frakklandi	flutt	540
Balkanskagi og hrun kommúnismans	flutt	350
Don Giovanni í nútíð og fortíð	í vinnslu	290
Rás 2: Sögur úr kaupstaðarferð	í vinnslu	600
Ísafjörður: Gengið um Skutulsfjarðareyri	í vinnslu	100
Akureyri: Ingimar Eydal	flutt	200
Austurland: Byggð í Breiðuvík	flutt	100
3. október 1995		
Ísafjörður: Þar vex gras undir vængjum fugla		275*
Rás 2:		
Íslensk sakamál		330*
Ég bið að heilsa		260*
Heimur leikjanna		300*
Ljóðár		1.500*
Leiklistardeild: Íslenskir gamanleikir		800*
Austurland: Vestur-íslenskir Austfirðingar		200*

* Styrkir hafa ekki verið greiddir út.

Úthlutanir til Ríkisútvarpsins, sjónvarps.

	Athugasemdir	Þús. kr.
9. apríl 1987		
Kaup á 4 kvikmyndum:		
Útlaginn		
Okkar á milli		
Skammdegi		
Eins og skepnan deyr	flutt	4.350
15. febrúar 1988		
Heimildarmynd um Þorlák helga	flutt	1.229
Næturganga	flutt	4.940
Refurinn	flutt	450
Hrafninn	flutt	450
21. mars 1988		
Þáttur um Nonna	flutt	2.000
Þáttur um Þingvelli	flutt	1.900
Þáttaröð um Ísland og umheiminn	flutt	4.500
27. maí 1988		
Dagur vonar	flutt	3.000
21. júlí 1988		
Blindingsleikur	hætt við	1.000
13. desember 1988		
Blindingsleikur	hætt við	1.000
30. janúar 1990		
Marías, en að beiðni forráðamanna RÚV mun úthlutun hafa verið breytt þannig að Litbrigði jarðarinnar var styrkt	flutt	10.000
27. desember 1990		
Marías	flutt	4.000
29. apríl 1991		
Jóladagatal 1991	flutt	3.500

Sjóarinn	flutt	9.000
Hjartað	flutt	2.500
Jólasiðir	flutt	900
Skaftafell	flutt	700
1. febrúar 1992		
Sögustaðir (heimildarmynd)	flutt	4.000
Söngleikir — úr íslenskum söngleikjum	flutt	1.200
Hálendi Íslands (heimildarmynd)	flutt	1.000
Skólasaga (heimildarmynd)	flutt	1.000
Jónas Hallgrímsson (heimildarmynd)	flutt	3.000
Íslenskir vísindamenn (heimildarmynd)	flutt	3.000
20. mars 1993		
Og hún á þessum aldri	hætt við	6.500*
Blái hatturinn	flutt	2.000
Heimildarmynd um Guðmund Hannesson lækni	flutt	1.500
Þið munið hann Jörund	flutt	7.000
3. október 1995		
Hreinn Sveinn (styrkur hefur ekki verið greiddur út)		4.000
* Styrk endurúthlutað:		
Björgunin (endurúthlutun)		2.500
Rondó (endurúthlutun)		2.000
Hreinn Sveinn (endurúthlutun)		2.000

Úthlutanir til ýmissa aðila.

	Athugasemdir	Þús. kr.
Eyfirska sjónvarpsfélagið hf.		
20. nóvember 1987: Heimildarmynd um Hjalteyri	flutt	400
29. apríl 1991: Fiskeldi í Eyjafirði	flutt	600
Aðalstöðin.		
29. október 1990: Undir regnboganum*	flutt	400
29. apríl 1991:		
Úr bókahillunni/Sígildir tónar*	uppl. vantar	2.100
Hljóðritun á verkum íslenskra tónlistarmanna*	uppl. vantar	400
Viðar Víkingsson.		
1. febrúar 1992: Á Stóra Hrauni		2.000
15. september 1992: Á Stóra Hrauni		1.000
20. mars 1993: Á Stóra Hrauni (útgreitt 29. maí 1995)	í vinnslu	10.000
Kvikmyndafélagið Nýja Bíó hf.		
1. febrúar 1992: Heimildarmynd um Stephan G. Stephansson	í vinnslu	1.000
Þorsteinn Helgason.		
1. febrúar 1992: Tyrkjaránið		1.000
15. september 1992: Tyrkjaránið		1.000
20. mars 1993: Tyrkjaránið	í vinnslu	2.000
idéfilm.		
1. febrúar 1992: Bjarkarlauf — saga lýðveldisins		2.000
15. september 1992: Bjarkarlauf		1.000
20. mars 1993: Bjarkarlauf	í vinnslu	1.000
Hringsjá.		
1. febrúar 1992: Þjóð í hlekkjum hugarfarsins		3.000
15. september 1992: Þjóð í hlekkjum hugarfarsins		3.500
20. mars 1993: Þjóð í hlekkjum hugarfarsins	flutt	2.400

Ásthildur Kjartansdóttir og Dagný Kristjánsdóttir.

1. febrúar 1992: Draumur um draum (Mín liljan fríð)		2.500
15. september 1992: Draumur um draum (Mín liljan fríð)		3.500
20. mars 1993: Draumur um draum	flutt	2.400

Egill Eðvarðsson.

1. febrúar 1992: Blóðskömm		1.000
15. september 1992: Blóðskömm		1.000
20. mars 1993: Blóðskömm (útgreitt 9. júní 1995)	í vinnslu	10.000

Páll Steingrímsson.

1. febrúar 1992: Heimildarmynd um sögu tónlistar á Íslandi	í vinnslu	1.500

Hillingar (Lárus Ýmir Óskarsson).

1. febrúar 1992: Maður í frakka	flutt	2.000

Aðalstöðin — þá Útvarp Reykjavík hf.

1. febrúar 1992: Upphaf og uppruni skipulagðrar fjölmiðlunar á Íslandi*	í vinnslu	900
20. mars 1992: Íslenska, það er málið*	flutt	1.500

Guðjón Arngrímsson.

1. febrúar 1992: Heimildarmynd um erfðir og umhverfisáhrif — Worlds Apart		500
15. september 1992: Worlds Apart		1.000
20. mars 1993: Worlds Apart	í vinnslu	2.500

Finnbogi Hermannsson.

1. febrúar 1992: Menningarsaga Ísafjarðar	flutt	240
20. mars 1993: Snillingurinn í Hólmi	í vinnslu	800

Íslenska kvikmyndasamsteypan hf.

15. september 1992: Sjónvarpsmynd eftir skáldsögum Einars Kárasonar		1.000
20. mars 1993: Sjónvarpsmynd eftir skáldsögum Einars Kárasonar	í vinnslu	2.000

Saga film hf.

20. mars 1993: Jón Sigurðsson forseti	flutt	3.000
3. október 1995:		
Aldarteikn	í vinnslu	800
Fornbókabúðin	í vinnslu	900

Birgir Sigurðsson.

20. mars 1993: Heimildarmynd um íslenskt almúgafólk	í vinnslu	3.500

Pegasus.

20. mars 1993: Ljáðu mér vængi	í vinnslu	3.000

Þorvaldur Gylfason.

20. mars 1993: Að byggja land	í vinnslu	4.000

Kvikmyndafélag Íslands hf.

20. mars 1993: Heimildarmynd um Eggert V. Briem	flutt	1.000
3. október 1995: Sjálfvirkinn	í vinnslu	1.500

Valdimar Leifsson og Bryndís Kristjánsdóttir.

20. mars 1993: Listakonan sem Ísland hafnaði	flutt	2.000

Rammsýn.

20. mars 1993: Til þess eru vítin ...	í vinnslu	3.000

Hannes Hólmsteinn Gissurarson.

20. mars 1993: Hugmyndaarfur Íslendinga á 20. öld	í vinnslu	1.100

Valur Ingimundarson og Árni Snævarr.

20. mars 1993: Baráttan fyrir alþjóðaviðurkenningu	flutt	2.000

Jón Hermannsson.		
20. mars 1993: Sjávarnýtingin**	uppl. vantar	2.000
Þórunn Sigurðardóttir.		
3. október 1995: Feigðarför	í vinnslu	2.765
Aflvakinn hf.		
3. október 1995:		
Ljóð og lag	í vinnslu	720
Íslenskt mál	í vinnslu	1.200
Þjóðsögur	í vinnslu	780
Piltur og stúlka	í vinnslu	1.500
Útvarp FM hf.		
3. október 1995:		
Þjóðfélagsgagnrýnandinn	í vinnslu	760
Bilið brúað	í vinnslu	450
Kelvin myndir ehf.		
3. október 1995: Uxi '95	flutt	1.000
Kvikmyndagerðin Alvís.		
3. október 1995: Fjölmiðlabyltingin	í vinnslu	1.500
Anna Th. Rögnvaldsdóttir.		
3. október 1995: Kalt borð	í vinnslu	1.000
Kristín Bergþóra Pálsdóttir.		
3. október 1995: Þá riðu hetjur um héruð	í vinnslu	2.000
Kjól & Anderson ehf.		
3. október 1995:		
Nautn nr. 1	flutt	1.000
Grúví sé lof og dýrð	í vinnslu	1.000
Baldur kvikmyndagerð.		
3. október 1995: Ráðagóða stelpan	í vinnslu	1.000
Einar Magnús Magnússon.		
3. október 1995: Heimildarmynd um fíkniefnaheiminn á Íslandi	í vinnslu	1.000
Klassíski listdansskólinn hf.		
3. október 1995: Lata stelpan*	í vinnslu	1.500
ILM hf.		
3. október 1995: Þegar það gerist	í vinnslu	1.500
Ingólfur Margeirsson.		
3. október 1995: Sögur úr Hrísey	í vinnslu	1.500
Hans Kristján Árnason.		
3. október 1995: Tónlist fyrir alla*		1.000
Oddný Sen.		
3. október 1995: Kínverskir skuggar	í vinnslu	1.500

* Styrkir hafa ekki verið greiddir út.
** Krafist hefur verið endurgreiðslu styrks.

Listi yfir styrkt verkefni sem ekki hefur verið lokið við samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum.

	Athugasemdir	Þús. kr.
I. ÝMSIR STYRKÞEGAR		
Viðar Víkingsson.		
1. febrúar 1992: Á Stóra Hrauni		2.000
15. september 1992: Á Stóra Hrauni		1.000
20. mars 1993: Á Stóra Hrauni (útgreitt 29. maí 1995)	í vinnslu	10.000
Kvikmyndafélagið Nýja Bíó hf.		
1. febrúar 1992: Heimildarmynd um Stephan G. Stephansson	í vinnslu	1.000
Þorsteinn Helgason.		
1. febrúar 1992: Tyrkjaránið		1.000
15. september 1992: Tyrkjaránið		1.000
20. mars 1993: Tyrkjaránið	í vinnslu	2.000
idéfilm.		
1. febrúar 1992: Bjarkarlauf – saga lýðveldisins		2.000
15. september 1992: Bjarkarlauf		1.000
20. mars 1993: Bjarkarlauf	í vinnslu	1.000
Egill Eðvarðsson.		
1. febrúar 1992: Blóðskömm		1.000
15. september 1992: Blóðskömm		1.000
20. mars 1993: Blóðskömm (útgreitt 9. júní 1995)	í vinnslu	10.000
Páll Steingrímsson.		
1. febrúar 1992: Heimildarmynd um sögu tónlistar á Íslandi	í vinnslu	1.500
Guðjón Arngrímsson.		
1. febrúar 1992: Heimildarmynd um erfðir og umhverfisáhrif – Worlds Apart		500
15. september 1992: Worlds Apart		1.000
20. mars 1993: Worlds Apart	í vinnslu	2.500
Hjálmtýr Heiðdal.		
20. mars 1993: Hellisheiðarvegurinn	í vinnslu	500
Ágúst Þór Árnason.		
20. mars 1993: Söguleg réttarhöld	í vinnslu	300
Finnbogi Hermannsson.		
20. mars 1993: Snillingurinn í Hólmi	í vinnslu	800
Íslenska kvikmyndasamsteypan hf.		
15. september 1992: Sjónvarpsmynd eftir skáldsögum Einars Kárasonar		1.000
20. mars 1993: Sjónvarpsmynd eftir skáldsögum Einars Kárasonar	í vinnslu	2.000
Birgir Sigurðsson.		
20. mars 1993: Heimildarmynd um íslenskt almúgafólk	í vinnslu	3.500
Pegasus.		
20. mars 1993: Ljáðu mér vængi	í vinnslu	3.000
Þorvaldur Gylfason.		
20. mars 1993: Að byggja land	í vinnslu	4.000
Kvikmyndafélag Íslands hf.		
3. október 1995: Sjálfvirkinn	í vinnslu	1.500
Rammsýn.		
20. mars 1993: Til þess eru vítin ...	í vinnslu	3.000

Jón Egill Bergþórsson.

20. mars 1993: Jóhann Sigurjónsson	í vinnslu	500

Hannes Hólmsteinn Gissurarson.

20. mars 1993: Hugmyndaarfur Íslendinga á 20. öld	í vinnslu	1.100

Jón Hermannsson.

20. mars 1993: Sjávarnýtingin*	uppl. vantar	2.000

Þórunn Sigurðardóttir.

3. október 1995: Feigðarför	í vinnslu	2.765

Aflvakinn hf.

3. október 1995:		
Ljóð og lag	í vinnslu	720
Íslenskt mál	í vinnslu	1.200
Þjóðsögur	í vinnslu	780
Piltur og stúlka	í vinnslu	1.500

Jóhann Hauksson.

3. október 1995: Hugur ræður hálfri sjón	í vinnslu	500

Útvarp FM hf.

3. október 1995:		
Þjóðfélagsgagnrýnandinn	í vinnslu	760
Bilið brúað	í vinnslu	450

Myndbær hf. – Sígilt FM 94,3.

3. október 1995: Hæfileikafólk – tónlist	í vinnslu	450

Pétur Pétursson.

3. október 1995: Viðtalsþættir	í vinnslu	300

Jón Kalman Stefánsson.

3. október 1995: Ljóð vikunnar í textavarpi	í vinnslu	256

Kvikmyndagerðin Alvís.

3. október 1995: Fjölmiðlabyltingin	í vinnslu	1.500

Hafnfirsk fjölmiðlun hf.

3. október 1995: Heimildarmynd um Rafha	í vinnslu	400

Anna Th. Rögnvaldsdóttir.

3. október 1995: Kalt borð	í vinnslu	1.000

Kristín Bergþóra Pálsdóttir.

3. október 1995: Þá riðu hetjur um héruð	í vinnslu	2.000

Kjól & Anderson ehf.

3. október 1995:		
Nautn nr. 1	flutt	1.000
Grúví sé lof og dýrð	í vinnslu	1.000

Baldur, kvikmyndagerð.

3. október 1995: Ráðagóða stelpan	í vinnslu	1.000

Einar Magnús Magnússon.

3. október 1995: Heimildarmynd um fíkniefnaheiminn á Íslandi	í vinnslu	1.000

ILM hf.

3. október 1995: Þegar það gerist	í vinnslu	1.500

Ingólfur Margeirsson.

3. október 1995: Sögur úr Hrísey	í vinnslu	1.500

Jón Ormar Ormsson.		
3. október 1995: Jón Magnússon Ósmann	í vinnslu	500
Oddný Sen.		
3. október 1995: Kínverskir skuggar	í vinnslu	1.500
Saga film hf.		
3. október 1995:		
Aldarteikn	í vinnslu	800
Fornbókabúðin	í vinnslu	900
II. RÚV – SJÓNVARP		
21. júlí 1988: Blindingsleikur		1.000
13. desember 1988: Blindingsleikur	hætt við	1.000
III. RÚV – HLJÓÐVARP		
21. júlí 1988: Stjórnmálabarátta á Íslandi	hætt við	750
29. apríl 1991:		
Íslandsverslun á tímum einokunar	í vinnslu	800
Jóhann Sigurjónsson	í vinnslu	2.500
Menning á Norðurheimskautinu	í vinnslu	1.200
20. mars 1993:		
Tvennar sögur	í vinnslu	400
Don Giovanni í nútíð og fortíð	í vinnslu	290
Rás 2: Sögur úr kaupstaðaferð	í vinnslu	600
Ísafjörður: Gengið um Skutulsfjarðareyri	í vinnslu	100
IV. ÍSLENSKA ÚTVARPSFÉLAGIÐ		
29. apríl 1991: Hvernig gerum við	hætt við	1.900

* Krafist hefur verið endurgreiðslu styrks.

Úthlutanir til aðila sem ekki hafa hlotið 1.000.000 kr. í styrk úr sjóðnum.

	Athugasemdir	Þús. kr.
Hjálmtýr Heiðdal.		
20. mars 1993: Hellisheiðarvegurinn	í vinnslu	500
Jón Egill Bergþórsson.		
20. mars 1993: Jóhann Sigurjónsson	í vinnslu	500
Ágúst Þór Árnason.		
20. mars 1993: Söguleg réttarhöld	í vinnslu	300
Inga Huld Hákonardóttir.		
20. mars 1993: Konur og kristni	flutt	200

Fylgiskjal.

Úthlutanir styrkja úr Menningarsjóði útvarpsstöðva og afdrif verkefna.

(25. janúar 1996.)

Fyrr í vetur kom fram fyrirspurn á Alþingi um veitta styrki úr Menningarsjóði útvarpsstöðva og afdrif verkefna sem styrkir hefðu verið veittir til. Stuttur tími gafst til svars og þess bar svarið merki. Stjórn sjóðsins hefur haldið áfram að afla upplýsinga til að fylla í þær eyður sem voru í fyrra svari. Hér á eftir og í meðfylgjandi gögnum má sjá árangur þess starfa.

Nú má segja að ljóst sé orðið til hvaða verkefna styrkir hafa verið veittir frá upphafi. Þær upplýsingar hafa verið skráðar inn á meðfylgjandi skjöl sem eru leiðrétt og uppfærð fylgiskjöl upphaflegs svars. Að vísu sker sig úr úthlutun frá 27. desember 1990 til Íslenska sjónvarpsfélagsins. Þá lá fyrir umsókn þess félags um styrki að fjárhæð 42.100.000 kr. til tilgreindra verkefna. Styrkur nam hins vegar 12.750.000 kr. án þess að séð verði í gögnum sjóðsins að þeirri fjárhæð hafi verið ráðstafað til einstakra verkefna. Fyrrverandi framkvæmdastjóri telur þó að svo hafi verið. Þetta verður aldrei nema deila um keisarans skegg þar sem lokið hefur verið við öll þau verkefni sem sótt var um styrki til.

Eftirgrennslan stjórnar hefur leitt í ljós að hætt hefur verið við þrjú af þeim verkefnum sem styrkir hafa verið veittir til. (Reyndar var eitt slíkt tilvik til viðbótar þekkt og afgreitt við síðustu úthlutun sjóðsins, endurúthlutun til RÚV — Sjónvarps, að fjárhæð 6.500.000 kr.) Þessi þrjú tilvik eru:

ÍÚ — Stöð 2		
29. apríl 1991	Hvernig gerum við	1.900.000 kr.
RÚV — Hljóðvarp		
21. júlí 1988	Stjórnmálabarátta á Íslandi frá 1945	750.000 kr.
RÚV — Sjónvarp		
21. júlí 1988	Blindingsleikur	1.000.000 kr.
13. desember 1988	Blindingsleikur	1.000.000 kr.

Stjórn sjóðsins hefur ekki tekið afstöðu til þessara tilvika. Komið hafa fram óskir um endurúthlutun þessara styrkja til annarra verkefna sömu aðila. Gera má ráð fyrir afgreiðslu þeirra beiðna við næstu úthlutun.

Með þessu svari fylgir einnig listi yfir þau verkefni sem styrk eða styrki hafa hlotið en er ekki lokið, sbr. fylgiskjal V. Að vísu má í nokkrum tilvikum til sanns vegar færa að þeim verkþáttum, sem sjóðurinn hefur veitt styrk eða styrki til, sé lokið. Stjórnin hefur ákveðið að láta nokkur verkefni vera á listanum sem þannig kann að vera ástatt um þar til endanlegar upplýsingar hafa borist.

Þá hefur verið útbúinn listi yfir styrkt verkefni sem ekki var gerð grein fyrir í fyrra svari þar sem aðeins var beðið um upplýsingar um það hverjir hefðu fengið styrki að fjárhæð yfir 1.000.000 kr., sbr. fylgiskjal VI.

Virðingarfyllst,

Bjarni Þór Óskarsson hdl.

563. Nefndarálit [102. mál]

um frv. til l. um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson, skrifstofustjóra í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, og Hörð Lárusson, deildarstjóra í menntamálaráðuneytinu. Umsagnir bárust frá Arkitektafélagi Íslands, Félagi skipulagsfræðinga, Stéttarfélagi verkfræðinga, Tæknifræðingafélagi Íslands og Verkfræðingafélagi Íslands, auk þess sem nefndin hafði til skoðunar umsagnir frá 118. þingi.

Ein meginástæða fyrir flutningi þessa frumvarps er að breyta þarf núgildandi löggjöf vegna þeirra skuldbindinga sem leiðir af EES-samningnum. Einnig munu með samþykkt frumvarpsins gilda samræmdar reglur, í einum og sama lagabálki, um hver hafi rétt til að nota starfsheiti sem falla undir svið iðnaðarráðuneytisins, þar sem því er ætlað að leysa af hólmi lög nr. 62/1986, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, landslagshönnuði, húsgagna- og innanhússhönnuði, tæknifræðinga eða byggingafræðinga, og lög nr. 46/1982, um rétt manna til að kalla sig iðnfræðinga. Jafnframt gerir frumvarpið ráð fyrir því að starfsheitið skipulagsfræðingur verði lögfest.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. febr. 1996.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Svavar Gestsson.
Árni R. Árnason.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Pétur H. Blöndal.
	Guðmundur Árni Stefánsson.	

564. Frumvarp til laga [320. mál]

um staðfesta samvist.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

Tveir einstaklingar af sama kyni geta stofnað til staðfestrar samvistar.

2. gr.

Ákvæði II. kafla hjúskaparlaga gilda um skilyrði til þess að samvist verði staðfest samkvæmt lögum þessum, sbr. þó 2. mgr.

Staðfesting samvistar getur aðeins farið fram ef báðir einstaklingarnir eða annar þeirra er íslenskur ríkisborgari sem á lögheimili hér á landi.

3. gr.

Áður en staðfesting fer fram skulu aðilar leggja fram vottorð þess efnis að könnun hafi átt sér stað á skilyrðum fyrir staðfestri samvist.

Ákvæði III. kafla hjúskaparlaga gilda um framkvæmd á könnun skilyrða fyrir staðfestri samvist.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um könnun á skilyrðum fyrir staðfestri samvist.

4. gr.

Sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra framkvæma staðfestingu á samvist.

Ákvæði 21.–26. gr. hjúskaparlaga gilda um framkvæmd staðfestingar eftir því sem við á.

5. gr.

Staðfesting samvistar hefur, með þeim undantekningum sem greinir í 6. gr., sömu réttaráhrif og stofnun hjúskapar. Ákvæði laga sem varða hjúskap og maka gilda um staðfesta samvist og einstaklinga í staðfestri samvist.

6. gr.

Ákvæði ættleiðingarlaga um hjón gilda ekki um staðfesta samvist.

Reglur um heimildir til tæknifrjóvgunar með skilyrði um hjúskap gilda ekki um staðfesta samvist.

Ákvæði laga með sérreglur um annan makann í hjúskap sem bundin eru við kynferði hans gilda ekki um staðfesta samvist.

Ákvæði í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að gilda ekki um staðfesta samvist nema aðrir samningsaðilar fallist á það.

7. gr.

Staðfestri samvist lýkur við andlát samvistarmaka, með ógildingu staðfestrar samvistar eða með lögskilnaði.

8. gr.

Ákvæði hjúskaparlaga um ógildingu hjúskapar, hjónaskilnaði og fjárskipti milli hjóna vegna hjúskaparslita gilda um ógildingu og slit staðfestrar samvistar, sbr. þó 2. og 3. mgr. Önnur ákvæði laga sem varða lok hjúskapar og réttaráhrif þeirra gilda um lok staðfestrar samvistar.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 114. gr. hjúskaparlaga er ávallt heimilt að höfða mál skv. 113. gr. laganna vegna staðfestrar samvistar fyrir íslenskum dómstólum hafi staðfesting farið fram hér á landi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 123. gr. hjúskaparlaga, er íslenskum stjórnvöldum ávallt heimilt að leysa úr málum vegna staðfestrar samvistar sem stofnað er til hér á landi.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1996.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan dómsmálaráðherra. Það er byggt á tillögum meiri hluta stjórnskipaðrar nefndar um málefni samkynhneigðra sem birtar voru haustið 1994. Í frumvarpinu eru gerðar tillögur um með hvaða hætti tveir einstaklingar af sama kyni geti látið staðfesta samvist sína og um réttaráhrif slíkrar staðfestingar. Markmið frum-

varpsins er að gefa samkynhneigðum einstaklingum í sambúð kost á því að fá samvist sína staðfesta með sömu réttaráhrifum í meginatriðum og um hjúskap væri að ræða.

I. Inngangur.

Aðdragandann að samningu frumvarps þessa má rekja til ályktunar Alþingis frá 19. maí 1992 um skipun nefndar til að kanna stöðu samkynhneigðs fólks. Þingsályktunin var í heild sinni svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að kanna stöðu samkynhneigðs fólks á Íslandi. Nefndin skal skipuð fulltrúum dómsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og hagsmunasamtaka samkynhneigðs fólks. Skal nefndin kanna lagalega, menningarlega og félagslega stöðu þess og gera tillögur um úrbætur og nauðsynlegar aðgerðir til þess að misrétti gagnvart samkynhneigðu fólki hverfi hér á landi."

Í samræmi við þessa þingsályktun skipaði Davíð Oddsson forsætisráðherra, 26. apríl 1993, nefnd til þess að kanna stöðu samkynhneigðs fólks á Íslandi. Í nefndinni sátu Drífa Pálsdóttir frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Guðni Baldursson og Guðrún Gísladóttir frá Samtökunum 78, félagi lesbía og homma á Íslandi, Ingi Valur Jóhannsson frá félagsmálaráðuneyti, Margrét Harðardóttir frá menntamálaráðuneyti og Sigurður Júlíus Grétarsson, dósent í sálfræði við Háskóla Íslands, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Guðrún Gísladóttir lét af störfum í janúar 1994 og Lana Kolbrún Eddudóttir var skipuð í hennar stað. Nefndin lauk störfum haustið 1994 með útgáfu skýrslu um málefni samkynhneigðra þar sem fram koma tillögur hennar um úrbætur í málefnum samkynhneigðra hér á landi. Í skýrslunni er einnig að finna ítarlega umfjöllun um samfélagslega stöðu samkynhneigðra, hvernig fræðslu um samkynhneigð er háttað, um löggjöf til verndar minnihlutahópum og loks hver er lagaleg staða samkynhneigðra í sambúð á Íslandi. Í skýrslunni er einnig lýst löggjöf nokkurra landa um réttarstöðu samkynhneigðra.

Tillögur nefndarinnar um úrbætur eru þríþættar. Í fyrsta lagi lúta þær að fræðslu um samkynhneigð og hvernig megi uppræta fordóma í þjóðfélaginu í garð samkynhneigðs fólks. Í öðru lagi fjalla þær um hvernig breyta megi refsilögum til þess að vernda samkynhneigða gegn aðkasti og misrétti. Í þriðja og síðasta lagi fjalla þær um úrbætur til þess að veita samkynhneigðum í sambúð kost á því að njóta réttarstöðu sem er sambærileg við réttarstöðu hjóna, en þó með nokkrum undantekningum.

Efni frumvarpsins lýtur að þriðja þættinum um hvernig megi veita samkynhneigðum í sambúð sambærilega réttarstöðu og þegar hjón eru annars vegar, eins og nefnt var að framan. Frumvarpið er þannig uppbyggt að það vísar fyrst og fremst til ákvæða hjúskaparlaga og að þau skuli gilda með sambærilegum hætti um staðfesta samvist, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Að öðru leyti er ráðgert að öll önnur lagaákvæði þar sem vikið er að hjúskap, réttaráhrifum hans og stöðu maka gildi með sama hætti um staðfesta samvist, nema sérstakar undantekningar séu gerðar.

Frumvarpið byggir á tillögum meiri hluta nefndarinnar um málefni samkynhneigðra um að sett verði lög um réttarstöðu samkynhneigðra í sambúð sem byggi á sama grunni og lög þau sem hafa verið sett í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Verður nú í stuttu máli gerð grein fyrir megindráttum í löggjöf þessara Norðurlanda um efnið og réttarstöðu samkynhneigðra í sambúð hér á landi áður en tillögum meiri hluta nefndarinnar verður lýst nánar.

II. Löggjöf á Norðurlöndum um sambúð samkynheigðra.

Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hafa verið sett lög um skráða sambúð (registreret partnerskab) tveggja einstaklinga af sama kyni, en löggjöf um þetta efni er nú í undirbúningi í Finnlandi. Danir urðu fyrstir til að lögfesta slíkar reglur um sambúð samkynhneigðra með lögum nr. 372/1989. Norðmenn fylgdu á eftir og lögfestu reglur um einstaklinga með sameiginlegt heimilishald, þar á meðal samkynhneigðra einstaklinga í lögum nr. 45/1991. Sérstakar reglur um skráða sambúð samkynhneigðra voru síðan settar í Noregi með lögum nr. 40/1993, en þeim svipar mjög til dönsku laganna bæði um uppsetningu og efni. Nýjustu lögin um skráða sambúð samkynhneigðra á Norðurlöndum eru í Svíþjóð þar sem lög nr. 1117/1994 tóku gildi 1. janúar 1995. Þau eru að efni til mjög sambærileg norsku og dönsku lögunum.

Norrænu lögin eiga það öll sameiginlegt að þar er sett fram sú meginregla að um stofnun skráðrar sambúðar og hjónabands gildi sömu skilyrði og að réttarstaða einstaklinga í skráðri sambúð og við lok hennar skuli vera sú sama og réttarstaða einstaklinga í hjónabandi. Nokkrar undantekningar eru þó frá þessari meginreglu sem eru að meginstefnu sambærilegar í framangreindum lögum annars staðar á Norðurlöndunum og verður þeim nú lýst nánar.

Í fyrsta lagi er það skilyrði fyrir skráðri sambúð að a.m.k. annar aðilinn hafi ríkisborgararétt í landinu og sé búsettur þar.

Í öðru lagi geta samkynhneigðir ekki fengið sambúð sína skráða í kirkjulegri vígslu heldur er hún framkvæmd af borgaralegum vígslumönnum.

Í þriðja lagi geta samkynhneigðir í skráðri sambúð ekki ættleitt saman barn. Í sænsku lögunum er að auki tekið fram að lög um tæknifrjóvgun og glasafrjóvgun eigi ekki við um aðila í skráðri sambúð.

Í fjórða lagi er sú undantekning gerð í dönsku og sænsku lögunum að samkynhneigðir í skráðri sambúð geti ekki farið sameiginlega með forsjá barna.

Í fimmta lagi er í dönsku lögunum að finna reglu um að ákvæði í alþjóðlegum samningum gildi ekki um skráða sambúð nema aðrir samningsaðilar fallist á það. Í sænsku lögunum er regla sem undanþiggur viss þjóðréttarleg atriði varðandi hjónaband, ættleiðingu og lögráð þegar skráð sambúð er annars vegar.

Í sjötta lagi er sú undantekning gerð í dönsku og sænsku lögunum að lagaákvæði með sérreglum um annan maka, sem bundin eru við kynferði hans, gildi ekki um skráða sambúð.

Í sjöunda lagi er sú undantekning gerð í dönsku lögunum að ekki er hægt að leita sátta fyrir presti, í tengslum við slit skráðrar sambúðar.

Loks er í áttunda lagi að finna sambærilega reglu í öllum lögunum um að ávallt sé heimilt að höfða dómsmál sem varða lok skráðrar sambúðar fyrir þarlendum dómstólum hafi skráningin farið fram þar.

III. Yfirlit yfir gildandi lagalega stöðu samkynhneigðra í sambúð.

Engin íslensk lagaákvæði gilda um lagalega stöðu tveggja samkynhneigðra í sambúð. Þessari aðstöðu hefur um margt verið líkt við réttarstöðu karls og konu í óvígðri sambúð, enda er þar um að ræða sambúð tveggja einstaklinga sem ekki eru í hjúskap en með vissa fjárhagslega samstöðu. Engu að síður er fólki í óvígðri sambúð veitt margvíslegt hagræði í lögum, sem gerir stöðu þeirra á sumum sviðum sambærilega réttarstöðu fólks í hjúskap, þótt engin heildarlög gildi um óvígða sambúð. Hefur ekki verið talið fært að beita lagaákvæðum um óvígða sambúð með rýmkandi lögskýringu um samkynhneigða í

sambúð. Þess má geta að aldrei hafa gengið dómar hér á landi um lagalega stöðu samkynhneigðra í sambúð.

Eins og áður hefur verið nefnt er meginmarkmið frumvarpsins að veita samkynhneigðum í sambúð sambærilega réttarstöðu og gildir um hjúskap og að ákvæði hjúskaparlaga nr. 31/1993 gildi þannig um þessa aðstöðu með nokkrum undantekningum. Í frumvarpinu er því ekki ráðgert að samkynhneigðir eigi valkost um að njóta sömu stöðu og karl og kona í óvígðri sambúð, þ.e. með aðeins hluta þeirrar réttarstöðu sem hjón njóta. Hér á eftir verður lýst í stórum dráttum núgildandi lagalegri stöðu samkynhneigðra í sambúð í samanburði við réttarstöðu hjóna og með hvaða hætti hún mun breytast verði samkynhneigðum gert kleift að staðfesta samvist sína með þeim hætti sem ráðgert er í frumvarpi þessu. Er í yfirliti þessu stuðst við ítarlega samantekt um efnið í skýrslu nefndar um málefni samkynhneigðra. Hafa ber í huga að hér er ekki um að ræða tæmandi upptalningu á sviðum þar sem breytingar verða á réttarstöðu samkynhneigðra í staðfestri samvist verði frumvarp þetta að lögum, heldur eru aðeins talin þau atriði sem væntanlega hafa mesta þýðingu í þessu sambandi. Þess ber einnig að geta í tengslum við eftirfarandi umfjöllun um ættleiðingar barna og tæknifrjóvganir, að frumvarpið ráðgerir ekki að núgildandi reglur um þessi atriði gildi um staðfesta samvist.

1. Eignarréttur og forræði eigna.

Um eignarrétt og forræði eigna samkynhneigðra í sambúð gilda nú sömu sjónarmið og eiga við karl og konu í óvígðri sambúð en þessar reglur eru ekki lögbundnar sérstaklega. Þannig er meginreglan um tvo samkynhneigða einstaklinga í sambúð að þær eignir sem hvor þeirra um sig á og kaupir fyrir sína fjármuni eru hans eign. Í reynd gildir sama regla þegar hjúskapur er annars vegar, en þar kemur þó til að eignir einstaklings í hjúskap eru hjúskapareign hans og öðlast hvort hjóna um sig hjúskaparrétt yfir öllum hjúskapareignum hins sbr. 54. og 103. gr. hjúskaparlaga. Sá maki sem á eign að hjúskapareign hefur einn forræði hennar en þó er takmarkaður réttur hans til að ráðstafa vissum eignum sem skipta fjölskylduna miklu.

Sama aðalregla á jafnt við um hjón og samkynhneigða í sambúð að einstaklingur ber einungis ábyrgð á eigin skuldbindingum en ekki á skuldum maka eða sambúðarmanns. Hin mikla hagsmunalega og fjárhagslega samstaða hjóna birtist helst við lok hjúskapar vegna skilnaðar eða andláts eða þegar til fjárslita kemur. Þá kemur til framkvæmda svokölluð helmingaskiptaregla um skipti á eignum, sem verður nánar vikið að síðar í þessari umfjöllun, á meðan eignaskipti samkynhneigðra í sambúð byggja á eignatilkalli hvors um sig.

2. Framfærsla og framfærsluskylda.

Engin gagnkvæm framfærsluskylda hvílir á samkynhneigðum í sambúð eða eftir slit sambúðar og á það sama við um karl og konu í óvígðri sambúð. Samkvæmt 1. mgr. 46. gr. hjúskaparlaga hvílir hins vegar gagnkvæm framfærsluskylda á hjónum á meðan hjúskapurinn varir. Framfærsluskyldan helst á meðan skilnaður að borði og sæng varir, en fellur niður við lögskilnað nema sérstaklega standi á, sbr. 50. gr. laganna.

3. Börn.

Forsjá og fóstur barna.

Í barnalögum nr. 20/1992 er kveðið á um hverjir geta farið með forsjá barna. Um forsjá barna gilda sömu reglur án tillits til þess hvort um hjúskap eða óvígða sambúð karls

og konu er að ræða og fara foreldrar þannig sameiginlega með forsjá barna sinna á meðan hjúskap stendur eða sambúð varir. Í 6. mgr. 29. gr. barnalaga kemur fram hverjir fari með forsjá en það eru kynforeldri, kjörforeldri, stjúpforeldri og fósturforeldri, svo og sambúðarforeldri, þ.e. karl eða kona sem er í sambúð við kynmóður barnsins eða kynföður. Hér er um að ræða tæmandi talningu á þeim sem geta farið með forsjá barns. Samkvæmt því er ekki mögulegt að tvær samkynhneigðar konur í sambúð geti farið sameiginlega með forsjár barns annarrar þeirra og á það sama við um tvo karla í sambúð.

Samkvæmt 29. gr. laga nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna er barnaverndarnefndum heimilað að fela sérstökum fósturforeldrum forsjá eða umsjá barns, og er í öðrum ákvæðum laganna þar sem rætt er um fósturráðstafanir, jafnan rætt um „fósturforeldra". Í framkvæmd hafa barnaverndaryfirvöld litið svo á að fósturforeldrar skuli vera karl og kona í hjúskap eða sambúð og þannig hefur til dæmis einhleypum einstaklingum almennt ekki verið falin forsjá eða umsjá barns á þessum grundvelli. Ekki hefur reynt á skýringu þessa ákvæðis hjá barnaverndaryfirvöldum, um hvort tveir samkynhneigðir einstaklingar geti talist fósturforeldrar.

Ættleiðingar.

Í 1. mgr. 5. gr. ættleiðingarlaga nr. 15/1978 kemur skýrt fram að hjónum einum sé heimilt að ættleiða saman. Í 2. mgr. sama ákvæðis er kveðið á um að öðru hjóna megi með samþykki hins veita leyfi til að ættleiða barn eða kjörbarn þess fyrrnefnda. Ákvæði þetta útilokar að aðrir en hjón geti ættleitt barn saman, svo og að svokölluð stjúpættleiðing geti átt sér stað milli annarra en hjóna, og á það jafnt við um karl og konu í óvígðri sambúð og samkynhneigða í sambúð.

Tæknifrjóvgun.

Ekki hafa verið sett heildarlög um tæknifrjóvgun hér á landi en frumvarp þess efnis hefur verið lagt fram á yfirstandandi þingi. Um nokkurra ára skeið hafa tæknifrjóvganir verið framkvæmdar á Landspítalanum. Annars vegar hafa verið framkvæmdar tæknisæðingar, þannig að gjafasæði eða sæði eiginmanns eða sambýlismanns er komið fyrir í líkama konu. Hafa tæknisæðingar verið takmarkaðar við hjón eða karl og konu í sambúð. Hins vegar hafa verið framkvæmdar glasafrjóvganir, þar sem eggfruma konu er frjóvguð með sæðisfrumu annaðhvort eiginmanns eða sambýlismanns eða gjafasæði utan líkama og er frjóvgaðri eggfrumunni síðan komið fyrir í líkama konunnar. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur staðfest reglur um glasafrjóvganir sem er ætlað að gilda þar til lög um tæknifrjóvganir hafa verið sett. Samkvæmt þeim er glasafrjóvgun aðeins heimil karli og konu sem hafa verið í hjúskap eða fastri sambúð í að minnsta kosti þrjú ár.

Í frumvarpi til laga um tæknifrjóvgun sem var lagt fram á yfirstandandi þingi er gengið út frá því að tæknifrjóvgun verði samheiti yfir tæknisæðingu og glasafrjóvgun. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins er það skilyrði sett fyrir þessum aðgerðum að konan sem undirgengst aðgerðina sé samvistum við karlmann, í hjúskap eða óvígðri sambúð, sem staðið hafa samfellt í þrjú ár.

4. Skattareglur.

Samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981 njóta samkynhneigðir einstaklingar í sambúð einskis skattalegs hagræðis og hafa ekki rétt til að vera skattlagðir sem hjón. Hjón eru skattlögð sem sama hætti og einstaklingar (einhleypingar) en með vissum frávikum að því er varðar álagningu, skattskyldar tekjur og eignir. Karl og kona sem búa saman í óvígðri sambúð og eiga sameiginlegt lögheimili eiga rétt á að telja fram

og vera skattlögð sem hjón ef þau hafa átt barn saman eða konan er þunguð eða ef sambúðin hefur varað samfleytt í að minnsta kosti eitt ár, enda óski þau bæði skriflega eftir því við skattyfirvöld.

Reglur um barnabætur og barnabótaauka í lögunum um tekjuskatt og eignarskatt kveða á um að barnabætur skiptist til helminga milli hjóna og karls og konu í óvígðri sambúð, án tillits til þess hvort þau síðarnefndu óska samsköttunar. Barnabætur og barnabótaauki til samkynhneigðs foreldris í sambúð með öðrum samkynhneigðum einstaklingi miðast hins vegar við sömu greiðslur og til einstæðs foreldris.

Reglur um vaxtabætur til samkynhneigðra í sambúð eru þær sömu og gilda um einhleypinga.

5. Ýmis réttindi.

Almannatryggingar og félagsleg aðstoð.

Reglur um almannatryggingar eru í lögum nr. 117/1993, en til almannatrygginga teljast lífeyristryggingar, slysatryggingar og sjúkratryggingar. Í lögum um félagslega aðstoð, nr. 118/1993, er kveðið á um mæðra- og feðralaun, barnalífeyri vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmennis á aldrinum 18–20 ára, umönnunarbætur, endurhæfingarlífeyri, heimilisuppbót, uppbætur vegna sérstakra aðstæðna, uppbót vegna reksturs bifreiðar og bifreiðarstyrki.

Réttur til ýmiss konar félagslegrar aðstoðar hefur löngum verið bundin við hjúskaparstöðu. Tilhneiging hefur verið til að koma á jafnrétti milli hjóna og sambúðarfólks í óvígðri sambúð á þessu sviði en lagabreytingar í þá átt hafa ekki verið taldar ná til sambúðar samkynhneigðra. Þannig hefur samkynhneigður einstaklingur í sambúð ekki notið ýmissa bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð sem hjón og karl og kona í óvígðri sambúð njóta, svo sem slysabóta sem maki atvinnurekanda í landbúnaði, makalífeyris og makabóta, dánarbóta og ekkjulífeyris.

Lífeyrisssjóðir.

Samkvæmt 7. mgr. 14. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 29/1963, er stjórn sjóðsins heimilt að greiða makalífeyri eins og um ekkju eða ekkil væri að ræða ef sjóðfélagi lætur ekki eftir sig maka en einstæð móðir hans, systir eða annar ógiftur aðili hefur sannanlega annast heimili hans a.m.k. í fimm ár fyrir andlát hans. Er talið líklegt að sambúð samkynhneigðra falli hér undir að fullnægðu skilyrði um lágmarkstíma. Sambærileg regla er í 4. mgr. 12. gr. laga um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, nr. 95/1980. Í 1. mgr. 11. gr. laga nr. 50/1984, um lífeyrissjóð bænda hins vegar aðeins rætt um slíkan lífeyrisrétt maka og eftirlifandi einstaklings í sambúð karls og konu.

Ríkisborgararéttur.

Samkvæmt 6. gr. laga um ríkisborgararétt, nr. 100/1952, má veita útlendingum íslenskan ríkisborgararétt með lögum. Við veitingu ríkisborgararéttar hefur Alþingi stuðst við ákveðnar reglur, settar af allsherjarnefnd Alþingis, og eru núgildandi reglur frá 21. febrúar 1995. Samkvæmt þeim getur karl eða kona sem giftist íslenskum ríkisborgara fengið íslenskan ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu hér á landi frá giftingu, enda hafi sá síðarnefndi haft ríkisborgararéttinn ekki skemur en fimm ár. Búsetuskilyrði hefur á hinn bóginn verið fimm ár ef um ræðir óvígða sambúð karls og konu. Hefur ekki verið talið að þessar reglur nái yfir sambúð tveggja samkynhneigðra og gildir því hin almenna regla að útlendingar, aðrir en Norðurlandabúar, skuli hafa átt lögheimili hér á landi í sjö ár en Norðurlandabúar í fjögur ár.

6. Eignaskipti við sambúðarslit eða andlát annars aðila í sambúð.

Eins og nefnt var að framan í umfjöllun um eignarrétt og forræði eigna gildir sambærileg regla um tvo samkynhneigða einstaklinga í sambúð og karl og konu í óvígðri sambúð. Samkvæmt því eru eignir sem hvort þeirra um sig á og kaupir fyrir sína fjármuni þess eign. Engar ákveðnar efnisreglur um skipti við sambúðarslit er þannig að finna í lögum heldur er litið á sambúðarfók sem tvo sjálfstæða einstaklinga og um fjármál þeirra fer eftir almennum reglum fjármunaréttar. Við slit sambúðar birtist þessi regla þannig að eignaskipti byggjast á eignatilkalli hvors um sig og tekur því hvor aðili til sín það sem hann á. Hins vegar getur skapast vafi um eignarétt að vissum eignum, enda hafa einstaklingarnir í sameiginlegu heimilishaldi sínu báðir lagt til fjármuni til kaupa þeirra og eru báðir eigendur í samræmi við það. Oft getur reynst erfitt að sanna hlutdeild hvors um sig í eignamyndun á meðan fjárhagsleg samstaða hefur verið milli sambúðarfólks. Dómstólar hér á landi hafa reynt að ráða bót á misrétti í eignaskiptingu sem getur skapast við slit óvígðrar sambúðar karls og konu ef eingöngu er byggt á formlegum eignarheimildum með því að dæma sambúðaraðila hlutdeild í eignamyndun eða að sameign hafi stofnast. Má ætla að sambærileg sjónarmið geti átt við um sambúð tveggja samkynhneigðra, en ekki hefur reynt á þetta álitaefni fyrir íslenskum dómstólum.

Ítarlegar efnisreglur er að finna í lögum um fjárskipti hjóna við slit hjúskapar. Þá gildir svokölluð helmingaskiptaregla um eignaskiptin sem felst í því að hjúskapareign að frádregnum skuldum hvors hjóna er skipt til helminga milli þeirra, enda séu eignir hvors um sig meiri en skuldir. Komi hjón sér ekki saman um skiptingu eigna við skilnað fara fram opinber skipti samkvæmt ákvæðum XIV. kafla hjúskaparlaga og XIV. kafla skiptalaga nr. 20/1991.

Í 100. gr. skiptalaga er veitt heimild til þess að karl og kona í óvígðri sambúð geti krafist opinberra skipta til fjárslita milli þeirra, með því skilyrði að þau hafi búið saman samfleytt í að minnsta kosti tvö ár eða búið saman í skemmri tíma og annað hvort eignast saman barn eða konan er þunguð af völdum karlsins. Þessi heimild nær samkvæmt orðanna hljóðan hinsvegar ekki til sambúðar samkynhneigðra.

Reglur sem lýst var að framan um skiptingu eigna milli aðila við slit sambúðar annars vegar og hjúskapar hins vegar eiga jöfnum höndum við þegar sambúð eða hjúskap lýkur við andlát annars. Þegar eignir hins látna hafa verið aðgreindar frá eignum þess eftirlifandi skiptast þær milli erfingja þess látna. Sá sem var í óvígðri sambúð með þeim látna og uppfyllir skilyrði áðurgreindrar 100. gr. skiptalaga getur krafist opinberra skipta á dánarbúinu með sama hætti og erfingjar, en eins og áður var nefnt nær sú heimild ekki til sambúðar samkynhneigðra.

7. Erfðaréttur.

Mikill munur er á réttarstöðu sambúðarfólks annars vegar og hjóna hins vegar þegar kemur að reglum erfðalaga um lögerfðir. Enginn lögbundinn erfðaréttur ríkir á milli sambúðarfólks, án tillits til þess hvort um ræðir sambúð karls og konu eða sambúð samkynhneigðra. Þegar hjúskapur er annars vegar kemur fram í 4. tölul. 1. gr. erfðalaga, nr. 8/1962, að eftirlifandi maki er lögerfingi þess látna. Eigi arfleifandi börn á lífi tekur maki þriðjung hluta eigna hans en tvo þriðju hluta eignanna erfa börnin að jöfnu. Eigi arfleiðandi enga niðja á lífi tekur maki hans allan arf. Að auki hefur eftirlifandi maki rétt til setu í óskiptu búi og víðtækan útlausnarrétt og forgangsrétt að munum við skiptin.

Erfðaréttur milli sambúðarfólks getur einvörðungu verið byggður á erfðaskrá og láti hinn látni eftir sig skylduerfingja (maka og/eða niðja) getur hann einvörðungu ráðstafað þriðjungi eigna sinna með erfðaskrá.

Þegar kemur að reglum laga um erfðafjárskatt, nr. 83/1984, er reynt að jafna hlut sambýlisfólks til jafns við hjón, þannig að enginn erfðafjárskattur er greiddur af arfi sem rennur til sambýlismanns samkvæmt erfðaskrá. Hins vegar er hugtakið sambýlismaður einskorðað við einstakling af gagnstæðu kyni, sbr. A-lið 2. gr. laganna. Því þarf eftirlifandi aðili í samkynhneigðri sambúð sem tekur arf eftir hinn látna samkvæmt erfðaskrá að þola það óhagræði að greiða erfðafjárskatt í hæsta skattflokki, sbr. C-lið 3. mgr. 4. gr. laganna, eða allt frá 30 til 45 af hundraði.

IV. Tillögur nefndar um málefni samkynhneigðra.

Eins og lýst var að framan er frumvarp þetta byggt á tillögum meiri hluta nefndar um málefni samkynhneigðra frá október 1994 um hvernig megi veita samkynhneigðum í sambúð sambærilega réttarstöðu við hjón. Í tillögum sínum benti nefndin á að sett yrðu lög um réttarstöðu samkynhneigðra sem skyldu byggjast á sama grunni og löggjöfin í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Löggjöf þessara landa um þetta málefni væri stutt, skýr og lagatæknilega einföld. Var það mat nefndarinnar að mikilvægt væri að hafa lagasamræmi á Norðurlöndum um réttarstöðu samkynhneigðra, eins og almennt hefur verið leitast við á vettvangi sifjaréttarins til þessa.

Í ljósi framangreinds lagði nefndin til að þeir embættismenn sem önnuðust staðfestingu samvistar yrðu þeir sömu og framkvæma borgaralegar hjónavígslur, þ.e. sýslumenn og fulltrúar þeirra. Réttaráhrif staðfestrar samvistar skyldu verða sambærileg réttaráhrifum hjúskapar, þó með sambærilegum undantekningum og þeim er koma fram í norrænu löggjöfinni. Með hliðsjón af því yrði samkynhneigðum í staðfestri samvist hvorki heimilað að ættleiða börn né fara sameiginlega með forsjá barns annars þeirra. Taldi meiri hluti nefndarinnar að á meðan staðfest samvist væri að festa sig í sessi sem viðurkennt sambúðarform í þjóðfélaginu væri rétt að fara hægt í sakirnar í þessu efni. Var meðal annars tekið tillit til þess almenna sjónarmiðs að barni sé að jafnaði fyrir bestu að eiga sér bæði móður- og föðurímynd. Tekið var fram að réttur samkynhneigðra foreldra til að ala upp sín eigin börn hefði ávallt verið óskoraður og hefði löggjöf um staðfesta samvist engin áhrif þar á.

Minni hluti nefndarinnar, með tveimur nefndarmönnum, vildi hins vegar ganga lengra en meiri hlutinn þannig að engar undantekningar skyldu gilda um stofnun og réttaráhrif staðfestrar samvistar frá þeim reglum sem gilda um hjúskap. Taldi minni hlutinn það mótsagnakennt að viðurkenna þau sjálfsögðu mannréttindi samkynhneigðra samvistarmaka að eiga þess kost að tryggja eigin velferð og fjárhagslegt öryggi með því að staðfesta samvist sína formlega en láta svo eins og börn þessara fjölskyldna eigi ekki sama rétt og önnur börn í samfélaginu eða að samkynhneigðir foreldrar eigi ekki sama rétt og aðrir foreldrar.

V. Hugtakið staðfest samvist.

Hugtakið staðfest samvist er nýtt og hefur ekki áður verið notað um tiltekið sambúðarform hér á landi. Nefndin um málefni samkynhneigðra lagði til að þetta hugtak yrði notað um sambúðarform það sem ráðgert er í frumvarpinu. Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð er notað annað en þó sambærilegt hugtak yfir þetta sambúðarform, eða „registreret partnerskab“, sem hefur verið þýtt á íslensku sem „skráð sambúð“. Nefndinni þótti ým-

islegt mæla gegn þeirri hugtakanotkun hér á landi og voru ástæður þess einkum tvíþættar. Í fyrsta lagi er hugtakið skráð sambúð þegar notað um þá aðstöðu þar sem karl og kona skrá óvígða sambúð sína hjá Hagstofu, sér til réttindaauka. Nefndin taldi nauðsynlegt að greint yrði á milli hugtaka yfir þess konar sambúð og sambúðarformsins sem frumvarpið ráðgerir. Í öðru lagi taldi nefndin að orðið „skráð" hefði á sér óþarflega formlegt yfirbragð og vekti frekar upp hugrenningar um sérstaka skrá hjá yfirvöldum en hugmyndir um varanlegt samband tveggja eintaklinga.

Nefndin leitaði tillagna íslenskrar málstöðvar um heppilegt orðfæri yfir sambúðarformið sem frumvarpið ráðgerir, sem væri þjált í munni og hentaði líka sem skilgreining í stjórnsýslu en byði ekki augljóslega upp á útúrsnúninga. Eftir viðræður við starfsmenn málstöðvarinnar og yfirvegun nefndarinnar náðist samstaða um að gera tillögu um orðfærið „staðfest samvist". Með notkun þessa hugtaks koma af sjálfu sér önnur heiti sem þörf er fyrir og tengjast þessari aðstöðu, svo sem samvistarmaki eða eftir atvikum samvistarkona og samvistarmaður.

VI. Efnisskipan frumvarpsins.

Efnisatriðum frumvarps þessa er skipað með eftirfarandi hætti. Fjallað er um skilyrði staðfestrar samvistar og könnun á að skilyrðin séu uppfyllt í 1.–3. gr. frumvarpsins. Reglur um framkvæmd á staðfestingu samvistar eru í 4. gr. frumvarpsins. Í 5. og 6. gr. er lýst réttaráhrifum staðfestrar samvistar meðan hún varir og undantekningum frá því að almennar reglur um hjúskap gildi um þá aðstöðu. Í 7. og 8. gr. er lýst lokum staðfestrar samvistar, reglum um fjárskipti og réttaráhrifum þess að staðfestri samvist ljúki. Loks er gildistökuákvæði í 9. gr. frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er orðuð sú regla að tveir einstaklingar af sama kyni geti stofnað til staðfestrar samvistar. Orðalag greinarinnar útilokar að tveir einstaklingar af gagnstæðu kyni geti verið í staðfestri samvist, enda beinist þetta úrræði að því að samkynhneigðir í sambúð geti notið þeirra réttinda sem kveðið er á um í frumvarpinu. Hins vegar er ekki gert að skilyrði að um samkynhneigða einstaklinga sé að ræða, en slíka reglu er til dæmis að finna í norsku lögunum um skráða sambúð. Þykir ekki nauðsynlegt eða viðeigandi að gera ákveðin skilyrði um kynhneigð þeirra sem vilja fá staðfestingu samvistar. Það er einnig í fullu samræmi við þá skipan að engin skilyrði eru sett í lögum um gagnkynhneigð karls og konu sem vilja ganga í hjúskap eða skrá óvígða sambúð sína.

Um 2. gr.

Í þessari grein er fjallað um skilyrði staðfestrar samvistar. Í 1. mgr. ákvæðisins er vísað til II. kafla hjúskaparlaga um skilyrði þess að samvist verði staðfest. Þannig gilda að öllu leyti ákvæði 7.–12. gr. hjúskaparlaganna, en þar eru sett skilyrði um 18 ára lágmarksaldur (7. gr.), að einstaklingur sé ekki lögræðissviptur (8. gr.), bann við ákveðnum skyldleika (9. gr.) og að ættleiðing sé ekki í gildi milli aðila (10. gr.), bann við tvíkvæni (11. gr.) og loks bann við því að stofnað verði til hjúskapar ef fjárskiptum úr fyrra hjónabandi er ekki lokið eða opinber skipti ekki hafin (12. gr.). Rétt er að benda á að 12. gr. hjúskaparlaga mundi eiga við jöfnum höndum ef fjárskiptum úr fyrri staðfestri samvist er ekki lokið, en eins og kemur nánar fram í 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins er staðfestingu samvistar ætlað að hafa sömu réttaráhrif og stofnun hjúskapar.

Sérstakt skilyrði um ríkisborgararétt og lögheimili er sett í 2. mgr. Sambærileg skilyrði eru í norrænni löggjöf um skráða sambúð samkynhneigðra. Rök sem liggja hér að baki eru fyrst og fremst þau að á meðan þetta nýja sambúðarform er enn þá viðurkennt í lögum fárra ríkja utan Norðurlandanna, sé rétt að krefjast þess að aðilar hafi ákveðin tengsl við ríkið þar sem slík réttarstaða er veitt með lögum. Þannig yrði tveimur erlendum ríkisborgurum ekki mögulegt að fá samvist sína staðfesta hér á landi, enda hefði hún engin réttaráhrif í því landi sem þeir koma frá ef þetta sambúðarform er ekki viðurkennt þar með lögum. Til þess að skilyrði 2. mgr. verði uppfyllt er nægilegt að annar aðilinn hafi íslenskan ríkisborgararétt og lögheimili hér á landi. Hér er átt við lögheimili í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga um lögheimili nr. 21/1990, þ.e. stað þar sem maður hefur fasta búsetu.

Um 3. gr.

Með sama hætti og kemur fram í 1. mgr. 13. gr. hjúskaparlaga er aðilum sem ætla að stofna til staðfestrar samvistar skylt að leggja fram vottorð um að öll hjónavígsluskilyrði skv. II. kafla hjúskaparlaga séu uppfyllt. Í 2. mgr. þessarar greinar frumvarpsins er vísað til ákvæða III. kafla hjúskaparlaganna um könnun hjónavígsluskilyrðanna, þ.e. að hverju könnun lúti, hverjir annist hana og um útgáfu könnunarvottorðs.

Í 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um að dómsmálaráðherra setji nánari reglur um könnun skilyrða fyrir staðfestri samvist. Í 2. mgr. 13. gr. hjúskaparlaganna er sambærileg regla um að settar skuli nánari reglur um könnun á hjónavígsluskilyrðum. Eftir að nýju hjúskaparlögin tóku gildi, 1. júlí 1993, hefur ekki verið sett ný reglugerð á grundvelli þessa ákvæðis. Núgildandi reglugerð um könnun hjónavígsluskilyrða, nr. 155 frá 8. júní 1973, er sett í gildistíð eldri laga um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60/1972. Er því ráðgert að ný reglugerð verði sett um könnun hjónavígsluskilyrða á grundvelli 2. mgr. 13. gr. hjúskaparlaga og 3. mgr. 3. gr. frumvarps þessa, nái það fram að ganga.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins er lögð til sú undantekning frá 16. gr. hjúskaparlaga, að einskorða heimild til þess að annast staðfestingu á samvist við borgaralega vígslumenn. Samkvæmt 18. gr. laganna eru borgaralegir vígslumenn sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra. Er þetta í samræmi við þá skipan sem á er höfð í norrænu lögunum. Þar sem heimildin takmarkast við borgaralega vígslumenn skv. 18. gr. hjúskaparlaganna gilda ekki heimildir 19. og 20. gr. laganna um vígslumenn sem þar er getið.

Í ársbyrjun 1995 fór dóms- og kirkjumálaráðuneytið þess á leit við biskup Íslands, að hann gerði ráðuneytinu grein fyrir afstöðu íslensku þjóðkirkjunnar til álitaefnisins um að kirkjulegir vígslumenn önnuðust staðfestingu samvistar. Annars vegar var leitað eftir viðhorfum kirkjunnar til lagaheimildar um kirkjulegra vígslu fyrir samkynhneigða og hins vegar hvort prestar þjóðkirkjunnar ættu að vera skyldir að framkvæma slíka vígslu, jafnvel þótt það stríddi gegn sannfæringu þeirra. Var jafnframt lagt til að málið yrði borið undir kirkjuráð og kirkjuþing. Skömmu síðar skipaði biskup Íslands nefnd til þess að fjalla um þetta málefni og skyldi hún leggja niðurstöður sínar fyrir kirkjuþing haustið 1995. Tókst nefndinni ekki að ljúka þessu máli fyrir kirkjuþing en þess í stað hefur kirkjuráð lýst afstöðu þjóðkirkjunnar til þessa álitaefnis með svarbréfi biskups Íslands til ráðuneytisins dags. 21. nóvember 1995 þar sem segir um þetta atriði:

„Kirkjan gerir sér vitanlega grein fyrir því að prestar hennar eru ekki aðeins í þjónustu trúarlegs aðila, heldur einnig opinberir starfsmenn, sem hljóta að lúta lögum ríkisins og fyrirmælum. Hins vegar óskar kirkjan alls ekki eftir því og telur það mjög vafasamt að mælt verði fyrir því í lögum að heimild sé veitt til kirkjulegrar vígslu samkynhneigðra.

Hitt er vitanlega sjálfgefið, að prestar og aðrir kirkjulegir aðilar munu biðja fyrir þeim, sem leita eftir slíku og er þá aðeins spurt um þörf en ekki grennslast fyrir um stöðu viðkomandi.“

Þess má geta að dóms- og kirkjumálaráðuneytið leitaði einnig eftir því hver væri afstaða kirkjunnar til sáttaumleitana presta milli einstaklinga í staðfestri samvist. Samkvæmt 1. mgr. 42. gr. hjúskaparlaga eiga hjón sem hafa ákveðið að leita skilnaðar, þess ávallt kost að leitað sé um sættir með þeim og skv. 3. mgr. sama ákvæðis leita prestar eða löggiltir forstöðumenn trúfélaga um sættir. Ef annað eða bæði hjóna eru utan trúfélaga eða hvort í sínu trúfélaginu getur sýslumaður eða dómari, eftir því hvar mál er til meðferðar, leitað um sættir. Um þetta atriði sagði í áðurgreindu bréfi biskups Íslands um afstöðu þjóðkirkjunnar:

„Prestar spyrja ekki hjón um það, hver hafi gift þau, áður en leitast er við að verða þeim að liði, þegar í óefni er komið. Eins munu prestar veita samkynhneigðu fólki í sambúð aðstoð sína eins og um sálusorgun væri að ræða. Óeðlilegt mundi það þó teljast, að sambúðarslit samkynhneigðra væru því aðeins leyfð, að kirkjan hefði gefið heimild til slíks vegna misheppnaðra sáttatilrauna.“

Í ljósi þessarar afstöðu þjóðkirkjunnar eru ekki ráðgerðar undantekningar í frumvarpinu frá almennum reglum hjúskaparlaga um sáttaumleitanir fyrir presti.

Í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins er vísað til ákvæða hjúskaparlaga um hæfi vígslumanns og um framkvæmd á staðfestingu samvistar. Er reglum 21.–26. gr. laganna þannig ætlað að gilda um framkvæmdina að því leyti sem þær eiga við um borgaralega hjónavígslu.

Um 5. gr.

Í þessari grein birtist kjarni frumvarpsins. Undirstöðumarkmið þess er að staðfestri samvist fylgi sömu réttaráhrif og hjúskap, þ.e. að einstaklingar í staðfestri samvist njóti sömu réttinda og á þeim hvíli sömu skyldur og einstaklingum í hjúskap. Þannig er 5. gr. ætlað að taka af tvímæli um að þegar stofnað hefur verið til staðfestrar samvistar verði réttaráhrif hennar að öllu leyti þau sömu og réttaráhrif hjúskapar nema til komi undantekningarnar í 6. gr. frumvarpsins. Jafnframt öðlast einstaklingar í staðfestri samvist öll réttindi og skyldur hjóna sem birtast í almennri löggjöf að öðru leyti. Um þau atriði má vísa til umfjöllunar um lagalega stöðu samkynhneigðra í sambúð í III. kafla almennra athugasemda að framan. Þar má til dæmis nefna gagnkvæman lögerfðarétt sem stofnast milli einstaklinga í staðfestri samvist og að reglur erfðalaga sem bundnar eru við hjúskap munu gilda um staðfesta samvist, skattalega samstöðu sem stofnast samkvæmt skattalögum líkt og um hjón væri að ræða, svo og að reglur almannatryggingalaga og laga um félagslega aðstoð sem gera hjúskap að skilyrði munu gilda um staðfesta samvist verði frumvarpið að lögum.

Auk þess að geta almennt um réttaráhrif þess að stofnað er til staðfestrar samvistar er áréttað í 5. gr. að alls staðar í lögum þar sem rætt er um hjúskap, vísað er til maka eða eftir atvikum rætt um eiginkonu, eiginmann eða annað hjóna, þá eigi það jafnt við um einstakling í staðfestri samvist, án þess að sérstakra lagabreytinga sé þörf í þeim efnum.

Um 6. gr.

Í frumvarpinu eru ráðgerðar nokkrar undantekningar frá þeirri meginreglu að réttaráhrif staðfestrar samvistar verði þær sömu og réttaráhrif hjúskapar. Þessar undantekningar eru taldar upp í 6. gr. frumvarpsins með tæmandi hætti. Þær taka einkum mið af og eru reistar á sömu rökum og sambærilegar undantekningar sem gerðar eru í norrænu lögunum um skráða sambúð.

Í IV. kafla almennra athugasemda við frumvarp þetta var lýst helstu sjónarmiðum meiri hluta nefndarinnar um málefni samkynhneigðra um rök fyrir þeim undantekningum sem birtast í 1. og 2. mgr. 6. gr og varða börn. Þar kom meðal annars fram að á meðan staðfest samvist væri að festast í formi sem viðurkennt sambúðarform í samfélaginu væri rétt að fara hægt í sakirnar í þessu efni. Með hliðsjón af hagsmunum barnsins og sjónarmiðum um að því sé að jafnaði fyrir bestu að eiga sér bæði móður- og föðurímynd þætti ekki rétt að stuðla að því með lögum að samkynhneigðir í staðfestri samvist öðluðust óskoraðan rétt til að ættleiða börn samkvæmt lögum um ættleiðingar og til tæknifrjóvgunar samkvæmt gildandi reglum um það efni.

Hins vegar ber að líta til þess að sú aðstaða getur auðveldlega verið fyrir hendi að samkynhneigður einstaklingur fari með forsjá barns síns þegar hann stofnar til staðfestrar samvistar. Við þessar kringumstæður, þ.e. í sameiginlegu heimilishaldi einstaklinga í staðfestri samvist og barns annars þeirra, þykir eðlilegt og í samræmi við hagsmuni barnsins að regla 3. mgr. 30. gr. barnalaga um lögbunda forsjá stjúpforeldris gildi með sama hætti og um hjúskap sé að ræða. Þannig ráðgerir frumvarpið að tveir einstaklingar í staðfestri samvist geti farið sameiginlega með forsjá barns annars þeirra og hvílir því jöfn framfærsluskylda á þeim gagnvart barninu, sbr. 2. mgr. 9. gr. barnalaga auk annarra forsjárskyldna. Réttaráhrif sem bundin eru við stöðu stjúpforeldris gagnvart stjúpbarni í öðrum lögum mundu gilda með sama hætti í þessari aðstöðu. Falli foreldri barnsins í staðfestu samvistinni frá fer samvistarmaki áfram með forsjá þess en skv. 2. mgr. 31. gr. barnalaga má fela hinu foreldri barnsins forsjá þess að ósk foreldrisins, ef það er talið barninu fyrir bestu. Sameiginleg forsjá einstaklinga í staðfestri samvist fyrir barni annars þeirra hefur meðal annars þau áhrif að skylt verður að leita sátta milli þeirra fyrir skilnað sbr. 2. mgr. 42. gr. hjúskaparlaga, en eins og vikið var að í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins að framan er ráðgert að almennar reglur hjúskaparlaga gildi um sáttaumleitanir í tengslum við slit staðfestrar samvistar.

Sú undantekning sem lögð er til í 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins byggist einkum á því sjónarmiði að ef ákvæði laga geyma sérreglur um maka á grundvelli kynferðis hans, þá gæti einstaklingum í staðfestri samvist verið mismunað eftir því hvort um ræðir tvær konur eða tvo karla í staðfestri samvist. Í reynd eru aðeins örfá lagaákvæði eftir í íslenskri löggjöf með sérreglur um maka sem grundvallast á kynferði hans. Hefur slíkum ákvæðum fækkað verulega á undanförnum áratugum á grundvelli almennra jafnréttissjónarmiða og voru þau endanlega afnumin úr hjúskaparlögum með núgildandi lögum. Úr almennri löggjöf má nefna sem dæmi um slíkt ákvæði, 7. gr. laga um félagslega aðstoð sem veitir rétt til ekkjulífeyris, en samkvæmt orðanna hljóðan er ákvæðið afdráttarlaust bundið við réttindi eftirlifandi konu eftir lát maka síns.

Í lokaákvæði 6. gr. er ráðgerð sú undantekning að réttaráhrif staðfestrar samvistar séu takmörkuð við íslensk lög og reglur en ákvæði í alþjóðlegum samningum þar sem rætt er um hjúskap gildi ekki um þessa aðstöðu nema með samþykki annarra samningsaðila. Þetta þykir eðlileg regla meðal annars í ljósi þess að ef samningsaðili viðurkennir ekki í löggjöf sinni sambúðarform sambærilegt við staðfesta samvist getur skapast flókin að-

staða ef þess verður krafist af honum á grundvelli alþjóðasamnings. Ekki koma margir alþjóðasamningar til álita sem varða hjúskap og réttaráhrif hans og Ísland er aðili að. Ákvæðið getur fyrst og fremst átt við um samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um hjúskap, ættleiðingu og lögráð frá 1931, sbr. lög nr. 29/1931. Þótt þrjú þessara landa, Danmörk, Noregur og Svíþjóð, hafi þegar sett lög um skráða sambúð yrði samþykki þeirra áskilið samkvæmt þessu ákvæði frumvarpsins ef beita á samningnum með gagnkvæmum hætti um staðfesta samvist. Þess má geta að 4. mgr. 6. gr. getur haft gildi varðandi alþjóðasamninga sem Ísland gerist aðili að síðar og varða hjúskap og réttaráhrif hans.

Hins vegar ber að geta þess að almennar reglur alþjóðlegs einkamálaréttar mundu gilda um viðurkenningu á staðfestri samvist sem stofnast hefur til annars staðar á Norðurlöndum eða ríkjum þar sem slíkt sambúðarform er viðurkennt. Þannig gætu tveir samkynhneigðir einstaklingar sem hafa staðfest samvist sína erlendis, með sömu réttaráhrifum og veitt eru slíku sambúðarformi hér á landi, skráð þá hjúskaparstöðu í þjóðskrá ef þeir flytjast hingað til lands. Slík tilkynning til þjóðskrár myndi þá sjálfkrafa veita þeim sömu réttarstöðu og einstaklingum í staðfestri samvist sem hefur stofnast til hér á landi.

Um 7. gr.

Í þessari grein er talið með hvaða hætti staðfestri samvist lýkur. Um lok staðfestrar samvistar gilda að öllu leyti sömu reglur og um lok hjúskapar og er fyrirmynd þessa ákvæðis að finna í 5. gr. hjúskaparlaga. Nánari reglur um ógildingu hjúskapar er að finna í V. kafla hjúskaparlaganna og um hjónaskilnaði er fjallað í VI. kafla laganna.

Um 8. gr.

Vísað er til ákvæða hjúskaparlaga í 1. mgr. þessarar greinar um að ákvæði laganna um ógildingu hjúskapar, svo og um hjónaskilnaði og fjárskipti gildi jöfnum höndum um staðfesta samvist. Einnig er þar sú almenna regla höfð til áréttingar að öll ákvæði í almennri löggjöf sem varða lok hjúskapar eða réttaráhrif, svo og skyldur eða réttindi sem veitt eru langlífari maka í hjúskap, eigi við þegar staðfestri samvist lýkur, hvort heldur vegna ógildingar, skilnaðar eða andláts.

Af framangreindri reglu leiðir að XV. kafli hjúskaparlaga um réttarfar í hjúskaparmálum og XVI. kafli laganna um meðferð og úrlausn stjórnvalda gilda um staðfesta samvist með þeim undantekningum sem taldar eru í 2. og 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Undantekning 2. mgr. 8. gr. lýtur að því að dómstólar hér á landi hafi rýmri lögsögu en kveðið er á um í 1. mgr. 114. gr. hjúskaparlaga til þess að taka fyrir dómsmál skv. 113. gr. hjúskaparlaganna ef þau varða staðfesta samvist. Þannig er vikið frá búsetuskilyrði stefnda, sbr. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 114. gr., skilyrðum sem varða ríkisfang aðila, sbr. 3. og 4. tölul., svo og skilyrði um að leyfi hafi verið veitt eða dómur gengið hér á landi um skilnað að borði og sæng áður en lögskilnaðar er krafist fyrir dómi. Rökin að baki rýmri lögsögu dómstóla hér á landi í málum sem varða staðfesta samvist eru einkum þau að meðan þetta sambúðarform er viðurkennt í löggjöf tiltölulega fárra ríkja getur reynst ómögulegt að höfða mál í tengslum við þessa aðstöðu annars staðar en fyrir dómstólum hér á landi.

Sambærileg rök liggja að baki ákvæðinu í 3. mgr. 8. gr. Þar er ráðgert að einstaklingar í staðfestri samvist geti fengið meðferð og úrlausn mála sem varða samvistina fyrir stjórnvöldum hér á landi, án tillits til þeirra skilyrða sem sett eru í 1. mgr. 123. gr., þar á meðal um búsetu og ríkisfang.

9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um staðfesta samvist.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að tveir einstaklingar af sama kyni geti látið staðfesta samvist sína og öðlast þar með rétt og skyldur sem að mörgu leyti eru hliðstæðar hjónabandi.

Skilyrði fyrir staðfestingu samvistar eru þau sömu og krafist er í hjúskaparlögum. Kostnaður sýslumannsembætta við framkvæmd á könnun slíkra skilyrða og staðfestingu á samvist er hverfandi.

Með 5. gr. yrði það lögfest að staðfesting samvistar, með þeim undantekningum sem greinir í 6. gr., hafi sömu réttaráhrif og stofnun hjúskapar. Þetta þýðir að aðilar staðfestrar samvistar njóta sömu réttinda og taka á sig sömu skyldur og hjón, m.a. gagnvart lögum um tekjuskatt og eignarskatt, almannatryggingalögum, lögum um félagslega aðstoð og hugsanlega réttinda til lífeyris.

Á þessu stigi er ekki vitað hve margir einstaklingar munu stofna til staðfestrar samvistar og því er ógerlegt að meta hvaða fjárhagsleg áhrif það hefur á tekjuhlið ríkissjóðs eða útgjaldahlið almannatrygginga, útgjöld vegna félagslegrar aðstoðar eða aðra útgjaldaþætti ríkissjóðs. Reynsla nágrannalandanna bendir til að staðfestar samvistir verði tiltölulega fáar og því munu fjárhagsleg áhrif þeirra á ríkissjóð verða hverfandi.

565. Svar [237. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um starfsþjálfun nemenda á framhalds- og háskólastigi.

1. *Hversu margar ríkisstofnanir og fyrirtæki hafa tekið nemendur á framhalds- og háskólastigi í starfsþjálfun árin 1990–95? Hvaða stofnanir og fyrirtæki er um að ræða? Hver var fjöldi nemenda í starfsþjálfun hvert ár, skipt niður á stofnanir og fyrirtæki? Hvaða nám stunda þessir nemendur?*
2. *Hversu margar aðrar stofnanir og fyrirtæki hafa tekið nemendur framhalds- og há-*

skólastigs í starfsþjálfun árin 1990–95? Hver er fjöldi nemenda og í hvaða atvinnugreinum eru þessi fyrirtæki og stofnanir?

Svara við 1. og 2. tölul. var aflað með því að skólum var send fyrirspurnin og óskað eftir upplýsingum í samræmi við einstaka liði hennar eftir því sem við ætti. Í fskj. I er yfirlit yfir þá skóla sem svöruðu fyrirspurninni og samantekt þeirra upplýsinga sem bárust.

3. *Hversu margar stofnanir og fyrirtæki fá eða hafa fengið greiðslur úr ríkissjóði fyrir starfsþjálfun nemenda á framhalds- og háskólastigi árin 1990–95? Hversu háar eru greiðslurnar:*
   a. *til ríkisstofnana og fyrirtækja,*
   b. *til annarra stofnana og fyrirtækja?*

Framhaldsskólastig. Einstakar stofnanir eða fyrirtæki fá ekki greiðslur úr ríkissjóði fyrir starfsþjálfun nemenda á þessu skólastigi.

Háskólastig. Kennaranemar fá starfsþjálfun í skólum á viðkomandi skólastigi. Leiðbeinendur þessara nema fá þóknun samkvæmt ákvæðum í kjarasamningi milli fjármálaráðuneytisins og þess kennarafélags sem í hlut á.

Á haustönn 1995 var þessi kostnaður hjá Háskólanum á Akureyri 3.640.000 kr. fyrir 24 nemendur.

Á árinu 1995 var þessi kostnaður hjá Kennaraháskóla Íslands 22.500.000 kr.

4. *Hefur menntamálaráðuneytið eða önnur ráðuneyti gert formlega samninga við fyrirtæki eða stofnanir um starfþjálfun nemenda á framhalds- og háskólastigi árin 1990–95? Ef svo er, um hvaða atvinnugreinar er að ræða? Ef svo er ekki, mun ráðuneytið beita sér fyrir að slíkir samningar verði gerðir?*

Í 24. gr. laga nr. 57/1988, um framhaldsskóla, segir:

„Heimilt er skólanefnd að gera samninga við iðnmeistara, fyrirtæki eða stofnun um að annast tiltekna þætti verklegrar menntunar í samstarfi við framhaldsskóla. Slíkir samningar skulu staðfestir af menntamálaráðuneytinu og hefur ráðuneytið yfirumsjón með framkvæmd þeirra."

Þetta ákvæði hefur ekki verið virkt þannig að enginn samningur hefur verið gerður samkvæmt því.

5. *Eru fyrirhugaðar af hálfu menntamálaráðuneytis eða annarra ráðuneyta einhverjar þær aðgerðir sem auðvelda ríkisfyrirtækjum, stofnunum ríkisins eða öðrum stofnunum og fyrirtækjum að taka við nemendum í starfsþjálfun? Ef svo er, í hverju eru þær aðgerðir fólgnar?*

Í frumvarpi til laga um framhaldsskóla, sem nú er til meðferðar á Alþingi, er að finna hliðstætt ákvæði og um er getið í 4. tölul.:

„Um vinnustaðanám skal gera sérstakan starfsþjálfunarsamning milli skóla og vinnustaðar . . . "

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir sérstökum greiðslum af hálfu ríkisins vegna slíkra samninga.

Algengasta form starfsmenntunar er samningur milli nema og vinnuveitanda þegar um er að ræða löggiltar iðngreinar. Iðnnemar á slíkum samningi þiggja laun frá vinnuveitanda samkvæmt kjarasamningum. Til fróðleiks fylgir yfirlit yfir iðnámssamninga sem nú eru í gildi, sjá fskj. II.

Fylgiskjal I.

Eftirtaldar stofnanir hafa sent upplýsingar:

Sjúkraliðanám.
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra, Sauðárkróki.
Fjölbrautaskóli Suðurlands, Selfossi.
Fjölbrautaskóli Suðurnesja.
Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi.
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti.
Fjölbrautaskólinn við Ármúla.
Framhaldsskóli Vestfjarða, Ísafirði.
Verkmenntaskólinn á Akureyri.

Matartækninám.
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti.
Verkmenntaskólinn á Akureyri.

Leikskólakennaranám.
Fósturskóli Íslands.

Þroskaþjálfanám.
Þroskaþjálfaskóli Íslands.

Ljósmæðranám.
Landspítalinn.

Kennaranám.
Kennaraháskóli Íslands.
Skólinn sendir um 500 kennaranema í starfsþjálfun í grunnskóla landsins á ári hverju.

Háskólinn á Akureyri, kennaradeild og heilbrigðisdeild.
Kennaradeild.
Tólf grunnskólar á Norðurlandi tóku 24 kennaranema í starfsþjálfun á árinu 1995 en það var fyrsta starfsár deildarinnar.

Ekki hafa borist upplýsingar frá Háskóla Íslands, Tækniskóla Íslands og Verkmenntaskóla Austurlands.

Sjúkraliðanemar.

Sjúkraliðanemar hafa fengið starfsþjálfun á árunum 1990–1995 á um 34 heilbrigðisstofnunum, þ.e. sjúkrahúsum, öldrunarheimilum og meðferðarstofnunum (sjá yfirlit).

Matartækninemar.

Matartækninemar hafa fengið starfsþjálfunarpláss í eldhúsum sjö heilbrigðisstofnana (sjá yfirlit).

Leikskólakennaranemar (fóstrur).

Á tímabilinu 1990–1995 voru 1.458 nemendur í verknámi á vegum Fósturskóla Íslands víðs vegar um landið.

Fjöldi stofnana sem tekið hefur við nemendum í starfsþjálfun:

Leikskólar á vegum Reykjavíkurborgar	57
Leikskólar, einkareknir	4
Leikskólar á vegum sveitarfélaga	93
Skóladagheimili	6
Leikskólar á vegum sjúkrahúsa í Reykjavík	15

Alls 175 leikskólar.

Verknámstímabilið er sem hér segir:	1. bekkur	8 vikur
	1. bekkur	6.172 vikur
	3. bekkur	9 vikur

Formlegir samningar við leikskólakennara eru í gildi um starfsþjálfun:
Hver leikskólakennari fær fimm stundir á viku í yfirvinnu.
Leikskólastjórarr fá greiddar tvær fundareiningar fyrir hvert verknámstímabil.

Þroskaþjálfanemar.

(Upplýsingar taka til ársins 1995–1996).

Starfsþjálfunin fer fram á ríkisstofnunum sem fást við uppeldi, umönnun, kennslu og þjálfun einstaklinga með sérþarfir og er undir umsjón þroskaþjálfa. 97 nemendur fengu starfsþjálfun sína sem hér segir:

Dagvist barna í Reykjavík	3 leikskólar
Félagsmálastofnun Hafnarfjarðar	1 leikskóli
Félagsmálastofnun Reykjavíkur	1 skammtímavistun
Félagsmálastofnun Seltjarnarness	1 leikskóli
Kópavogshæli	6 heimiliseiningar
Stofnanir fyrir einhverfa	1 heimiliseining
Styrktarfélag vangefinna	4 stofnanir
Svæðisskrifstofa Reykjavíkur	5 stofnanir
Svæðisskrifstofa Reykjaness	14 stofnanir

Framangreindar stofnanir fá ekki greiðslu fyrir framlag sitt til starfsþjálfunar. Leiðbeinendur fá greiðslu frá Þroskaþjálfaskóla Íslands og viðkomandi stofnanir veita leiðbeinendum vinnuafslátt. Greiðslur eru sem hér segir:

— fyrir nemendur í 1. bekk, engin greiðsla. Nemendur koma í áheyrn á ýmsa staði sem veita þeim námsaðstöðu.
— fyrir nemendur á 2. ári greiðir skólinn hverjum leiðbeinanda laun tvo tíma á viku allt tímabilið (14 vikur).

— fyrir nemendur á 3. ári greiðir skólinn hverjum leiðbeinanda laun þrjá tíma á viku allt tímabilið (14 vikur).

Formlegur samningur f.h. Þroskaþjálfaskóla Íslands hefur ekki verið gerður við ríkisstofnanir. Skólinn hefur ekki óskað eftir að ráðuneytið semdi við þær stofnanir sem eiga aðild að starfsnámi nemenda skólans.

Ljósmæðranemar.

Ljósmæðraskóli Íslands starfaði á vegum ríkisspítala fram til ársins 1994. Nemendur voru allir hjúkrunarfræðingar. Bóklegt og verklegt nám var samhliða og voru nemendur á launum í starfsnámi:

1990–91	16 nemendur
1991–92	17 nemendur
1992–93	12 nemendur
1993–94	3 nemendur

Sjúkraliðanemar.

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti.

Nemendur dreifast einkum á sjúkrahús og öldrunarstofnanir á Reykjavíkursvæðinu. Stærsti hópurinn er á Landsspítala og Borgarspítala, aðallega á öldrunar-, lyf-, handlækninga- og geðdeildum. Af tæknilegum ástæðum var ekki hægt að veita upplýsingar fyrir árið 1991.

Stofnun	1990	1992	1993	1994	1995
Borgarspítalinn	18	20	20	23	7
Eir		1	1	5	8
Fjórðungsjúkrahús Suðurlands Selfossi		2	1		
Fjórðungsjúkrahús Vestfjarða, Ísafirði		1	1		
Fjórðungsjúkrahús Vesturlands, Akranesi	3				
Grund					2
Hrafnista Hafnarfirði		2		1	1
Hrafnista Reykjavík	2	4		3	7
Kópavogshæli		1	1		
Landakot	10	2			
Landsspítalinn	29	63	63	64	48
Reykjalundur	4	5	3	8	
Seljahlíð		1	2		
Sjúkrahúsið Húsavík		1			
Sjúkrahúsið Patreksfirði		1			
Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum			1	1	
Skjól		9	2	1	1
Sólvangur, Hafnarf.				2	
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði				1	1
Sunnuhlíð, Kópavogi		5	2		1
Vogur				5	4
21 stofnun	66	118	97	114	89

Fjölbrautaskólinn við Ármúla.

Stofnun	1991	1992	1993	1994	1995
Sjúkrahús og öldrunarstofnanir á Reykjavíkursvæðinu	9	9	11	11	22

Fjölbrautaskóli Suðurnesja.

Stofnun	1990	1990–91	1991–92	1992–93	1993–94	1994–95
Sjúkrahús Suðurnesja	6	7	4	0	7	7
Garðvangur	6	7	4	0	0	0
Sólvangur	6	7	4	0	7	7
St. Jósefsspítali	6	7	4	0	7	7
4 stofnanir	24	28	16	0	21	21

Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi.

Stofnun	1990	1990–91	1991–92	1992–93	1993–94	1994–95
Fjórðungsjúkrahús Vesturlands, Akranesi.		3	5	8	9	6
Borgarspítalinn				3		
Hrafnista, Reykjavík				2		
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði.				3	1	
Landspítalinn				1		
		3	5	17	10	6

Framhaldsskóli Vestfjarða, Ísafirði.

Stofnun	1993–94	1995
Fjórðungsjúkrahús Vestfjarða	6	5

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra, Sauðárkróki.

Stofnun	1990	1990–91	1991–92	1992–93	1993–94	1994–95
Sjúkrahús Skagfirðinga, Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri og St. Jósefsspítali		6	6	8		10

Verkmenntaskólinn á Akureyri.

Stofnun	1990	1991	1992	1993	1994	1995
Fjórðungsjúkrahúsið Akureyri, Kristnesspítali, Dvalarheimið Hlíð, Sjúkrahúsið Húsavík, Héraðshælið Blönduósi	2	20	8	21	12	17

Fjölbrautaskóli Suðurlands, Selfossi.

Stofnun	1990	1991	1992	1993	1994	1995
Fjórðungsjúkrahús Suðurlands, Ljósheimar, Heilsust. Hveragerði, Sogn, Borgarspítalinn					8	5

Matartæknineмar.

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti.

6 stofnanir:	1990	1990–91	1991–92	1992–93	1993–94	1994–95
Eldhús Landspítala, Vífilsstaða, Borgarspítala, Landakots, Reykjalundar og Sjúkrahúss Suðurlands	6	6	1	3	4	6

Verkmenntaskólinn á Akureyri.

2 stofnanir:	1990	1990–91	1991–92	1992–93	1993–94	1994–95
Landspítalinn		2				
Fjórðungssjúkrahús Akureyri			1			
Landspítalinn				2		
Landspítalinn					1	

Fylgiskjal II.

Yfirlit yfir gildandi iðnámssamninga.
(5. febrúar 1996.)

Iðngrein	R	Vl	Vf	Nv	Ne	A	S	Rn	Hf	Ve	Samtals
Almenn ljósmyndun	3	0	0	0	0	0	0	0	0	0	3
Bakaraiðn	39	4	2	0	4	6	2	1	6	4	68
Bifreiðasmíði	8	0	0	0	1	1	2	1	1	0	14
Bifvélavirkjun	32	2	1	5	5	7	4	2	7	1	66
Bílamálun	5	0	0	0	1	0	0	3	1	0	10
Blikksmíði	12	5	0	0	1	0	1	1	0	0	20
Bókband	10	0	0	0	0	0	0	0	0	0	10
Framreiðsluiðn	80	2	0	0	9	1	2	2	3	0	99
Gull og silfursmíði	11	0	1	0	3	0	1	0	1	0	17
Hárgreiðsluiðn	52	3	2	1	2	2	2	1	5	3	73
Hárskera og rakaraiðn	10	1	0	0	4	0	1	1	1	1	19
Hársnyrtiiðn	45	1	1	0	5	1	1	0	5	0	59
Húsasmíði	145	14	7	12	26	23	46	46	44	10	373
Húsgagnabólstrun	2	0	0	0	0	0	0	0	0	1	3
Húsgagnasmíði	7	0	0	0	0	0	0	0	0	0	7
Kjötiðn	40	0	0	3	13	3	6	3	1	0	69
Kökugerð	1	0	0	0	1	0	0	0	0	0	2
Matreiðsla	113	2	0	1	16	2	2	2	9	1	148
Málaraiðn	65	4	1	3	13	1	2	21	16	2	128
Mjólkuriðn	3	0	0	2	3	1	4	0	0	0	13
Mótasmíði	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	1
Múraraiðn	36	4	0	2	3	2	4	4	18	1	74
Netagerð	13	3	2	1	5	2	0	1	0	4	31
Persónuljósmyndun	8	0	0	0	0	0	0	0	1	0	9
Pípulagnir	29	1	0	1	4	0	1	15	7	1	59
Prentsmíð	20	0	0	0	0	0	0	0	0	0	20
Prentun	23	0	0	0	0	0	0	0	2	0	25
Rafsuða	2	0	0	0	0	0	1	1	0	1	5
Rafveituvirkjun	3	0	0	2	3	0	0	0	0	0	8

Iðngrein	R	Vl	Vf	Nv	Ne	A	S	Rn	Hf	Ve	Samtals
Rafvirkjun	12	1	1	2	13	2	4	5	4	1	45
Rennismíði	4	1	0	1	0	0	0	0	1	1	8
Skósmíði	4	0	0	0	0	0	0	0	1	0	5
Skóviðgerð	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2
Skrúðgarðyrkja	16	0	0	0	2	0	0	0	5	0	23
Snyrtifræði	20	0	0	0	1	0	1	0	1	2	25
Stálskipasmíði	0	0	0	0	7	0	0	0	2	8	17
Stálvirkjasmíði	3	0	1	0	0	0	0	1	1	0	6
Söðlasmíði	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	1
Veggfóðrun	8	0	0	0	1	0	0	3	2	0	14
Vélsmíði	51	10	7	12	24	29	6	0	18	5	162
Samtals	937	58	26	48	170	83	93	115	164	47	1741

566. Svar [282. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um talsett og textað efni í sjónvarpi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve stór hluti þess efnis sem sýnt var í sjónvarpi árið 1995 var talsettur og hve stór hluti textaður?*
2. *Hve stór hluti barnaefnis í sjónvarpi var talsettur og hve stór hluti textaður sama ár?*

Upplýsingar óskast sundurliðaðar eftir sjónvarpsstöðvum og komi þá einnig fram hvernig þessum málum var háttað hjá þeim stöðvum sem hófu rekstur á árinu þann tíma sem þær störfuðu.

Eftirfarandi upplýsingar hafa borist ráðuneytinu frá Ríkisútvarpinu, Íslenska útvarpsfélaginu hf. og Íslenska sjónvarpinu hf.:

Ríkisútvarpið — Sjónvarp.

Útsent efni í Sjónvarpinu 1995 var 3.512 klst. Af því var almennt erlent dagskrárefni 1.822 klst. eða 52%. Af þessu efni var 1.361 klst. textuð eða 74,7% og 461 klst. talsett eða 25,3%.

Erlendar fréttir og íþróttir eru yfirleitt textaðar eða með þeim fluttur íslenskur þulartexti. Fréttir og íþróttir eru ekki meðtaldar í framangreindum tölum.

Í textavarpi voru 7,5 klst. textaðar fyrir heyrnarskerta árið 1995.

Talsett barnaefni var 468 klst. eða 78%. Textað barnaefni var 130 klst. eða 22%. Erlent barnaefni var samtals 598 klst.

Íslenska útvarpsfélagið hf. — Stöð 2.

Kvikmyndir/framhaldsmyndir	
Frumsýndar myndir (fjöldi 327)	568 klst.
Endursýndar myndir (fjöldi 658)	1.107 klst.
Framhaldsþættir	852 klst.
Fræðsluþættir og stakir þættir	55 klst.
Tónlist	
Innlend dagskrárgerð	74 klst.
Erlendir þættir og myndbönd	101 klst.
Íþróttir	
Innlend dagskrárgerð	101 klst.
Erlent efni	187 klst.

Barnaefni	
Innlend dagskrárgerð	43 klst.
Textað efni	190 klst.
Talsett efni	438 klst.
Fréttir/19:19	334 klst.
Innlend dagskrárgerð/annað	375 klst.
Samtals	**4.425 klst.**
Þar af:	
á íslensku	926 klst.
á ensku	2.843 klst.
á öðru tungumáli	66 klst.
talsett (barnaefni, fræðsluþættir, íþróttir)	590 klst.

Íslenska útvarpsfélagið hf. — Sýn.

Útsendingar Sýnar hófust 16. nóvember 1995. (Einn knattspyrnuleikur var þó sýndur 1. nóvember.)

Útsendingar til áramóta voru samtals 321 klst. Þar af var textað efni 177 klst. og talsett efni (íþróttir) 37 klst.

Íslenska sjónvarpið hf. — Stöð 3.

Barnaefni er um 10% af því efni sem sent er út hjá Stöð 3. Af því er um 85% talsett og um 15% textað.

Þær fimm vikur sem útsendingar stóðu á árinu 1995 var nálægt 95% af öðru efni en barnaefni textað. Það sem ekki var textað voru innlendir tónlistarþættir og innlent efni, svo sem „Gestir" Magnúsar Schevings.

567. Frumvarp til laga [321. mál]

um eignarhald á auðlindum í jörðu.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Lúðvík Bergvinsson, Össur Skarphéðinsson.

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Lög þessi taka til auðlinda í landi, botni vatnsfalla og stöðuvatna og í sjávarbotni innan netlaga.

Með auðlindum er í lögum þessum átt við hvers konar frumefni, efnasambönd og orku unnin úr jörðu, hvort heldur í fljótandi, föstu eða loftkenndu formi og án tillits til hitastigs sem þau kunna að finnast við.

2. gr.

Jarðefni merkir í lögum þessum öll gosefni og önnur steinefni, málma, málmblendinga og málmsteindir, kol, jarðolíu, jarðgas og önnur nýtanleg efni sem finnast kunna í jörðu.

Jarðhitasvæði merkir í lögum þessum uppstreymissvæði frá rennsliskerfi heits grunnvatns í jörðu.

Háhitasvæði merkir í lögum þessum jarðhitasvæði þar sem jarðhiti með að minnsta kosti 200 gráðu hita á Celcíus finnst á innan við 1.000 metra dýpi.

Lághitasvæði merkir í lögum þessum jarðhitasvæði þar sem einungis jarðhiti með minna en 200 gráða hita á Celcíus finnst á innan við 1.000 metra dýpi.

Grunnvatn merkir í lögum þessum vatn sem er neðanjarðar í samfelldu lagi og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi, með hitastigi sem næst meðallagsloftshita á staðnum og sem unnið er í öðrum tilgangi en að flytja varma til yfirborðs jarðar eða nýta staðarorku þess.

II. KAFLI
Jarðefni.

3. gr.

Landareign hverri, sem háð er einkaeignarrétti, fylgir réttur yfir grjóti, möl, leir, sandi, vikri, gjalli og öðrum slíkum gos- og steinefnum, svo og mold, mó og surtarbrandi.

Hafi önnur jarðefni en getið er í 1. mgr. sannanlega verið hagnýtt innan landareignar sem er háð einkaeignarrétti áður en lög þessi tóku gildi fylgir réttur yfir þeim landareigninni áfram. Gildir þetta jafnt hvort sem þau efni eru á yfirborði jarðar eða í jörðu.

Önnur jarðefni, sem kunna að finnast á yfirborði lands eða í jörðu, þar á meðal málmar, málmblendingar, kol, önnur en surtarbrandur, jarðolía og jarðgas, eru eign ríkisins nema það viðurkenni að réttur yfir þeim fylgi landareign, sbr. 30. gr.

4. gr.

Utan landareigna sem eru háð einkaeignarrétti tilheyra öll jarðefni ríkinu.

5. gr.

Leit að jarðefnum í eigu ríkisins, sbr. 3. mgr. 3. gr. og 4. gr., er háð leyfi ráðherra. Slík leyfi nefnast *leitarleyfi*. Ráðherra getur einnig haft frumkvæði að slíkri leit hvar sem er á landinu.

Rannsóknir á legu og magni jarðefna í eigu ríkisins sem fundist hafa eru einnig háðar leyfi ráðherra. Nefnast slík leyfi *rannsóknarleyfi*.

Ráðherra er heimilt að veita leyfi til nýtingar á þekktum jarðefnum í eigu ríkisins og nefnast slík leyfi *nýtingarleyfi*.

6. gr.

Í umsóknum um leitar-, rannsóknar- og nýtingarleyfi skal koma skýrt fram hver tilgangur sé með öflun leyfis ásamt ítarlegum upplýsingum um fyrirhugaðar framkvæmdir.

Leita skal umsagnar umhverfisráðuneytis og eftir atvikum Orkustofnunar áður en nýtingarleyfi eru veitt.

III. KAFLI
Lághitasvæði.

7. gr.

Landareign hverri, sem háð er einkaeignarrétti, fylgja ráð yfir lághitasvæðum innan marka hennar og réttur til að hagnýta þau. Það sama á við um hveri og náttúrlegan jarðhita á yfirborði lands þótt landareign sé á háhitasvæði.

Landeiganda er heimilt að hagnýta lághita, svo og hveri og náttúrlegan jarðhita á yfirborði lands, með þeim takmörkunum sem eru greindar í þessum lögum. Honum ber þó að tilkynna iðnaðarráðuneytinu um fyrirhugaðar jarðboranir og aðrar meiri háttar framkvæmdir vegna þeirrar hagnýtingar.

8. gr.

Utan landareigna, sem eru háðar einkaeignarrétti, ræður ríkið yfir jarðhita sem er fjallað um í 1. mgr. 7. gr. og fer með rétt til að hagnýta hann.

9. gr.

Nú vill jarðeigandi ekki standa að hagnýtingu jarðhita sem hann ræður yfir, og er þá ábúanda heimilt að nýta hann í eigin þágu á sinn kostnað, enda verði ekki af því spjöll á öðrum landsgæðum.

Ábúandi má ekki hefja aðgerðir til hagnýtingar á jarðhita fyrr en úttektarmenn hafa staðfest að spjöll verði ekki af þeim og hann hefur eftir atvikum tilkynnt um ráðagerðir sínar skv. 2. mgr. 7. gr.

Hafi ábúandi nýtt sér heimild skv. 1. mgr. er jarðeiganda ekki skylt við brottför hans að leysa til sín mannvirki sem hafa verið gerð til að hagnýta jarðhita í öðru skyni en til heimilis- og búsþarfa, nema samkomulag hafi orðið um annað milli jarðeiganda og ábúanda þegar framkvæmdir hófust eða síðar. Um mat á innlausnarverði skal fara samkvæmt ábúðarlögum.

IV. KAFLI
Háhitasvæði.

10. gr.

Orka háhitasvæða hvar sem er á landinu tilheyrir ríkinu, sbr. þó 1. mgr. 7. gr., 11. gr. og 30. gr. Iðnaðarráðherra fer með mál er varða nýtingu hennar og er óheimilt að nýta orku án sérstaks leyfis hans.

Mörk háhitasvæða skulu ákveðin með reglugerð á grundvelli niðurstaðna af rannsóknum Orkustofnunar. Orkustofnun skal gera ráðuneytinu grein fyrir því ef rannsóknir benda til þess að breyta þurfi mörkum háhitasvæða í reglugerðinni.

11. gr.

Sá sem borað hefur eftir háhita og byrjað hagnýtingu hans fyrir gildistöku laga þessara hefur rétt til þeirrar nýtingar áfram án sérstaks leyfis og án greiðslu leyfisgjalds. Hann skal hafa forgangsrétt til leyfa skv. 12. og 13. gr. á því vinnslusvæði og vera undanþeginn greiðslu leyfisgjalda fyrir þau leyfi.

Með hagnýtingu er átt við að aðili hafi við gildistöku laga þessara hafið orkuvinnslu eða aðra nýtingu háhita eða varið verulegum fjármunum til undirbúnings slíkra ráðstafana að nýtingu. Við það er miðað að nýtingu hafi ekki verið endanlega hætt við gildistöku laganna.

V. KAFLI
Rannsókn og nýting jarðhita.

12. gr.

Rannsóknir á jarðhita, þar með taldar boranir á afmörkuðum jarðhitasvæðum, hvar sem er á landinu, eru háðar leyfi ráðherra, sbr. þó 2. mgr. 7. gr. Slík leyfi nefnast *jarðhitarannsóknarleyfi.*

13. gr.

Nýting jarðhita hvar sem er á landinu er háð leyfi ráðherra, sbr. þó 2. mgr. 7. gr. Slík leyfi nefnast *jarðhitaleyfi.*

Samþykki Alþingis þarf til veitingar jarðhitaleyfis ef vermi tekið úr jörðu á hverri sekúndu nemur meiru en 25 MW. Um heimild til nýtingar á jarðhita til raforkuvinnslu fer samkvæmt ákvæðum orkulaga.

Jarðhitaleyfi felur í sér heimild til handa leyfishafa að vinna háhita úr viðkomandi háhitasvæði á leyfistímanum í því magni og með þeim skilmálum öðrum sem tilgreindir eru í lögum þessum og ráðherra telur nauðsynlega.

14. gr.

Í umsóknum um jarðhitaleyfi skal koma skýrt fram hver tilgangur sé með öflun leyfis ásamt ítarlegum upplýsingum um fyrirhugaðar framkvæmdir umsækjanda til nýtingar jarðhitans. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar umhverfisráðuneytisins og Orkustofnunar.

Áður en leyfi til rannsókna, hagnýtingar eða hvers konar ráðstöfunar á jarðhita í jörðum í ríkiseign eða í ríkisumsjón og öðru sérgreindu eignarlandi ríkisins er veitt skal leita umsagnar þess ráðuneytis er fer með málefni viðkomandi jarðar eða landareignar.

15. gr.

Með rétti til yfirráða og hagnýtingar jarðhita samkvæmt lögum þessum fylgir ekki réttur til uppleystra efna og gastegunda sem heitu vatni og jarðgufu fylgja nema annað leiði af ákvæðum laga þessara eða eðli máls.

16. gr.

Nú eiga fleiri en einn rétthafi heimild til þess að hagnýta sama jarðhitasvæði þannig að ekki verði aðskilið þegar hagnýtt er. Komi upp ágreiningur milli rétthafa um nýtingu jarðhitans sem ekki fæst jafnaður skal afla mats dómkvaddra matsmanna um hvernig hagkvæmast er að hagnýta jarðhitasvæðið og hver sé hlutfallslegur réttur hvers og eins til nýtingar jarðhitans.

17. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja landareign sinni jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra. Um sölu ríkisjarða eða jarða í eigu opinberra stofnana eða sjóða gilda þó ákvæði jarðalaga.

Um sölu jarða, er jarðhitaréttindi fylgja, fer eftir ákvæðum jarðalaga, þó þannig að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt að þeim aðilum frágengnum sem hann er veittur með þeim lögum. Nú hefur sveitarfélag notað forkaupsrétt sinn til slíkra jarðeigna en selur aftur og skal þá ríkissjóður eiga forkaupsrétt er svo stendur á.

18. gr.

Sveitarfélag sem á land á jarðhitasvæði við gildistöku laga þessara skal hafa forgangsrétt til leyfa skv. 12. og 13. gr. og vera undanþegið greiðslu leyfisgjalds.

Áður en leyfi er veitt til nýtingar jarðhita á afrétti eða almenningi skal leita umsagnar þeirrar sveitarstjórnar sem málið er talið varða og hefur sveitarfélagið að öðru jöfnu forgangsrétt á nýtingu jarðhitans til orkuvinnslu til almenningsþarfa í sveitarfélaginu.

VI. KAFLI
Grunnvatn.

19. gr.

Landareign hverri, sem er háð einkaeignarrétti, fylgja ráð yfir grunnvatni innan marka hennar og réttur til að hagnýta það.

Utan landareigna sem eru háðar einkaeignarrétti ræður ríkið yfir grunnvatni og fer með rétt til að hagnýta það.

20. gr.

Ef landamerki tveggja eða fleiri rétthafa liggja þannig að nýting grunnvatns í landi þeirra verður ekki aðskilin og komi upp ágreiningur milli þeirra um nýtingu grunnvatnsins sem ekki fæst jafnaður skal afla mats dómkvaddra manna um hvernig hagkvæmast sé að hagnýta grunnvatnið og hver sé hlutfallslegur réttur hvers rétthafa til nýtingar grunnvatnsins.

21. gr.

Vinnsla grunnvatns, sem ekki er háð einkaeignarrétti, er háð leyfi ráðherra. Nefnist slíkt leyfi *grunnvatnsleyfi*.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð skilyrði sem uppfylla þarf í tengslum við nýtingu grunnvatns til útflutnings.

Áður en grunnvatnsleyfi er veitt skal leita umsagnar umhverfisráðuneytisins og Orkustofnunar.

22. gr.

Sveitarfélag skal hafa forgangsrétt til grunnvatnsleyfis innan marka sveitarfélagsins vegna þarfa vatnsveitu sem rekin er af sveitarfélaginu og vera undanþegið greiðslu leyfisgjalds.

Áður en grunnvatnsleyfi er veitt á afrétti eða almenningi skal leita umsagnar þeirrar sveitarstjórnar sem málið er talið varða.

VII. KAFLI
Vernd og eftirlit með vinnslusvæðum o.fl.

23. gr.

Orkustofnun annast eftirlit með jarðhitasvæðum svo og vinnslusvæðum grunnvatns þar sem leyfi skv. 21. gr. hefur verið veitt.

Kveðið skal á um eftirlit með rannsóknar- og vinnslusvæðum jarðefna í leyfum sem eru gefin út skv. 5. gr.

24. gr.

Óheimilt er að spilla jarðhitasvæðum eða grunnvatni hvort sem er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti. Ekki má breyta farvegi þess vatns er frá jarðhitasvæði rennur, nema talið sé nauðsynlegt til varnar landi eða landsnytjum eða til þeirrar hagnýtingar jarðhita sem heimil er að lögum. Verði ágreiningur um þetta atriði skal afla mats dómkvaddra manna um það.

Mannvirki öll til hagnýtingar jarðhita eða grunnvatns skulu þannig úr garði gerð að af þeim stafi hvorki hætta né veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns, nema honum sé skylt að hlíta því samkvæmt lögum eða samningum.

25. gr.

Við jarðboranir, sem framkvæmdar eru á grundvelli leyfa samkvæmt lögum þessum, skal færa dagbók er gefi upplýsingar um jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa kemur í holuna, hitastig og önnur atriði sem nánar skal ákveða í reglugerð. Skylt er að láta Orkustofnun í té afrit af dagbókinni eigi síðar en einum mánuði eftir að borun er lokið. Orkustofnun getur krafist þess að berg- og jarðvegssýnishorn séu varðveitt. Ef Orkustofnun mælir svo fyrir er leyfishafa að jarðborunum skylt að tilkynna henni þegar í stað ef heitt vatn eða gufa kemur upp og eykst í borholu. Ef verðmæt jarðefni finnast við jarðborun skal þegar í stað tilkynna það til iðnaðarráðuneytisins.

Þegar notkun borhola er hætt skal leyfishafi eða eigandi þeirra loka þeim og merkja.

26. gr.

Aðilar sem vinna jarðhita eða grunnvatn úr jörðu skulu haga vinnslu sinni með þeim hætti að nýting verði sem best þegar til lengri tíma er litið. Í því sambandi skal m.a. ekki tekinn meiri jarðvarmi eða vatn en þörf er. Borunum skal hagað þannig að þær takmarki sem minnst frekari nýtingu síðar.

Sömuleiðis skulu aðilar sem vinna jarðhita eða grunnvatn úr jörðu færa dagbók með upplýsingum um vinnslu, m.a. um hversu mikið vatn eða gufa er tekið úr svæðinu, hitastig og þrýsting. Skylt er að láta Orkustofnun í té afrit af dagbókinni.

27. gr.

Landeiganda eða umráðamanni lands er skylt að veita leyfishöfum samkvæmt lögum þessum óhindraðan aðgang að landareign þeirri sem í hlut á. Ber landeiganda eða umráðamanni að hlíta hvers konar afnotum af landi, takmörkun á umráðarétti og óþægindum sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar rannsóknarinnar eða nýtingar auðlindarinnar.

Við nýtingu eða rannsóknir á auðlindum í jörðu skulu landeigendur og leyfishafar samkvæmt lögum þessum gæta þess að framkvæmdir valdi hvorki mönnum, munum né búpeningi hættu eða skaða. Jafnframt skulu landeigendur og leyfishafar gæta þess að valda ekki mengun og spjöllum á lífríki láðs og lagar. Sama gildir um frágang nýtingarsvæðis ef nýting leggst af.

VIII. KAFLI
Eignarnáms- og bótaákvæði.

28. gr.

Nú veitir ráðherra öðrum en landeiganda leyfi skv. 5., 12. og 13. gr. til að leita að, rannsaka eða hagnýta auðlind í eigu eða undir yfirráðum ríkisins innan landareignar sem er háð einkaeignarrétti, og getur landeigandi þá krafist bóta vegna tjóns sem hann verður sannanlega fyrir af þeim sökum.

Við ákvörðun bóta skv. 1. mgr. skal aðeins tekið tillit til tjóns vegna verðrýrnunar á landareign og spjalla á henni, afnotamissis af landgæðum eða hlunnindum og umferðar eða átroðnings á landareign. Valdi aðgerðir leyfishafa því að landeigandi geti ekki nýtt auðlindir sem fylgja landareign eða þær spillist á landeigandi einnig rétt til bóta vegna tjóns síns af því.

29. gr.

Ráðherra getur heimilað þeim sem hefur fengið leyfi skv. 5., 12. eða 13. gr. til að leita að, rannsaka eða hagnýta auðlind í eigu eða undir yfirráðum ríkisins innan landareignar sem er háð einkaeignarrétti að taka eignarnámi land, mannvirki og önnur réttindi landeiganda að því leyti sem nauðsyn ber til svo leyfið geti komið að notum.

Ráðherra er heimilt að ákveða að ríkið taki eignarnámi auðlindir í jörðu sem fylgja landareign sem er háð einkaeignarrétti, ásamt nauðsynlegu landi og mannvirkjum, ef þess reynist þörf til að koma við nýtingu þeirra eða koma í veg fyrir að nýting þeirra spilli fyrir hagnýtingu sömu auðlindar utan landareignarinnar.

Ráðherra getur heimilað sveitarfélagi að taka eignarnámi auðlindir sem fylgja landareign sem er háð einkaeignarrétti, ásamt nauðsynlegu landi og mannvirkjum, ef brýna nauðsyn ber til vegna almannahagsmuna í sveitarfélaginu.

Ef eignarnám skv. 1.–3. mgr. á hluta af landareign hefur í för með sér verulega rýrnun hennar að öðru leyti á landeigandi rétt á að eignarnámið verði látið ná til hennar í heild sinni.

Framkvæmd eignarnáms á grundvelli þessara laga fer eftir almennum reglum að öðru leyti en því að um ákvörðun eignarnámsbóta gilda ákvæði 28. gr.

30. gr.

Telji landeigandi eða annar eignarréttindi sín skerðast vegna ákvæða 3., 4., 8. eða 19. gr. um eignarrétt eða yfirráðarétt ríkisins yfir auðlindum í jörðu skal hann tilkynna það ráðherra fyrir 1. janúar 1997. Í tilkynningu skal greint af nákvæmni frá þeim réttindum sem hlutaðeigandi telur skert og rökstutt á hvaða grunni hann byggir þau.

Nú berst ráðherra tilkynning skv. 1. mgr. og getur hann þá ákveðið að ríkið falli frá eignarrétti sínum að viðkomandi auðlindum og viðurkenni þar með réttindi landeiganda yfir þeim þannig að þær fylgi landareign upp frá því. Eins má fara að ef haldið hefur verið fram eignarrétti yfir auðlindum utan marka landareigna sem eru háðar einkaeignarrétti. Yfirlýsingu ráðherra um slíka viðurkenningu á eignarrétti skal þinglýst og greiðast ekki gjöld í ríkissjóð af því.

Verði málið ekki ráðið til lykta skv. 2. mgr. skal ráðherra beina því til matsnefndar eignarnámsbóta sem metur eftir atvikum hvort og hversu háar bætur hlutaðeiganda beri vegna skerðingar á eignarrétti sínum. Skal farið með málið annars eftir almennum reglum um framkvæmd eignarnáms að öðru leyti en því að um ákvörðun bóta gilda ákvæði 28. gr.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

31. gr.

Í leyfum, sem veitt eru samkvæmt lögum þessum, skal greina þau skilyrði sem leyfishafa eru sett, þar á meðal um gildistíma leyfis, skýrslugjöf leyfishafa, skyldu hans til að hlíta eftirliti og greiða kostnað af því, um öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir, kaup vátrygginga vegna hugsanlegrar skaðabótaábyrgðar leyfishafa og um greiðslu leyfisgjalds.

Við ákvörðun leyfisgjalds fyrir nýtingarleyfi, sbr. 3. mgr. 5. gr., jarðhitaleyfi, sbr. 13. gr., eða grunnvatnsleyfi, sbr. 21. gr., skal m.a. taka tillit til hugsanlegs verðmætis þess sem unnið kann að verða og vinnslu- og dreifingarkostnað þess.

Ráðherra er heimilt að bjóða út í einu lagi rannsóknar- og nýtingarleyfi skv. 5. gr. þar sem leit hefur leitt í ljós tilvist verðmætra jarðefna í eigu ríkisins. Á sama hátt er heimilt að bjóða út nýtingarleyfi skv. 5. gr., þar sem leit og rannsóknir hafa leitt í ljós tilvist verðmætra jarðefna í eigu ríkisins.

32. gr.

Leyfi samkvæmt lögum þessum eru ekki framseljanleg nema með leyfi ráðherra.

Ráðherra er heimilt að afturkalla leyfi ef leyfishafi fylgir ekki skilmálum laga þessara eða skilyrðum sem sett eru í leyfi hans.

33. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um upphæð leyfisgjalda samkvæmt ákvæðum laga þessara.

34. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Dæma má jafnt lögaðila sem einstakling til greiðslu sekta vegna brota á lögum þessum. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verði sönnuð á starfsmann lögaðilans.

35. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi námulög, nr. 24/1973, og III. og IV. kafli orkulaga, nr. 58/1967.

Greinargerð.

Meginefni frumvarpsins.

Meginmarkmið frumvarpsins er að setja heildarlöggjöf um eignarhald á auðlindum í jörðu. Í frumvarpinu er í fyrsta lagi kveðið skýrt á um eignar- og hagnýtingarrétt ríkisins á auðlindum í jörðu utan afmarkaðra eignarlanda. Í öðru lagi er kveðið á um eignarrétt ríkisins að jarðefnum sem ekki hafa verið hagnýtt hér á landi þar sem þau hafa ekki fundist í nýtanlegu magni. Í þriðja lagi er kveðið á um eignarrétt ríkisins til orku háhitasvæða hvar sem er á landinu, með þeirri undantekningu að þeir sem hafið hafa nýtingu háhitasvæða fyrir gildistöku laganna halda þeim rétti sínum áfram. Í fjórða lagi eru settar skýrar reglur um hvenær bætur skulu metnar fyrir tjón sem landeigendur telja sig verða fyrir vegna leyfisveitinga eða eignarnáms. Einnig er í frumvarpinu að finna reglur um leyfisveitingar til leitar, rannsóknar og nýtingar á þeim auðlindum sem frumvarpið tek-

ur til sem og reglur um vernd jarðhitasvæða, grunnvatns og þeirra svæða sem önnur jarðefni verða numin úr. Loks er að finna ákvæði um að ríkið geti afsalað sér eignarrétti í einstökum tilvikum.

Eldri frumvörp um auðlindir.

Almenn löggjöf um eignarhald á auðlindum í jörðu hefur aldrei verið sett hér á landi. Í staðinn hefur verið farin sú leið að setja löggjöf um eignarhald á tilteknum verðmætum eða gögnum, sbr. t.d. setning námulaga, nr. 61/1907 (nú lög nr. 24/1973), og jarðhitalaga, nr. 98/1940 (nú III. kafli orkulaga, nr. 58/1967).

Eignarhald á auðlindum í jörðu er gamalkunnugt deilumál á Alþingi. Má segja að það sé nánast jafngamalt öldinni. Í umræðum á þinginu 1905 um þingsályktunartillögu um náma í jörðu komu glöggt í ljós mismunandi skoðanir þingmanna á því hvaða stefnu bæri að fylgja um eignarhald á námum. Sumir þingmenn vildu að ríkið teldist eigandi þessara verðmæta en aðrir töldu að rétturinn væri best kominn hjá landeigendum. Frumvarp til námulaga var lagt fram á Alþingi 1905 og endurflutt 1907. Í því frumvarpi var miðað við þá meginreglu að íslenska ríkið ætti námuréttinn. Meiri hluti þingmanna hafnaði því hins vegar og landeigendastefnan var því lögð til grundvallar þeim námulögum sem samþykkt voru, sbr. 2. gr. laga nr. 61/1907. Þessari stefnu var haldið þegar ný námulög voru sett og aftur með lögum nr. 24/1973 en þó með ýmsum takmörkunum. Landeigendastefnunni var einnig fylgt þegar lög nr. 98/1940, um jarðhita, voru sett og síðan þegar þau voru leyst af hólmi með III. kafla orkulaga, nr. 58/1967, með vissum takmörkunum.

Þessi tvö andstæðu sjónarmið um eignarhald settu einnig mark sitt á deilur sem urðu um eignarhald á fossum eins og glögglega kom fram í mismunandi áliti meiri og minni hluta fossanefndarinnar frá 1917. Meiri hlutinn vildi fylgja þeirri stefnu vatnsafl væri eign þjóðarinnar en minni hlutinn taldi að slíkur réttur skyldi fylgja landareign. Stefna minni hlutans varð ofan á þegar vatnalög, nr. 15/1923, voru sett en þó var réttur landeigenda takmarkaður á ýmsan hátt.

Friður hefur ríkt um námulög enda stórfelldur námurekstur lítt verið stundaður hér á landi. Á hinn bóginn hefur talsverður styrr staðið um lög um jarðhita og þau ákvæði III. kafla núgildandi orkulaga sem leystu þau af hólmi.

Árið 1945 flutti Bjarni Benediktsson frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita, þar sem gert var ráð fyrir að leyfi ráðherra þyrfti til jarðborana er næðu dýpra en 10 metra. Synja skyldi leyfis ef hætta væri á því að með jarðborunum væri spillt hagnýtingu jarðhita á eign annars manns sem þegar væri hafin eða til kæmi síðar meir, enda væri sú hagnýting jarðhitans mun verðmætari en sú hagnýting sem stefnt væri að með hinni fyrirhuguðu jarðborun. Frumvarpið varð ekki útrætt.

Árið 1957 var lagt fram stjórnarfrumvarp um jarðhita. Samkvæmt því frumvarpi átti réttur landeiganda að ná til nýtingar niður á 100 metra dýpi en ríkið skyldi eiga rétt til jarðhita að öðru leyti. Þetta frumvarp var heldur ekki útrætt.

Þegar frumvarp til núgildandi orkulaga var lagt fram á Alþingi 1966 var lögð fram breytingartillaga við 9. gr. þess, en sú grein fjallar um að réttur til jarðhita skuli fylgja landareign. Breytingartillagan var svohljóðandi: „Jarðhitinn í jörðu niðri er eign þjóðarinnar. Alþingi ákveður hverju sinni með löggjöf um umráðarétt og hagnýtingu hans.“ Tillaga þessi var felld í neðri deild.

Á síðustu tveimur áratugum hafa flest ár verið lögð fram á Alþingi frumvörp um eign-

arhald á jarðhita. Hefur hér ýmist verið um að ræða stjórnar- eða þingmannafrumvörp. Öll hafa þau miðað að því að takmarka umráða- og hagnýtingarrétt landeiganda ýmist miðað við ákveðið hitastig eða dýpt. Talsverðar umræður og deilur hafa orðið um frumvörpin. Sú spurning hefur risið hæst hvort landeigendur ættu stjórnarskrárvarinn rétt til alls jarðhita undir landi sínu eða hvort heimilt væri að takmarka rétt þeirra án bóta. Alþingi hefur þó aldrei tekið efnislega afstöðu til frumvarpanna þar sem þeim hefur ýmist verið vísað til ríkisstjórnarinnar eða ekki útrædd í nefnd.

Eignarréttur á afréttum og almenningum.

Utan landa sem háð eru beinum eignarrétti einstaklinga eða lögaðila eru eins og kunnugt er stór landsvæði sem aldrei voru numin af landnámsmönnum. Hálendi landsins og ýmis gróðursnauð svæði féllu ekki undir landnám einstakra manna, en hafa verið nýtt í sameiningu ýmist af íbúum tiltekinna hreppa eða héraða. Smám saman hefur myndast afnotahefð á beit og silungsveiði á þessum landsvæðum sem nefnd eru afréttir og almenningar. Um nýtingu þeirra er þegar að finna ítarlegar reglur í landbrigðaþætti þjóðveldislaganna eins og þau eru skráð í Grágás.

Það hefur hins vegar víða verið óljóst hver eru mörk afrétta og jarða sem eru undirorpnar beinum eignarrétti, sem og hver eru réttindi eigenda bújarða á almenningum og afréttum. Talið hefur verið að sum afréttarlönd kunni að vera undirorpin fullum eignarrétti einstaklinga eða sveitarfélaga, en í öðrum tilvikum sé aðeins um afmarkaðan afnotarétt að ræða svo sem beitarrétt og/eða veiðirétt.

Í dómi Hæstaréttar árið 1955 er fjallað um eignarrétt á Landmannaafrétti. Komst rétturinn að þeirri niðurstöðu, gagnstætt héraðsdómi, að ekki hefðu verið leiddar sönnur að því að Landmanna- og Holtamannahreppar hefðu öðlast eignarrétt að afréttinum hvorki fyrir nám, löggerning, hefð né með öðrum hætti. Hins vegar ættu íbúar þessara hreppa, svo og ábúendur býlanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi sameiginlegan veiðirétt í vötnum á afréttinum.

Í dómi Hæstaréttar frá árinu 1969 var fjallað um eignarrétt að Nýjabæjarafrétti, sem liggur á mörkum Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslna. Þar hafði héraðsdómur dæmt Skagfirðingum eignarrétt á afréttinum í samræmi við afsal frá 1464. Hæstiréttur komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að „yfirlýsingar í afsölum fyrr og síðar, sem eigi styðjast við önnur gögn, nægja eigi til að dæma öðrum hvorum aðila eignarrétt til öræfa landsvæðis þessa".

Í dómi Hæstaréttar árið 1981 um eignarréttarkröfu ríkissjóðs að Landmannaafrétti segir í niðurstöðu að „Alþingi hafi ekki sett lög um þetta efni, þó að það hefði verið eðlileg leið til að fá ákvörðun handhafa ríkisvaldsins um málefnið". Er hér átt við almenn lög um eignarrétt að almenningum og afréttarlöndum. Í framhaldi af þessum dómi voru samin drög að frumvarpi til slíkra laga árið 1982. Það var ekki lagt fram, en árið 1984 var samþykkt í ríkisstjórn að skipa þriggja manna nefnd til að gera önnur drög með fyrri drögin til hliðsjónar. Á fyrri hluta ársins 1993 skilaði nefnd þessi drögum að frumvarpi til laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, afrétta og þjóðlendna, en aldrei náðist samstaða um flutning frumvarpsins milli þáverandi stjórnarflokka.

Eins og frumvarpið var í fyrstu gerð frá nefndinni reis ágreiningur um hvort ákvæði þess stæðust eignarréttarákvæði stjórnarskrár. Þáverandi iðnaðarráðherra, sem nú er fyrsti flutningsmaður þessa frumvarps, fól því valinkunnum lögmönnum að yfirfara frumvarpið og breyta því og taka við þær breytingar tillit til framkominnar gagnrýni. Frumvarpinu var þá breytt verulega og m.a. saminn nýr kafli, VIII. kafli, um eignarnáms- og bóta-

ákvæði. Að gerðum þeim breytingum töldu þeir lögmenn sem þáverandi ráðherra leitaði til að efni frumvarpsins bryti ekki gegn eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar. Um það var þó áfram ágreiningur milli þáverandi samstarfsflokka í ríkisstjórn og milli lögmanna sem aðilar studdust við þannig að ekki náðist samkomulag um flutning frumvarpsins svo breytts.

Frumvarp það sem nú er flutt er að langmestu leyti eins og sú gerð frumvarpsins, sem unnið var fyrir iðnaðarráðherra í tíð síðustu ríkisstjórnar, með lítils háttar breytingum þó. Flutningsmenn telja nauðsynlegt að látið sé reyna á afstöðu Alþingis jafnvel þó skiptar skoðanir verði áfram meðal lögfræðinga um hvort frumvarpið, eins og það er nú úr garði gert, sé í samræmi við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Flutningsmenn telja löngu tímabært að í lögum sé skorið úr um hvar mörkin séu milli einkaeignarréttar og almenningseignar á landgæðum svo sem á auðlindum í jörðu og á virkjunarrétti jarðvarma og fallvatna. Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar að flestir landsmenn telji að slíkur eignarréttur eigi að vera í höndum þjóðarheildarinnar nema annað hafi ótvírætt verið ákveðið og að slík eignarréttarmörk séu skýrt ákveðin í lögum áður en gera megi ráð fyrir því að viðskipti með land og landgæði milli lögaðila stóraukist frá því sem verið hefur. Flutningsmenn vilja að eignarhald á auðlindum eins og námum, jarðhita og orku fallvatna verði í höndum íslensku þjóðarinnar og sjá ekki betri leið til þess að tryggja það en með samþykkt frumvarps þess sem hér er flutt. Hins vegar þykir þeim eðlilegt að þar sem slík réttindi eru nú ótvírætt í höndum landeigenda verði svo áfram og þurfi að nýta slíkar auðlindir í eigu einstaklinga í þágu heildarinnar komi eðlilegar bætur fyrir sem miðist þá við sannanlegt tjón sem landeigandi kann að verða fyrir.

Æ brýnna verður að skýra hvernig eignar- og hagnýtingarréttur á auðlindum í jörðu utan afmarkaðra eignarlanda eigi að vera háttað. Óraunhæft er að leggja út í kostnaðarsamar framkvæmdir við rannsóknir og nýtingu slíkra auðlinda meðan ekki er skýrt hver eigi rétt til auðlindanna. Um er að ræða kostnaðarsamar rannsóknir og framkvæmdir sem ljóst er að einstaklingar geta ekki lagt í einir síns liðs. Eðlilegt er að ríkið komi þar inn til að tryggja hagnýtingu þeirra auðlinda sem finnast eða finnast kunna í jörðu í framtíðinni. Með þeim rökum er eðlilegt að kveða á um að ríkið eigi umráða- og hagnýtingarrétt á auðlindum í jörðu sem finnast utan afmarkaðra eignarlanda.

Um rétt til jarðefna.

Námulög, nr. 24/1973, kveða á um rétt landeiganda til hagnýtingar jarðefna sem finnast í landi hans með ákveðnum takmörkunum. Þær takmarkanir felast aðallega í skyldu til tilkynninga um ákveðnar framkvæmdir og hömlur á sölu eða leigu námuréttinda án leyfis ráðherra. Jafnframt er landeiganda skylt að leyfa mönnum, sem leita jarðefna með leyfi ráðherra, óhindraðan aðgang að landi sínu. Lögin hafa líka að geyma eignarnámsákvæði.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir breytingum á ákvæðum um rétt yfir jarðefnum. Í fyrsta lagi er talið upp hvaða jarðefni falla undir eignarrétt landeiganda. Eru það öll efni sem hagnýtt eru að einhverju marki í dag. Í öðru lagi er tekið fram að önnur efni en þau sem tiltekið er að falli undir eignarrétt landeiganda séu háð eignarrétti ríkisins. Er þar eingöngu um að ræða efni sem hingað til hafa ekki verið hagnýtt, ýmist vegna þess að þau hafa ekki fundist í nýtanlegu magni eða ekki er vitað að slík efni finnist hér. Ástæða þess að kveðið er á um eignarrétt ríkisins að þeim efnum er sú að ef kanna á hvort þau finnast kostar það viðamiklar og kostnaðarsamar rannsóknir sem ekki eru á annarra færi en ríkisins. Það er með öllu óeðlilegt að ríkið kosti mjög dýrar rannsóknir á auðlindum

sem aðrir gera síðan tilkall til. Einnig er nauðsynlegt að tryggja að eftirlit og ábyrgð á slíkum rannsóknum sé á einni hendi. Því er eðlilegt að kveða á um eignarrétt ríkisins á þessum efnum og setja almennar skorður við nýtingu jarðskorpu landsins neðan yfirborðs. Þessi breyting skerðir ekki innihald eignarréttar landeiganda í dag miðað við þá notkun sem tíðkast hefur frá landnámi. Hins vegar er í frumvarpinu að finna ákvæði til að tryggja að þeir sem telja sig þrátt fyrir allt hafa orðið fyrir bótaskyldri skerðingu á eignarrétti sínum geti haft uppi kröfur um bætur fyrir það tjón sem viðkomandi verður sannanlega fyrir. Sá varnagli er þó sleginn að ríkið getur lýst yfir að réttur til jarðefna þessara fylgi landareign. Ákvæði þetta er sett til að koma í veg fyrir að ríkið þurfi að standa í hugsanlegum málaferlum vegna jarðefna sem það sér engan hag í að halda eignarrétti yfir. Unnt verður að falla frá slíkum rétti með einfaldri yfirlýsingu.

Í frumvarpinu er einnig kveðið skýrt á um að eignarréttur jarðefna á öðrum landsvæðum en jörðum, sem háðar eru beinum eignarrétti, sé eign ríkisins.

Um eignar- og hagnýtingarrétt jarðhita.

Með jarðhitasvæði er í frumvarpi þessu átt við uppstreymissvæði frá rennsliskerfi heits grunnvatns. Rannsóknir hafa sýnt að slíkum svæðum má skipta í tvo flokka. Annars vegar eru lághitasvæði sem oft einkennast af vatnsmiklum laugum og sjóðandi hverum og eru yfirleitt á láglendi. Hins vegar eru háhitasvæði sem einkennast af gufuaugum, leirhverum og ummynduðu bergi. Við boranir í sex háhitasvæði hefur fundist yfir 200 gráðu hiti á Celcíus á minna en 1.000 metra dýpi, og efnarannsóknir á öðrum háhitasvæðum benda til þess að þær megi vænta svipaðs ástands. Virðist því eðlilegt að miða skilgreiningu háhitasvæða við það.

Nýtanlegt varmaafl háhitasvæðanna er talið vera um 90 af hundraði alls varmaafls jarðhitasvæða landsins. Telja má líklegt að háhitasvæðin verði á næstu áratugum nýtt fyrst og fremst til stóriðju, raforkuvinnslu og hitaveitu í þéttbýli. Slík nýting yrði tæpast á færi einstaklinga heldur í höndum ríkis, sveitarfélaga eða stórra fyrirtækja.

Dreifing háhita- og lághitasvæða er nátengd jarðfræði landsins. Háhitasvæðin finnast eingöngu í gosbeltum sem liggja yfir landið frá suðvestri til norðausturs og eru hluti af gos- og jarðsprungubelti Mið-Atlantshafshryggsins sem liggur eftir Atlantshafinu endilöngu. Lághitasvæðin eru aftur á móti í eldri bergmyndunum utan gosbeltanna.

Þekkt háhitasvæði eru: Reykjanes, Eldvörp, Svartsengi, Krýsuvík, Brennisteinsfjöll, Hengill, Geysir, Kerlingafjöll, Hveravellir, Mýrdalsjökull, Torfajökull, Vonarskarð, Grímsvötn, Köldukvíslarbotnar, Kverkfjöll, Askja, Fremri-Námar, Námafjall, Krafla og Þeistareykir. Líkleg svæði eru (yfirborðseinkenni í svigum): Prestahnúkur (einungis laugar, allt að 40 gráður á Celcíus), Tindafjallajökull (einungis laugar um 50 gráður á Celcíus), Blautakvísl (kalkhrúður útbreitt, en enginn hiti á yfirborðinu), Nauthagi (einungis laugar, allt að 68 gráður á Celcíus), Hrúthálsar (skellur og gipsútfellingar, en enginn hiti á yfirborðinu) og Öxarfjörður (lágt viðnám undir söndum).

Auk þess er líklegt að finnast muni fleiri háhitasvæði innan gosbeltanna þótt ekki hafi enn fundist merki um þau á yfirborði. Jarðfræðilegar aðstæður mæla hins vegar sterklega gegn því að háhitasvæði finnist utan þessara gosbelta.

Háhitasvæðin eru mörg allhátt yfir sjó og heitt djúpvatn þeirra nær yfirleitt ekki til yfirborðs. Af heitu djúpvatninu stígur gufa og gas og mynda á yfirborði gufuaugu og leirhveri. Yfirborðsvatn getur hitnað af snertingu við gufuna og bergið og myndað minni háttar hveri og laugar á háhitasvæðum og jöðrum þeirra.

Á tveimur þekktum háhitasvæðum, Reykjanesi og Svartsengi, og líklega Eldvörpum,

er djúpvatnið sjór, en annars staðar ósalt grunnvatn sem hitnað hefur við djúpa hringrás í jörðu.

Hvert háhitasvæði er sjálfstætt rennsliskerfi, hugsanlega fleiri en eitt, og getur vinnsla á einum stað raskað rennsli á öðrum stöðum í kerfinu. Af þessum sökum er mikilvægt að vinnsla jarðvarma á hverju svæði sé undir yfirstjórn eins aðila.

Varmavinnsla úr háhitasvæði er mun erfiðari en vinnsla lághita. Vegna gufuþrýstings og mikils magns uppleystra efna í háhitavatni krefst virkjun þess vandaðri og viðameiri borholuútbúnaðar, flóknari tækjabúnaðar og meiri tækniþekkingar.

Af þessum sökum m.a. er nýting varma á háhitasvæðum svo vandasöm að einstaklingar hafa ekki sóst eftir henni. Helst hefur verið um að ræða nýtingu vatns við jaðra svæðanna með svipuðum hætti og nýtingu lághitavatns.

Á undanförnum árum hefur verið unnið nokkuð að áætlunum um nýtingu háhitasvæða. Einn þröskuldur í vegi slíkra áætlana hefur verið óvissa um umráðarétt á jarðhita sem unninn er með borunum djúpt í jörðu. Tilgangur þessara laga er að kveða skýrar á um en verið hefur um eignarrétt slíks jarðhita.

Með tilliti til framangreinds er í lagafrumvarpi þessu greint á milli eignar- og hagnýtingarréttar á jarðhita eftir því hvort hann er að finna á háhitasvæðum eða lághitasvæðum.

Í frumvarpinu er lagt til að jarðhiti á lághitasvæðum og jarðhiti á yfirborði háhitasvæða innan marka lands sem háð er einkaeignarrétti sé eign landeigenda en allur annar háhiti í jörðu hvar sem er á landinu sem og lághiti á afréttum og almenningum verði eign ríkisins. Þó skulu þeir sem borað hafa eftir jarðhita á háhitasvæðum og byrjað vinnslu hans eða varið verulegum fjármunum til undirbúnings slíkra framkvæmda hafa þann rétt óskertan áfram. Óheimilt er að aðrir aðilar en ríkið og þeir sem leyfi ríkisvaldsins fá bori eftir jarðhita á háhitasvæðum.

Í samræmi við 2. gr. orkulaga er Orkustofnun ætlað það hlutverk að ákveða nánar mörk háhitasvæða og gefa umsögn um veitingu jarðhitaleyfa. Sömuleiðis skal leita álits umhverfisráðuneytis áður en jarðhitaleyfi er veitt.

Sett eru skýr ákvæði um heimild til eignarnáms á aðstöðu til borunar og vinnslu jarðhita á háhitasvæðum og um hvernig bætur skuli metnar fyrir slíkt. Meginreglan er sú að landeiganda skal bætt allt það tjón sem hann verður sannanlega fyrir af völdum framkvæmdanna.

Með lögum þessum er eignarrétti einstaklinga sett tiltekin almenn takmörk án þess að bætur komi fyrir en heimild löggjafarvaldsins til að setja eignarréttinum almennar takmarkanir eru fyrir löngu viðurkennd af dómstólum. Telji landeigandi engu að síður að eignarréttindi hans skerðist vegna ákvæða frumvarpsins um eignarrétt ríkisins á orku jarðhitasvæða skal hann bera fram bótakröfur við iðnaðarráðherra fyrir ákveðið tímamark. Hugsanlegar bætur skulu miðast við sannanlegt tjón. Á sama hátt og varðandi jarðefni getur ríkið fallið frá eignarrétti sínum með einfaldri yfirlýsingu þar um.

Um yfirráða- og hagnýtingarrétt að grunnvatni.

Vatnalögin, nr. 15/1923, taka einungis til yfirborðsvatns og ákvæði skortir um yfirráða- og hagnýtingarrétt grunnvatns. Útflutningur á vatni er orðinn að veruleika í nokkrum mæli og um það rætt að aukning geti orðið þar á. Í frumvarpi þessu er kveðið skýrt á um hver hafi yfirráða- og hagnýtingarrétt að grunnvatni. Meginreglan samkvæmt frumvarpinu er sú að rétturinn fylgi landareignum sem háðar eru einkaeignarrétti en að ríkið eigi réttinn á öðrum landsvæðum. Einnig er lagt til að lögfest verði heimild

til handa ráðherra til að kveða á um skilyrði sem uppfylla þarf við nýtingu grunnvatns til útflutnings.

Bótareglur frumvarpsins.

Í frumvarpinu er lagt til að lögfestar verði skýrar reglur um bætur til landeigenda, hvort sem um er að ræða bætur vegna eignarnáms eða bætur vegna þess að öðrum en viðkomandi landeiganda hefur verið veitt nýtingarleyfi á auðlind sem liggur í landi viðkomandi. Meginefni bótareglu frumvarpsins er að bætur skuli einvörðungu miðast við sannanlegt tjón sem landeigandinn verður fyrir en ekki missi á hlutdeild í framtíðarhagnaði af nýtingu viðkomandi auðlindar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Frumvarpið tekur til auðlinda í jörðu í íslensku landi, í botni vatnsfalla og stöðuvatna og í sjávarbotni innan netlaga. Kveðið er á um eignarhald að auðlindum utan netlaga í lögum nr. 73, 18. maí 1990, um eignarrétt ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Samhliða þessu frumvarpi er lagt fram annað frumvarp er kveður á um umráða- og hagnýtingarrétt að orku vatnsfalla.

Frumvarpi þessu er ætlað að taka til hvers konar auðlinda, hvort heldur sem er efnis í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi, eða orku er finnst í jörðu og er þar ekki gert ráð fyrir neinni undantekningu. Þar undir fellur m.a. grunnvatn, sbr. VI. kafla frumvarpsins. Vatnalögin, nr. 15/1923, taka einungis til yfirborðsvatns og mun því samþykkt þessa frumvarps í engu hagga þeim lögum.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um hvaða jarðefni fylgi landi sem háð er einkaeignarrétti. Það eru öll þau jarðefni sem eru nýtt í dag. Hér er því ekki nein breyting á innihaldi eignarréttar landeiganda. Til öryggis er þó sett ákvæði í 2. mgr. um önnur efni sem kunna að hafa verið nýtt í einhverjum mæli. Hins vegar er kveðið á um það í 3. mgr. að öll önnur jarðefni en nefnd eru í 1. mgr. falli undir eignarrétt ríkisins. Hér er um að ræða efni sem enn hafa ekki fundist í nýtanlegu magni hérlendis. Með því að kveða á um eignarrétt ríkisins að slíkum efnum sem finnast kunna er lagður grunnur að því að ríkið geti styrkt leit og rannsóknir á því hvort hugsanlega sé slíkum auðlindum til að dreifa. Með þessu ákvæði er að vissu marki verið að fylgja fordæmi Dana frá því fyrr á öldinni er þeir settu lög árið 1932 um að ríkið ætti þær auðlindir í jörðu sem enginn í danska ríkinu hefði nýtt fyrir það tímamark.

Ákvæði 2. mgr. er öryggisákvæði og er fyrirmynd þess áðurnefnd lög sem gilda í Danmörku. Ákvæðið er þó rýmra en þau lög þar sem þessi jarðefni fylgja aðeins þeirri jörð þar sem þau hafa verið nýtt. Dönsku lögin hafa á hinn bóginn verið skýrð þannig að jarðefni fylgi landareign hafi þau verið nýtt einhvers staðar í danska ríkinu. Með þessu er verið að fyrirbyggja að upp komi vandamál með ýmis efni, eins og brennistein og steintegundir, sem hafa verið hagnýtt í smáum stíl og hafa almennt lítið verðgildi.

Ákvæði 3. mgr. um eignarrétt ríkisins tekur eingöngu til jarðefna sem hingað til hafa ekki fundist í nýtanlegu magni hérlendis. Af því leiðir að enginn hefur nýtt þau jarðefni

og því er ekki gert ráð fyrir að bótaskylda stofnist vegna þessa ákvæðis frumvarpsins, sbr. ákvæði 28. gr. þess. Þó er að finna í frumvarpinu ákvæði í 30. gr. sem tryggir að þeir sem telja eignarrétt sinn skertan geti haft uppi bótakröfur fyrir ákveðið tímamark.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að lögfestur verði eignarréttur ríkisins að öllum jarðefnum á öðrum landsvæðum en í 3. gr. greinir. Ákvæðið tekur því til afrétta og almenninga að því marki sem enginn getur sannað beinan eignarrétt sinn til þeirra landsvæða.

Um 5.–6. gr.

Í núgildandi námulögum, nr. 24/1973, er að finna ákvæði í 10. gr. um að ráðherra geti veitt sérleyfi til leitar og vinnslu jarðefna hér á landi. Í 5.–6. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um leitarleyfi, rannsóknarleyfi og nýtingarleyfi sem koma eiga í stað sérleyfa samkvæmt núgildandi námulögum. Þess skal getið að felld eru niður ákvæði sem nú er að finna í 4. og 6. gr. námulaga um að landeigandi þurfi sérstakt leyfi iðnaðarráðherra til nýtingar jarðefna á sinni landareign, eða til að leigja öðrum rétt til slíkrar nýtingar.

Í 5. gr. er kveðið á um að ráðherra veiti leitarleyfi, rannsóknarleyfi og nýtingarleyfi. Fyrirmynd þessarar þrígreiningar er m.a. að finna í dönskum lögum um „mineralske råstoffer í Grønland“ sem nú eru nr. 335/1991. Leitarleyfi er eingöngu ætlað að veita aðgang til yfirborðsleitar á landsvæðum, hvort heldur þau eru í einkaeign eða ekki, en ekki að veita rétt til jarðrasks af neinum toga. Í 1. mgr. 5. gr. er sérstaklega tekið fram að ráðherra geti haft frumkvæði að leit jarðefna hvar sem er á landinu. Rannsóknarleyfi felur í sér heimild til borana og ítarlegri könnunar á ákveðnu svæði. Nýtingarleyfi felur í sér heimild til nýtingar og þeirra framkvæmda sem þörf er á í hverju tilviki til að nýta viðkomandi jarðefni. Nýtingarleyfi verða ekki veitt fyrr en umsögn umhverfisráðuneytis liggur fyrir, sbr. 2. mgr. 6. gr. Þá skal eftir atvikum einnig leita umsagnar Orkustofnunar, en hlutverki hennar samkvæmt er slíkt eðlilegt þegar um yrði að ræða nýtingarleyfi á til dæmis kolum, jarðolíu og jarðgasi, sem allt eru orkulindir. Stofnunin getur einnig haft faglegar forsendur til að veita umsögn um a.m.k. sum önnur jarðefni. Í öll framangreind leyfi verða sett nánari skilyrði sem leyfishafi verður að hlíta, sbr. 31. gr. frumvarpsins.

Um 7. gr.

Réttur landeiganda yfir og til hagnýtingar á lághita er í engu skertur frá því sem er samkvæmt gildandi lögum og ekki heldur réttur til hvera og annars náttúrlegs jarðhita á yfirborði háhitasvæða. Mjög lítið er um nýtingu háhitasvæða á þennan hátt, einna helst smávægileg not til hitunar íbúðarhúsnæðis, fjallaskála, baða og ræktunar í heitum jarðvegi. Gróðurhús eru nær eingöngu hituð með lághitavatni, ef undan eru skilin gróðurhús í Hveragerði en Hitaveita Hveragerðis nýtir afrennsli frá háhitasvæði í eigu ríkisins.

Í 2. mgr. er kveðið á um að landeigandi hafi heimild til að bora eftir og hagnýta sér lághita með þeim takmörkunum sem lögin tilgreini. Landeigandi þarf að tilkynna um fyrirhugaðar boranir og aðrar meiri háttar framkvæmdir í tengslum við nýtingu lághitans. Kveðið er á um tilkynningarskyldu hans í þeim tilgangi að yfirvöld geti haft yfirlit yfir hvaða jarðhitaframkvæmdir eru í gangi á hverjum tíma. Þörf er á slíku vegna þess hve samtengd jarðhitasvæði eru. Aðrar takmarkanir en skylda til tilkynningar felast aðallega í ákvæðum VII. kafla um vernd og eftirlit með vinnslusvæðum o.fl.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að lághitasvæði, sem eru utan fullkominna eignarlanda, skuli vera eign ríkisins. Ekki er að finna slíkt ákvæði í gildandi löggjöf og því er lagt til að hugsanlegri óvissu um nýtingarrétt lághitans á afréttum og almenningum verði eytt.

Um 9. gr.

Greinin er sama efnis og 15. gr. núgildandi orkulaga, nr. 58/1967, en orðalagi hefur verið breytt. Í lok 3. mgr. er tekið fram að matið skuli framkvæmt í samræmi við núgildandi ábúðarlög, nr. 64/1976.

Um 10. gr.

Hér er í 1. mgr. lagt til að orka háhitasvæða eins og þau eru skilgreind í 2. gr. tilheyri ríkinu og eru rök fyrir þeirri skipan rakin í almennum athugasemdum hér að framan. Tilvísun ákvæðisins til 30. gr. er sett til öryggis en þar er mælt fyrir um að ríkið geti eftirlátið landeiganda réttindi yfir háhitasvæði til að koma sér hjá ágreiningi um greiðslu eignarnámsbóta fyrir lítilsverð réttindi.

Í 2. mgr. er kveðið nánar á um hvernig mörk háhitasvæða skuli ákveðin. Leiði rannsóknir í ljós nýja þekkingu um þetta atriði skal Orkustofnun upplýsa ráðuneytið um það ef breyta þarf reglugerð um mörk háhitasvæða. Er það einnig í samræmi við 2. gr. núgildandi orkulaga, nr. 58/1967.

Um 11. gr.

Hér er gert ráð fyrir að sú vinnsla sem þegar er hafin á háhitasvæði megi haldast áfram á sama vinnslusvæði án þess að vinnsluaðili þurfi að sækja um leyfi til þess. Til frekari borana og vinnslu þarf að sækja um leyfi en ekki greiða leyfisgjald.

Um 12. gr.

Lagt er til að ráðherra veiti leyfi til rannsókna og borana á jarðhitasvæðum. Á þetta bæði við um lághita- og háhitasvæði og hvort sem land er í einkaeign eða ekki. Landeigendur sem hafa rétt til lághitanýtingar skv. 7. gr. eru þó undanþegnir leyfisskyldu. Ákvæðinu er ekki ætlað að breyta 2. gr. núgildandi orkulaga, nr. 58/1967, þar sem Orkustofnun er falið að annast rannsóknir á orkulindum landsins, og þarf stofnunin því ekki að leita leyfis hverju sinni. Óheppilegt þótti af lagatæknilegum ástæðum að vísa sérstaklega til orkulaga í greininni.

Um 13. gr.

Hér er lagt til að nýting jarðhita hvar sem er á landinu skuli vera háð leyfi ráðherra. Skylda landeiganda sem á land á lághitasvæði til leyfisumsóknar, sbr. 3. mgr. 8. gr., er lögð til í því skyni að auðvelda eftirlit með nýtingu jarðhita hér á landi.

Sérákvæði er að finna í 2. mgr. þessarar greinar um heimild til nýtingar á jarðhita ef vermi tekið úr jörðu á hverri sekúndu nemur meiru en 25 MW. Vermi miðast við þrípunktsástand vatns, en svo nefnist það ástand þegar vatnið er 0,01°C heitt og undir 611,2 Pa (6,112 mb) þrýstingi. Þá eru ís, vatn og gufa í varmafræðilegu jafnvægi. Á þetta sérákvæði sér hliðstæðu í núgildandi orkulögum.

Um 14. gr.

Hér er kveðið á um skyldu þess er sækir um leyfi skv. 15. eða 16. gr. að láta í té upplýsingar sem ráðherra telur máli skipta við afgreiðslu umsóknar og útgáfu leyfis. Sömuleiðis er lagt til að umhverfisráðuneytið og Orkustofnun skuli ávallt veita umsögn við leyfisveitingar.

Leyfi skv. 12. og 13. gr. þarf vegna rannsóknar og nýtingar jarðhita sem finnst í jörðum í ríkiseign. Í 2. mgr. þessarar greinar er kveðið á um að áður en slík leyfi eru veitt skuli leita umsagnar þess ráðuneytis sem fer með málefni viðkomandi jarðar, en það er í flestum tilvikum landbúnaðar- eða kirkjumálaráðuneyti.

Um 15. gr.

Með gufu og heitu vatni berast úr jörðu uppleyst efni og gastegundir sem ekki verða skilin frá á auðveldan hátt. Gildir þetta bæði um lághita og háhita. Ekki er ætlast til þess að með yfirráða- og hagnýtingarrétti yfir jarðhita fylgi réttur til þessara uppleystu efna og gastegunda. Jarðgas og jarðolía, sem nýta má með orkugjafa og sem finnast kunna við boranir í berggrunn landsins, eru þannig í flestum tilvikum eign ríkissjóðs, sbr. 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Sama gildir um önnur jarðefni sem lög þessi ná til. Hitt er síðan annað mál að ekki er ætlast til þess að kveða þurfi á um það í leyfi hverju sinni að réttur nái til þeirra efna sem fylgja heitu vatni, en ekki verða nýtt sérstaklega þar sem þau er að finna í mjög litlum mæli. Undantekningunni um eðli máls er ætlað að ná til þessara tilvika.

Um 16. gr.

Grein þessi er byggð á 14. gr. núgildandi orkulaga, nr. 58/1967, með þeirri breytingu að tekið er fram sérstaklega að aðeins skuli leitað til dómkvaddra matsmanna ef upp kemur ágreiningur sem ekki fæst jafnaður.

Um 17. gr.

Grein þessi er að stofni til byggð á 16. gr. núgildandi orkulaga, nr. 58/1967. Meginreglan er sú að ekki má undanskilja jarðhitaréttindi við sölu jarðar nema þegar um ríkisjarðir er að ræða, þá verður að undanskilja jarðhitaréttindi við sölu þeirra.

Um 18. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er lagt til að sveitarfélög, sem eiga land á jarðhitasvæðum við gildistöku laga þessara, fái forgangsrétt til að hagnýta jarðhita sem finnst innan marka sveitarfélagsins. Þau verða samt sem áður háð ákvæðum laganna um leyfisveitingar en eru undanþegin greiðslu leyfisgjalda. Við það er miðað að ef beiðni kemur frá öðrum en landeiganda, sem á hagnýtingarrétt á lághita skv. 7. gr. frumvarpsins, um rannsókna- eða nýtingarleyfi á jarðhita á svæðum sem eru innan marka sveitarfélagsins, skuli áður en leyfi er veitt leitað álits sveitarstjórnar um það hvort það hyggist nýta viðkomandi jarðhita. Rök þessarar sérreglu eru að nýting sveitarfélags á jarðhita sé í þágu almennings í viðkomandi sveitarfélagi og því sé rétt að tryggja með löggjöf að sveitarfélög hafi forgangsrétt til nýtingar.

Sömu rök eiga við um ákvæði 2. mgr.

Um 19. gr.

Vatnalögin, nr. 15/1923, taka eingöngu til yfirborðsvatns. Því er þörf á að kveða á um yfirráða- og hagnýtingarrétt á grunnvatni. Meginreglan er sú samkvæmt frumvarpinu að landi, sem háð er beinum eignarrétti, fylgir réttur til grunnvatns, sbr. 1. mgr., en að ríkið eigi yfirráða- og hagnýtingarréttinn á öðru landi. Ákvæði 2. mgr. tekur því til afrétta og almenninga að því marki sem enginn getur sannað beinan eignarrétt sinn til þeirra landsvæða.

Um vatnsréttindi að öðru leyti en kveðið er á um í þessum kafla gilda ákvæði vatnalaga nema annað leiði af lögum.

Um 20. gr.

Grein þessi er byggð á 14. gr. núgildandi orkulaga, nr. 58/1967, um hvernig með skuli fara ef ekki er hægt að aðskilja hagnýtingu jarðhita tveggja eða fleiri jarðeigenda. Sú breyting er gerð að tekið er fram sérstaklega að aðeins skuli leitað til dómkvaddra matsmanna ef upp kemur ágreiningur sem ekki fæst jafnaður, sjá og ákvæði 10. gr. frumvarpsins. Sama vandamál og þar er tekið á getur komið upp varðandi nýtingu grunnvatns og því er lagt til að lögfest verði sams konar ákvæði um lausn ágreinings um það efni.

Um 21. gr.

Skilyrðin sem ráðherra getur sett í grunnvatnsleyfi myndu væntanlega byggð á aðstæðum hverju sinni. Vegna áforma um útflutning á drykkjarvatni þykir nauðsyn bera til að lögfesta heimild ráðherra til að setja honum skilyrði. Þykir því rétt að kveða á um að ráðherra geti sett í reglugerð skilyrði sem uppfylla þarf til að útflutningur þess sé heimill, t.d. ákvæði um að vatn skuli eingöngu flutt út í neytendaumbúðum.

Um 22. gr.

Eðlilegt þykir að sveitarfélög hafi svipaðan forgangsrétt til grunnvatns innan marka sinna og þau hafa skv. 19. gr. frumvarpsins til jarðhita.

Um 23. gr.

Orkustofnun annast eftirlit með jarðhitasvæðum samkvæmt núgildandi orkulögum, nr. 58/1967. Hér er lagt til að svo verði áfram auk þess sem Orkustofnun er jafnframt falið að hafa eftirlit með vinnslusvæðum grunnvatns í þeim tilfellum sem grunnvatnsleyfi skv. 21. gr. hefur verið veitt.

Taka yrði afstöðu í hvert sinn þegar leyfi skv. 5. gr. yrði veitt hver yrði eftirlitsaðili. Væntanlega yrði það viðkomandi sýslumaður í flestum tilvikum.

Um 24. gr.

Greinin er samhljóma 49. og 50. gr. núgildandi orkulaga, nr. 58/1967, nema að því leyti að hún tekur bæði til jarðhitasvæða og grunnvatns. Einnig er skýrt kveðið á um skipun matsmanna skv. 1. mgr. greinarinnar.

Um 25. gr.

Greinin er að hluta til byggð á ákvæðum 52. gr. núgildandi orkulaga, nr. 58/1967. Í 1. mgr. er kveðið á um þá nýjung að skylt sé að láta iðnaðarráðuneytið vita ef önnur verðmæt efni en heitt vatn eða gufa finnast við jarðboranir.

Í 2. mgr. er kveðið á um að umráðamenn borhola skuli láta loka þeim þegar notkun þeirra er hætt.

Um 26. gr.

Ákvæði þessarar greinar er nýmæli og er því ætlað að stuðla að sem hagkvæmastri nýtingu jarðhita og grunnvatns. Í 2. mgr. er að finna ákvæði sem á að auðvelda eftirlit með því að markmiði greinarinnar sé framfylgt.

Um 27. gr.

Ákvæði 1. mgr. á sér hliðstæðu í 18. gr. núgildandi orkulaga, nr. 58/1967, og 7. gr. núgildandi námulaga, nr. 24/1973. Verði landeigandi eða umráðamaður lands fyrir tjóni ber að bæta honum það tjón, sbr. 28. gr. frumvarpsins.

Um 28. gr.

Hér er að finna meginreglu um mat á því tjóni sem landeigendur verða fyrir ef ráðherra veitir öðrum aðilum leyfi til rannsóknar og hagnýtingar á jarðefnum og jarðhita á eignarlandi viðkomandi landeiganda. Er meginreglan sú að þeir eiga rétt á bótum fyrir það tjón sem þeir verða fyrir en hins vegar ekki vegna tapaðs hagnaðar af því að nýta viðkomandi auðlind sjálfir ef þeir hefðu til þess getu og ekki heldur til hlutdeildar í framtíðarhagnaði þess sem auðlindina nýtir.

Bótaréttur skapast ekki fyrr en viðkomandi leyfi hafa verið veitt til annarra aðila.

Á sama hátt og kveðið er á um í þessari grein skal meta tjón sem aðilar verða fyrir við eignarnám skv. 29. gr.

Um 29. gr.

Nauðsynlegt þykir að ráðherra hafi heimild til að veita leyfishöfum rannsókna- og nýtingarleyfis skv. 5., 12. eða 13. gr. frumvarpsins heimild til eignarnáms á nauðsynlegum landsvæðum, mannvirkjum og öðrum hugsanlegum réttindum svo að markmið leyfanna náist, sbr. 1. mgr.

Í 2. mgr. er almenn eignarnámsheimild til handa ráðherra til nýtingar á auðlindum svo og til að koma í veg fyrir að nýting hefjist sem spillt geti hafinni nýtingu. Þetta gæti sérstaklega átt við borun eftir jarðhita eða vatni, sbr. 17. gr. núgildandi orkulaga. Að öðru leyti eiga ákvæði þessarar greinar sér hliðstæðu í 17. og 19. gr. orkulaga, nr. 58/1967, og 1. og 2. mgr. 8. gr. námulaga, nr. 24/1973.

3. mgr. er samhljóða 6. mgr. 8. gr. námulaga, nr. 24/1973.

Í 4. mgr. er vísað til almennra reglna um framkvæmd eignarnáms, en núgildandi lög um þá framkvæmd eru nr. 11/1973.

Um 30. gr.

Í frumvarpi þessu er gengið út frá þeirri forsendu að ekki sé verið að skerða eignarrétt landeiganda frá því sem nú er heldur er verið að setja almenn takmörk á nýtingu eignarréttar. Í 3. og 10. gr. frumvarpsins er því annars vegar lýst yfir að ákveðin jarðefni, sem hingað til hafa ekki verið nýtt, séu eign ríkisins og hins vegar að orka allra háhitasvæða sé eign ríkisins. Ef einhver telur að eignarréttur sinn sé skertur með þessum ákvæðum er honum gefið tækifæri til að hafa uppi bótakröfur innan ákveðins tímamarks.

Ákvæði 2. mgr. felur í sér nýjung í íslenskum lögum. Hér er miðað við að ráðherra geti horfið frá eignarrétti ríkisins að auðlindum sem krafa kynni að koma fram út af t.d. ef auðlind skiptir litlu eða engu fyrir almenningshagsmuni og gæti fyrirsjáanlega þurft að greiða bætur fyrir, en undir þeim kringumstæðum mundi auðlind áfram vera í einkaeign.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að kröfum sem ekki verða leystar með því að ríkið falli frá eignarrétti skv. 2. mgr. yrði svarað með eignarnámsmati. Skal þá meta tjónið samkvæmt meginreglum frumvarpsins um sannanlegt tjón landeiganda eða annarra sem kynnu að geta talið til réttinda yfir auðlindum sem væru þá eftir atvikum í jörðu utan eignarlanda.

Um 31. gr.

Það er iðnaðarráðherra að meta í hvert skipti hvaða skilyrði verða sett fyrir veitingu leyfa samkvæmt lögum þessum. Óhjákvæmilega mun það oft ráðast af landfræðilegum og jarðfræðilegum aðstæðum á hverjum stað. Í greininni eru því ekki talin upp tæmandi þau skilyrði sem leyfishafa verða sett.

Í 2. og 3. mgr. er fjallað um hvernig leyfisgjald verður ákveðið fyrir nýtingarleyfi, jarðhitaleyfi og grunnvatnsleyfi. Önnur leyfi verða væntanlega fastákveðin í reglugerð.

Um 32. gr.

Efni 1. mgr. þarfnast ekki skýringar og sömuleiðis ekki efni 2. mgr. þar sem aðeins er hnykkt á eðlilegum afleiðingum þess að leyfisskilyrðum er ekki fylgt.

Um 33.–35. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

568. Frumvarp til laga [322. mál]

um virkjunarrétt vatnsfalla.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Jón Baldvin Hannibalsson,
Rannveig Guðmundsdóttir, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson,
Lúðvík Bergvinsson, Össur Skarphéðinsson.

I. KAFLI

Umráð og hagnýting.

1. gr.

Íslenska ríkið hefur umráða- og hagnýtingarrétt yfir orku allra vatnsfalla utan afmarkaðra landa sem háð eru einkaeignarrétti með þeim takmörkunum sem greinir í lögum þessum.

2. gr.

Þeir sem þegar hafa virkjað fallvötn til orkuvinnslu eða hafið virkjunarframkvæmdir skulu halda þeim réttindum sem þeir hafa öðlast samkvæmt gildandi lögum. Sömuleiðis halda gildi sínu allar heimildir sem Alþingi hefur veitt einstökum aðilum til virkjunarframkvæmda.

Réttur samkvæmt þessari grein er óframseljanlegur nema með samþykki ráðherra.

3. gr.

Landeigendur hafa heimild til að reisa og reka raforkuver með allt að 200 kW afli í þeim vatnsföllum sem um land þeirra renna.

Landeigandi má ekki aðskilja virkjunarrétt samkvæmt 1. mgr. frá landareign sinni. Að öðru leyti skal virkjunarréttur landeiganda lúta ákvæðum V. kafla vatnalaga nr. 15/1923.

II. KAFLI
Virkjunarleyfi.

4. gr.

Ráðherra veitir virkjunarleyfi til að reisa og reka vatnsaflsvirkjanir. Virkjunarleyfi tekur einnig til vatnsmiðlunar og flutnings á vatni milli vatnasviða sem nauðsynlegur er vegna virkjunar þess, lagningar háspennulínu og byggingar aðveitustöðva sem nauðsynlegar eru til að flytja orku virkjunar þangað sem hún er afhent til dreifingar eða seld notanda samkvæmt sérsamningum.

Samþykki Alþingis þarf til að reisa og reka vatnsaflsvirkjun stærri en 2000 kW að uppsettu afli.

Virkjunarleyfi felur í sér einkarétt til handa leyfishafa til að vinna raforku úr vatnsfallinu á leyfistímanum innan þeirra marka og með þeim skilmálum sem í leyfisbréfinu felast.

5. gr.

Áður en virkjunarleyfi er veitt skal leita umsagnar umhverfisráðherra og Orkustofnunar.

6. gr.

Í virkjunarleyfi skulu greind þau skilyrði sem leyfishafa eru sett, þar á meðal um gildistíma leyfis, skýrslugjöf leyfishafa, skyldu hans til að hlíta eftirliti og greiða kostnað af því, um öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir og kaup vátrygginga gegn hugsanlegri bótaábyrgð leyfishafa.

7. gr.

Fyrir virkjunarleyfi skal greiða leyfisgjald. Leyfisgjald skal miðast við orkuvinnslugetu fyrirhugaðs orkuvers og skal það nánar ákveðið í lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

8. gr.

Virkjunarleyfi er ekki framseljanlegt nema til komi samþykki ráðherra.

9. gr.

Ráðherra getur afturkallað leyfi ef leyfishafi fylgir ekki skilmálum laga þessara eða skilyrðum sem sett eru í virkjunarleyfi hans.

10. gr.

Landeigendur og ábúendur á því svæði sem mannvirki vegna virkjunarframkvæmda eiga að ná yfir eru skyldir til að þola þau á löndum sínum og lóðum, svo og að láta af hendi land og mannvirki og að þola hvers konar afnot af landi, takmarkanir á umráðarétti og óþægindi sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og starfrækslu. Um bótaábyrgð virkjunaraðila vegna þess fer eftir ákvæðum III. kafla.

III. KAFLI
Eignarnáms- og bótaákvæði.

11. gr.

Nú rennur vatnsfall um land sem er háð einkaeignarrétti og ráðherra veitir öðrum en landeiganda leyfi til að virkja það. Getur landeigandi þá krafist bóta vegna tjóns sem hann verður sannanlega fyrir af þeim sökum.

Við ákvörðun bóta skv. 1. mgr. skal aðeins tekið tillit til tjóns vegna verðrýrnunar á landareign og spjalla á henni, afnotamissis af landsgæðum eða hlunnindum og umferðar eða átroðnings á landareign. Verði virkjun til að spilla fyrir kosti landeiganda á að virkja sjálfur vatnsfallið skv. 1. mgr. 3. gr. á hann einnig rétt til bóta af þeim sökum.

Aðrir sem verða sannanlega fyrir tjóni vegna virkjunar eða framkvæmda við hana, sbr. 10. gr., eiga rétt til bóta eftir ákvæðum 2. mgr.

12. gr.

Ráðherra getur heimilað virkjunarleyfishafa að taka eignarnámi nauðsynleg landsvæði undir mannvirki, þar með talið land undir vatnsmiðlanir, spennistöðvar og orkuflutningslínur. Ráðherra getur einnig heimilað leyfishafa að taka eignarnámi mannvirki sem kunna að standa í vegi fyrir virkjunarframkvæmdum og annað sem nauðsyn ber til vegna framkvæmda við virkjun og starfrækslu hennar.

Ef eignarnám skv. 1. mgr. á hluta af landareign hefur í för með sér verulega rýrnun hennar að öðru leyti á landeigandi rétt á að eignarnámið verði látið ná til hennar í heild sinni.

Framkvæmd eignarnáms á grundvelli þessara laga fer eftir almennum reglum að öðru leyti en því að um ákvörðun eignarnámsbóta gilda ákvæði 11. gr.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Dæma má jafnt lögaðila sem einstakling til greiðslu sekta vegna brota á lögum þessum. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verði sönnuð á starfsmann lögaðilans.

14. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um upphæð leyfisgjalda samkvæmt 7. gr.

V. KAFLI
Gildistaka og brottfall lagaákvæða.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Um leið falla úr gildi 49. gr., 54.–55. gr., 58.–59. gr. og 64.–66. gr. laga nr. 15/1923.

Greinargerð.

Löggjöf um virkjun vatnsfalla.

Orka vatnsfalla taldist ekki til hlunninda við upphaf byggðar hér á landi og lengst af síðan. Það var fyrst í upphafi þessarar aldar sem mönnum varð ljóst að Ísland byggi yfir mikilli vatnsorku sem nýta mætti til raforkuframleiðslu ef nægilegt fjármagn, tækniþekking og framtak væri til staðar. Í kjölfar þessa reis alda brasks og spákaupmennsku um land allt. Seldu landeigendur fossa til kaupenda sem ýmist voru innlendir eða erlendir einstaklingar eða félög.

Þetta vakti ugg í brjósti margra landsmanna og Alþingi samþykkti þegar árið 1907 lög um takmörkun á eignar- og umráðarétti á fossum á Íslandi, um eignarnám á fossum o.fl., en lögum þessum var ætlað að sporna við þeirri þróun að fossar landsins kæmust í eigu útlendinga.

Fljótlega fóru efasemdir að vakna um rétt landeigenda til vatnsfalla og um það hvort yfirleitt væri hægt að öðlast eignar- eða yfirráðarétt á rennandi vatni. Árið 1917 flutti Gísli Sveinsson þingmaður Vestur-Skaftfellinga þingsályktunartillögu um riftun á samningum um nýtingu vatnsfalla er sýslur og hreppar kunni að hafa gert við einstaka menn eða félög og í bága komi við rétt Landssjóðs. Benti hann í framsöguræðu á það að dæmi væru um að seld hefðu verið vatnsréttindi við fossa í óbyggðum og almenningum sem enginn einstaklingur gæti átt tilkall til. Tillaga Gísla varð til þess að Alþingi kaus fimm manna milliþinganefnd til að gera úttekt á eignarrétti að vatnsréttindum og var nefndin, sem kölluð var Fossanefndin, skipuð með konungsúrskurði hinn 22. október 1917. Nefndin réð Einar Arnórsson þáverandi prófessor í lögum sem ráðgjafa nefndarinnar og samdi hann ítarlega álitsgerð um vatnsréttindi. Var það niðurstaða hans að vatn væri ekki almennt undirorpið eignarrétti þeirra sem land ættu undir því. Landeigandi ætti rétt til að nýta vatn til heimilisþarfa, jarðræktar eða iðnaðar, en að öðru leyti væri öllum frjálst að nota vatnið endurgjaldslaust.

Fossanefndin lauk störfum vorið 1919, en klofnaði í afstöðu sinni. Vildi meiri hluti nefndarmanna, þeir Bjarni Jónsson frá Vogi, Jón Þorláksson verkfræðingur og Guðmundur Björnsson landlæknir, fallast á sjónarmið Einars Arnórssonar um að öll vatnsorka væri almenningseign, en minni hluti nefndarmanna, þeir Guðmundur Eggerz og Sveinn Ólafsson frá Firði, taldi að vatnsorkan væri undirorpin eignarrétti landeigenda. Nefndarmenn voru þó allir sammála því að flutt yrði þingsályktunartillaga um rétt ríkisins til vatnsorku í almenningum og afréttum. Var síðan flutt á Alþingi árið 1919 þingsályktunartillaga þar sem skorað var á landstjórnina „að lýsa alla vatnsorku á almenningum og afréttum eign ríkisins og að gera ef með þarf ráðstafanir til þess að rifting fari fram á gerningum milli einstaklinga eða félaga er í bága kynnu að koma við þennan rétt þjóðfélagsins“. Bjarni Jónsson frá Vogi, sem innan nefndarinnar hafði ávallt haldið fram þeirri skoðun að ríkið ætti öll vatnsréttindi, jafnt á löndum einstakra manna sem annars staðar, flutti breytingartillögu við þingsályktunartillöguna þess efnis að í stað orðanna „í afréttum“ kæmi „í afréttum þeim er eigi heyra til neinni ákveðinni jörð einstakra manna eða sveitarfélaga“. Þegar tillagan var svo samþykkt á Alþingi 27. september 1919 var ekki minnst á afrétti, en hins vegar almenninga.

Nú tóku við nokkurra ára deilur um fossamálin, en frumvarp til vatnalaga var endanlega samþykkt á Alþingi árið 1923. Þar var reynt að bræða saman sjónarmið meiri og minni hluta Fossanefndarinnar og var niðurstaðan sú að ákvæðin um eignarrétt vatnsréttinda voru höfð óljós. Segir þannig í 2. gr. vatnalaganna: „Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann

hátt, sem lög þessi heimila.“ Síðan eru réttindi landeiganda talin upp í lögunum, en þar er honum m.a. bannað að virkja fallvatn sem er yfir 500 eðlishestöfl[1] nema með leyfi ráðherra. Jafnframt er ráðherra heimilað skv. 54. gr. laganna að taka sérhvert fallvatn, virkjað eða óvirkjað, lögnámi til að vinna úr því orku til almenningsþarfa, en landeigandi skal eiga rétt til endurgjalds vegna tjóns sem hann yrði fyrir af vatnstökunni eða vegna missis orkuvers eða orkuveitu sem hann hefur þegar byggt.

Þessi ákvæði hafa síðan verið ítrekuð í síðari lögum og þarf nú samkvæmt gildandi orkulögum leyfi Alþingis til þess að reisa og reka raforkuver stærra en 2000 kW og leyfi ráðherra til þess að reisa raforkuver á bilinu 200–2000 kW. Einstakar virkjanir hafa verið ákveðnar með sérlögum og í lögum um raforkuver, nr. 60/1981, með síðari breytingum, hefur Alþingi ákveðið stórvirkjanir á vatnsafli.

Þegar þetta er virt er ljóst að einstaklingur eða félag sem á land að vatnsfalli ræður ekki yfir nýtingu þess til raforkuframleiðslu umfram 200 kW. Hins vegar hefur talsverð réttaróvissa verið ríkjandi um bætur til landeigenda fyrir virkjun vatnsfalla og þykir nauðsyn bera til þess að bæta úr því með nýrri löggjöf.

Nýtingarréttur vatnsfalla á afréttum og almenningum.

Eins og fram er komið hefur verið fjallað um nýtingarrétt vatnsfalla á afréttum og almenningum allt frá árinu 1917. Utan þeirra landsvæða sem tilheyra bújörðum eru stór svæði sem aldrei voru numin af landnámsmönnum. Hálendi landsins og ýmis gróðursnauð svæði féllu ekki undir landnám einstakra manna, en hafa verið nýtt í sameiningu ýmist af íbúum tiltekinna hreppa eða héraða. Smám saman hefur myndast afnotahefð á beit og silungsveiðum á þessum landsvæðum sem nefnd eru afréttir og almenningar. Um nýtingu þeirra er þegar að finna ítarlegar reglur í landbrigðaþætti þjóðveldislaganna eins og þau eru skráð í Grágás.

Það hefur hins vegar víða verið óljóst hver séu mörk afrétta og bújarða og hver séu réttindi eigenda bújarða á almenningum og afréttum.

Talið hefur verið að sum afréttarlönd kunni að vera undirorpin fullum eignarrétti einstaklinga eða sveitarfélaga, en í öðrum tilvikum sé aðeins um afmarkaðan afnotarétt að ræða, svo sem upprekstrarrétt og/eða veiðirétt.

Í dómi Hæstaréttar árið 1955 er fjallað um eignarrétt á Landmannaafrétti. Komst rétturinn að þeirri niðurstöðu, sem var andstæð niðurstöðu héraðsdóms, að ekki hefðu verið leiddar sönnur að því að Landmanna- og Holtamannahreppar hefðu öðlast eignarrétt að afréttinum, hvorki fyrir nám, löggerning, hefð né með öðrum hætti. Hins vegar ættu íbúar þessara hreppa svo og ábúendur býlanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi sameiginlegan veiðirétt í vötnum á afréttinum.

Í dómi Hæstaréttar frá árinu 1969 er fjallað um eignarrétt að Nýjabæjarafrétti sem liggur á mörkum Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslna. Þar hafði héraðsdómur dæmt Skagfirðingum eignarrétt að afréttinum í samræmi við afsal frá árinu 1464. Hæstiréttur komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að „yfirlýsingar í afsölum fyrr og síðar, sem eigi styðj-

[1] 500 eðlishestöfl samsvara 3,22 gWh/ári af vatnsorku (hráorku). Þá tölu þarf að margfalda með heildarnýtni rafstöðvar (sem venjulegast er á bilinu 0,85–9,90) til að fá samsvarandi raforku, svonefnda rennslisraforku sem er sú raforka sem fengist ef allt rennsli árinnar í meðalári væri nýtt. Það fer svo eftir breytileika rennslisins í viðkomandi vatnsfalli og miðlunarmöguleikum hve stóran hluta rennslisorkunnar er unnt að nýta í reynd.

ast við önnur gögn, nægja eigi til að dæma öðrum hvorum aðila eignarrétt til öræfa landsvæðis þessa".

Í dómi Hæstaréttar um eignarréttarkröfu ríkissjóðs að Landmannaafrétti árið 1981 segir rétturinn í niðurstöðu sinni að „Alþingi hafi ekki sett lög um þetta efni, þó að það hefði verið eðlileg leið til að fá ákvörðun handhafa ríkisvaldsins um málefnið". Er hér átt við almenn lög um eignarrétt að almenningum og afréttarlöndum. Í framhaldi af þessu voru samin drög að frumvarpi til slíkra laga árið 1982, en síðan var árið 1984 samþykkt í ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til að gera drög að frumvarpi til laga um eignarrétt að almenningum og afréttum og skyldi nefndin hafa frumvarpsdrögin frá árinu 1982 til hliðsjónar. Á fyrri hluta ársins 1993 skilaði nefnd þessi drögum að frumvarpi til laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, afrétta og þjóðlendna, en ekki náðist samkomulag um flutning frumvarpsins milli þáverandi stjórnarflokka þar sem ágreiningur var um hvort ákvæði þess væru í samræmi við eignarréttarákvæði stjórnarskrár. Þáverandi iðnaðarráðherra, sem nú er fyrsti flutningsmaður þessa frumvarps, fól valinkunnum lögmönnum að endursemja frumvarpið með hliðsjón af framkominni gagnrýni og var það gert m.a. með því að saminn var nýr kafli, III. kafli, um eignarnáms- og bótaákvæði. Að þeim breytingum gerðum var talið að frumvarpið samræmdist umræddum stjórnarskrárákvæðum. Um það var þó áfram ágreiningur milli þáverandi stjórnarflokka og lögfræðilegra ráðunauta þeirra. Með hliðsjón af ívitnuðum dómum Hæstaréttar og til þess að eyða réttaróvissu er nauðsynlegt að Alþingi taki afstöðu og taki af tvímæli sem að áliti flutningsmanna yrði best gert með því að samþykkja frumvarp það sem hér er flutt.

Meginefni frumvarpsins.

Meginefni þessa frumvarps er að ákveða með skýrum hætti að ríkið hafi umráða- og hagnýtingarrétt yfir orku allra vatnsfalla utan afmarkaðra landa sem háð eru einkaeignarrétti, þ.e. orku vatnsfalla á afréttum og almenningum sem ekki eru í einkaeign, burtséð frá beitar- og veiðiréttindum annarra aðila á sömu afréttum. Núgildandi takmörkunum á virkjunarrétti vatnsfalla er haldið og í 11. gr. frumvarpsins er lagt til að lögfest verði ákvæði um bætur til landeiganda sem land á að vatnsfalli sem heimilað hefur verið að virkja. Skulu bæturnar miðast við sannanlegt tjón landeigandans, þar á meðal missi réttar hans til að virkja vatnsfallið til allt að 200 kW raforkuframleiðslu ef um slíkt er að ræða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Frumvarpið kveður á um það með ótvíræðum hætti að réttur til umráða og hagnýtingar á orku íslenskra fallvatna utan eignarlanda sem háð eru einkaeignarrétti sé í höndum ríkisins. Hér er því slegið föstu að ríkið hafi þann rétt á almenningum og afréttum, þótt aðrir aðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi, svo sem beitarrétt eða rétt til silungsveiða. Með hliðsjón af því að frumvarpið hefur aðeins að geyma ákvæði um tiltekin vatnsréttindi er réttur ríkisins hér nefndur umráða- og hagnýtingarréttur en ekki eignarréttur, sbr. 2. gr. vatnalaga nr. 15/1923.

Um 2. gr.

Hér er orka fallvatna sem þegar hefur verið tekin til nýtingar undanskilin frá umráða- og hagnýtingarrétti ríkisins skv. 1. gr. Eigendur virkjana sem þegar hafa verið byggðar eða kunna að vera í byggingu við gildistöku laganna geta því rekið þær áfram sem hingað til. Ekki er heldur ætlunin með frumvarpi þessu að fella úr gildi heimildir sem Alþingi hefur þegar veitt til virkjunar fallvatna en ekki hafa verið nýttar þegar lögin taka gildi. Er það áréttað í lok 1. mgr.

Í 2. mgr. er lagt til ákvæði sem skilyrðir framsal virkjunarleyfis samþykki ráðherra og er það eðlilegt í ljósi þess að ráðuneyti og stofnanir þess hafa yfirsýn um orkumarkaðinn.

Um 3. gr.

Hér er því slegið föstu að landeigendur hafi áfram heimild til þess að nýta allt að 200 kW afl í þeim vatnsföllum sem um land þeirra renna án þess að þurfa til þess sérstakt leyfi. Ákvæði þetta samsvarar 2. mgr. 49. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, og 10. gr. orkulaga, nr. 58/1967.

Landeigendur geta ekki aðskilið þennan rétt frá landareign sinni, t.d. selt hann sérstaklega.

Um 4. gr.

Efni þessarar greinar er í samræmi við ákvæði núgildandi laga, þ.e. 10. gr. orkulaga, nr. 58/1967. Sú breyting er þó gerð á uppsetningu að ávallt þarf leyfi ráðherra til þess að reisa og reka virkjun yfir tiltekinni aflgetu, en til útgáfu leyfis til að reisa og reka vatnsaflsvirkjun stærri en 2000 kW að uppsettu afli þarf samþykki Alþingis.

Um 5. gr.

Við útgáfu leyfis til virkjunar vatnsfalls og tengdra framkvæmda þarf að taka tillit til náttúruverndarsjónarmiða. Því þykir rétt að leitað sé umsagnar umhverfisráðherra þannig að um það sé fjallað af sérfræðingum umhverfisráðuneytisins og Náttúruverndarráði, sbr. 29. gr. laga um náttúruvernd, nr. 47/1971.

Einnig þykir rétt að tekið sé fram að leitað skuli umsagnar Orkustofnunar, en sérfræðingar hennar búa yfir margvíslegri þekkingu á sviði orkumála.

Um 6. gr.

Lagt er til að ráðherra hafi nokkurt svigrúm um efni virkjunarleyfis sem markist af aðstæðum í hvert sinn. Í greininni eru talin upp helstu atriði sem fjallað skuli um í virkjunarleyfi en upptalningin er ekki tæmandi.

Um 7. gr.

Eðlilegt þykir að greitt sé leyfisgjald fyrir virkjunarleyfi og að það miðist við aflgetu fyrirhugaðs orkuvers. Lagt er til að ákvörðun um slíkt gjald sé tekin með formlegum hætti með lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Um 8. gr.

Frumvarpið hefur þá meginstefnu að ráðherra gefi út öll virkjunarleyfi og að framsal þeirra sé skilyrt samþykki hans. Er það byggt á því að það eigi að vera á verksviði ráðherra að framkvæma hverju sinni stefnumörkun Alþingis og ríkisstjórnar í orkumálum og þáttur í þeirri framkvæmd sé að hafa yfirumsjón með því að framboð og eftirspurn á raforku haldist í hendur eftir því sem unnt er.

Um 9. gr.

Mikilvægt er að ráðherra hafi heimild til þess að fylgja því eftir að leyfishafi uppfylli þá skilmála sem honum eru settir. Því er gert ráð fyrir að ráðherra geti afturkallað leyfi og eru þá sérstaklega höfð í huga gróf brot á skilmálum.

Um 10. gr.

Ákvæði þessarar greinar er í samræmi við ákvæði 55. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, og hefur því lengi verið gildandi réttur hér á landi.

Um 11. gr.

Hér er að finna meginreglu um mat á því tjóni sem landeigendur verða fyrir ef ráðherra veitir öðrum aðilum leyfi til virkjunar vatnsfalls sem þeir eiga land að. Er meginreglan sú að þeir eiga rétt á bótum fyrir það tjón sem þeir verða fyrir en hins vegar ekki vegna tapaðs hagnaðar þeirra af því að byggja sjálfir vatnsaflsvirkjun, ef þeir hefðu til þess getu, eða kröfu til hlutdeildar í framtíðarhagnaði þess sem virkjun reisir.

Valdi virkjun því að hætta verði rekstri smávirkjunar allt að 200 kW eða eigi verði unnt að byggja hana, myndast bótaréttur og sama er að segja um bætur vegna afnotamissis lands, skemmda á gróðri og átroðnings á landi. Slíkur bótaréttur myndast þó ekki fyrr en virkjunarleyfi hefur verið veitt öðrum en landeiganda.

Á sama hátt skal meta bætur fyrir tjón sem aðilar verða fyrir við þær aðstæður sem lýst er í 10. gr. eða við eignarnám sbr. 12. gr.

Um 12. gr.

Nauðsynlegt er að ráðherra hafi heimild til að veita virkjunarleyfishafa eignarnámsheimild. Á ákvæðið sér margar hliðstæður í íslenskum lögum er varða virkjanamál.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Lagt er til að ákvæði vatnalaga sem ýmist eru efnislega tekin upp í frumvarp þetta eða samrýmast ekki efni þess séu felld brott.

569. Nefndarálit [286. mál]

um till. til þál. um fullgildingu fríverslunarsamnings milli EFTA-ríkja og Slóveníu.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið, bæði fyrir framlagningu þess og eftir að það var formlega lagt fram á Alþingi. Nefndin fékk á sinn fund Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra, Helga Ágústsson, ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytis, Kristin F. Árnason, skrifstofustjóra viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytis, og Björgvin Guðmundsson, deildarstjóra á viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytis.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Jóhanna Sigurðardóttir og Össur Skarphéðinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. febr. 1996.

Geir H. Haarde, form., frsm.	Ólafur Ragnar Grímsson.	Siv Friðleifsdóttir.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Árni R. Árnason.	Tómas Ingi Olrich.
	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	

570. Frumvarp til laga [323. mál]

um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

I. KAFLI

Til hverra lög þessi taka.

1. gr.

Lög þessi taka til hvers kennara og skólastjórnanda við grunnskóla í þjónustu sveitarfélaga á föstum launum meðan hann gegnir starfanum, enda verði starf hans talið aðalstarf.

Nú verður ágreiningur um það hvort kennari eða skólastjóri skuli sæta ákvæðum laga þessara og sker þá menntamálaráðherra úr. Ef starfsmaður vill eigi hlíta úrskurði ráðherra getur hann borið málið undir dómstóla og skal þá höfða mál á hendur menntamálaráðherra.

II. KAFLI

Um veitingu starfa.

2. gr.

Um ráðningu og skipun skólastjórnenda og kennara við grunnskóla fer eftir ákvæðum grunnskólalaga og ákvæði laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

Ráðningarsamningar skulu vera skriflegir. Þeir skulu gerðir á samræmd eyðublöð sem Samband íslenskra sveitarfélaga lætur í té. Tekið skal fram hvort um er ræða skipun eða ráðningu með gagnkvæmum uppsagnarfresti. Starfsmaður á rétt á að fá í hendur afrit af fullgildum ráðningarsamningi sínum.

3. gr.

Almenn skilyrði til þess að fá skipun eða ráðningu í kennara- eða skólastjórnendastöðu við grunnskóla eru þessi:

1. 21 árs aldur.
2. Lögræði.
3. Nauðsynleg heilbrigði, andleg og líkamleg, til þess að gegna starfanum.
4. Íslenskur ríkisborgararéttur. Þó getur sveitarstjórn heimilað að ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins verði ráðnir til starfa með sömu kjörum og íslenskir ríkisborgarar. Einnig má víkja frá þessu ákvæði ef telja má sérstaklega eftirsóknarvert að fá erlendan ríkisborgara til að gegna starfi til bráðabirgða.
5. Leyfisbréf menntamálaráðherra til að nota starfsheitið grunnskólakennari og til að starfa sem slíkur hér á landi við grunnskóla á vegum opinberra aðila eða aðra hliðstæða skóla samkvæmt ákvæðum laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.
6. Fjárforræði, ef stöðu fylgja fjárreiður.

Nú hefur umsækjandi um starf hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, og telst hann þá ekki fullnægja starfsskilyrðum.

Konur og karlar hafa jafnan rétt til að fá ráðningu eða skipun í kennara- eða skólastjórnendastörf við grunnskóla og til sömu launa fyrir sömu störf.

4. gr.

Nú er starfsmaður skipaður í stöðu og ber þá að líta svo á að hann skuli gegna stöðunni þar til eitthvert eftirgreindra atriða kemur til:

a. að hann brýtur af sér í starfinu, svo að honum beri að víkja úr því,
b. að hann fullnægir ekki skilyrðum 3. gr. laga þessara,
c. að hann fær lausn samkvæmt eigin beiðni,
d. að hann hefur náð hámarksaldri, sbr. 13. gr.,
e. að hann flyst í aðra stöðu, sem veitir hliðstæð réttindi hjá sveitarfélagi,
f. að staðan er lögð niður, sbr. 14. gr.

5. gr.

Lausa stöðu skal auglýsa í Lögbirtingarblaði, venjulega með fjögurra vikna fyrirvara. Heimilt er að taka til greina umsóknir sem berast eftir að liðinn er umsóknarfrestur, enda hafi staðan ekki þegar verið veitt eða maður í hana ráðinn eftir að frestur var liðinn.

Veita skal umsækjendum og stéttarfélögum kennara og skólastjórnenda sem starfa á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna kost á að fá vitneskju um það hverjir sótt hafa.

6. gr.

Sveitarfélög skulu setja starfsmönnum erindisbréf. Samband íslenskra sveitarfélaga skal láta semja fyrirmynd að erindisbréfum fyrir starfsmenn.

III. KAFLI
Um lausn úr stöðu.

7. gr.

Sveitarstjórn veitir starfsmanni lausn frá stöðu um stundarsakir. Skólastjóri getur þó veitt starfsmanni lausn um stundarsakir, þótt hann hafi ekki veitt stöðuna, ef bið þykir hættuleg, en tilkynna skal sveitarstjórn tafarlaust þá ráðstöfun með skýringu á málavöxtum, enda tekur hún fullnaðarákvörðun um lausnarveitinguna.

Rétt er að veita starfsmanni lausn um stundarsakir ef hann hefur sýnt í starfi sínu óstundvísi eða aðra vanrækslu, óhlýðni við löglegt boð eða bann yfirmanns síns, vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi sínu, hefur verið ölvaður að starfi eða framkoma hans eða athafnir í því eða utan þess þykir að öðru leyti ósæmileg, óhæfileg eða ósamrýmanleg því starfi. Þó skal veita starfsmanni áminningu og gefa honum kost á að bæta ráð sitt áður en honum er veitt lausn um stundarsakir samkvæmt þessari málsgrein.

Nú hefur starfsmaður fjárreiður eða bókhald með höndum og má þá veita honum lausn um stundarsakir án áminningar ef ætla má eða víst þykir að óreiða sé á bókhaldi eða fjárreiðum, bú hans tekið til gjaldþrotaskipta eða hann leitar nauðasamninga. Sama er ef hann er grunaður eða sannur orðinn að háttsemi er varða kynni sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga eða heilsu hans er svo farið að eigi þyki gerlegt að láta hann gegna starfa lengur.

Lausn um stundarsakir skal jafnan vera skrifleg með tilgreindum ástæðum.

8. gr.

Nú hefur starfsmanni verið veitt lausn um stundarsakir fyrir meintar misfellur í starfi og skal þá þegar mál hans rannsakað af kunnáttumönnum eða að hætti opinberra mála, ef ástæða þykir til, svo að upplýst verði hvort rétt er að veita honum lausn að fullu eða láta hann aftur taka við starfi sínu.

Úrslit um stöðuna skulu ráðin strax og lokaniðurstöður rannsóknar eru kunnar.

9. gr.

Meðan lausn um stundarsakir stendur nýtur starfsmaður hálfra fastra launa þeirra sem stöðu hans fylgja. Embættishúsnæði og jarðnæði, ef um er að ræða, heldur hann, enda komi þau fríðindi til reiknings samkvæmt mati í þeim launum er hann fær.

Nú fellur niður lausn um stundarsakir og skal starfsmaður þá fá greiddan þann helming hinna föstu launa er hann hefur verið sviptur.

Nú tekur sá sem lausn hefur fengið um stundarsakir aftur við starfa sínum og skal þá líta svo á um starfsaldur sem hann hafi gegnt starfanum óslitið.

10. gr.

Sveitarstjórn veitir starfsmanni lausn úr stöðu. Lausn skal veita skriflega og jafnan greindar orsakir, svo sem vegna umsóknar, heilsubrests, tiltekinna ávirðinga o.s.frv.

Í lausnarbréfi skal jafnan kveðið á um það frá hvaða degi starfsmaður skuli lausn taka og með hvaða kjörum, svo sem um eftirlaun, sé um þau að ræða, lífeyri, hvenær hann skuli sleppa íbúð, jarðnæði o.s.frv., eftir því sem við á.

11. gr.

Jafnan skal starfsmanni sem víkja skal úr stöðu veittur kostur á að tala máli sínu áður en ákvörðun er tekin, ef þess er kostur.

Rétt er þeim er vikið er úr stöðu að bera málið undir úrlausn dómstóla. Stefna skal sveitarsjóði fyrir hönd sveitarfélags.

Nú er stöðumissir dæmdur óréttmætur og fer þá um bætur til aðila eftir ákvörðun dómstóla nema hlutaðeigendur hafi komið sér saman um annað. Þegar bætur eru metnar skal hafa til hliðsjónar ástæður starfsmanns, svo sem aldur og atvinnumöguleika, svo og fram komnar málsbætur sveitarstjórnar.

12. gr.

Starfsmanni skal víkja úr stöðu að fullu ef hann hefur verið sviptur með fullnaðardómi rétti til að gegna stöðu þeirri. Nú hefur hann verið sviptur þeim rétti með dómi í héraði og skal þá í þeim dómi kveða á um það hvort það ákvæði hans skuli þegar koma til framkvæmdar eða fresta því þar til ráðið verður hvort honum skuli skjóta til æðra dóms eða þar til úrlausn æðra dóms er fengin.

13. gr.

Starfsmanni skal veita lausn þegar hann er fullra 70 ára að aldri.

Heimilt er þó starfsmanni að láta af störfum með rétti til eftirlauna og/eða lífeyris hvenær sem er eftir að hann er orðinn 65 ára eða fyrr ef hann hefur unnið sér þann rétt samkvæmt öðrum lögum.

14. gr.

Nú er staða lögð niður og skal þá starfsmaður jafnan fá föst laun, er starfanum fylgdu, greidd í sex mánuði frá því að hann lét af starfi ef hann hefur verið í þjónustu sveitarfélaga skemur en 15 ár, en í tólf mánuði eigi hann að baki lengri þjónustualdur, enda hafi hann þá ekki hafnað annarri sambærilegri stöðu hjá sveitarfélögum.

Ef sama staða er aftur stofnuð innan fimm ára á starfsmaður að öðru jöfnu rétt til hennar.

Nú hefur maður verið leystur frá starfi vegna þeirra orsaka sem um getur í grein þessari eða annarra atvika sem honum verður ekki sök á gefin og skal hann þá í fimm næstu ár að öðru jöfnu sitja fyrir um starf í þjónustu sveitarfélaga, er losna kann, ef hann sækir um það.

Starfsaldur hans áður og eftir skal þá saman lagður og veitir þá sömu réttindi sem óslitin þjónusta.

Nú tekur maður, er launagreiðslna nýtur skv. 1. mgr., við starfi í þjónustu sveitarfélaga áður en liðinn er sex eða tólf mánaða tíminn og skulu þá launagreiðslur samkvæmt þessari grein falla niður ef laun þau er nýja starfinu fylgja eru jöfn eða hærri en þau er hann naut í fyrri stöðunni. Ef launin í nýju stöðunni eru lægri skal greiða starfsmanni launamismuninn til loka sex eða tólf mánaða tímabilsins.

15. gr.

Nú vill starfsmaður beiðast lausnar og skal hann þá gera það skriflega og með þriggja mánaða fyrirvara, nema ófyrirsjáanleg atvik hafi gert hann ófæran til að gegna stöðu sinni eða sveitarstjórn samþykki skemmri frest. Skylt er að veita lausn ef hennar er löglega beiðst. Þó er óskylt að veita starfsmönnum lausn frá þeim tíma sem beiðst er ef svo margir leita lausnar samtímis eða um líkt leyti í sömu starfsgrein að til auðnar um starfrækslu þar mundi horfa ef beiðni hvers um sig væri veitt. Getur sveitarstjórn þá áskilið lengri uppsagnarfrest, allt að sex mánuðum.

Ákvæði ráðningarsamnings, sem gerður hefur verið fyrir gildistöku laga þessara, eða sérákvæði í lögum, er öðruvísi kveða á, skulu standa.

IV. KAFLI
Um orlof.

16. gr.

Um orlof starfsmanna skal fara eftir ákvæðum kjarasamninga og laga um orlof.

17. gr.

Skylt er starfsmanni að taka orlof ef yfirmaður hans skipar svo.

Haldast skulu sérreglur í lögum og ráðningarsamningum um orlof tiltekinna starfsmanna, sbr. 15. gr. Þó sé það aldrei skemmra en lágmark það sem ákveðið er í orlofslögum og kjarasamningum.

V. KAFLI
Um launagreiðslur og hlunnindi.

18. gr.

Starfsmenn taka laun samkvæmt kjarasamningum og ráðningarsamningum, sbr. 24. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Starfsmönnum er skylt að hlíta breytingum á launakjörum sínum samkvæmt lögum eða samþykktum, staðfestum af hlutaðeigandi sveitarstjórn, þar sem heimild er til slíks að lögum, enda standi ráðningarsamningur því eigi í gegn.

19. gr.

Þegar laun fara stighækkandi eftir starfsaldri skal svo fara sem hér segir:

Nú fær starfsmaður launahærri stöðu en hann hafði áður og tekur hann þá lægstu laun í hinni nýju stöðu ef þau eru hærri en hæstu laun í hinni fyrri. En ef byrjunarlaun í nýju stöðunni eru jöfn eða lægri en þau er hann hafði þá í hinni fyrri tekur hann næstu laun fyrir ofan þau er hann hafði þar. Starfsaldur til launahækkunar í nýju stöðunni telst frá því er hann fékk skipun eða setningu í hana.

Nú tekur starfsmaður við sams konar stöðu og hann hafði áður og telst starfsaldur hans þá frá skipun eða ráðningu í hina eldri stöðuna.

Nú tekur starfsmaður verr launaða stöðu í sömu starfsgrein en hann hafði áður og fær hann þá laun í nýju stöðunni sem næst eru þeim launum eða hærri en þau laun er hann hafði í fyrri stöðunni. Ef hann tekur stöðu í annarri starfsgrein þá fær hann hæstu laun þar ef þau eru lægri eða jafnhá þeim er hann hafði. En ef þau eru hærri þá tekur hann þau er hann hafði í eldri stöðunni.

Nú tekur starfsmaður við stöðu aftur sem hann hafði farið úr og er þá rétt að telja saman allan starfstímann.

20. gr.

Föst laun greiðast fyrir fram mánaðarlega fyrsta starfsdag hvers mánaðar. Greidd laun eru óafturkræf, þótt starfsmaður andist eða verði leystur frá starfa áður en mánuður er liðinn.

Nú tekur maður við starfa eftir fyrsta dag mánaðar og fær hann þá laun í réttu hlutfalli við tölu þeirra daga sem eftir eru af þeim mánuði.

21. gr.

Nú er starfsmaður leystur frá starfa vegna vanheilsu eða slysa, sem honum verður ekki með skynsamlegu mati gefin sök á, og ber þá að greiða honum þau föstu laun er stöðu hans fylgja í þrjá mánuði.

Nú tekur maður sem látið hefur af starfi vegna vanheilsu aftur við starfi í starfsgrein og skal þá starfsaldur hans áður og eftir lagður saman og veitir þá sama rétt og óslitin þjónusta.

Um greiðslu til maka látins starfsmanns fer eftir ákvæðum 1. mgr.

22. gr.

Þegar einhver hluti launa er greiddur í fríðu, svo sem jarðarafnotum, húsnæði, ljósi, hita, fæði og öðru, skulu þessi hlunnindi metin árlega af ríkisskattstjóra og matsverðið dregið frá heildarlaununum.

23. gr.

Starfsmanni er óheimilt að gefa út ávísanir á laun sem ekki eru í gjalddaga komin nema sveitarstjórn veiti til þess samþykki sitt hverju sinni. Sú heimild má þó ekki fara fram úr fjórðungi árslauna. Enginn vinnur rétt samkvæmt slíkri ávísun, nema samþykki sé fengið.

24. gr.

Nú þykir hlýða að dómi sveitarstjórnar að starfsmaður beri einkennisbúning eða einkennismerki önnur í starfi sínu og ber sveitarsjóði að leggja hann eða þau merki til starfsmanni að kostnaðarlausu eftir þeim reglum sem sveitarstjórn setur.

25. gr.

Starfsmenn er veita heimili forstöðu eiga rétt til þess að vinna tvo þriðju hluta ákveðins vinnutíma gegn samsvarandi frádrætti í launum, enda megi slíkt verða að skaðlausu.

Samsvarandi ívilnun má og öðrum veita er sérstaklega er farið, svo sem vegna heilsuveilu.

26. gr.

Nú gegnir starfsmaður samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar jafnhliða sínum starfa öðrum starfa og fær hann þá hálf þau föstu byrjunarlaun er þeim starfa fylgja og aukatekjur allar. Ef slíkum starfa er skipt milli tveggja eða fleiri starfsmanna kveður sveitarstjórn á um þóknun hvers þeirra með hliðsjón af vinnu og aðstöðu að öðru leyti.

27. gr.

Sveitarstjórn ákveður í samþykktum sínum daglegan vinnutíma starfsmanna, svo og þóknun fyrir verk sem unnin eru utan þess tíma.

VI. KAFLI
Skyldur starfsmanna.

28. gr.

Starfsmanni er skylt að rækja starf sitt með alúð og samviskusemi í hvívetna. Hann skal gæta kurteisi, lipurðar og réttsýni í starfi sínu. Hann skal forðast að hafast nokkuð það að í starfi sínu eða utan þess sem er honum til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á það starf eða starfsgrein sem hann vinnur við.

29. gr.

Skylt er starfsmanni að hlýða löglegum fyrirskipunum yfirmanna um starf sitt.

Þrátt fyrir ákvæði laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna er skólastjórum og staðgenglum þeirra óheimilt að gera verkfall. Fyrir 1. febrúar ár hvert skal sveitarstjórn birta lista yfir þá sem falla undir málsgrein þessa.

Ágreiningur um það hvort maður falli undir ákvæði 2. mgr. þessarar greinar skal lagður fyrir Félagsdóm, sem sker úr honum til fullnustu.

30. gr.

Starfsmenn skulu koma stundvíslega til starfa, hvort heldur er að morgni eða eftir hlé. Yfirmenn skulu fylgjast með stundvísi starfsmanna. Hafa skal stimpilklukkur á skrifstofum og vinnustofum, þar sem því verður við komið, og halda skal skrá um hvernig starfsmenn koma til vinnu.

Starfsmanni er skylt að vinna án endurgjalds yfirvinnu allt að tvöföldum þeim tíma er hann hefur verið frá starfi án gildra forfalla eða hlíta því að dregið sé af launum sem því nemur.

Nú sýnir starfsmaður óstundvísi og vanrækslu í starfi sínu og lætur ekki skipast við áminningu yfirboðara og varðar það brottvikningu um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru.

31. gr.

Skylt er starfsmönnum að vinna yfirvinnu sem yfirboðarar telja nauðsynlega. Þó er engum starfsmanni skylt að vinna meiri yfirvinnu í viku hverri en nemur þriðjungi af lögmæltum vikulegum vinnutíma.

32. gr.

Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

33. gr.

Skylt er starfsmanni að hlíta breytingum lögum samkvæmt á störfum hans og verkahring frá því er hann tók við starfi, enda hafi breytingin ekki áhrif til skerðingar á launakjörum hans eða réttindum. Sama er um breytingar sem yfirmaður ákveður en þeirri ákvörðun má skjóta til sveitarstjórnar.

VII. KAFLI
Um aukastörf.

34. gr.

Heimilt er að fela starfsmanni að vinna fyrir sanngjarnt endurgjald aukastörf í þágu sveitarfélags, enda valdi það ekki vanrækslu á þeim störfum er stöðu hans fylgja.

Áður en starfsmaður stofnar til atvinnurekstrar, hyggst taka við starfi í þjónustu annars aðila en sveitarfélags gegn varanlegu kaupi eða ganga í stjórn atvinnufyrirtækis ber honum að skýra sveitarstjórn eða eftir atvikum skólastjóra frá því. Innan tveggja vikna skal honum skýrt frá því ef áðurnefnd starfsemi telst ósamrýmanleg stöðu hans og honum bannað að hafa hana með höndum.

Rétt er að banna starfsmanni slíka starfsemi sem í 2. mgr. segir ef síðar er leitt í ljós að hún fer ekki saman við starf hans í þjónustu sveitarfélags.

VIII. KAFLI
Um félagsskap starfsmanna.

35. gr.

Við endurskoðun laga þessara, svo og við samningu samþykkta í tengslum við þau, skal jafnan gefa stéttarfélögum starfsmanna kost á að fylgjast með og fjalla um ágreiningsatriði þau sem upp koma.

IX. KAFLI
Gildistaka o.fl.

36. gr.

Lög þessi eru sett með vísan til b-liðar 1. mgr. 57. laga um grunnskóla, nr. 66/1995. Við flutning grunnskólanna til sveitarfélaga yfirtaka sveitarfélögin ráðningar og ráðningarsamninga núverandi starfsmanna. Kennarar og skólastjórnendur, sem starfað hafa hjá ríki fyrir flutninginn, skulu halda öllum starfsréttindum sínum óbreyttum, þar með töldum réttindum sem byggjast á starfs- og þjónustualdri. Flutningurinn felur því ekki í sér niðurlagningu stöðu í skilningi 14. gr. laga nr. 38/1954 og gilda ákvæði hennar því ekki um starfsmenn í skilningi laga þessara.

37. gr.

Eftir flutning grunnskólanna frá ríki til sveitarfélaga skulu starfsmenn ekki njóta lakari réttinda í veikindaforföllum og barnsburðarleyfum en þeir njóta nú og kveðið er á um í reglugerðum nr. 410/1989, um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins, og nr. 411/1989, um veikindaforföll starfsmanna ríkisins.

38. gr.

Þeir starfsmenn sem ráðnir voru án skriflegs ráðningarsamnings fyrir 1. janúar 1975 og hafa starfað óslitið síðan hafa sömu réttindi og skipaður starfsmaður.

39. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1996.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 66 frá 8. mars 1995, um grunnskóla, var ákveðið að sveitarfélögin tækju yfir rekstur grunnskólanna frá ríkinu. Skv. 57. gr. laganna skyldu þau öðlast þegar gildi og koma að fullu til framkvæmda 1. ágúst 1996. Kennarar og skólastjórar grunnskóla verða starfsmenn sveitarfélaga í stað þess að vera ríkisstarfsmenn. Vegna þessa voru sett inn í 57. gr. grunnskólalaganna sérákvæði sem kváðu á um að Alþingi samþykkti fyrir 1. ágúst 1996:

a. breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem tryggði öllum þeim kennurum og skólastjórnendum við grunnskóla sem rétt höfðu átt til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins aðild að sjóðnum,
b. lög um ráðningarréttindi kennara og skólastjórnenda við grunnskóla sem tryggði þeim efnislega óbreytt ráðningarréttindi hjá nýjum vinnuveitanda.

Frumvarp þetta er flutt með vísan til b-liðar 57. gr. laga um grunnskóla, nr. 66/1995.

Frumforsenda flutnings grunnskólanna frá ríki til sveitarfélaga var að sættir tækjust með öllum aðilum um framkvæmd flutningsins og fyrirkomulag ráðningarréttinda kennara og skólastjóra hjá nýjum vinnuveitanda í framtíðinni. Menntamálaráðherra skipaði nefnd 26. júní 1995 til þess að gera tillögur að meðferð kjara- og réttindamála kennara og skólastjórnenda við grunnskóla við flutning hans frá ríki til sveitarfélaga. Í nefndinni sátu Guðmundur H. Guðmundsson frá fjármálaráðuneyti, sem jafnframt var formaður, Jón G. Kristjánsson, fulltrúi sveitarfélaganna, og Birgir Björn Sigurjónsson, fulltrúi kennarafélaganna. Þá starfaði Sigurður Helgason deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu með nefndinni sem fulltrúi menntamálaráðherra. Nefndin skilaði skýrslu um réttindamál grunnskólakennara við flutning grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga 22. desember 1995.

Í nefndarálitinu var lagt til að sett yrðu lög um réttindi og skyldur kennara og skólastjóra grunnskóla sem reknir verða af sveitarfélögunum, sem yrðu fullkomlega hliðstæð lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, að því einu breyttu sem leiddi af nýjum rekstraraðilum. Lögin skyldu gilda jafnt um þá sem nú væru í starfi og þá sem síðar yrðu ráðnir. Þá lagði nefndin til að til viðbótar núverandi köflum laga nr. 38/1954 kæmu viðbótarkaflar sem leiddu af efnisákvæðum laga, nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningum starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana og efnisákvæðum reglugerða um veikindaforföll og barnsburðarleyfi ríkisstarfsmanna, nr. 410 og 411 frá 1989. Einnig skyldi vera í lögunum kafli sem kvæði á um að ráðningar núverandi kennara og skólastjórnenda flyttust órofnar á milli aðila og héldu fullu gildi sínu. Allir kennarar og skólastjórnendur skyldu halda stöðum sínum eins og verið hefði hjá ríki. Biðlaunaréttur stofnaðist ekki við flutninginn, enda hefði löggjafinn að fullu tryggt óbreytt réttindi. Jafnframt áttu að vera ákvæði þess efnis að öll réttindi sem bundin voru starfsaldri eða þjónustualdri, svo sem með tilliti til veikindaréttar, barnsburðarleyfis eða annarra réttinda sem tengjast starfsaldri, héldu að fullu gildi sínu hjá nýjum vinnuveitanda.

Frumvarpið er byggt á því samkomulagi sem náðist milli þessara aðila og birt er í skýrslu nefndarinnar. Frumvarpið felur því fyrst og fremst í sér endurspeglun á lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, nr. 38/1954, auk þess sem starfsmönnum er áfram tryggður sá réttur sem þeir nú njóta samkvæmt reglugerðum nr. 410/1989 og 411/1989.

Í bréfi verkefnisstjórnar um flutning grunnskólans til menntamálaráðherra, dags. 1. febrúar sl., sjá fylgiskjal I, kemur fram að verkefnisstjórnin sé sammála um efni frumvarps þessa. Jafnframt kemur fram að verkefnisstjórnin hafi orðið ásátt um að undirbúningur lagasetningar, sem tryggi óskert lífeyrisréttindi kennara og skólastjórnenda við

flutninginn, fari fram í tengslum við gerð tillagna að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þá var verkefnisstjórnin einnig sammála um breytingu á lögum um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra, nr. 48/1986, hvað varðar ráðningu grunnskólakennara og skólastjórnenda í grunnskólum eingöngu, sjá fylgiskjal II. Varðandi samkomulag verkefnisstjórnarinnar um að efnisákvæði reglugerða um veikindaforföll og barnsburðarleyfi ríkisstarfsmanna nr. 410 og 411 frá 1989 verði lögfest vísast til 37. gr. frumvarps þessa, sem og fylgiskjala III og IV með frumvarpinu.

Lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, eru nú í endurskoðun og hyggst ríkisstjórnin leggja fram frumvarp til nýrra laga um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna á vorþingi 1996. Ef það frumvarp nær fram að ganga er ríkisstjórnin reiðubúin til að breyta lögum sem kunna að verða sett á grundvelli frumvarps þessa um réttindi og skyldur kennara og skólastjóra við grunnskóla, ef ósk kemur fram um það frá sveitarfélögunum eða félögum kennara eða hvorum tveggja.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er að finna almenna afmörkun á því til hverra frumvarp þetta skal taka. Það tekur til allra þeirra sem ráðnir eru eða skipaðir á grundvelli laga nr. 66/1995 eða á grundvelli eldri laga um grunnskóla. Sérstök athygli er vakin á því að orðið kennari er notað í greininni en ekki orðið grunnskólakennari, sem er hið lögverndaða heiti, sbr. lög nr. 48/1986, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra. Ástæðan er sú að frumvarp þetta tekur að sjálfsögðu einnig eftir því sem við á til svokallaðra réttindalausra kennara, þ.e. kennara sem starfa á grundvelli undanþágu skv. 13. gr. laga nr. 48/1986. Með orðinu starfsmaður í frumvarpinu er því átt við kennara og skólastjóra við grunnskóla.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. 2. gr. er kveðið á um hvernig fara skuli með ráðningu og skipun skólastjóra og kennara við grunnskóla. Þar koma fyrst og fremst til skoðunar 23. gr. grunnskólalaga, nr. 66/1995, auk ákvæða í lögum um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara.

2. mgr. greinarinnar er í samræmi við 3. og 9. gr. laga, nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana.

Um 3. gr.

Í greininni eru ákveðin almenn skilyrði þess að verða ráðinn eða skipaður í kennara- eða skólastjórnendastöðu við grunnskóla.

1. og 2. tölul. þarfnast ekki skýringa.

Í 3. tölul. er kveðið á um nauðsynlega heilbrigði, andlega og líkamlega. Tekið skal fram að enda þótt maður sé t.d. líkamlega fatlaður þá þarf það alls ekki að hafa í för með sér að hann hafi ekki nauðsynlega heilbrigði til að stunda kennslu — eða skólastjórastarf. Þá er sums staðar að finna í lögum ákvæði sem leggja bann við því að maður sem haldinn er smitandi sjúkdómi sé ráðinn til kennslustarfa í skólum, sbr. t.d. 9. og 10. gr. berklavarnalaga, nr. 66/1939.

Í 4. tölul. er íslenskur ríkisborgararéttur settur að skilyrði fyrir skipun eða ráðningu í kennslu- eða skólastjórnandastarf við grunnskóla. Sveitarstjórn er hins vegar heimilað að ráða ríkisborgara annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins til starfa með sömu kjörum og íslenskir ríkisborgarar. Ákvæði þetta byggist á reglum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið um frelsi launþega og reglum um félagslegt öryggi. Það er hins vegar sveitarstjórnar að meta hvort hinn erlendi ríkisborgari uppfylli aðrar kröfur fyrir ráðningu, svo sem íslenskukunnáttu. Ef hins vegar t.d. stæði til að ráða erlendan tungumálakennara getur sveitarstjórn þó vikið frá kröfu um íslenskukunnáttu. Erlendur ríkisborgari verður ekki skipaður í stöðu.

Í 5. tölul. er leyfisbréf menntamálaráðherra, sbr. 1. gr. laga nr. 48/1986, gert að skilyrði fyrir ráðningu. Í lögum nr. 48/1986 er að finna upptalningu á þeim skilyrðum sem verður að uppfylla til að fá útgefið leyfisbréf.

Í 6. tölul. er það gert að skilyrði að ef stöðu fylgja fjárreiður skuli viðkomandi hafa fjárforræði. Ef bú manns er undir gjaldþrotaskiptum er óeðlilegt að hann geti á sama tíma verið að sýsla með fjármuni skólastofnunar. Fjárræði er hins vegar almennt skilyrði skv. 2. tölul. greinar þessarar.

Um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna gilda nú lög nr. 28/1991. Karlar og konur eiga sama rétt til að fá ráðningu eða skipun í kennara- eða skólastjórnendastöður við grunnskóla.

Um 4. gr.

Hér eru greindar ástæður þess að starfsmaður láti af starfi. Meginreglan er sú að skipaður starfsmaður skuli eigi víkja úr stöðu nema hann hafi brotið af sér eða önnur þau atvik liggi til er greind eru í b–f-liðum greinarinnar. Með orðunum „sem veitir hliðstæð réttindi“ í 5. tölul. er ekki einungis átt við ákvæði þessa frumvarps heldur getur einnig verið um stöðu að ræða sem veitir réttindi samkvæmt lögum nr. 38/1954, sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, eða samkvæmt samþykktum sveitarfélaga. Grein þessi svarar til 4. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríksins. Við mat á því hvenær starfsmaður hefur brotið af sér í starfi þannig að réttlætt geti frávikningu verður að hafa hliðsjón af dómaframkvæmd. Af dómaframkvæmd má þannig ráða að minni háttar brot nægja ekki til að réttlæta frávikningu. Sveitarstjórn verður því að fara varlega í að víkja starfsmanni úr stöðu gegn vilja hans.

Um 5. gr.

Hér er lögboðið að auglýsa skuli allar lausar kennara- og skólastjórnendastöður við grunnskóla. Með slíkri reglu er tryggt að allir þeir sem hafa hug á ákveðnu starfi gefist kostur á að sækja um það. Hér er einnig rétt að minna á ákvæði laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra þar sem kveðið er á um sömu reglu.

Um 6. gr.

Í grein þessari er ekki gert ráð fyrir að nauðsynlegt sé að hverjum starfsmanni verði sett sérstakt erindisbréf. Almennt er gert ráð fyrir því að sveitarstjórnir setji öllum grunnskólakennurum sem hjá þeim starfa samhljóða erindisbréf.

Um 7. gr.

Ef sveitarstjórn þykir einhverju svo áfátt um starfsmann að rök liggja til þess að víkja honum úr starfi skal að jafnaði fara þá leið að veita starfsmanninum lausn um stundarsakir og láta síðan fara fram rannsókn skv. 8. gr. frumvarpsins. Ástæður lausnar eru tilgreindar í 2. mgr.

Ákvæðin um lausn um stundarsakir eru sett til að draga úr áhættu sveitarfélaga á bótagreiðslum vegna frávikningar að fullu og til að vernda grunnskólakennara og skólastjórnendur grunnskóla fyrir gerræðisfullum brottrekstri. Meginreglan er sú að ef sveitarfélagi þykir einhver rök liggja að því að víkja starfsmanni úr starfi skal honum veitt lausn um stundarsakir, en síðan fari fram rannsókn skv. 8. gr. frumvarpsins.

Gert er ráð fyrir því sem aðalreglu að starfsmann beri að áminna áður en honum er veitt lausn. Gefa verður starfsmanni kost á að bæta ráð sitt. Þó er heimilt að veita starfsmanni lausn um stundarsakir án áminningar ef þau tilvik sem greind eru í 3. mgr. greinar þessarar eiga við.

Samkvæmt 4. mgr. greinarinnar skal lausn vera skrifleg og ástæður tilgreindar. Starfsmaður á að sjálfsögðu rétt á að vita á hvern hátt hann hefur af sér brotið. Hafa ber í huga að lausn úr stöðu skoðast sem stjórnvaldsathöfn og skv. 13. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, er aðila máls tryggður réttur til að tjá sig um efni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því.

Um 8. gr.

Þegar starfsmanni hefur verið veitt lausn um stundarsakir skal fara fram rannsókn á því hvort sakir séu svo vaxnar að veita skuli fullnaðarlausn.

Um 9. gr.

Meðan á bráðabirgðalausn stendur skal starfsmaður njóta hálfra launa. Ef rannsókn leiðir til þess að hann skuli halda stöðunni fær hann greiddan þann launahelming sem haldið var eftir.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 11. gr.

Starfsmanni er veittur kostur á að tala máli sínu áður en honum er vikið endanlega úr stöðu. Starfsmanni er hér sem endranær tryggður andmælaréttur undir þessum kringumstæðum.

Um 12. og 13. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Í ákvæðinu eru starfsmanni tryggð laun sem samsvara launum í ríflegum uppsagnarfresti ef staða hans er lögð niður og rétt til sömu stöðu ef hún verður stofnuð aftur eftir tiltölulega skamman tíma.

Réttur til biðlauna stofnast eingöngu ef staða er í raun lögð niður. Biðlaun eru ekki greidd ef t.d. starfsmaður tekur við öðru sambærilegu starfi hjá sveitarfélögum, nema laun fyrir nýja starfið séu lægri en þau er hann áður hafði. Þá er launamismunurinn greiddur þann tíma sem biðlaunatíminn varir.

Grein þessi svarar til 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Við mat á því hvað teljist sambærilegt starf í skilningi greinarinnar er ekki nauðsynlegt að um sambærilegt starf sé að ræða hjá sama sveitarfélagi en að öðru leyti verður að hafa hliðsjón af dómaframkvæmd.

Um 15. gr.

Starfsmanni er veittur réttur til þess að fá lausn frá starfi með þriggja mánaða fyrirvara. Í 2. mgr. ákvæðisins er sveitarfélagi heimilað að lengja þann frest í sex mánuði ef svo margir leita lausnar samtímis að erfitt yrði að skipa stöðurnar þegar að nýju og halda þannig uppi eðlilegu skólastarfi.

Um 16. gr.

Um orlofsmál er fyrst og fremst kveðið á um í kjarasamningum. Um grundvallarreglur varðandi orlof er hins vegar kveðið á um í orlofslögum, nú nr. 30/1987.

Um 17.–26. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 27. gr.

Sveitarstjórnir eru að sjálfsögðu bundnar af ákvæðum ráðningar- og kjarasamninga um vinnutíma starfsmanna og greiðslur til þeirra, sbr. lög nr. 94/1986.

Um 28. gr.

Greinin felur í sér almenna leiðbeiningu til starfsmanna um hvernig þeim ber að rækja starf sitt.

Um 29. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um almenna hlýðniskyldu starfsmanna gagnvart yfirmönnum sínum.

Í 14. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sem taka einnig til starfsmanna sveitarfélaga, sbr. 1. gr. laganna, er stéttarfélögum starfsmanna tryggður verkfallsréttur. Það er hins vegar talið nauðsynlegt að skólastjórar og staðgenglar þeirra séu undanþegnir verkfallsrétti. Þar sem vafi getur leikið á því í einstaka tilfellum hverjir teljist staðgenglar skólastjóra er talið rétt að skylda sveitarfélög að birta lista fyrir 1. febrúar ár hvert yfir þá skólastjórnendur sem óheimilt er að gera verkfall. Er þetta í samræmi við ákvæði 19. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Um 30. gr.

Í 30. gr. frumvarpsins er lögð áhersla á stundvísi starfsmanna. Greinin gerir ráð fyrir tvenns konar viðurlögum við óstundvísi: Skylda til að vinna án endurgjalds tvöfaldan þann tíma er á vantar eða launafrádráttur sem því svarar.

Um 31. gr.

Í greininni er lögð skylda á starfsmenn til að vinna yfirvinnu sem yfirmenn telja nauðsynlega. Ákveðin takmörk eru þó sett við þessari yfirvinnuskyldu í 2. málsl. greinarinnar, þannig að starfsmönnum verði ekki íþyngt um of.

Um 32. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 33. gr.

Í greininni er sveitarfélögum tryggður meiri réttur til að breyta störfum manns og verkahring en leiða mundi af almennum reglum vinnuréttar. Þó verður að skýra heimild þessa þröngt. Ekki er heimilt að láta breytinguna hafa áhrif til skerðingar á launakjörum starfsmannsins eða réttindum.

Um 34. gr.

Mjög erfitt er að ákveða með skýrum lagafyrirmælum hvenær starfsmaður má taka að sér önnur störf auk aðalstarfs síns. Skilyrðislaust bann við aukastörfum starfsmanna er ekki réttlátt gagnvart þeim því að ýmsir starfsmenn hafa hæfileika og starfsþrek til þess að sinna öðrum verkefnum, þótt þeir gegni aðalstarfi sínu óaðfinnanlega. Hagsmunir sveitarfélaga leiða ekki heldur til slíks banns. Sveitarfélögum er oft hagkvæmt og nauðsynlegt að leita til hæfileikamanna í þjónustu þess til þess að undirbúa og vinna störf sem liggja utan verkahrings þeirra, en sem þeir kunna að hafa meiri þekkingu á en aðrir. Hins vegar er réttmætt og getur verið nauðsynlegt að banna starfsmanni að hafa með höndum aukastörf, t.d. atvinnurekstur eða ráðgjafarstörf, sem teljast ósamrýmanleg stöðu hans.

Um 35. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er fjallað um rétt stéttarfélaga starfsmanna til að gæta hagsmuna sinna í sambandi við ágreiningsatriði er upp kunna að koma við samningu samþykkta sveitarfélaga, t.d. á grundvelli 23. gr. grunnskólalaga, nr. 66/1995, svo og hugsanlega endurskoðun laganna.

Um 36. gr.

Með þessari grein er þeim kennurum og skólastjórnendum sem nú eru í starfi eða hafa starfað sem slíkir hjá ríkinu tryggð yfirfærsla á öllum starfstengdum réttindum, hvort sem þeir hefja starf strax eftir flutning grunnskólans eða síðar. Engin breyting á að verða á atvinnuréttindum, launum eða lífeyrisréttindum starfsmannanna við yfirfærsluna. Komi upp ágreiningur milli samtaka kennara og sveitarfélags um form eða efni ráðningarréttinda, sbr. b-lið 1. mgr. 57. gr. laga um grunnskóla, nr. 66/1995, getur hvor aðili um sig óskað gerðardóms í málinu. Starfsmönnum er tryggt sama starf hjá sveitarfélögunum og þeir höfðu hjá ríkinu. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um biðlaun, gilda því ekki um starfsmenn vegna flutningsins.

Um 37. gr.

Efnisákvæði reglugerða nr. 410/1989 og nr. 411/1989 skulu eftir flutninginn gilda sem lágmarksréttindi en víkja eftir atvikum fyrir betri rétti samkvæmt öðrum gildandi lögum. Breytingar sem kunna að verða gerðar á þessum reglugerðum vegna starfsmanna ríkisins hafa engin sjálfvirk áhrif á réttindi þeirra sem undir frumvarp þetta heyra.

Um 38. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 39. gr.

Grunnskólalög, nr. 66/1995, skulu taka gildi að fullu 1. ágúst 1996. Gert er ráð fyrir því að lög sem sett verða á grundvelli frumvarps þessa taki gildi á sama tíma.

Fylgiskjal I.

Bréf verkefnisstjórnar um flutning grunnskólans til menntamálaráðherra.

(1. febrúar 1996.)

Verkefnisstjórn um flutning grunnskólans sendir yður hjálagt, herra menntamálaráðherra, meðfylgjandi tillögu að frumvarpi til laga um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda í grunnskólum, sem verkefnisstjórnin hefur orðið ásátt um á fundi sínum 1. febrúar 1996.

Við umfjöllun þessa máls innan verkefnisstjórnarinnar hefur verið sérstakur gaumur gefinn að því með hvaða hætti skuli tryggja við flutninginn óskert lífeyrissjóðsréttindi þeirra starfsmanna sem átt hafa aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Vísast í þessu sambandi til 57. gr. grunnskólalaga, nr. 66/1995, og 4. tölul. kafla 1.3.1 og kafla 3.5 í skýrslu nefndar um réttindamál grunnskólakennara við flutning grunnskóla til sveitarfélaga. Það er skilningur verkefnisstjórnarinnar að við flutning grunnskólans til sveitarfélaga sé ekki ætlunin að skerða lífeyrisréttindi kennara og skólastjórnenda. Verkefnisstjórnin miðar við að kennarar sem koma til starfa eftir 1. ágúst 1996 eigi kost á aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Verkefnisstjórnin hefur orðið ásátt um að undirbúningur að gerð lagaákvæða þessa efnis skuli fara fram í tengslum við gerð tillagna að frumvarpi til laga um breyting á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Jafnframt sendist yður samkomulag verkefnisstjórnarinnar um tillögu að breytingu á 5., 9. og 11. gr. laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra, nr. 48/1986, hvað varðar ráðningu grunnskólakennara og skólastjórnenda í grunnskólum. Verkefnisstjórnin bendir á að með framangreindum breytingum er einvörðungu fjallað um ráðningarreglur varðandi kennara og skólastjórnendur í grunnskólum og ekki fjallað um sambærilegar reglur varðandi starfsmenn framhaldsskóla, enda er slíkt utan verksviðs verkefnisstjórnarinnar. Verkefnisstjórnin vekur athygli á að tillögur þessar fela ekki í sér breytingar á réttarstöðu kennara og skólastjórnenda í framhaldsskólum að gildandi lögum.

Virðingarfyllst,

Hrólfur Kjartansson.
Steingrímur Ari Arason.
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.
Eiríkur Jónsson.
Húnbogi Þorsteinsson.

Fylgiskjal II.

Tillögur réttindanefndar um nauðsynlegar breytingar á lögverndunarlögum.
(Gert er ráð fyrir að önnur ákvæði standi efnislega óbreytt.)

5. gr.
Heimilt er að skipa kennara sem starfað hefur í a.m.k. eitt ár við grunnskóla með góðum árangri að mati hlutaðeigandi skólastjóra og skólanefndar.

9. gr.
1. mgr.: Til þess að vera ráðinn skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri við grunnskóla skal umsækjandi hafa kennsluréttindi og kennslureynslu á grunnskólastigi.
2. mgr.: Heimilt er að skipa skólastjórnanda sem starfað hefur í a.m.k. tvö ár við grunnskóla, þar af eitt ár sem skólastjórnandi, með góðum árangri að mati hlutaðeigandi skólanefndar og sveitarstjórnar.

11. gr.
1. mgr.: Sveitarstjórn ræður og skipar kennara, aðstoðarskólastjóra og skólastjóra við grunnskóla. Grunnskólakennari á rétt á fastráðningu með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti eftir tveggja ára starf nema verklok séu fyrir fram ákveðin. Heimilt er þó að ráða grunnskólakennara ótímabundið með þriggja mánaða uppsagnarfresti frá fyrsta degi ráðningar. Skólastjórar ráða stundakennara, sbr. 12. gr., með samþykki skólanefnda.
2. mgr.: Samband íslenskra sveitarfélaga skal setja leiðbeinandi reglur um umsóknareyðublöð og meðferð umsókna um kennslu- og stjórnunarstörf. Sveitarstjórn er skylt innan mánaðar frá ráðningu kennara eða skólastjórnanda að skila til menntamálaráðuneytisins öllum gögnum um menntun og fyrri störf þeirra sem ráðnir eru.
3. mgr.: Auglýsa skal öll laus kennslu- og stjórnunarstörf. Í auglýsingum skal m.a. tilgreina sérsvið, þ.e. aðalkennslugreinar og aldursstig nemenda. Nú er heimilt að ráða stundakennara skv. 12. gr. og getur skólastjóri þá ráðið grunnskólakennara án undangenginnar auglýsingar. Stefnt skal að því að ráðningar í stöður kennara og skólastjórnenda fari fram eigi síðar en 1. maí ár hvert.
4. mgr.: Sæki fleiri en einn kennari um sama starf og uppfylli allir umsækjendur þær kröfur sem gerðar eru skal við veitingu starfsins m.a. taka tillit til menntunar, kennsluferils, starfsaldurs, starfsreynslu og umsagna um starfshæfni umsækjenda.

Með frumvarpinu voru einnig tvö önnur fylgiskjöl en um þau vísast til B-deildar Stjórnartíðinda 1989, bls. 861–865, eða til þingskjalsins (lausaskjalsins).

Í fylgiskjali III var reglugerð nr. 410/1989, um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins.

Í fylgiskjali IV var reglugerð nr. 411/1989, um veikindaforföll starfsmanna ríkisins.

Fylgiskjal V.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um réttindi og skyldur grunnskólakennara.

Frumvarp þetta er flutt með vísan til b-liðar 57. gr. laga um grunnskóla, nr. 66/1995, og felur fyrst og fremst í sér endurspeglun á lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, nr. 38/1954, auk þess sem starfsmönnum er áfram tryggður sá réttur sem þeir nú njóta samkvæmt reglugerðum nr. 410/1989, um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins, og nr. 411/1989, um veikindaforföll starfsmanna ríkisins.

Samkvæmt 36. gr. frumvarpsins halda kennarar og skólastjórnendur, sem starfað hafa hjá ríki fyrir flutning grunnskóla til sveitarfélaga, öllum starfsréttindum sínum óbreyttum. Flutningurinn felur því ekki í sér niðurlagningu stöðu í skilningi 14. gr. laga nr. 38/1954 og gilda ákvæði hennar ekki um þá starfsmenn sem frumvarpið tekur til. Af þessum sökum er talið að frumvarpið leiði ekki til útgjalda fyrir ríkissjóð.

571. Skýrsla [324. mál]

um störf Vestnorræna þingmannaráðsins árið 1995.

Frá Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins.

1. Kjör fulltrúa í Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins.

Á fundi Alþingis 28. desember 1994 voru eftirtaldir fulltrúar kosnir til setu í Vestnorræna þingmannaráðinu: Árni Johnsen, Ingibjörg Pálmadóttir, Petrína Baldursdóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir. Varamenn voru þá kosnir Guðmundur Hallvarðsson, Valgerður Sverrisdóttir, Sigbjörn Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir og Anna Ólafsdóttir Björnsson.

Á fundi sínum 6. febrúar 1995 kaus Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins Árna Johnsen formann og Steingrím J. Sigfússon varaformann.

Á fundi Alþingis 13. júní 1995 voru eftirtaldir fulltrúar kosnir til setu í Vestnorræna þingmannaráðinu: Árni Johnsen, Ísólfur Gylfi Pálmason, Rannveig Guðmundsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Ásta R. Jóhannesdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir. Varamenn voru þá kosnir Guðmundur Hallvarðsson, Stefán Guðmundsson, Gísli S. Einarsson, Svavar Gestsson, Svanfríður Jónasdóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir.

Á fundi sínum 27. júlí 1995 kaus Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins Steingrím J. Sigfússon formann og Árna Johnsen varaformann.

Á fundi Alþingis 22. desember 1995 var Svavar Gestsson kosinn fulltrúi í Vestnorræna þingmannaráðinu í stað Steingríms J. Sigfússonar og Kristinn H. Gunnarsson kosinn varamaður í stað Svavars Gestssonar.

2. Störf Íslandsdeildar Vestnorræna þingmannaráðsins.

Deildin hélt fjóra fundi á árinu. Á ársfundi ráðsins 1994 var ákveðið að skipa vinnunefnd til að athuga framtíðarsamstarfið og mögulegt samstarf landanna um samskipti við Evrópusambandið og sameiginlegar áherslur gagnvart því. Íslensku fulltrúarnir tveir í vinnunefndinni sendu í byrjun febrúar 1995 bréf til utanríkisráðuneytisins, Norðurlandaskrifstofu forsætisráðuneytisins, utanríkismálanefndar Alþingis og Íslandsdeildar Norðurlandaráðs þar sem óskað var eftir áliti á stöðu vestnorrænnar samvinnu og samstarfi vestnorrænu þjóðþinganna sérstaklega, í ljósi breyttra aðstæðna, og hugmyndum um hvernig æskilegt væri að þessi samvinna þróaðist á næstu árum. Í svörum umsagnaraðilanna kom fram vilji til að halda samstarfinu áfram en þó í breyttri mynd. Hugsanlegt væri víðtækara samstarf með fulltrúum frá Noregi eða e.t.v. samstarf innan Norðurheimskautsráðsins, sem ætlað er að stofna í Kanada vorið 1996. Í framhaldinu var samin skýrsla sem lögð var fyrir ársfund ráðsins af hálfu Íslandsdeildarinnar sem grundvöllur almennra umræðna á fundinum.

Fyrir ársfundinn var Geir H. Haarde, alþingismanni og forseta Norðurlandaráðs, boðið á fund með Íslandsdeildinni þar sem hann gerði grein fyrir stöðu mála í Norðurlandaráði og rædd voru tengsl þess og Vestnorræna þingmannaráðsins.

Á fundi Íslandsdeildarinnar í júní skýrði Inga Sólnes, forstjóri sameiginlegu skrifstofunnar hjá Vestnorden Tourist Board, frá samstarfi þeirra þar sem sérstaklega er lögð áhersla á fjögur verkefni, þ.e. árlega ferðakaupstefnu, farandkynningu á ferðaskrifstofum í Þýskalandi, markaðssetningu skemmtiferðaskipa og græna ferðamennsku svokallaða. Fram kom að Íslendingar væru hikandi varðandi útvíkkun samstarfsins á sviði ferðamála svo það næði einnig til Norður- og Vestur-Noregs.

Á miðsvetrarfundi landsdeildaformanna ráðsins í Kaupmannahöfn 25. apríl 1995 var m.a. rætt framtíðarsamstarfið. Ákveðið var að bjóða embættismanni hjá skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar sem vinnur með byggðamál, vestnorrænu fulltrúunum í Norrænu samstarfsnefndinni (NSK) og einum fulltrúa frá Noregi að vera viðstöddum ársfund ráðsins. Ýmis önnur mál voru til umræðu, þar á meðal framgangur samþykkta ráðsins í þjóðþingunum og fyrirhugaður sumarfundur á Grænlandi, sem ákveðið var að hafa í ágúst 1995.

3. Ellefti ársfundur Vestnorræna þingmannaráðsins árið 1995.

11. ársfundur ráðsins var haldinn í Qaqortoq á Grænlandi dagana 11. og 12. ágúst 1995. Hann sóttu af hálfu Íslandsdeildar þingmannaráðsins eftirtaldir þingmenn: Steingrímur J. Sigfússon, Árni Johnsen, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Kristín Ástgeirsdóttir og Rannveig Guðmundsdóttir. Alls sóttu 17 vestnorrænir þingmenn ársfundinn. Auk þess hafði sérstaklega verið boðið til fundarins forseta Norðurlandaráðs, Geir H. Haarde alþingismanni, og vestnorrænu fulltrúunum í Norrænu samstarfsnefndinni (NSK), en færeyski fulltrúinn, Niels á Velbastað, sótti fundinn af þeirra hálfu. Á fundinum gerðu Geir H. Haarde og Niels á Velbastað grein fyrir væntanlegum skipulagsbreytingum í Norðurlandaráði og breytingum í byggðasamstarfinu innan ráðherranefndarinnar með samþykkt nýrrar samstarfsáætlunar um byggðamál þar sem breytingarnar felast fyrst og fremst í þátttöku strandhéraða Noregs í samstarfinu. Formenn landsdeildanna fluttu síðan stuttar skýrslur um störfin á árinu og gerðu stuttlega grein fyrir stjórnmálalegri stöðu, hver í sínu landi. Í almennum umræðum var fyrst og fremst rætt skipulag framtíðarsamstarfsins á grundvelli skýrslunnar sem lögð hafði verið fyrir fundinn af hálfu Íslandsdeildarinnar. Voru menn sammála um nauðsyn þess að endurskoða

samstarfið og skipulag þess, bæði með hliðsjón af breyttri stöðu vestnorræns samstarfs innan Norrænu ráðherranefndarinnar, sem nú einnig tekur til strandhéraða Vestur- og Norður-Noregs, og vegna stofnunar heimskautsráðsins. Fram kom eindreginn vilji þingfulltrúa til að efla samstarfið í framtíðinni. Ákveðið var að skipa vinnuhóp innan ráðsins sem á að leggja tillögur varðandi framtíðarsamstarfið og skipulag samstarfsins fyrir næsta ársfund. Fyrir þinginu lá ein tillaga. Hún var til landsstjórna Færeyja og Grænlands og ríkisstjórnar Íslands um að eiga frumkvæði að kaupum á vestnorrænu barnamyndunum þremur „Ævintýri á norðurslóðum, þrjú ævintýri frá Grænlandi, Færeyjum og Íslandi" til notkunar við kennslu í grunnskólum vestnorrænu landanna þriggja og var hún samþykkt einróma. (Sjá þingsályktunartillögu sem lögð er fram á Alþingi samhliða skýrslunni.) Auk þess voru samþykktar fjórar eftirfarandi ákvarðanir um störf ráðsins sjálfs:

1. Vestnorræna þingmannaráðið samþykkir að óska eftir því við forsætisnefnd Norðurlandaráðs að Vestnorræna þingmannaráðið geti sent áheyrnarfulltrúa á þing Norðurlandaráðs.
2. Vestnorræna þingmannaráðið ákveður að skipa vinnuhóp til að vinna að nýju skipulagi fyrir ráðið.
   a. Meðlimir vinnuhópsins:
      Vinnuhópinn skipa landsdeildarformennirnir þrír auk eins fulltrúa frá hverri landsdeild.
   b. Verkefni vinnuhópsins:
      Vinnuhópurinn á fyrir næsta ársfund að taka saman skýrslu með tillögum um skipulag samstarfsins á vestnorræna svæðinu í framtíðinni. Skýrslunni ber að fela í sér hugleiðingar varðandi:
      1. stofnun heimskautsráðs,
      2. endurskipulag Norðurlandaráðs,
      3. hugsanlega innlimun Norður- og Vestur-Noregs í Vestnorræna þingmannaráðið auk annarra strand- og eyjasvæða.
   c. Staða Vestnorræna þingmannaráðsins gagnvart:
      1. ríkisstjórnum landanna þriggja,
      2. Vestnorræna sjóðnum,
      3. norrænu Atlantshafsnefndinni,
      4. öðrum vestnorrænum stofnunum og samtökum.
   d. Forgangsröðun í störfum Vestnorræna þingmannaráðsins:
      1. þróun atvinnulífsins og efnahagur,
      2. menning, menntun og samgöngur,
      3. aðstæður í samgöngu- og ferðamálum.
3. Vestnorræna þingmannaráðið ákveður að formennirnir athugi fyrir næsta ársfund hvort hægt sé að fá hlutdeild í fjárveitingum á norrænu fjárlögunum, sem færi til nemendaskipta milli vestnorrænu landanna og hinna Norðurlandanna, til þess að gera nemendaskipti innan vestnorrænu landanna möguleg.
4. Vestnorræna þingmannaráðið ákveður að láta landsdeildaformennina eiga frumkvæði að gerð bæklings um vestnorræna samstarfið ásamt tölfræðilegum upplýsingum um vestnorrænu löndin þrjú.

Í framhaldi af ákvörðun ráðsins nr. 1/1995 var óskað eftir því við forsætisnefnd Norðurlandaráðs að fá að senda áheyrnarfulltrúa á þing Norðurlandaráðs og fengist jákvætt svar þar að lútandi að sækja haustþing Norðurlandaráðs í Kuopio í Finnlandi í nóvember 1995. Steingrímur J. Sigfússon, formaður ráðsins, sótti þetta þing.

Í lok fundarins tók Steingrímur J. Sigfússon við formennsku í Vestnorræna þingmannaráðinu af Jonathan Motzfeldt.

Ákveðið var að halda 12. ársfund þingmannaráðsins á Íslandi sumarið 1996.

Alþingi, 12. febr. 1996.

Árni Johnsen, form.	Ásta R. Jóhannesdóttir, varaform.	Ísólfur Gylfi Pálmason.
Kristín Ástgeirsdóttir.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Svavar Gestsson.

572. Tillaga til þingsályktunar [325. mál]

um samþykktir Vestnorræna þingmannaráðsins árið 1995.

Flm.: Árni Johnsen, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Kristín Ástgeirsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að beina þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar, landsstjórnar Færeyja og landsstjórnar Grænlands að eiga frumkvæði að kaupum á vestnorrænu barnamyndunum þremur „Ævintýri á norðurslóðum, þrjú ævintýri frá Grænlandi, Færeyjum og Íslandi“ til notkunar við kennslu í grunnskólum vestnorrænu landanna þriggja.

Greinargerð.

Sumarið 1995 voru framleiddar þrjár barnamyndir ætlaðar færeyskum, grænlenskum og íslenskum börnum þar sem áhersla var lögð á að sýna hvað löndin þrjú eiga sameiginlegt, en jafnframt það sem gerir þau sérstök, auk þess að stuðla að samvinnu milli vestnorrænna kvikmyndagerðarmanna. Þetta samstarfsverkefni fékk stuðning Kvikmyndasjóðs Íslands og Norræna sjónvarps- og kvikmyndasjóðsins, svo og barnadeilda sjónvarpsstöðvanna RUV (Ísland), DR (Danmörk) og YLE (Finnland). Einnig styrktu ýmsir færeyskir og grænlenskir aðilar gerð myndanna. Myndirnar þrjár standast tæknilega allar kröfur sem gerðar eru til mynda sem sýndar eru í kvikmyndahúsum og sjónvarpi. Þær hafa verið sýndar á Íslandi, í Færeyjum, Danmörku, Finnlandi og Hollandi. Íslenskir kennarar hafa sóst eftir þeim til kennslu í grunnskólum en fjármögnun til kaupa á þeim til notkunar við kennslu hefur ekki tekist.

573. Þingsályktun [286. mál]

um fullgildingu fríverslunarsamnings milli EFTA-ríkja og Slóveníu.

(Afgreidd frá Alþingi 20. febrúar.)

Samhljóða þskj. 525.

574. Fyrirspurn [326. mál]

til fjármálaráðherra um sveigjanlegan vinnutíma í ráðuneytum og öðrum ríkisstofnunum.

Frá Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

1. Hvernig hefur verið staðið að því í ráðuneytum og öðrum ríkisstofnunum að gefa starfsfólki möguleika á sveigjanlegum vinnutíma sem geri því kleift að samrýma atvinnuþátttöku sína og fjölskylduábyrgð, sbr. Framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til þess að ná fram jafnrétti kynjanna frá 7. maí 1993, lið A.5?
2. Hve margir starfsmenn hafa nýtt sér sveigjanlegan vinnutíma í einstökum ráðuneytum og ríkisstofnunum þar sem slíkt er í boði? Hvernig er skipting þessara starfsmanna eftir kynferði?
3. Hvaða áhrif hefur sveigjanlegur vinnutími á launagreiðslur, yfirvinnumöguleika og önnur kjaramál?

Skriflegt svar óskast.

575. Fyrirspurn [327. mál]

til viðskiptaráðherra um útlánatöp ríkisbanka og opinberra sjóða árin 1990–1995.

Frá Magnúsi Stefánssyni.

Hver voru útlánatöp ríkisbanka og opinberra sjóða á tímabilinu 1990–1995? Svar óskast sundurliðað eftir einstökum bönkum og sjóðum á hverju ári fyrir sig.

Skriflegt svar óskast.

576. Fyrirspurn [328. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um greiðslu kostnaðar við lækningaferðir psoriasissjúklinga.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Telur ráðherra að Tryggingastofnun sé heimilt að fella með öllu niður greiðslur vegna lækningaferða psoriasissjúklinga til útlanda, svonefndrar loftslagsmeðferðar, sbr. f-lið 33. gr. laga nr. 117/1993?

577. Skýrsla [329. mál]

Halldórs Ásgrímssonar samstarfsráðherra Norðurlanda um störf Norrænu ráðherranefndarinnar 1995.

(Lögð fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. Inngangur
Nýir tímar í norrænu samstarfi

Í kjölfar ákvarðananna um aðild Finnlands og Svíþjóðar að Evrópusambandinu (ESB) fólu forsætisráðherrar Norðurlanda samstarfsráðherrum í ríkisstjórnum landanna og forsætisnefnd Norðurlandaráðs fulltrúum sínum að gera sameiginlegar tillögur um pólitísk markmið, forgangsverkefni og grundvallaratriði hins norræna samstarfs. Tillögur þessar voru lagðar fram 19. febrúar 1995 í formi skýrslu sem á íslensku nefnist „Nýir tímar í norrænni samvinnu“. Fulltrúar Íslands í nefndinni voru Sighvatur Björgvinsson, alþingismaður, þáverandi samstarfsráðherra, sem var formaður nefndarinnar og Halldór Ásgrímsson samstarfsráðherra, þáverandi fulltrúi í forsætisnefnd.

Skýrslan „Nýir tímar í norrænni samvinnu“ var til umfjöllunar á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík í mars 1995 og þar var ákveðið að hún skyldi lögð til grundvallar þeim áherslubreytingum og þeirri endurskipulagningu sem gerðar yrðu. Í samræmi við tillögurnar voru starfshættir Norðurlandaráðs teknir til endurskoðunar og leiddi sú endurskoðun til breytinga á Helsingforssamningnum, sem gengu í gildi um áramót 1995-96, og breytinga á þingsköpum ráðsins sem samþykktar voru á þingi Norðurlandaráðs í nóvember 1995 í Kuopio.

Á grundvelli skýrslunnar „Nýir tímar í norrænni samvinnu“ hefur samstarfinu nú verið beint að þremur meginsviðum, samvinnu innan Norðurlanda, samvinnu Norðurlanda um Evrópumál, og samvinnu Norðurlanda við grannsvæði þeirra. Þessi þrískipting endurspeglast í nýrri nefndaskipan Norðurlandaráðs og í verkefnavali og breyttum áherslum í störfum ráðherranefndarinnar.

Á grundvelli skýrslunnar var einnig á árinu 1995 gerð úttekt á öllum samnorrænu stofnununum, 47 talsins, þar sem norrænt notagildi þeirra var lagt til grundvallar við mat nefndarinnar. Niðurstaðan varð sú, að 21 stofnun var talin hafa mikið norrænt notagildi, 7 taldar hafa norrænt notagildi sem væri í meðallagi, og 19 lítið norrænt notagildi og ætti því að leggja þær síðasttöldu niður eða flytja þær af norrænum fjárlögum. Við mat sitt afmarkaði nefnd sú, sem gerði úttektina, innihald hins norræna notagildis þröngt, þannig að forsenda þess að notagildið væri metið hátt var t.d., að störf viðkomandi stofnunar hefði gildi fyrir stærri hóp en þann hóp lista- eða vísindamanna sem tengjast viðkomandi starfssviði, að áhrif stofnunarinnar næðu útfyrir það land sem hún er staðsett í og að starfsemin yki norræna samkennd eða norræna samkeppnisfærni út á við. Nefndin lagði og til víðtækar aðgerðir til hagræðingar í rekstri norrænna stofnanna.

Ráðherranefndartillaga um framkvæmd og ákvarðanatöku varðandi úttektina var lögð fyrir þing Norðurlandaráðs í Kuopio og ákveðið þar að tillögur nefndarinnar yrðu hafðar til hliðsjónar við ákvörðun um framtíð stofnananna, og yrði endanleg ákvörðun tekin um leið og norræn fjárlög fyrir árið 1997 yrðu samþykkt.

Fulltrúi Íslands í nefndinni var Eiður Guðnason sendiherra, fyrrv. samstarfsráðherra, alþingismaður og formaður menningarmálanefndar Norðurlandaráðs, en formaður hennar var Daninn Søren Christensen stiftamtmaður.

Náið samráð er haft við Norðurlandaráð og mun það fylgjast með undirbúningi tillögugerðarinnar og gefa umsögn um tillögur nefndarinnar. Ráðinu verður kynnt sú tillaga sem lögð verður fyrir samstarfsráðherrana í febrúar um leið og hún liggur fyrir.

Á sama hátt og verið er að meta norrænu stofnanirnar er unnið að mati þeirra norrænu verkefna sem eru á döfinni með tilliti til norræns notagildis.

Sú ákvörðun sem tekin var á starfsárinu, að flytja Skrifstofu forsætisnefndar Norðurlandaráðs í sama húsnæði og Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlanda er í, er enn einn liður í því að nýta betur starfskraftana og gera samstarfið skilvirkara og nútímalegra. Áætlað er að sjálfur flutningurinn fari fram seinni hluta ársins 1996.

Að frumkvæði forsætisráðherra Íslands var í október 1994 hafin athugun á því á hvern veg norrænu löndin gætu aukið samstarf og verkaskiptingu milli ýmissa stofnana og stjórnvalda í löndunum sem fást við svipuð verkefni. Ilkka Suominen fyrrv. forseta Norðurlandaráðs var falið verkið, sem unnið var með aðstoð ráðgjafahóps sem í átti sæti frá Íslandi Margrét S. Björnsdóttir, þáverandi aðstoðarmaður Sighvats Björgvinssonar, þáverandi samstarfsráðherra. Samkvæmt skýrslu þeirri sem Ilkka Suominen skilaði í febrúar 1995 eru víða möguleikar á aukinni verkaskiptingu milli landanna sem ekki hafði unnist tími til að kanna frekar. Því var ákveðið að halda þessu verki áfram og er enn verið að vinna að því. Haukur Ingibergsson deildarstjóri hjá Hagsýslu ríkisins situr í þeirri nefnd sem nú er að störfum. Bent hefur verið á ýmsa athyglisverða möguleika til aukins samstarfs og verkaskiptingar, m.a. á sviði vöruöryggis, matvælaeftirlits, umhverfisvöktunar og um notkun Norræna umhverfismerkisins. Þessar tillögur eru til athugunar hjá nefndinni. Af hálfu Íslands hefur og verið bent á kosti aukins norræns samstarfs á sviði lyfjaeftirlits, kvikmyndaeftirlits og um krabbameinsrannsóknir, án þess að samstaða hafi náðst um að fylgja þeim tillögum eftir.

Mikilvægi norræns samstarfs fyrir Íslendinga verður ekki dregið í efa og gildir það bæði um samstarf landanna um innri mál, en ekki síður um evrópsk mál þar sem mikilvægt er að norrænt samráð og upplýsingamiðlun eigi sér stað. Íslendingar lögðu á það áherslu í formennskutíð sinni 1994 að Evrópumál yrðu gerð að föstum lið á dagskrá funda forsætisráðherranna, utanríkisráðherranna og Norrænu ráðherranefndarinnar, og hefur það gefið góða raun. Danir, sem höfðu formennsku starfsárið 1995, hafa fylgt þessu eftir og komið á reglubundnu samráði sendifulltrúa landanna í Brussel um þau pólitísku stefnumál Evrópusambandsins sem mikilvægt er að ræða á norrænum vettvangi. Norðurlandaráð hefur boðað til ráðstefnu um Evrópumál dagana 4.-5. mars nk. Tímasetning ráðstefnunnar fellur vel að undirbúningi Ríkjaráðstefnu Evrópusambandsins og vonir eru bundnar við að hún verði gagnlegur vettvangur pólitískra skoðanaskipta um þau mál sem verða á dagskrá ríkjaráðstefnunnar.

Í formennskutíð Íslands var ákveðið að auka vægi þess samstarfs sem varðar Norðurskautssvæðið og gera heildarúttekt á þeirri norrænu og alþjóðlegu starfsemi sem máli skiptir fyrir Norðurskautssvæðið. Magnúsi Magnússyni prófessor var falin forysta verksins og var ítarleg skýrsla um það lögð fyrir Norðurlandaráðsþing í Reykjavík um mánaðamót febrúar – mars 1995, og ráðherranefndartillaga byggð á henni fyrir Norðurlandaráðsþing í Kuopio í nóvember 1995. Á norrænu fjárlögunum ársins 1996 er varið 1 millj. d.kr. til verkefna sem varða Norðurskautssvæðið. Sú óvissa sem til skamms tíma hefur ráðið um stofnun Norðurskautsráðs með þátttöku Bandaríkjanna, Kanada og Rússlands auk norrænu ríkjanna hefur valdið nokkrum erfiðleikum við skipulag norræns samstarfs um þessi mál, en líkur eru á að ráðið verði stofnað um mitt ár 1996. Af Íslands hálfu er lögð áhersla á að norrænt samstarf um málefni Norðurskautssvæðisins verði markvisst og að aukin hagræðing, atvinnumál, umhverfismál og sjálfbær þróun sitji í fyrirrúmi.

Á árinu 1995 voru fjárveitingar til grannsvæðasamstarfsins auknar til muna, úr 14 millj. d.kr. 1994 í 51 millj. d.kr. 1995. Upplýsingaskrifstofa var opnuð á árinu í Pétursborg og er það fjórða norræna upplýsingaskrifstofan, en þær sem fyrir voru eru í Tallinn, Ríga og Vilníus. Sérstök áhersla er lögð á veitingu námsstyrkja til að styrkja lýðræðisþróunina og stuðla að aukinni sérfræðiþekkingu í Eystrasaltsríkjunum og Norðvestur-Rússlandi á sem flestum sviðum, en umhverfis- og atvinnumál eru einnig meðal forgangsverkefna.

Ráðherranefndarskrifstofan hafði á árinu 1995 starfsmann með aðsetur í Kirkenes vegna grannsvæðasamstarfsins á Barentssvæðinu. Því starfi verður haldið áfram 1996 og áhugi er á að ráða starfsmenn með aðsetur í Murmansk, Archangelsk og Petrosawodsk.

Norræna vegabréfasambandið sem tryggir Norðurlandabúum fría för innan Norðurlanda án vegabréfsskyldu hefur verið í gildi síðan 1955. Mikilvægt er að þessi réttur haldist og Norðurlönd skiptist ekki í tvo hluta, annars vegar þau sem eru utan og hins vegar þau sem eru innan Schengen-samkomulagsins. Því lýstu forsætisráðherrar landanna þeim vilja sínum á árinu að ekki yrði samið um neins konar aðild að Schengen-samkomulaginu fyrir einhver norrænu ríkjanna, nema viðunandi lausn fengist fyrir öll ríkin. Af hálfu Íslands er lögð áhersla á að tengslum landsins við Schengen-samkomulagið þurfi að fylgja aðild að ákvarðanatöku á öllum stigum, en jafnframt er ljóst að því að tengjast samkomulaginu fylgja ákveðnar eftirlitsskyldur skv. reglum samkomulagsins.

Samhliða þeim breytingum á Helsingforssamningnum, sem fjallað var um fyrr í þessum kafla, var gerð sú breyting að Norðurlönd skuldbinda sig nú til að láta Norðurlandabúa njóta sama réttar og heimamenn við setningu laga og annarra reglna á öllum þeim sviðum sem samningurinn nær til. Þrátt fyrir það að heimilt sé að gera undantekningar frá þessari skuldbindingu vegna annarra alþjóðlegra skuldbindinga eða sérstakra tilvika er hér stigið mikilvægt skref í þá átt að jafna rétt norrænna borgara. Íslendingar lögðu á formennskuári sínu áherslu á að slík regla yrði samningsfest og er það fagnaðarefni að regla þessi hefur nú verið felld inn í Helsingforssamninginn. Eftir stendur þó að framfylgja samningnum og komast að niðurstöðu um hvernig unnt verði á norrænum vettvangi að fjalla um og vísa til réttra aðila þeim ágreiningsefnum sem upp kunna að koma.

Á starfsárinu var, í samvinnu við Evrópuráðið, gert norrænt átak gegn kynþáttafordómum og útlendingaótta, „Norðurlönd gegn útlendingahatri“. Aðalþættir átaksins voru lestarferð norrænna unglinga um Evrópu og ritgerðasamkeppni.

Sérstök áhersla er nú lögð á að tengja börn og ungmenni norrænu samstarfi. Því var samþykkt á Norðurlandaráðsþinginu í Kuopio framkvæmdaáætlun um norrænt samstarf á sviði barna- og æskulýðsmenningar fyrir árin 1996-2000. Þannig hefur nú verið ákveðinn rammi fyrir þetta starf og ungmenni verða virkir þátttakendur í framkvæmd og skipulagningu þess.

Á árinu 1995 voru lögð fram markmið umhverfisráðherra Norðurlanda fyrir tímabilið 1996-2000, og á þinginu í Kuopio voru í fyrsta sinn veitt Norrænu umhverfisverðlaunin. Er það til marks um þá áherslu sem nú er lögð á umhverfisvernd í norrænu samstarfi.

Norrænu fjárlögin fyrir árið 1995 voru 718.925 millj. d.kr., 8% hærri en fjárlög ársins áður. Því var m.a. unnt að halda áfram að auka áhersluna á menningar- og menntamálasamstarfið og styrkja grannsvæðasamstarfið án þess að því fylgdi mikill niðurskurður á öðrum sviðum. Hvað varðar norrænu fjárlögin fyrir árið 1996, varð reyndin hins vegar sú að þau lækkuðu um ca. 4% vegna eindreginnar kröfu frá Svíum um aukinn sparnað og hagræðingu í norrænu samstarfi. Þetta gerði undirbúning fjárlaga erfiðari en ella þó tekist hafi að ná viðunandi niðurstöðu á flestum sviðum. Áhyggjuefni er að Svíar hafa lýst þeim áformum sínum að halda áfram að draga úr fjárveitingum til samstarfsins. Bæði Davíð Oddsson, forsætisráðherra og Halldór Ásgrímsson, samstarfsráðherra hafa beitt sér gegn öllum niðurskurðaráformum. Þeir hafa bent á að aðhald og aukin hagræðing í norrænu samstarfi sé sjálfsögð og eðlileg þar sem annars staðar. Hins vegar liggi fyrir tillögur um mörg mikilvæg samstarfsverkefni sem hagfelldara sé að framkvæma samnorrænt en sitt í hvoru lagi, og því beri að nota þann sparnað sem geti náðst til að fjármagna slík verkefni.

2. Samstarf forsætisráðherra Norðurlanda

Forsætisráðherrar Norðurlanda, sem hafa með höndum pólitíska stefnumörkun í samstarfi ríkisstjórna Norðurlanda skv. Helsingforssamningnum, héldu 4 fundi á árinu 1995. Auk þess áttu þeir fundi með forsætisnefnd Norðurlandaráðs og forsætisráðherrum Eystrasaltsríkjanna.

Tilefni fyrsta fundar ársins var það endurmat norræns samstarfs sem aðild Finnlands og Svíþjóðar að ESB leiddi til. Í yfirlýsingu sem gefin var á þeim fundi lögðu þeir áherslu á að menningar- og menntamál, Evrópu- og önnur alþjóðamál og samstarf við grannsvæðin, bæði við Eystrasalt og í norðri, yrðu áfram forgangsverkefni. Forsætisráðherrarnir fjölluðu á fundunum m.a. um undirbúning ríkjaráðstefnu ESB og var af hálfu Íslands lögð áhersla á mikilvægi þess að EFTA fengi áheyrnaraðild að ríkjaráðstefnunni.

Forsætisráðherrarnir lögðu áherslu á að Evrópumál yrðu fastur liður á fundum sínum og annarra fulltrúa norrænu ríkisstjórnanna. Þeir bentu og á mikilvægi norræns samstarfs á alþjóðavettvangi og Davíð Oddsson, forsætisráðherra vakti sérstaka athygli á mikilvægi samstarfs ríkjanna innan Sameinuðu þjóðanna, þar sem þau væru áhrifamikill aðili þegar þau beittu sér þar sameiginlega.

Á fundi sínum í tengslum við Norðurlandaráðsþing í Reykjavík var framtíð Norræna vegabréfasambandsins til umræðu. Þar kom fram skýr vilji forsætisráðherranna um að standa vörð um það frelsi sem vegabréfasambandið veitir Norðurlandabúum. Á þeim grundvelli voru samningsviðræður við Schengen-ríkin hafnar á árinu með það fyrir augum að þeim lyki fyrir upphaf ríkjaráðstefnunnar.

Á fundum forsætisráðherranna var og rætt samstarf um málefni Norðurskautssvæðisins. Einnig var til umræðu efni þemaráðstefna Norðurlandaráðs, úttektin á norrænu stofnununum auk ýmissa alþjóðamála sem efst voru á baugi, m.a. fjárhagsvandi Sameinuðu þjóðanna.

3. Störf samstarfsráðherra Norðurlanda

Sighvatur Björgvinsson var samstarfsráðherra í ríkisstjórninni til 23. apríl 1995, en við myndun nýrrar ríkisstjórnar tók Halldór Ásgrímsson við sem samstarfsráðherra.

Hlutverk samstarfsráðherranna er skilgreint í 61. grein Helsingforssamningsins. Það felst m.a. í því að stuðla að aukningu samstarfsins og samræmingu þess milli hinna ýmsu samstarfssviða, taka ákvarðanir um skipulag sem nær til margra samstarfssviða, ákveða norrænu fjárlögin árlega og bera ábyrgð á upplýsingamiðlun ráðherranefndarinnar. Eftir þörfum ber þeim að hafa samráð við fagráðherrana.

Samstarfsráðherrarnir tóku því ákvörðunina um að gera úttekt á norrænu stofnununum og munu fylgja henni eftir að fengnum umsögnum frá fagráðherrum, stofnununum sjálfum og Norðurlandaráði. Samstarfsráðherrarnir standa einnig að þeirri könnun á aukinni verkaskiptingu milli stofnana og stjórnvalda á Norðurlöndum sem fjallað var um í inngangi skýrslu þessarar. Samstarfsráðherrarnir bera ábyrgð á að áherslur samstarfsins og skipting fjárveitinganna séu í samræmi við þau pólitísku markmið sem ákveðin eru fyrir samstarfið hverju sinni.

Auk ofangreinds bera samstarfsráðherrarnir ábyrgð á því samstarfi sem tekur til fleiri en eins samstarfssviðs eða heyrir ekki undir neitt ákveðið fagsvið. Af þeirri ástæðu heyrir m.a. grannsvæðasamstarfið, Norðurskautssamstarfið, Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef) og Norræni þróunarsjóðurinn (NDF) undir samstarfsráðherrana.

Af hálfu Halldórs Ásgrímssonar samstarfsráðherra hefur á starfsárinu verið lögð sérstök áhersla á að auka vægi þeirra mála sem varða hin norðlægari svæði og þá ekki síst Norðurskautssamstarfið og samþykkt þeirrar starfsáætlunar um málefni Norðurskautssvæðanna, sem gerð var á starfsárinu. Einnig er af hálfu Íslands lögð áhersla á sjávarútvegsmál og önnur atvinnumál auk Evrópumála og menningarmála. Viðhald og styrking norræns málskilnings er meðal forgangsverkefna og er því lögð áhersla á að fylgja eftir þeirri skýrslu um aðgerðir til úrbóta, sem væntanleg er snemma árs 1996. Loks er af hálfu Íslands unnið að því að þýða á íslensku sem mest af því upplýsingaefni sem ráðherranefndin gefur út.

Starfsáætlun ráðherranefndarinnar fyrir árið 1996 (C2) hefur verið þýdd á íslensku og er fáanleg á Norðurlandaskrifstofu forsætisráðuneytisins. Sama máli gegnir um skýrsluna „Nýir tímar í norrænni samvinnu".

Norrænt fréttabréf kom út á íslensku í 6 tölublöðum á starfsárinu með upplýsingum um það sem efst er á baugi á norrænum vettvangi. Er því dreift til fjölmiðla, bókasafna, ráðuneyta, skóla o.fl. sem þess óska. Einnig kom út á íslensku á árinu bæklingurinn „Norðurlönd", með nýjum upplýsingum um Norðurlönd og norrænt samstarf ríkisstjórna og þjóðþinga, norræna styrki o.fl. í samþjöppuðu formi.

4. Samstarf utanríkisráðherra og norrænt samstarf á alþjóðavettvangi

Utanríkisráðherrafundur í Kaupmannahöfn 9. maí 1995.

Reglubundinn fundur utanríkisráðherra Norðurlandanna var haldinn í Kaupmannahöfn hinn 9. maí 1995. Meginviðfangsefni fundarins var framtíð norrænnar samvinnu á alþjóðavettvangi, svo og evrópsk utanríkis- og öryggismál.

Ráðherrarnir samþykktu skýrslu um norrænt samstarf í alþjóðastofnunum, sem norrænu forsætisráðherrarnir höfðu óskað eftir á fundi sínum í Kaupmannahöfn 29. janúar 1995. Í skýrslunni er lagður grunnur að áframhaldandi samvinnu Norðurlanda á alþjóðavettvangi, þrátt fyrir aðild þriggja þeirra að ESB.

Í skýrslunni kemur fram, að reglubundnum norrænum fundum um málefni Sameinuðu þjóðanna verði viðhaldið. Jafnframt er bent á, að þörf og eftirspurn eftir sameiginlegum málflutningi Norðurlandanna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna verði að meta með hliðsjón af þeim málflutningi, sem ESB-ríkin kunni að koma sér saman um hverju sinni. Ennfremur að halda skuli sameiginlegar norrænar ræður í tilvikum, þar sem ESB-ríkin hafa ekki samræmt sjónarmið sín innbyrðis, telji Norðurlönd það eiga við.

Í þeim tilvikum, þegar ESB-ríkin hafa ákveðið sameiginlegan málflutning, skal athuga möguleika þess, að Íslandi og Noregi verði boðið að taka þátt í þeim málflutningi.

Þá er í skýrslunni lögð áhersla á þá möguleika, sem skapast hafa um pólitískt samráð milli ESB og þeirra EFTA-ríkja, sem aðild eiga að EES, en yfirlýsing um það efni var samþykkt á fundi EES-ráðsins síðar í mánuðinum, 30. maí 1995.

Utanríkisráðherrafundur í Kolding á Jótlandi 31. ágúst 1995.

Á fundi utanríkisráðherra Norðurlandanna í Kolding á Jótlandi þann 31. ágúst var fjallað um ófriðinn á Balkanskaga og stöðu mála þar. Í yfirlýsingu fundarins var ítrekaður stuðningur við þá ákvörðun Sameinuðu þjóðanna að biðja Atlantshafsbandalagið að hefja loftárásir á herafla Bosníu-Serba. Ítrekaður var vilji, til að halda áfram norrænni þátttöku í friðargæsluliði Sameinuðu þjóðanna í Bosníu-Herzegóvínu, og lýst var yfir alvarlegum áhyggjum vegna þjáninga almennings vegna ófriðarins. Lögð var áhersla á að deiluaðilar settust að samningaborði og lýst stuðningi við starf samningamannana, Thorvalds Stoltenbergs og Carls Bildts.

Rætt var um öryggismál í Evrópu og lýst stuðningi við mótun nýs öryggiskerfis, sem nái til álfunnar allrar, en hún fer fram á vegum Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE). Því var fagnað, að stjórnvöld í Rússlandi hafa undirritað áætlun innan Samstarfs í þágu friðar (PfP).

Fjallað var um stöðu mála á jaðarsvæðum Norðurlandanna. Aðild Íslands að Eystrasaltsráðinu var fagnað og lögð var áhersla á mikilvægi pólitísks samstarfs í Eystrasaltsráðinu og í Barentsráðinu.

Norrænt samstarf innan Sameinuðu þjóðanna.

Reglulegt samráð fer fram á milli Norðurlandanna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og stofnana þeirra um þau mál sem til umfjöllunar eru. Þetta á einnig við um allsherjar þingið og nefndir þess. Norðurlöndin hafa sameiginlega látið til sín taka á 50. allsherjarþingi S.Þ. Í umræðum á allsherjarþinginu um fjölgun í Öryggisráðinu og breytingar á starfsemi þess hélt fastafulltrúi Noregs ræðu fyrir hönd allra Norðurlandanna, þar sem hann kynnti sameiginlega afstöðu þeirra. Lögð var áhersla á það, að ráðið endurspeglaði breytta heimsmynd, en verði áfram vettvangur virkra og ábyrgra aðildarríkja. Engin breyting yrði gerð á neitunarvaldi. Norðurlöndin sendu framkvæmdastjóra samtakanna sameiginlegt erindi er snertir friðargæslu þeirra.

Öll Norðurlöndin hafa unnið að því að styðja við bakið á framboði Svía til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna á allsherjarþinginu 1996 fyrir árin 1997-1998 og lýst yfir stuðningi við framboð Íslands í Efnahags- og félagsmálaráð Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC). Ísland hefur falast eftir stuðningi annarra Norðurlanda við framboð Guðmundar Eiríkssonar þjóðréttarfræðings til setu í Hafréttardómstólnum.

Áfram var haldið íslenskri þátttöku í friðargæslu Sameinuðu þjóðanna. Íslenskur læknir fór til starfa í heilsugæslusveit Noregs í Bosníu í lok október og tveir hjúkrunarfræðingar sóttu þjálfunarnámskeið í Noregi í tengslum við fyrirhugað starf í Bosníu.

Samráð hefur tekist við önnur Norðurlönd um málefni er varða II. byggðaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna (Habitat II), sem fram fer í Istanbúl í júní 1996.

Á óformlegum kvöldverðarfundi norrænu utanríkisráðherranna á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York hinn 26. september 1995 var ítrekaður vilji til að viðhalda norrænu samstarfi innan samtakanna.

Þá skoruðu utanríkisráðherrar og forsætisráðherrar Norðurlandanna á þau aðildarríki sem ekki höfðu greitt framlög sín til samtakanna, að gera upp skuldir sínar.

Kjarnasprengingar.

Norðurlöndin hafa harmað kjarnasprengingar Frakka og Kínverja í tilraunaskyni og mótmælum hefur verið komið á framfæri.

Samstarf í tengslum við ESB.

Á þriðja fundi EES-ráðsins, hinn 30. maí 1995, var samþykkt sameiginleg yfirlýsing um pólitísk skoðanaskipti, sem er nánari útfærsla á sérstakri yfirlýsingu við EES-samninginn. Yfirlýsingin hefur mikla þýðingu fyrir pólitískt samstarf Íslands og Noregs við aðildarríki ESB, þ.m.t. önnur Norðurlönd. Á fundinum fóru í fyrsta sinn fram pólitísk skoðanaskipti á vettvangi EES-ráðsins.

Sameiginlega yfirlýsingin felur í sér, að skipulagðir verði reglubundnir fundir forsætisráðherra EFTA-ríkja, sem aðild eiga að EES annars vegar, og formanns leiðtogaráðs ESB og forseta framkvæmdastjórnar ESB hins vegar; að ráðherrar skiptist óformlega á skoðunum á fundum EES-ráðsins; að þróa tengsl við ríki utan ESB og EFTA/EES og aðrar alþjóðastofnanir og skiptast á upplýsingum um þau mál; að skiptast á upplýsingum um erindi (demarché) og afstöðu í sameiginlegum hagsmunamálum; að skipuleggja eftir því sem við á sérstaka fundi sérfræðinga til að auðvelda skoðanaskipti um afmörkuð sameiginleg hagsmunamál, sem vinnuhópar ESB-ríkja eru að vinna að.

Á fjórða fundi EES-ráðsins hinn 21. nóvember 1995 í Brussel var framkvæmd og þróun EES-samningsins m.a. til umræðu. Ráðið lagði áherslu á mikilvægi þess, að möguleikarnir til náinnar pólitískrar samvinnu, sem sameiginleg yfirlýsing EES-ráðsins frá 30. maí 1995 veitti, yrðu nýttir til fulls.

Sem fyrr segir er nú fyrir hendi sá möguleiki, að Ísland og Noregur taki þátt í sameiginlegum málflutningi (demarché) ESB vegna pólitískra mála. Það var gert í fyrsta sinn hinn 5. apríl 1995, þegar sendiherrar þáverandi þríeykis ESB, Þýskalands, Frakklands og Spánar, afhentu mótmæli í Ankara í Tyrklandi vegna aðgerða Tyrkja í Norður-Írak. Einnig má nefna, að Ísland var aðili að ESB-yfirlýsingu, þar sem því var fagnað, að leiðtogi stjórnarandstöðu í Burma, Nóbelsverðlaunahafinn, frú Aung Sa Suu Kyi, var leyst úr haldi, og gerðist aðili að sérstakri yfirlýsingu ESB, þar sem dauðadómum yfir níu stjórnarandstæðingum í Nígeríu var mótmælt.

Ísland hefur oft tekið þátt í sameiginlegum málflutningi ESB á vettvangi SÞ.

Mjög mikilvægt er fyrir Ísland og Noreg að nýta öll þau tækifæri sem gefast til að fylgjast vel með og taka þátt í gerð nýrra evrópskra reglna, sem ætla má að verði felldar undir EES-samninginn. Ísland og Noregur hafa á síðustu mánuðum stöðugt aukið þátttöku sína í mótun slíkra reglna. Í því starfi getur norrænt samstarf komið að góðu gagni.

Á óformlegum fundi utanríkisviðskiptaráðherra Norðurlanda í mars sl. í Reykjavík voru þessi mál til umræðu. Á þeim fundi voru einnig m.a. til umræðu tvíhliða viðskiptamál ríkjanna, Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO) og samvinnan við Mið- og Austur-Evrópuríkin. Ákveðið var að halda þessa ráðherrafundi einu sinni á ári. Jafnframt var ákveðið að forstöðumenn viðskiptadeilda utanríkisráðuneyta Norðurlanda myndu halda fundi a.m.k. tvisvar á ári til að tryggja stöðugt flæði upplýsinga og efla sem mest samráð. Þeir fundir hafa verið haldnir reglulega þar sem fjallað hefur verið m.a. um þróun ESB og hugsanlega stækkun, EES-málefni, samstarf ESB og EFTA við ríki utan EES, Schengen, Alþjóðaviðskiptastofnunina og OECD.

Nú er starfandi í Brussel samráðshópur Norðurlandanna, sem hefur m.a. það hlutverk að benda á þau svið, þar sem Norðurlöndin geta haft samráð sín á milli um ESB-málefni, og samnorræn viðhorf eigi við. Má þar nefna mál í tengslum við gjaldmiðlabandalagið, orkumál, sjávarútvegsmál, umhverfismál, neytendamál, fjarskipti og samgöngur og stækkun ESB til austurs. Einnig mun samráðshópurinn aðstoða Skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn í sambandi við ESB-málefni.

Schengen.

Íslandi og Noregi stendur til boða að gerast aðilar að Schengen-samningi Evrópusambandsins, en Svíar, Danir og Finnar hafa sótt um aukaaðild að samningnum með þeim ásetningi að vera fullgildir aðilar. Gengið er til leiks með það í huga að hægt verði að viðhalda hinu norræna vegabréfabandalagi, en samkvæmt því þurfa ríkisborgarar Norðurlandanna ekki vegabréf, þegar þeir ferðast innan þeirra.

Norrænt samstarf innan Eystrasaltsráðsins.

Ísland gerðist aðili að Eystrasaltsráðinu á fjórða ráðherrafundi þess dagana 18.-19. maí 1995, en önnur Norðurlönd voru þegar orðin aðilar að ráðinu. Með þátttöku sinni í Eystrasaltsráðinu stuðla Norðurlöndin að pólitískum stöðugleika í norðausturhluta Evrópu og veita aðstoð við uppbyggingu lýðræðis og réttarríkis í þeim aðildarríkjum, sem áður bjuggu við kommúnisma. Ráðið veitir einnig tækifæri til samvinnu á sviði viðskipta, innanríkismála, laga og réttarfars, umhverfismála, o. fl., sbr. yfirlýsingu ráðherrafundarins.

Innan ráðsins eru starfandi vinnuhópar um uppbyggingu lýðræðislegra stofnana og réttarríkis, efnahagsmál, kjarnorkumál og geislavarnir.

Eystrasaltslöndin sækjast eftir samkomulagi við Norðurlönd um gagnkvæmt afnám vegabréfaskyldu fyrir ferðamenn. Danir hafa gert slíkt samkomulag við Eistland og Litháen.

Fundur utanríkisráðherra Norðurlandanna og Eystrasaltslandanna fór fram í Kolding á Jótlandi þann 30. ágúst 1995. Ráðherrarnir ræddu um starf ríkjanna, öryggismál við

Eystrasaltið og Evrópumál. Fram kom vilji til að styrkja samstarfið á sem flestum sviðum, t.d. á sviði öryggismála, friðargæslu, samgangna, fjarskipta og umhverfismála.

Utanríkisráðherra átti óformlegan fund með utanríkisráðherra Eistlands á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna þann 26. september 1995, þar sem m.a. var rætt um áhuga Eystrasaltslandanna á afnámi vegabréfaskyldu og samskipti Eista og Rússa.

Norrænt samstarf innan Barentsráðsins og á Norðurslóðum.

Fundur utanríkisráðherra Barentsráðsins var haldinn 10. október 1995. Í ræðu sinni lagði Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra megináherslu á umhverfisvernd á svæðinu og gerði að sérstöku umtalsefni þá hættu, sem stafar af losun geislavirkra efna í sjó. Hann fagnaði fyrirhugaðri stofnun Norðurskautsráðsins og sagði mikilvægt í þeim efnum að ráðinu yrði falið að samræma það starf, sem nú er unnið að á norðurslóðum. Einnig ræddi hann þá möguleika, sem Barentssamstarfið býður upp á varðandi fiskvinnslu og markaðssetningu sjávarafurða. Á fundinum bauð utanríkisráðherra Rússlands til ráðstefnu í Murmansk um fjárfestingar og viðskiptatækifæri í Norðvestur-Rússlandi. Var ráðstefnan haldin í lok október og sóttu hana fulltrúar tuttugu og sex íslenskra fyrirtækja, auk fulltrúa utanríkisráðuneytisins og Útflutningsráðs. Á ráðstefnunni gafst fulltrúum fyrirtækja kostur á að stofna til viðskiptasambanda, að kynna sér sjávarútveg, matvælaframleiðslu, fyrirkomulag vöruflutninga með skipum og margt fleira á Kólaskaga.

Annað norrænt samstarf.

Reglulegt norrænt samráð fer fram innan helstu alþjóðastofnana, t.d. Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) og OECD. Einnig má nefna að haldnir eru reglulegir samráðsfundir í höfuðborgum Norðurlandanna um málefni Evrópuráðsins. Einnig eru haldnir reglulegir norrænir samráðsfundir um ÖSE-málefni. Slíkur fundur var haldinn í Reykjavík í haust. Norðurlöndin studdu Dani til formennsku í ÖSE 1997.

Samstarf um sameiginlegt sendiráðasvæði í Berlín.

Hinn 4. ágúst 1995 var undirritað samkomulag milli utanríkisráðuneyta Norðurlandanna um sameiginlegt sendiráðsverkefni í Berlín, en öll Norðurlöndin ætla að byggja þar sendiráð á sömu lóð.

Sameiginleg lóðakaup og frumathugun fóru fram og efnt var til samkeppni á meðal arkitekta á Norðurlöndum um skipulag og heildaruppbyggingu á nýju sendiráðalóðinni. Gert er ráð fyrir að byggingar fyrir norrænu sendiráðin verði fullgerðar árið 1999.

5. Norrænu fjárlögin 1996

Tillögur ráðherranefndarinnar til fjárlaga 1996 eru reiknaðar á verðlagi ársins 1995. Það felur í sér að allar tölur og breytingar á tölum eru algerlega sambærilegar. Samstarfsráðherrarnir ákváðu í febrúar 1995 að ekkert rými skuli verða til uppfærslu vegna verðlagsbreytinga í fjárlögum 1996. Þetta þýðir, eins og að ofan segir, að engin vísitala verður í gildi árið 1996 sem hækki sjálfkrafa kostnaðartölur. Fyrir stofnanir og samningsbundin verkefni hefur þetta í för með sér að samningur þeirra breytist. Fjárlagatillögurnar 1996 hljóða upp á 707,9 millj. d.kr., sem er lækkun um 11 millj. borið saman við 1995.

Forgangssvið í fjárlögunum

Í norrænni samvinnu verður áfram lögð áhersla á menningu og menntun. Þá er fast ákveðið að framtíðarsamstarf beri að fela í sér að hnýta hin vestlægu Norðurlönd (Vestur-

Norðurlönd) fastari böndum við hin Norðurlöndin. Þegar í dag er til staðar þróað samstarf á hinum ýmsu sviðum. Sem dæmi má nefna:

- Innan menningar- og fræðslugeirans á að setja á fót nemendaskipta/styrkjakerfi fyrir háskólanemendur og menntaskólanemendur svo og kennaraskólanemendur. Þá á að skiptast á menningarviðburðum með aðstoð Norrænu húsanna o.fl
- Íþróttasamstarfið mun sérstaklega styðja Vestur-Norðurlönd.
- Norræni menningarsjóðurinn styður Vestur-Norðurlönd.
- Sjávarútvegsgeirinn stendur fyrir mörgum verkefnum.
- Innan umhverfisgeirans eru verkefni, sem taka tillit til Vestur-Norðurlanda og norðurslóða.
- Innan byggðageirans mun verða veitt fjármagn til hins nýstofnaða NAS („Nord Atlantiska Samarbetet").

Þegar um er að ræða stuðning við Norðurskautssvæðið er í ár gert ráð fyrir 1 millj. d.kr. framlagi til þess að fylgja eftir skýrslunni um norðurslóðir.

Heildarfjárveitingar sem ætlaðar eru til grannsvæða Skandinavíu taka að hluta til þeirrar starfsemi, sem samstarfsráðherrarnir ákváðu innan 50 millj. d.kr. rammans, en að hluta til átaksverkefnis sem hefur verið fjármagnað af verkefnafé viðkomandi geira.

Þróun fjárlaganna á árunum 1992–1996



	Millj. d.kr.	1992	1993	1994	1995	1996
■	Nafnvirði	701,5	650,7	655,9	718,9	707,9
❑	Á verðlagi ársins 1995	756,9	681,6	670,3	718,9	707,9

Skipting fjárlaganna 1996 til hinna ýmsu verkefnaflokka



1. Menningarsamvinnan
2. Menntun og rannsóknir
3. Umhverfismál
4. Efnahags- og atvinnumál
5. Réttindi þegnanna
6. Samstarf við grannsvæði Norðurlanda
7. Önnur starfsemi

Hluti menningar-, fræðslu- og rannsóknarmála nemur 49% af fjárlögunum (þ.m.t. líftækni og umhverfisrannsóknir). Fjárlögin deilast svo: framkvæmdafé 56,5%. Stofnanir 36,0%. Ráðherranefndarskrifstofan 7,5%. Árið 1990 nam rekstrarkostnaður skrifstofunnar rúmum 11% af heildarfjárlögunum.

Tekjur

í þús. d.kr.	**Fjárlög 1995**	**Fjárlög 1996**	Skipting eftir löndum 1996
Launaskattur	5 900	5.900	
Vaxtatekjur	20 000	17 500	
Aðrar tekjur	800	800	
Framlög Norðurlandanna	692 225	683 725	
Danmörk	149 521	164 094	24,0%
Finnland	128 754	113 498	16,6%
Ísland	6 922	7 521	1,1%
Noregur	127 369	133 326	19,5%
Svíþjóð	279 659	265 285	38,8%
Samtals	**718 925**	**707 925**	**100%**

Gjaldahlið fjárlaganna 1995 og 1996

í þús. d.kr.	1996 þús. d.kr.	1996 %	1995 þús. d.kr.	1995 %	Mismunur 1995/1996
1 Menningarsamstarf	**145 434**		**141 907**		**3 527**
Verkefnaframlög	100 154	69	104 374	74	
Stofnanir	45 280	31	37 533	26	
2 Menntun/rannsóknir	**203 958**		**204 586**		**- 628**
Verkefnaframlög	140 008	69	139 563	68	
Stofnanir	63 950	31	65 023	32	
3 Umhverfismál	**30 500**		**33 897**		**- 3 397**
Verkefnaframlög	30 500	100	33 897	100	
4 Efnahags- og atvinnumál	**131 278**		**135 518**		**- 4 240**
Verkefnaframlög	46 228	35	48 006	35	
Stofnanir	85 050	65	87 512	65	
5 Réttindi þegnanna	**64 299**		**67 049**		**- 2 750**
Verkefnaframlög	28 767	45	31 646	47	
Stofnanir	35 532	55	35 403	53	
6 Samstarf við grannsvæði	**50 000**		**51 100**		**- 1 100**
Verkefnaframlög	41 580	83	41 902	82	
Stofnanir	8 420	17	9 198	18	
7 Önnur starfsemi	**82 456**		**84 868**		**- 2 412**
Verkefnaframlög	16 575	20	17 238	20	
Stofnanir	65 881	80	67 630	80	
Samtals	**707 925**		**718 925**		**- 11 000**
Verkefnaframlög	403 812	57	416 626	58	
Stofnanir	304 113	43	302 299	42	

Ath. Vegna endurskoðunar á starfseminni hafa eftirfarandi breytingar verið gerðar vegna ársins 1996:

- Sjávarútvegur hefur flust til efnisflokksins efnahags- og atvinnumál og verið lagður niður sem sérstakur efnisflokkur.
- Lögfræðileg málefni hafa flust til efnisflokksins réttindi þegnanna og verið lögð niður sem sérstakur efnisflokkur.

6. Menningarmál

Formennska í Norrænu ráðherranefndinni á sviði menningarmála var á hendi menntamálaráðherra Íslands, Ólafs G. Einarssonar, fram að lokum Norðurlandaráðsþings sem háð var í Reykjavík 27. febrúar–2. mars 1995. Þá tók menningarmálaráðherra Danmerkur við formennsku í ráðherranefndinni.

Aðild þriggja Norðurlandaríkja að Evrópusambandinu breytir forsendum norræns samstarfs almennt, þótt áhrifanna gæti a.m.k. enn sem komið er meira á ýmsum öðrum sviðum en í menningarmálum. Á fundi ráðherranefndar menningarmála í Reykjavík 28. febrúar 1995 voru samþykktar stefnureglur um samstarfshætti á menningarsviðinu í ljósi tengsla Norðurlandaríkja við ESB og þátttöku í annarri fjölþjóðasamvinnu. Samkvæmt þessum

vinnureglum er gert ráð fyrir, að upplýsingar frá starfi í fjölþjóðastofnunum verði fastur liður á dagskrá funda ráðherranefndarinnar og að undirbúin verði markviss umfjöllun um ESB-mál undir þessum dagskrárlið hverju sinni. Lögð er áhersla á, að afstaða Norðurlanda til stefnumála í fjölþjóðlegu menningarsamstarfi verði samhæfð eftir því sem við verður komið, og lýst er jákvæðri afstöðu til þess að samnorrænar stofnanir og nefndir á menningarsviði taki þátt í alþjóðlegri samvinnu.

Menningarsamstarfið 1995 hefur stuðst við þá stefnumörkun um áherslusvið sem ákveðin var 1993 og miðast m.a. við starf sem beinist að börnum og ungmennum og samstarf á sviði myndmiðla og lista.

Sumarið 1995 lauk umfangsmikilli vinnu að undirbúningi *framkvæmdaáætlunar um norrænt samstarf á sviði barna- og æskulýðsmenningar 1996–2000*. Í áætlunardrögunum var fjallað um markmið þess menningarsamstarfs sem beinist að börnum og unglingum, starfsaðferðir, skipulag og fjármál. Jafnframt voru settar fram margar hugmyndir um samstarfsverkefni sem gert var ráð fyrir að kæmu ásamt fleiri slíkum verkefnum til álita og ákvörðunar á áætlunartímabilinu. Áætlunardrögin voru lögð fyrir Norðurlandaráð í formi ráðherranefndartillögu á þingi ráðsins í Kuopio í nóvember 1995. Menningarmálanefnd Norðurlandaráðs gerði ýmsar athugasemdir við drögin. Niðurstaða þingsins varð á þá lund, að mælt var með því við ráðherranefndina að áætlunin yrði staðfest að teknu tilliti til athugasemda menningarmálanefndarinnar. Á fundi ráðherranefndarinnar 4. desember 1995 var áætlunin síðan staðfest í endurskoðaðri gerð, þar sem tekið er mið af ýmsum þeirra ábendinga sem fram komu í Norðurlandaráði.

Meðal einstakra verkefna á sviði barna- og æskulýðsmenningar sem ráðherranefnd menningarmála styrkti á árinu má nefna „Vestnorrænar fjölmiðlasmiðjur". Þar er um að ræða samvinnuverkefni Norræna hússins í Reykjavík, Norðurlandahússins í Færeyjum og Norræna stofnunarinnar í Nuuk og markmiðið er að gefa unglingum á Íslandi, í Færeyjum og á Grænlandi færi á að beita fjölmiðlunar- og tölvutækni til fjölbreytilegra samskipta.

Nýr samstarfssamningur um *Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðinn* var undirritaður í byrjun árs 1995 og jafnframt hafa reglur sjóðsins verið endurskoðaðar. Fleiri norrænar sjónvarpsstöðvar en áður hafa nú gerst aðilar að sjóðnum. Auk úthlutunar af eigin umráðafé annast sjóðurinn ráðstöfun fjár sem ráðherranefndin veitir til ýmissa verkefna á sviði kvikmyndamenningar.

Í tilefni af 50 ára afmæli Norræna myndlistarbandalagsins 1995 var efnt til *listsýninga* víðs vegar um Norðurlönd. Í Reykjavík var haldin umhverfislistarsýning með þátttöku norrænna listamanna. Sýningin bar heitið „Norrænir brunnar". Umfangsmikil samnorræn myndlistarsýning verður af sama tilefni haldin í Kaupmannahöfn 1996 með styrk frá Norrænu ráðherranefndinni.

Norrænt samstarf á sviði *bókmennta* á sér langa sögu. Meðal fastra samvinnuverkefna á þeim vettvangi eru bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs, sem 1995 féllu í hlut Einars Más Guðmundssonar, og árleg fjárveiting til útgáfu þýðinga á bókum frá norrænum grannlöndum. Þessi „norræni þýðingarsjóður" sem oft er nefndur svo, þótt ekki sé um eiginlegan sjóð að ræða, hefur komið Íslendingum í góðar þarfir, bæði til að örva útgáfu á íslenskum bókum í þýðingum á önnur Norðurlandamál og útgáfu á þýddum norrænum bókmenntum hér á landi. Enn þykir hins vegar skorta mikið á, að náðst hafi það markmið sem löngum hefur verið rætt um í þessum efnum, þ.e. að koma á sameiginlegum bókamarkaði á Norðurlöndum. Þá er m.a. átt við, að bækur frá grannlöndunum verði fáanlegar með jafnauðveldum hætti og á hliðstæðum kjörum og innlendar bækur hvarvetna á Norðurlöndum. Margar atrennur hafa verið gerðar til að kanna hvernig þoka mætti málum í þessa átt en lítið orðið um áþreifanlegan árangur. Nú hefur enn verið ákveðið að efna til könnunar á skilyrðum bókmenntasamstarfsins og hvaða aðgerðir séu líklegar til að ryðja þar hindrunum úr vegi. Frumkvæði að þessari

athugun er runnið frá Norrænu bókmennta- og bókasafnanefndinni sem starfar á vegum ráðherranefndar menningarmála.

Meðal áhersluþátta í menningarsamstarfinu er *kynning á norrænni menningu*, bæði erlendis og heima fyrir á Norðurlöndum. Á vegum ráðherranefndar menningarmála starfar stjórnarnefnd um norræn menningarverkefni erlendis. Veigamesta viðfangsefni hennar 1995 var norræn menningarhátíð á Spáni undir yfirskriftinni „Undir pólstjörnunni". Hin samnorræna uppistaða hátíðarinnar voru tvær myndlistarsýningar sem kostaðar voru af norrænu fé, önnur með norrænni list frá tímaskeiðinu kringum síðustu aldamót en hin með nútímalist. Hluti af verkefnunum á fyrrnefndu sýningunni voru sýnd í Listasafni Íslands síðsumars. Fjölmörg önnur atriði voru á dagskrá hátíðarinnar, þ.á m. verkefni sem einstakar Norðurlandaþjóðir stóðu fyrir og kostuðu hver um sig. Af rúmlega 160 dagskrárliðum samanlagt voru 14 íslensk og listamenn úr flestum greinum komu þar við sögu. Sérstakur starfshópur á vegum stjórnarnefndarinnar um norræn menningarverkefni erlendis vann að undirbúningi hátíðarinnar undir forustu Þorgeirs Ólafssonar, í samvinnu við fulltrúa norrænu landanna á Spáni.

Í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Reykjavík var efnt til *norrænnar menningarhátíðar* sem hlaut nafnið *„Sólstafir"*. Hátíðin var þó ekki bundin við stað og tíma þingsins. Hún stóð frá 11. febrúar til 25. mars og dagskráratriði fóru fram í Reykjavík, á Akureyri, Ísafirði og í Hafnarfirði. Þetta var án efa umfangsmesta og fjölþættasta samfellda kynningin á norrænni menningu sem efnt hefur verið til hér á landi. Um 250 norrænir gestir komu til að taka þátt í dagskráratriðum hátíðarinnar sem voru rúmlega 100 að tölu.

Sólstafahátíðin var þriðja menningarhátíðin sem haldin er í tengslum við þing Norðurlandaráðs. Markmið þessara hátíða er að vekja athygli á fjölbreytni norrænnar menningar og á menningarsamvinnu norrænna þjóða og jafnframt að stuðla að auknu samstarfi á þessu sviði með því að stofna til nýrra kynna milli listamanna og menningarstofnana.

Norræna ráðherranefndin á sviði menningarmála veitti rúmlega 3,5 millj. d.kr. til menningarhátíðarinnar, en ekki reyndist nauðsynlegt að nýta það framlag allt. Hátíðin var skipulögð á vegum menntamálaráðuneytisins. Framkvæmdastjóri hennar var Bergljót Jónsdóttir, en í undirbúnings- og ráðgjafarnefnd áttu sæti fulltrúar frá Bandalagi íslenskra listamanna, Norræna húsinu, Reykjavíkurborg og menntamálaráðuneytinu.

7. Menntamál og vísindi

Ólafur G. Einarsson fyrrum menntamálaráðherra gegndi formennsku á sviði menntamála í Norrænu ráðherranefndinni fram að lokum Norðurlandaráðsþings sem haldið var í Reykjavík 27. febrúar–2. mars 1995 en þá tók menntamálaráðherra Danmerkur við formennsku í ráðherranefndinni.

Í menntamálasamstarfinu 1995 hefur áhersla verið lögð á að styrkja Norðurlönd sem sameiginlegt mennta- og rannsóknarsvæði.

Málasamstarf (Nordmål) hefur enn fremur skipað veigamikinn sess svo og norræna tölvusamskiptanetið. Þá hefur verið lögð áhersla á að móta vísindastefnu og efla samstarf á Norðurlöndum í rannsóknum og vísindum.

Fé til ráðstöfunar til norræns samstarfs á sviði menntamála og vísinda fyrir 1995 var alls um 200 millj. d.kr.

Helstu áhersluatriði á sviði menntamála og vísinda voru eftirfarandi:

1. Norðurlönd sem sameiginlegt mennta- og rannsóknarsvæði.

Í lok maí 1994 var undirritaður norrænn samningur um jafnan aðgang að háskólum. Ákvæði samningsins skuldbinda löndin til að veita umsækjendum sem búsettir eru í öðru ríki

innan Norðurlanda inngöngu í æðri menntastofnanir á vegum opinberra aðila með sömu eða sambærilegum skilyrðum og gilda fyrir umsækjendur frá eigin landi. Enn fremur var undirrituð viljayfirlýsing um að ríkin komi á sérstöku greiðslukerfi og eru meginatriði þess skilgreind í yfirlýsingunni. Fyrrgreindur samningur gildir til vors 1996 en vegna breyttrar afstöðu sumra Norðurlandanna til greiðslukerfisins er staða samningsins nú í nokkurri óvissu þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til samkomulags. Íslendingar hafa átt greiðan aðgang að háskólum á Norðurlöndum en verði greiðslukerfi komið á, og Íslendingar ekki undanþegnir greiðslum, myndi þrengja mjög að varðandi nám Íslendinga á Norðurlöndum. Þó er rétt að benda á að borið hefur á því að íslenskir stúdentar uppfylltu ekki ýmsar sérkröfur sem gerðar eru til náms á ákveðnum námsbrautum, einkum í Svíþjóð.

Norrænn samningur um gagnkvæman aðgang að framhaldsskólum hefur verið í gildi frá árinu 1992.

2. Norrænt stoðkerfi fyrir mennta- og rannsóknarstofnanir.

Norrænu tölvusamskiptaneti fyrir skóla (Norræna skólanetinu) var komið á laggirnar í mars 1994. Tölvunet þetta á að auðvelda öll samskipti milli skóla og annarra menntastofnana á Norðurlöndum. Netið tengist alþjóðlega tölvunetinu INTERNET. Norræna skólanetið á að hafa alla burði til þess að styrkja tengsl skólastofnana á Norðurlöndum og auðvelda samstarf bæði nemenda og kennara á Norðurlöndum. Langflestir grunn- og framhaldsskólar á Íslandi hafa aðgang að netinu.

Á háskóla- og vísindasviðinu hefur tölvusamskiptanetið *NORDUnet* gegnt svipuðu hlutverki. Samkomulag er um að styðja NORDUnet enn frekar svo það geti betur sinnt hlutverki sínu í framtíðinni.

Styrkveitingum á vegum *NORDPLUS* hefur verið haldið áfram bæði á háskólastigi og framhaldsskólastigi.

NORDPLUS áætlunin á stóran þátt í því að uppfylla þau markmið sem liggja til grundvallar áframhaldandi samvinnu á sviði menntunar á Norðurlöndum en henni er ætlað að stuðla að auknu samstarfi milli háskóla á Norðurlöndum.

Á hverju ári taka alls um 5000 nemendur og kennarar á Norðurlöndum þátt í áætluninni. Í NORDPLUS gefast stúdentum tækifæri til að stunda hluta af námi sínu, í allt að eitt ár, við háskóla annars staðar á Norðurlöndum og fá námið metið að fullu til eininga í heimalandi sínu. Þá er gefinn kostur á kennaraskiptum og fleiru er lýtur að kennslustarfi. Þátttaka háskólanema í NORDPLUS hefur farið stigvaxandi á undanförnum árum en ein meginforsendan fyrir þátttöku í NORDPLUS er gagnkvæmni í nemendaskiptum. Á ráðherrafundi menntamálaráðherra Norðurlanda í desember 1995 var ákveðið að halda þessu verkefni áfram en upphaflega átti því að ljúka 1996. Íslendingar taka virkan þátt í þessu samstarfi og tekur Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins við umsóknum um styrkina og veitir upplýsingar þar að lútandi.

NORDPLUS junior er áætlun fyrir bæði nemendur og kennara í framhaldsskólum. Nemendur geta stundað nám í allt að tvo mánuði við framhaldsskóla í öðru landi og fengið það metið sem hluta af námi í heimalandi sínu. Þátttaka í NORDPLUS junior hefur aukist ár frá ári. Gert var ráð fyrir að áætluninni lyki 1996 en nú hefur verið lagt til að hún verði framlengd til ársins 2000.

NorFA, Nordisk Forskeruddannelsesakademi, veitir styrki á vísindasviði bæði til einstaklinga og stofnana og hafa allmargir styrkir komið í hlut Íslendinga. Auk þess eru haldin námskeið og ráðstefnur á vegum stofnunarinnar.

Nemendaskipti meðal grunnskóla hafa farið fram innan vesturhluta Norðurlanda og hefur verið ákveðið að halda þeim áfram 1996–2000. Nemendaskipti þessi eru hluti af Vestnorden-áætluninni og hefur norrænu félögunum í löndunum fimm verið falið að halda áfram að stýra henni.

Ráðning norræns skólaráðgjafa, sem hefur aðsetur í Norræna húsinu í Reykjavík, var framlengd til 1. júli 1997.

3. Málasamstarf.

Áætlun fyrir *Nordmål* til fimm ára var samþykkt árið 1990. Á síðasta ári var ákveðið að endurskoða áætlunina og var tekin sú ákvörðun að halda henni áfram árin 1996–2000. Verkefnaáætlun fyrir 1996 hefur nú verið samþykkt. Á vegum Nordmál hafa verið haldin fjölmörg námskeið fyrir kennara og túlka, gefnar út námsbækur sem þýddar hafa verið á finnsku, íslensku og færeysku og unnið er að orðabókarsmíði. Fulltrúar frá Félagi dönskukennara og Samtökum móðurmálskennara eru virkir í Nordmál.

Norræna málstöðin í Osló og Norræna mála- og upplýsingamiðstöðin í Helsinki vinna einnig að því að efla fræðslu um norræn mál og að útbreiðslu þeirra.

Ákveðið var á árinu að hrinda af stað *norrænni lestrarkeppni* og munu NSS (Ledningsgruppen för nordiskt skolsamarbete) og NORDBOK (Nordiska litteratur- och biblioteks-kommittén) hafa umsjón með henni. Grunnskólanemendur á Norðurlöndum keppa í lestri, bekkir og einstaklingar, og verður lagt mat á læsi nemenda. Verðlaun verða ferðir innan Norðurlanda svo og bókaverðlaun. Ætlunin er að keppnin fari fram síðla árs 1996.

Rannsóknarverkefnið *Norræn samsemd* (Nordisk identitet) hófst á árinu. Fjárveiting er samþykkt til eins árs í senn og var verkefnaáætlun samþykkt síðla árs svo og fjárveiting fyrir árið 1995. Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála sér um framkvæmd verkefnisins en í vinnuhópnum sem stýrir verkinu eru fræðimenn frá öllum ríkjum Norðurlanda.

Ákveðið var að hrinda af stað nýju rannsóknarverkefni á sviði hug- og félagsvísinda og ber það heitið *Norden och Europa*. Verkefnið fjallar um norræna málsamfélagið, trúrækni og gildi á Norðurlöndum, norræn pólitísk gildi og félagslegar stofnanir og norrænar bókmenntir og lífsviðhorf. Norræna vísindastefnuráðið (Nordisk Forskningspolitisk Råd) vann að undirbúningi verkefnisins en verkið á að vinna á árunum 1996–2000. Skipuð var verkefnisstjórn og eiga sæti í henni fulltrúar Norðurlandanna fimm.

4. Mat á skólastarfi.

Verkefni þessu var hrundið af stað á árinu og var skipaður vinnuhópur sem í áttu sæti tveir fulltrúar frá hverju Norðurlandanna. Hópurinn skilaði skýrslu og tillögum um samstarf um mat á starfi í grunn- og framhaldsskólum til NSS (Ledningsgruppen för nordiskt skolsamarbete) í lok ársins.Tillögur vinnuhópsins gera m.a. ráð fyrir norrænni samvinnu um matsaðferðir, tölfræði, rannsóknir og úttektir í og á skólastarfi.

5. Kennaramenntun í Eystrasaltslöndunum.

Áætlun um endurmenntun kennara í Eystrasaltslöndunum var samþykkt á árinu og ákveðið að hrinda henni í framkvæmd. Tvær vinnuráðstefnur, önnur um starfsmenntun og hin um kennslu erlendra tungumála, hafa verið haldnar á árinu undir stjórn norrænna sérfræðinga á sviði kennaramenntunar og sérfræðinga frá Eystrasaltslöndunum. Í undirbúningi eru verkefni sem vinna á í samstarfi við skóla á Norðurlöndum. Íslenskur sérfræðingur á sviði tungumálakennslu var leiðbeinandi á síðari ráðstefnunni.

6. Ráðstefna um vísindastefnu á Norðurlöndum.

Haldin var ráðstefna um vísindastefnu á Norðurlöndum 25. október 1995 í Kaupmannahöfn. Á ráðstefnunni voru þeir ráðherrar Norðurlanda sem fara með vísindamál en auk þess sóttu hana háskólarektorar, fulltrúar rannsóknarráða og fjölmargir aðrir. Fjallað var um vísindastefnu landanna einkum í ljósi norrænnar og evrópskrar samvinnu.

Inngangserindi ráðstefnunnar fjölluðu um óháð mat og úttektir á vísinda- og þróunarstarfi, vísindastefnu á Norðurlöndum og vísindastefnu Evrópusambandsins. Í ráðstefnulok voru pallborðsumræður og sátu ráðherrar í pallborði.

7. Nordisk nytte.

Síðla árs kom út skýrsla um „norrænt notagildi" (Nordisk nytte) unnin af norrænum vinnuhópi skipuðum af samstarfsráðherrum Norðurlanda. Í skýrslunni er lagt pólitískt mat á starf þeirra stofnana sem heyra undir Norrænu ráðherranefndina. Niðurstöður skýrslunnar hafa verið til umfjöllunar á fundum embættismannanefndarinnar og var settur á laggirnar vinnuhópur til þess að fjalla um efni hennar. Menningar- og menntamálaráðherrar Norðurlanda munu funda um efni skýrslunnar á sérstökum ráðherrafundum í janúar 1996.

Hér hefur aðeins verið stiklað á stóru varðandi samstarf á sviði menntamála og vísinda og því ýmislegt orðið útundan. Íslendingar taka einnig virkan þátt í samstarfi varðandi fullorðinsfræðslu, jafnrétti í kennaramenntun og umhverfisfræðslu, svo dæmi séu tekin, og eiga fulltrúa í ráðum og stjórnum stofnana sem heyra undir menntamálasvið Norrænu ráðherranefndarinnar. Ljóst er því að Íslendingar njóta góðs af þessu samstarfi og eru þar ekki aðeins þiggjendur heldur einnig veitendur.

8. Umhverfismál

Norræna umhverfisáætlunin, sem unnin var í samræmi við meginreglur „Agenda 21", var uppistaðan í norrænu samstarfi á árinu 1995. Áherslurnar þar voru fyrst og fremst á þeim sviðum þar sem ríkin áttu sameiginlegra hagsmuna að gæta hvort sem var innan Norðurlandanna eða í norrænni þátttöku í umhverfisvernd á grannsvæðum Norðurlanda.

Sérstök áhersla var lögð á umhverfi lofts og sjávar en á árinu var samstarfinu beint að því að samhæfa og styrkja aðgerðir Norðurlanda til að draga úr útblæstri lofttegunda sem valda gróðurhúsaáhrifum, sýrumyndun eða eyðingu ósonlagsins. Í samræmi við LRTAP-sáttmálann (um loftmengun sem berst langt að) var áfram unnið að því að draga úr útblæstri á þungmálmum svo og notkun þrávirkra lífrænna efna.

Ný samstarfsáætlun í umhverfis- og landbúnaðarmálum var samþykkt á árinu og í smíðum er ný samstarfsáætlun um umhverfis- og sjávarútvegsmál og þar gegnir Ísland formannshlutverki.

Á árinu skilaði áliti vinnunefnd sem kannaði möguleika á samræmdu átaki til að auka þátttöku alþjóðlegra fjármálastofnana í ákveðnum umhverfisaðgerðum á grannsvæðum Norðurlandanna.

Áfram var í gangi samstarf milli fjármála- og umhverfisráðuneyta um hagræn stjórntæki, og lýkur þeirri vinnu væntanlega á árinu 1996.

8.1. Störf vinnunefnda árið 1995

Vinnunefnd um umhverfi hafs og lofts.

Viðfangsefni nefndarinnar eru að vera stjórnvöldum til ráðgjafar og móta tillögur að aðgerðum á alþjóðavettvangi og heima fyrir. Ennfremur að nýta það fé sem nefndinni er ætlað til að styrkja hinn vísindalega grundvöll þessa starfs. Haldnir voru tveir fundir á árinu þar sem stefnumótun fór fram og styrkir veittir. Tveir vinnuhópar starfa á vegum nefndarinnar.

Nú þegar Svíþjóð og Finnland hafa gerst aðilar að Evrópusambandinu er enn mikilvægara en áður að sameiginleg stefna Norðurlandanna standi á öflugum fræðilegum grunni, og því er niðurskurður sá sem ákveðinn er fyrir árið 1996 mjög bagalegur og hafði veruleg áhrif á styrkveitingar og verkefnaval ársins.

Nú þegar fyrir liggur alþjóðleg bókun um takmörkun brennisteinsmengunar, er unnið á vegum nefndarinnar að svipuðu samkomulagi er varðar köfnunarefnissambönd. Ennfremur er unnið af miklum krafti að rannsóknum sem lagt geta grunn að samkomulagi um þrávirk lífræn efni og þungmálma, en margt er enn óþekkt um hegðun þeirra, sérstaklega á norðurslóðum. Þessar rannsóknir eru mjög dýrar og því nauðsynlegt að vinna skipulega að þeim.

Á sl. ári veitti nefndin aðeins um 1 millj. kr. til verkefna í íslenskri umsjón, en íslensk þátttaka var í nokkrum verkefnum til viðbótar. Stefnumörkun ráðherranefndarinnar gerir það að verkum að nánast er ógerningur að fá fjármagn til annarra verkefna, en þeirra sem ljóslega styrkja reglugerðavinnu og stefnumörkun.

Vinnunefnd um náttúruvernd og útivistarmál.

Nefndin hefur það hlutverk að skilgreina samnorræn markmið og leiðir í náttúruvernd, útivist og verndun menningarlandslags. Verksvið nefndarinnar spannar allt sviðið frá tillögum að faglegri stefnumótun til tillagna um framkvæmd og stjórnsýslulegar aðgerðir varðandi náttúruvernd, útivist og skipulagsmál. Á árinu 1995 hefur verið lögð áhersla á verkefni er snerta náttúruvernd, einkum vernd fjölbreytileika lífríkisins, sjálfbæra þróun skóga, útivistarmál og menningarlandslag. Á árinu hefur verið fylgt eftir því starfi sem þegar var byrjað en nýjum verkefnum einnig bætt við. Á vegum nefndarinnar var veitt fé til u.þ.b. 18 verkefna á árinu 1995.

Á sviði náttúruverndar og verndunar á fjölbreytileika lífríkisins voru gefnar út tvær skýrslur á árinu, önnur um dýr og plöntur í útrýmingarhættu en hin um friðlönd við hafið en þar er fjallað um þær hættur sem steðja að hafsvæðum við strendur Norðurlandanna, flokkun svæða og nauðsyn á verndun hafsvæða. Lokið var við verkefnin Náttúra Norðurlanda, forsendur og meginreglur náttúruverndar og verkefni um kafendur í Eystrasalti. Í gangi eru sjö önnur verkefni á þessu sviði og má þar t.d. nefna verkefni um skilgreiningu á þeirri hættu sem vistkerfum getur stafað af sleppingu og dreifingu erfðabreyttra lífvera, verkefni um flokkun búsvæða við strendur, sérkenni þeirra og hættur sem að þeim steðja. Einnig var áfram unnið að úttekt á hvernig samþykktinni um vernd á fjölbreytileika lífríkisins verði fylgt eftir á Norðurlöndunum.

Á sviði útivistar hefur verið gefin út skýrsla um notkun vélknúinna ökutækja í náttúrunni í tengslum við útivist en tekin er fyrir stefnumörkun, reglur, kostir og gallar. Lokið var við verkefni um útivist í nánd við þéttbýli þar sem fjallað er um mál eins og rými og gæðaflokkun. Þrjú önnur verkefni eru í gangi á þessu sviði, verkefni um almannarétt, lífsgæði og útivist og verkefni um vistvæna ferðamennsku.

Á sviði landslagsverndar er unnið að verkefni um menningarminjar í landslagi. Einnig var áfram unnið að norrænni endurskoðun á svonefndum "World Heritage" lista þar sem markmiðið var að samþætta verndun svæða vegna náttúru og menningarminja.

Þar sem verkefnin byggjast á þátttöku allra Norðurlanda hafa Íslendingar verið með í nær öllum verkefnum sem unnin hafa verið á vegum nefndarinnar árið 1995.

Af nýjum verkefnum sem samþykkt hefur verið að byrja á árið 1996 má t.d. nefna útivist í tengslum við gamlar þjóðleiðir, verndun áa, innflutning og notkun á erlendum tegundum dýra og plantna. Einnig vill nefndin leggja meiri áherslu á samvinnu við önnur svið eins og sjávarútveg, landbúnað og skógrækt. Markmiðið er að auka stefnumörkun og skipulagningu í umhverfismálum innan hinna ýmsu atvinnugreina með náttúruvernd og sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Vinnunefnd um umhverfisvöktun og meðferð gagna (NMD).

Árið 1995 urðu allnokkrar breytingar á norrænu samstarfi vegna inngöngu Svía og Finna í Evrópusambandið og hafði það áhrif á NMD. Samþykkt voru markmið umhverfisráðherra

Norðurlandanna fyrir tímabilið 1996–2000 og eru þrjú landfræðileg svæði talin upp (Norðurlönd, norðurheimskautsvæðið og grannsvæði, og Evrópa) auk alþjóðlegs samstarf, sem leggja skal áherslu á í norrænu samstarfi í umhverfismálum. Samkvæmt þessu eru helstu áhersluatriði nefndarinnar til ársins 2000:

- samhæfing almennrar umhverfisvöktunar á Norðurlöndunum,
- samhæfing á meðferð umhverfisagna,
- gerð ástandsskýrslu um ákveðna umhverfisþætti,
- gerð indikatorsskýrslna til að lýsa umhverfisáhrifum og árangri aðgerða,
- umhverfisvöktun á norðurheimskautinu og grannsvæðum,
- samhæfing og samræming vöktunar innan Norðurlandanna og á alþjóðavettvangi.

Einnig hafði niðurskurður á framkvæmdafé fyrir 1996 veruleg áhrif á starfsemi nefndarinnar og einkenndi umræðu um og verkefnaval fyrir árið 1996. Ekki er ljóst á þessari stundu hvort hér er um tímabundinn niðurskurð að ræða eða ekki.

Af þeim verkefnum sem NMD studdi 1995 og snertu Ísland má nefna:

- vöktunarverkefni á strandsvæði sem er samstarfsverkefni milli Íslands, Noregs og Færeyja og er Breiðafjörður vöktunarstaður á Íslandi,
- gerð skýrslu um ástand umhverfisins í þeim hluta Norðurlanda sem eru í eða teljast til heimskautasvæðisins og verður sú skýrsla gefin út 1996,
- beinn stuðningur til AMAP til að safna saman og meðhöndla gögn og þannig stuðla að gerð ástandsskýrslu um norðurheimskautið, sem unnið er að innan AMAP,
- styrkur til að setja upp vöktunarstöð á landi til að mæla gegnumstreymi efna með vatni í gegnum jarðveg.

Formennska í NMD verður í höndum Íslands til ársloka 1996. Stærstu verkefnin sem blasa við 1996 eru að ganga frá áætlun um gerð næstu skýrslu um ástand umhverfisins á Norðurlöndum, sem á að fjalla um fjölbreytileika lífríkisins, að fylgjast með þróun mála innan Evrópsku Umhverfisstofnunarinnar og að bregðast við, verði niðurskurður á fjármagni til NMD varanlegur.

Vinnunefnd um efnavörur.

Vinnunefndin um efnavörur er í forsvari fyrir norrænu samstarfi á sviði eiturefna og hættulegra efna. Nefndin er stjórnvöldum til ráðgjafar við stefnumótun og við mótun tillagna að aðgerðum heima fyrir, í Evrópusamstarfi og á alþjóðavettvangi. Hún stuðlar að samvinnu stjórnvalda og að samræmingu verkefna þannig að tiltækt fjármagn nýtist sem best. Nefndin hefur á síðari árum í vaxandi mæli beint starfi sínu að verkefnum sem nýtast í alþjóðlegri samvinnu þar sem unnið er að takmörkun á notkun eiturefna og að því að draga úr áhættu við notkun og meðferð eiturefna og hættulegra efna. Rætt hefur verið um gildi norræna samstarfsins á þessum vettvangi eftir að Svíþjóð og Finnland gerðust aðilar að Evrópusambandinu. Niðurstaða fundar um þessi málefni var að mikilvægi norræna samstarfsins væri ekki minna eftir þessar breytingar á stöðu þjóðanna. Niðurskurður fjárveitinga til þessa samstarfs um 45% fyrir árið 1996 dregur þó verulega úr möguleikum á fjármögnun verkefna á þessu sviði. Ísland hefur tekið þátt í starfi nefndarinnar frá því árið 1989. Á árinu voru haldnir 4 fundir í nefndinni.

Meðal verkefna sem unnið hefur verið að undanfarið ár má nefna eftirfarandi:

- Söfnun upplýsinga um efni og vörur varðandi áhrif á umhverfi og/eða heilsu manna. Þessar upplýsingar hafa verið mikilvægt framlag í samvinnu við þjóðir Evrópusambandsins.
- Rannsóknir á og flokkun ofnæmisvaldandi efna.
- Verkefni vegna takmörkunar á notkun ilmefna í snyrti- og hreinlætisvörum.
- Flokkun efna og framkvæmdaáætlun um að draga úr áhættu við notkun efna sem geta

valdið skaða á taugakerfinu, einkum lífrænna leysiefna.
- Könnun á útbreiðslu efna sem verka svipað og östrogen og einnig á áhrifum þeirra á umhverfið.
- Öflun upplýsinga um eiturefna- og umhverfiseiturefnafræðilega eiginleika varnarefna svo og samvinna varðandi eftirlit með notkun slíkra efna.
- Könnun á útbreiðslu skaðlegra efna svo sem ósoneyðandi efna, þungmálma og klórefnasambanda og samræmdar áætlanir og aðgerðir til að draga úr magni slíkra efna í umhverfinu.

Nokkur ofantaldra verkefna hafa staðið yfir í nokkur ár en rannsóknir hafa beinst að mismunandi efnum og efnaflokkum.

Undir vinnunefndinni starfa ráðgefandi verkefnahópar og á Ísland fulltrúa í sex þeirra, þ.e. nefnd sem fjallar um takmörkun á notkun þungmálma, nefnd um varnarefni, nefnd sem vinnur að takmörkun á notkun ósoneyðandi efna, nefnd sem fjallar um efni sem geta valdið skaða á taugakerfi, nefnd sem vinnur að hættuflokkun efna sem geta haft áhrif á heilsu og nefnd sem vinnur að hættuflokkun umhverfisskaðlegra efna.

Gefið var út margskonar fræðsluefni árið 1995. Meðal annars má nefna eftirtaldar skýrslur: „Áhrif tiltekinna efna á heilsufar", 3. hefti, „Efnahreinsun án klórflúorkolefna", „Notkun ósoneyðandi efna og staðgengilefna sem hráefni og hjálparefni í efnaiðnaði", „Lífræn klórefnasambönd sem eldvarnarefni", „Lífræn klórefnasambönd í litarefnum", „Lífræn klórefnasambönd sem sótthreinsiefni", „Þróun aðferða til að meta eituráhrif og skaðleg áhrif á umhverfi". Einnig voru gefnar út þrjár skýrslur um aðgerðir til að draga úr notkun blýs. Haldnar voru ráðstefnur um áhættumat við notkun eiturefna og hættulegra efna, um varnarefni og um aðferðir til að mæla áhrif notkunar efna sem geta valdið skaða á taugakerfinu.

Vinnunefnd um hreinni tækni.

Hópur um hreinni tækni vinnur að stefnumarkandi málum á sviði hreinnar tækni. Hópurinn fjallar fyrst og fremst um ásættanlega meðhöndlun úrgangs út frá umhverfissjónarmiðum og lágmörkun úrgangsefna út frá fjórum meginþáttum: spilliefnum, hreinni framleiðslutækni, ábyrgð framleiðenda og hagrænni stjórntækni.

Á árinu var áfram unnið eftir norrænu umhverfisstefnunni (apríl 1994–mars 1996).

Sameiginleg norræn tillaga um breytingu á Baselsamningnum leiddi til þess að á þriðja fundi Baselsamningsins í september 1995 var fallist á texta um bann við útflutningi spilliefna frá OECD-löndum til landa utan OECD.

Á vegum nefndarinnar eru nokkrir undirhópar sem vinna að tilteknum verkefnum og á árinu 1995 var unnið að fjölda verkefna, en hér eru einungis talin upp nokkur.

Áfram var lögð sérstök áhersla á dreifðar byggðir og lausn sorphirðumála fyrir lítil samfélög (eysamfélög). Samþykkt var framkvæmdaáætlun um sorphirðumál dreifða byggða. Lokið var við tilraunaverkefni um heimajarðgerð sem fór fram á Íslandi, í Færeyjum og á Grænlandi. Jafnframt var lokið við verkefni um sorp frá skipum.

Mikil áhersla hefur verið lögð á Evrópusamstarfið og hefur hópurinn fjallað um ýmsar tilskipanir ESB, bæði þær sem eru í vinnslu svo og um framkvæmd annarra sem eru þegar orðnar hluti af EES-samningnum. Komið hefur verið upp tengiliðahópum og upplýsingaskipti milli Norðurlanda gerð markvissari um þær tilskipanir sem helst skipta Norðurlöndin máli. Markmið með þessu samstarfi er að auka möguleika Norðurlanda til að hafa áhrif á Evrópuvinnuna. Hér má t.d. nefna tilskipun um umbúðir og umbúðaúrgang, stjórnun umhverfismála í litlum og meðalstórum fyrirtækjum, tilskipun um flutning úrgangs á milli landa, svo og framkvæmd tilskipana um sorphirðu og um urðun úrgangs. Hópurinn leggur áherslu á umfjöllun um framkvæmd tilskipana og hvaða vandamál koma þar upp og hvernig hægt er að samnýta þá vinnu sem er í gangi í einstökum löndum.

Áfram var lögð áhersla á samnorræna lausn og samvinnu um meðferð spilliefna. Lögð var áhersla á vinnu á sviði sjálfbærrar framleiðslu og neyslu. Á vegum nefndarinnar er undirhópur sem fjallar um bestu fáanlegu tækni (BAT) sem hefur það að markmiði að draga úr mengun og úrgangsmagni tengdu framleiðslu. Á þessu sviði komu m.a. út skýrslur um bílalökkunarverkstæði, skipaiðnað, og fiskiðnað. Á árinu kom út handbók um líftímagreiningu (LCA) og hafin var kortlagning á útflutningi umhverfisskaðlegrar tækni frá Norðurlöndunum til að fylgja eftir fyrirspurn E14/95 frá Norðurlandaráði.

8.2. Norrænt samstarfsverkefni á sviði snjóflóðavarna á Íslandi

Verkefnið fór formlega af stokkunum með samningi Veðurstofu Íslands (VÍ) og Norsk Geotekniske Institutt (NGI), dags. 5. maí 1995.

Unnið hefur verið að endurskoðun á uppbyggingu gagnasafns um íslensk snjóflóð og er þeirri vinnu lokið. Á næstunni verða gögn um tiltölulega löng íslensk flóð lesin inn í gagnasafnið og í framhaldi af því verður safnið tekið í notkun við reglulega skráningu upplýsinga um snjóflóð.

Sett hefur verið upp úrvinnsluumhverfi fyrir líkanareikninga á snjóflóðum í tölvum VÍ og unnið að endurbótum á íslensku líkani fyrir útreikninga á skriðlengd snjóflóða. Einnig hefur verið sett upp staðfræðilegt líkan af löngum íslenskum snjóflóðum og það borið saman við hliðstætt líkan fyrir löng norsk snjóflóð.

Unnið hefur verið að tillögum að skilgreiningu rýmingarsvæða fyrir þau bæjarfélög sem búa við snjóflóðahættu. Ætlunin er að ganga frá rýmingarkortum og rýmingaráætlunum á grundvelli þessarar skilgreiningar fyrir bæjarfélögin sem hér um ræðir í janúarmánuði 1996.

Unnið hefur verið að gerð skýrslu um staðbundnar snjóflóðaspár og hugsanlegar endurbætur þar á. Könnuð hefur verið staða mála í nágrannalöndunum og sett niður markmið. Fjallað er um hina ýmsu möguleika og hverjar eru takmarkanir á þeim og hvernig ætti að koma þeim til framkvæmda. Farið er yfir hin ýmsu lög og reglugerðir í Noregi og Íslandi. Gerð er grein fyrir lágmarksmælingum, sem gera þarf til að vera með raunhæfa spámennsku og hvaða stöðlum þarf að fylgja í athugunum, mælitækjum, gæðaeftirliti o.fl. Farið er yfir ákvarðanatökuferli og að lokum eru gerðar tillögur um hvernig skuli standa að málunum.

Magnús Már Magnússon fór utan til Noregs í lok september 1995 til að ræða við starfsfólk NGI um hina ýmsu hluta verkefnisins. Rætt var við forsvarsmenn hvers af hinum fjórum hlutum verkefnisins ásamt verkefnisstjóra snjóflóðamála NGI. Skipulagðir voru ýmsir þættir samstarfsins og unnið að skýrslu þeirri sem áður er nefnd.

Í lok ágúst kom hingað Ulrik Doomas frá NGI, sem hefur með hættumatsgerð að gera af hálfu Norðmanna. Var farið með hann um Vestfirði. Auk þess var tveim dögum varið í að fara yfir stefnu VÍ í landupplýsingakerfismálum (GIS) og not þess við kortlagningu snjóflóða og mat á hættusvæðum og hugsanlega landfræðilega greiningu á snjóflóðasvæðum. Mun NGI taka upp svipaðar aðferðir og VÍ í þróun GIS og verður það þáttur í verkefninu.

Í byrjun desember kom svo hingað Carl Harbitz, einnig frá NGI, en hann hefur með líkanareikninga að gera í verkefninu að hálfu Norðmanna. Var hann hér í nokkra daga og ræddi við Tómas Jóhannesson, sem hefur með slíkt að gera hjá VÍ, um þróun líkana, hvað þurfi að gera og hvernig best sé að fást við það verkefni. Einnig ræddi hann við þá aðila í Háskóla Íslands sem hafa verið að fást við snjóflóðamál þar.

Við Háskóla Íslands hefur hópur stærðfræðinga og verkfræðinga unnið að þróun nýrrar aðferðar til mats á áhættu vegna snjóflóða á þéttbýlissnjóflóðasvæðum á Íslandi. Aðferðin er ólík fyrri aðferðum sem notaðar hafa verið hér á landi að því leyti að reynt er að bæta upp stutta og ófullkomna snjóflóðasögu hvers staðar fyrir sig með tölfræðilegum aðferðum, auk þess sem reynsla af þekktum snjóflóðum er flutt milli staða innanlands. Í fyrstu hefur verið lögð áhersla á að meta svokallað rennslisstig snjóflóða, sem mælir hversu langt snjóflóð í

ákveðnum farvegi getur runnið ef það fer af stað á annað borð. Lokatakmark verkefnisins er að geta metið endurkomutíma snjóflóða og í framhaldi af því áhættu vegna þeirra á hverjum stað neðan snjóflóðafarvegar. Við þessa vinnu hafa verið notuð gögn frá Norsku Jarðtæknistofnuninni (NGI) um 188 löng norsk snjóflóð, auk þess sem safnað hefur verið saman gögnum um 226 íslensk snjóflóð. Þetta verkefni er að stærstum hluta kostað af ofanflóðasjóði en framlag VÍ er 1,5 millj. kr. sem tekið er af norræna styrkfénu.

9. Réttindi þegnanna

9.1. Norræna embættismannanefndin um heilbrigðis- og félagsmál (EK-S)

Á árinu 1995 voru haldnir tveir fundir í EK-S. Á fyrri fundinum, sem haldinn var í byrjun apríl í Stokkhólmi var aðalumræðuefnið undirbúningur fjárhagsáætlunar ráðherranefndarinnar árið 1996, niðurskurður á fjárhagsáætluninni og afleiðingar þess á fjárframlög til starfsemi á vegum EK-S. Einkum höfðu nefndarmenn áhyggjur af miklum niðurskurði fjárveitinga til Norræna heilbrigðisfræðaháskólans og var formanni falið að rita nefnd samstarfsráðherra vegna málsins. Skýrt var frá niðurstöðum sameiginlegrar nefndar Norðurlandaráðs og ráðherranefndarinnar um framtíðaráherslur í Norðurlandasamstarfi, eins og þær birtast í skýrslunni „Nýir tímar í norrænni samvinnu". Fyrir fundinum lá einnig tillaga frá undirhópi EK-S sem skipaður var á fundi hennar á Íslandi vorið 1994. Hópnum hafði verið falið að skoða framtíðarsamstarf á sviði heilbrigðis- og félagsmála, færi svo að fjögur af Norðurlöndunum fimm yrðu orðin meðlimir í ESB 1. janúar 1995. EK-S ákvað að skipa nýjan vinnuhóp til að meta heildstætt samstarf Norðurlandanna á sviði heilbrigðis- og félagsmála og gera tillögur um framtíðarskipulag, fjármögnun og framkvæmd m.a. í ljósi ESB-aðildar þriggja landanna. Vinnuhópurinn skal ljúka störfum eigi síðar en 1. mars 1996.

Síðari fundur nefndarinnar var haldinn á Grænlandi í byrjun september. Dagskrá fundarins var skipt í samræmi við nýjar áherslur í Norðurlandasamstarfi. Undir liðnum samvinna innan Norðurlanda var tekin ákvörðun um styrki til ýmissa verkefna á árinu 1996. Jafnframt voru kynnt áform um að halda á árinu 1996 málþing um velferðarríki framtíðarinnar. Fjallað var um niðurstöðu mats á störfum norrænu lyfjamálanefndarinnar og ákveðið að þjónustusamningur við nefndina skyldi framlengdur í eitt ár. Undir liðnum Norðurlöndin og Evrópa gerði formannslandið grein fyrir ýmsum málum sem tengjast verkefnasviði nefndarinnar og eru efst á baugi hjá ESB. Loks var undir liðnum Norðurlöndin og grannsvæðin skýrt frá starfi undirnefndar sem fjallar sérstaklega um þessi mál, m.a. tillögu að fjárhagsáætlun þess starfs.

Fulltrúar Íslands í EK-S á árinu voru Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri og Dögg Pálsdóttir skrifstofustjóri.

9.1.1. Norræni heilbrigðisfræðaháskólinn (NHV).

Nordiska hälsovårdshögskolan í Gautaborg er samnorræn menntastofnun fyrir æðri menntun og rannsóknir innan heilbrigðisfræðinnar. Skólinn hefur starfað frá árinu 1953.

Á starfsárinu 1995 voru gerðar umfangsmiklar breytingar á skipulagi og kennslu við Nordiska hälsovårdshögskolan með það að markmiði að auka hagkvæmni, árangur og gæði starfseminnar.

Stjórnun. Nýtt stjórnskipurit var sett fyrir skólann sem fól í sér tilflutning á verkefnum og ábyrgð. Meginbreytingin var sú að settir voru þrír millistjórnendur, þ.e. yfirmaður kennslusviðs, yfirmaður rannsóknasviðs og yfirmaður stjórnunarsviðs en sá aðili hefur með fjármál og starfsmannamál að gera. Allar þessar stöður voru auglýstar og hefur fastur starfsmaður verið ráðinn í stöðu yfirmanns stjórnunarsviðs en hinum tveim yfirmannsstöðunum er nú gegnt tímabundið af kennara við skólann.

Kennsla. Námið við Nordiska hälsovårdshögskolan er byggt upp í formi námskeiða og að loknu átta mánaða námi hlýtur viðkomandi viðurkenningu eða diplom í heilbrigðisfræði. Þeir sem stunda rannsóknir í framhaldi af slíku námi og fá þær metnar sem fullnægjandi öðlast meistaragráðu í heilbrigðisfræði og þeir sem stunda enn víðtækari vísindastörf geta hlotið doktorsgráðu frá skólanum.

Við skólann er einnig mikið framboð af einstökum stuttum námskeiðum fyrir starfsfólk heilbrigðisþjónustunnar á Norðurlöndum og umfangsmikið fræðslustarf er á vegum skólans fyrir starfsmenn heilbrigðisþjónustunnar í Eystrasaltslöndunum.

Á árinu 1995 var mikil breyting í uppbyggingu námskeiða skólans. Meginbreytingin var sú að aukin voru tengsl milli námskeiða og reynt að koma í veg fyrir skörun námsefnis. Við breytingarnar var tekið mið af auknu samstarfi við aðra skóla bæði á Norðurlöndum og annars staðar í heiminum. Einnig var gert að skyldu að allir sem hyggðust stunda nám til námsgráðu við skólann yrðu að taka tveggja mánaða grunnnámskeið áður en önnur námskeið væru tekin.

Nemendur. Nemendur koma frá öllum Norðurlöndunum og hefur hvert land ákveðið fyrirfram hve mörg námskeið það ætlar að greiða fyrir. Ísland ákvað fyrir nokkrum árum að standa straum af kostnaði fyrir sem samsvarar 13 námskeiðum á ári. Þau námspláss voru öll notuð á árinu 1995. Sjö Íslendingar stunduðu nám við skólann, þ.e. einn tannlæknir, tveir hjúkrunarfræðingar, einn viðskiptafræðingur í heilbrigðisráðuneytinu, einn læknir, einn heilbrigðisfulltrúi og einn framkvæmdastjóri sjúkrahúss. Umsækjendur voru hins vegar 19 og sóttu þeir um 56 námskeiðsmánuði.

Inntökuskilyrði til náms við skólann voru hert á árinu 1995 þannig að nú er miðað við að um 60% nemenda hafi a.m.k. 3 ára háskólanám að baki áður en þeir hefja nám við skólann. Nokkur fækkun varð á fjölda umsækjenda en samt sem áður er fjöldi umsækjenda langt umfram þann fjölda sem skólinn getur annað.

9.1.2. Norræn stofnun til prófunar efna til tannlækninga (NIOM).

Fyrir íslenska tannlækna hafa tengslin við NIOM reynst hagkvæm vegna upplýsinga, sem fengist hafa varðandi gæði og aukaverkanir efna til tannlækninga. Ekki síst ný efni sem framleiðendur reyna oft að selja, áður en þau eru fullreynd.

Verkefnum NIOM hefur verið skipt upp í fjóra meginþætti:

- „standardiseringu“,
- prófun efna,
- rannsóknir og
- fræðslu.

Á alþjóðavettvangi tekur NIOM þátt í mótun staðla varðandi gæði og öryggi til tannlækninga með þátttöku í t.d. ISO (International Organization for Standardization), CEN (Comité Européen de Normalisation) og FDI (Federation Dentaire Internationale).

Vegna aukinnar samvinnu Evrópuþjóða er NIOM nú að aðlaga störf stofnunarinnar breyttum aðstæðum og leitast er við að fjármagna starfsemina að hluta til með því að selja þjónustu stofnunarinnar.

Stjórnarfundir eru haldnir minnst þrisvar á ári hverju. Fulltrúar Íslands í stjórn eru Sigfús Þór Elíasson, prófessor og Magnús R. Gíslason, yfirtannlæknir.

9.1.3. Norræna lyfjanefndin (NLN).

Norræna lyfjanefndin er samstarfsvettvangur Norðurlanda í lyfjamálum.

Tveir fulltrúar frá hverju Norðurlandanna sitja í nefndinni, þ.e. alls tíu manns og jafnmargir varamenn, skipaðir til fjögurra ára í senn. Nefndin heldur fundi tvisvar á ári.

Fulltrúar Íslands í nefndinni eru nú Árni Kristinsson, yfirlæknir á Landspítala og Einar Magnússon, skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Varamenn eru

Guðrún S. Eyjólfsdóttir, forstöðumaður Lyfjaeftirlits ríkisins og Sigurður B. Þorsteinsson, læknir á Landspítala og formaður Lyfjanefndar ríkisins. Skipunartími þeirra er til 1. janúar 1996. Núverandi formaður NLN er Einar Magnússon en Ola Westbye, forstjóri Lyfjamálastofnunar Noregs, er varaformaður.

Skrifstofa NLN sem er í Uppsölum í Svíþjóð var nú í desember flutt úr húsnæði í eigu Lyfjamálastofnunar Svíþjóðar í leiguhúsnæði í miðbæ Uppsala. Starfsmenn nefndarinnar eru fjórir en Ulf Janzon, sænskur lyfjafræðingur, veitir skrifstofunni forstöðu.

Kostnaður við störf nefndarinnar er um 3 millj. s.kr. og greiðist að mestu með framlagi frá Norrænu ráðherranefndinni en einnig með sértekjum nefndarinnar.

Verkefni nefndarinnar eru m.a.:

- að stuðla að samræmingu laga, reglugerða og framkvæmd lyfjamála á Norðurlöndum og vinna að norrænni skráningu og norrænni merkingu lyfja,
- að stuðla að norrænni samvinnu um samstarf Evrópu um lyfjamál, innan Evrópsku lyfjaskrárnefndarinnar, EFTA og ESB,
- að stuðla að norrænum rannsóknum og samvinnu um lyfjamál og vera ráðgefandi fyrir ríkisstjórnir Norðurlanda og Norrænu ráðherranefndina,
- að gera reglulega samanburð á lyfjanotkun og kostnaði milli Norðurlanda (þar með talið ATC, DDD og ATCvet).

Innan NLN eru starfandi starfshópar á eftirtöldum sviðum:

Lög og reglugerðir. Fulltrúi Íslands í starfshópnum er Ragnhildur Arnljótsdóttir, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Norræn lyfjatölfræði. Fulltrúi Íslands er Eggert Sigfússon, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Innan NLN hafa auk þess starfað til skemmri tíma starfshópar um ýmis afmörkuð málefni, s.s. um samnorræna skráningu, flokkun lyfja, klíniskar prófanir, lyfjaeftirlit, o.s.frv.

NLN heldur námskeið, bæði norræn og alþjóðleg, um lyfjafræðileg efni og hefur staðið fyrir ýmsum merkum ráðstefnum, ýmist ein sér eða í samstarfi við aðra.

Norræna lyfjanefndin hefur gefið út fjölda bóka og bæklinga með leiðbeiningastöðlum um framkvæmd lyfjamála og ýmis afmörkuð svið er varða lyf. Nýjasta útgáfan (NLN Publication No 39) nefnist: „NLN Baltic Conference 1995“ og fjallar um ráðstefnu um góða framleiðsluhætti lyfja (GMP-reglur) sem norræna lyfjanefndin stóð fyrir í Vilníus í Litháen þann 6.–9. júní sl.

NLN tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi og hefur fengið áheyrnarfulltrúa í ýmsum mikilvægum vinnuhópum um lyfjamál innan ESB. Nýjar tilskipanir ESB um lyfjamál eru sendar NLN til umsagnar. Skrifstofa NLN varðveitir öll skjöl ESB um lyfjamál og þangað geta heilbrigðisyfirvöld og lyfjafyrirtæki sótt þjónustu varðandi málefni ESB. NLN tekur virkan þátt í samstarfi Evrópsku lyfjaskrárnefndarinnar. NLN hefur með styrk frá Norrænu ráðherranefndinni tekið að sér aðstoð við Eystrasaltslöndin, Eistland, Lettland og Litháen við að skipuleggja lyfjamál í löndunum. Fulltrúar landanna hafa t.d. verið hér á landi á vegum NLN til að kynna sér hvernig skipulagningu lyfjaskráninga og lyfjaeftirlits er háttað hér.

Starfsemi Norrænu lyfjanefndarinnar hefur nýlega verið metin útfrá „norrænu notagildi“ (Nordisk nytte) eins og aðrar stofnanir í norrænu samstarfi og fékk nefndin ágætiseinkun eins og hún hefur reyndar einnig fengið í öðrum athugunum sem gerðar hafa verið á undanförnum árum.

Norræna lyfjanefndin hefur ótvírætt mikla þýðingu fyrir Íslendinga. Við skipulag lyfjamála á Íslandi hefur einkum verið tekið mið af skipulagi þessara mála á hinum Norðurlöndunum en það hefur einmitt verið talið vera til fyrirmyndar fyrir önnur lönd. Flokkun lyfja samkvæmt svokölluðu ATC-kerfi og mælikvarði á lyfjanotkun með skilgreindum dag-

skömmtum (DDD) er tilkomin í norrænu samstarfi og NLN hefur unnið ötullega að útbreiðslu þessara kerfa á alþjóðavettvangi. Mikill vinnusparnaður er fólginn í því að geta fengið aðgang að upplýsingum og þeirri vinnu sem lögð er í skráningar lyfja, gerð laga og reglugerða á hinum Norðurlöndunum. Einnig hefur samanburður á milli Norðurlanda á lyfjanotkun og kostnaði á vegum starfshóps NLN um lyfjatölfræði nýst heilbrigðisyfirvöldum hér á landi í verulegum mæli á undanförnum þremur árum við ákvarðanatöku um aðgerðir til að draga úr lyfjanotkun og lækka lyfjakostnað.

9.1.4. Norræna rannsóknanefndin á sviði vímuefna (NAD).

Norræna rannsóknanefndin á sviði vímuefna, NAD, er norræn stofnun á sviði félags- og heilbrigðismála. Aðalmarkmið nefndarinnar er að efla rannsóknir í áfengis- og vímuefnamálum. Nefndin skal einnig stuðla að þverfaglegum rannsóknum á notkun vanabindandi lyfja. Auk þess skipuleggur nefndin vísindaráðstefnur og stuðlar að bættri menntun vísindamanna og auknum samskiptum þeirra. Jafnfram sér hún um upplýsingamiðlun og skýrslugerð.

Fjárframlög til nefndarinnar fyrir tímabilið 1995–1997 eru 6,6 millj. finnskra marka. Í nefndinni eru þrír nefndarmenn og þrír varamenn frá hverju landi. Þrír Íslendingar eru í nefndinni og þrír til vara. Nefndin fundar að jafnaði tvisvar á ári. Skrifstofa nefndarinnar er í Helsingfors og þar starfa framkvæmdastjóri og tveir aðrir starfsmenn.

Hér á eftir fer yfirlit yfir helstu verkefni nefndarinnar árið 1995.

Í janúar hélt NAD rannsóknafund þar sem fjallað var um hvaða þýðingu samþykktir Evrópusambandsins og EES-samningsins hefðu fyrir eftirlit með vanabindandi lyfjum.

NAD og Norræna tengiliðanefndin í fíkniefnamálum stóðu sameiginlega að ráðstefnu um dauðsföll tengd fíkniefnum á Norðurlöndum. Einn Íslendingur tók þátt í ráðstefnunni.

Þá sá NAD um tvo dagskrárliði í norrænu ráðstefnunni í félagslækningum sem var liður í norrænu heilsuvikunni sem haldin var í júní í Gautaborg.

Á vegum NAD var haldinn vinnufundur þar sem lögð voru drög að stuttum samnorrænum spurningalista um áfengisneysluvenjur. Fundinn sótti einn Íslendingur.

Í október hélt NAD tvo fundi um stefnu Norðurlandanna í áfengismálum. Haldinn var vinnufundur fyrir lítinn hóp vísindamanna sem vinnur að rannsóknum á þeim breytingum sem eru að verða á norrænum áfengismálum og var fjallað sérstaklega um hagsmuni og valdatilfærslur á sviði áfengismála. Stefnt er að framhaldi á þessu rannsóknarverkefni. Hinn fundurinn var upplýsingafundur ætlaður embættismönnum stjórnsýslunnar. Í kjölfar inngöngu Finnlands og Svíþjóðar í Evrópusambandið og vegna EES-samnings Íslands og Noregs eru að verða breytingar á ýmsum þáttum hinnar norrænu áfengismálastefnu. Þetta er sjötta árið í röð sem slíkur upplýsingafundur embættismanna og vísindamanna er haldinn. Einn Íslendingur var meðal þátttakenda á báðum fundunum og flutti erindi á þeim seinni.

Á undanförnum árum hefur NAD stutt verkefni um vímuefni í Eystrasaltslöndunum og gerði einnig þetta ár. Greiddur var kostnaður vegna eins vinnufundar. Rannsóknarverkefni um fíkniefnamál heldur áfram. Haldið er áfram vinnu sem hófst á síðasta ári vegna úttektar á tölfræðilegum upplýsingum um meðferðarstofnanir fyrir áfengis- og vímuefnamisnotendur. Nýtt rannsóknarverkefni hófst á árinu um áfengi og kynlíf á tímum alnæmis.

NAD og Norræna sakfræðiráðið stóðu sameiginlega að norrænu rannsóknanámskeiði um félagsskipan, félagsleg vandamál og þjóðfélagsbreytingar í ljósi samanburðarrannsókna. Námskeiðið var haldið með fjárhagsstuðningi frá NorFA. Þátttakendur voru 31. Auk þátttakenda frá norrænu löndunum fimm voru sjö þátttakendur frá Eystrasaltslöndunum og Rússlandi. Annar af tveimur námskeiðsstjórum var Íslendingur, þrír Íslendingar fluttu fyrirlestra og aðrir tveir kynntu rannsóknarverkefni sín. Alls tóku fimm Íslendingar þátt í námskeiðinu.

Að auki veitti NAD nokkra ferðastyrki til einstaklinga.

NAD styrkir fjárhagslega og tilnefnir fulltrúa í ritstjórn norræna tímaritsins Nordisk alkoholtidskrift. Ritstjórn skipa sex manns, þar af er einn Íslendingur. Í öðru og sjötta tölublaði tímaritsins árið 1995 voru birtar NAD-fréttir og í sjötta tölublaði var sagt ítarlega frá októberfundunum um áfengispólitíkina.

Tvær bækur komu út á árinu í ritröð NAD:

EU och läkemedel. NAD Publikation nr. 29.

Evaluering av „Mias dagbok" („Mias dagbok" er fræðsluefni um áfengi og önnur vímuefni fyrir unglinga). Publikation nr. 30.

Gerð var úttekt á starfsemi og skipulagi NAD eins og á öllum öðrum stofnunum Norrænu ráðherranefndarinnar. Í Christensenskýrslunni fær NAD mjög góða umsögn og „norrænt notagildi" starfseminnar er talið mikið.

9.1.5. Norræna hagskýrslunefndin (NOSOSKO).

Norræn hagskýrslunefnd á sviði félagsmála, NOSOSKO, er fastanefnd, sem starfað hefur frá árinu 1946. Fram til ársins 1978 heyrði nefndin undir ráðherra félagsmála á Norðurlöndum, en hefur síðan starfað á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar.

Höfuðverkefni NOSOSKO er að vinna að samanburðarhæfri skýrslugerð um félagsmál á Norðurlöndum og gefa út bók um þann málaflokk, en undanfarna tvo áratugi hefur bók þessi komið út þriðja hvert ár. Hér er átt við félagsmál í víðri merkingu, þar sem veigamestu útgjaldaliðirnir eru heilbrigðismál og lífeyristryggingar. Fram til ársins 1974 takmarkaðist verkefnið við ráðstafanir, sem skipað var með lögum, en síðan var starfsemi lífeyrissjóða og samningsbundnum launagreiðslum í veikindaforföllum bætt við.

Af öðrum verkefnum má nefna, að nefndinni ber að fylgjast með alþjóðlegu samstarfi í hagskýrslugerð á sviði félagsmála og vinna að samræmingu þeirra upplýsinga, sem frá þátttökulöndunum koma.

Nefndin er skipuð þremur fulltrúum frá hverju landi. Hún hefur skrifstofu í Kaupmannahöfn og ritara í þjónustu sinni, en hann er jafnframt ritari Norrænu nefndarinnar um heilbrigðsskýrslur, NOMESKO. Starfshópar, einn eða fleiri, skipaðir nefndarmönnum, starfa að jafnaði að tímabundnum verkefnum, og ekki er óalgengt, að sérfróðir menn utan nefndarinnar séu ráðnir til tiltekinna verkefna undir umsjón hennar.

NOSOSKO skiptir um formann þriðja hvert ár. Höfðu Íslendingar formennsku með höndum árin 1987–1989.

Vegna heimsþings um þróun félagsmála, sem Sameinuðu þjóðirnar gengust fyrir og haldið var í Kaupmannahöfn í mars 1995 gaf nefndin snemma árs út bækling á ensku um félagsmál á Norðurlöndum, og var honum dreift á þinginu. Skýrsla sú, sem gefin er út þriðja hvert ár, kom síðan út á dönsku um mitt ár og í enskri útgáfu í septembermánuði.

Ákveðið hefur verið, að NOSOSKO hefji útgáfu árlegra skýrslna árið 1996, og hefur verið unnið að undirbúningi þeirrar útgáfu.

Allar Norðurlandaþjóðirnar fimm eru aðilar að samvinnu Evrópulanda á sviði hagskýrslugerðar, Eurostat, ýmist vegna aðildar sinnar að Evrópusambandinu eða EES. Eurostat stefnir nú að bættri hagskýrslugerð á sviði félagsmála og skilgreiningu og sundurliðun félagsmálaútgjalda eftir svonefndri ESSPROS-flokkun. Gert er ráð fyrir, að undirbúningu ESSPROS verði lokið fyrir lok þessa árs, og hefur NOSOSKO gert ráðstafanir til, að á næstu mánuðum verði ESSPROS borin saman við flokkun NOSOSKO með samræmingu í huga.

Í tengslum við fund NOSOSKO í Helsingfors í maí 1995 gekkst nefndin fyrir ráðstefnu um „norrænt velferðarkerfi", sem fjórir norrænir háskólakennarar fjölluðu um og báru saman við velferðarkerfi Evrópulanda fyrr og nú. Var ráðstefna þessi einkum ætluð þátttakendum frá Eystrasaltslöndum. Þann 25. maí var síðan haldinn fundur í Tallinn með fulltrúum frá ráðuneytum og hagstofum Eystrasaltslanda um vandamál, sem þar er við að glíma á þeim

sviðum, sem NOSOSKO fæst við. Var ákveðið, að NOSOSKO efndi til námskeiðs fyrir starfsmenn frá ráðuneytum, hagstofum og tryggingastofnunum í Eystrasaltslöndum. Það námskeið var haldið í Finnlandi 8.–9. nóvember, og voru fyrirlesarar frá öllum Norðurlandaþjóðunum.

9.1.6. Norræn nefnd um málefni fatlaðra (NNH).

NNH er samstarfs- og fagstofnun um málefni fatlaðra og ber ábyrgð á stefnumótun og samhæfingu í þem málefnum og tryggir réttindi fatlaðra í samfélaginu.

Í stjórn NNH eru tveir fulltrúar frá hverju landi Norðurlanda, svo og áheyrnarfulltrúi frá Færeyjum, Grænlandi, Álandseyjum og norrænum samtökum fatlaðra. Fulltrúar Íslands eru Björk Pálsdóttir iðjuþjálfi, Tryggingastofnun ríkisins, og Ásta B. Þorsteinsdóttir, fyrrverandi formaður Landssamtaka Þroskahjálpar. Þrír fundir voru haldnir á árinu.

Fjárveiting til NNH á árinu 1995 var 4.750 þús. s.kr., 3.725 þús. s.kr. til Nordisk utvecklingscenter för handikapphjälpmedel (NUH), sem er stofnun á vegum NNH og 1.800 þús. s.kr. til styrkja til norrænnar samvinnu félaga fatlaðra.

Helstu verkefni NNH á árinu 1995: Aukin áhersla hefur verið lögð á Evrópu- og alþjóðasamstarf vegna aukins samstarfs innan Evrópu. Tilgangurinn er að tryggja norrænar viðmiðunarreglur sem náðst hafa á Norðurlöndum innan þessa málaflokks. Helstu verkefni á árinu eru á sviði aðgengismála í samfélaginu, jafnrétti og réttaröryggi fatlaðra, möguleika á vinnumarkaðinum fyrir fatlaða, hjálpartækja og nýrrar tækni/þróunar á hátæknivæddum hjálpartækjum (NUH), styrkveitinga til norrænnar samvinnu félaga fatlaðra.

Tvær norrænar ráðstefnur voru á vegum NNH á árinu. Í allt sóttu þrettán Íslendingar þessar ráðstefnur, þar af fluttu fimm þeirra erindi.

9.1.7. Norræn menntastofnun fyrir starfsfólk sem vinnur með daufblindum (NUD).

NUD er menntastofnun sem sér um námskeið og ráðstefnur fyrir starfsfólk sem vinnur með daufblindum.

Stjórn NUD er sú sama og stjórn NNH. Stjórnarfundir á sama tíma og stjórnarfundir NNH. Tveir fundir voru á árinu.

Fjárveiting til NUD 1995 var 5.757 þús. s.kr.

Sérstakt skólaráð er til tveggja ára í senn og situr einn fulltrúi frá hverju landi. Fulltrúi Íslands er Anna Soffía Óskarsdóttir, sérkennari Þjálfunarskóla ríkisins. Tveir fundir voru í skólaráðinu 1995.

Tólf námskeið og ráðstefnur voru á vegum NUD á árinu. Nítján þátttakendur voru frá Íslandi á námskeiðum og ráðstefnum á árinu, en umsækjendur voru tuttugu og fjórir.

9.1.8. Norðurlandasamningur um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna.

Norðurlandasamningur sá er hér um ræðir var undirritaður í Arjeplog í Finnlandi í júní 1993 og var hér um að ræða endurskoðaðan eldri samning frá 25. ágúst 1981 um heilbrigðisstéttir og dýralækna. Endurskoðun fór fram vegna EES-samnings og miðaði fyrst og fremst við að taka út úr samningnum ákvæði sem voru í andstöðu við hann.

Samningurinn fjallar um gagnkvæmar viðurkenningar prófskírteina ákveðinna starfsstétta innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar og á að tryggja aðgang norrænna ríkisborgara að norrænum vinnumarkaði á þessum sviðum.

Aðilar samningsins töldu að þrátt fyrir samning frá 2. maí 1992 um Evrópska efnahagssvæðið þá verði áfram þörf á norrænum reglum um viðurkenningu starfsgreina. Í fyrsta lagi að því er varðar sérgreinar sem EES-reglur ná ekki til. Í öðru lagi að því er varðar einstaklinga er hlotið hafa menntun sína í þriðja landi og í þriðja lagi vegna norrænna ríkisborgara sem

ella hefðu lakari möguleika á að stunda starfsgrein sína í öðru norrænu landi. Samningurinn er því í raun og hefur á árinu 1995 verið í stöðugri endurskoðun og Norðurlöndin ræða á þessum vettvangi þau vandamál sem upp koma vegna hins sameiginlega vinnumarkaðar. Eftirlitsnefndin er auk þess vettvangur kvartana sem fram koma um meint brot á samningnum og kvartana vegna framkvæmdar hans að öðru leyti. Samningurinn gildir nú á Íslandi um: lækna, tannlækna, hjúkrunarfræðinga, lyfjafræðinga, sjúkraþjálfara, iðjuþjálfa, ljósmæður, sjóntækjafræðinga, sálfræðinga, aðstoðarlyfjafræðinga, röntgentækna, tannfræðinga, aðstoðarmenn tannlækna, sjúkraliða, dýralækna og hnykkja. Á árinu 1995 hófst samanburður á námi og starfssviðum fleiri stétta og er það starf nýhafið.

9.2. Samstarf á sviði neytendamála

Í byrjun árs 1995 var haldinn fundur norrænna neytendamálaráðherra í Reykjavík. Lögð voru fram drög að framkvæmdaáætlun um neytendafræðslu í skólum í samvinnu við menntamálaráðherra Norðurlanda. Ráðherrarnir voru sammála um að efla neytendarannsóknir og í því sambandi að vinna ötullega að því að hægt verði að framkvæma norræna áætlun um neytendarannsóknir. Einnig samþykktu ráðherrarnir framkvæmdaáætlun um fjármálaþjónustu og neytendur.

Til að ná þessum markmiðum hefur embættismannanefndin um neytendamál og undirnefndir hennar unnið að því á árinu að koma þessum áætlunum í framkvæmd. Áætlunin um neytendarannsóknir verður framkvæmd með aðstoð fræði- og rannsóknarmanns sem ráðinn hefur verið til að afla fjármagns og kynna áætlunina.

Mikil áhersla hefur verið lögð á að fylgjast vel með því sem er að gerast á vettvangi Evrópusambandsins og reynt verður að hafa samnorræn áhrif á nýja löggjöf þess á sviði neytendamála. Í því sambandi má nefna sérstaklega staðlamál, fjármálaþjónustu og vöruöryggi. Einnig hafa Norðurlöndin haft frumkvæðið að evrópsku samstarfsneti í tveimur málum, þ.e. fjármálum heimilanna og neytendafræðslu.

Í nóvember 1994 kom embættismannanefndin á fót vinnuhópi til að sinna grenndarsvæðunum hvað varðar neytendamál. Hefur hópurinn útbúið 5 ára áætlun með tillögum um starfsemi á þessu sviði og hefur þegar verið komið á samstarfi við aðila í Eystrasaltslöndunum, Kalíningrad, Karelíu og Pétursborg.

Norræna samstarfið á sviði neytendamála hefur verið mikill styrkur fyrir Ísland og hefur verið unnið að neytendamálum með auknum krafti hér á landi síðustu árin.

9.3. Norrænn vinnumarkaður

Á Norðurlandaráðsþinginu í Reykjavík í mars 1995 var samþykkt ný samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismála fyrir tímabilið 1995–2000.

Samstarfsáætlunin er byggð upp af sjö meginmarkmiðum sem skilgreind eru í afmarkaðri efnisþætti. Í samstarfsáætluninni segir að eitt af mikilvægustu málunum í norrænni samvinnu á sviði vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismála í framtíðinni mun fyrirsjáanlega verða baráttan gegn atvinnuleysinu. Samstarfsáætlunin felur m.a. í sér aukna áherslu á þá viðleitni að koma á fullri atvinnu og að bæta möguleika ungs fólks og illa staddra hópa til atvinnu, að efla þau réttindi, sem eru tilgreind í samningnum um sameiginlegan norrænan vinnumarkað, að efla vinnumiðlunar- og starfsmenntunarsamstarfið, að efla samstarfið við ESB-stofnanir bæði á sviði vinnumarkaðar og vinnuumhverfis, að styrkja grundvallarreglurnar fyrir bættu vinnuumhverfi í samræmi við norræna vinnuumhverfissamninginn, að efla áfram öflug norræn upplýsingasamskipti um evrópska vinnuumhverfissamvinnu, þar með talda norræna samræmingu á stöðlunarsviðinu, að styrkja allt framtak í baráttunni við kynþáttahatur og útlendingaandúð og stuðla að samlögun flóttamanna og innflytjenda í þjóðfélaginu, að efla

almennt upplýsingasamskipti og útbreiðslu norrænna sjónarmiða í vinnumálum á alþjóðavettvangi og í samstarfi við skyld samstarfssvið á norrænum vettvangi.

Talsverð umræða hefur átt sér stað um framtíðarskipulag norræna samstarfsins á árinu vegna aðildar Finna og Svía að Evrópusambandinu og vegna EES-samstarfsins, ákvarðana um áherslubreytingar í Norðurlandasamstarfinu á Norðurlandaráðsþinginu í Reykjavík í mars, þemaráðstefnunni í Kaupmannahöfn í september og Norðurlandaráðsþinginu í Kuopio í nóvember, auk þess sem dregið hefur úr fjárframlögum Norrænu ráðherranefndarinnar á þessu sviði og fyrirsjáanlegur er frekari samdráttur.

Embættismannanefndin á vinnumálasviðinu ákvað á fundi sínum í Reykjavík í nóvember 1994 að tvær vinnumálanefndir fengju það hlutverk að undirbúa umræðugrundvöll um samstarfið og í kjölfarið ákvað nefndin í maí 1995 í Kaupmannahöfn að skipa sérstakan starfshóp til að endurskoða samstarfið. Starfshópurinn hefur farið yfir helstu hugmyndir um breytingar og aðlögun samstarfsins og mun skila af sér tillögum fyrir 1. febrúar 1996. Engar ákvarðanir hafa verið teknar um skipulagsbreytingar enda ekki langt síðan ráðist var í skipulagsbreytingar. Gera má þó ráð fyrir að skipulagið verði einfaldað enn frekar og gert sveigjanlegra en þetta gæti þýtt að einhver fækkun gæti orðið á nefndum og starfshópum.

Samstarfið á vinnumálasviðinu á árinu 1995 hefur annars mótast af umræðum um endurskipulagningu á störfum norrænu vinnumálanefndanna, þar sem megináhersla er lögð á þríþættingu samstarfsins. Í fyrsta lagi innra samstarf Norðurlandanna um atvinnumál, vinnuréttarmál, vinnuumhverfismál og vinnumarkaðsmál. Í öðru lagi Evrópusamstarf um vinnumál. Í þriðja lagi vinnumálasamstarf við grenndarsvæði Norðurlanda þ.e. Eystrasaltsríkin, Norðvestur-Rússland og Austur-Evrópu.

Vinnumálanefndirnar.

Samstarfið á vinnumálasviðinu byggir á skipulagi sem tók gildi 1. janúar 1992. Skipulagið felur í sér að vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismálin eru sameinuð undir eina yfirstjórn. Yfirstjórnina annast embættismannanefndin (EK-A), sem skipuð er einum fulltrúa frá hverju landi. Nefndinni er ætlað að vera stefnumarkandi í vinnumálum.

Undir embættismannanefndina heyra sex málefnanefndir, sem skipaðar eru sérfræðingum til að fjalla um einstaka málaflokka. Þetta eru nefndir um vinnumarkaðsmál, vinnumarkaðsrannsóknir, vinnuverndarmál, vinnuverndarrannsóknir, vinnuréttarmál og atvinnulíf og um fólksflutninga. Þá starfar sérstakur stýrihópur sem samræmir störf nefndanna og undirbýr fundi embættismannanefndarinnar í samráði við skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar. Nefndirnar hafa allar gert nákvæma grein fyrir hlutverkum sínum og verkefnum í sérstökum stefnu- og verkefnaskjölum.

Ennfremur eru starfandi starfshópar um afmarkaðri verkefni. Einn slíkur er NIAL sem sér um „Informationsprojektet", sem er fjölbreytt upplýsingaútgáfa á mörgum sviðum vinnumála. Á vegum þessa verkefnis er m.a. tímaritið „ARBETSLIV I NORDEN". Þá eru sérstakir starfshópar um atvinnuleysistrygginga-, vinnumiðlunar- og starfsmenntunarmál.

Atvinnuleysi ungs fólks.

Verkefni Norrænu ráðherranefndarinnar „Áætlun gegn atvinnuleysi ungs fólks", sem hófst í ársbyrjun 1994 og lýkur í ársbyrjun 1996, hefur verið eitt af meginverkefnunum á vinnumálasviðinu á árinu 1995. Tilgangur verkefnisins er að dreifa þekkingu um árangursríkar hugmyndir og aðgerðir gegn atvinnuleysi ungs fólks og draga úr og fyrirbyggja afleiðingar af atvinnuleysi ungs fólks.

Haldin var ráðstefna 18.–20. janúar um þau viðfangsefni er tengjast því að fara úr skóla á vinnumarkaðinn og hlutverki skóla- og vinnumiðlunarráðgjafa í þessu ferli. En skólaráðgjafar og vinnumiðlunarfólk frá Akranesi og Akureyri fluttu erindi á ráðstefnunni.

Áætluninni lýkur í janúar 1996 með ráðstefnu um hvað hafi breyst í atvinnumálum ungs fólks og árangur af aðgerðum gegn atvinnuleysi á tímabilinu 1994–1996.

Önnur verkefni sem tengjast þessari áætlun á árinu 1995 eru: „Valkostir á vinnumarkaði fyrir ungt fólk", sem fjallar um ný verkefni fyrir ungt fólk á vinnumarkaði; „Úr skóla á vinnumarkað", sem er greining á atvinnuleysi ungs fólks m.t.t. starfs- og námsvals; „Útskúfun atvinnulausra ungmenna frá vinnumarkaði", þar sem fjallað er um þá sem eru í hættu á að verða undir á vinnumarkaði; „Málstofa um ungt fólk og vinnumarkað", þar sem félagsvísindamenn o.fl. kynna rannsóknir sínar á ungu fólki á vinnumarkaði og í atvinnuleysi.

Vinnumarkaðsmál.

Undir vinnumarkaðsnefndina heyra m.a. vinnumiðlun, atvinnuleysistryggingar og starfsmenntun, þó um þessi mál sé mikið fjallað í sérstökum starfshópum. Eitt meginverkefni nefndarinnar á árinu var að fjalla um hvernig framkvæmdin og reglurnar um norrænan vinnumarkað samræmdust reglum um evrópskan vinnumarkað, EES-samningnum og EURES-vinnumiðlunarkerfinu og hvaða afleiðingar það hefði fyrir norrænt vinnumarkaðssamstarf. Sérstök athugun er í gangi sem á að ljúka 1. mars 1996.

Vinnumiðlunarsamstarf.

Eitt helsta verkefni á vegum vinnumarkaðsnefndarinnar er NORDJOBB, sem byggir á atvinnuskiptum ungs fólks milli Norðurlandanna en Norræna félagið hefur annast þessi samskipti fyrir Ísland og hefur hlutur Íslands verið stór í þessu verkefni. Á árinu hafa 223 íslensk ungmenni farið í vinnu á Norðurlöndum á vegum NORDJOBB með einum eða öðrum hætti og 97 norræn ungmenni hafa komið til vinnu á Íslandi.

Ákvörðun liggur fyrir um framhald þessa verkefnis á árinu 1996, en óvissa er um framhaldið og er það háð fjármögnun Norrænu ráðherranefndarinnar og hvort hægt sé að samþætta slíkt verkefni undir einhver verkefni á vegum Evrópusambandsins eins og Leonardo en engin augljós samtenging liggur fyrir. BALTICJOB er sambærilegt verkefni fyrir Eystrasaltslöndin á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar.

Samstarf um vinnumiðlun hefur mótast að miklu leyti af EURES-kerfinu sem er vinnumiðlunarkerfi á Evrópska efnahagssvæðinu og leysir af hólmi norrænt vinnumiðlunarkerfi. Þetta samstarf hefur verið fyrirferðamikið á árinu bæði í norrænu og evrópsku samstarfi. Unnið hefur verið að því að auka upplýsingaflæði milli Norðurlandanna um norrænan vinnumarkað og EES-vinnumarkaðinn.

Starfsmenntun.

Annað stórt verkefni á vegum vinnumarkaðsnefndarinnar er samstarfsverkefnið um starfs- og endurmenntun í atvinnulífinu.

Sérstakur starfshópur NAMU hefur haft yfirumsjón með samstarfsverkefni um starfsmenntun í atvinnulífinu sem hófst árið 1992 og er hlutverk þess að gefa Norrænu ráðherranefndinni skýrslu um starfsmenntun í atvinnulífinu á Norðurlöndum og gera tillögur að nýju skipulagi og áherslum í starfsmenntun. Skýrslan byggir á fjórum meginviðfangsefnum. Í fyrsta lagi er um að ræða breytt verkefni starfsmenntunar í atvinnulífinu og aðlögun hennar að nýjum viðfangsefnum, í öðru lagi starfsmenntun í fyrirtækjum þar sem þörf er á samstarfi atvinnulífs og fræðsluyfirvalda, í þriðja lagi hvernig hægt er að öðlast aukna starfshæfni með starfsmenntun og í fjórða lagi áhrif nýrrar tækni.

Áætlað er að verkefninu ljúki í maí 1996 en auk starfshópsins hafa tekið þátt í því fulltrúar frá stjórnsýsluaðilum sem vinna að starfsmenntun í atvinnulífinu á Norðurlöndunum, á Íslandi starfsmenntaráð félagsmálaráðuneytisins.

Í mars og október voru ráðstefnur á vegum starfshópsins í Finnlandi og Danmörku þar sem unnið var að undirbúningi vegna skýrslu til Norrænu ráðherranefndarinnar. Í nóvember fór nefndin á fundi hjá sérfræðingum ESB í Brussel og OECD í París í starfsmenntamálum, til að fjalla um þau drög að niðurstöðum sem þá lágu fyrir. Í samvinnu við starfsmenntaráð félagsmálaráðuneytisins hélt starfshópurinn ráðstefnu á Íslandi í október sl. um stöðu og þróun starfsmenntunar í Evrópu og tók verkefnisstjóri samstarfsverkefnisins þátt í henni frá starfshópnum.

Starfshópurinn hefur ákveðið að halda tvær ráðstefnur á fyrri hluta árs 1996 um málefni veikra hópa á vinnumarkaði. Sú fyrri verður haldin í Noregi í mars 1996 og fjallar almennt um stöðu veikra hópa á vinnumarkaði en sú seinni á eingöngu að fjalla um stöðu innflytjenda á vinnumarkaði og verður hún haldin í Svíþjóð í apríl 1996.

Atvinnuleysistryggingar.

Norrænt samstarf vegna atvinnuleysistrygginga fer fram í tveim nefndum á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar: Norrænn samstarfshópur um atvinnuleysistryggingar og Fastanefndin vegna ráðstefna um atvinnuleysistryggingar.

Norræni samstarfshópurinn fjallar um lög og reglur um atvinnuleysistryggingar, upplýsingagjöf, endurbætur á lögum og samræmingu á lagatúlkun. Síðan 1. janúar 1994 hefur meginverkefni starfshópsins verið túlkun EES-tilskipana, dóma og reglna varðandi atvinnuleysistryggingar og samræming á milli Norðurlandanna á því sviði. Lögð er áhersla á að löndin túlki EES-samninginn eins þar sem meirihluti Norðurlandabúa fer innan Norðurlandanna í atvinnuleit eða vegna búferlaflutninga. Á fundunum hafa jafnvel einstök mál verið tekin upp þegar einstaklingar hafa lent í erfiðleikum með að gæta réttinda sinna við flutning á milli landanna. Einnig tekur starfshópurinn þátt í undirbúningi fyrir Norrænu atvinnuleysistryggingaráðstefnuna sem haldin er annað hvert ár. Á vegum þessa starfshóps er gefið út upplýsingarit um atvinnuleysistryggingar á Norðurlöndum og flutning tryggingaréttinda á milli landanna skv. Norræna samningnum um almannatryggingar og EES-samningnum.

Fastanefndin fer með undirbúning Norrænu atvinnuleysistryggingaráðstefnanna, sem haldnar eru annað hvert ár fyrir starfsfólk sem vinnur við atvinnuleysistryggingar á Norðurlöndunum, greiðslu atvinnuleysisbóta og stefnumörkun í málefnum atvinnuleysistrygginga. Í maí 1995 var haldin Norræn atvinnuleysistryggingaráðstefna í Færeyjum og var meginefnið þar virkar vinnumarkaðsaðgerðir og aðgerðir til að koma í veg fyrir misnotkun á atvinnuleysistryggingakerfinu. Næsta ráðstefna verður haldin í Finnlandi 1997 en undirbúningur vegna hennar hófst í nóvember 1995. Á vegum nefndarinnar er gerð skýrsla fyrir hverja atvinnuleysistryggingaráðstefnu um atvinnuleysistryggingar á Norðurlöndunum og breytingar á viðkomandi löggjöf sem orðið hefur frá síðustu ráðstefnu.

Vinnumarkaðsrannsóknir.

Nefndin um vinnumarkaðsrannsóknir hefur haft umsjón með öllum verkefnum sem tengjast atvinnuleysi ungs fólks sem áður voru nefnd. Nefndin hefur ákveðið að leggja meiri áherslu á minni rannsóknarverkefni til styttri tíma í stað stórra rannsóknarverkefna til margra ára með sameiginlegri þátttöku margra stofnana. Helstu rannsóknarverkefni á vegum nefndarinnar sem lauk á árinu eru verkefni um nýjar leiðir til að virkja hina atvinnulausu, um orlofsfyrirkomulag á Norðurlöndum, um vandamál iðjuleysis og um nýbreytni á vinnumarkaði fyrir jaðarhópa. Þá komu út á árinu annars vegar skýrsla um umhverfi og atvinnu á Norðurlöndum og um ósamræmi á vinnumarkaði. Önnur verkefni á árinu eru um þjóðhagslega hagkvæma vinnumiðlun, um samanburð á fyrirkomulagi opinberra og einkarekinna vinnumiðlana á Norðurlöndum og í öðrum OECD-ríkjum, um jafnrétti hjá vinnumiðlunum o.fl.

Nefndin gefur árlega út árbækur annars vegar um vinnumarkaðsrannsóknir á Norðurlöndum og hins vegar um stöðu og þróun vinnumarkaðar á Norðurlöndum.

Ráðist var í sex ný verkefni á árinu. Um er að ræða verkefni sem fjalla um svæðisbundna búferlaflutninga á Norðurlöndum, um launamyndun og vinnumarkaðsstefnu og skýrslugerð um norræna vinnumarkaðsstefnu í kjölfar fyrri verkefna á þessu sviði. Þá er um að ræða ráðstefnu um vinnutíma og seminar um vinnumarkaðstölfræði þar sem viðfangsefnið var breytingar á vinnumarkaði.

Vinnuréttur og atvinnulíf.

Vinnuréttarnefndin hefur lagt áherslu á að fjalla um nýjar tillögur á sviði vinnuréttarmála sem hafa verið til umfjöllunar hjá Evrópusambandinu og framkvæmd annarra sem þegar hafa verið samþykktar af Evrópusambandinu og fyrirhugað er að nái til Evrópska efnahagssvæðisins. Í öðru lagi hefur verið rík áhersla á samstarf við aðila vinnumarkaðarins ekki síst um vinnuréttartilskipanir Evrópusambandsins. Umfjöllunin hefur einnig náð til annarra þátta í evrópsku vinnumálasamstarfi.

Þó að NordFram verkefninu hafi formlega lokið í febrúar 1994, þá hafa rannsóknarniðurstöðurnar vakið athygli og fengið áframhaldandi stuðning nefndarinnar. Í framhaldi af þessu verkefni hefur nefndin hafið samstarf við Dublin-stofnunina hjá Evrópusambandinu sem fjallar um atvinnu- og lífsskilyrði í Evrópusambandslöndunum og haldið fundi með aðilum vinnumarkaðarins til að ræða áhrif þessara breytinga, ekki síst í ljósi Hvítbókar Evrópusambandsins um evrópska félags- og vinnumarkaðsstefnu.

Undirnefndir um vinnuvernd:

Vinnuverndarnefndin.

Nefndin (Nordisk arbejdsmiljøudvalg) heyrir undir embættismannanefndina um vinnumarkað og vinnuvernd og er hlutverk hennar að halda utan um norrænt samstarf er varðar stefnumótun, stjórnun og eftirlit á sviði vinnuverndar. Í nefndinni sitja forstjórar eða aðstoðarforstjórar vinnueftirlita og fulltrúar þeirra ráðuneyta sem fara með stjórnsýslu vinnuverndarmála í hverju landi.

Helstu verkefni nefndarinnar eru samráð um aðferðafræði í vinnuverndarstarfi, samráð um Evrópumálefni, samvinna um þátttöku í umfangsmiklu staðlastarfi Evrópuþjóða á sviði vinnuverndar og ýmis verkefni sem falla utan við starfssvið vinnuverndarrannsóknanefndarinnar.

Samráð um aðferðafræði hefur á árinu 1995 m.a. verið um það hvernig auka megi innra eftirlit í fyrirtækjunum og gera stjórnendur þeirra ábyrgari í þessum málum. Einnig hefur verið fjallað um tilhögun markaðseftirlits með persónuhlífum, varnarbúnaði og vélum og tækjum. Á því sviði hefur verið tekin upp ákveðin verkaskipting milli landanna og skipti á upplýsingum til að koma í veg fyrir tvíverknað. Samráð hefur einnig verið um viðbrögð við tiltekinni áhættu sem starfsmenn verða fyrir, t.d. í hinni ört vaxandi endurvinnslu þar sem hætta stafar af ýmiss konar líffræðilegum áhrifavöldum.

Samráð um Evrópumálefni hefur verið mjög náið og hafa fulltrúar landanna hist í sérstakri undirnefnd til að fara yfir dagskrá væntanlegra ráðherrafunda ESB og samræma eins og kostur er afstöðu landanna til einstakra mála. Með þátttöku í þessu starfi hefur gefist einstakt tækifæri til þess að fylgjast með framvindu mála innan ESB, umfram það sem mögulegt er á vettvangi EES-samningsins.

Norrænt samstarf um stöðlun í Evrópu á sviði öryggis- og hollustuhátta á vinnustöðum er umfangsmikið og er talið til mikils gagns fyrir einstök lönd. Tilnefndur er fulltrúi af hálfu landanna til þess að fara með sameiginlega afstöðu þeirra í evrópsku staðlastofnununum, en vissulega geta komið upp vandamál vegna þess að löndin eru ekki að öllu leyti sammála um afstöðu.

Ýmis verkefni eru í gangi á vegum nefndarinnar og sótt er um mun meiri fjármuni til verkefna en til ráðstöfunar eru. Fjármunir hafa t.d. verið veittir til að kanna vinnuframlag barna og ungmenna á Norðurlöndum og stjórnar íslenskur sérfræðingur því verkefni.

Ísland tekur virkan þátt í starfi vinnuverndarnefndarinnar og hefur það komið að miklu gagni við að byggja upp þekkingu á þessum málum hér á landi og einnig við úrlausn einstakra viðfangsefna.

Nefndin um vinnuverndarrannsóknir.

Meginverkefni nefndarinnar (Nordisk arbejdsmiljøforskningsudvalg) er að stuðla að myndun norrænnar stefnu á sviði vinnuverndar. Þetta skal gert með því að koma á fót, undirbúa og setja í gang rannsóknarstarfsemi á vinnuverndarsviði. Ennfremur skal nefndin stuðla að því að rannsóknarniðurstöður séu birtar og að haldin verði námskeið og fundir þar sem rannsóknir á vinnuverndarsviðinu verði kynntar vísindamönnum á Norðurlöndum.

Á þessu sviði hefur nefndin komið á athugunum og leyst verkefni, sem Íslendingar hefðu ekki getað einir. Njótum við því góðs af þessu auk þess sem við höfum getað haft áhrif og komið á framfæri nýjum hugmyndum um verkefni. Af athyglisverðum verkefnum mætti nefna stöðuga athugun á vísindalegum grunni fyrir mengunarmörk, athugun á sálrænum og andlegum álagsþáttum í vinnu, vinnu við að setja takmörk á líkamlegt álag í vinnu svo nokkur verkefni séu nefnd.

Okkar þátttaka í vinnu nefndarinnar hefur verið okkur gagnleg og hefur gefið okkur möguleika á að stuðla að skynsamlegum langtíma markmiðum á sviði vinnuverndar.

Norræna stofnunin um framhaldsmenntun á sviði vinnuverndar (NIVA).

Markmið stofnunarinnar er að veita framhaldsmenntun fyrir sérfræðinga í atvinnulækningum, hollustuháttum á vinnustöðum og þeirra sem vinna við heilsuvernd starfsmanna.

NIVA heldur á hverju ári mörg námskeið um vinnuverndarmál og sér um að koma norrænum rannsóknarniðurstöðum á þessum sviðum til sérfræðinga á Norðurlöndum. Eystrasaltsríkjunum hefur einnig verið sinnt í þessari starfsemi. Starfssvið NIVA skarast að óverulegu leiti við starfsemi annarra norrænna stofnana eða verkefna.

Stofnunin er lítil og skilvirk, hún hefur þrjá fasta starfsmenn og fimm manna stjórn. Stofnunin og starfsemin er fjármögnuð með framlögum frá Norrænu ráðherranefndinni og með námskeiðsgjöldum frá þátttakendum og eru þau um 28 prósent af heildarfjárhagsáætlun.

Eftirspurn eftir námskeiðum er mikil á Norðurlöndum og utan þeirra. Námskeiðin hafa einnig verið vel sótt af Íslendingum. Æðri menntun af þessu tagi á sviði vinnuverndar hefur ekki verið til að dreifa hérlendis og starfsemi stofnunarinnar fallið vel að þörfum okkar, sem við höfum ekki fengið uppfyllt á annan hátt. Stofnunin hefur auk þess veitt Íslendingum sérstaka ferðastyrki til að sækja námskeiðin og höfum við vegna fjarlægðar frá hinum löndunum notið hlutfallslega stærri hluta þeirra en hinar þjóðirnar. Nokkur námskeið hafa verið haldin hér á landi ýmist undir íslenskri forystu eða í samvinnu við Íslendinga.

NIVA fær góða einkunn í skýrslunni „Nordisk nytte".

9.4. Starfsmannaskipti á Norðurlöndum

Styrkþegar á árinu 1995 voru fjórir talsins og fjárveiting til Íslands nam alls um 1.217.000 kr. (um 104.000 d.kr.). Fjárhæð styrks hefur verið óbreytt í allmörg ár, 6.500 d.kr. á mánuði, en að auki er greiddur ferðakostnaður sem reynt er að stilla í hóf eins og unnt er. Ekki hefur þótt fært að hækka styrkfjárhæðina því að fjárveiting til starfseminnar hefur farið lækkandi að raungildi. Þannig er heildarfjárveiting fyrir 1996 1.700.000 d.kr. en var á liðnu ári tæpar 1.900.000 d.kr. og hafði farið lækkandi.

Styrktímabil hér á landi nam ýmist tveim, þrem eða fjórum mánuðum og umsóknir voru fleiri en hægt var að sinna. Til þess að gera sem flestum til góða var veittur styrkur oftast lægri en um var sótt. Þess skal getið að sérstök fjárveiting til Færeyja og Grænlands, til eflingar Vestur-Norðurlöndum að þessu leyti, var óbreytt 1995, 50.000 d.kr. til hvors lands, og verður sama fjárhæð á árinu 1996.

Starfsemi þessari hefur á undanförnum árum verið gert erfitt fyrir með því að árlega frá árinu 1993 hefur í frumtillögum til fjárlaga Norrænu ráðherranefndarinnar verið gert ráð fyrir að fjárveiting til starfsmannaskiptanna yrði felld brott. Vegna eindreginna tilmæla samstarfsnefndarinnar sem fer með þessi mál (De statslige kontaktpersoner vedr. Nordisk tjenestemandsudveksling) og rökstuðnings um gagn og gildi þessarar starfsemi hefur fjárlaganefndin verið endurreistur hverju sinni, þótt hann hafi farið lækkandi að raungildi eins og að framan greinir. Óvissa fram eftir öllu ári um fjárveitingu næsta árs hefur verið væntanlegum umsækjendum til ama og tafið fyrir allri meðferð og afgreiðslu umsókna hjá nefndarmönnum.

Einstakra styrkþega er ekki getið í þessari greinargerð, en skrifstofunni eru kunn nöfn þeirra af samritum bréfa fjármálaráðuneytisins til Skrifstofu ráðherranefndar Norðurlanda um styrkveitingar hverju sinni.

10. Efnahagsmál

10.1. Fjármál og efnahagsmál

Á árinu 1995 lauk formennsku fjármálaráðherra, Friðriks Sophussonar, í ráðherranefnd efnahags- og fjármálaráðherra Norðurlandanna. Starfsemi og verkefni á sviði efnahags- og fjármálaráðherra Norðurlandanna á yfirstandandi starfsári hafa verið bæði fjölbreytt og yfirgripsmikil. Auk hefðbundinna verkefna hafa bæst við sérstök verkefni, m.a. á sviði umhverfismála, atvinnumála og samkeppnismála auk þess sem málefni Eystrasaltsríkjanna hafa hlotið mikla umfjöllun, sérstaklega í tengslum við norrænu fjárfestingaráætlunina. Framtíð norræns samstarfs í kjölfar aðildar Svíþjóðar og Finnlands að Evrópusambandinu var til sérstakrar umfjöllunar á árinu 1995. Hér á eftir verður gerð grein fyrir fundum og helstu áherslum í starfi efnahags- og fjármálaráðherra Norðurlandanna á starfsárinu 1995–1996. Auk þess verður fjallað um störf ýmissa nefnda á sviði þeirra, helstu verkefni og greinargerðir.

Ráðherrafundir.

Efnahags- og fjármálaráðherrar Norðurlandanna héldu tvo reglubundna fundi á árinu 1995 í mars og ágúst, en auk þeirra voru haldnir fundir þar sem rædd voru sérstök málefni. Í mars var haldinn fundur í Reykjavík þar sem fjallað var um horfur í efnahagsmálum á Norðurlöndunum. Auk þess var sérstaklega fjallað um framtíð norræns samstarfs og stuðning Norðurlandanna við Austur-Evrópuríkin. Í maí héldu ráðherrarnir óformlegan fund í París þar sem rætt var um helstu niðurstöður atvinnuleysisathugunar OECD og sameiginlegar athugasemdir Norðurlandanna við skýrsluna. Í ágúst funduðu ráðherrarnir á olíuborpalli í Norðursjó og ræddu um ESB og önnur alþjóðamál. Á þeim fundi var einnig fjallað um hugsanlega framlengingu á norrænu fjárfestingaráætluninni fyrir Eystrasaltsríkin. Í október var haldinn sameiginlegur fundur fjármálaráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna í Washington í tengslum við ársfund Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans þar sem meðal annars voru kynnt áform um að framlengja norrænu fjárfestingaráætlunina fram til ársins 1999. Í nóvember funduðu ráðherrarnir óformlega um fjárfestingaráætlunina í Eystrasaltsríkjunum í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Finnlandi. Einnig var haldinn formlegur fundur með ráðherrum Eystrasaltsríkjanna þar sem skrifað var undir yfirlýsingu um framlengingu fjárfestingaráætlunarinnar til ársins 1999.

Megináherslur í starfi ráðherranefndarinnar á yfirstandandi starfsári voru eftirfarandi:
Framtíð norræns samstarfs.
Samstarf á sviði atvinnumála.
Norræna fjárfestingaráætlunin fyrir Eystrasaltsríkin.
Samkeppnisstaða Norðurlandanna.
Stuðningur við rússnesku nærhéruðin.
Umhverfismál.
Starfsemi og verksvið Norræna fjárfestingarbankans.

Auk ofangreindra atriða hafa ráðherrafundirnir verið vettvangur almennrar umræðu um ástand og horfur í efnahagsmálum, bæði á Norðurlöndunum og á alþjóðavettvangi. Í nóvember sl. kom út árleg skýrsla ráðherranna um efnahagsmál á Norðurlöndunum (sjá umfjöllun um starf *efnahagsnefndar fjármálaráðherra*).

Helstu nefndir, skýrslur o.fl.

a) *Embættismannanefndin (EK-Finans).* Nefndina skipa háttsettir embættismenn í fjármálaráðuneytum landanna, einn frá hverju landi. Verkefni nefndarinnar eru fjölþætt. Meginverkefnið er að undirbúa ráðherrafundi og vera ráðgefandi í öllum málefnum sem varða starf ráðherranna á norrænum vettvangi. Nefndin hefur þannig haft yfirumsjón með skýrslugerð og greinargerðarskrifum fyrir ráðherrafundina. Jafnframt hafa gjarnan starfað sérstakir vinnuhópar á vegum nefndarinnar til að sinna ákveðnum verkefnum. Verkefni nefndarinnar í ár hafa verið mjög fjölbreytt. Á árinu 1995 var fjallað sérstaklega um framtíð norræns samstarfs í kjölfar aðildar Svíþjóðar og Finnlands að Evrópusambandinu. Á fundi fjármála- og efnahagsráðherra Norðurlandanna í Reykjavík lagði nefndin fram skýrslu um framhald norræns samstarfs á efnahagssviðinu. Í byrjun árs 1995 var gefin út skýrsla um umhverfismál með tilliti til Evrópusamstarfsins sem unnin er af sameiginlegum vinnuhópi á vegum embættismannanefnda um efnahagsmál og umhverfismál. Í ársbyrjun 1996 er von á annarri skýrslu þar sem fjallað er um umhverfisskatta á Norðurlöndunum (sjá umfjöllun um starf *vinnuhóps á sviði umhverfismála*). Í mars sl. stóð embættismannanefndin fyrir ráðstefnu í Reykjavík þar sem fjallað var um velferðarmál á Norðurlöndunum.

b) *Eystrasaltsnefndin (Baltikumudvalget).* Árið 1992 samþykkti Norðurlandaráð norræna fjárfestingaráætlun fyrir Eystrasaltsríkin sem miðaði að því að hjálpa litlum og meðalstórum fyrirtækjum og koma á fót sérstökum fjárfestingarbönkum í þessum ríkjum. Hlutverk þessarar nefndar er að hafa eftirlit og yfirumsjón með þessu verkefni. Nefndina skipa að mestu sömu fulltrúar og sitja í embættismannanefndinni. Starf nefndarinnar hefur að mestu falist í að greiða fyrir og leitast við að tryggja framgang fjárfestingaráætlunarinnar. Í þessu skyni hefur nefndin haft náin samskipti við fulltrúa Norræna fjárfestingarbankans (NIB), Evrópubankans í London (EBRD) og Norræna verkefnaútflutningssjóðsins (Nopef). Í maí sl. fór nefndin til Eystrasaltsríkjanna og átti viðræður við stjórnvöld og fulltrúa bankakerfisins þar sem fjallað var um reynsluna af norrænu fjárfestingaráætluninni og hugsanlegt framhald. Nefndin hefur sent árlegar skýrslur til Norðurlandaráðs um stöðu og framkvæmd fjárfestingaráætlunarinnar.

c) *Efnahagsnefndin (Konjunkturgruppen).* Helsta verkefni þessarar nefndar er að fjalla um ástand og horfur í efnahagsmálum, einkum á Norðurlöndum. Auk þess hefur nefndin iðulega fjallað um afmörkuð verkefni á sviði efnahagsmála sem eru ofarlega á baugi hverju sinni. Nefndin hittist tvisvar á ári og hana skipa embættismenn úr fjármálaráðuneytum landanna. Á hverju hausti skilar nefndin sérstakri skýrslu (Økonomiske udsigter i Norden) til fjármálaráðherranna sem síðan er lögð fram á þingi Norðurlandaráðs.

d) *Ráðgjafanefnd í gjaldeyris- og peningamálum (Nordiskt finansielt udvalg).* Eins og nafnið ber með sér er nefndin ráðgefandi aðili fyrir fjármálaráðherrana í gjaldeyris- og peningamálum. Ennfremur annast nefndin undirbúning og samræmingu norrænna sjónarmiða á þessu sviði á alþjóðavettvangi, einkum fyrir fundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Nefndina skipa embættismenn frá fjármálaráðuneytum og Seðlabönkum landanna. Af Íslands hálfu hefur Seðlabankinn að mestu sinnt þessu starfi til þessa. Fyrirhugað er að fjármálaráðuneytið komi í meira mæli inn í þetta starf á næstunni, meðal annars í ljósi aukins vægis peninga- og lánamála í starfi ráðuneytisins.

e) *Norræna hagrannsóknaráðið (Nordisk økonomisk forskningsråd).* Ráðið er sjálfstæður aðili sem heyrir undir fjármálaráðherrana. Meginverkefni þess er að stuðla að framgangi hagrannsókna með styrkveitingum, ráðstefnum o.fl. Í samræmi við þetta veitir ráðið árlega styrki til vísindamanna á þessu sviði og gengst fyrir ráðstefnum um ýmis þau málefni á sviði efnahagsmála sem efst eru á baugi hverju sinni. Ennfremur hefur ráðinu gjarnan verið falið að leggja sérstaka áherslu á tiltekin verkefni. Sem dæmi má nefna skattlagningu fyrirtækja, aðlögun Norðurlandanna að Evrópusambandinu auk sérstaks uppbyggingar- og fræðslustarfs í Eystrasaltsríkjunum. Frá árinu 1994 hefur verið lögð sérstök áhersla á athugun á samkeppnisstöðu atvinnulífs á Norðurlöndunum. Á árinu 1995 voru gefnar út 5 skýrslur á vegum ráðsins. Norræna hagrannsóknarráðið stendur á hverju ári fyrir ráðstefnum og í júní var haldin ráðstefna á Höfn í Hornafirði um ýmis skipulagsvandamál í rekstri hins opinbera. Í ráðinu sitja fulltrúar frá fjármálaráðuneytum, Seðlabönkum og háskólum landanna.

f) *Starfshópur um umhverfisvandamál í nágrenni Norðurlandanna (Ad-hoc gruppen om miljøindsatser i de nordiske nærområder).* Í júní árið 1994 var skipuð nefnd háttsettra embættismanna til að fjalla um hugsanlegar aðgerðir af hálfu Norðurlandanna til þess að taka á umhverfisvandamálum í Mið- og Austur-Evrópu, einkum í næsta nágrenni Norðurlandanna. Þar sem verkefnið er það umfangsmikið að Norðurlöndin geta með engu móti ráðið við það ein er mikilvægt að þau afli þessum málstað fylgis utan Norðurlandanna og beiti sér meðal annars á vettvangi alþjóðlegra fjármálastofnana í þessu skyni. Fjármála- og umhverfisráðuneyti allra Norðurlandanna eiga fulltrúa í nefndinni. Starfshópurinn kynnti tillögur sínar og skýrslu á fundi fjármála- og umhverfisráðherra Norðurlandanna í mars og voru þær samþykktar. Með því lauk starfi nefndarinnar.

g) *Vinnuhópur á sviði umhverfismála (Kontaktgruppe for miljøøkonomi).* Á vegum tveggja embættismannanefnda, þ.e. þeirra sem fjalla um efnahagsmál (EK-Finans) og umhverfismál (EK-Miljø), starfar sérstakur vinnuhópur sem einkum fjallar um hagrænar aðgerðir á sviði umhverfismála. Fjármálaráðuneytið og umhverfisráðuneytið eiga fulltrúa í þessum hópi. Á árinu 1995 hefur hópurinn unnið að ýmsum verkefnum. Í byrjun árs kom út á hans vegum skýrsla um ráðstefnu hópsins í Helsinki í september 1993 sem fjallaði um umhverfisskatta í Evrópu. Þá hefur hópurinn unnið að skýrslu um umhverfisskattlagningu á Norðurlöndunum sem er sú fjórða í röðinni, en hún er væntanleg fyrri hluta árs 1996. Einnig hefur hópurinn fjallað um umhverfismál og atvinnulíf og er unnið að greinargerð þar að lútandi. Að lokum ritstýrir hópurinn tímariti um umhverfishagfræði (Nordic Journal of Environmental Economics). Meginverkefni hópsins eru þó almenn skoðanaskipti um umhverfismál út frá hagrænu sjónarmiði.

h) *Sérfræðinganefnd um norræn fjárlög (Budgetexpertgruppen).* Hlutverk nefndarinnar er að skila faglegri umsögn um tillögu samstarfsráðherra um frumvarp til norrænu fjárlaganna, bæði tæknilegri og efnislegri. Fundi hópsins sitja einnig starfsmenn frá Skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar.

i) *Norræna launa- og starfsmannanefndin (Löne- och personaleutskottet).* Norræna launa- og starfsmannanefndin er ráðgefandi fyrir Norrænu ráðherranefndina (samstarfsráðherra) og stjórnarnefnd Norðurlandaráðs. Nefndin veitir ráðgjöf í launa-, ráðningar- og lífeyrismálum þeirra sem starfa við norrænar stofnanir, Ráðherranefndarskrifstofuna í Kaupmannahöfn og Forsætisnefndarskrifstofuna í Stokkhólmi. Nefndin fær þessi mál til umfjöllunar ýmist frá Norrænu samstarfsnefndinni, ráðherranefndinni, Norðurlandaráði eða skrifstofum þeirra. Nefndin getur að eigin frumkvæði skotið málum varðandi ráðningar- og starfskjör til ráðherranefndarinnar og stjórnarnefndarinnar. Hún ákveður þóknanir til stjórnarmanna við norrænar stofnanir. Nefndin á að ábyrgjast að um málefni er varða stofnanirnar fari eftir 5. gr. sáttmála þjóðanna um réttarstöðu norrænna stofnana frá 9. desember 1988 og að starfsmannafélög njóti umsagnarréttar áður en ákvörðun er tekin. Á síðasta ári gerði nefndin úttekt á skipan lífeyrismála hjá starfsfólki norrænna stofnana.

Norræni fjárfestingarbankinn.

Á árinu 1994 varð sú breyting á starfsháttum innan Norrænu ráðherranefndarinnar að ábyrgð og umsjón með málefnum Norræna fjárfestingarbankans var formlega færð frá samstarfsráðherrum Norðurlanda til fjármálaráðherranna. Þessi breyting var talin eðlileg þar sem málefni bankans heyra í flestum landanna undir fjármálaráðuneytin. Jafnframt eru ákvarðanir og afgreiðsla ríkisábyrgða og framlaga til bankans á verksviði fjármálaráðuneytanna. Breytingin var því talin greiða fyrir afgreiðslu ýmissa málefna bankans á norrænum vettvangi. Fyrstu 8 mánuði ársins 1995 nam hagnaður af rekstri bankans um 5,5 milljörðum króna sem er svipað og á sama tímabili á síðasta ári. Í lok ágúst sl. nam eigið fé bankans um 72 milljörðum króna. Eignarhlutur Íslands í bankanum nemur um 1%. (Sjá nánar kafla 15.1.)

Önnur starfsemi á vegum fjármálaráðherra.

Auk þeirra verkefna sem hér hafa verið nefnd er rétt að vekja athygli á að fjármálaráðherrar Norðurlanda hafa um árabil haft náið samstarf og samráð á vettvangi ýmissa alþjóðastofnana. Þannig hafa ráðherrarnir samráð fyrir fundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eins og áður hefur verið minnst á. Ennfremur má nefna hliðstætt samráð vegna funda á vegum OECD. Meginlínurnar eru gjarnan lagðar á norrænum ráðherrafundum og þeim er fylgt eftir á hinum ýmsu fundum innan OECD, jafnt ráðherrafundum sem öðrum. Þá má nefna starfsemi Evrópubankans í London. Norðurlöndin eiga þrjá fulltrúa í stjórn bankans sem hafa náið en óformlegt samráð þar sem leitast er við að samræma norræn sjónarmið.

10.2. Orku- og iðnaðarmál

Á árinu 1995 var megináhersla lögð á málefni lítilla og meðalstórra fyrirtækja hjá ráðherranefndinni. Ánægjuleg framþróun varð á samstarfinu við grannsvæði Norðurlanda og fylgst var vandlega með framvindu mála. Norræn samvinna í ljósi Evrópusamstarfsins á sviðum orku- og iðnaðarmála var rædd og gaumgæfð sérstaklega.

Á liðnu ári var áfram á dagskrá samstarf um útvegun áhættufjármagns til lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Efnt var til málþings í janúar um fyrirkomulag fjármögnunar slíkra fyrirtækja og þangað boðið fulltrúum helstu áhættufjármagnsstofnana á Norðurlöndum. Í framhaldi þess var tekin saman skýrsla, *Útvegun áhættufjármagns til lítilla og meðalstórra fyrirtækja á Norðurlöndum* (TemaNord 1995:522). Þá skýrslu er hægt að fá á skrifstofu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn. Umræðunni á málþinginu var fylgt eftir með því að vinnuhópur kannaði hvernig hægt væri, t.d. með skattívilnunum, að hvetja einkaaðila til að leggja meira áhættufjármagn í lítil og meðalstór fyrirtæki. Greinargerð starfshópsins og tillögur verða ræddar á málþingi sem áformað er í byrjun árs 1996.

Af viðfangsefnum ráðherranefndarinnar hefur nýsköpun í atvinnulífi verið ofarlega á baugi. Áhersla hefur verið lögð á þjónustustarfsemi hvers konar og í því sambandi var kannaður stuðningur stjórnvalda við að stofna til nýrra fyrirtækja og þjónustustarfsemi. Ráðherranefndin hefur tekið þennan samstarfsvettvang á dagskrá. Skýrsla ásamt tillögum þar að lútandi verður væntanlega tilbúin á fyrri hluta árs 1996. Vegna tilmæla Norðurlandaráðs, nr. 16/1995, um aðgerðir til að gera konum auðveldara að stofna ný fyrirtæki eru uppi áform um norrænt samstarf.

Ráðherranefndin áformar að taka upp víðtækt samstarf, m.a. á sviði vinnumála og byggðamála, til atvinnusköpunar og eflingar hagvaxtar.

Sérstök nefnd á vegum ráðherranna lagði mat á og skilaði skýrslu um framtíðartengsl samvinnu og skipan hins norræna samstarfs í orku- og iðnaðarmálum eftir að meirihluti Norðurlandaþjóða hefur gengið í Evrópusambandið.

Ráðherranefndin hefur ákveðið að Evrópusambandsmál og samskipti Norðurlandaþjóðanna verði fastur dagskrárliður á fundum iðnaðarráðherranna.

Mikil áhersla hefur verið lögð á samstarfið við grannsvæði Norðurlanda. Innan þeirrar heildaráætlunar í þágu grannsvæðanna sem ráðherranefndin setti af stað árið 1992, hefur margvíslegum verkefnum verið hrundið í framkvæmd. Samkvæmt sérstakri starfsþjálfunaráætlun hafa yfir 400 ungir starfsmenn frá grannsvæðunum fengið starfsþjálfun á Norðurlöndum hjá fjölmörgum norrænum fyrirtækjum. Samkvæmt mati utanaðkomandi aðila, sem gert var árið 1995, kemur fram að meðal árangursríkustu framkvæmda á vegum ráðherranefndarinnar á grannsvæðunum eru þessar aðgerðir sem og þær norrænu upplýsingaskrifstofur sem stofnaðar hafa verið í Eystrasaltsríkjunum. Á árinu 1995 var komið á fót samstarfi við OECD um fjárfestingarmál og viðskiptahætti milli Norðurlanda og grannsvæðanna. Þessu samstarfi verður væntanlega haldið áfram næstu árin.

Ráðherranefndin hefur ákveðið að styðja þá viðleitni Eystrasaltsríkjanna að aðlaga sig Evrópusambandinu á sviði iðnaðar- og atvinnumála. Ráðherranefndin mun því kanna hvaða atriði þau leggja höfuðáherslu á í því sambandi og koma á varanlegu samstarfi t.d. með málþingum, námsferðum og skiptum á sérfræðingum.

Fundi ráðherranefndinnar með iðnaðarráðherrum Eystrasaltsríkjanna árið 1994 var fylgt eftir með því að samdar voru greinargerðir um iðnaðarstefnu fyrir Lettland og Litháen. Stefnuskráratriði þar að lútandi verða rædd á sameiginlegu málþingi sem haldið verður á árinu 1996.

Stofnanirnar:

Norræni iðnaðarsjóðurinn.

Norrræni iðnaðarsjóðurinn starfar á sviði ráðherra iðnaðarmála, sjá nánar kafla 15.2.

Nordtest.

Fjárveitingar til Nordtest árið 1995 námu 12,3 millj. d.kr. Rúmlega 80% þeirrar upphæðar voru notuð til ýmissa verkefna. Á tímabilinu frá nóvember 1994 til október 1995 var byrjað á 72 nýjum verkefnum. Á sama tímabili hlutu 26 nýjar aðferðir sem Nordtest hefur þróað og 36 tækniskýrslur viðurkenningu. Heildarfjöldi Nordtest-aðferða er þar með orðinn 1247.

Starfsemin á árinu 1995 hefur verið í samræmi við þá framkvæmdaáætlun sem gerð var árið 1994 og útgjöld hafa verið innan marka fjárhagsáætlunar fjárlaga fyrir árin 1995–1997.

Samkvæmt framkvæmdaáætluninni stuðlar Nordtest að öryggi, góðu umhverfi og gæðum með því að efla norræna samvinnu um prófunartækni. Á árinu var lokið við stefnumótun um fimm áherslusvið Nordtest, það er byggingarmál, upplýsinga- og rafeindatækni, gæði og veðurfræði, efnistækni og umhverfismál. Unnið var að gerð framkvæmdaáætlana fyrir árin 1996–1998.

Nordtest hefur ætíð haft norræna hagsmuni að leiðarljósi. Nordtest hefur mjög fengist við þróun prófunaraðferða. Aðferðir og tækniskýrslur Nordtest eru gjarnan lagðar til grundvallar í alþjóðlegu og evrópsku þróunar- og stöðlunarstarfi á sviði prófunartækni. Það hefur haft í för með sér að tekið er mikið tillit til norrænna aðstæðna og sjónarmiða í þessum efnum.

Samstarf við Eystrasaltsríkin í byggingariðnaði hefur leitt til þess að evrópskar reglur hafa verið teknar upp varðandi faggildingu og vottun rannsóknastofa byggingariðnaðarins í Eystrasaltsríkjunum.

Samstarf við aðrar norrænar stofnanir á sviði prófunartækni, m.a. SCAN-test á pappírssviði og NMKL á sviði matvæla, var þróað áfram til þess að ná fram samvirkniáhrifum. Nordtest hefur tekið virkan þátt í samstarfinu innan Eurolab, ILAC og annarra alþjóðlegra stofnana á sviði prófunar og faggildingar. Samstarfið við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, CEN/CENELEC/Etol hefur þróast áfram á jákvæðan hátt.

Framlög og styrkir til verkefna:

	d.kr.
Útvegun áhættufjármagns – könnun	400.000
Nýsköpun/þjónustugeirinn	360.000
Nordtest – stuðningur við Eurolab-skrifstofu	140.000
INSTA – málþing um staðla í Eystrasaltsríkjunum	150.000
Málþing um áherslur í iðnaði	300.000

Tilmæli Norðurlandaráðs nr. 16/1995, um aðgerðir til að auðvelda konum að stofna ný fyrirtæki (A 1079/e):

Tilmælin eru á þá lund að ráðherranefndin láti gera úttekt á því verklagi sem tíðkast á Norðurlöndum og snýr að nýsköpun á vegum kvenna í atvinnulífinu. Á grundvelli þessarar athugunar verði settar fram tillögur um aðgerðir til að auðvelda konum stofnun og rekstur fyrirtækja.

Þess má geta að þegar á árinu 1994 skipaði ráðherranefndin vinnuhóp til að fjalla um stuðningsaðgerðir við stofnun nýrra fyrirtækja með sérstakri áherslu á þjónustu hvers konar. Gerð hefur verið úttekt á þjónustustarfsemi á Norðurlöndum og styrkjakerfi sem er við lýði. Einnig var kannað innan hvaða þjónustusviðs og nýsköpunar má efla frumkvæði með stuðningsaðgerðum. Einnig hafa möguleikar á norrænu samstarfi á þessu sviði verið ígrundaðir. Vinnuhópurinn lýkur væntanlega störfum um mitt ár 1996.

Vinnuhópurinn mun einnig huga að fyrirtækjastofnun kvenna. Því hefur ráðherranefndin ákveðið að bíða eftir umræddri skýrslu áður en hleypt er af stokkunum sérstakri athugun varðandi konur og stofnun fyrirtækja.

10.3. Samgöngumál

Eins og fram kemur í skýrslu samstarfsráðherra fyrir árið 1994 fer norrænt samstarf um samgöngumál að mestu fram í norrænni embættismannanefnd um samgöngumál (NET), en í henni eiga sæti ráðuneytisstjórar samgönguráðuneytanna á Norðurlöndunum, ásamt aðstoðarfólki. Undanfarin ár hafa ráðherrar samgöngumála hist tvisvar á ári að jafnaði í tengslum við þing Norðurlandaráðs. Á árinu 1995 voru haldnir tveir fundir samgönguráðherra Norðurlandanna, hinn fyrri í Reykjavík 28. febrúar og hinn síðari í Kuopio í Finnlandi 14. nóvember.

Á fundi í mars 1994 tóku samgönguráðherrar Norðurlandanna til afgreiðslu tillögu NET varðandi uppsögn norræna samgöngusamningsins frá árinu 1972. Niðurstaðan varð þá sú að samþykkt var að leggja fyrir aukaþing Norðurlandaráðs í Tromsø í nóvember 1994 tillögu þessa efnis. Tillagan var send umhverfisnefnd Norðurlandaráðs í október 1994 til þóknanlegrar umfjöllunar.

Á fundi sínum í Reykjavík samþykktu samgönguráðherrarnir, í samræmi við 15. grein samningsins, að honum yrði sagt upp með tilskyldum fyrirvara.

Á árinu 1995 voru eftirtalin mál m.a. til umfjöllunar:

1. Framtíð norræns samstarfs á sviði samgangna og umferðaröryggismála.

Snemma á árinu lagði norræna embættismannanefndin (NET) fyrir ráðherrana tillögu um tilhögun þessa samstarfs í næstu framtíð. Gengið var út frá þeim sjónarmiðum að takmarka samstarfið við þá þætti sem nýttust best öllum norrænu þjóðunum, jafnframt því að aðlaga samstarfið breyttum áherslum í Evrópu. Mælt var með því, að markmið norræns samstarfs á þessu sviði skyldu vera eftirfarandi:

- að miðla upplýsingum,
- að skiptast á skoðunum, varðandi mál er hafa samnorræna þýðingu, m.a. er tengjast Evrópusambandinu (ESB),
- að hafa samráð um annað erlent samstarf.

Varðandi innihald samstarfsins í framtíðinni var nefndin sammála um að leggja áherslu á:

- að ræða málefni er tengjast ESB, bæði þau sem til umfjöllunar eru frá degi til dags og þau sem höfða til lengri framtíðar,
- að fjalla um samgöngukerfin innan Norðurlandanna og milli þeirra og nærliggjandi landa,
- að ræða tengsl (sambúð) umferðar og umhverfis,
- að fjalla um umferðaröryggismál.

Varðandi skipulag og fyrirkomulag samstarfsins lagði NET til að ráðherrarnir hittust árlega og þá í tengslum við þing Norðurlandaráðs, eins og oftast hefur verið fram á þennan dag. Undirbúningur fundanna yrði sem áður á hendi NET.

Til að fjalla um aðkallandi málefni og ýmis forgangsmál verða settir á fót starfshópar.

Á fundi sínum í Kuopio samþykktu samgönguráðherrarnir framangreinda tillögu embættismannanefndarinnar.

2. Málefni er varða EES/ESB og Norðurlöndin.

Á fundum ráðherranna voru kynnt og rædd þau mál sem á árinu voru efst á baugi í samskiptum EES/ESB og Norðurlandanna. Af einstökum málum má nefna fjárfestingar í vegum og járnbrautum á leiðum er tengja Norðurlönd við önnur Evrópuríki, loftferðasamninga Evrópuríkja við Bandaríki Norður-Ameríku, samræmingu á flugumferðarstjórn í Evrópu, nýtt og samræmt evrópskt ökuskírteini, vegatolla í Evrópu og hámarksþyngd og lengd flutningabíla.

3. Samgöngur og umhverfismál.

Á fundi samgönguráðherranna í júlí 1994 var ákveðið að gera úttekt á því til hvaða aðgerða einstök lönd hafa gripið til þess að draga úr loftmengun frá umferðinni. Skipaður var starfshópur til þess að vinna þetta verk og skilaði hann skýrslu í byrjun þessa árs.

Starfshópurinn benti á að Norðurlöndin hafa við svipuð vandamál að etja í þessum málaflokki.

Í skýrslunni kemur m.a. fram að mörg Norðurlandanna hafa lagt út í ýmsar aðgerðir til að draga úr loftmengun frá samgöngutækjum.

Ráðherrarnir voru sammála um að samstarfið innan ESB/EES muni skapa nýja möguleika til lausnar á þessum vanda.

Skýrslan var send umhverfisnefnd Norðurlandaráðs til frekari umfjöllunar.

NET fékk það verkefni að fylgja eftir niðurstöðum skýrslunnar.

4. Umferðaröryggismál.

Á árinu 1993 var gerð formbreyting á norrænu samstarfi í þessum málaflokki. Norræna umferðaröryggismálaráðið (NTR) var lagt niður og einnig undirnefnd þess Norræna nefndin um rannsóknir á sviði umferðaröryggismála (NKT) og sett á laggirnar „Styringsgruppen for Nordisk Trafikksikkerhet" (SNT). SNT heyrir beint undir norrænu embættismannanefndina.

Á fundum NET á árinu voru málefni og áframhaldandi starfsemi SNT rædd. Niðurstaða NET var sú að leggja til við samgönguráðherra Norðurlandanna, að SNT skuli starfa áfram með óbreyttu formi út árið 1996, en frá og með 1. janúar 1997 taki NET alfarið yfir verkefni er lúta að umferðaröryggismálum og SNT verði lagt niður.

Þessi tillaga NET var samþykkt á fundi ráðherranna í Kuopio í nóvember sl.

10.4. Norrænt samstarf á sviði húsnæðis- og byggingarmála

Meginviðfangsefni samstarfsins á liðnu ári voru m.a. á sviði stefnumótandi þátta húsnæðismála og tæknilegt samráð um byggingarlög og reglugerðir, þar með talið samstarf á svið rannsókna og byggingarstaðla.

Starfið einkenndist nokkuð af óvissu um framhald og fyrirkomulag samstarfsins. Húsnæðisráðherrar landanna lögðu mikið kapp á að tryggja framhald norræns samstarfs og voru m.a. haldnir tveir ráðherrafundir á árinu til að fjalla um málið. Á ráðherrafundi í Kaupmannahöfn þann 24.–25. október var ákveðið að leggja sérstaka áherslu á félagslega þætti húsnæðismála og aðgerðir í þágu Eystrasaltsríkja. Sérstakt forgangsverkefni fjallar um úttekt á aðgerðum til að fyrirbyggja félagslegan aðskilnað á húsnæðismarkaði og félagsleg vandamál í íbúðarhverfum. Niðurstöður eiga að liggja fyrir á árinu 1996.

Á árinu var mikið um samræmingu ýmissa verkefna vegna Evrópusamstarfs og var á fundi norrænu ráðherranna fjallað um viðfangsefni samstarfs húsnæðisráðherra Evrópusamstarfsins. Einnig var unnið að sameiginlegum undirbúningi fyrir þátttöku í húsnæðis- og byggðamálaráðstefnunni „Habitat II" sem haldin verður í Istanbúl í júní 1996 á vegum Sameinuðu þjóðanna.

Norrænt byggingarsamstarf var á árinu mikilvægur vettvangur rannsókna og samræmingar staðla. Með þátttöku sinni í norrænu samstarfi á þessu sviði hafa Íslendingar fengið aðgang að umfangsmiklu tengslaneti og rannsóknarverkefnum sem notið hafa norrænna styrkja. Unnið var að verkefnum sem fjalla um burðarþol, eldvarnir, orkusparnað, húsasótt, umhverfisvæn byggingarefni, aðgengi og endingu húsa. Sérstök skýrsla um vistvæn byggingarefni var gefin út á árinu (Norræna byggingarmálanefndin, NKB, 1995:07). Norræna samstarfið í byggingarmálum hefur verið mjög gagnlegt og hefur auðveldað mjög tök okkar á að fylgjast með þróun mála á Evrópuvettvangi. Þetta á einkum við um staðlasamstarfið, en innan tíðar munu Evrópustaðlar leysa af hólmi þjóðarstaðla og norræna staðla. Samdráttur í fjárveitingum til sameiginlegra norrænna verkefna á sviði byggingarmála mun hafa afdrifaríkar afleiðingar fyrir Íslendinga og nánast gera okkur ókleift vegna kostnaðarauka að taka þátt í áframhaldandi samstarfi.

Varðandi stefnumótandi þætti húsnæðismála var auk áður getinnar rannsóknar á félagslegum þáttum húsnæðismála lokið við þrjú rannsóknarverkefni:

1. Niðurgreiðsla húsnæðiskostnaðar og byggingarkostnaður.
2. Greiðsluerfiðleikar heimilanna.
3. Hlutverk félagslegra leiguíbúða á húsnæðismarkaðnum.

Á árinu var áfram unnið að yfirliti um fyrirkomulag húsnæðismálanna á Norðurlöndunum. Einnig er verið að vinna að samanburði á lögum landanna er lúta að húsnæðismálum. Bæði verkefnin hafa í forgrunni þær breytingar sem eru að verða í kjölfar aukins Evrópusamstarfs. Frelsi til að vinna og setjast að getur haft mikil áhrif á húsnæðismálin og til lengri tíma einnig á fyrirkomulag húsnæðismála.

10.5. Byggðamál

10.5.1. Embættismannanefndin um byggðamál (NERP).

Samstarf Norðurlandanna í byggðamálum er í þremur meginþáttum: Viðamest að fjárhagslegu umfangi eru hin norrænu samstarfssvæði. Embættismannanefndin stendur fyrir almennu samráði og upplýsingamiðlun. Þriðji meginþátturinn í hinu norræna samstarfi á þessu sviði eru rannsóknir. Sérstök rannsóknastofnun, NordREFO, annast um þennan þátt en á vegum embættismannanefndarinnar starfar einnig sérstök skrifstofa NOGRAN, sem annast ýmisskonar úttektir og söfnun tölfræðigagna um málaflokkinn. Málaflokkurinn hefur samtals til ráðstöfunar 32,8 millj. d.kr. Til norrænu samstarfssvæðanna er varið 21,5 millj. d.kr.

Árið 1995 var að hálfu formennskuár Íslands í norrænu samstarfi. Haldnir voru tveir ráðherrafundir á starfsárinu, báðir á Íslandi. Sá síðari var haldinn í tengslum við fund Norðurlandaráðs í Reykjavík sl. vor. Samþykkt var fjögurra ára samstarfsáætlun á sviði byggðamála og var hún lögð fram og samþykkt af Norðurlandaráði.

Í samræmi við samstarfsáætlunina hefur verið unnið að undirbúningi stækkunar Vestur-Norðurlandasamstarfsins með því að bæta strandhéruðum Noregs í hópinn. Nánari grein er gerð fyrir þessu í sérstökum kafla hér á eftir. Þá hefur verið unnið að sérstöku samstarfsverkefni milli landbúnaðargeirans og byggðamála og var því hleypt af stokkunum í lok ársins 1995. Einn hluti þess samstarfs verður á höndum Íslands. Þá hefur verið unnið áfram að samstarfi á sviði byggðamála milli Norðurlandanna og skosku eyjanna og hálandanna.

Byggðamál eru mjög mikilvægur hluti af starfsemi Evrópusambandsins. Þau Norðurlandanna sem þar eru aðilar hafa notað samstarfið á vegum embættismannanefndarinnar til þess að samræma skoðanir og miðla upplýsingum. Sett hefur verið á laggirnar sérstök undirnefnd NERP/EU í þessu skyni. Nú eru samskiptamál nýju aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnar ESB að færast í fastara form og þá minnkar nauðsyn þess að hafa jafn náið samstarf og var meðan inngangan gekk yfir.

Mikilvægt er að unnið sé að því að bæta nýtingu þeirra fjármuna sem notaðir eru í samstarf milli grannhéraða Norðurlandanna. Meðal annars í því skyni hefur embættismannanefndin hleypt af stokkunum rannsóknaverkefni, að frumkvæði fulltrúa Íslands, þar sem kannað verður hvaða vinnuaðferðir henta best. Þetta er gert með því að safna upplýsingum um vel heppnaðar samstarfshugmyndir og miðla upplýsingum á milli þjóða. Haldinn er ársfundur norrænu samstarfssvæðanna sem hefur reynst prýðilegur vettvangur í þessu skyni. Eitt af því sem áhyggjum veldur er að áhuginn að undanförnu hefur beinst að því að nota fjármuni þá sem Norðurlandasamstarfið hefur yfir að ráða til að búa í haginn fyrir þátttöku héraðanna í hinum umfangsmiklu stuðningsaðgerðum ESB við landamærahéruð, s.k. INTERREG II áætlun. Þar er fyrst og fremst um stuðning við ýmisskonar framkvæmdir í landamærahéruðum að ræða en ekki við samstarf sem slíkt. Of mikill ákafi í þessa átt gæti kæft hið áratuga gamla norræna samstarf sem náð hefur til mjög mismunandi sviða.

Þátttaka Íslands í rannsóknasamstarfi Norðurlandanna í byggðamálum hefur farið vaxandi á undanförnum árum. Á árinu 1995 lauk rannsóknaverkefni sem staðið hafði yfir í 3 ár um sjávarútvegsbyggðir, stöðu þeirra og möguleika með ráðstefnu á Borgundarhólmi. Því verkefni var hleypt af stokkunum að frumkvæði Íslands. Niðurstöður hafa að hluta til þegar verið gefnar út í skýrslum. Gegnum þátttöku í rannsóknasamstarfinu hefur verið mögulegt að fylgjast mun betur með því sem er að gerast varðandi byggða- og atvinnuþróun en ella hefði verið hægt. Það kom því mjög flatt upp á menn þegar nefnd á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar mat starfsemi NordREFO lítilvæga frá sjónarhóli Norðurlandasamstarfsins.

10.5.2. Norræna Atlantsnefndin (áður Samstarfsnefnd Vestur-Norðurlanda).

Unnið hefur verið að gagngerum breytingum á samstarfi hinna vestlægu Norðurlanda í byggðamálum. Samstarfsnefnd Vestur-Norðurlanda (Vestnorden-kommittéen), sem um 15 ára skeið hefur verið vettvangur samstarfs Íslendinga, Grænlendinga og Færeyinga, var á árinu 1995 lögð niður með formlegum hætti, en við tók ný nefnd, Norræna Atlantsnefndin (Nordisk Atlantsamarbejde). Auk framangreindra landa eiga Norðmenn nú aðild að þeirri nefnd.

Hin nýja samstarfsnefnd heyrir undir norrænu embættismannanefndina um byggðamál (NERP), líkt og níu aðrar nefndir sem fara með svæðasamstarf í byggðamálum. Segja má að sérstaða hins nýja samstarfssvæðis sé hliðstæð þeirri sem áður var og felst hún m.a. í að Ísland, Grænland, Noregur og Færeyjar eiga ekki eiginleg landamæri saman, fjarlægðir eru miklar og staðhættir afar misjafnir innan svæðisins. Vegna þessara einkenna hefur samstarf hinna vestlægu Norðurlanda verið með nokkuð öðrum hætti en á hinum samstarfssvæðunum, en það hefur í miklum mæli snúist um atvinnuþróunarstarf, fyrirtækjasamvinnu og rannsóknarsamvinnu. Með aðild Norðmanna að samstarfinu má vænta nokkurra áherslubreytinga frá því sem áður var og er ekki síst ástæða til að vonast til að fyrir íslenska aðila gefist ný tækifæri til samstarfs og samvinnu milli mennta- og rannsóknastofnana og fyrirtækja.

Vegna þeirra breytinga sem hér hefur verið greint frá var stærstum hluta sl. árs varið til þess að undirbúa stofnun og upphaf hins nýja samstarfs. Var þar leitast við að skilgreina verkefni og markmið sem best og gaumgæfa vel hvaðeina er varðar skipulag og starfshætti. Á fyrsta fundi nefndarinnar sem haldinn var í Bergen í september sl. var samþykkt að skrifstofa nefndarinnar skyldi áfram vera staðsett í Þórshöfn í Færeyjum, að auglýst yrði eftir framkvæmdastjóra fyrir nefndina, og að stofnað yrði eins konar framkvæmdaráð, sem í ætti sæti einn fulltrúi frá hverju landi, en hlutverk þess yrði að undirbúa ákvarðanir nefndarinnar og veita framkvæmdastjóra leiðsögn í einstökum málum. Þá var á sama fundi samþykkt starfsáætlun sem ráðgjafafyrirtækið Hagvangur vann í samvinnu við nefndarmenn, þar sem kveðið er á um hver skuli vera meginverkefni og markmið nefndarinnar. Meginmarkmiðin með starfi nefndarinnar eru eftirfarandi:

- Að hvetja til og efla samvinnu innan svæðisins með áherslu á eftirfarandi svið: (1) auðlindir og umhverfismál sjávar, (2) ferðaþjónustu og samgöngur, (3) viðskipti og iðnað, (4) landbúnað og (5) umhverfismál.
- Að koma á samstarfi milli nefndarinnar og annarra aðila sem vinna að hliðstæðum og tengdum verkefnum innan samstarfssvæðisins. Einkum skal þó lögð áhersla á samvinnu við atvinnuþróunar- og rannsóknarstofnanir í löndunum fjórum.
- Að miðla reynslu og þekkingu í byggða- og atvinnumálum milli landanna.
- Að stuðla að rannsóknum og þróun á framangreindum sviðum, þar sem löndin geta notið góðs af reynslu hvers annars með því að koma á samskiptum stofnana, fyrirtækja og fólks í millum.

Um starfshætti og skipulag er fjallað í reglugerð sem nefndin hefur samið og Norræna ráðherranefndin hefur nýlega staðfest.

Á undanförnum árum hefur fjárveitingum til nefndarinnar, sem verið hafa um 3–3,5 millj. d.kr. á ári, að mestu verið varið til styrkja og hafa þeir verið auglýstir lausir til umsóknar. Almennt hefur verið gerð sú krafa til umsókna að um sé að ræða samstarfsverkefni milli a.m.k. tveggja af löndunum þremur. Fyrirhugað er að nefndin beini starfi sínu í vaxandi mæli að verkefnum sem nefndin hefur sjálf frumkvæði að og að aukin vinna verði lögð í að greina þau samstarfssvið og verkefni þar sem nefndin getur stuðlað að árangursríkri samvinnu milli landanna, en að minna fé verði varið til tilfallandi styrkja. Fjárveiting til nefndarinnar á næsta ári er hátt á fimmtu milljón d.kr., en hluta af því fé verður væntanlega ráðstafað á fundi nefndarinnar sem haldinn verður að Hallormsstað í júnímánuði 1996.

Alls bárust um 60 umsóknir um stöðu framkvæmdastjóra nefndarinnar, en ákveðið var að ráða Kjartan Høydal, sjávarlíffræðing og fiskimálastjóra í Færeyjum, í stöðuna og tekur hann til starfa 1. febrúar 1996. Þrír fulltrúar frá löndunum fjórum eiga sæti í nefndinni, og voru Guðmundur Árnason, deildarstjóri í forsætisráðuneytinu, Sturlaugur Þorsteinsson, bæjarstjóri á Hornafirði, og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, skipaðir í hana af forsætisráðherra. Svo er að sjá sem almennur áhugi sé meðal Norðmanna á samstarfinu, en fulltrúar Noregs í nefndinni eru tilnefndir af landshlutasamtökum sveitarfélaga í norðurhéruðum Noregs, sveitarstjórnasamtökum í Suður- og Vestur-Noregi og af ráðuneyti sveitarstjórnarmála.

10.6. Landbúnaður og skógrækt

Á sl. ári lauk starfsáætlun Norðurlanda á sviði landbúnaðar og skógræktar. Áætlun var samþykkt árið 1985 á 33. þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík og var tekin til endurskoðunar árið 1990 og samþykktur viðauki við starfsáætlunina. Meginbreytingar voru fólgnar í ríkari áherslu á samstarf landanna um Evrópumálefni og á alþjóðlegum vettvangi.

Á 47. þingi Norðurlandaráðs, sem haldið var í Kuopio í Finnlandi, gerði landbúnaðarráðherra Íslands Guðmundur Bjarnason þinginu grein fyrir tillögu norrænna landbúnaðar- og skógræktarráðherra að nýrri samstarfsáætlun Norðurlandanna, sem þingið samþykkti.

Áætlunin grundvallast á nýjum áherslum í norrænu samstarfi sem forsætisráðherrarnir hafa ákveðið. Í fyrsta lagi er lögð rík áhersla á „norrænt notagildi" samstarfsins (Nordisk nytte). Áhersla er lögð á að viðhalda menningarlegum og verðmætalegum samskiptagrundvelli landanna á sviði þessara atvinnugreina. Gengið er út frá því hversu náttúrufar landanna til landbúnaðar og skógræktar sker sig úr samanborið við önnur lönd álfunnar. Í öðru lagi er lögð rík áhersla á samstarf landanna á alþjóðlegum vettvangi. Landbúnaðar- og skógapólitík Norðurlanda er í sívaxandi mæli háð alþjóðlegum áhrifum og áhrifum frá ESB. Samvinna á því sviði til að styrkja stöðu landanna er því eitt af áhersluatriðum samstarfsáætlunarinnar. Þá eiga Norðurlöndin sameiginlegt hagsmunamál í sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda sem landbúnaður og skógrækt byggja á. Jafnframt er norrænt samstarf um náttúruvernd og varðveislu erfðabreytileika tegunda fyrirmynd sem unnt er að setja fram á alþjóðlegum vettvangi. Í þriðja lagi munu löndin vinna saman að umhverfismálum, mennta- og rannsóknamálum tengdum landbúnaði á hinum svonefndu „nágrannasvæðum". Markmið með þeirri samvinnu er að efla framþróun þeirra landa sem í hlut eiga og koma í veg fyrir tvíverknað í stuðningi Norðurlandanna við þau.

Áhersluatriði samstarfsáætlunarinnar á sviði landbúnaðar- og skógræktar, sem spannar árin 1996–2000 eru eftirfarandi fjögur svið:

Gæðastjórnun í landbúnaði á umhverfisvænan hátt.

Áhersla er lögð á mengunarmál einkum vatns, umhverfisvernd, varðveislu ræktaðs lands, umhverfi húsdýra og umhverfisvernd á nágrannasvæðum landanna.

Varðveisla erfðabreytileika í landbúnaði.

Samstarf landanna verði eflt á þessu sviði og lögð ríkari áhersla á varðveislu erfðaefnis dýra en verið hefur. Samstarf við Eystrasaltsríkin verði aukið og unnið að framkvæmd alþjóðasamnings um varðveislu á fjölbreytileika tegunda. Norræni genbankinn verði efldur.

Þróun dreifbýlis sem háð er landbúnaði.

Samstarf landanna verður fólgið í að finna nýja atvinnumöguleika, í stað hefðbundins búskapar, sem byggja á staðbundnum auðlindum tengdum landbúnaði og skógrækt og aukinni úrvinnslu afurðanna. Jafnframt að auka atvinnumöguleika kvenna á þessum svæðum ásamt því að þróa landbúnað og skógrækt á Norðurkollunni og á Vestur-Norðurlöndum.

Sjálfbær skógrækt.

Samstarfið mun snúast um lífvænlega skógrækt og taka til rannsókna- og þróunarvinnu um erfðabreytileika, margsháttar nýtingarmöguleika og starfsemi og lífsþrótt í vistkerfi skóganna.

Nokkur breyting verður á skipulagi og vinnulagi innan ráðherranefndarinnar og í stofnunum hennar auk þess sem sérstök áhersla verður lögð á samráð um vinnulag í tengslum við nærsvæðin og á kröfuna um „norrænt notagildi". Dagskrá á fundum landbúnaðarráðherranefndarinnar mun breytast og fundir verða haldnir tvisvar á ári í stað eins fundar áður.

Í tengslum við hina nýju starfsáætlun hefur verið tekið mið af úttektum sem unnar hafa verið á öllum helstu verkefnasviðum innan landbúnaðaráætlunarinnar sem var að ljúka. Sérstök úttekt var gerð á norrænum stofnunum undir fyrirsögninni „Nordisk nytte" og náði hún til tveggja stofnana undir NEJS, Norræna genbankans fyrir nytjaplöntur og Samnorrænu skógarrannsóknanefndarinnar (SNS). Þessu mati var skilað inn síðla árs og varð niðurstaðan mjög góð fyrir báðar stofnanirnar sem fengu góðan vitnisburð fyrir „norrænt notagildi" og vinnugæði.

Á liðnu ári tóku Íslendingar virkan þátt á flestum sviðum þeirrar starfsáætlunar um landbúnaðarmál sem var að ljúka og eru þessi helst:

- Norrænt samstarfsverkefni í landbúnaði og skógrækt (NKJS). Árlegur fundur var haldinn í Biri í Noregi. Aðalefni fundarins var evrópsk umhverfispólitík, og alþjóðleg skógapólitík.
- Norræni genbankinn fyrir nytjaplöntur (NGB).
- Norræni genbankinn fyrir húsdýr (NGH).
- Norræna samstarfsráðið fyrir landbúnaðarrannsóknir (NKJ).
- Norræna bútækniráðið (NTS).
- Samstarf um plöntusjúkdóma og samræming á reglum um innflutning.
- Samstarfsnefndin um norrænar skógræktarrannsóknir (SNS).
- Samstarf landbúnaðarháskólanna.

Á árinu 1995 var unnið áfram að skipulagsbreytingum á starfi NKJ sem var undir íslenskri formennsku Þorsteins Tómassonar. Meðal verkefna sem sérstaklega voru skoðuð var könnun á auknu samstarfi NKJ við SNS en hluti skipulagsbreytinganna miðaði að því að hvetja til slíks samstarfs. NKJ þróaði og á árinu samstarf sitt við NorFA sem umsagnar- og matsaðili á umsóknum um ráðstefnur og námskeið á sviði hagnýtrar líffræði. Einnig var unnið áfram að verkefnum innan umhverfisáætlunar í nánu samstarfi við EK-Miljø. NKJ annaðist og skipulagningu á ráðstefnu í Tartu í Eistlandi í samstarfi við systurstofnun sína meðal Eystrasaltslandanna og er þetta mikilvægur liður í að efla samstarfið við þau lönd. Ársfundur NKJ var haldinn á Íslandi í tengslum við um 800 manna ráðstefnu Nordiska Jordbruksforskares Förening (NJF) sem haldin var í Reykjavík á sl. sumri.

Varðveisla erfðabreytileikans er vaxandi áherslusvið innan NEJS og gegna genbankarnir tveir NGB og NGH viðamiklu hlutverki, sérstaklega NGB, vegna samræmingar á stefnu Norðurlandanna varðandi framgang á ályktunum Ríó-ráðstefnunnar um varðveislu erfðabreytileikans. Íslendingar gegndu forstöðu fyrir genbankana á árinu, Dr. Sigfús Bjarnason fyrir NGB og Dr. Stefán Aðalsteinsson fyrir NGH. Þorsteinn Tómasson er formaður stjórnar NGB.

Íslendingar hafa tekið virkan þátt í starfsemi þessara stofnana.

Fyrir skógræktarmenn er Samstarfsnefndin um norrænar skógræktarrannsóknir (SNS) aðalvettvangurinn á vegum ráðherranefndarinnar. Stjórn SNS lagði fram endurskoðaða starfsáætlun fyri starf sitt á síðasta ári, „Strategiplan for SNS 1994–1997", og er unnið eftir henni. SNS hefur hliðstætt hlutverk gagnvart Norrænu ráðherranefndinni á sviði skógræktar-

mála og NKJ á sviði landbúnaðar og umhverfisrannsókna. Báðar þessar norrænu stofnanir eru í vaxandi mæli vettvangur fyrir upplýsingamiðlun og samráð um ýmis málefni sem snerta Evrópusamstarfið í Brussel.

Íslenskir skógræktarmenn, sérstaklega starfsmenn Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins á Mógilsá, taka virkan þátt i mörgum undirhópum SNS og eru einnig formlegir aðilar að nokkrum samstarfsverkefnum sem styrkt eru með norrænu fjárframlagi.

Bændaskólinn á Hvanneyri er aðili að samstarfi norrænna búnaðarháskóla sem verður æ víðtækara. Háskólarnir hafa með sér samstarf um gagnkvæma viðurkenningu á námskeiðum og prófgráðum skólanna. Þeir hafa um nokkurt skeið haft með sér samstarf um þróun og skipulag námskeiða á sviði framhaldsmenntunar eftir kandídatspróf. Nýtt skref var stigið í þessu samstarfi á árinu með formlegri stofnun norræns landbúnaðar- og dýralæknaháskóla NOVA. Með stofnun NOVA verður nemendum auðveldað að vinna nám sitt við fleiri en einn skóla og jafnframt er með tímanum stefnt að aukinni sérhæfingu og verkaskiptingu skólanna í löndunum fimm.

Samstarf er milli dýralækna á Norðurlöndum um útbreiðslu dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Yfirdýralæknir hefur tekið þátt í starfi nefnda á vegum norræna ráðsins um samræmingu á reglum um flutning dýra á Norðurlöndum og um endurskoðun á reglum um heilbrigðisskoðun á sláturafurðum. Einnig er samstarf milli dýralæknaskóla um dýralæknamenntun sem er mjög mikilvæg Íslendingum sem verða að sækja þessa menntun til útlanda. Meginsamskiptin hafa verið við dýralæknaháskólana í Osló og Kaupmannahöfn en ráðamenn þeirra hafa verið svo vinsamlegir að taka við nemendum héðan á sömu forsendum og heimamenn.

Þróunarsjóður Vestur-Norðurlanda veitti á árinu fé til samstarfs Íslands, Færeyja og Grænlands um landbúnaðarrannsóknir í búfjarrækt, jarðrækt og umhverfismálum. Það hefur vakið upp verulegan áhuga og von um möguleika á að efla það.

Á árinu 1995 var unnið að endurskoðun á sameiginlegri umhverfis- og landbúnaðaráætlun NEJS og EK-Miljø af fulltrúum landbúnaðar- og umhverfisráðuneytanna. Áætlunin tekur mikið mið af fyrri áætlun en reynt var að draga fram sérstöðu Íslands með því að leggja til að sett yrði upp verkefni til að greina ástæður jarðvegsrofs og kortleggja þau svæði þar sem það finnst. Áætlunin er nú tilbúin frá vinnuhópnum en bíður þess að verða samþykkt. Fjármagn til verkefna í tengslum við áætlunina verður um þrjár millj. d.kr. og gert er ráð fyrir að skipuð verði verkefnisstjórn til að hafa umsjón með henni.

Þá ákvað NEJS á sl. sumri að skila samnorrænum tillögum til nefndar á vegum Sameinuðu þjóðanna sem ætlað er að vinna að stefnumótun um sjálfbæra þróun skóga og skógræktar í framhaldi af samþykkt Ríó-ráðstefnunnar. Skipuð var nefnd til að vinna þessar tillögur með einn fulltrúa frá hverju landi. Nefndin leggur til að framlag Norðurlandanna verði fólgið í reynslu þeirra í plöntun skóga þar sem talið var að slíkt myndi m.a. nýtast mjög vel þróunarlöndunum. Leitað var eftir fjárframlagi svo ráða mætti starfsmann til að vinna sameiginlegar tillögur úr þeim upplýsingum sem hvert Norðurlandanna lætur frá sér. Á fundi norrænu embættismannanefndarinnar (NEJS) sem haldinn var í Finnlandi sl. sumar var samþykkt að veita þetta fjárframlag og hefur nú verið ráðinn starfsmaður til að sinna þessu verkefni.

10.7. Norrænt samstarf um líftækni

10.7.1. Norræn samstarfsnefnd um líftækni.

Samstarfsnefnd um líftækni (Nordisk Koordineringskomitté för Bioteknologi – NKB) hóf störf 1. janúar 1993 og lauk störfum í árslok 1995. Fulltrúi Íslands í nefndinni var dr. Jakob K. Kristjánsson hjá Iðntæknistofnun. Nefndin hélt einn fund á árinu. Henni er uppálagt að fjármagna starfsemi norrænnar nefndar um siðfræðileg atriði líftækninnar. NKB setti af

stað síðasta verkefnið á sínum vegum á árinu. Þar er um að ræða „netverk" á sviði sjávarörverufræði og sjávarlíftækni og er prófessor Guðni Á. Alfreðsson þátttakandi í því verkefni fyrir Íslands hönd.

10.7.2. Norræn nefnd um siðfræðilegar hliðar líftækninnar.

Nefnd á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, er fjalla á um siðfræðileg atriði er tengjast líftækni, hefur starfað frá 1988, og var endurskipuð frá 1. janúar 1993 til þriggja ára, þ.e. til ársloka 1995. Nefndin hefur nú aftur verið endurskipuð til þriggja ára frá 1. janúar 1996. Hún hefur nú fengið nýtt nafn: *Norræn lífsiðfræðinefnd (Nordisk komité for Bioetik).* Eins og áður á nefndin að fjalla um siðfræðileg vandamál í tengslum við líftækni, einkum erfðatækni og stuðla að samstarfi og fræðslu um þessi mál á Norðurlöndum. Á það er nú lögð áhersla, að nefndin fylgist með þróun og framkvæmd mála sem þessu tengjast bæði á Norðurlöndum og á alþjóðlegum vettvangi, m.a. nefndaskipulagi og lagasetningu. Í nefndinni eiga nú sæti dr. Erlendur Jónsson heimspekingur og dr. Jórunn Erla Eyfjörð erfðafræðingur, en hún var formaður nefndarinnar frá maí 1994 til maí 1995.

Nefndin hélt fjóra fundi á árinu 1995, í febrúar í Ósló, í apríl í Kaupmannahöfn, í september í Reykjavík og í desember í Kaupmannahöfn.

Haldið var málþing á vegum nefndarinnar í Vilvorde Kursus Center, Charlottenlund, Kaupmannahöfn, dagana 27.–28. apríl 1995, en fundur var haldinn í nefndinni 26. apríl. Heiti málþingsins var: *Genalækningar: Hvað er unnt að gera? Hvað á að gera? – Siðfræðilegar hliðar genalækninga á mönnum.*

Genalækningar (genterapi), þ.e. lækningar er felast í því að gera við eða bæta upp galla í erfðaefni mannsins, eru taldar geta boðið upp á ýmsar mikilvirkar aðferðir til að lækna t.d. krabbamein, eyðni og nokkra sjaldgæfari en alvarlega sjúkdóma.

Til málþingsins var boðið stjórnmálamönnum, vísindamönnum, starfsmönnum stjórnsýslu og blaðamönnum frá öllum Norðurlöndum, samtals um 35 þátttakendum. Auk nefndarmanna var dr. Jóni Jóhannesi Jónssyni, lækni, dr. Vilhjálmi Árnasyni, heimspekingi og Sigrúnu Davíðsdóttur, blaðakonu boðið að taka þátt í málþinginu sem fulltrúar Íslands.

Fyrirlesarar á málþinginu voru 8 norrænir sérfræðingar í genalækningum, þ. á m. dr. Jón Jóhannes Jónsson, læknir við erfðafræðideild Yaleháskóla í Bandaríkjunum. Fyrirlesarar ræddu um erfðafræði og genalækningar, og þá sérstaklega siðfræðilegar hliðar þeirra, umræðuhópar fjölluðu um siðfræðilegt réttmæti genalækninga, og í lok málþingsins var haldinn blaðamannafundur, þar sem líflegar umræður fóru fram. Málþingið fékk góða umfjöllun í fjölmiðlum á öllum Norðurlöndunum, og bæklingur með greinum byggðum á erindunum sem flutt voru á málþinginu kemur út í ársbyrjun 1996 undir sama heiti og málþingið, þ.e.: *Genalækningar: Hvað er unnt að gera? Hvað á að gera? – Siðfræðilegar hliðar genalækninga á mönnum. (Genterapi på människa. Vad kan vi? Vad bör vi?).*

Á vegum nefndarinnar var á árinu 1995 einnig unnið að bæklingi er veitir yfirlit yfir hinar ýmsu siðanefndir á sviði læknisfræði og líffræði svo og lög og reglugerðir þar að lútandi á öllum Norðurlöndunum. Er hér um mjög þarft rit að ræða. Kaflann um íslenskar nefndir sömdu Erlendur Jónsson og Örn Bjarnason, yfirlæknir. Stefnt er að því að bæklingurinn komi út ekki síðar en í febrúar 1996.

Næsta málþing á vegum nefndarinnar verður haldið í Ósló í apríl 1996, og vinnur nefndin nú að skipulagningu þess. Þar verður fjallað um erfðabreytt dýr og siðfræðilegan vanda er tengist slíkum erfðabreytingum. Fyrirhugað er að bjóða, auk fulltrúa Íslands í nefndinni, a.m.k. tveimur Íslendingum að taka þátt í þessu málþingi.

11. Sjávarútvegsmál

Almenn atriði.

Heildarrammi fyrir norræna sjávarútvegssamstarfið er ákveðinn í samstarfsáætlun sjávarútvegsráðherranna fyrir árin 1993–1996 sem samþykkt var í mars 1992. Allar norrænu þjóðirnar hafa það sem meginþátt á stefnuskrá sinni í sjávarútvegsmálum að varðveita auðlindir hafsins með skynsamlegri nýtingu í samræmi við ráðgjöf vísindamanna, og styrkja auk þess efnahagslegan grundvöll þeirra sem að sjávarútvegi koma með því að ýta undir að skipulag og afkastageta verði í samræmi við afrakstursgetu auðlindarinnar. Meginreglan um sjálfbæra nýtingu auðlinda hafsins er því grundvöllur fyrir stjórnun og nýtingu á auðlindum hafsins í norrænu löndunum.

Nokkrar breytingar hafa orðið á stöðu sjávarútvegssamstarfsins í kjölfar endurskoðunar á norræna samstarfinu í heild sinni. Helsta breytingin er sú að frá og með 1996 fellur sjávarútvegssamstarfið niður sem sjálfstætt samstarfssvið, og verður hér eftir hluti af efnahagssamstarfi Norðurlandanna. Aftur á móti fela breytingarnar einnig í sér meiri áherslu á hin vestlægari Norðurlönd og heimskautssvæðið og ennfremur aukna áherslu á að umhverfissjónarmið verði eðlilegur þáttur í umfjöllun á hinum ýmsu sviðum samstarfsins. Slíkar áherslur hljóta að auka mikilvægi samstarfs á sjávarútvegssviðinu.

Framkvæmdaáætlun.

Þegar nýtt land tekur við forystu í samstarfinu er gerð framkvæmdaáætlun þar sem áhersluatriði komandi tímabils eru kynnt. Hluti af breytingu á norræna samstarfinu felur í sér að formennskutímabilið mun fylgja almanaksárinu og tók áætlun Danmerkur, sem tók við formennsku í mars, mið af því. Þar er m.a. lögð áhersla á eftirtalin atriði:

- Vinna samkvæmt Norrænu umhverfis- og sjávarútvegsstefnunni hefjist.
- Rannsókna- og þróunarstarf verði styrkt með sérstakri áherslu á:
  - minni rannsóknastofnanir,
  - stuðning til þátttöku í verkefnum í áætlunum styrktum af ESB.
- Almennt verði rannsóknir á eftirtöldum sviðum styrktar:
  - samspil veiða og umhverfis,
  - gæði, vinnsla og neytendur,
  - stjórnunarkerfi.
- Samstarf við grannsvæði.
- Sjávarútvegspólitík og Norðurlönd/ESB.
- Stjórnun sameiginlegra auðlinda.
- Sjávarspendýr.

Á árinu hófst ennfremur vinna við samstarfsáætlun fyrir árin 1997–2000 þar sem sú áætlun sem nú er unnið eftir nær einungis til ársins 1996.

Starfsemi á árinu.

Framkvæmdaáætlunin sem Danmörk lagði til var samþykkt af sjávarútvegsráðherrunum á fundi í Reykjavík í mars 1995, og tóku Danir við formennsku þar. Á þeim fundi samþykktu sjávarútvegsráðherrarnir fyrir sitt leyti áætlun um samstarf sjávarútvegs- og umhverfissviðs í norrænni samvinnu. Umhverfisráðherrar Norðurlandanna hafa einnig samþykkt þessa áætlun.

Markmiðið með þessu samstarfi er að styrkja samstarf á milli nefndra sviða og auka þannig þátt umhverfissjónarmiða í umfjöllun um málefni er varða stjórnun og nýtingu auðlinda hafsins og bæta lífsskilyrði í hafinu og styrkja með því vistfræðilegan og efnahagslegan grundvöll sjávarútvegsins. Megingrundvöllur þessarar samvinnu er að bæði sviðin séu jafngild innan samstarfsins, og að leitað verði lausna sem eru í jafnvægi, þar sem

viðurkennt er að veiðar og eldi sjávardýra séu samfélagslega mikilvægar atvinnugreinar. Forsendur slíkrar atvinnustarfsemi er að hafið sé hreint og ómengað en jafnframt er nauðsynlegt að umhverfissjónarmið verði eðlilegur þáttur í umfjöllun um þau rekstrarskilyrði sem starfseminni eru settar. Settur var á fót stýrihópur til að sjá um framkvæmd umhverfis- og sjávarútvegsstefnunnar og verður hann undir forystu Íslands til ársins 1997.

Fjárveiting til norræna sjávarútvegssamstarfsins á árinu 1995 var 7,8 millj. d.kr., auk þess voru um 200 þús. d.kr. fluttar frá fyrra ári þannig að alls voru rúmlega 8 millj. d.kr. til ráðstöfunar á árinu. Í nóvemberlok var embættismannanefndin búin að ráðstafa um 7,5 milljónum auk þess sem nokkur verkefni voru til athugunar. Greining á dreifingu fjárveitinga eftir svæðum sýnir að um 50% fellur til verkefna sem eru tengd Norðuratlantshafinu eða Vestur-Norðurlöndum, auk þess sem stór hluti annarra verkefna geta gagnast þessum svæðum.

Af verkefnum sem hafa verið styrkt og hafa sérstaka þýðingu fyrir Ísland má nefna: áhrif umhverfisþátta á ónæmiskerfi þorsks, hönnun og prófun merkja til að fylgjast með göngum þorsks, markaðsfærslu á kaldsjávarrækju, útgáfu á bæklingi um sjávarspendýr og nýtingu á þeim og málefnafundi vísindamanna á stofnunum sem vinna með lifandi auðlindir í hafinu.

12. Samstarf við grannsvæði Norðurlanda

Með samþykkt skýrslunnar „Nýir tímar í norrænni samvinnu“ var grannsvæðasamstarfið gert að einu þriggja meginsviða samstarfsins, eins og fram kemur í inngangi skýrslu þessarar. Öðlaðist það traustan grundvöll í norrænu samstarfi. Áherslan á grannsvæðin mun framvegis vera hluti af norrænu samstarfi með það langtímamarkmið að byggja upp stöðugt samstarf um byggðamál, þar sem friðsamleg sambúð, sjálfbær þróun og lýðræði verður í hávegum haft.

Samræming norrænnar starfsemi á grannsvæðunum er mikilvægur þáttur í tillögunum „Nýir tímar í norrænni samvinnu“. Að frumkvæði samstarfsráðherra Norðurlanda var í mars mánuði haldin ráðstefna um samnorræna starfsemi á grannsvæðum Norðurlanda. Sérfræðingar landanna og fulltrúar ESB, norrænna stofnana, Ráðherranefndar Eystrasaltsríkjanna og Barentssvæðisins, ræddu möguleika þess að efla starfsemina með aukinni samræmingu og upplýsingamiðlun. Niðurstöður ráðstefnunnar verða notaðar við undirbúning á heildaráætlun fyrir grannsvæðasamstarfið.

Samþykkt samstarfsráðherranna á starfsáætlun fyrir grannsvæði Norðurlanda 1995, með 50 millj. d.kr. fjárveitingu, eflir mjög grannsvæðasamstarfið. Styrkja- og námsferðakerfin fengu aukna fjárveitingu, og nýtt áherslusvið innan mennta- og rannsóknasamstarfsins leiddi af sér kennaramenntunarverkefni, sem er orðið forgangsverkefni menntamálaráðherra Eystrasaltsríkjanna. Ennfremur hefur starfsemi á menningarsviðinu og öðrum áherslusviðum leitt til þess að norrænt frumkvæði í Eystrasaltsríkjunum hefur verið sterkt. Samkvæmt tillögu fjármálaráðherra Norðurlanda var veittur styrkur til verkefnisins „Turn Around Management Programme“, sem er á vegum Evrópska endurreisnar- og þróunarbankans. Með stofnun upplýsingaskrifstofu í Pétursborg og tengslum við Barentssvæðið hefur samstarfið við grannsvæðin í Norðvestur-Rússlandi þokast áleiðis á árinu.

Norrænu upplýsingaskrifstofurnar og verkefnaráðnir starfsmenn á grannsvæðunum hafa á árinu miðlað norrænni þekkingu og færni, komið upp samskiptaneti og eflt samstarfið almennt við grannsvæði Norðurlandanna. Um leið styrkist hlutverk upplýsingaskrifstofanna sem samræmingaraðili fyrir samstarfsáætlanir og aðra norræna starfsemi.

Auk þeirra samstarfsáætlana sem eru hluti af starfsáætluninni fyrir grannsvæði Norðurlanda, vegur fjárfestingaráætlunin fyrir Eystrasaltsríkin einna þyngst. Áætlunin, sem samþykkt var af fjármálaráðherrum Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna, hefur á árunum

1992-1995 stuðlað að þróun markaðshagkerfis í Eystrasaltsríkjunum, með því að beina fjármagni og tækniaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja í Eystrasaltsríkjunum. Mikilvægur liður í þessari áætlun er stuðningur við stofnun fjárfestingarbanka fyrir slík fyrirtæki. Unnið er að því að framlengja áætlunina, enda var hún metin mikilvæg í úttekt sem fjármálaráðherrarnir létu gera á henni.

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO) hefur mikla þýðingu fyrir umhverfissamstarfið við grannsvæðin og Austur-Evrópu. Í október tóku umhverfisráðherrar ákvörðun um að verja 30 millj. d.kr. í áhættufjárfestingar verkefna á grannsvæðunum. Umhverfisráðherrar lögðu á þingi Norðurlandaráðs í Kuopio fram ráðherranefndartillögu um framtíð NEFCO. Þar er m.a. lagt til að starfsemi NEFCO verði fest í sessi og félagið gert að stofnun frá 1. janúar 1996. Jafnframt verði stofnfé hækkað úr tæplega 40 í 80 millj. ekna á tímabilinu 1996-2001.

Norrænt samstarf færði á árinu út kvíarnar, og nær nú einnig yfir Norðurskautssvæðið. Þar er áhersla lögð á samræmingu á þeirri starfsemi sem fram fer varðandi svæðið, nýtingu náttúruauðlinda og lífsskilyrði frumbyggja. Á þessum grundvelli hefur ráðherranefndartillaga verið lögð fram fyrir Norðurlandaráð og samþykkt á þingi þess í Kuopio.

Upplýsingaskrifstofur og samskiptanet.

Norrænu upplýsingaskrifstofurnar í Tallinn, Ríga og Vilníus hafa á árinu tekið þátt í skipulagningu fjölda norrænna ráðstefna, sýninga o.fl. í Eystrasaltsríkjunum og staðið fyrir umfangsmikilli upplýsingastarfsemi um þjóðfélagshætti á Norðurlöndum.

Undanfarin 3 ár hafa upplýsingaskrifstofurnar í Eystrasaltslöndunum fest sig í sessi, og nú er svo komið að þær hafa markað sér starfssvið og sett á laggirnar virkt samskiptanet, sem nær til margra þátta þjóðfélaganna við Eystrasalt. Tengslin við yfirvöld eru virk og jákvæð, og taka skrifstofurnar þátt í að efla samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar við Ráðherranefnd Eystrasaltsríkjanna. Miðlun á norrænni menningu og norrænum tungumálum er og þáttur í starfsemi allra skrifstofanna.

Traust staða skrifstofanna er ein ástæðan fyrir því að áhersla er lögð á mikilvægi hlutverks þeirra við grannsvæðastarfsemi ráðherranefndarinnar. Vegna víðtækra tengsla við hin ýmsu svið þjóðfélagsins í Eystrasaltsríkjunum, geta skrifstofurnar bætt nýtingu fjárveitinga og annarra aðgerða ráðherranefndarinnar í Eystrasaltsríkjunum.

Markvert framtak á árinu var skipulagning og framkvæmd norræns menningarátaks í Eystrasaltsríkjunum, þar sem boðið var upp á margþætta og fjölbreytta menningardagskrá.

Nýja upplýsingaskrifstofan í Pétursborg er að móta starfsvettvang sinn, en hefur þegar greitt fyrir starfsemi ráðherranefndarinnar á ýmsum fagsviðum, og hefur tekið upp upplýsinga- og menningarmiðlun.

Með starfseminni á Barentssvæðinu hefur á árinu verið komið á tengslum við æðri menntastofnanir á rússneska hluta svæðisins og stuðlað að beinum tengslum við samsvarandi samstarfsaðila í norrænu samstarfi.

13. Lagaleg mál

13.1. Samstarf um löggjafarmál

Samstarf um löggjafarmál hefur byggst á samstarfsáætlun frá árinu 1988. Áætlunin var, að tillögu laganefndar Norðurlandaráðs, útfærð nánar í starfsáætlun dómsmálaráðherranna á árinu 1993. Var þar tekið tillit til þeirra breytinga á hefðbundnu löggjafarstarfi sem leiðir af EES-samstarfinu.

Með hliðsjón af aðild Finnlands og Svíþjóðar að Evrópusambandinu frá ársbyrjun 1995 ákváðu dómsmálaráðherrar Norðurlandanna á fundi sínum í Kolding í ágústmánuði 1995 að núverandi starfsáætlun skuli yfirfarin og endurskoðuð.

Í því sambandi gáfu ráðherrarnir til kynna að endurskoðuð starfsáætlun skuli fyrst og fremst hafa að geyma nánari leiðbeiningar um málsmeðferð og samstarfsform, bæði þegar um er að ræða að taka í tíma upp til meðferðar innan ESB tiltekin viðfangsefni og þegar taka skal ESB-tilskipanir upp í landslög. Umfjöllun um væntanleg löggjafarmálefni mun hafa mesta þýðingu innan þess norræna samstarfs sem fram fer á öðrum sviðum löggjafar en þeim sem falla undir ESB/EES.

Leiðbeiningarnar skulu miða að því að tryggja að þær áætlanir um endurskoðun sem fram koma í skýrslunni „Nýir tímar í norrænni samvinnu“ verði einnig að veruleika á lagasviðinu.

Vinna við endurskoðun starfsáætlunarinnar hefur þegar hafist og er gert ráð fyrir að norrænu dómsmálaráðherrarnir geti staðfest hana á fundi sínum sumarið 1996.

Eins og undanfarin ár héldu dómsmálaráðherrarnir og embættismannanefndin reglulega fundi til að samræma samstarf landanna og ræða sameiginleg áhugaefni. Að auki hittast fulltrúar dómsmálaráðuneytanna formlega sem óformlega til að skiptast á upplýsingum og ræða einstök viðfangsefni á sviði löggjafar. Í tengslum við alþjóðlega fundi hafa norrænir fulltrúar náið samband og samræma sjónarmið eftir því sem unnt er, hvort heldur er á vettvangi ESB eða utan hans.

Í samræmi við áætlun um samræmingu aðstoðar við að byggja upp réttarkerfi í Eystrasaltsríkjunum var í marsmánuði haldið málþing um löggjafarundirbúning (lagatækni) fyrir embættismenn frá Eystrasaltsríkjunum. Þá voru á árinu undirbúin tvö málþing, annað um norrænt löggjafarsamstarf innan ESB og EES og hitt um lagatækni, sem bæði voru haldin í janúarmánuði 1996. Í maímánuði 1996 er fyrirhuguð ráðstefna um afbrotavarnir með það í huga að færa út samstarf milli þeirra stjórnvalda á Norðurlöndum sem fara með afbrotavarnir. Kostnaður vegna þessara verkefna er greiddur af fjárveitingu sem löggjafarsamstarfið hefur til ráðstöfunar.

Í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Reykjavík gáfu forsætisráðherrar Norðurlandanna þá yfirlýsingu að ekki megi koma á nýjum „landamærum“ milli Norðurlandanna eða milli þeirra og annarra hluta Evrópu, og að þessu markmiði verði best náð með sameiginlegri norrænni afstöðu til þátttöku í Schengen-samstarfinu.

Á þessum forsendum og í því skyni að samræma afstöðu Norðurlandanna til Schengen-samstarfsins hafa farið fram margvíslegar viðræður, formlegar sem óformlegar, milli norrænna ráðherra og embættismanna. Hafa þessir fundir stuðlað að því að samstaða hefur náðst um sameiginlega afstöðu Norðurlandanna til Schengen-samstarfsins.

Ráð um rannsóknir á Evrópurétti (NORFEIR) starfar á sviði löggjafarmála. Ráðið hefur sem fyrr gengist fyrir málþingum og ráðstefnum um viðfangsefni er varða réttarsvið þar sem reglur ESB eða EES tengjast norrænni löggjöf. Málþing þessi sækja fræðimenn, embættismenn og fulltrúar úr atvinnulífinu. Á árinu voru haldin þrjú opin málþing. Fyrsta málþingið var haldið í maí og var viðfangsefnið þar framtíð norræns löggjafarsamstarfs. Í september var haldið málþing um fjölmiðla og réttarreglur ESB og í nóvember um norrænan stjórnarfarsrétt og réttarreglur ESB. Á árinu 1996 er fyrirhugað framhald á þessari starfsemi. Á Íslandi verður málþing þar sem m.a. verður fjallað um málefni er tengjast sjávarútvegi. Þá er og fyrirhugað málþing um umhverfisrétt.

13.2. Málefni flóttamanna

Samráðsnefnd æðri embættismanna um málefni flóttamanna hefur sem fyrr fjallað um stefnumótun, auk þess sem á vettvangi hennar fara fram víðtæk upplýsingaskipti milli stjórnvalda. Samstarf Norðurlandanna á þessu sviði byggist á nokkrum meginforsendum. Í

fyrsta lagi ber að vinna að því að uppræta ástæður flótta. Samstarfið tengist því mjög stefnumótun um aðstoð sem veitt er til uppbyggingar og þróunar í öðrum löndum. Þá miðar samstarfið að því að tryggja þeim, sem á því þurfa að halda, vernd í samræmi við flóttamannasáttmála SÞ. Vernd og aðstoð ber einkum að veita á grannsvæðum, m.a. með hliðsjón af því að það auðveldar heimflutning við breyttar aðstæður. Móttaka hópa flóttamanna fari fram í samvinnu við Flóttamannastofnun SÞ. Tryggja þarf réttláta, virka og skjóta meðferð á málum flóttamanna sem sækja um hæli svo að beiðendur fái sem fyrst niðurstöðu um réttarstöðu sína. Veita þarf flóttamönnum aðstoð við aðlögun að nýju þjóðfélagi og tryggja þarf góð samskipti nýbúa og annarra íbúa. Jafnframt þarf að gera þeim sem það vilja kleift að snúa aftur til heimalands síns við breyttar aðstæður.

Samstarf Norðurlandanna á þessu sviði byggist einkum á reglum norræna vinnumarkaðarins og norræna vegabréfasambandinu. Varðar það m.a. samræmingu reglna um afnám vegabréfsáritana og framkvæmd þeirra, svo og samræmingu reglna um rétt fjölskyldu til að sameinast. Viðfangsefni samráðsnefndarinnar hefur að verulegu leyti snúist um málefni Eystrasaltslandanna og ríkja fyrrum Júgóslavíu. Þá hefur náið verið fylgst með þróun mála innan ESB er varða flóttamenn og innflytjendur. Einnig hefur verið fylgst með gangi viðræðna vegna hugsanlegrar aðildar Norðurlandanna að Schengen-samstarfinu.

13.3. Norræna embættismannanefndin um jafnréttismál (ÄK-JÄM).

Norrænt samstarf á sviði jafnréttis kvenna og karla byggir á norrænni samstarfsáætlun sem samþykkt var í byrjun ársins 1995 og tekur til tímabilsins 1995–2000. Samþykkt hennar felur í sér yfirlýsingu um að jafnrétti kynja verði áfram einn af þeim málaflokkum sem áhersla verður lögð á í norrænni samvinnu.

Norræn samstarfsáætlun á sviði jafnréttismála.

Samstarfsáætlunin var samþykkt í byrjun ársins 1995 og gildir til ársins 2000. Samkvæmt henni gilda eftirfarandi heildarmarkmið um samstarf Norðurlanda í jafnréttismálum:

- að samstarfið leiði til þess að haldið verði áfram að þróa sameiginlega lífsýn Norðurlandaþjóða, svo og sameiginlega stefnu þeirra í víðara samstarfi innan Evrópu og á alþjóðavettvangi,
- að samstarfið stuðli að árangursríkara og öflugra jafnréttisstarfi á innanlandsvettvangi í hverju og einu Norðurlandanna,
- að það verði sjálfsagt að gæta jafnréttissjónarmiða í starfi á mismunandi sviðum stefnumótunar í þjóðfélaginu. Einnig skal gæta jafnréttissjónarmiða á þeim sviðum stefnumótunar sem starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar tekur til.

Ráðherranefndin mun á gildistíma áætlunarinnar beina samstarfi sínu að starfsemi sem:

- stuðlar að því að konur og karlar fái jafnan aðgang að ákvarðanatöku í stjórnmálum og efnahagsmálum,
- stuðlar að jafnri stöðu og áhrifum kvenna og karla í efnahagsmálum. Aðgerðir sem stuðla að launajafnrétti kynja eru mikilvægar í slíku starfi,
- stuðlar að jafnri stöðu kynjanna í atvinnulífinu,
- gefur konum og körlum bætt tækifæri til að sameina foreldrahlutverk og launavinnu,
- hefur áhrif á þróun jafnréttismála innan Evrópu og á alþjóðavettvangi.

Í því skyni að ná árangri með starfi sínu á sviði forgangsverkefnanna mun ráðherranefndin vinna að:

- þróun aðferða sem stuðla að virku jafnréttisstarfi.

Ein aðferð sem ráðherranefndin leggur einkar ríka áherslu á, er að jafnréttissjónarmiða verði gætt á öllum sviðum stefnumótunar, í nánasta umhverfi, í sveitarstjórnum, við stjórn landsins og á vettvangi Norðurlanda. Aðrar áhrifaríkar aðferðir felast í gerð hagtalna um konur og karla, kvenna- og jafnréttisrannsóknum, menntun í jafnréttismálum ásamt upplýsinga- og fræðslustarfsemi.

Til að tryggja sem markvissast starf á þessu sviði en þó með þeim möguleika að taka tillit til breyttra áherslna hverju sinni, var ákveðið að ráðherranefndin kynnti árlega framkvæmdaáætlun um verkefni fyrir næsta ár, ásamt skýrslu um framkvæmd einstakra þátta áætlunarinnar á umliðnu ári. Jafnframt hefur verið ákveðið að í lok tímabilsins 1995–1997 fari fram mat á framkvæmd samstarfsáætlunarinnar fyrir fyrstu þrjú árin. Í lok tímabilsins verður síðan gerð úttekt á starfinu öllu.

Verkefni samkvæmt framkvæmdaáætlun ársins 1995.

Ráðstefna um málefni karla. Ráðherranefndin stóð fyrir fyrstu norrænu ráðstefnunni um málefni karla og var hún haldin í Stokkhólmi í apríl. Þátttakendur voru um 600 manns, þar af 35 frá Íslandi. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Norrænir karlmenn. Ólíkir einstaklingar – áþekk reynsla". Fjallað var um margvísleg málefni er varða stöðu karla, s.s. fæðingarorlof karla og feðrafræðslu, vandamál drengja á leikskólum, áfengisneyslu og tilfinningalega erfiðleika karla og stríð og karlmennsku. Undirbúningsnefnd ráðstefnunnar sem í áttu sæti einn fulltrúi frá hverju Norðurlandanna, samþykkti áskorun til ráðherranefndarinnar um frekari aðgerðir á þessu sviði. Jafnréttisráðherrar Norðurlanda funduðu í lok ráðstefnunnar og lýstu því yfir að þeir muni vinna að frekari aðgerðum á þessu sviði. Nauðsynlegt væri að Norðurlöndin sýndu frumkvæði í rannsóknum á stöðu karla og hlutverki þeirra að auknu jafnrétti kvenna og karla. Jafnframt yrði að tryggja að ráðstefnan verði ekki einangrað fyrirbæri, boðskap hennar yrði að flytja á vettvang samvinnu Evrópuríkja og Sameinuðu þjóðanna.

Bókin „Halva makten – nordiska kvinnor på väg". Með bókinni er ætlunin að fylgja eftir því verki sem hófst með útgáfu bókarinnar „Den ofärdiga demokratin" en hún kom út árið 1983. Tilgangur verkefnisins er að lýsa stöðu kvenna á Norðurlöndum hvað varðar völd og áhrif og hvaða leiðir norrænar konur og stjórnvöld í hverju landi hafa farið til að ná þeim árangri sem raunin er. Skipuð hefur verið ritstjórn og ákveðið hefur verið hverjir muni skrifa í bókina. Stefnt er að útgáfu hennar á árinu 1997.

Norræn ráðstefna „Kvinnor, arbete och ekonomi". Undirbúningur að ráðstefnunni hófst á árinu en hún verður haldin haustið 1996. Með ráðstefnunni er ætlunin að líta yfir farin veg eftir að norræna jafnlaunaverkefninu lauk árið 1994 og leggja drög að næstu skrefum af hálfu Norrænu ráðherranefndarinar í aðgerðum er varða launamun kynja og stöðu kvenna á vinnumarkaði og í efnahagslífinu.

Norræn rannsóknarstofa í kvenna- og jafnréttisfræðum, NIKK. Ráðherranefndin hefur um nokkurn tíma stutt norrænar kvennarannsóknir m.a. með því að greiða kostnað af starfi norræns ráðgjafa um kvennarannsóknir. Ráðgjafinn hefur m.a. haft það hlutverk að samhæfa og byggja upp samskiptanet norrænna fræðikvenna/manna sem vinna að kvennarannsóknum og koma norrænum kvennarannsóknum á framfæri á evrópskum vettvangi og alþjóðavettvangi. Útgáfa norræna tímaritsins NORU – Journal of Nordic Women´s Studies, sem gefið er út á ensku, er m.a. afrakstur þessa starfs. Til að tryggja enn frekar það góða starf sem unnið hafði verið á þessum vettvangi, ákvað ráðherranefndin að koma á fót norrænni rannsóknarstofu í kvenna- og jafnréttisfræðum. Rannsóknarstofan, sem er þverfagleg, var stofnuð á árinu og hefur aðsetur í Osló. Skipuð hefur verið stjórn stofnunarinnar og á hvert land einn fulltrúa. Samkvæmt reglum um stofnunina eru verkefni hennar að samhæfa norrænar kvenna- og jafnréttisrannsóknir, byggja upp gagnagrunn um rannsóknir á þessu sviði, samræma gagna- og upplýsingaþjónustu á Norðurlöndum og skipuleggja og standa fyrir

ráðstefnum og námskeiðum fyrir fræðikonur/menn. Á stofnuninni skal vera aðstaða til að halda námskeið fyrir fræðimenn og nemendur og aðstaða fyrir gestafræðimenn. Einnig skal rannsóknarstofan skipuleggja og veita aðstöðu vegna stúdenta- og fræðimannaskipta.

Ráðstefna Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna í Peking.

Samhliða fjórðu alþjóðaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna, var haldin óopinber ráðstefna kvennasamtaka og hópa í Huairou. Ráðherranefndin ákvað að styðja þátttöku norrænna kvennahreyfinga með því að greiða kostnað af svo kölluðu „norrænu herbergi" þar sem norrænar kvennahreyfingar og samtök kynntu starfsemi sína og stóðu fyrir ráðstefnum og fundum. Ráðherranefndin kynnti þar starf sitt að jafnrétti kynja með dreifingu kynningarita um norrænt samstarf á þessu sviði og um einstök verkefni sem nefndin hefur staðið fyrir. Var af því tilefni gefið út sérstakt fréttabréf á kínversku í 10.000 eintökum. Nefna má að forseti Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir, heimsótti „norræna herbergið" í ferð sinni til Kína.

13.4. Norræn samstarfsnefnd um verkefnið „Norden mod fremmedhad"

Þetta ágrip um norræna samstarfsverkefnið „Norden mod fremmedhad" gerir í stuttu máli grein fyrir þeim verkefnum sem lokið er. Upprunaleg tímasetning verkefnanna var sú að þeim yrði öllum lokið 31. desember 1995, en vegna óviðráðanlegra ástæðna var nauðsynlegt að breyta fyrri tímasetningu tveggja verkefna. Þessar breytingar voru gerðar af formanni nefndarinnar í samráði við upplýsingafulltrúa Norrænu ráðherranefndarinnar, Anders Gummesson. Nefndin skilaði af sér skýrslu til Norrænu ráðherranefndarinnar (29. desember 1995) en endanleg skýrsla verður síðan send um miðjan apríl 1996.

Bakgrunnur.

Á fyrsta fundi leiðtoga aðildarríkja Evrópuráðsins, sem haldinn var í Vínarborg í októbermánuði 1993, var samþykkt svokölluð Vínaryfirlýsing um mannréttindamál. Í yfirlýsingunni er fjallað um stjórnmálaástandið í Evrópu með sérstakri áherslu á stöðu mannréttindamála og þörfina fyrir aukna samvinnu Evrópuráðsríkja við nýjar aðstæður í álfunni. Í yfirlýsingunni lýsa aðildarþjóðir Evrópuráðsins yfir áhyggjum sínum vegna vaxandi ólgu í samskiptum fólks af mismunandi þjóðerni og kynþáttum, árása á fólk sem tilheyrir minnihlutahópum og þeirrar tilhneigingar til einangrunar- og sérhyggju sem gætt hefði. Í sérstökum viðauka með yfirlýsingunni er að finna yfirlýsingu og áætlun um aðgerðir til að hamla gegn kynþáttafordómum, útlendingaandúð, gyðingahatri og skorti á umburðarlyndi (þ.e. Racism, antisemitism, xenophobia and intolerance/RAXI). Þar er Evrópuráðinu falið að beita sér fyrir átaki meðal ungs fólks af mismunandi uppruna og kynþáttum.

Í byrjun nóvember 1993 var skipaður vinnuhópur af norrænu samstarfsráðherrunum. Vinnuhópurinn fékk það hlutverk að vinna ákveðna grunnvinnu í sambandi við sameiginlega norræna herferð gegn kynþáttafordómum og útlendingaótta. Þetta var gert til að fylgja eftir samþykkt sem gerð var á 43. þingi Norðurlandaráðs í Mariehamn þann 8.–10. nóvember 1993.

Skýrsla vinnuhópsins var síðan rædd á fundi samstarfsráðherra í Nuuk í júní 1994. Niðurstaða þeirrar umræðu var skipan í norræna samstarfsnefnd/stýrihóp fyrir verkefnið „Norden mod fremmedhad". Þetta verkefni tengdist síðan átaki Evrópuráðsins og Æskulýðsskrifstofu Evrópuráðsins „European Youth Campaign against Racism, Antisemitism, Xenophobia and Intolerance". Skipaðar voru landsnefndir í flestum aðildarríkjum Evrópuráðsins til þess að tryggja þátttöku og hafði norræna stýrinefndin mjög náið samstarf við margar þeirra og þó sérstaklega landsnefndir Norðurlandanna.

Samsetning stýrinefndarinnar.

Formaður nefndarinnar kom frá Danmörku og ritari einnig. Annars voru tveir fulltrúar frá hverju Norðurlandanna um sig, auk fulltrúa frá Norðurlandaráði og Norrænu ráðherranefndinni sem og fulltrúa framkvæmdanefndar verkefnis Evrópuráðsins. Fulltrúar Íslands voru þau Kristín Njálsdóttir, forstöðumaður Upplýsinga- og menningarmiðstöðvar nýbúa sem rekin er af Reykjavíkurborg, tilnefnd af íslensku landsnefndinni og Guðjón Magnússon, formaður Rauða Kross Íslands, tilnefndur af samstarfsráðherra.

Ráðinn var starfsmaður til stýrinefndarinnar í tvö tímabil: febrúar–ágúst 1995 vegna skipulagningar á lestarverkefni og nóvember–desember vegna ráðgjafar í sambandi við framkvæmd verkefnis í tengslum við menntun æskulýðsleiðbeinenda. Einnig var starfsmaður ráðinn frá júní–ágúst vegna upplýsingaútgáfu varðandi lestarverkefnið.

Nefndin hóf störf í október 1994 og í lok janúar 1995 lauk fyrsta hluta vinnunnar, þ.e. skipulagningu verkefna átaksins. Skýrslu vegna þessa var skilað til Norrænu ráðherranefndarinnar þann 31. janúar 1995.

Nefndin hélt eftirfarandi fundi:

- 10. október 1994 í Kaupmannahöfn,
- 16. og 17. desember 1994 í Osló,
- 19. og 20. janúar 1995 í Kaupmannahöfn,
- 1. júní 1995 í Stokkhólmi og
- 16. og 17. nóvember 1995 í Reykjavík.

Einnig var haldinn fundur með fulltrúum allra norrænu landsnefndanna þann 30. janúar 1995 í Helsingfors, til að tryggja sem best það samstarf sem nauðsynlegt var í tengslum við verkefni stýrinefndarinnar.

Ekki eru ákveðnir fleiri fundir stýrinefndarinnar.

Verkefnin.

Fjármagn nefndarinnar var ákveðið 6,5 millj. d.kr., þar sem 500 þús. d.kr. hafa farið í undirbúning en 6 millj. d.kr. í framkvæmdina sjálfa.

Nefndin skipulagði eftirfarandi verkefni í samstarfi við íslensku landsnefndina sem og aðrar norrænar landsnefndir:

- „The Train of Cultural Freedom“ - Lest menningarlegs frelsis.
- Heimildarmynd um lestarferðina.
- Vídeóverkefni um útlendingaótta á Norðurlöndunum.
- Ritsmíðasamkeppni fyrir ungmenni.
- Námskeið/menntunarverkefni fyrir æskulýðsleiðbeinendur.
- Fjölmiðlaráðstefna.

Lestarverkefnið var það verkefni sem unnið var í samvinnu við átak Evrópuráðsins og því hluti af „Evrópsku ungmennalestinni“. Í kjölfar þess fylgdi „Evrópska ungmennavikan“ í Strassborg þar sem saman komu ungmenni frá flestum aðildarlöndum Evrópuráðsins. Lestarverkefnið fól í sér að um svipað leyti lögðu ungmenni víðs vegar að í lestarferð um Evrópu og áttu lestarnar allar viðdvöl í hinum ýmsu borgum á leið sinni til Strassborgar í Frakklandi, þar sem þátttakendur vöktu athygli á verkefninu með margvíslegum hætti.

Íslenska landsnefndin átti mikið og gott samstarf við norrænu landsnefndirnar og stýrinefndina um þetta verkefni. Verkefnið var vel kynnt með auglýsingum, dreifingu kynningarpóstkorta og umfjöllun í fjölmiðlum. Hér á landi var auglýst og ungu fólki gefinn kostur á að sækja um að taka þátt í verkefninu. Á annað hundrað umsóknir bárust frá ungmennum á aldrinum 18–22 ára, og valdi landsnefndin 29 ungmenni til fararinnar en það var kvóti Íslendinga. Alls voru 241 þátttakandi frá Norðurlöndunum þar af 18 frá Eystrasaltsríkjunum þremur, en ákveðið var að bjóða þaðan 6 þátttakendum frá hverju þeirra

um sig, og 25 fjölmiðlamenn (2 frá Ríkissjónvarpi Íslands). Tveir fararstjórar voru valdir til viðbótar, Halldór Jónasson og Már Guðlaugsson, báðir starfsmenn Hins Hússins. Halldór og Kristín Njálsdóttir, landsnefndarfulltrúi sáu um skipulagningu og undirbúning fyrir hönd Íslands í samvinnu við fulltrúa frá hinum Norðurlöndunum.

Það var samdóma álit meðlima stýrinefndarinnar að lestarverkefnið hafi heppnast mjög vel og fengið þá umfjöllun í fjölmiðlum sem búist hafi verið við. Þátttakendahópur Norðurlandanna á „Evrópsku ungmennavikunni" var mjög áberandi og skilaði af sér mörgum vel unnum verkefnum í Strassborg.

Íslenski hópurinn skipulagði síðan, þegar heim kom, málþing í Norræna húsinu um stöðu nýbúa á Íslandi og var það mjög vel heppnað.

Heimildarmynd um lestarferðina var gerð þar sem einn þátttakandi frá hverju Norðurlandanna um sig var í aðalhlutverki. Framleiðandi myndarinnar var Eureka í Noregi og kom út skemmtileg mynd, 40 mínútur að lengd. Heimildarmyndin hefur verið sýnd í Noregi og Danmörku nú þegar. YLE 1 í Finnlandi hefur staðfest að myndin verði sýnd í janúar 1996. Í Svíþjóð og hjá RÚV á Íslandi hefur ekki enn verið tekin ákvörðun um sýningu myndarinnar.

RÚV sendi tvo kvikmyndatökumenn í lestarferðina og gerðu þeir sérstaka heimildarmynd um þátttöku Íslendinganna, sú mynd hefur þegar verið sýnd í Ríkissjónvarpinu.

Vídeóverkefni um útlendingaótta á Norðurlöndum. Norræna stýrinefndin gekk til samstarfs við Mediefabrikken í Noregi til að hafa yfirumsjón með verkefninu. Búinn er til 10 mínútna þáttarbútur í hverju landi um sig sem síðan eru settir saman í 50 mínútna videómynd. Í myndinni er fjallað um reynslu ungra nýbúa og sjónum beint að jákvæðum þáttum í fari þeirra og menningarlegum bakgrunni. Fyrir hönd Íslands hafði Páll Grímsson, nemi í kvikmyndagerð, umsjón með verkinu.

Þessu verkefni er ekki lokið og er áætlaður útgáfutími myndarinnar í mars 1996. Myndinni verður síðan dreift til allra sjónvarpsstöðva Norðurlandanna.

Ritsmíðasamkeppni var haldin í samstarfi við íslensku landsnefndina og Æskulýðssamband Íslands. Samkeppninni var hleypt af stokkunum hér á vormánuðum 1995 undir kjörorðinu „Með pennann að vopni". Að forskrift stýrinefndarinnar skyldu ritgerðirnar fjalla um kynþáttafordóma, útlendingahræðslu eða togstreitu vegna mismunandi trúarbragða. Áhersla var lögð á að ritgerðirnar yrðu í formi blaðagreina, málfar vandað, stíllinn beittur og uppbygging að efni til rökföst og gagnrýnin. Í hverju landi fyrir sig var haft samstarf við dagblað sem átti síðan að birta vinningsgreinina. Hér á Íslandi var haft samstarf við Morgunblaðið.

Landsnefndin skipaði dómnefnd og sátu í henni þau Einar Már Guðmundsson, rithöfundur sem var formaður dómnefndar, Guðrún Helgadóttir, rithöfundur og fyrrv. alþingismaður og Jóhann Hjálmarsson skáld og blaðamaður.

Hér á landi hlutu sjö ritgerðir viðurkenningu, af hendi menntamálaráðherra Björns Bjarnasonar í Norræna húsinu í október. Ritgerðin sem hlaut fyrstu verðlaun bar heitið „Kynþáttahatur og kynþáttafordómar" og var höfundur hennar Pétur Waldorff. Ritgerð hans var síðan birt í Morgunblaðinu og verður einnig gefin út í ritgerðasafni á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar.

Ísland, Danmörk og Svíþjóð eru þau lönd sem þegar hafa lokið þessu verkefni. Noregur hefur fengið frest vegna lélegrar þátttöku. Finnland lenti í miklum vandræðum með að fá samstarf við þarlent dagblað en þessari samkeppni á að vera lokið í öllum löndunum fimm 15. janúar 1996.

Þess má einnig geta hér í þessu sambandi að verðlaunaritsmíð Péturs Waldorff var lesin í heild sinni í þætti Ríkisútvarpsins „Litið til baka á ári umburðarlyndis" í desember. Einnig var fjallað um öll verkefni norrænu stýrinefndarinnar sem og íslensku landsnefndarinnar.

Námskeið fyrir æskulýðsleiðbeinendur hófst með undirbúningsnámskeiði í Osló í ágúst. Þátttakendur voru 3 frá hverju landi um sig og var haft samstarf við Æskulýðssamband Íslands í þessu verkefni. Frá Íslandi fóru fulltrúi frá Alþjóðlegum ungmennasamskiptum, Bandalagi íslenskra sérskólanema og Sambandi ungra sjálfstæðismanna. Á námskeiðinu var lögð áhersla á samskipti ungs fólks af ólíkum uppruna og vandamál sem upp koma og tengjast kynþáttafordómum og fordómum gagnvart minnihlutahópum. Þrátt fyrir brösuglegt skipulag af hálfu framkvæmdaraðila í Noregi, IMTEC (sem fengu áminningu frá norrænu stýrinefndinni) töldu íslensku þátttakendurnir sig hafa gagn af ferðinni og stóðu fyrir vel heppnaðri námsstefnu í upphafi október 1995 fyrir aðra æskulýðsleiðbeinendur hér á landi. Hin fjögur Norðurlöndin hafa ekki lokið sínum verkefnum en áætlað er að þeim ljúki í mars á þessu ári.

Norræn fjölmiðlaráðstefna var haldin í Finnlandi 27.–29. október. Á ráðstefnunni var fjallað um einkenni fjölmiðlaumræðu um nýbúa og fordóma gagnvart minnihlutahópum, áhrif þessa og afleiðingar. Í samvinnu við Blaðamannafélag Íslands fóru 5 þátttakendur frá Íslandi og 2 fyrirlesarar. Var það mál þátttakenda að ráðstefnan hefði verið gagnleg og hefur verið fjallað ítarlega af þeirra hálfu um efnið í dagblöðum og útvarpi.

Mat á samstarfsverkefninu.

Á lokafundi stýrinefndarinnar í nóvember 1995 hér í Reykjavík kom mjög skýrt fram frá öllum meðlimum að þetta verkefni hafi verið vel heppnað og ómetanlegt innlegg í umræðuna um kynþáttafordóma og útlendingaótta. Vel tókst til að virkja ungt fólk til þátttöku og er það mál manna að allt þetta unga norræna fólk, jafnt infæddir sem innflytjendur og flóttafólk af erlendu bergi brotið, sem tók þátt, komi til með að skila enn meiru af sér í framtíðinni, sem á eftir að hafa jákvæð áhrif á baráttuna gegn kynþáttafordómum, útlendingaótta og misrétti hverskonar.

Þetta samstarfsverkefni er gott dæmi um kraft Norðurlandanna þegar þau taka sig til um að framkvæma eitthvað í sameiningu. Einnig ber að geta þess að ef ekki hefði verið fyrir þetta samstarfsverkefni hefðu íslenskum ungmennum hugsanlega ekki gefist kostur á að taka þátt í þessu þarfa átaki sem „Norden mod fremmedhad" var, sem og átaki Evrópuráðsins.

14. Norrænar stofnanir á Íslandi

14.1. Norræna húsið

Formlegt hlutverk hússins er að „koma til móts við og örva áhuga á norrænum málefnum á Íslandi og miðla þekkingu um Ísland á öðrum Norðurlöndum". Á árinu 1995 hélt Norræna húsið áfram starfsemi sinni sem norræn menningarmiðstöð á breiðum grunni og hafði með höndum starfsemi, einkum í Reykjavík, en einnig í 6 íslenskum bæjum utan Reykjavíkur og í 7 bæjum á öðrum Norðurlöndum.

Starfsemin var fólgin í rekstri bókasafns, sýningum, kaffistofurekstri, fyrirlestra- og tónleikahaldi, vestnorrænu fjölmiðlaverkstæði og upplýsinga- og fréttamiðlun.

Ennfremur er húsnæði leigt út til norrænna sendikennara sem eru ráðnir hjá Háskóla Íslands og einnig er aðalskrifstofa Norræna félagsins á Íslandi í leiguhúsnæði í húsinu.

Á árinu hefur verið boðið upp á 490 opinber dagskráratriði í Norræna húsinu auk áðurnefndrar starfsemi annars staðar. Dagskráratriði skiptast þannig: fyrirlestrar/ráðstefnur 321 (þar af 162 á vegum hússins og 159 á vegum leigutaka), tónleikar 49 (13/36), kvikmyndasýningar 71 (47/24), leiksýningar 7 (allar á eigin vegum) og námskeið 19 (6/13).

Um 100.000 gestir hafa komið í húsið á árinu 1995.

Í starfsemi hússins skal sérstaklega lögð áhersla á eftirfarandi:

1. september hófst forverkefnið „vestnorræn fjölmiðlaverkstæði". Um er að ræða þrjú slík verkstæði sem byggja á notkun tölva og eru til húsa í Norræna húsinu, í Þórshöfn, og í Nuuk. Markmiðinu er best lýst með tilvitnun í drögin að hugmyndinni: „fjölmiðlaverkstæðin geta eflt vestnorræna samkennd, örvað tungumálanám (á öllum svæðunum læra skólanemendur dönsku sem erlent tungumál), stuðlað að gagnrýninni tilfinningu gagnvart fjölmiðlum, og veitt ungri vestnorrænni menningu kost á að kynna sig gagnvart öðrum Norðurlöndum". Um miðjan janúar 1996 kemur út fyrsta eintak sameiginlegs vestnorræns unglingatímarits sem framleitt er á þessu verkstæði.

Dagana 10.–17. september var háð alþjóðleg bókmenntahátíð sem 15 norrænir rithöfundar og 15 rithöfundar frá löndum utan Norðurlanda heimsóttu, en að auki tóku 12 íslenskir rithöfundar þátt í henni. Upplestur, umræður, kynning og bóksala fór fram ýmist í Þjóðleikhúskjallaranum eða í Norræna húsinu. Alls voru um 3.000 gestir við 24 dagskrárliði og framleitt var um 10 klukkustunda útvarpsefni og 60 mínútna sjónvarpsefni á hátíðinni.

Tvö sumarnámskeið um íslensku og íslenska menningu voru haldin fyrir aðra en Íslendinga; í þeim tóku þátt 36 einstaklingar frá öllum Norðurlöndum, en einnig voru þátttakendur frá Þýskalandi og Englandi. Á námskeiðunum var annars vegar öflug tungumálakennsla en hins vegar fyrirlestrar, kvikmyndasýningar, ferðir og heimsóknir í stofnanir.

Um 23 listsýningar hafa verið á tímabilinu og hafa listamenn frá öllum Norðurlöndum tekið þátt í þeim, en sýningarnar hafa spannað margar listgreinar, t.d. hefur verið sýnd ljósmyndalist, málverk, hönnun, húsagerðarlist, keramík, grafík og skartgripir.

Meðal kynninga hefur m.a. verið sýning um 5 mismunandi norrænar stofnanir og sýning frá Eystrasaltslöndunum.

Norræna húsið tók virkan þátt í listahátíðinni „Sólstafir" sem haldin var í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Reykjavík í febrúarmánuði. Opnunarhátíðin var í Norræna húsinu. Forstjóri hússins var í fimm manna nefnd sem lagði fyrir menntamálaráðherra drög að dagskrá hinnar umfangsmiklu hátíðar.

Upplýsingaritið „Islandskontakt", sem forstjóri hússins semur með íslenskum fréttum hefur verið gefið út 4 sinnum og hafa verið send um 1300 eintök hverju sinni til Íslandsvina. Ennfremur eru gefnar út skrár í tengslum við hinar ýmsu sýningar.

Norræna húsið fékk í grunnstyrk 55,032 millj. isl.kr. frá Norrænu ráðherranefndinni, en veltan verður um 82 millj. isl.kr. Mismunurinn felst í svonefndum ytri framlögum, en af þeim er mesti hlutinn frá Norrænu ráðherranefndinni, Reykjavíkurborg, sendiráðum í Reykjavík og erlendum menningarstofnunum og loks úr einkafyrirtækjum atvinnulífsins. 17 starfsmenn eru í húsinu (þar af eru 2 verkefnaráðnir) í u.þ.b. 11 stöðugildum.

Í stjórninni eiga sæti 7 manns, 3 frá Íslandi og 1 frá hverju landanna Finnlandi, Svíþjóð, Noregi og Danmörku. Formaður stjórnar er Lennart Elmevik (S), prófessor í norrænum tungumálum við Uppsalaháskóla og K. Torben Rasmussen (DK), forstjóri Norræna hússins.

14.2. Norræna eldfjallastöðin

Norræna eldfjallastöðin er samnorræn stofnun sem heyrir undir Norrænu ráðherranefndina og er kostuð af henni. Stjórn hennar er skipuð fulltrúum Norðurlandanna auk þriggja fulltrúa íslenskra stofnana á sviði jarðvísinda. Stjórnarformaður er prófessor Carl Ehlers, Finnlandi, en Dr. Guðmundur E. Sigvaldason veitir stöðinni forstöðu.

Í reglugerð fyrir stöðina frá 1973 er hlutverk hennar skilgreint svo: „Norræna eldfjallastöðin á að stunda rannsóknir í eldfjallafræði með áherslu á veigamestu rannsóknasvið þeirrar fræðigreinar: bergfræði, jarðefnafræði, jarðeðlisfræði og eldfjallasögu. Stofnunin á að veita vísindamönnum og námsmönnum frá Norðurlöndum og, eftir nánari ákvörðun stjórnar stofnunarinnar, einnig frá öðrum löndum, aðstöðu til rannsókna í eldfjallafræði og tengdum greinum."

Rannsóknir.

Rannsóknir stofnunarinnar beinast að eðli möttulstróksins undir Íslandi, nákvæmnismælingum á hreyfingum jarðskorpunnar á flekamótum og umhverfis allmargar eldstöðvar og könnun á jarðskjálftasvæðum á Suður-, Norður- og Vesturlandi.

Tækniþróun.

Rannsóknir stofnunarinnar krefjast umfangsmikils tækjabúnaðar, sem þarfnast sífelldrar endurnýjunar og viðhalds. Til að sinna þessum þætti starfseminnar hefur stofnunin lagt áherslu á að hafa rafeindaverkfræðinga og tæknimenn í þjónustu sinni. Samneyti jarðvísindamanna og manna með verkfræði- og tæknimenntun þróaðist strax frá því að vera eingöngu viðhaldsþjónusta og fór út á brautir nýsköpunar. Í fyrstu var um það að ræða að búa til heimasmíðuð áhöld ef efni leyfðu ekki kaup á tækjum, sem voru á markaðnum hverju sinni. Síðar snerist starfið um nýsköpun þegar ljóst var að heimatilbúnar lausnir voru betri en þær sem hægt var að kaupa.

Árið 1975 fékk stofnunin tæki, sem hefur alla tíð verið einn af hornsteinum starfseminnar. Eftir 20 ára notkun var svo komið að bilanatíðni vegna slits og úreltra íhluta var mjög mikil og olli umtalsverðum töfum. Nýtt tæki með svipaða eða sömu getu kostar nú 60 millj. kr. frá framleiðanda og þess vegna ekki auðhlaupið að því að afla fjár til slíkra kaupa, ekki síst þegar óskir um kaup á öðru álíka dýru tæki liggja fyrir. Stofnunin fór þá leið að boða alla eigendur sams konar tækja í Evrópu til fundar þar sem hver og einn skýrði frá helstu rekstrarerfiðleikum og tæknilegum lausnum, sem höfðu verið notaðar til úrbóta. Niðurstaðan varð sú að þegar allt kom í einn stað var lagður grundvöllur að nýju tæki byggðu utan um beinagrind þess gamla. Verkfræðingar og tæknimenn stofnunarinnar hafa nú lokið endurbyggingu tækisins fyrir um það bil 8 millj. kr. og niðurstaðan er betra tæki en við fengum í upphafi. Þetta verkefni hefur leitt til úrbóta á nokkrum innbyggðum göllum upphaflega tækisins, einkum í tengslum við ljósfræði (optik).

Önnur verkefni í tækniþróun varða tæki til umhverfisvöktunar. Nákvæmnishallamælir stofnunarinnar, sem var fyrst tekinn í notkun árið 1978, hefur verið í sífelldri þróun og er nú viðurkenndur sem eitt besta tæki sinnar tegundar. Tækið hefur nú verið í notkun á Azoreyjum í nokkur ár og viðræður standa yfir við Frakka um að smíða mæla fyrir allar þrjár eldfjallastöðvar þeirra í Karíbahafi og Indlandshafi. Þá hafa Spánverjar óskað eftir að fá mæla til reynslu á Kanaríeyjum. Áður var minnst á þróun aðferða til símælinga á jarðskorpuhreyfingum með GPS-tækni, en einnig hefur verið unnið að smíði tækja til símælinga á lofttegundum.

Eitt stærsta þróunarverkefnið varðar sjálfvirkni í umhverfisvöktun til að vara við náttúruhamförum. Orðið sjálfvirkni er notað um þann hluta viðvörunarferlis sem varðar söfnun og meðhöndlun gagna sem viðvörunin byggir á. Reynslan sýnir að þegar hættuástand skapast, verður hraði viðburða mikill og innstreymi upplýsinga getur orðið meiri en mannshugurinn ræður við að vinna úr á skömmum tíma. Verkefnið miðar að því að samþætta úrvinnslu ólíkra gagna í tölvu, sem skilar niðurstöðum á formi, sem menn eiga auðveldara með að vinna úr með skjótum hætti. Stofnunin hafði unnið að þessari þróun í allmörg ár þegar fjórða rammaáætlun Evrópusambandsins bað um umsóknir til að sinna verkefni af þessu tagi. Verkefnið er nú samevrópskt undir stjórn Norrænu eldfjallastöðvarinnar.

Styrkþegar.

Sem fyrr er fjöldi umsókna um styrkþegastöður mun fleiri en stofnunin getur sinnt. Þó að æskilegt væri að geta sinnt fleiri umsóknum er útkoman samt sú að stofnunin getur valið mjög hæfileikaríkt fólk til starfa og nýtur þess í ríkum mæli. Á yfirstandandi styrktímabili (1. júní 1995–31. maí 1996) dveljast fimm styrkþegar frá Norðurlöndum við stofnunina, tveir

frá Finnlandi og einn frá hverju hinna landanna Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Styrkþegar eru allir að vinna að verkefnum í tengslum við rannsóknaáætlun stofnunarinnar og munu nota niðurstöður rannsókna sinna að hluta til eða öllu leyti sem uppistöðu í doktorsverkefnum. Auk styrkþeganna eru tveir ungir vísindamenn gestir stofnunarinnar.

Evrópusamstarf, alþjóðleg tengsl.

Norræna eldfjallastöðin tók þátt í umsóknum til vísindasjóðs Evrópusambandsins í umhverfisrannsóknum innan fjórðu rammaáætlunar sambandsins. Allar umsóknir, sem stofnunin átti aðild að fengu hæstu einkunn í umfjöllun faglegra dómnefnda. Fimm verkefni verða styrkt:

1. Þróun sjálfvirks búnaðar til umhverfisvöktunar
2. Fjarkönnun gegn umhverfisvá
3. Vöktun gasútstreymis frá eldfjöllum
4. Gerð líkana til túlkunar á forboðum eldgosa
5. Jarðskjálftaspár fyrir Suðurland og Norðurland

Þáttur Norrænu eldfjallastöðvarinnar er mismikill í þessum verkefnum en samstarfsaðilar koma frá Belgiu, Bretlandi, Frakklandi, Ítalíu, Spáni, Sviss og Þýskalandi.

Þátttaka í samstarfsverkefnum á vegum European Science Foundation heldur áfram með svipuðu sniði og áður. Starf í evrópsku eldfjallanefndinni (EVOP) snerist mikið um skipulag og samræmingu umsókna til vísindasjóðs Evrópusambandsins. Starfsmaður stofnunarinnar var kjörinn í stjórn samstarfsverkefnis um þróun tækja til jarðeðlisfræðilegra mælinga (ECGS) og rannsókn á öskukornum í grænlenska ískjarnanum (GRIP) sýndi fram á að Landnámslagið, sem hefur komið mjög við sögu í fornleifarannsóknum á Íslandi, féll árið 871.

Almennt.

Stofnunin hefur nú í þrjú ár starfað á grundvelli afkastasamnings við Norrænu ráðherranefndina. Samningurinn fól ekki í sér breytingar á framlögum, en hvatti til nákvæmari skilgreiningar verksviðs og áætlanagerðar, sem reyndist mjög heilladrjúg.

Stofnunin hefur jafnframt fengið aukið frelsi til að hagræða starfi og framtíðarstefnu, líka með tilliti til þess að reikna má með nokkrum samdrætti í framlögum ráðherranefndarinnar. Mikilvægt er að leita nýrra leiða til að afla fjár til skammtímaverkefna, en stofnunin leggur áherslu á að samkeppnishæfni um rannsóknarstyrki veltur að verulegu leyti á því að grunnfjárveiting haldist í horfinu. Nýr samningur til næstu þriggja ára er í undirbúningi.

Ísland hefur á umliðnum tveimur árum aukið aðild sína að stofnuninni verulega með því að flytja laun eins sérfræðings frá ráðherranefndinni til íslenskra fjárlaga og ennfremur með því að bæta við nýrri stöðu sérfræðings. Þá hefur stofnunin fengið heimild til að taka húsnæði á leigu til að brúa bilið uns framtíðarhúsnæði stofnunarinnar verður tilbúið til notkunar í Náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands.

15. Norrænir sjóðir

15.1. Norræni fjárfestingarbankinn (NIB)

Almennt um starfsemina.

Samningur milli ríkisstjórna Norðurlanda um stofnun Norræna fjárfestingarbankans, NIB, var undirritaður í desember 1975. Starfsemi bankans hófst árið 1976. Hlutverk bankans er að veita lán og ábyrgðir á markaðskjörum til fjármögnunar fjárfestinga, sem uppfylla kröfur um norræna hagsmuni, jafnt innan sem utan Norðurlanda. Lánastarfsemin tekur til

fjárfestinga sem eru í norræna þágu innan Norðurlanda og verkefnaútflutningslána til lánshæfra landa í Mið- og Austur-Evrópu og þróunarlanda, sem uppfylla kröfur um lánshæfi. Bankinn veitir einnig lán til verkefna í Eystrasaltslöndunum innan sérstakrar fjárfestingaráætlunar þeirra vegna.

Hagnaður af starfsemi Norræna fjárfestingarbankans (NIB) fyrstu átta mánuði ársins 1995 nam 66 millj. ekna (5,6 milljarðar ísl. kr.), sem er jafngóður rekstrarárangur og á sama tímabili í fyrra. Þróun starfseminnar fyrstu átta mánuði ársins bendir jafnframt til að afkoma bankans fyrir árið 1995 sem heild verði lík rekstrarafkomu ársins 1994 – eða betri – en það ár nam hagnaður af starfseminni 98 millj. ekna (8,3 milljarðar ísl. kr.) sem er besta afkoma bankans fram til þessa. Hreinar vaxtatekjur NIB fyrstu átta mánuði ársins, námu 78 millj. ekna (6,6 miljarðar ísl. kr.) samanborið við 76 millj. ekna fyrir sama tímabil í fyrra. Bankinn hefur ekki í ár fremur en í fyrra orðið fyrir neinum útlánatöpum sem staðfestir sterka heildarmynd útlána bankans og fjárstýringar hans.

Eigið fé bankans jókst um 12% úr 769 millj. ekna í ágúst 1994 í 858 millj. ekna í lok ágúst 1995. Í árslok 1994 nam eigið fé bankans 801 millj. ekna. Eigendurnir, þ.e. Norðurlöndin, hafa greitt síðustu innborgunina, 11,7 millj. ekna vegna aukningar á grunnfé bankans, sem var samþykkt árið 1993. Grunnfé bankans nemur nú 2.809 millj. ekna og á þeim grundvelli getur bankinn lánað jafnvirði 7.021 millj. ekna sem hefðbundin fjárfestingarlán innan Norðurlanda. Útlánaramminn samsvarar 2,5 földu grunnfé bankans. Þessu til viðbótar koma síðan sérstakir lánarammar fyrir verkefnafjárfestingarlán að uphæð 2.000 millj. ekna og lán til Eystrasaltslandanna að upphæð 60 millj. ekna. Útborgaður arður til eigenda bankans á árinu 1995 vegna hagnaðar ársins 1994 er 20 millj. ekna.

Samþykkt og útborguð lán bankans hafa vaxið á árinu 1995 sem endurspeglar vaxandi fjárfestingu á Norðurlöndum. Á fyrstu átta mánuðum ársins námu útborganir og veittar ábyrgðir alls 628 millj. ekna samanborið við 710 millj. ekna fyrir árið 1994 í heild. Niðurstöðutala efnahagsreikninga bankans nam 8.259 millj. ekna þann 31. ágúst 1995, samanborið við 7.540 millj. ekna í árslok 1994.

Á fyrstu átta mánuðum ársins voru greidd út ný lán til Norðurlanda að upphæð 507 millj. ekna eða um 42,4 milljarðar ísl. kr. Til samanburðar námu útborganir fyrir sama tímabil í fyrra 304 millj. ekna. Um 24% af nýjum lánveitingum ársins fóru til Finnlands, 55% til Svíþjóðar, um 10% til Noregs og tæplega 10% til Íslands. Heildarútlán bankans til Norðurlanda í lok ágúst 1995 námu u.þ.b. 4.000 millj. ekna (334,4 milljörðum ísl. kr.) og er hlutdeild Íslands rúm 9%, Svíþjóðar um 34%, Finnlands um 30%, Danmerkur um 14% og Noregs um 13%.

Meginreglan við lánveitingar NIB er að sú fjárfesting, sem fjármögnuð er gagnist a.m.k. tveim norrænum löndum. Að frumkvæði norrænu fjármála- og efnahagsráðherranna voru NIB á árinu 1993 veittar auknar heimildir til að fjármagna innviðafjárfestingar þó svo fjárfestingin tengdist einvörðungu einu landi. Skilyrði var að um umfangsmiklar fjárfestingar væri að ræða fyrir viðkomandi aðildarland. Sambærileg skilgreining hefur verið viðhöfð í tengslum við fjárfestingar á sviði orku- og umhverfismála, og nú síðast einnig fjárfestingar vegna rannsókna- og þróunarverkefna fyrirtækja.

Það sem af er þessu ári eru útborganir lána til fjármögnunar innviðafjárfestinga umfangsmestar eða 220 millj. ekna sem svarar til 45% af nýjum útborguðum lánum til Norðurlanda. Undir þessi lán falla m.a. fjárfestingar á sviði farsímakerfisins bæði í Noregi og Svíðþjóð, og lán til vega- og jarðgangnaframkvæmda bæði í Noregi og á Íslandi. Í júlí var undirritaður samningur um fjármögnun á nýrri járnbraut milli Stokkhólms og Arlanda-flugvallar í Svíþjóð. Um mánuði síðar var síðan undirritaður samningur milli NIB og hinnar dönsk-sænsku Eyrarsundssamsteypu um lánaramma frá NIB allt að 1000 millj. d.kr. til fjármögnunar vegaframkvæmda milli Svíþjóðar og Danmerkur. Útborguð lán til rannsókna- og þróunar-

verkefna námu 130 millj. ekna á fyrstu átta mánuðum ársins 1995, eða um þriðjungi útborgaðra lána. Forysta bankans leggur nú mikla áherslu á þessi tvö svið, þ.e. innviðafjárfestingu og rannsóknar- og þróunarstarfsemi, enda gegna þau lykilhlutverki til að örva hagvöxt.

Alþjóðlegar lánveitingar bankans eða svokölluð verkefnafjárfestingarlán (PIL), eru veitt til fjármögnunar verkefna með norrænni þátttöku m.a. í Asíu, Suður-Ameríku, auk Mið- og Austur-Evrópu. Ný samningsbundin lán fyrstu átta mánuði ársins námu 153 millj. ekna samanborið við 125 millj. ekna fyrir sama tímabil í fyrra. Í mars 1994 samþykktu eigendur bankans að hækka útlánaramma NIB fyrir PIL-lán úr u.þ.b. 1.200 millj. ekna (1.000 millj. SDR) í 2.000 millj. ekna. Eigendur bankans eru í sérstakri bakábyrgð fyrir 90% af andvirði þessara lána, en bankinn hefur ekki fram til þessa þurft að nýta þessa bakábyrgð eigandanna. Hækkun lánarammans tók gildi í ársbyrjun 1995.

Stærsti hluti alþjóðlegra lánveitinga bankans er til Asíu. Á fyrstu átta mánuðum ársins námu útborguð PIL-lán 121 millj. ekna og voru þessi lán m.a. veitt til Kína, Indlands, Póllands, Ungverjalands og Mexíkó. Á árinu 1995 hafa sex ný lántökulönd bæst á lista PIL-lántökulanda þ.e. Filippseyjar, Mexíkó, Pólland, Ungverjaland, Slóvakía og Suður-Afríka.

Útistandandi PIL-lán námu 731 millj. ekna í lok ágúst 1995, en heildarútlán bankans á alþjóðlegum vettvangi að meðtöldum ábyrgðum námu 822 millj. ekna á sama tíma. Samþykkt og útborguð lán námu hins vegar 1.256 millj. ekna í lok ágúst 1995 samanborið við gildandi lánaramma alls að upphæð 2.000 millj. ekna eins og áður var getið.

NIB var af eigendum sínum falið að stjórna hluta af stuðningi Norðurlandanna við Eystrasaltslöndin er miðar að því að þróa fjármagnsmarkaðinn í þessum löndum. Norðurlöndin hafa veitt 60 millj. ekna lánaramma (BIP) til þessa verkefnis sem veitt er til fjárfestinga smárra og meðalstórra fyrirtækja innan einkageirans. Eigendur bankans eru alfarið í bakábyrgð vegna þessara lána. Þetta verkefni hófst árið 1992 með lánaramma að upphæð 30 millj. ekna, sem var fullnýttur um mitt ár 1995. Fjármála- og efnahagsráðherrar Norðurlanda ákváðu í nóvember 1995 að hækka þennan lánaramma upp í 60 millj. ekna og að fela NIB auk þess að halda áfram tækniaðstoð við Eystrasaltslönd og umsjón með áformaðri 7,5 millj. ekna eignaraðild í fjárfestingarbönkum í löndunum þremur.

Heildarlántökur NIB námu þann 31. ágúst 6.487 millj. ekna, samanborið við 6.037 í ársbyrjun.

Grunnfé bankans nemur nú 2.809 millj. ekna. Innborgaður hluti grunnfjársins er 304 millj. ekna, en mismunurinn er ábyrgðir eigenda. Eigið fé bankans að meðtöldum varasjóði nam alls 858 millj. ekna þann 31. ágúst 1995. Starfsmenn bankans eru nú 107 frá öllum aðildarlöndum.

Starfsemi NIB á Íslandi.

Mikil eftirspurn hefur verið eftir lánum NIB á yfirstandandi ári jafnt á Íslandi sem og öðrum Norðurlöndum. Það sem einkum hefur einkennt starfsemi NIB á Íslandi árið 1995 er vaxandi áhugi íslenskra einkafyrirtækja á beinni lántöku hjá bankanum. Þannig voru á árinu veitt lán til 6 nýrra lántakenda í hópi meðalstórra og stórra íslenskra einkafyrirtækja alls að upphæð 1.550 millj. Jafnframt hafa íslensk fyrirtæki í auknum mæli leitað til bankans í tengslum við fjárfestingar sínar í öðrum löndum. Búast má við að slíkar fjárfestingar geti orðið algengari í framtíðinni samhliða auknum samruna innan Evrópu og sókn á nýja markaði, er fyrirtæki leita leiða til að bæta samkeppnishæfni sína fyrir framleiðslu sína og þjónustu.

Starfsemin hefur auk þess einkennst af fjármögnun umfangsmikilla innviðafjárfestinga hins opinbera („infrastruktur“) auk þess sem bankinn hefur veitt sitt fyrsta lán til Íslands til rannsókna- og þróunarstarfs.

Það sem af er árinu hafa verið samþykkt 15 ný lán til Íslands alls að upphæð 7.758 millj. ísl. kr. samanborið við tæplega 1.300 millj. á árinu 1994. Útborguð ný lán á árinu 1995 nema tæplega 5.400 millj. samanborið við tæplega 3.300 millj. í fyrra. Ný samþykkt lán 1995 og útborganir greinast þannig á einstaka flokka lántakenda:

Tafla 1: Samþykkt og útborguð lán til Íslands 1995

Upphæðir í millj. ísl. kr.	Samþykkt 1995		Útborgað 1995	
	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð
Ríkissjóður	1	3000,0	1	3000,0
Sveitarfélög			1	97,0
Fyrirtæki í eigu hins opinbera	3	1195,0	1	450,0
Atvinnuvegasjóðir	4	1950,0	3	750,0
Einkafyrirtæki	7	1613,0	5	1113,0
Samtals	15	7758,0	9	5410,0

Af samþykktum óútborguðum lánum eru 1,2 milljarðar samningsbundin lán, sem koma til útborgunar í febrúar n.k., en ætla má að alls um 2,0 milljarðar af ofangreindum samþykktum lánum komi til útborgunar í byrjun næsta árs.

Til samanburðar voru samþykkt 7 lán til Íslands á árinu 1994 að upphæð að jafnvirði tæplega 1,3 milljarðar, en útborguð lán til Íslands í fyrra námu tæplega 3,3 milljörðum kr. Það er því um að ræða verulega aukningu frá fyrra ári bæði hvað varðar samþykkt og útborguð lán. Aukningin skýrist bæði af auknum áhuga innan einkageirans sem áður var getið svo og af storu láni til ríkisins til fjármögnunar innviðafjárfestinga.

NIB er enn sem fyrr langstærsti einstaki erlendi lánveitandinn til Íslands með um 11% af erlendum langtíma skuldbindingum þjóðarbúsins í heild, en heildarlánveitingar NIB til Íslands námu ríflega 31 milljarði ísl. kr. þann 19. desember sl. Hlutur Íslands í lánveitingum NIB hefur undanfarin ár verið milli 9 og 10% af heildarútlánum bankans til Norðurlanda. Eignarhluti Íslands í NIB er u.þ.b. 1%.

Á eftirfarandi töflu má sjá yfirlit yfir þróun útistandandi lána til Íslands frá 1991 til 1995:

Tafla 2: Útistandandi lán til Íslands

Upphæðir í millj. ekna	31/12 1991	31/12 1992	31/12 1993	31/12 1994	19/12 1995
Útistandandi lán alls	284,4	304,2	350,7	346,7	372,8
Fjöldi lántakenda	23	25	25	29	32
Fjöldi lána	64	67	70	74	78

Útistandandi lán NIB til Íslands námu þann 19. desember 1995 372,8 millj. tekna eða um 31,2 milljarði og greinast þannig á einstaka flokka lántakenda:

Tafla 3: Yfirlit yfir lántakendur og útistandandi lán

Lántakendur	Fjöldi lántakenda	Upphæð í millj.kr.
Fjárfestingalánasjóðir og bankar	7	12.866
Fyrirtæki í eigu ríkis og sveitarfél.	5	7.195
Ríkissjóður	1	7.020
Einkafyrirtæki	15	2.153
Sveitarfélög	4	1.995
Samtals	32	31.229

Stjórn bankans.

Jón Sigurðsson hefur gegnt stöðu aðalbankastjóra NIB frá því í apríl 1994. Í bankaráðinu eiga nú sæti af Íslands hálfu: Guðmundur Magnússon, sem jafnframt er formaður bankaráðsins og Tómas Árnason. Varamenn þeirra eru Ásgeir Jóhannesson og Þorkell Helgason.

15.2. Norræni iðnaðarsjóðurinn (NI)

Á árinu 1995 hafði sjóðurinn 65,4 millj. n.kr. til ráðstöfunar auk heimildar til að lofa framlögum, samtals að upphæð 75 millj. n.kr., til verkefna, sem greiðast af fjárveitingum samkvæmt fjárlögum 1996.

Nýjar áherslur.

Aðild Svíþjóðar og Finnlands að Evrópusambandinu og þátttaka Noregs og Íslands í evrópsku rannsóknaáætlununum hefur skapað ný skilyrði fyrir norræna samvinnu á sviði rannsókna og þróunar í iðnaði. Af því tilefni mótaði stjórn Norræna iðnaðarsjóðsins nýja stefnu á árinu 1995, sem á að vera traustur grunnur fyrir starfsemina fram til aldamóta og taka við af núverandi stefnumörkun. Að fengnu samþykki ráðherranefndarinnar á árinu 1996 er áformað að styðjast við hina nýju stefnu. Þar með verður lagður til grundvallar styrkur norrænnar samvinnu á sviði iðnaðarrannsókna og þróunar í evrópsku samhengi. Lagt er til að Norræni iðnaðarsjóðurinn fáist í enn ríkari mæli við fjármögnun á frumskeiði nýsköpunarferlis og hvetji þannig til verkefnahugmynda á norrænum vettvangi, sem ýmist væri hægt að fjármagna frá Evrópu eða í viðkomandi landi. Á þann hátt gæti sjóðurinn stutt viðleitni þeirra, sem kosta rannsóknir og þróun í hverju landi, til að laða fram fleiri vænleg verkefni. Norrænu verkefnin yrðu valin út frá sjónarmiðum um norrænar áherslur.

Áherslusvið.

Áætlanir sem byggja á núverandi áherslusviðum, sem eru NordFood, NordList, NordPap og Nordic Wood, halda áfram sem þættir í nýrri stefnuskrá. Yfir 600 fyrirtæki og 75 háskólar auk rannsóknastofnana taka þátt í þeim áætlunum. Þátttaka er hvarvetna af Norðurlöndum og fyrirtækin eru flest lítil eða meðalstór. Áætlanir taka til víðtæks norræns samstarfs milli þeirra stofnana sem fjármagna rannsóknir og þróun í hverju landanna, til Norræna iðnaðarsjóðsins svo og hinna ýmsu atvinnugreina. Með aðild sjóðsins nema heildarframlög til áætlananna 726 millj. n.kr.

Með norrænni samvinnu er hins vegar unnt að tengja sérfræðiþekkingu rannsóknastofnunar eða þróunardeildar fyrirtækis í einu landi sérfræðiþekkingu sams konar stofnana annars staðar á Norðurlöndum. Sem dæmi má taka svonefnt NordFood-verkefni. Þar starfa

vísindamenn og fyrirtæki í Finnlandi, Svíþjóð og Noregi saman að því að þróa matvöru sem á að efla ónæmisvarnir líkamans, t.d. gegn krabbameini. Í annarri NordFood-áætlun hafa verið gerðar nýjar uppgötvanir varðandi háþrýstimeðferð á matvælum til að auka geymsluþol þeirra án þess að gæði rýrni. Innan NordPap-áætlunarinnar er verið að þróa nýja og umhverfisvæna bleikingartækni sem mun styrkja samkeppnishæfni norræns pappírsiðnaðar.

Umhverfismál.

Umhverfisþátturinn fær mikið vægi í öllum áætlununum. Til að styrkja þetta enn frekar hefur sjóðurinn fjármagnað samvinnu norrænna aðila um að þróa aðgengilegt forrit til að greina „æviskeið í iðnaði", s.k. NEP-áætlun. Þarna hafa aðilar frá atvinnulífi og ýmsir sérfræðingar þróað tölvuhjálpargagn, sem er einstakt, við að beita umhverfisgreiningu í daglegu þróunarstarfi. Norræni iðnaðarsjóðurinn fjármagnar samvinnu norrænna stálfyrirtækja, sinkframleiðenda og rannsókna- og þróunarstofnana við að þróa arðbært ferli við endurvinnslu sinks úr brotajárni, en sink í brotajárni er mjög alvarleg umhverfisógn.

Tengslakerfi.

Sjóðurinn styrkir norræna þátttöku í evrópsku áætlununum JESSI og ESPRIT. Stuðningurinn gerir það kleift að koma á fót svonefndu NorAsic-kerfi sem er norrænt tengslakerfi fyrir sérþekkingu (Network of Excellence). Í gegnum NorAsic fá yfir 300 lítil og meðalstór norræn fyrirtæki í upplýsingatækni aðgang að nýjustu tækni við hönnun rafrása sem lagaðar eru að þörfum viðskiptavinarins. Tengslakerfið var víkkað á árinu 1995 svo það nær einnig til fyrirtækja í Eystrasaltsríkjunum.

New Nordic Technology.

Frá því í ársbyrjun 1995 hefur norræna tímaritið New Nordic Technology verið gefið út af Norræna iðnaðarsjóðnum í samvinnu við rannsókna- og þróunarstofnanir. Tímaritinu er dreift til um 15000 lykilmanna í rannsókna- og þróunarstarfi og til stjórnmálamanna og annarra ráðamanna í Vestur-Evrópu, Norður-Ameríku og Japan. Markmiðið er að veita upplýsingar um norræna tækni, uppfinningar og framleiðslu og jafnframt að stuðla að aukinni alþjóðlegri samvinnu á sviði rannsókna og þróunar.

15.3. Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef)

Samstarf um útflutningsverkefni.

Markmið Norræna verkefnaútflutningssjóðsins (Nordiska Projektexportfonden) er að efla alþjóðlega samkeppnishæfni norrænna fyrirtækja í verkefnaútflutningi og stuðla að alþjóðavæðingu þeirra á mörkuðum utan ESB og EFTA. Þetta gerir sjóðurinn með því að veita fyrirtækjum áhættulán til for- og arðsemisathugana á verkefnum sem talið er að geti leitt til nýrra viðskiptatækifæra á erlendum mörkuðum (alþjóðavæðing) og nýs verkefnaútflutnings. Lán til verkefna vegna alþjóðavæðingar fyrirtækja geta meðal annars verið veitt til að standa straum af kostnaði við forvinnu eða forathuganir sem miða að því að koma á samstarfi norrænna fyrirtækja og fyrirtækja utan Evrópska efnahagssvæðisins, kostnaði vegna endurskipulagningar, nýfjárfestingar eða stofnunar dótturfyrirtækja og í framhaldi af því kostnaði vegna samningaviðræðna aðila um væntanlegt samstarf.

Lánin geta svarað til allt að 50% af kostnaði við gerð forathugananna og getur sjóðurinn breytt þeim í styrk verði ekki af verkefninu, en annars er lánið endurgreitt. Lánin eru vaxtalaus. Til að verkefni geti fengið styrk úr sjóðnum þarf í flestum tilfellum að sýna fram á að fyrirtæki í fleiri en einu Norðurlandanna hafi hag af því. Í Fjárfestingaráætluninni fyrir Eystrasaltsríkin er þó ekki gerð þessi krafa.

Auk þessarar meginstarfsemi beitir sjóðurinn sér meðal annars fyrir ýmsum athugunum sem hafa almenna þýðingu fyrir norrænan verkefnaútflutning. Þannig beitir hann sér fyrir sérstökum könnunum á sóknarfærum í verkefnaútflutningi, svo sem á nýjum mörkuðum eða á nýjum sviðum. Þá getur Nopef haft frumkvæði að verkefnaútflutningi með því að koma á samstarfi fyrirtækja. Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn gengst einnig fyrir alþjóðlegum fundum og ráðstefnum á sviðum og mörkuðum sem teljast áhugaverð fyrir norrænt atvinnulíf.

Fjárfestingaráætlunin fyrir Eystrasaltsríkin.

Norræna ráðherranefndin hefur falið sjóðnum tímabundin verkefni af ýmsu tagi. Þannig hefur sjóðurinn til dæmis fengið fé til ráðstöfunar í því skyni að örva útflutning sem stuðlar að umhverfisvernd og undanfarin ár hefur ríkur þáttur í starfsemi hans verið stuðningur við fjárfestingu í Eystrasaltslöndunum samkvæmt sérstakri áætlun sem nefnist Fjárfestingaráætlunin fyrir Eystrasaltsríkin.

Þáttur Nopef í fjárfestingaráætluninni fyrir Eystrasaltsríkin hefur snúið að stuðningi við athuganir á uppbyggingu smárra og meðalstórra fyrirtækja í umræddum löndum í samvinnu við norræn fyrirtæki. Þessi þáttur hefur sett mikinn svip á starfsemi sjóðsins sl. þrjú ár. Gert er ráð fyrir að fjárfestingaráætlunin verði framlengd til ársloka 1999, meðal annars með viðbótarframlagi til Nopef í þessu skyni að fjárhæð 5 millj. eku (um 400 millj. ísl. kr.).

1210 verkefni á þrettán árum.

Á undanförnum árum hefur starfsemi sjóðsins aukist verulega og hefur fjöldi lánsumsókna fjórfaldast á fimm árum. Alls hefur Nopef nú starfað í þrettán ár og fjallað um 1210 verkefni og þar af samþykkt lán og styrki til 621 verkefnis. Á árinu 1995 veitti sjóðurinn styrki til 113 verkefna. Þessi verkefni skiptust þannig á Norðurlöndin og markaðssvæði:

	Fjöldi		**Fjöldi**
Danmörk	46	Austur-Evrópa	29
Finnland	7	Asía	16
Ísland	2	Suður-Ameríka	2
Noregur	20	Afríka	3
Svíþjóð	36	Eystrasaltsríkin	64
Sameiginlegt	3		
Samtals	**114**	**Samtals**	**114**

Eins og þessi skipting sýnir hafa Eystrasaltsríkin og Austur-Evrópa verið fyrirferðarmest í starfsemi sjóðsins á árinu 1995. Enginn vafi er því á að stuðningur Nopef hefur stuðlað að aukinni fjárfestingu norrænna fyrirtækja í Austur-Evrópu undanfarin ár.

Íslensk verkefni.

Samtals hafa 23 íslensk verkefni fengið stuðning frá sjóðnum að fjárhæð um 90 millj. kr. Flest verkefnanna hafa tengst sjávarútvegi og orkubúskap, enda hafa Íslendingar haft fram að bjóða þekkingu á þessum sviðum sem er samkeppnishæf á alþjóðavettvangi. En einnig hefur sjóðurinn styrkt íslensk útflutningsverkefni á öðrum sviðum, meðal annars á sviði byggingariðnaðar, verktakastarfsemi og heilbrigðisþjónustu. Að auki tengjast íslenskir hagsmunir mörgum almennum verkefnum sem sjóðurinn hefur beitt sér fyrir í þágu atvinnulífs á Norðurlöndum. Á árinu 1995 samþykkti Nopef styrki til tveggja íslenskra verkefna. Samtals samsvarar hlutur íslenskra fyrirtækja í styrkveitingum frá Nopef um 5% af heildarstyrkveitingu sjóðsins. Hlutur Íslendinga í greiðslum til sjóðsins er 1%.

Á árinu 1995 var starfsemi Nopef metin eins og rúmlega 40 annarra norrænna stofnana. Markmiðið var að meta „norrænt notagildi" (Nordisk nytte) umræddra stofnana. Í matinu fékk Nopef einkunnina „stor nytte" með eftirfarandi umsögn:

> „Starfsemi sjóðsins út á við nær til fyrirtækja á öllum Norðurlöndum. Þátttakan í verkefnum sjóðsins er einnig mjög breið. Þjóðhagslegur ávinningur af starfseminni er greinilegur. Nopef hefur til að bera sérhæfingu á sviði sem er sérstaklega mikilvægt, ekki minnst fyrir smá og meðalstór fyrirtæki, sem á eigin spýtur eiga í erfiðleikum að vinna forvinnu eða gera forathuganir sem duga til þess að fá verkefnin fjármögnuð hjá NIB eða öðrum fjármálastofnunum. Veruleg eftirspurn og samkeppni er um stuðning frá Nopef, sem hefur verulega þýðingu fyrir fyrirtækin, einnig þegar um er að ræða samstarf við skyldar stofnanir innan ESB og Alþjóðabankans.
>
> Því er mælt með að starfsemi Nopefs haldi áfram og verði þróuð enn frekar."

Nopef, sem sett var á stofn árið 1982, er systurstofnun Norræna fjárfestingarbankans (NIB), Norræna þróunarsjóðsins (NDF) og Norræna umhverfissjóðsins (NEFCO). Þessar stofnanir eru allar staðsettar í Helsingfors. Stefán Friðfinnsson, forstjóri Íslenskra aðalverktaka og Þórður Friðjónsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar eru í stjórn sjóðsins fyrir Íslands hönd. Þorsteinn Ólafsson, viðskiptafræðingur, hefur verið forstjóri Nopef frá árinu 1990.

15.4. Norræni þróunarsjóðurinn (NDF)

Norræni þróunarsjóðurinn tók formlega til starfa 1. febrúar 1989. Hann hefur aðsetur hjá Norræna fjárfestingarbankanum (NIB) í Helsinki og nýtur samrekstrar með honum að mörgu leyti. Stofnfé sjóðsins er 250 millj. SDR (um 25 miljarðar ísl. kr.) sem greiðist af Norðurlöndunum í samræmi við „norræna deililykilinn".

Markmið sjóðsins er að styrkja efnahagslegar og félagslegar framfarir í þróunarríkjunum í samvinnu við aðrar lánastofnanir. Fyrst og fremst er lánað til fátækustu ríkja heims. Lánskjörin eru með þeim bestu sem þekkjast. Lánin eru til 40 ára, afborganalaus fyrstu 10 árin, vaxtalaus, en með 0,75% þjónustugjaldi á ári.

Á árinu 1995 veitti stjórn sjóðsins vilyrði fyrir 21 láni samtals að upphæð 70,6 millj. SDR (um 7 miljarðar ísl. kr.). Um miðjan desember 1995 höfðu verið undirritaðir lánasamningar um 59 þróunarverkefni í 24 löndum samtals að upphæð 205,5 millj. SDR eða um 20 miljarðar ísl. kr.

Á árinu var starfsemi sjóðsins metin af sérstakri nefnd á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Nefndin fór mjög lofsamlegum orðum um starfsemi sjóðsins og lagði til að stofnfé sjóðsins yrði aukið um 500 millj. SDR (50 miljarðar ísl. kr.). Óvíst er hvort allar aðildarþjóðirnar geti samþykkt svo mikla aukningu, en ákvörðun verður tekin fyrri hluta næsta árs um hversu mikil aukningin verður. Starfsemi sjóðsins var einnig tekin fyrir í úttekt embættismannanefndar á „notagildi" 47 norrænna stofnana. Sjóðurinn fékk þar hæstu einkunn. Í þriðju norrænu úttektinni á árinu, sem fjallaði um samstarf og hugsanlegan samruna norrænu fjármálastofnananna, var farið góðum orðum um rekstur sjóðsins og ekki lagðar til breytingar á rekstrarfyrirkomulagi enda er mikið samstarf milli sjóðsins og NIB.

Fimm lán hafa verið undirrituð þar sem íslensk fyrirtæki eiga beinna hagsmuna að gæta:

a) Lán var veitt til fiskveiðiverkefnis í Malawi og er lánsupphæðin 2,8 millj. SDR (um 280 millj. ísl. kr.). Sjóðurinn tekur þátt í verkefninu ásamt Alþjóðabankanum og Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Verulegur hluti lánsins var notaður til byggingar tveggja skipa á Íslandi, rannsóknaskips og togveiðiskips.
b) Fiskveiðiverkefni í Namibíu hlaut 1,5 millj. SDR lán (150 millj. ísl. kr.). Sjóðurinn tekur þátt í fjármögnun verkefnisins ásamt Norræna fjárfestingarbankanum (NIB). Verkefnið

er samstarfsverkefni Íslenskra Sjávarafurða hf. og Ríkisútgerðarfélags Namibíu, sem í sameiningu standa í verulegum fjárfestingum vegna uppbyggingar á veiðum og vinnslu í sameiginlegu fyrirtæki, Seaflower Whitefish Corporation í bænum Luderitz. Lán NDF er notað til kaupa á tækjabúnaði í frystihús og í frystitogara fyrirtækisins. Mestur hluti lánsins fer til kaupa tækjabúnaðar frá Íslandi.

c) Á Grænhöfðaeyjum tekur sjóðurinn þátt í fjármögnun á fiskveiðiverkefni í samvinnu við Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Veitt hefur verið lán að upphæð 2,1 millj. SDR (um 210 millj. ísl. kr.) til að kosta fræðslustarfsemi, ráðgjöf og tækjabúnað. Undirbúningur viðskiptasamninga stendur nú yfir.

d) Þá tekur sjóðurinn þátt í hitaveituverkefni í Tanggu í Kína í samvinnu við NIB. Lánsupphæð NDF til verkefnisins er 700 þús. SDR (um 70 millj. ísl. kr.). Íslenskir ráðgjafar vinna við verkið og töluvert af búnaði er keypt á Íslandi.

e) Á árinu var undirritað rammalán til Þróunarbanka Austur-Afríku (East African Development Bank), sem er í eigu ríkissjóða Kenya, Tanzaníu og Uganda og hefur aðsetur í Kampala. Slíkur lánarammi á m.a. að nýtast til að styðja við smáar og meðalstórar fjárfestingar. Lánsupphæðin er 5,6 millj. SDR (um 560 millj. ísl. kr.). Íslenskum aðilum hefur þegar verið veitt lán að upphæð 500 þús. Bandaríkjadala (um 32 millj. ísl. kr.) til fjárfestinga í fiskveiðum og vinnslu við Viktoríuvatn.

Nýverið tók stjórn sjóðsins ákvörðun um þátttöku í fiskveiðiverkefni í Mozambique í samvinnu við Þróunarsamvinnustofnun Íslands og dönsku þróunarstofnunina DANIDA. Lán sjóðsins verður 3,6 millj. SDR (um 360 millj. ísl. kr.) og verður að hluta notað til að fjármagna rekstur á Feng, rannsóknaskipi Þróunarsamvinnustofnunarinnar, en einnig til fjárfestinga í skipum og búnaði til fiskveiða og fiskvinnslu í landinu.

Að verkefninu í Mosambique meðtöldu verða heildarlán til verkefna með beinum íslenskum hagsmunum um það bil 16 millj. SDR (um 1,6 miljarðar ísl. kr.).

Norræni þróunarsjóðurinn hefur sjö starfsmenn. Meðal þeirra er einn Íslendingur, Engilbert Guðmundsson, hagfræðingur, en hann gegnir starfi aðstoðarframkvæmdastjóra sjóðsins.

Í stjórn sjóðsins situr einn fulltrúi frá hverju Norðurlandanna. Fulltrúi Íslands er dr. Ingvar Birgir Friðleifsson, forstöðumaður Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna, en varamaður dr. Björn Dagbjartsson, framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Framkvæmdastjóri sjóðsins er Jens Lund Sørensen frá Danmörku.

15.5 Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO)

Árið 1995 var fimmta starfsár Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins (NEFCO). Félagið var upphaflega stofnað til reynslu til fimm ára með stofnfé að upphæð 40 millj. SDR (um 32 millj. ekna).

Í kjölfar úttektar á starfsemi félagsins sem fram fór síðari hluta árs 1994 var ákveðið að gera félagið að varanlegri stofnun og tvöfalda stofnfé þess á tímabilinu 1995–2001, með jöfnum árlegum innborgunum.

Megintilgangur félagsins er að stuðla að umhverfisbótum, svo sem bættum mengunarvörnum í löndum Mið- og Austur-Evrópu. NEFCO tekur þátt í verkefnum með því að leggja fram fjármagn í formi hlutafjár eða lána til fyrirtækja. Þátttaka NEFCO er ákveðin á grundvelli mats á umhverfisáhrifum verkefnis og rekstrarhorfum. Almenn skilyrði fyrir þátttöku NEFCO í umhverfisverkefnum er að fyrirtæki eða einstaklingar í því landi þar sem verkefnið er unnið og frá einu hinna Norðurlandanna eigi aðild að verkefninu og leggi til þess fjármagn. Hlutdeild NEFCO er að jafnaði ekki meiri en sem nemur 25% af heildarhlutafé og lánsfé þegar um slíkt er að ræða.

Í árslok hafði stjórn NEFCO samþykkt þátttöku í alls 38 verkefnum með fjármögnun, þ.e. í formi hlutafjár og lána að upphæð samtals 35,8 millj. ekna (2,97 milljarðar ísl. kr.), en áætluð heildarfjárfesting í þessum verkefnum er 404 millj. ekna (33,5 milljarðar ísl. kr).

Þessi verkefni skiptast þannig eftir löndum: Pólland 12, Tékkland 6, Slóvakía 2, Eistland 7, Lettland 4, Litháen 3 og Rússland 4. Aðild norrænna fyrirtækja skiptist þannig eftir löndum: Danmörk 8, Finnland 12, Ísland 2, Noregur 3 og Svíþjóð 13.

Í stjórn NEFCO fyrir Íslands hönd sátu á árinu 1995 Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóri (aðalmaður) og Jón Ásbergsson, framkvæmdastjóri (varamaður). Forstjóri NEFCO er Haaro Pitkänen frá Finnlandi.

15.6. Lánasjóður Vestur-Norðurlanda

Útlán.

Umsóknum fjölgaði verulega 1995. Í lok ársins hafa ellefu lán verið greidd út til íslenskra verkefna, þar af eitt skilyrt. Engin lán hafa verið afgreidd til Færeyja eða Grænlands á árinu. Nokkur lán til íslenskra verkefna verða væntanlega greidd út rétt eftir áramót enda hefur stjórn sjóðsins þegar samþykkt tvö þeirra.

Engin ný samstarfsverkefni landa á milli í útnorðri hafa komið fram í dagsins ljós og má segja, að sá þáttur í tilgangi sjóðsins hafi valdið vonbrigðum fram að þessu. Hinsvegar má halda því fram eftir fengna reynslu, að slík verkefni séu eðlilega sjaldgæf, en ekki að öllu leyti ólíkleg og má þar nefna ferðamál sem líklegan vettvang samstarfsverkefna.

Útlán sjóðsins eru að miklu leyti í skilum, en þó eru vanskil mun fleiri nú en á fyrri árum ekki síst á útlánum til íslenskra fyrirtækja. Aðeins fimm ný vanskilamál eru talin alvarleg og líkleg til vandræða eða einhvers taps fyrir sjóðinn. Eru þrjú þeirra íslensk.

Um þrjú hundruð umsóknir hafa borist til sjóðsins frá upphafi, en tæplega helmingur þeirra hefur verið með nægilegum upplýsingum, sem nauðsynlega þarf til umfjöllunar og greiningar. Tæplega hundruð þessara umsókna hafa verið lagðar fyrir stjórn sjóðsins og hefur tveimur umsóknum verið hafnað en hinar allar samþykktar.

Reksturinn.

Öll starfsemi sjóðsins hefur aukist verulega á síðustu árum og eru starfsmenn nú fjórir en alls eru stöðugildin þrjú að forstjóranum meðtöldum. Tveir starfsmenn vinna aðeins hálfan daginn í sambandi við bókhald og ritarastörf.

Rekstur sjóðsins og ástand útlána hefur fram að þessu verið þannig, að hagnaður hefur verið af starfseminni á hverju starfsári. Hagnaðurinn fyrir árið 1995 verður eðlilegur eða væntanlega á bilinu 3 til 5 millj. d.kr. þótt endanlegar tölur séu ekki þekktar, enda sýndi uppgjör á miðju ári 2,3 millj. d.kr. hagnað þrátt fyrir veruleg framlög í afskriftareikning útlána.

Afskriftareikningi útlána er beitt af varúð og tengist stærð hans framtíðarhorfum útlána, en mat á öryggi þeirra er byggt á nýjustu upplýsingum um rekstur fyrirtækja og ástand veða.

Stjórn.

Í stjórn Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda sitja sjö menn, einn frá hverju aðildarlandi, og hefur hver þeirra einn varamann. Fyrir Íslands hönd situr Sturlaugur Þorsteinsson, bæjarstjóri á Höfn í Hornafirði, í stjórn sjóðsins og var hann jafnframt formaður stjórnar til haustsins 1995, en þá tók Sigurd Poulsen, seðlabankastjóri úr Færeyjum, við stjórnarformennsku næstu tvö árin.

15.7. Norræni menningarsjóðurinn

Norræni menningarsjóðurinn var stofnaður 1966 með sérstökum samningi milli Norðurlandanna fimm. Samningnum hefur tvisvar verið breytt lítillega, 1975 og 1990. Síðasta breytingin var gerð til að tryggja sjálfsstjórnarsvæðunum, Færeyjum, Grænlandi og Álandseyjum, aðild að stjórn sjóðsins. Stjórnin er skipuð til tveggja ára í senn. Í henni sitja alls 11 fulltrúar, fimm þingmenn, einn frá hverju landi, tilnefndir af Norðurlandaráði, og fimm embættismenn, einn frá hverju landi, tilnefndir af Norrænu ráðherranefndinni. Ellefti stjórnarmeðlimurinn er sameiginlegur fulltrúi sjálfsstjórnarsvæðanna og er tilnefndur til skiptis af Norðurlandaráði og Norrænu ráðherranefndinni. Löndin gegna formennsku í stjórn sjóðsins tvö ár í senn og hafði Ísland á hendi formennsku 1994 og 1995, en Finnland tekur síðan við henni til áramóta 1997–98. Fulltrúar Íslands í stjórn sjóðsins eru nú (1995–1996) Valgerður Sverrisdóttir, alþingismaður og Guðríður Sigurðardóttir, ráðuneytisstjóri í menntamálaráðuneytinu.

Hlutverk Norræna menningarsjóðsins er að efla menningarsamstarf Norðurlandanna – í víðri merkingu þess orðs. Sjóðurinn veitir styrki til samstarfsverkefna á sviði lista, menntamála og rannsókna, en einnig til margvíslegra verkefna sem falla undir menningarmál almennt, svo sem til samstarfs áhugamannafélaga á ýmsum sviðum. Verkefni eru styrkhæf hjá Norræna menningasjóðnum ef minnst þrjú lönd/sjálfsstjórnarsvæði eru virkir þátttakendur. Veitt er úr sjóðnum fjórum sinnum á ári.

Árið 1994 var ráðstöfunarfé sjóðsins aukið verulega og hefur hann nú árlega til ráðstöfunar u.þ.b. 22 millj. d.kr.

Sjóðurinn hefur undanfarin ár afmarkað verksvið sitt í samræmi við ákvarðanir Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar um forgangsverkefni í norrænni menningarsamvinnu og leggur sérstaka áherslu á samstarfsverkefni fyrir börn og ungmenni, á verkefni sem hafa þann tilgang að draga úr útlendingahatri og kynþáttafordómum og á verkefni sem byggjast á þverfaglegri samvinnu og miða að nýbreytni.

Sjóðnum berst sívaxandi fjöldi umsókna og heildarupphæðin sem sótt er um fer einnig vaxandi. Þrátt fyrir aukið ráðstöfunarfé getur sjóðurinn aðeins styrkt lítinn hluta þeirra verkefna sem sótt er um fé til. Styrkveitingar sjóðsins síðastliðin ár hafa numið sem svarar 12–15% af þeirri heildarupphæð sem sótt er um.

Á árinu bárust sjóðnum 930 umsóknir að upphæð samtals 160 millj. d.kr. Veittir voru styrkir til 242 verkefna, samtals að upphæð 24,5 millj. d.kr. Tveir af hverjum þremur styrkjum eru innan við 100.000 d.kr. Oftast samsvarar framlag sjóðsins aðeins hluta af heildarkostnaði við viðkomandi verkefni, enda er það stefna sjóðsins að vera hvetjandi þátttakandi í fjármögnun margra verkefna fremur en að greiða heildarkostnað af fáum. Þegar um stærri verkefni er að ræða hefur sjóðurinn samráð við aðrar norrænar stofnanir um styrkveitingu og/eða við stofnanir og samtök í hinum einstöku löndum. Sem dæmi um verkefni sem sjóðurinn styrkti á árinu og Ísland á aðild að má nefna þýðingu á Íslendingasögunum á enska tungu sem Bókaútgáfan Leifur Eiríksson stendur að og sýningu á norrænni myndlist, „Ljós úr norðri“, sem haldin var fyrir skemmstu í Listasafni Íslands. Ýmis önnur dæmi mætti nefna, enda taka Íslendingar þátt í fjölda norrænna verkefna, stórra og smárra.

578. Nefndarálit [296. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Jón B. Jónasson, skrifstofustjóra í sjávarútvegsráðuneyti, og Jakob Jakobsson, forstjóra Hafrannsóknastofnunar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Á eftir 1. gr. komi ný grein er orðist svo:

Á eftir orðinu „síldar“ í 3. mgr. 10. gr. laganna kemur: 10% af aflamarki hörpudisks og 5% af aflamarki innfjarðarrækju.

Alþingi, 21. febr. 1996.

Steingrímur J. Sigfússon, form., frsm.	Árni R. Árnason.	Stefán Guðmundsson.
Svanfríður Jónasdóttir.	Einar Oddur Kristjánsson.	Hjálmar Árnason.
Guðmundur Hallvarðsson.	Sighvatur Björgvinsson.	Vilhjálmur Egilsson.

579. Fyrirspurn [330. mál]

til félagsmálaráðherra um fjárhagsaðstoð félagsmálastofnana í Reykjavík og á Akureyri.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hversu margir nutu fjárhagsaðstoðar félagsmálastofnana í Reykjavík og á Akureyri á árunum 1993–95? Óskað er eftir upplýsingum um heildarupphæð fjárhagsaðstoðar á hverju ári fyrir sig ásamt fjölda og meðalgreiðslum, sundurliðað þannig:

a. lífeyrisþegar, annars vegar aldraðir og hins vegar öryrkjar,
b. einstæðir foreldrar,
c. einhleypir, skipt eftir kynjum,
d. barnlaus hjón eða sambýlisfólk,
e. hjón eða sambýlisfólk með börn,
f. atvinnulausir,
g. fólk á vinnumarkaði í fullu starfi,
h. fólk á vinnumarkaði í hlutastarfi.

Skriflegt svar óskast.

580. Frumvarp til laga [331. mál]

um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að stofna hlutafélag um rekstur Póst- og símamálastofnunar, sem nefnist Póstur og sími hf., og að leggja til hlutafélagsins allar eignir og skuldir Póst- og símamálastofnunar, réttindi, skuldbindingar og viðskiptavild svo sem nánar greinir í lögum þessum.

Við stofnun félagsins skal allt hlutafé þess vera í eigu íslenska ríkisins og skal sala þess óheimil án samþykkis Alþingis.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að veita hvers konar fjarskiptaþjónustu, póstþjónustu og fjármálalega umsýslu á grundvelli laga og reglugerða sem þar gilda, svo og að reka aðra skylda starfsemi. Þá skal félaginu einnig heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum.

Heimilt er hlutafélaginu að stofna nýtt félag eða félög, sem alfarið verði í eigu þess, til þess að annast ákveðna þætti í starfsemi þess. Í sama tilgangi getur hlutafélagið ákveðið skiptingu þess í samræmi við ákvæði 133. gr. hlutafélagalaga, nr. 2/1995.

Hlutafélaginu er heimilt að gera hvers konar samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt skv. 1. mgr. þessarar greinar.

Tilgangi og verkefnum félagsins skal nánar lýst í samþykktum þess.

3. gr.

Ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, gildir ekki um innborgun hlutafjár. Þá gildir 2. mgr. 3. gr. laganna ekki um tölu stofnenda í hlutafélaginu og 1. mgr. 20 gr. sömu laga ekki um tölu hluthafa.

Í stofnyfirlýsingu skal mælt fyrir um þau atriði sem áskilið er að fram komi í stofnsamningi samkvæmt hlutafélagalögum að öðru leyti en getið er um í lögum þessum.

Að öðru leyti skulu ákvæði laga um hlutafélög gilda um hið nýja félag.

4. gr.

Nafnverð stofnhlutafjár skal nema 75% af bókfærðu eigin fé Póst- og símamálastofnunar samkvæmt endurskoðuðum efnahagsreikningi 31. desember 1995 sem jafnframt skal gilda sem stofnefnahagsreikningur félagsins, en 25% af eigin fé skal færa í varasjóð. Hlutafé skal þó taka breytingum til hækkunar eða lækkunar samkvæmt niðurstöðu matsnefndar, sbr. 5. gr.

Hlutafélagaskrá skal tilkynnt endanlegt hlutafé félagsins jafnskjótt og niðurstaða matsnefndar liggur fyrir.

Eitt hlutabréf skal gefið út þegar niðurstaða nefndarinnar liggur fyrir. Hlutabréf, sem gefið verður út í tengslum við stofnun félagsins eða skiptingu þess samkvæmt niðurlagsákvæði í 2. mgr. 2. gr., skal undanþegið stimpilgjöldum.

5. gr.

Samgönguráðherra skipar nefnd þriggja óvilhallra manna til að endurmeta eignir stofnunarinnar, skuldbindingar og viðskiptavild, svo og til að leggja mat á aðra eigna- og skuldaliði efnahagsreiknings stofnunarinnar. Niðurstöður nefndarinnar skulu liggja fyrir í síðasta lagi 1. júlí 1996 og skal hlutafé félagsins ákvarðast í samræmi við þær, sbr. 4. gr.

6. gr.

Stjórn Pósts og síma hf. skal skipuð sjö aðalmönnum og sjö til vara. Þeir skulu kosnir á aðalfundi ár hvert. Ef félaginu verður skipt í tvö félög í samræmi við niðurlagsákvæði 2. mgr. 2. gr. skulu stjórnir beggja skipaðar á sama hátt.

Samgönguráðherra fer með eignaraðild ríkissjóðs að Pósti og síma hf.

7. gr.

Póstur og sími hf. skal taka til starfa eigi síðar en 1. október 1996. Samgönguráðherra ákveður nánar stofndag. Hann skipar nefnd til þess að annast nauðsynlegar aðgerðir vegna breytingarinnar og til þess að hafa yfirumsjón með framkvæmdinni.

8. gr.

Fastráðnir starfsmenn Póst- og símamálastofnunar skulu eiga rétt á störfum hjá hinu nýja félagi og skulu þeim boðnar stöður hjá því, sambærilegar þeim er þeir áður gegndu hjá stofnuninni, enda haldi þeir hjá félaginu réttindum sem þeir höfðu þegar áunnið sér hjá stofnuninni.

Nú hefur félagið boðið fastráðnum starfsmanni Póst- og símamálastofnunar sambærilega stöðu hjá félaginu með eigi lakari launum en hann áður naut og fellur biðlaunaréttur þá niður ef starfsmaður hafnar boðinu eða hefur ekki samþykkt það innan tveggja vikna frá því honum barst boðið.

Ef fastráðinn starfsmaður stofnunarinnar, sem ráðinn hefur verið hjá félaginu samkvæmt framansögðu, höfðar, þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. þessarar greinar, mál til greiðslu biðlauna eða greiðslu bóta fyrir missi biðlauna á hendur ríkissjóði vegna formbreytingar þeirrar á starfsemi Póst- og símamálastofnunar sem lög þessi kveða á um fellur jafnframt niður biðlaunaréttur hans gagnvart félaginu skv. 2. mgr.

Fastráðinn starfsmaður stofnunarinnar, sem hefur áunnið sér rétt til lífeyrisgreiðslna samkvæmt ákvæðum 12. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, og hefur ráðist til starfa hjá félaginu með óskertum launum skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar, heldur þeim réttindum gagnvart félaginu sem 12. gr. greinir, en á ekki jafnframt rétt til greiðslu lífeyris úr sjóðnum meðan hann heldur óskertum launum sínum hjá félaginu skv. 9. mgr. 12. gr. laga nr. 29/1963, með síðari breytingum.

9. gr.

Samgönguráðherra veitir félaginu rekstrarleyfi á tilteknum sviðum til þeirrar starfsemi sem af verkefnum félagsins leiðir samkvæmt lögum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum. Við útgáfu rekstrarleyfa getur ráðherra bundið þau þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru til að tryggja hagsmuni viðskiptavina félagsins.

10. gr.

Stjórn hlutafélagsins setur gjaldskrá fyrir félagið þar sem m.a. skal gætt almennra arðsemissjónarmiða og jafnframt tekið tillit til tækninýjunga sem haft geta áhrif á söluverð þjónustu félagsins. Setning gjaldskrár er þó háð samþykki samgönguráðherra að því er varðar verðlagningu á póst- og símaþjónustu innan lands sem er veitt vegna einkaleyfis sem félagið kann að hafa á hverjum tíma.

Gjaldskrá fyrir einkaleyfisþjónustu öðlast gildi þegar hún hefur verið staðfest af samgönguráðherra og birt í Stjórnartíðindum.

11. gr.

Nú selur félagið búnað og þjónustu í samkeppni við aðra á frjálsum markaði og skal félagið þá í þeim tilvikum halda fjárreiðum deilda í einkaréttarþjónustu aðskildum frá öðrum rekstri. Félaginu er óheimilt að nota fjármagn frá rekstri, sem grundvallast á rekstrarleyfi, til þess að lækka verð á búnaði eða þjónustu sem seld er í samkeppni. Samgönguráðuneytið skal fylgjast með því að einkaréttarrekstur sé nægilega aðgreindur frá samkeppnisrekstri félagsins.

12. gr.

Póstur og sími hf. skal greiða skatta eftir almennum reglum sem tíðkast um hlutafélög og arð eftir því sem afkoma félagsins leyfir.

13. gr.

Pósti og síma hf. er skylt að halda uppi tilskilinni öryggisþjónustu fyrir landsmenn sem nánar er skilgreind í reglugerð sem ráðherra setur.

14. gr.

Nú óska stjórnvöld eftir því að Póstur og sími hf. leggi í framkvæmdir eða rekstur til almannaheilla í öryggisskyni fyrir landsmenn eða vegna byggðasjónarmiða sem ljóst er að ekki skilar arði og skal þá gera um það samning milli ríkisstjórnarinnar og Pósts og síma hf.

15. gr.

Póstur og sími hf. starfar í samræmi við lög þessi. Hlutafélagið yfirtekur í samræmi við 1. gr. allar eignir, réttindi og skuldbindingar Póst- og símamálastofnunar frá og með stofndegi þess. Yfirtaka Pósts og síma hf. á skuldbindingum Póst- og símamálastofnunar samkvæmt lögum þessum veitir samningsaðilum stofnunarinnar ekki heimild til uppsagnar fyrirliggjandi samningssambanda.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. júlí 1996 og falla þá lög um stjórn og starfrækslu Póst- og símamálastofnunar, nr. 36/1977, ásamt síðari breytingum, úr gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Síðustu tvo áratugina hefur þróun fjarskiptatækni í heiminum verið afar ör svo að nálgast byltingu. Samtímis hefur verið losað um opinberar hömlur í fjarskiptum, dregið úr veitingu einkaleyfa og frjálsræði verið aukið hröðum skrefum á þessu sviði.

Hvort tveggja, tækniþróunin og aukið frjálsræði ásamt greiðari aðgangi að fjarskiptarekstri milli landa, hefur aukið verulega samkeppni milli stofnana og fyrirtækja sem veita fjarskipta- og póstþjónustu, bæði innan viðkomandi landa og í alþjóðaviðskiptum.

Fyrirsjáanlegt er að þessi þróun heldur áfram og samkeppni mun vaxa hratt, ekki síst vegna tækninýjunga sem sífellt líta dagsins ljós í fjarskiptaheiminum.

Á því er enginn vafi að þessi þróun hefur þegar leitt til og á eftir að hafa víðtæk áhrif á alla upplýsingamiðlun á sviði vísinda og tækni.

Samgönguráðuneytið og Póst- og símamálastofnun hafa fylgst náið með þessari tæknilegu þróun, og segja má að í dag ráði stofnunin yfir búnaði og þekkingu til fjarskiptaþjónustu sem jafnist á við það sem best gerist í löndum Evrópu og sé að sumu leyti í fararbroddi í þessu efni, en á síðastliðnu ári varð Ísland fyrsta landið í heiminum til taka í notkun stafrænt símkerfi um allt land.

Póst- og símamálastofnun hefur byggt fjarskiptakerfið upp á þann hátt að Ísland er fyllilega hæft til að fylgja stefnumótun Evrópubandalagsþjóðanna um fjarskiptaþjónustu innan bandalagsins. Við fyrirhugaða aðild Íslands að samningi um Evrópska efnahagssvæðið skipaði samgönguráðherra nefnd 12. ágúst 1991 til þess að endurskoða lög um stjórn og starfrækslu Póst- og símamálastofnunar. Í nefndina voru skipuð Lárus Jónsson viðskiptafræðingur, og var hann jafnframt skipaður formaður nefndarinnar, en auk hans Halldór S. Kristjánsson skrifstofustjóri, Ragnhildur Hjaltadóttir skrifstofustjóri, Ólafur Tómasson póst- og símamálastjóri og Guðmundur Björnsson aðstoðarpóst- og símamálastjóri. Nefndin fékk einnig sérstaklega til liðs við sig í þessu verkefni Benedikt Jóhannesson, forstöðumann Talnakönnunar hf., Pétur Guðmundarson hrl. og Andra Árnason hrl. Ritari nefndarinnar var Hrefna Ingólfsdóttir, upplýsingafulltrúi Póst- og símamálastofnunar.

Í skipunarbréfi var lögð áhersla á að nefndinni væri ætlað að endurskoða lög um stofnunina, einkum með hliðsjón af réttarstöðu hennar samkvæmt lögum nr. 36/1977, með síðari breytingum. Þá var nefndinni sérstaklega falið „að taka mið af breytingum sem orðið hafa og væntanlegar eru á réttarstöðu póst- og símastjórna í nágrannaríkjum okkar".

Eftir að nefndin lauk störfum hefur Ísland gerst aðili að samningi um Evrópska efnahagssvæðið og á þeim tíma, sem síðan er liðinn, hefur veruleg þróun orðið í átt til aukins frjálsræðis og takmörkunar ríkisafskipta af fjarskipta- og póstþjónustu. Nauðsynlegt er við endurskoðun löggjafar á þessu sviði að taka mið af þessari þróun.

Á undanförnum árum hefur verið ráðist í breytingar á rekstrarformi opinberra símafyrirtækja í flestum löndum EES. Mislangt hefur verið gengið í þeim efnum; í nokkrum löndum hefur hlutur ríkisins verið seldur á opnum markaði, svo sem í Bretlandi og Danmörku, en annars staðar hefur verið ákveðið að láta staðar numið við að breyta rekstrarformi viðkomandi stofnunar og má í því sambandi taka Noreg sem dæmi. Hvort heldur sem ríkið hefur haldið hlut sínum í fyrirtækjunum eður ei hefur markmiðið þó fyrst og fremst verið að búa þau sem best undir aukna samkeppni og hefur hlutafélagsformið nær undantekningarlaust orðið fyrir valinu.

Með tilliti til þeirrar þróunar, sem á sér stað í EES löndum um þessar mundir, er brýnt að Póst- og símamálastofnun sé undir það búin að mæta þeirri samkeppni sem í vændum er, einkum á sviði fjarskiptamála, en í löndum ESB er nú einnig unnið að afnámi einkaréttar á póstþjónustu. Sem stendur er óljóst hvenær einkaréttur á póstþjónustu í löndum ESB verður afnuminn, en búast má við að til þess komi innan fárra ára. Þrátt fyrir að ekki sé búið að ákveða framtíðarskipulag póstmála í löndum ESB til hlít-

ar hefur einnig verið gripið til breytinga á rekstrarformi póstþjónustu ýmissa landa innan þess. Póstþjónustan í Svíþjóð og Finnlandi er nú rekin af hlutafélögum. Í Danmörku var sjálfstæði póstþjónustunnar aukið til muna á síðasta ári, jafnframt því sem nafni hennar var breytt til að undirstrika nýtt og fjölbreyttara hlutverk hennar. Í Hollandi er póst- og símaþjónustan rekin sem tvö aðskilin fyrirtæki undir sameiginlegri stjórn eignarhaldsfélags og hefur þriðjungur hlutafjár þess verið seldur á almennum markaði.

Meginniðurstöður nefndarinnar.

Nefndin komst að þeirri meginniðurstöðu að hagkvæmast sé og raunar nauðsynlegt að gera Póst- og símamálastofnunina sem sjálfstæðasta til þess að auka samkeppnishæfni hennar í þeim þjónustugreinum sem hún annast.

Nefndin taldi enn fremur að sjálfstætt atvinnufyrirtæki á þessu sviði gæti veitt landsmönnum ódýrari og betri þjónustu en ella og yrði jafnframt traustari vinnustaður fyrir starfsfólk.

Eðlilegstu leiðina að þessu marki taldi nefndin vera að stofna til hlutafélags um póst- og símaþjónustu hér á landi svo sem stefnt er að með þessu frumvarpi. Hlutafélagsformið er mjög fastmótað og þrautreynt hér á landi. Í þeirri löggjöf, sem um það hefur verið sett, er vel skilgreind verkaskipting milli hluthafa- og aðalfunda (þ.e. eigenda) annars vegar og stjórnar og framkvæmdastjórnar hins vegar. Þar er einnig að finna skýrar reglur um endurskoðun og gerð ársreikninga.

Nefndin lagði jafnframt til að hið nýja félag yrði alfarið í eigu ríkisins og að ekki væri gert ráð fyrir breytingu á þeirri eignaraðaðild nema með sérstöku samþykki Alþingis.

Íslensk fjarskipta- og póstþjónusta má búast við stóraukinni samkeppni, einkum af hálfu erlendra aðila, en einnig innlendra fyrirtækja, á allra næstu árum. Þar koma og til þær breytingar hjá fyrirtækjum á sama sviði sem eiga sér stað hvarvetna í nágrannalöndunum og jafnframt örar tækniframfarir á sviði fjarskipta.

Við þessu þarf að bregðast með skynsamlegum hætti eins og víða hefur verið gert meðal Evrópuþjóða. Að öðrum kosti má búast við að þessi þjónusta verði ekki veitt á hagkvæman hátt og að hún færist meira eða minna í hendur erlendra fyrirtækja.

Auka þarf sjálfstæði póst- og símaþjónustunnar hér á landi í því skyni að þessar þjónustugreinar geti betur staðist aukna samkeppni erlendis frá. Þar gilda sömu rök og forráðamenn póst- og símastjórna, stjórnmálamenn og starfsmenn stofnana í nágrannalöndunum hafa fært fyrir nauðsyn breyttrar réttarstöðu þessara stofnana.

Augljóst er að stjórnendur sjálfstæðs íslensks fyrirtækis á sviði póst- og fjarskiptaþjónustu geta á mun auðveldari hátt brugðist við síbreytilegum aðstæðum á markaði og segja má að sjálfstætt hlutafélag á þessu sviði yrði að öllum líkindum mun arðbærara fyrirtæki, samkeppnishæfara og jafnframt áhugaverðari vinnuveitandi fyrir starfsfólk, en ríkisstofnun með svipuðu sniði og verið hefur.

Á það má einnig benda að sjálfstætt atvinnufyrirtæki á sviði fjarskiptaþjónustu gæti haft samstarf við ýmsa aðila í formi sameiginlegra hlutafélaga, bæði á innlendum sem erlendum vettvangi. Þetta gæti reynst hagkvæmt fyrir Póst og síma hf., samstarfsaðila og neytendur, en slíkt samstarf er nánast útilokað í núverandi rekstrarformi.

Sérstaða íslensks póst- og fjarskiptamarkaðar.

Hér á landi var frjálsræði á sviði sölu á notendabúnaði aukið fyrr en hjá nágrannaþjóðunum. Sala á notendabúnaði hefur verið frjáls um fimmtán ára skeið og hefur samkeppni á þeim markaði verið talsverð, þannig að reynsla er fengin á því sviði.

Rétt er að benda á að íslenskt atvinnufyrirtæki á sviði póst- og símaþjónustu mundi hafa á að skipa mjög hæfu starfsfólki og yrði því afar öflugt á sviði tækniþekkingar. Slíkt fyrirtæki yrði og þjálfa til þess að mæta breytilegum aðstæðum á markaði. Þess vegna eru líkur á að á þessu sviði geti Íslendingar haslað sér völl í alþjóðaviðskiptum ekki síður en á öðrum sviðum í útflutningi á þekkingu og hugviti.

Aðskilnaður póst- og símaþjónustu.

Talvert hefur verið rætt hvort aðskilja eigi póst- og símaþjónustuna hér á landi eins og víðast hefur verið gert í öðrum löndum. Í því sambandi má benda á eftirfarandi atriði:

Æskilegt er að stíga einvörðungu það skref að breyta réttarstöðu Póst- og símamálastofnunar í hlutafélagsform og láta það hafa forgang. Að því loknu verði skoðað hvort heppilegt sé að skipta rekstrinum í tvö sjálfstæð hlutafélög. Með því gæfist m.a. tími til að gera úttekt á rekstri og efnahag hvorrar þjónustugreinar um sig og efla þær rekstrarlega ef á þyrfti að halda áður en til slíks aðskilnaðar kæmi.

Með tilliti til breyttra aðstæðna á Evrópska efnahagssvæðinu má reikna með að ekki verði hjá því komist að taka þennan þátt til endurskoðunar áður en langt um líður. Er enda gert ráð fyrir þeim möguleika í 2. gr. frumvarpsins.

Frumvarp það sem hér er lagt fram er í meginatriðum byggt á tillögum framangreindar nefndar en breyting hefur verið gerð á 8. gr. frumvarpsins frá því sem nefndin hafði lagt til. Ákvæðinu er ætlað að tryggja starfsmönnum Póst- og símamálastofnunar störf hjá félaginu á kjörum sambærilegum þeim sem þeir áður nutu hjá Póst- og símamálastofnun. Vísast um þetta atriði til athugasemda við 8. gr.

Samhliða vinnu við undirbúning frumvarps þessa hefur samgönguráðuneytið látið endurskoða löggjöf um fjarskipti, nr. 73/1984, og póstlög, nr. 38/1986, með hliðsjón af þeirri þróun sem orðið hefur á því sviði og þeim skuldbindingum sem Ísland hefur tekið á sig með aðild að Evrópska efnahagssvæðinu. Frumvarp til nýrra fjarskiptalaga verður lagt fyrir Alþingi til afgreiðslu á vorþingi samtímis frumvarpi þessu og frumvarp til nýrra póstlaga verður lagt fyrir Alþingi til kynningar á vorþingi en væntanlegrar afgreiðslu á haustþingi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er ríkisstjórninni veitt heimild til að stofna hlutafélag um rekstur Póst- og símamálastofnunar. Lagt er til að félagið heiti Póstur og sími hf. og að allar eignir og skuldir Póst- og símamálastofnunar verði lagðar til þess. Með stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar er sjálfstæði hennar aukið til muna og stjórnendum hennar gert mun auðveldara að bregðast við aukinni samkeppni og nýjum aðstæðum á sviði þeirrar þjónustu sem stofnunin veitir. Gert er ráð fyrir að félagið verði alfarið í eigu íslenska ríkisins og að sala á hlutum þess komi ekki til nema með samþykki Alþingis og breytingum á þessari grein laganna.

Um 2. gr.

Tilgangur félagsins kemur fram í greininni. Sú breyting verður væntanlega gerð á starfsemi Póst- og símamálastofnunar með nýjum fjarskiptalögum að félagið verði alfarið atvinnufyrirtæki. Með 2. mgr. greinarinnar er veitt heimild til stofnunar dótturfyrirtækja til þess að annast einstaka þætti í starfsemi er Póst- og símamálastofnun annast nú og ekki tilheyra rekstri sem einkaleyfi þarf til. Með því er stefnt að því að tryggja fjárhagslegan aðskilnað þess hluta fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta sem er í samkeppni við aðra og til tryggingar þess að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur af starfsemi sem nýtur einkaleyfis eða verndar. Með því eru höfð í huga ákvæði samkeppnislaga, samningur um Evrópska efnahagssvæðið og 11. gr. frumvarpsins.

Niðurlag 2. mgr. gerir ráð fyrir þeim möguleika að til þess geti komið að talið verði heppilegt og hagkvæmt að félaginu verði skipt milli tveggja félaga þar sem annað annaðist póstþjónustu en hitt fjarskiptaþjónustu.

Félaginu er heimilað að stofna til hvers konar samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum og er þá m.a. átt við aðild hlutafélagsins að öðrum fyrirtækjum.

Um 3. gr.

Þar sem íslenska ríkið er eini stofnandi og hluthafi félagsins eru í greininni nauðsynlegar undanþágur frá ákvæðum laga um hlutafélög, nr. 2/1995. Í 14. gr. laganna er m.a. kveðið á um innborgun hlutafjár, en þar segir m.a.: „Eigi má skrá félag nema heildarhlutafé það, sem áskrift hefur fengist fyrir, sé í samræmi við það er greinir um hlutafé í samþykktum og þar af skal minnst helmingur vera greiddur.“ Hvað varðar tölu stofnenda segir í 2. mgr. 3. gr. sömu laga m.a. að stofnendur hlutafélags skuli vera tveir hið fæsta. Gert er ráð fyrir undantekningu frá þessari grein laganna, auk þess sem gerð er undantekning frá ákvæði um tölu hluthafa félagsins, en í 1. mgr. 20. gr. laga um hlutafélög er kveðið á um að tala hluthafa hlutafélags skuli að minnsta kosti vera tveir að tölu.

Um 4. gr.

Í greininni eru ákvæði um stofnhlutafé félagsins og um hlutabréf sem gefið skal út eftir að mat hefur farið fram á efnahag félagsins. Um hlutafélög gilda bókhaldsreglur töluvert frábrugðnar þeim er gilda um ríkisstofnanir og má þar til að mynda benda á reglur um afskriftir og skuldbindingar orlofsfjár. Við stofnun félagsins þarf að meta afkomu félagsins undangengið starfsár eins og um hlutafélag hafi verið að ræða og að því loknu er fyrst hægt að ákveða endanlegt stofnfé hlutafélagsins.

Um 5. gr.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að skuldbindingar Póst- og símamálastofnunarinnar gagnvart Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins verði færðar til skuldar í efnahagsreikningi stofnunarinnar í árslok 1995.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir að samgönguráðherra skipi stjórnarmenn félagsins, sjö aðalmenn og sjö til vara.

Um 7. gr.

Í greininni felst að ráðherra geti ákveðið hvenær stofndagur félagsins skuli vera. Á þann hátt er stofnuninni m.a. veittur viss aðlögunartími áður en til breytingar á rekstrarformi kemur.

Um 8. gr.

Ákvæði þessu er ætlað að tryggja starfsmönnum Póst- og símamálastofnunar sömu eða sambærileg störf hjá félaginu eftir formlega stofnun þess eins og engin formbreyting hefði orðið á rekstri hennar, enda ekki um neina eðlisbreytingu á störfum eða starfsaðstöðu að ræða.

Með ákvæðinu eru viðurkennd þau réttindi sem starfsmenn höfðu áunnið sér hjá stofnuninni fyrir stofnun félagsins. Jafnframt er kveðið svo á um að fastráðnir starfsmenn stofnunarinnar, sem kjósa að starfa áfram hjá félaginu, skuli halda áunnum réttindum hjá því og skuldbindur félagið sig til þess að virða þau réttindi og tekur við þeim skuldbindingum af ríkissjóði sem af því leiðir. Hins vegar er ákvæðinu ekki ætlað að veita starfsmönnum þessum aukin réttindi, þar á meðal biðlaunaréttindi, miðað við það sem þeir áður höfðu, þannig að þeir geti ekki sótt rétt til beggja, félagsins og ríkisins, yrði staða lögð niður eftir stofnun félagsins.

Því er það ákvæði sett í 3. mgr. greinarinnar að ef fastráðinn starfsmaður stofnunarinnar, sem ráðinn hefur verið til starfa hjá félaginu, sækir, þrátt fyrir ákvæði 2. mgr., í máli fyrir dómstólum rétt til greiðslu biðlauna eða bóta fyrir missi biðlaunaréttar úr ríkissjóði vegna formbreytinga á rekstri Póst- og símamálastofnunar skuli niður falla réttur hans til biðlauna hjá félaginu.

Síðasta málsgrein greinarinnar gerir ráð fyrir að starfsmaður hjá félaginu sé eins settur gagnvart töku lífeyris eins og hann starfaði áfram hjá stofnuninni, þó þannig að ef hann hefur notið stöðuhækkunar eftir að hann réðst til starfa hjá félaginu hafi sú hækkun ekki áhrif til hækkunar vegna réttinda sem starfsmaður hafði áunnið sér hjá stofnuninni.

Um 9. gr.

Samkvæmt tilskipun ráðherranefndar Evrópusambandsins er gert ráð fyrir að einkaréttur símastjórna aðildarríkja þess til að veita símaþjónustu verði með öllu afnuminn 1. janúar 1998. Af EES-samningum leiðir að einkaréttur Póst- og símamálastofnunar á sviði fjarskipta verður afnuminn hér á landi 1. janúar 1998, en þess ber þó að gæta að sækja má um frest á afnámi einkaréttar ef um smáþjóðir er að ræða eða ef tæknileg uppbygging grunnkerfis er skammt á veg komin í viðkomandi landi.

Um 10. gr.

Í greininni er lagt til að við gerð gjaldskrár á því sviði, sem samkeppni ríkir, skuli gætt almennra arðsemissjónarmiða, auk þess sem tillit verði tekið til tækninýjunga. Á hinn bóginn er lagt til að gjaldskrá sé háð samþykki samgönguráðherra að því er varðar póst- og símaþjónustu innan lands sem veitt er á grundvelli rekstrarleyfis.

Um 11. gr.

Kveðið er á um að Pósti og síma hf. sé óheimilt að nýta ágóða af þjónustu, sem grundvallast á einkarétti, til niðurgreiðslu á búnaði og þjónustu sem seld eru í samkeppni. Enn fremur skal félagið halda fjárreiðum deilda í samkeppni aðskildum frá fjárreiðum deilda sem grundvallast á rekstrarleyfi og samkeppni er ekki til að dreifa.

Um 12. gr.

Greinin fjallar um greiðslu skatta og arðs af rekstri félagsins. Kveðið er á um að félagið greiði ríkissjóði arð eftir því sem afkoma félagsins kann að leyfa á hverjum tíma.

Um 13. gr.

Með grein þessari er mælt fyrir um að Póstur og sími hf. haldi uppi tilskilinni öryggisþjónustu fyrir alla landsmenn og gert er ráð fyrir að ráðherra sé heimilt að setja reglugerð um framkvæmd þessa ákvæðis.

Um 14. gr.

Stjórnvöld hafa gert Póst- og símamálastofnun að annast ýmis verkefni endurgjaldslaust sem bersýnilega eru óarðbær. Í slíkum tilfellum skal gengið frá samningi milli ríkisstjórnarinnar og félagsins um framkvæmd þessara verkefna.

Um 15. gr.

Með grein þessari er kveðið á um að allar eignir, réttindi og skuldbindingar, innan lands sem utan, færist yfir á hið nýja félag, sbr. 1. gr. Ekki er gert ráð fyrir að til riftunar á gildandi samningum milli Póst- og símamálastofnunar og viðskiptamanna hennar geti komið, á þeim forsendum að rekstrarformi hafi verið breytt.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar.

Frumvarpið kveður á um að ríkisstjórninni verði heimilað að stofna hlutafélag um rekstur Póst- og símamálastofnunar og leggja til félagsins allar eignir og skuldir Póst- og símamálastofnunar, réttindi, skuldbindingar og viðskiptavild. Miðað við áform í frumvarpinu á formbreytingin úr ríkisfyrirtæki yfir í hlutafélag ekki að hafa kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

581. Tillaga til þingsályktunar [332. mál]

um fullgildingu á samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda.

Flm.: Bryndís Hlöðversdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni fyrir Íslands hönd að fullgilda samþykkt nr. 158 um uppsögn af hálfu atvinnurekanda sem gerð var á 68. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) í Genf 22. júní 1982.

Greinargerð.

Á þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar árið 1982 var gerð samþykkt, nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda. Samþykktin byggðist á tillögu Alþjóðavinnumálaþingsins frá árinu 1963 um sama efni og kom hún, ásamt tillögu nr. 166, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda, í stað tillögunnar frá 1963. Samþykkt nr. 158 tryggir launafólki lágmarksstarfsöryggi og hefur efni samþykktarinnar víða verið viðurkennt sem lágmarksréttur launafólks við uppsagnir. Á síðasta ári höfðu alls 24 ríki fullgilt samþykktina (sbr. fylgiskjal III). Þar á meðal eru tvö Norðurlandanna, Svíþjóð og Finnland, en í Noregi og Danmörku er eigi að síður byggt á reglum ámóta þeim sem samþykktin byggist á.

Samþykkt nr. 158 tekur til allra greina atvinnulífsins og alls launafólks, en aðildarríkið getur þó undanskilið tiltekna flokka launafólks öllum eða nokkrum ákvæðum samþykktarinnar. Þeir flokkar eru taldir upp í 2. gr. samþykktarinnar en þar eru nefndir til sögunnar þeir sem hafa verið ráðnir tímabundið í vinnu eða til tiltekins verkefnis og þeir sem ráðnir eru til reynslu eða þjálfunar um tíma sem ákveðinn er fyrir fram og er hæfilega langur. Einnig má undanskilja þá sem ráðnir eru tilfallandi um skamman tíma. Þá er að auki heimilt, í samráði við hlutaðeigandi samtök launafólks og atvinnurekenda, að undanskilja tiltekna flokka launafólks ef ráðningarkjör þess og starfsskilyrði lúta sérstakri skipan sem í heild tryggir ekki lakari vernd en þá sem veitt er með þessari samþykkt eða ef í ljós kemur að framkvæmdin er verulegum vandkvæðum bundin með tilliti til sérstakra starfsskilyrða hlutaðeigandi launafólks eða stærðar eða eðlis fyrirtækisins sem hefur það í vinnu. Slíkir hópar skulu skráðir og gera skal grein fyrir ástæðum undanþáganna í skýrslum til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Meginefni samþykktarinnar má skipta í þrjá þætti. Sá fyrsti felst í því að atvinnurekanda er gert *skylt að rökstyðja* uppsögn starfsmanns ef eftir því er óskað en annar þátturinn felur í sér að starfsmanni skal ekki sagt upp nema til þess sé *gild ástæða*, í sambandi við hæfni eða hegðun starfsmanns, eða hún byggist á rekstrarlegum ástæðum fyrirtækisins, stofnunarinnar eða þjónustunnar. Í 5. gr. samþykktarinnar er nánar skilgreint hvað skuli ekki teljast gild ástæða uppsagnar en þar eru talin upp atriði eins og aðild að stéttarfélagi eða þátttaka í starfsemi þess, það að gegna stöðu trúnaðarmanns launafólks, það að hafa borið fram kæru eða tekið þátt í málssókn gegn atvinnurekanda sem felur í sér ásökun um meint brot á lögum eða öðrum reglum, kynþáttur, hörundslitur, kynferði, hjúskaparstétt, fjölskylduábyrgð, þungun, trúarbrögð, stjórnmálaskoðanir, þjóðernislegur og félagslegur uppruni og fjarvist frá vinnu í fæðingarorlofi. Þá segir í 6. gr. samþykktarinnar að fjarvist frá starfi um stundarsakir vegna veikinda eða slysa skuli ekki talin gild ástæða uppsagnar en skilgreina skal með lögum, reglugerðum eða í kjarasamn-

ingum hvað teljist fjarvist um stundarsakir í þessu samhengi. Í þriðja lagi kveður samþykktin á um *tiltekið málsmeðferðarkerfi* sem starfsmaður á rétt á við uppsögn. Honum skal gefinn kostur á að verja sig gegn aðfinnslum sem á hann eru bornar, hann skal eiga rétt á að vísa uppsögninni til hlutlauss aðila og hann á rétt á bótum vegna ólögmætrar uppsagnar. Einnig er heimilt að kveða á um að hann eigi rétt á endurráðningu. Ljóst er að þessir þrír þættir samþykktarinnar mundu gerbreyta stöðu íslensks launafólks til hins betra ef þeir væru teknir upp í íslensk lög. Ekki síst gæti fullgilding samþykktarinnar haft áhrif á þá þróun sem verið hefur hér undanfarin ár og felst í því að starfsfólki er í æ meiri mæli sagt upp störfum í því skyni einu að gera við það verktakasamninga. Slíkir samningar hafa verið kallaðir „gerviverktakasamningar“ og launafólk á í flestum tilvikum engan kost annan en að taka slíku boði eða missa starf sitt ella. Með auknu starfsöryggi er m.a. verið að vernda fólk fyrir slíkum gerningum, vernda rétt þess til að fá að vera launafólk og njóta réttar sem slíkt.

Eins og staðan er nú hér á landi njóta aðeins trúnaðarmenn, foreldrar í fæðingarorlofi og þungaðar konur einhvers starfsöryggis í reynd, en einnig er kveðið á um tilteknar reglur í tengslum við hópuppsagnir og þegar starfsfólki er sagt upp vegna aðilaskipta að fyrirtækjum. Tvö síðasttöldu dæmin eru til komin vegna EES-reglna og voru tekin upp í íslenska löggjöf í tengslum við EES-samninginn.

Að auki er í samþykktinni kveðið á um að starfsmenn sem sagt er upp skuli eiga rétt á tilteknum uppsagnarfresti og bótum vegna atvinnumissis, en þar sem slíkar reglur eru þegar í íslenskum lögum munu þau ákvæði ekki hafa breytingar í för með sér, þótt samþykktin yrði fullgilt.

Á undanförnum árum hefur alloft verið rætt á vettvangi þríhliða nefndar félagsmálaráðuneytisins og aðila vinnumarkaðarins hvort fullgilda skuli samþykktina. Krafa hefur verið gerð um það af hálfu fulltrúa launafólks í nefndinni en fulltrúi atvinnurekenda hefur hafnað fullgildingu og fulltrúi félagsmálaráðuneytis hefur ekki viljað taka afgerandi afstöðu af þessum sökum. Af hálfu ráðuneytisins hefur því verið borið við að samstöðu skorti meðal aðila vinnumarkaðarins um málið. Af þeirri ástæðu hefur málið ekki verið afgreitt úr nefndinni. Reyndar gerir stjórnarskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar ekki ráð fyrir því að stjórnvöld leiki hlutlausan aðila í þríhliða nefndinni, enda er þríhliða starfið þannig uppbyggt að nauðsynlegt er að hið pólitíska vald taki afstöðu til mála eftir að hafa rætt málið í nefndinni. Sú stefna sem rekin hefur verið í þríhliða nefndinni hefur bitnað á því starfi sem henni er ætlað að sinna, enda ber fjöldi fullgildinga af Íslands hálfu merki um það. Íslendingar hafa fullgilt 18 samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar en fjöldi fullgildinga annars staðar á Norðurlöndum er frá 60 til 100 í hverju landi. Í Norðurlandasamstarfi verkalýðshreyfinga hefur margoft komið til tals hversu slæm staða íslensks launafólks sé varðandi starfsöryggi og fyrirspurnir verið gerðar um það hvers vegna ekki séu fullgiltar fleiri samþykktir. Svör Íslendinga eru aðeins þau að ekki hafi verið pólitískur vilji til að koma málinu í gegn hjá þríhliða nefndinni, hvað þá heldur á Alþingi. Þar sem lausn er ekki í sjónmáli í þríhliða nefndinni er ekki að vænta tillagna þaðan um fullgildingu og því er tillaga þessi til þingsályktunar lögð fram.

Fylgiskjal I.

Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 68. þingsetu sinnar í Genf 2. júní 1982 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar

gefur gaum að núverandi reglum í Tillögu frá 1963 um uppsögn af hálfu atvinnurekanda, og

gefur gaum að því að síðan Tillagan frá 1963 um uppsögn af hálfu atvinnurekanda var gerð hefur orðið veruleg framþróun í lögum og framkvæmdaháttum margra aðildarríkja varðandi þau efni sem tillagan fjallar um, og

telur að vegna þessarar framþróunar sé tímabært að setja nýjar alþjóðlegar reglur um efnið, sér í lagi með tilliti til hinna alvarlegu vandamála á þessu sviði sem eru afleiðing efnahagslegra erfiðleika og tæknilegra nýjunga sem fram hafa komið á síðari árum í mörgum löndum,

hefur samþykkt ákveðnar ábendingar varðandi uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda, sem er fimmta mál á dagskrá þessa þings, og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir það í dag 22. júní 1982 eftirfarandi samþykkt sem nefnist Samþykkt um uppsögn starfs, 1982:

I. KAFLI

Framkvæmdahættir, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Ákvæðum þessarar samþykktar skal framfylgja með lögum eða reglugerðum að svo miklu leyti sem það er ekki gert á annan hátt með kjarasamningum, gerðardómum eða dómsúrskurðum eða með öðrum hætti sem er í samræmi við venju í landinu.

2. gr.

1. Samþykkt þessi tekur til allra greina atvinnulífsins og alls launafólks.
2. Aðildarríki getur undanskilið eftirtalda flokka launafólks öllum eða nokkrum ákvæðum þessarar samþykktar:
   a. launafólk sem ráðið er til starfa um tiltekinn tíma eða til ákveðins verkefnis;
   b. launafólk sem er í starfi til reynslu eða þjálfunar um tíma sem ákveðinn er fyrirfram og er hæfilega langur;
   c. launafólk sem ráðið er tilfallandi um skamman tíma.
3. Viðeigandi ráðstafanir skulu gerðar gegn því að tímabundin ráðning sé gerð til þess að sniðganga þá vernd sem leiðir af þessari samþykkt.
4. Að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks þar sem þau eru til, getur hlutaðeigandi stjórnvald eða þar til bær aðili í landinu gert þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að undanskilja framkvæmd þessarar samþykktar eða tilteknum ákvæðum hennar flokka launafólks ef ráðningarkjör þess og starfsskilyrði lúta sérstakri skipan sem í heild tryggir ekki lakari vernd en þá sem veitt er með þessari samþykkt.
5. Að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks þar sem þau eru til getur hlutaðeigandi stjórnvald eða þar til bær aðili í landinu gert þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að undanskilja framkvæmd þessarar samþykktar eða tilteknum ákvæðum hennar aðra takmarkaða hópa launafólks er í ljós kemur að framkvæmdin er

verulegum vandkvæðum bundin með tilliti til sérstakra starfsskilyrða hlutaðeigandi launafólks eða stærðar eða eðlis fyrirtækisins sem hefur það í vinnu.

6. Hvert það aðildarríki sem fullgildir þessa samþykkt skal í fyrstu skýrslunni um framkvæmd hennar, sem gefin er samkvæmt 22. grein stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, skrá þá hópa sem það kann að hafa undanskilið í samræmi við 4. og 5. málsgrein þessarar greinar og gera grein fyrir ástæðum til þess. Í síðari skýrslum skal það gera grein fyrir því hvernig háttað er lögum þess og framkvæmd varðandi þessa undanskildu hópa og að hve miklu leyti samþykktinni er framfylgt eða fyrirhugað er að framfylgja henni að því er tekur til þessara hópa.

3. gr.

Að því er tekur til þessarar samþykktar merkir hugtakið „uppsögn“ eða „uppsögn starfs“ uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda.

II. KAFLI

Reglur um almenna framkvæmd.

A-hluti. Réttlæting uppsagnar.

4. gr.

Eigi skal starfsmanni sagt upp starfi nema til uppsagnar sé gild ástæða í sambandi við hæfni eða hegðun starfsmanns, eða hún sé byggð á rekstrarlegum ástæðum fyrirtækisins, stofnunarinnar eða þjónustunnar.

5. gr.

Eftirtalin atriði eru meðal þeirra sem ekki teljast gildar ástæður til uppsagnar:

a. aðild að stéttarfélagi eða þátttaka í starfsemi stéttarfélags utan vinnutíma, eða í vinnutíma með samþykki atvinnurekanda;
b. að leita eftir því að gegna trúnaðarstarfi sem trúnaðarmaður launafólks eða starfa eða hafa starfað sem slíkur;
c. að hafa borið fram kæru eða tekið þátt í málsókn gegn atvinnurekanda sem felur í sér ásökun um meint brot á lögum eða reglugerðum eða að hafa leitað aðstoðar hlutaðeigandi stjórnvalds;
d. kynþáttur, hörundslitur, kynferði, hjúskaparstétt, fjölskylduábyrgð, þungun, trúarbrögð, stjórnmálaskoðun, þjóðernislegur eða félagslegur uppruni;
e. fjarvist frá vinnu í fæðingarorlofi.

6. gr.

1. Fjarvist frá starfi um stundarsakir vegna veikinda eða slysa skal ekki talin gild ástæða til uppsagnar.

2. Með þeim hætti sem um getur í 1. grein þessarar samþykktar skal ákvarða hvað sé fjarvist frá starfi um stundarsakir, í hve ríkum mæli skuli krefjast læknisvottorðs og hugsanlegar takmarkanir á beitingu 1. málsgreinar þessarar greinar.

B-hluti. Atferli fyrir eða við uppsögn.

7. gr.

Ekki skal segja starfsmanni upp starfi vegna hegðunar hans eða afkasta án þess að honum sé fyrst gefinn kostur á að verja sig gegn þeim aðfinnslum sem fram eru bornar, nema ekki sé með sanngirni unnt að vænta þess að atvinnurekandinn gefi kost á því.

C.-hluti. Áfrýjun uppsagnar.

8. gr.

1. Starfsmaður sem telur sér hafa verið sagt upp starfi með óréttmætum hætti skal eiga rétt á því að áfrýja uppsögninni til hlutlauss aðila svo sem dóms, vinnudóms, gerðardóms eða gerðardómara.

2. Þegar uppsögn hefur verið viðurkennd af hlutaðeigandi stjórnvaldi má víkja frá framkvæmd 1. málsgreinar þessarar greinar í samræmi við lög og venju.

3. Telja má starfsmann hafa afsalað sér réttinum til áfrýjunar uppsagnar starfs ef hann hefur ekki hagnýtt sér þann rétt innan hæfilegs tíma frá uppsögn.

9. gr.

1. Þeir aðilar, sem um getur í 8. grein þessarar samþykktar, skulu hafa umboð til þess að kanna þær ástæður til uppsagnar sem fram eru bornar og önnur atriði er málið varða, svo og að skera úr um réttmæti uppsagnar.

2. Til þess að koma í veg fyrir að sönnunarbyrði þess að uppsögn hafi verið óréttmæt hvíli eingöngu á starfsmanni skal með þeim hætti sem um getur í 1. grein þessarar samþykktar sjá til þess að annarhvor eða báðir eftirtaldir kostir séu fyrir hendi:

a. Sönnunarbyrði þess að fyrir liggi gild ástæða til uppsagnar, svo sem hún er skilgreind í 4. grein þessarar samþykktar, hvíli á atvinnurekandanum;
b. Þeir aðilar, sem um getur í 8. grein þessarar samþykktar, skulu hafa umboð til þess að taka afstöðu til ástæðu fyrir uppsögn með tilliti til þeirra gagna sem aðilar hafa lagt fram og í samræmi við þær aðferðir sem lög og venja gera ráð fyrir.

3. Þegar um er að ræða uppsögn sem sögð er vera af rekstrarlegum ástæðum fyrirtækisins, stofnunarinnar eða þjónustunnar, skulu þeir aðilar sem um getur í 8. grein þessarar samþykktar hafa umboð til þess að ákvarða hvort uppsögn byggðist í raun og veru á þessum ástæðum. En að hve miklu leyti þeir hafa vald til þess að ákvarða hvort þessar ástæður nægja til að réttlæta þá uppsögn, skal ákveðið með þeim hætti sem um getur í 1. grein þessarar samþykktar.

10. gr.

Ef aðilar þeir sem um getur í 8. grein þessarar samþykktar telja uppsögn óréttmæta, og ef þeir hafa ekki vald til þess eða telja ekki gerlegt í samræmi við landslög og venju að lýsa uppsögnina ógilda og/eða fyrirskipa eða leggja til endurráðningu starfsmannsins, skulu þeir hafa vald til þess að ákvarða greiðslu hæfilegra bóta eða aðra aðstoð sem kann að teljast eðlileg.

D-hluti. Uppsagnarfrestur.

11. gr.

Starfsmaður sem sagt er upp starfi skal eiga rétt á hæfilegum uppsagnarfresti eða bótum í hans stað, nema hann sé sekur um alvarlega yfirsjón, það er að segja yfirsjón þess eðlis að ósanngjarnt væri að krefjast þess að atvinnurekandinn hafi hann áfram í vinnu meðan uppsagnarfrestur varir.

E. hluti. Bætur vegna atvinnumissis og önnur tekjutrygging.

12. gr.

1. Í samræmi við landslög og venju skal maður sem sagt hefur verið upp starfi eiga rétt á:

a. bótum vegna atvinnumissis eða öðrum styrkjum vegna ráðningarslita. Fjárhæð þeirra skal m. a. miðast við starfstíma og launaflokk og skulu þær greiddar af atvinnurekanda sjálfum eða sjóði sem myndaður er af framlögum atvinnurekenda; eða

b. bótum frá atvinnuleysistryggingum eða aðstoð eða annars konar félagslegum tryggingum, svo sem elli- og örorkubótum með venjulegum skilyrðum sem slíkar bætur eru háðar; eða
c. slíkum bótum eða styrkjum sameiginlega.

2. Starfsmanni sem ekki uppfyllir skilyrði til atvinnuleysistryggingar eða aðstoðar frá almennu tryggingakerfi þarf ekki að greiða neinar þær bætur eða styrki sem um ræðir í 1. málsgrein staflið a í þessari grein vegna þess einungis að hann fær ekki atvinnuleysisbætur samkvæmt 1. málsgrein staflið b.

3. Með þeim hætti sem um getur í 1. grein þessarar samþykktar má setja ákvæði um missi réttar til þeirra bóta eða styrkja sem um getur í 1. málsgrein staflið a í þessari grein ef um er að ræða uppsögn vegna alvarlegrar yfirsjónar.

III. KAFLI
Viðbótarákvæði um uppsagnir starfa af efnahagslegum, tæknilegum, skipulagslegum eða svipuðum ástæðum.

A-hluti. Samráð við trúnaðarmenn starfsfólks.

13. gr.

1. Þegar atvinnurekandi hefur í hyggju uppsagnir af efnahagslegum, tæknilegum, skipulagslegum eða svipuðum ástæðum skal hann:
a. með góðum fyrirvara gefa hlutaðeigandi trúnaðarmönnum starfsmanna viðeigandi upplýsingar þar á meðal ástæður fyrirhugaðra uppsagna, fjölda og flokka starfsmanna sem líklegt er að verði sagt upp og á hvaða tímabili gert er ráð fyrir að uppsagnir fari fram;
b. í samræmi við landslög og venju gefa hlutaðeigandi trúnaðarmönnum starfsmanna svo fljótt sem unnt er kost á viðræðum um ráðstafanir til þess að afstýra eða draga úr uppsögnum svo sem kostur er og um aðgerðir til þess að draga úr skaðlegum afleiðingum uppsagna á hlutaðeigandi starfsmenn, svo sem með því að finna þeim önnur störf.

2. Með þeim aðferðum sem um getur í 1. grein þessarar samþykktar má takmarka möguleikann til að beita 1. málsgrein þessarar greinar við þau tilvik er fjöldi þeirra starfsmanna, sem fyrirhugað er að segja upp, er a. m. k. tiltekin tala eða hundraðshluti starfsliðsins.

3. Í þessari grein merkir hugtakið „hlutaðeigandi trúnaðarmenn starfsmanna“ þá trúnaðarmenn starfsmanna sem viðurkenndir eru sem slíkir samkvæmt landslögum og venju og samkvæmt samþykktinni um fulltrúa starfsfólks frá 1971.

B-hluti. Tilkynning til hlutaðeigandi stjórnvalds.

14. gr.

1. Þegar atvinnurekandi hefur í hyggju uppsagnir af efnahagslegum, tæknilegum, skipulagslegum eða svipuðum ástæðum skal hann í samræmi við lög og venju tilkynna það hlutaðeigandi stjórnvaldi svo fljótt sem kostur er og gefa viðeigandi upplýsingar þar á meðal skriflega yfirlýsingu um ástæður uppsagna, fjölda og flokka starfsmanna sem líklegt er að verði fyrir uppsögn og á hvaða tímabili ætlunin er að uppsagnir fari fram.

2. Með landslögum eða reglugerðum má takmarka beitingu 1. málsgreinar þessarar greinar við það að fjöldi þeirra starfsmanna sem fyrirhugað er að segja upp sé að minnsta kosti tiltekin tala eða hundraðshluti starfsliðsins.

3. Atvinnurekandinn skal tilkynna hlutaðeigandi stjórnvaldi uppsagnir þær sem um ræðir í 1. málsgrein þessarar greinar með ákveðnum fyrirvara áður en til uppsagnar kemur. Sá fyrirvari skal ákvarðaður í landslögum eða reglugerðum.

IV KAFLI
Lokaákvæði.

15. gr.

Formlegar fullgildingar þessarar samþykktar skal senda forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

16. gr.

1. Þessi samþykkt er einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem hafa látið forstjórann skrásetja fullgildingar sínar.
2. Hún gengur í gildi 12 mánuðum eftir að forstjórinn hefur skrásett fullgildingar tveggja aðildarríkja.
3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir hvert aðildarríki tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skrásett.

17. gr.

1. Aðildarríki, sem hefur fullgilt þessa samþykkt, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.
2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa og notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

18. gr.

1. Forstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skrásetningu allra fullgildinga og uppsagna, sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

19. gr.

Forstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar í samræmi við 102. grein sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina

20. gr.

Þegar stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt, skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar í heild eða að hluta.

21. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að meira eða minna leyti og sú samþykkt mælir ekki fyrir á annan veg, þá skal:

a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt ipso jure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem ákvæðum 17. greinar hér að framan líður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma er það gerðist;
b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, eftir að hin nýja samþykkt er gengin í gildi.

2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana, en ekki hina nýju samþykkt.

22. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Fylgiskjal II.

Tillaga Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 166, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 68. þingsetu sinnar í Genf 2. júní 1982 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar

hefur samþykkt ákveðnar ábendingar varðandi uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda, sem er fimmta mál á dagskrá þessa þings, og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi tillögu til viðbótar Samþykktinni um uppsögn starfs, 1982, gerir það í dag 22. júní 1982 eftirfarrandi tillögu, sem nefnist Tillaga um uppsögn starfs, 1982:

I. Framkvæmdahættir, gildissvið og skilgreiningar.

1. Ákvæðum þessarar tillögu má framfylgja með landslögum eða reglugerðum, kjarasamningum, starfsreglum, gerðardómum eða dómsúrskurðum eða með öðrum hætti sem er í samræmi við landsvenju eftir því sem hentar aðstæðum í landinu.

2. (1) Tillaga þessi tekur til allra greina atvinnulífsins og alls launafólks.

(2) Aðildarríki getur undanskilið eftirtalda flokka launafólks öllum eða nokkrum ákvæðum þessarar tillögu:

a. launafólk sem ráðið er til starfa um tiltekinn tíma eða til ákveðins verkefnis;
b. launafólk sem er í starfi til reynslu eða þjálfunar um tíma, sem ákveðinn er fyrirfram og er hæfilega langur;
c. launafólk sem ráðið er tilfallandi um skamman tíma.

(3) Að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks, þar sem þau eru til, getur hlutaðeigandi stjórnvald eða þar til bær aðili í landinu gert þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að undanskilja framkvæmd þessarar tillögu, eða tilteknum ákvæðum hennar, flokka launafólks ef ráðningarkjör þess og starfsskilyrði lúta sérstakri skipan sem í heild tryggir ekki lakari vernd en þá sem veitt er samkvæmt þessari tillögu.

(4) Að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks, þar sem þau eru til, getur hlutaðeigandi stjórnvald eða þar til bær aðili í landinu gert þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að undanskilja framkvæmd þessarar tillögu eða tilteknum ákvæðum hennar aðra takmarkaða hópa launafólks er í ljós kemur að framkvæmdin er sérstökum vandkvæðum bundin með tilliti til sérstakra starfsskilyrða hlutaðeigandi launafólks eða stærðar eða eðlis fyrirtækisins sem hefur það í vinnu.

3. (1) Gera ætti viðeigandi ráðstafanir gegn því að tímabundin ráðning sé gerð til þess að sniðganga þá vernd sem leiðir af Samþykktinni um uppsögn starfs, 1982 og þessari tillögu.

(2) Í þessu skyni mætti til dæmis beita einni eða fleirum eftirtalinna aðferða:

a. að takmarka notkun tímabundinna samninga við þau tilvik er ráðningin getur ekki varað um ótiltekinn tíma vegna eðlis starfsins eða aðstæðna við framkvæmd þess eða vegna hagsmuna starfsmannsins;
b. að telja tímabundna samninga aðra en þá, sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar, vera ótímabundna;
c. að telja tímabundna samninga sem framlengdir eru einu sinni eða oftar, vera ótímabundna ráðningarsamninga, að undanskildum þeim tilvikum sem greinir í a-lið þessarar málsgreinar.

4. Að því er tekur til þessarar tillögu merkið hugtakið „uppsögn“ eða „uppsögn starfs“ uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda.

II. Reglur um almenna framkvæmd.

Réttlæting uppsagnar.

5. Auk þeirra ástæðna, sem nefndar eru í 5. grein Samþykktarinnar um uppsögn starfs, 1982, ættu eftirtalin atriði ekki að teljast gildar ástæður til uppsagnar:

a. aldur, með fyrirvara um starfslok vegna aldurs samkvæmt landslögum eða venju;
b. fjarvist frá starfi vegna herskyldu eða annarrar þegnskyldu samkvæmt landslögum eða venju.

6. (1) Fjarvist frá starfi um stundarsakir vegna veikinda eða slysa ætti ekki að vera gild ástæða til uppsagnar.

Með þeim hætti sem um getur í 1. grein þessarar tillögu ætti að ákvarða hvað sé fjarvist frá starfi um stundarsakir, í hve ríkum mæli ætti að krefjast læknisvottorðs og hugsanlegar takmarkanir á beitingu málsgreinar (1) í þessari grein.

Atferli fyrir eða við uppsögn.

7. Ekki ætti að segja manni upp starfi vegna yfirsjónar, sem samkvæmt landslögum eða venju mundi því aðeins réttlæta uppsögn að hún hefði endurtekið sig einu sinni eða oftar, nema atvinnurekandinn hafi gefið starfsmanninum viðeigandi skriflega aðvörun.

8. Ekki ætti að segja manni upp starfi vegna ófullnægjandi afkasta nema atvinnurekandinn hafi veitt honum viðeigandi fyrirmæli og skriflega aðvörun og starfsmaðurinn haldi áfram að sinna skyldum sínum á ófullnægjandi hátt eftir að liðinn er hæfilegur tími til úrbóta.

9. Starfsmaður ætti að eiga rétt á aðstoð annars manns þegar hann þarf að verja sig í samræmi við 7. grein Samþykktarinnar um uppsögn starfs, 1982, gegn ásökun um atferli eða afköst, sem leitt geta til uppsagnar. Þennan rétt mætti ákvarða nánar með þeim hætti sem um ræðir í 1. grein þessarar tillögu.

10. Líta ber svo á að atvinnurekandinn hafi glatað rétti sínum til þess að segja manni upp starfi vegna yfirsjónar ef honum hefur láðst að gera það innan hæfilegs tíma frá því er honum varð kunnugt um yfirsjónina.

11. Atvinnurekandinn getur ráðfært sig við trúnaðarmenn starfsmanna áður en endanleg ákvörðun er tekin um einstakar uppsagnir starfa.

12. Atvinnurekandinn ætti að tilkynna starfsmanni skriflega ákvörðun um uppsögn starfs.

13. (1) Starfsmaður sem fengið hefur tilkynningu um uppsögn, eða hefur verið látinn hætta störfum, ætti að eiga rétt á því að fá eftir ósk sinni skriflega yfirlýsingu frá atvinnurekanda sínum um ástæðu eða ástæður fyrir uppsögninni.

(2) Málsgrein (1) í þessari grein þarf ekki að framfylgja þegar um er að ræða fjöldauppsögn af ástæðum sem greinir í 13. og 14. gr. Samþykktarinnar um uppsögn starfs, 1982, ef fylgt er þeirri reglu sem þar greinir.

Áfrýjun uppsagnar.

14. Gera má ráðstafanir um sáttaumleitanir áður en til áfrýjunarmáls kemur eða meðan það er til umfjöllunar.

15. Stjórnvöld, trúnaðarmenn launafólks og stéttarfélög ættu að leggja áherslu á að launafólki séu rækilega kynntir möguleikar sem það hefur til áfrýjunar.

Fjarvistir á uppsagnarfresti.

16. Á uppsagnarfresti þeim sem um getur í 11. grein Samþykktarinnar um uppsögn starfs 1982, ætti starfsmaðurinn að eiga rétt á hæfilegum frítíma án skerðingar launa til þess að leita sér annars starfs á þeim tíma sem hentar báðum aðilum.

Starfsvottorð.

17. Starfsmaður sem hefur verið sagt upp starfi ætti að eiga rétt á að fá samkvæmt beiðni vottorð frá atvinnurekandanum sem einungis greini hvenær starf hans hófst og hvenær því lauk svo og hvers konar störf hann vann. Að beiðni starfsmannsins má þó í þessu vottorði eða sérstöku vottorði gefa umsögn um framferði hans og hvernig hann hefur leyst störf sín af hendi.

Bætur vegna atvinnumissis og önnur tekjutrygging.

18. (1) Í samræmi við landslög og venju ætti maður sem sagt hefur verið upp starfi að eiga rétt á:

a. bótum vegna atvinnumissis eða öðrum styrkjum vegna ráðningarslita. Fjárhæð þeirra ætti m. a. að miðast við starfstíma og launaflokk og skulu þær greiddar af atvinnurekanda sjálfum eða sjóði sem myndaður er af framlögum atvinnurekenda; eða
b. bótum frá atvinnuleysistryggingum eða aðstoð eða annars konar félagslegum tryggingum svo sem elli- og örorkubótum með venjulegum skilyrðum sem slíkar bætur eru háðar; eða
c. slíkum bótum eða styrkjum sameiginlega.

(2) Starfsmanni, sem ekki uppfyllir skilyrði til atvinnuleysistryggingar eða aðstoðar frá almennu tryggingakerfi, þarf ekki að greiða neinar þær bætur eða styrki sem um ræðir í lið (1) a í þessari grein vegna þess einungis að hann fær ekki atvinnuleysisbætur samkvæmt lið (1) b.

(3) Með þeim hætti sem um getur í 1. grein þessarar tillögu má setja ákvæði um missi réttar til þeirra bóta eða styrkja sem um getur í lið (1) a þessarar greinar ef um er að ræða uppsögn vegna alvarlegrar yfirsjónar.

III. Viðbótarákvæði um uppsagnir starfa af efnahagslegum, tæknilegum, skipulagslegum eða svipuðum ástæðum.

19. (1) Allir þeir, sem hlut eiga að máli, ættu svo sem unnt er að leitast við að afstýra eða draga úr uppsögnum starfa af efnahagslegum, tæknilegum, skipulagslegum eða svipuðum ástæðum, án þess að skaða virka starfsemi fyrirtækisins, stofnunarinnar eða þjónustunnar, svo og að draga úr skaðlegum afleiðingum slíkra uppsagna fyrir hlutaðeigandi starfsmann eða starfsmenn.

(2) Þar sem það á við ætti hlutaðeigandi stjórnvald að aðstoða aðila við að leysa vandamál í sambandi við fyrirhugaðar uppsagnir.

Samráð um meiri háttar breytingar í fyrirtæki.

20. (1) Þegar atvinnurekandi hefur í hyggju að gera meiri háttar breytingar á framleiðslu, áætlunum, skipulagi, uppbyggingu eða tækni, sem líklegar eru til að hafa í för með sér uppsagnir, ætti atvinnurekandinn að hafa samráð við hlutaðeigandi trúnaðarmenn starfsmanna svo fljótt sem unnt er, m. a. um slíkar breytingar, áhrif sem þær eru líklegar til að hafa og ráðstafanir til þess að afstýra eða draga úr skaðlegum áhrifum slíkra breytinga.

(2) Til þess að gera hlutaðeigandi trúnaðarmönnum starfsmanna fært að taka virkan þátt í þeim samráðum sem nefnd eru í málsgrein (1) í þessari grein, ætti atvinnurekandinn að láta þeim tímanlega í té allar upplýsingar sem máli skipta um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar og þau áhrif sem þær eru líklegar til að hafa.

(3) Með „hlutaðeigandi trúnaðarmönnum starfsmanna“ er í þessari grein átt við þá trúnaðarmenn starfsmanna sem viðurkenndir eru samkvæmt landslögum eða venju í samræmi við Samþykkt um trúnaðarmenn verkamanna, 1971.

Ráðstafanir til að afstýra eða draga úr uppsögnum.

21. Ráðstafanir þær sem hugleiða ætti í því skyni að afstýra eða draga úr uppsögnum af efnahagslegum, tæknilegum, skipulagslegum eða svipuðum ástæðum, gætu m. a. verið fólgnar í takmörkun ráðninga, dreifingu uppsagna á tiltekið tímabil til þess að eðlileg fækkun starfsliðs geti átt sér stað, tilflutningi innan fyrirtækisins, þjálfun og endurþjálfun, að menn af frjálsum vilja hætti störfum fyrir tíma með hæfilegri tekjutryggingu, takmörkun yfirvinnu og styttingu reglulegs vinnutíma.

22. Þegar talið er að stytting reglulegs vinnutíma um stundarsakir mundi sennilega afstýra eða draga úr uppsögnum vegna tilfallandi efnahagsörðugleika, ætti að taka til athugunar að bæta að nokkru tekjumissi vegna þessarar styttingar reglulegs vinnutíma. Bæturnar ætti að fjármagna með viðeigandi hætti samkvæmt landslögum og venju.

Röðun uppsagna.

23. (1) Val atvinnurekandans á starfsmönnum sem segja skal upp störfum af efnahagslegum, tæknilegum, skipulagslegum eða svipuðum ástæðum, ætti að fara eftir reglum sem settar eru fyrirfram. Í þeim ætti að taka viðeigandi tillit bæði til hagsmuna fyrirtækisins, stofnunarinnar eða þjónustunnar og hagsmuna starfsmannanna.

(2) Þessar reglur, röðun samkvæmt þeim og þýðingu þeirra ætti að ákvarða með þeim aðferðum sem um getur í 1. grein þessarar tillögu.

Forgangsréttur til endurráðningar.

24. (1) Starfsmenn sem hefur verið sagt upp störfum af efnahagslegum, tæknilegum, skipulagslegum eða svipuðum ástæðum ættu að fá vissan forgang til endurráðningar ef atvinnurekandinn ræður á ný starfsmenn með sambærilega hæfni enda hafi þeir innan tiltekins tíma frá því er þeir létu af starfi látið í ljós ósk um endurráðningu.

(2) Þess háttar forgangsrétt til endurráðningar mætti takmarka við ákveðið tímabil.

(3) Með þeim hætti sem um ræðir í 1. grein þessarar tillögu ætti að ákvarða reglurnar um forgangsrétt til endurráðningar, um viðhald réttinda — sér í lagi réttinda vegna starfsaldurs — í sambandi við endurráðningu svo og skilyrði um laun endurráðinna starfsmanna.

Að draga úr afleiðingum uppsagna.

25. (1) Þegar sagt er upp starfi af efnahagslegum, tæknilegum, skipulagslegum eða svipuðum ástæðum ætti hlutaðeigandi stjórnvald í samvinnu við atvinnurekandann og hlutaðeigandi trúnaðarmenn launafólks þar sem því verður við komið og með aðferðum sem hæfa aðstæðum í landinu að stuðla að ráðningu hlutaðeigandi starfsmanna í önnur störf við þeirra hæfi svo fljótt sem unnt er með þjálfun eða endurþjálfun.

(2) Þegar mögulegt er ætti atvinnurekandinn að aðstoða hlutaðeigandi starfsmenn við leit að öðrum störfum við þeirra hæfi til dæmis með því að hafa beint samband við aðra atvinnurekendur.

(3) Taka má tillit til Samþykktar og Tillögu frá 1975 um þróun vinnuafls þegar hlutaðeigandi starfsmönnum er veitt aðstoð við að fá annað starf við sitt hæfi, þjálfun eða endurþjálfun.

26. (1) Með það fyrir augum að draga úr skaðlegum afleiðingum uppsagna starfa af efnahagslegum, tæknilegum, skipulagslegum eða svipuðum ástæðum ætti að taka til athugunar að koma á tekjutryggingu meðan þjálfun eða endurþjálfun fer fram, svo og endurgreiðslu að einhverju leyti eða öllu leyti á kostnaði við þjálfun eða endurþjálfun svo og kostnaði við að útvega sér og hefja starf sem krefst búferlaflutnings.

(2) Hlutaðeigandi stjórnvöld ættu að taka til athugunar að veita fjármagn til þess að styrkja að nokkru eða fullu þær aðgerðir sem um getur í málsgrein (1) í þessari grein í samræmi við landslög og venju.

Áhrif á fyrri tillögur.

27. Þessi Tillaga og Samþykkt um uppsögn starfs, 1982, leysa af hólmi Tillögu frá 1963 um uppsögn af hálfu atvinnurekanda.

Fylgiskjal III.

Ríki sem hafa fullgilt samþykkt Alþjóða-vinnumálastofnunarinnar nr. 158. frá 1982.

Samþykktin tók gildi 23. nóvember 1985.

Ríki	Fullgilding
Ástralía	26. febrúar 1993
Bosnía og Hersegóvína	2. júní 1993
Brasilía	5. janúar 1995
Eþíópía	28. janúar 1991
Finnland	30. júní 1992
Frakkland	16. mars 1989
Gabon	6. desember 1988
Jemen	13. mars 1989
Júgóslavía	23. nóvember 1984
Kamerún	13. maí 1988
Kýpur	5. júlí 1985
Lettland	25. júlí 1994
Malaví	1. október 1986
Marokkó	7. október 1993
Níger	5. júní 1985
Sambía	9. febrúar 1990
Slóvenía	29. maí 1992
Spánn	26. apríl 1985
Svíþjóð	20. júní 1983
Tyrkland	4. janúar 1995
Úganda	18. júlí 1990
Úkraína	16. maí 1994
Venesúela	6. maí 1985
Zaire	3. apríl 1987

24 ríki hafa fullgilt samþykktina.

582. Frumvarp til laga [333. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

Við 210. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hver sem hefur í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn í holdlegu samræði eða öðrum kynferðismökum skal sæta sektum. Sömu refsingu varðar að hafa í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn í kynferðisathöfnum með dýrum eða nota hluti á grófan klámfenginn hátt.

2. gr.

Í 233. gr. a falla niður orðin „kynþáttar eða trúarbragða“ en í stað þeirra kemur: kynþáttar, trúarbragða eða samkynhneigðar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1996.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til tvær breytingar á almennum hegningarlögum. Í fyrsta lagi að gert verði refsivert að hafa í vörslu sinni efni með grófu barnaklámi og í öðru lagi að samkynhneigðir njóti refsiverndar sem hópur gegn því að á þá sé ráðist opinberlega með háði, rógi, smánun, ógnun eða á annan sambærilegan hátt.

II.

A. Varsla efnis með barnaklámi.

Markmið þess að gera refsivert að hafa í vörslu sinni efni með grófu barnaklámi er að auka vernd barna gegn kynferðislegri misnotkun. Bann gegn því að hafa í vörslu sinni efni með grófu barnaklámi er talið geta dregið úr og fyrirbyggt kynferðislega misnotkun barna í tengslum við gerð slíks efni.

Þegar efni með barnaklámi er framleitt eru jafnframt framin alvarleg refsiverð brot gegn börnunum og má teljast undarlegt að varsla á slíku efni teljist ekki refsiverð. Með því að banna vörslu á efni með barnaklámi er mótuð skýr afstaða gegn kynferðislegri misnotkun á börnum, jafnframt því sem það getur stuðlað að því að bæta réttarstöðu barna. Ef það verður almennt að ríki heims geri vörslu á efni með barnaklámi refsiverða getur það stuðlað að því að takmarka eftirspurn eftir slíku efni og þar með kynferðislega misnotkun barna í tengslum við framleiðslu þess.

Á móti framangreindum rökum kemur að mjög óljóst er hvaða áhrif slíkt bann kemur til með að hafa í reynd og að rannsókn á slíkum brotum getur gengið nærri grunnreglum um friðhelgi einkalífs. Þá hefur því verið haldið fram að í einstaka tilvikum geti efni með barnaklámi, sem kynferðislega misþroska menn hafa í vörslu sinni, hugsanlega að einhverju leyti komið í veg fyrir kynferðisbrot gagnvart börnum.

Í 1. gr. frumvarpsins er valin sú leið að gera refsivert að hafa í vörslu sinni efni með grófu barnaklámi, þ.e. efni þar sem um er að ræða samfarir eða önnur kynferðismök. Samkvæmt greininni verður refsivert að hafa í vörslu sinni myndir eða annað efni sem framleitt er með þeim hætti að jafnframt er framið alvarlegt kynferðisbrot gegn barni. Myndir sem teknar eru með þeim hætti að við töku þeirra er ekki framið alvarlegt kynferðisbrot gegn barninu falla ekki undir ákvæði greinarinnar og er með þeim hætti reynt að koma til móts við það sjónarmið að slíkt efni geti haft þau áhrif að kynferðislega misþroska menn fremji síður kynferðisafbrot gegn börnum. Slík takmörkun getur einnig gert réttarvörsluna á þessu sviði auðveldari þar sem síður skapast álitaefni um hvort myndefnið sé þess eðlis að það falli undir verknaðarlýsingu ákvæðisins.

B. Gildandi réttur.

Í almennum hegningarlögum eru ýmis ákvæði sem vernda börn gegn kynferðislegri misnotkun. Samkvæmt 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga varðar það m.a. sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum að búa til klámrit, klámmyndir eða aðra slíka hluti og það sama gildir um að dreifa þeim eða útbýta. Þá gæti upptaka af klámmyndum af börnum fallið undir 209. gr. sömu laga um brot gegn blygðunarsemi, en brot á þeirri grein varðar fangelsi allt að 4 árum. Hinn kynferðislegi verknaður sem mynd er tekin af getur verið refsiverður skv. 202. gr. laganna þar sem samræði eða önnur kynferðismök við barn, yngra en 14 ára varðar allt að 12 ára fangelsi. Samkvæmt þeirri grein varðar önnur kynferðisleg áreitni við barn fangelsi allt að 4 árum. Samkvæmt sömu grein varðar það allt að 4 ára fangelsi ef ungmenni á aldrinum 14–16 ára er tælt til samræðis eða annarra kynferðismaka. Unnt er að refsa öðrum sem taka þátt í slíkum kynferðislegum verknaði, t.d. ljósmyndara, framleiðanda myndar o.s.frv. fyrir hlutdeild skv. 22. gr. laganna.

Í framkvæmd geta komið upp mikil sönnunarvandamál ef beita á framangreindum ákvæðum gegn framleiðslu efnis með barnaklámi. Erfitt getur reynst að afla upplýsinga um þá einstaklinga sem tóku myndirnar eða áttu hlutdeild að því og um nánari aðstæður í sambandi við myndatökuna. Myndirnar geta verið teknar og framkallaðar erlendis eða framkallaðar hér á landi af filmum erlendis frá, hugsanlega af einstaklingum sem ekki tóku þátt í myndatökunni sjálfri.

Samkvæmt 1. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga varðar það þann sem ber ábyrgð á því að klám birtist á prenti sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar varðar það sömu refsingu að búa til eða flytja inn í útbreiðsluskyni, selja, útbýta eða dreifa á annan hátt klámritum, klámmyndum eða öðrum slíkum hlutum, eða hafa þá opinberlega til sýnis, svo og að efna til opinbers fyrirlestrar, eða leiks, sem er ósiðlegur á sama hátt.

Samkvæmt 3. mgr. sömu greinar varðar það sömu refsingu að láta af hendi við unglinga, yngri en 18 ára, klámrit, klámmyndir eða aðra slíka hluti.

Klám er afstætt hugtak og í athugasemdum við frumvarp til almennra hegningarlaga er ekki skilgreint hvað sé refsivert klám. Í Íslenskri orðabók Menningarsjóðs, 2. útgáfu 1985 segir m.a. um þetta orð: „gróft orð, klúryrði (einkum um kynferðismál eða kynfæri); málfar, mynd eða annað sem beinir athyglinni að kynlífi eða kynfærum án nauðsynjar í listrænu samhengi...“

Telja verður að myndir af börnum sem látin eru taka þátt í athöfnum sem varða við 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga teljist klám. Meiri vafi er á því hvort öll tilvik sem fallið gætu undir 209. gr. almennra hegningarlaga teljist klám. Í því sambandi verð-

ur að meta hvort myndin sýni barn sem tekur þátt í kynferðisathöfn og hvort um lostugt athæfi sé að ræða, t.d. með því að barnið sé látið sitja fyrir í myndatöku sem beinist að kynfærum þess eða kynferðislegum hreyfingum. Nektarmyndir af börnum við venjubundinn leik o.s.frv. verður að telja falla utan þess sem telst refsivert klám.

Samkvæmt 210. gr. almennra hegningarlaga er ekki refsivert að búa til, eiga eða flytja inn klámrit eða klámmynd til eigin afnota. Tilbúningur og innflutningur í útbreiðsluskyni og öll dreifing er aftur á móti refsiverð.

C. Tilmæli Sameinuðu þjóðanna, Evrópuráðsins og Norðurlandaráðsins.

Samkvæmt 34. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna frá 20. nóvember 1989 um réttindi barnsins, sem Ísland fullgilti 28. október 1992, ber aðildarríkjunum að vernda börn fyrir hvers kyns kynferðislegri notkun eða misnotkun í kynferðislegum tilgangi. Í þeim tilgangi skulu þau einkum gera allt sem við á, bæði innan lands og með tvíhliða og margliða ráðstöfunum, til þess að koma í veg fyrir:

a. Að barn sé talið á eða þvingað til að taka þátt í hvers konar ólögmætri kynferðislegri háttsemi.
b. Að börn séu notuð til vændis eða annarra ólögmætra kynferðisathafna.
c. Að börn séu notuð í klámsýningum eða til að búa til klámefni.

Í samræmi við 44. gr. samningsins sendi Ísland í nóvember 1994 til nefndar sem stofnuð er með samningnum skýrslu um það sem gert hefur verið hér á landi til að koma í framkvæmd réttindum sem eru viðurkennd í samningnum og hvernig hefur miðað í beitingu þeirra. Á bls. 85–86 í sérprentun skýrslunnar er fjallað um hvernig Ísland uppfyllir ákvæði 34. gr. samningsins. Þessi grein samningsins leggur ekki skyldu á aðildarríkin til að gera refsivert að hafa barnaklám í vörslu sinni og uppfylla íslensk lög þegar skuldbindingar samkvæmt greininni.

Hinn 5. mars 1992 samþykkti mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna aðgerðaáætlun varðandi sölu á börnum, barnavændi og barnaklámi (ályktun 1992/74). Í 53. gr. hennar er áskorun til aðildarríkjanna um að gera vörslu á barnaklámi refsiverða. Ráðið tilnefndi sérstakan fulltrúa til að vinna að framgangi áætlunarinnar. Í 254. mgr. í skýrslu hans frá 14. janúar 1994 setur hann fram sambærileg tilmæli og í ályktun frá 9. mars 1994 (ályktun 1994/92) fellst mannréttindaráðið á tilmæli hans.

Mannréttindaráðið hefur samþykkt að setja á fót vinnuhóp til að gera uppkast að hugsanlegum valfrjálsum viðauka við samninginn um réttindi barnsins þar sem fjallað yrði um sölu á börnum, barnavændi og barnaklám. Í þessu sambandi vísast til 17. gr. ályktunar ráðsins frá 9. mars 1994 (ályktun 1994/90).

Í ályktun Evrópuráðsins nr. (91)11 um kynferðislega notkun, klám, vændi og verslun með börn og ungmenni er því beint til aðildarríkjanna að íhuga hvort ráðlegt sé að gera vörslu á barnaklámi refsiverða („examine the advisability of introducing penal sanctions for mere possession of pornographic material involving children").

Í tilmælum Norðurlandaráðsins nr. 9/1994, sem samþykkt voru 9. mars 1994 er norrænu ráðherranefndinni falið að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að varsla á barnaklámi verði gerð refsiverð á Norðurlöndunum.

D. Réttarstaðan í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

a. Danmörk.

Með lögum nr. 1100 21. desember 1994 var bætt við 235. gr. hegningarlaganna ákvæði sem gerir vörslu á myndefni með barnaklámi refsiverða. Samkvæmt málsgreininni varðar það sektum að hafa í vörslum sínum ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilegt efni af börnum í samförum eða öðrum kynferðismökum. Með sama hætti er það refsivert að hafa í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn í kynferðislegum athöfnum við dýr eða sem nota hluti á klámfenginn hátt.

b. Noregur.

Með lögum nr. 49 22. maí 1992 var 211. gr. norsku hegningarlaganna breytt og varsla á myndefni með barnaklámi gert refsivert. Samkvæmt d-lið 1. mgr. greinarinnar varðar það þann sektum eða fangelsi allt að 2 árum, eða hvoru tveggja, sem hefur í vörslu sinni eða flytur inn myndir, kvikmyndir, myndbönd eða sambærilegt efni, þar sem nokkur sem er eða virðist vera yngri en 16 ára er sýndur á kynferðislegan eða klámfenginn hátt.

Með hugtökunum „kynferðislegur“ og „klámfenginn“ er í ákvæðinu átt við kynferðislega lýsingu (ásýnd) sem virkar stuðandi eða á annan hátt er til þess fallin að vera lítillækkandi eða niðrandi, þar með taldar kynferðislegar lýsingar með notkun barna, dýra, ofbeldis, þvingunar og kvalalosta.

Samkvæmt 4. mgr. sömu greinar skal refsa fyrir framangreinda verknaði án tillits til þess að í einstaka tilviki teljist verknaður viðkomandi til gáleysis. Í slíkum tilvikum varðar brot sektum og/eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

Í 5. mgr. greinarinnar eru m.a. ákvæði um refsiábyrgð fyrir ákveðin vanrækslubrot sem tengjast vörslu á efni með barnaklámi. Þar segir að með sama hætti eigi að refsa þeim handhafa eða yfirmanni sem af ásetningi eða gáleysi vanrækir að koma í veg fyrir að í rekstri (starfsemi) verði framdir verknaðir sem falla undir ákvæði greinarinnar.

Samkvæmt 6. mgr. greinarinnar eru það refsiþyngjandi aðstæður ef hið klámfengna efni sýnir notkun á börnum, dýrum, ofbeldi, þvingun og kvalalosta.

c. Svíþjóð.

Samkvæmt sænskum lögum er ekki refsivert að hafa rit eða klám sem sýna barnaklám í vörslu sinni.

Samkvæmt 10. gr. a í 16. kafla sænsku hegningarlaganna skal sá sem sýnir barn í klámmynd sem er gerð í þeim tilgangi að dreifa henni eða sem dreifir slíkri mynd af barni, ef verknaðurinn, með tilliti til aðstæðna, telst ekki forsvaranlegur, sæta sektum eða fangelsi að hámarki í tvö ár fyrir barnaklámsbrot.

Í greinargerð sænska dómsmálaráðuneytisins frá 1993 um aukna vernd fyrir börn — frekari aðgerðir gegn kynferðislegum brotum o.fl. (Ds. 1993:80) er m.a. fjallað um hvort gera eigi vörslu á efni með barnaklámi refsiverða. Þar er komist að þeirri niðurstöðu að ekki eigi að setja refsiákvæði um vörslu á efni með barnaklámi. Sú niðurstaða er rökstudd með því að slíkt refsiákvæði sé undantekning frá stjórnarskrárbundnum ákvæðum um prentfrelsi og tjáningarfrelsi og að þegar séu nægileg refsiákvæði til að beita gegn barnaklámi.

Sænska þingið ákvað í júní 1994 að varsla á efni með barnaklámi skyldi gerð refsiverð frá og með 1. janúar 1999. Jafnframt voru lögfest ákvæði sem tóku gildi 1. janúar 1995 um að heimilt væri gera slíkt efni upptækt án þess að sá sem hefði það undir höndum sætti refsingu. Ástæðan fyrir því að varsla á efni með barnaklámi verður ekki refsiverð fyrr árið 1999 er að áður en unnt er að setja slíkt ákvæði þarf að breyta sænsku stjórnarskránni. Frumvarp til breytinga á sænsku stjórnarskránni ber almennt að leggja

fyrir þing í síðasta lagi níu mánuði fyrir þingkosningar og nýtt þing þarf jafnframt að samþykkja breytingarnar. Fyrir síðustu kosningar í Svíþjóð var ekki nægjanlegur meiri hluti (minnst 5/6) til að víkja frá níu mánaða frestinum nema varðandi breytingarnar sem gera það mögulegt að gera efni með barnaklámi upptækt.

III.

Hinn 26. apríl 1993 skipaði forsætisráðherra nefnd í samræmi við ályktun Alþingis frá 19. maí 1992 þar sem ríkisstjórninni var falið að skipa nefnd til þess að kanna stöðu samkynhneigðs fólks á Íslandi. Nefndin skilaði skýrslu sinni í október 1994. Í framhaldi af því ákvað ríkisstjórnin að vísa tillögum nefndarinnar um lagabreytingar til meðferðar í dóms- og kirkjumálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti.

Í skýrslu nefndarinnar er bent á að í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hafi refsiákvæðum sem fjalla um kynþáttamisrétti o.fl. verið breytt á þann veg að refsivernd ákvæðanna næði nú einnig til samkynhneigðra. Með vísun til þessa lagði meiri hluti nefndarinnar til að 233. gr. a, sbr. 1. gr. laga nr. 97/1973, yrði breytt þannig að hún tæki einnig til samkynhneigðra. Í skýrslunni segir að þess sé ekki að vænta að oft muni reyna á slíkt ákvæði fyrir dómstólum frekar en í nágrannalöndunum, en með slíkri lagasetningu fælist skýr yfirlýsing um ótvíræð réttindi samkynhneigðra til fullrar aðildar að íslensku samfélagi sem stuðlaði að því að samkynhneigðir leituðu óhikað réttar síns.

Þá benti nefndin á að ekki væru í íslenskum lögum sambærileg ákvæði og í löggjöf Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar þar sem kveðið er á um bann við því að neita minnihlutahópum, þar á meðal samkynhneigðum, um einhverja þá vöru eða þjónustu sem boðin er almenningi í atvinnuskyni. Lagði meiri hluti nefndarinnar til að hugað yrði að því hvort rétt sé að setja slík ákvæði í almenn hegningarlög eða önnur lög.

Samkvæmt 266. gr. b dönsku hegningarlaganna skal hver sem opinberlega eða af ásetningi breiðir út til fjölda manna ummæli eða aðra yfirlýsingu þar sem hópi manna er ógnað, þeir smánaðir eða niðurlægðir vegna kynþáttar, litarháttar, þjóðernis eða þjóðflokksuppruna, trúar eða kynhneigðar (seksuelle orientering) sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Í Danmörku eru einnig í gildi sérstök lög um bann gegn mismunun vegna kynþáttar o.fl. Samkvæmt þeim lögum varðar sömu refsingu og í hegningarlagaákvæðinu að neita að afgreiða í atvinnuskyni eða almenningsþjónustu þá sem tilheyra þar tilgreindum hópum. Samkvæmt lögunum gildir sama regla um aðgang til jafns við aðra að stað, sýningu, samkomu eða þess háttar sem opið er almenningi.

Samkvæmt 135. gr. a norsku hegningarlaganna skal refsa þeim með sektum eða fangelsi allt að tveimur árum sem með yfirlýsingu eða annarri tilkynningu sem borin er fram opinberlega eða er dreift á annan hátt meðal almennings hótar, hæðir eða lætur hatur, ofsókn eða lítilsvirðingu bitna á manni eða hópi manna vegna trúarjátningar þeirra, kynþáttar, hörundslitar eða þjóðernis- eða þjóðaruppruna. Samsvarandi á við slíkar óvirðingar gagnvart manni eða hópi manna vegna samkynhneigðar þeirra, lífshátta eða viðhorfa. Í 349. gr. a norsku hegningarlaganna er refsiákvæði fyrir að neita mönnum um vöru eða þjónustu, aðgang að opinberri sýningu eða annarri opinberri samkomu á þeim kjörum sem gilda fyrir aðra vegna trúarjátningar, kynþáttar, hörundslitar eða þjóðernis- eða þjóðaruppruna og samkynhneigðar.

Í sænskum lögum eru sambærileg refsiákvæði og gilda í Danmörku og Noregi varðandi það svið sem hér um ræðir.

Í samræmi við tillögur nefndar um málefni samkynhneigðra er í 2. gr. frumvarpsins lagt til að refsivernd 233. gr. a, sbr. 1. gr. laga nr. 96/1973, verði einnig látin ná til samkynhneigðra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að gert verði refsivert að hafa í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn í holdlegu samræði eða öðrum kynferðismökum og að sama gildi um vörslu á ljósmyndum, kvikmyndum eða sambærilegum hlutum sem sýna börn í kynferðisathöfnum með dýrum eða nota hluti á grófan klámfenginn hátt. Það er ekki skilyrði refsiábyrgðar samkvæmt greininni að vörsluaðili hyggist dreifa efni með barnaklámi.

Ákvæðið breytir ekki öðrum ákvæðum almennra hegningarlaga um kynferðisbrot gegn börnum.

Kynferðismök sem mynduð eru geta í sjálfu sér verið refsiverð skv. 202. gr. almennra hegningarlaga. Því ákvæði er unnt að beita gagnvart þeim sakhæfa einstaklingi sem við myndatöku hefur tekið þátt í samræði eða öðrum kynferðismökum gagnvart barni yngra en 14 ára. Aðrir einstaklingar, sem tekið hafa þátt í myndatökunni, t.d. ljósmyndarinn geta eftir atvikum borið refsiábyrgð sem hlutdeildarmenn. Skilyrði slíkrar refsiábyrgðar er þó að unnt sé að komast að því um hvaða einstaklinga er að ræða, sem í framkvæmd getur verið mjög erfitt, sérstaklega ef framleiðsla og dreifing á efni með barnaklámi er framkvæmd í mörgum liðum. Myndirnar geta þannig hafa verið teknar upp erlendis þótt þær hafi verið unnar og þeim dreift hér á landi.

Refsiábyrgð skv. 202. gr. er háð því skilyrði að unnt sé að sanna að verknaður hafi verið framinn með vitneskju um aldur barnsins. Ef um gáleysi er að ræða um aldur þess skal beita vægari refsingu, sbr. 204. gr. laganna.

Refsiábyrgð fyrir það eitt að hafa efni með barnaklámi í vörslu sinni er takmörkuð samkvæmt greininni við efni sem inniheldur samræði eða önnur kynferðismök og ber að skýra þau hugtök með sama hætti og skv. 194.–202. gr. almennra hegningarlaga.

Utan refsiábyrgðar greinarinnar falla myndir af börnum sem ekki taka þátt í samræði eða öðrum kynferðismökum. Þetta gildir þótt myndirnar hafi kynferðislegt yfirbragð, t.d. vegna þess hvernig barnið hreyfir sig eða þegar myndataka beinist að kynfærum barnsins. Upptaka á slíkum myndum gæti aftur á móti verið refsiverð samkvæmt 209. gr. almennra hegningarlaga. Slíkar myndir gætu einnig fallið undir klám skv. 210. gr. almennra hegningarlaga.

Eðlilegar nektarmyndir af börnum falla að öllu leyti utan ákvæða frumvarpsins.

Það er ekki skilyrði refsiábyrgðar samkvæmt greininni að viðkomandi eigi efni með grófu barnaklámi. Með vörslu er auk þess að eiga efnið m.a. átt við að viðkomandi hafi efnið að láni, í leigu eða geymslu.

Hvenær einstaklingur telst hafa efni með barnaklámi í vörslu sinni getur gefið tilefni til nánari umfjöllunar, sérstaklega þegar efni er dreift með vélrænum hætti.

Þegar horft er á sjónvarpssendingar (t.d. sem sendar eru gegnum gervihnött) eða myndir, sem sóttar eru í gagnabanka en skoðaðar á eigin tölvuskermi, teljast myndirnar ekki í vörslu þess sem á þær horfir. Ef myndirnar eru aftur á móti teknar upp á myndband, fluttar á harðan disk tölvu eða diskling þannig að viðkomandi geti kallað myndirnar fram sjálfur telst hann hafa efnið í vörslu sinni.

Sá sem dreifir efni með barnaklámi getur sætt refsiviðurlögum skv. 210. gr.

Það sem bannað er að hafa í vörslu sinni samkvæmt ákvæðinu eru ljósmyndir, kvikmyndir og sambærilegir hlutir. Af því leiðir að undir ákvæðið falla ekki teikningar, þótt þær séu teiknaðar af lifandi fyrirmynd. Sama gildir um myndir sem búnar eru til í tölvu, enda er ekki um að ræða að myndað hafi verið raunverulegt samræði eða önnur kynferðismök og þar af leiðandi ekki framið refsivert brot gegn barni við gerð myndarinnar.

Í frumvarpinu er talað um börn án þess að aldur þeirra sé tilgreindur. Tilgangur frumvarpsins er að stemma stigu við útbreiðslu klámmynda af börnum yngri en 14 ára. Ef setja ætti aldursmörk í lagatextann væri eðlilegast að miða við þann aldur þar sem það er almennt refsilaust að eiga samræði eða önnur kynferðismök við þann sem er 14 ára eða eldri. Barn yngra en 14 ára getur heldur ekki almennt gefið gilt samþykki fyrir broti gegn blygðunarsemi, sbr. 209. gr. almennra hegningarlaga. Ef skýr aldursmörk eru sett í lagatextann getur það orðið til þess að veikja möguleika á því að framfylgja ákvæðinu því að í slíku tilviki þyrfti ákæruvaldið að sanna aldur barnsins á þeim tíma þegar myndin var tekin. Auk tilvika þar sem augljóst er að viðkomandi er undir aldursmörkum geta verið tilvik þar sem ekki er hægt að sanna aldur barnsins. Í framkvæmd er ólíklegt að unnt sé að fá upplýsingar um af hvaða barni myndin er og um aldur þess. Að setja aldursmark í ákvæðið getur leitt til sönnunarvandamála sem í hluta refsiverðra tilvika samkvæmt ákvæðinu er í reynd ómögulegt að framfylgja.

Til greina kæmi að setja í ákvæðið leiðbeiningarreglu á þá leið að átt væri við börn sem að þroska til væru yngri en 14 ára. Slíkt ákvæði mundi þýða að raunverulegur aldur barns og sönnunarfærsla um það væri án þýðingar í refsimálinu. Það er háð mati hvaða lausn er notuð í þessum samhengi. Óbein aldursmörk eins og hér eru nefnd eru meira til þess fallin að vera leiðbeinandi í lagatexta en sem efnisatriði. Þar er varla slíkt samhengi á milli ytri líkamlegs þroska og tilgreindra aldursmarka að það þjóni skilyrðislaust tilgangi að binda beitingu ákvæðisins við mat á því hvort myndaður einstaklingur telst líkamlega yngri en 14 ára. Í framkvæmd gæti verið nauðsynlegt að beita grófara mati t.d. að viðkomandi sé ekki kynþroska eða kynþroski á byrjunarstigi.

Með hliðsjón af framansögðu er valið að nefna einungis börn án þess að tilgreina aldursmörk.

Í greininni er lagt til að það varði sektum að hafa í vörslu sinni efni með grófu barnaklámi. Ef ásetningur til að dreifa efninu telst sannaður getur brotið eftir atvikum fallið undir 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga, en brot gegn þeirri grein varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

Um 2. gr.

Samkvæmt 233. gr. a skal hver sem með háði, rógi, smánun, ógnun eða á annan sambærilegan hátt ræðst opinberlega á hóp manna vegna þjóðernis þeirra, litarháttar, kynþáttar eða trúarbragða sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum. Ákvæði þessu var bætt í lögin með 1. gr. laga nr. 96/1973 í framhaldi af því að Ísland fullgilti samning Sameinuðu þjóðanna frá 21. desember 1965, um afnám alls kynþáttamisréttis. Með vísun til þeirra forsendna sem raktar eru í almennum athugasemdum er lagt til að samkynhneigðir verði taldir til þeirra hópa sem njóta verndar samkvæmt ákvæðinu. Varðandi skýringu á ákvæðum 233. gr. a er vísað til A-deildar Alþingistíðinda 1973–74, bls. 530–535.

Um 3. gr.

Lagt er til að gildistaka laganna verði 1. september 1996. Tilgangur þess að láta lögin ekki öðlast þegar gildi er að þeim sem hafa efni með barnaklámi í vörslu sinni gefist hæfilegur frestur til að eyða því efni sem fellur undir ákvæði frumvarpsins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum

Í frumvarpi þessu eru lagðar til tvær breytingar á almennum hegningarlögum. Annars vegar er gert refsivert að hafa í vörslu sinni barnaklám og hins vegar er lagt til að samkynhneigðir njóti refsiverndar sem hópur gegn því að á þá verði ráðist opinberlega.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

583. Svar [275. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um beiðnir um fjárnám hjá ábyrgðarmönnum fjárskuldbindinga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margar fjárnámsbeiðnir hafa verið teknar til meðferðar hjá sýslumannsembættum árlega sl. þrjú ár þar sem ábyrgðarmenn skuldabréfa eða útgefendur víxla og ábekingar eru gerðarþolar?*
2. *Hversu hátt hlutfall eru þær af heildarfjölda fjárnámsbeiðna?*

Fjárnámsbeiðnir eru tölvuskráðar í málaskrár sýslumannsembætta. Þar eru beiðnir aðgreindar eftir aðfararheimildum þannig að unnt er að fá upplýsingar um fjölda beiðna á grundvelli dóma, sátta, skuldabréfa, á grundvelli opinberrar innheimtu o.fl. Sú flokkun byggist á reglugerð um málaskrár o.fl., nr. 17/1992. Við embætti sýslumannsins í Reykjavík voru skráðar samtals um 70.000 fjárnámsbeiðnir fyrir árin 1993–95, en áætla má að um 140.000 fjárnámsbeiðnir hafi verið skráðar á landinu öllu fyrir sama tímabil.

Í málaskrám er ekki að finna upplýsingar um fjölda fjárnámsbeiðna sem beinast gegn ábyrgðarmönnum fjárskuldbindinga. Til að afla þeirra upplýsinga þarf að skoða hverja og eina beiðni með tilliti til þess hverjir eru gerðarþolar. Slík talning gæfi þó ekki tæmandi upplýsingar um gerðarþola þar sem dómsáttir sendar sýslumönnum greina almennt ekki hvort gerðarþolar eru aðalskuldarar eða ábyrgðarmenn fjárskuldbindinga. Kostnaður samfara því að kanna hverja og eina þeirra um það bil 140.000 fjárnámsbeiðna get-

ur numið allt að 1.000.000 króna. Ekki hefur verið gert ráð fyrir þeim útgjöldum og skortir bæði mannafla og fjármuni til verksins.

Af framansögðu má ályktа að nokkuð erfitt getur reynst að svara fyrirspurninni. Að beiðni dómsmálaráðuneytisins tók sýslumannsembættið í Reykjavík til athugunar fjárnámsbeiðnir á árinu 1995, en á því ári voru teknar til meðferðar hjá því embætti samtals 22.272 beiðnir. Telja verður að fjárnám hjá ábyrgðarmönnum fjárskuldbindinga komi svo til eingöngu til álita þegar aðfararheimildir eru dómar, áritaðar stefnur, sáttir, skuldabréf, víxlar og tékkar. Þær aðfararheimildir nema um 26% af öllum fjárnámsbeiðnunum, eða 5.790 beiðnir. Með því að velja úrtök á nokkrum stöðum úr aðfararheimildum ársins 1995, flokka þar fjárnámsbeiðnir eftir þeim aðfararheimildum er að framan getur og síðan í 100 mála úrtök kom í ljós að um 31,5% af þessum fjárnámsbeiðnum beindust gegn ábyrgðarmönnum fjárskuldbindinga. Miðað við að fjárnámsbeiðnir á grundvelli dóma, áritaðra stefna, sátta, skuldabréfa, víxla og tékka voru samtals 26% af öllum fjárnámsbeiðnum á árinu 1995 eða 5.790 má af þessu úrtaki ályktа að um 1.800 beiðnir á því ári hafi beinst gegn ábyrgðarmönnum fjárskuldbindinga.

Árlega eru teknar saman upplýsingar um fjölda fjárnámsbeiðna á landinu öllu. Upplýsingar um fjölda þeirra fyrir árið 1995 liggja ekki fyrir nú, en árið 1994 voru þær samtals 46.143. Ef miðað er við að 26% þeirra hafi verið á grundvelli dóma, áritaðra stefna, sátta, skuldabréfa, víxla og tékka hafa þær verið samtals 11.997, en af því má ályktа að um 3.800 hafi verið gegn ábyrgðarmönnum fjárskuldbindinga.

Rétt er að árétta að ýmsir óvissuþættir eru samfara framangreindri úrtaksathugun og getur hún því einungis gefið vísbendingu um fjölda beiðna.

584. Nefndarálit [87. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1991.

Frá fjárlaganefnd.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar. Í endurskoðunarskýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fyrir árið 1991 er lagt til að ríkisreikningur verði samþykktur með eftirtöldum breytingum:

1. Að framlag að fjárhæð 1.633.431 þús. kr. til Framkvæmdasjóðs Íslands, fjárlagaliður 01–173, verði ekki samþykkt sem útgjöld ársins 1991 en færist sem framlag í ríkisreikningi ársins 1992.
2. Að færð sé til baka lánveiting Endurlána ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs vegna framkvæmda við Sandgerðishöfn að fjárhæð 287.336 þús. kr. en á móti lækki ógreidd gjöld um sömu fjárhæð.
3. Niðurstöðutölur reikningsins breytist til samræmis við þetta.

Í áritun Ríkisendurskoðunar í ríkisreikningi fyrir árið 1991 segir m.a.:

„Í ríkisreikningi 1991 er framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs Íslands fært til gjalda hjá forsætisráðuneytinu. Þetta er byggt á 13. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1992 sem staðfest voru 24. janúar 1992 og heimila fjármálaráðherra að yfirtaka skuldir Framkvæmdasjóðs Íslands að fjárhæð allt að 1.700 millj. kr. á því ári. Fjármálaráðherra hefur þegar nýtt þessa heimild samkvæmt samkomulagi við Framkvæmdasjóð, dags. 9. mars 1992. Það er álit Ríkisendurskoðunar að færa beri nefnt framlag til gjalda í ríkisreikn-

ingi 1992 í stað 1991 og því sýnir rekstrarreikningur A-hluta ríkissjóðs á árinu 1991 verri afkomu sem þessu nemur."

Í bréfi fjármálaráðherra og ríkisbókara til forseta Alþingis segir m.a. um fyrrgreint efni:

„Gjalda- og tekjufærslur eru óháðar því hvenær greitt er eða innheimt. Skuldbindingar, sem falla til á fjárhagsárinu, eru færðar til bókunar samkvæmt stöðu verkefna. Þetta á t.d. við vegagerð, hafnagerð og byggingarframkvæmdir, svo og ábyrgðir ríkissjóðs sem augljóslega eru tapaðar. Hvenær bókun á sér stað ræðst þannig af mati á því hvenær til skuldbindinganna er stofnað, en ekki af hinni formlegu afgreiðslu Alþingis. Með þessu telur ráðuneytið að ríkisreikningurinn gefi sem réttasta mynd af efnahag ríkissjóðs á hverjum tíma."

Fyrrverandi fjármálaráðherra ákvað á árinu 1990 að beita sér fyrir heildarendurskoðun á uppgjöri og framsetningu ríkisreiknings og fjárlaga svo og að gera tillögur um nauðsynlegar breytingar á lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga.

Samkvæmt lögum er ríkisreikningsnefnd ætlað það hlutverk að vera fjármálaráðherra til ráðuneytis um atriði er varða uppsetningu fjárlaga og ríkisreiknings og önnur atriði er hafa meginþýðingu fyrir það reikningslega kerfi er lögum er ætlað að tryggja. Í nefndinni eiga sæti ríkisbókari, ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins, ríkisendurskoðandi, hagstofustjóri og fulltrúar Þjóðhagsstofnunar og Seðlabanka Íslands.

Að undanförnu hefur mikil vinna verið lögð í að endurskoða lög er varða fjárreiður ríkisins. Árangur hennar hefur nú birst í frumvarpi til laga um fjárreiður ríkisins sem nú er til meðferðar á Alþingi.

Nú liggur fyrir álit ríkisreikningsnefndar og hefur fjárlaganefnd kynnt sér rækilega þær tillögur hennar sem eiga að tryggja samræmi í gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Fjárlaganefnd telur að skýrsla Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna gefi fullnægjandi skýringar á þeim athugasemdum sem settar eru fram við reikninginn. Hins vegar telur fjárlaganefnd ekki ástæðu til að breyta reikningnum.

Í áritun löggiltra endurskoðenda Framkvæmdasjóðs Íslands í ársreikningi sjóðsins fyrir árið 1991 segir m.a.:

„Í rekstrarreikningi 1991 er fært til tekna framlag frá ríkissjóði að upphæð 1.633 millj. kr. Byggist þetta á heimildarákvæði til fjármálaráðherra samkvæmt lánsfjárlögum sem samþykkt voru 23. janúar 1992 og fjármálaráðherra hefur þegar nýtt sér, sbr. samkomulag við Framkvæmdasjóð, dags. 9. mars 1992. Þar sem ákvörðun um þetta framlag ríkissjóðs lá ekki fyrir á árinu 1991 sýnir rekstrarreikningur Framkvæmdasjóðs betri afkomu sem þessu nemur svo og eigið fé hans í árslok 1991."

Í ljósi athugasemda yfirskoðunarmanna ríkisreiknings, Ríkisendurskoðunar og löggiltra endurskoðenda Framkvæmdasjóðs Íslands við ríkisreikning ársins 1991 og reikninga Framkvæmdasjóðs telur fjárlaganefnd eðlilegt að sama athugasemd fylgi ríkisreikningi 1991. Er með því samræmi milli reiknings Framkvæmdasjóðs og ríkisreiknings, en hvorugum reikningnum breytt. Þá skal tekið fram að ekki er deilt um ábyrgð ríkissjóðs á fjárhag Framkvæmdasjóðs Íslands.

Með vísun til þess sem að framan greinir leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Árni M. Mathiensen og Bryndís Hlöðversdóttir voru fjarstödd lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. febr. 1996.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Kristinn H. Gunnarsson, með fyrirvara.
Árni Johnsen.	Gísli S. Einarsson.	Ísólfur Gylfi Pálmason.
Hjálmar Jónsson.	Kristín Halldórsdóttir, með fyrirvara.	Arnbjörg Sveinsdóttir.

585. Nefndarálit [88. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1992.

Frá fjárlaganefnd.

Nefndin hefur haft frumvarp til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1992 til athugunar og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Árni M. Mathiesen og Bryndís Hlöðversdóttir voru fjarstödd lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. febr. 1996.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Kristinn H. Gunnarsson.
Árni Johnsen.	Gísli S. Einarsson.	Ísólfur Gylfi Pálmason.
Hjálmar Jónsson.	Kristín Halldórsdóttir.	Arnbjörg Sveinsdóttir.

586. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1993.

Frá fjárlaganefnd.

Nefndin hefur haft frumvarp til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1993 til athugunar og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Árni M. Mathiesen og Bryndís Hlöðversdóttir voru fjarstödd lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. febr. 1996.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Kristinn H. Gunnarsson.
Árni Johnsen.	Gísli S. Einarsson.	Ísólfur Gylfi Pálmason.
Hjálmar Jónsson.	Kristín Halldórsdóttir.	Arnbjörg Sveinsdóttir.

587. Frumvarp til laga [334. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Apas, Charito Canete, fiskvinnslukona í Vogum, f. 14. júlí 1969 á Filippseyjum.
2. Björnsson, Veronica Margaret, ritari í Reykjavík, f. 24. maí 1944 í Englandi.
3. Guidice, Diana, verkakona í Reykjanesbæ, f. 27. mars 1957 í Keflavík.
4. Hansen, Evald Ægir, afgreiðslumaður í Mosfellsbæ, f. 7. nóvember 1972 í Reykjavík.
5. Hill, Cheryl Lynn, leiðbeinandi í Reykjavík, f. 7. maí 1968 í Bandaríkjunum.
6. Jamora, Cirila, iðnverkakona í Reykjavík, f. 6. júlí 1973 á Filippseyjum.
7. Krouská, Jarmila, húsmóðir á Akureyri, f. 7. febrúar 1952 í Tékklandi.
8. Lafleur, Jaqueline Marilyn, listakona í Sandgerði, f. 27. desember 1927 í Bandaríkjunum.
9. Libongcogon, Mimie Ruda, húsmóðir á Seyðisfirði, f. 2. júní 1962 á Filippseyjum.
10. Orongan, Hernanita Neis, húsmóðir í Reykjavík, f. 4. júní 1964 á Filippseyjum.
11. Ritchie, Hulda Valdimarsdóttir, ellilífeyrisþegi í Reykjavík, f. 22. desember 1917 í Hnífsdal.

2. gr.

Þeir sem heita nöfnum sem ekki fullnægja reglum laga um mannanöfn, nr. 37 27. mars 1991, skulu ekki öðlast íslenskt ríkisfang samkvæmt lögum þessum fyrr en fullnægt er ákvæðum 15. gr. laga um mannanöfn. Sama gildir um börn þeirra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið í lagafrumvarp þetta, fullnægja skilyrðum sem sett hafa verið af allsherjarnefnd Alþingis.

Frumvarp þetta er annað frumvarp til laga um veitingu ríkisborgararéttar sem borið er fram á 120. löggjafarþingi.

588. Svar [293. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um úthlutanir úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur fjármagni Framkvæmdasjóðs aldraðra verið ráðstafað sl. fimm ár? Óskað er eftir að fjárhæðir séu sundurliðaðar eftir því til hvaða aðila, framkvæmda og rekstrarþátta greitt hefur verið.

Svar við fyrirspurninni kemur fram í eftirfarandi töflum. Þar er fyrst greint frá þeim fjárhæðum sem varið hefur verið til framkvæmda, þá kemur yfirlit um önnur framlög og loks rekstrarreikningur sjóðsins. Tekjur umfram gjöld frá fyrri árum munu að mestu ganga til reksturs á þessu ári. Lokauppgjör fyrir árið 1995 liggur ekki fyrir.

Úthlutanir úr Framkvæmdasjóði aldraðra 1991–1995, framkvæmdir (í þús. kr.)

	1991	1992	1993	1994	1995
Reykjanes					
Hlaðhamrar Mosfellsbæ			4.000	5.000	4.400
Hlaðhamrar, heimaþjónusta			1.100		
Fannborg 8	3.000	3.500	1.800	3.000	2.300
Sambýlið Kópavogi	3.191				
Sunnuhlíð, hjúkrunarheimili			6.016	6.000	6.400
Sunnuhlíð, endurbætur	5.000	5.100			1.900
Sólvangur	8.000	3.500			
Hrafnista, Hafnarfirði	1.500				2.000
Grindavík, þjónustuhús	2.000				
Grindavík, hjúkrunarheimili	18.000	20.700		6.000	
Hlévangur	2.000	4.000	6.000	10.000	9.000
Garðvangur		3.500			
Höfn, Hafnarfirði				5.000	2.900
Sandgerðisbær				2.000	2.000
Reykjanesbær, Vallarbraut 4, N.					1.500
Samtals	**42.691**	**40.300**	**18.916**	**37.000**	**32.400**

	1991	1992	1993	1994	1995
Reykjavík					
Eir	10.000	30.000	80.000	70.000	70.000
Skjól	40.000	46.300			
Bólstaðarhlíð, þjónustumiðstöð	7.817				
Háaleiti, VR, þjónustumiðstöð	3.117				
Dalbraut			490		5.600
Seljahlíð		2.800	600	1.600	
Hrafnista	5.000	7.500			
Landakot		14.000			
Aflagrandi		5.000	7.000	7.600	
Vesturgata		5.000	7.000	7.100	
Fell		1.000	3.000	2.500	3.000
Grandavegur		220			
Laugaskjól			3.000		
Hrafnista G2			1.500		
Hrafnista D1				2.500	1.700
Hrafnista E4			1.500		
Hrafnista F1			3.600		
Hrafnista, eldhús					2.500
Dvalarheimili aldraðra heymarlausra			1.000		
Sjálfsbjörg				1.000	
Hraunbær					5.000
Sléttuvegur					4.300
Samtals	**65.934**	**111.820**	**108.690**	**92.300**	**87.800**
Vesturland					
Höfði, Akranesi	18.000	18.000	10.000	7.000	5.000
Höfði, Akranesi					2.500
Borgarnes, dvalarheimili			3.500	5.000	1.000
Borgarnes, dvalarheimili					4.000
Jaðar, Ólafsvík, dvalarheimili	1.050				
Fellaskjól Grundarfirði	4.000	5.000	850		2.000
Stykkishólmur, þjónustumiðstöð	1.000	1.100		3.000	2.100
Stykkishólmur, þjónustuhús	1.500	4.300	4.000		
Fellsendi, endurbætur	1.200	2.000	2.000		
Samtals	**26.750**	**30.400**	**20.350**	**15.000**	**16.600**
Vestfirðir					
Barmahlíð, Reykhólahreppi	3.000	4.000	7.500	7.000	800
Barmahlíð, heimaþjónusta			1.500		1.800
Patreksfjörður, hjúkrun				1.000	
Þingeyri, dvalar- og hjúkrunarheimili				2.000	2.500
Hlíf, Ísafirði	14.000	18.000	13.800	2.900	
Hlíf, Ísafirði, dvalarheimili			2.900		
Bolungarvík, þjónustumiðstöð	7.000	7.500			
Samtals	**24.000**	**29.500**	**25.700**	**12.900**	**5.100**
Norðurland vestra					
Sæborg, Skagaströnd	6.000	5.200	2.700		
Hvammstangi	1.575				5.000
Dvalarheimili aldraðra, Siglufirði	3.000		3.900		1.000
Hofshreppur, heimaþjónusta	1.050				
Öldrunarfélag Skagafjarðar	1.000	1.300			
Sjúkrahúsið Sauðárkróki				4.000	3.500
Samtals	**12.625**	**6.500**	**6.600**	**4.000**	**9.500**

	1991	1992	1993	1994	1995
Norðurland eystra					
Dalbær, Dalvík			1.000	3.500	2.300
Árskógshreppur, þjónusta	3.850				
Hrísey	4.500	3.500	1.000	3.500	
Hvammur, Húsavík		1.000	2.500	4.000	5.500
Akureyrarbær	800				
Sambýli, Skólastíg, Akureyri				2.000	3.200
Sambýli, Bakkahlíð, Akureyri				1.500	1.000
Skjaldarvík, endurbætur	1.000	700			
Hlíð, þjónustuhús	10.806				
Hlíð, hjúkrunardeild	1.000	5.000	7.000	3.000	5.000
Kópasker, þjónustumiðstöð	1.671				
Raufarhöfn, þjónustumiðstöð	2.220				
Þórshöfn, dvalar- og hjúkrunarheimili	2.466			2.700	2.800
Vestmannsvatn					1.000
Samtals	**28.313**	**10.200**	**11.500**	**20.200**	**20.800**
Austurland					
Sundabúðir 3, Vopnafirði	6.000	6.000	6.000	6.000	5.800
Bakkafjörður	700				
Egilsstaðir		1.300			
Lagarás 21 og 23, Egilsstöðum	700				
Egilsstaðir, þjónustukjarni	1.100	1.260			
Seyðisfjörður, hjúkrunardeild	9.000				
Breiðablik, Neskaupstað		1.700		1.200	
Hulduhlíð, Eskifirði	9.000	10.000	8.000		
Fáskrúðsfjörður, dvalarheimili			1.100		
Djúpivogur	1.000	2.500		3.000	3.800
Höfn, hjúkrunarheimili 1			8.000	12.000	12.000
Höfn, Hornafirði				1.000	
Skjólgarður, ný hjúkrunardeild	1.000				
Reyðarfjörður				1.400	
Borgarfjörður eystri, eldri borgarar					2.000
Breiðdalshreppur					1.700
Stöðvarfjörður					200
Samtals	**28.500**	**22.760**	**23.100**	**24.600**	**25.500**
Suðurland					
Kirkjubæjarklaustur, þjónustuhús		2.000		500	1.000
Kirkjubæjarklaustur, hjúkrun	9.000			1.000	4.000
Vestmannaeyjar	1.085	1.500	2.000	1.000	
Vestmannaeyjar	1.000	2.000	2.000	1.000	1.800
Vestmannaeyjar, sjúkrahús		500			
Sólvellir, Eyrarbakka			3.500	3.000	2.100
Blesastaðir	2.550				
Kirkjuhvoll, Hvolsvelli	7.000	8.000	9.000	7.000	5.200
Selfossbær, þjónustumiðstöð	1.500	5.000	3.000	3.000	5.400
Þorlákshöfn	3.000	3.500			
Samtals	**25.135**	**22.500**	**19.500**	**16.500**	**19.500**

Önnur framlög.

	1991	1992	1993	1994	1995
Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri		2.900.000	2.000.000		
Heilsustofnun NLFÍ		424.000	840.000		
Hrafnista, DAS		2.500.000			
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði		40.666.000			12.143.000
Sjúkrahús Keflavíkur		13.000.000			
Hjúkrunarheimili aldraðra, Sunnuhlíð, Kópavogi		6.000.000		2.500.000	
Öldrunarstöð Önundarfjarðar		1.000.000			
Ingibjörg Jóhannsdóttir		1.000.000			
Dvalarheimili aldraðra, Höfði			1.500.000		
Hjúkrunarheimilið Eir			73.600.000	108.240.000	173.400.000
Ríkisspítalar			10.000.000		40.000.000
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði			11.000.000	11.450.000	
Dvalarheimili aldraðra, Hulduhlíð			500.000	740.000	740.000
Dvalarheimili aldraðra, Hjallatún			2.200.000		
Dvalar- og hjúkrunarheimili, Fellsenda, Dölum				3.000.000	
St. Jósefsspítali, Landakoti				3.638.000	
Sjúkrahús Suðurnesja, Víðihlíð				25.000.000	
Hjúkrunarheimili aldraðra, Garðvangi, Garði				2.000.000	
Dvalar- og hjúkrunarheimilið Sundabúð, Vopnafirði				484.837	
Flutt til TR, sjúkratryggingadeildar					130.000.000
Heilsuverndarstöð Reykjavíkur					19.000.000
Heilsugæslustöðin Kópavogi					3.000.000
Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi					1.000.000
Dvalarheimili aldraðra heymarlausra					1.200.000
Aðildargjald vegna EES-samnings					392.049
Auglýsingar og auglýsingaþjónusta					23.605
Samtals	**0**	**67.490.000**	**101.640.000**	**157.052.837**	**226.283.000**

Rekstrarreikningur.

	1991	1992	1993	1994
Tekjur				
Framlög ríkissjóðs	377.219.015	412.583.018	415.677.222	445.523.055
Álögð gjöld, eftirstöðvar, breytingar	1.424.973	434.344	524.757	295.398
Tekjur alls	**375.795.042**	**412.148.674**	**415.152.465**	**445.227.657**
Gjöld				
Framlög til bygginga	277.673.000	286.502.000	242.011.930	233.472.000
Framlög til sjúkratrygginga	37.000.000	0	0	0
Önnur framlög	0	67.490.000	101.640.000	157.052.837
Stjórnunarkostnaður	6.110.070	6.089.732	7.130.773	6.075.813
Gjöld alls	**320.783.070**	**360.081.732**	**350.782.703**	**396.600.650**
Fjármagnstekjur og gjöld				
Vaxtatekjur af verðbréfum	956.854	618.941	815.232	299.028
Vaxtatekjur af sjóðseignum	2.441.453	1.199.169	1.394.736	1.343.449
Fjármagnstekjur alls	**3.398.307**	**1.818.110**	**2.209.968**	**1.642.477**
Tekjur umfram gjöld	**58.409.279**	**53.885.052**	**66.579.730**	**50.269.484**

589. Svar [294. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um kostnað við umönnun aldraðra.

1. *Hver er kostnaður á dag við heimahjúkrun aldraðra með tilliti til heildarkostnaðar sl. þriggja ára?*

Meðalkostnaður við heimahjúkrun samkvæmt upplýsingum frá heilsugæslustöðvum sem annast heimahjúkrun var á árinu 1994 1.200 kr. við hverja heimsókn. Innifalin í þeirri upphæð er sú þjónusta sem veitt er einstaklingnum, þ.e. almenn hjúkrun.

Innifalin upphæðinni eru hins vegar ekki:

1. **Útgjöld ríkisins:**
   Læknisþjónusta; þak lífeyrisþega í læknisþjónustu er 3.000 kr. á ári.
   Lyfjakostnaður; verulega niðurgreiddur fyrir ellilífeyrisþega.
   Tannlækningar; 50% niðurgreiðsla.
   Hjálpartæki; veittar voru 88 m.kr. í hjálpartæki fyrir ellilífeyrisþega árið 1991.
   Rannsóknar- og röntgenþjónusta; niðurgreidd.
2. **Útgjöld sveitarfélaga:**
   Heimilishjálp; tekjutengd.
   Heimsendur matur; niðurgreiddur.

2. *Hver er sambærilegur kostnaður á dag við umönnun aldraðra á dvalar- og hjúkrunarheimilum?*

Daggjaldastofnanir fá greitt fyrir hvern legudag samkvæmt daggjaldataxta daggjaldastofnana en stofnanir á föstum fjárlögum hafa til umráða framlög samkvæmt fjárlögum og er þar hægt að finna meðalkostnað á dag, ýmist miðað við rúmafjölda eða legudagafjölda.

	Krónur á dag
Daggjaldastofnanir:	
Dvalarheimili	2.639
Hjúkrunarheimili	4.274–6.119
Stofnanir á föstum fjárlögum:	
Hjúkrunarheimili	5.000–6.600
Sjúkrahús	7.000–10.000

Innifalið kostnaði er öll þjónusta sem talin er upp í 1. lið í svari við 1. spurningu.

— Þess ber að gæta í samanburði milli mismunandi úrræða að stofnkostnaður dvalar- og hjúkrunarheimila getur verið 5–8 m.kr.

— Um er að ræða *raunverulegan kostnað* í báðum tilvikum. Ef hins vegar er litið til hver *útgjöld ríkisins* eru í báðum liðum verður að taka tillit til þess að greiðsluþátttaka vistmanna og hjúkrunarsjúklinga á stofnunum er veruleg þar sem ellilífeyrir einstaklinganna rennur upp í kostnað. Einstaklingar í heimahúsum halda hins vegar sínum greiðslum óskertum frá lífeyristryggingum Tryggingastofnunar, þ.e. eins og lög

gera ráð fyrir. Útgjöld ríkisins lækka því sem nemur greiðsluþátttöku vistmanna þegar litið er á rekstrarkostnað dvalar- og hjúkrunarheimila.
— Í skýrslu um heimahjúkrun frá árinu 1995 er gerður samanburður milli heimahjúkrunar og stofnana og farið yfir ýmsa þætti sem geta haft áhrif á niðurstöður útreikninga.

590. Skýrsla [335. mál]

Íslandsdeildar Norður-Atlantshafsþingsins fyrir árið 1995.

1. Inngangur.

Á árinu 1995 var öflug starfsemi innan Norður-Atlantshafsþingsins og tekið var á erfiðum málum er snerta framtíð NATO og skipan evrópskra öryggismála. Veröldin hefur tekið miklum breytingum á undanförnum árum. Hrun járntjaldsins á sínum tíma var vissulega fagnaðarefni og hefur haft í för með sér jákvæðar breytingar í alþjóðamálum. Það er hins vegar ljóst að þó að öryggishagsmunir hafi breyst á undanförnum árum á Evrópa nú við gífurleg öryggisvandamál að glíma.

Atlantshafsbandalagið hefur á undanförnum árum verið að laga sig að þeim nýju aðstæðum sem skapast hafa. Það hefur enn mikilvægu hlutverki að gegna í öryggismálum Evrópu. Af þeim stofnunum, sem starfandi eru á sviði öryggismála í Evrópu, nýtur NATO ótvírætt mestrar virðingar, ekki síst meðal ríkja Mið- og Austur-Evrópu. Með Norður-Atlantshafssamvinnuráðinu, sem stofnað var árið 1991, tók NATO mikilvægt skref í þá átt að bjóða ríki í Mið- og Austur-Evrópu velkomin í samfélag vestrænna ríkja. Þetta skref hafði mikla þýðingu fyrir samstarf við þessi ríki á sviði varnar- og öryggismála og hefur haft áhrif til aukins stöðugleika á svæðinu. Þetta samstarf var síðan enn aukið með áætlun NATO um Samstarf í þágu friðar. Þar sem NATO hefur mátt sem aðrar alþjóðastofnanir í Evrópu skortir má búast við að það taki enn frekar þátt í aðgerðum til að koma á friði í löndum utan bandalagsins, sbr. nýfengið hlutverk þess í Bosníu-Hersegovínu.

Atlantshafsbandalagið hefur mætt áskorunum sem það hefur staðið frammi fyrir á undanförnum árum með framsýni. Hefði NATO verið lagt niður við endalok kalda stríðsins hefði skapast tómarúm í öryggismálum í Evrópu sem leitt hefði til frekari óstöðugleika í álfunni. Evrópa þarf jafnmikið á samvinnu við Bandaríkin á sviði varnar- og öryggismála að halda núna og við stofnun NATO fyrir 47 árum.

Vissulega er stefna bandalagsins gagnvart nýjum aðstæðum enn til umræðu á vissum sviðum. Spurningar t.d. um hvenær skuli stækka bandalagið og hvaða ríki eigi að hljóta aðild, um hlutverk Rússa í öryggiskerfi Evrópu og um hugsanlegar aðgerðir utan NATO-svæðisins eru enn til umræðu. Það þýðir þó ekki að mikilvægi NATO hafi minnkað heldur að það sé lifandi bandalag sem tekst á við breytt umhverfi af sveigjanleika og hugmyndaauðgi.

Norður-Atlantshafsþingið var á árinu 1995 að fást við þær mikilvægu spurningar sem bandalagið stendur nú frammi fyrir og mun sú umræða vafalaust halda áfram á árinu 1996. Íslandsdeild Norður-Atlantshafsþingsins hefur í málflutningi sínum lagt ríka áherslu á mikilvægi Norður-Atlantshafstengslanna í evrópskum öryggismálum. Hún hefur ítrekað minnt á hvernig trúverðugleiki NATO hvílir einmitt á samstarfi Evrópu og Norður-Ameríku og að ekki megi missa sjónar á því á þessum umbreytingartímum þegar m.a. er mikið rætt um aukið sjálfstæði Evrópu í öryggis- og varnarmálum.

2. Almennt um Norður-Atlantshafsþingið.

Norður-Atlantshafsþingið er þingmannasamtök sem hafa allt frá árinu 1955 verið vettvangur þingmanna frá aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins þar sem þeir koma saman til að ræða sameiginleg áhuga- og áhyggjumál. Undanfarið hefur þingið þó bæði fjölgað í hópi sínum og víkkað út starfssvið sitt í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa í fyrrum Sovétríkjunum og í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu.

Fimmtán nýjum lýðræðisríkjum úr hópi fyrrum kommúnistaríkja hefur verið veitt aukaaðild að þinginu sem þýðir að þau geta nú tekið þátt í störfum og umræðum á þinginu sem beinast í auknum mæli að öryggismálum Evrópu í heild og að efnahagslegum og pólitískum vandamálum ásamt menningar- og umhverfismálum sem tengjast ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Með Rose-Roth áætluninni veitir þingið nú einnig virkan stuðning við þróun þingbundins lýðræðis í þessum ríkjum (sjá bls. 3).

3. Hlutverk og starfssvið þingsins.

Í Atlantshafssáttmálanum 1949 var ekki gert ráð fyrir þinglegri ráðgjafarsamkundu, en með tímanum jókst skilningur manna á því að nauðsyn væri á einhvers konar skipulegu samstarfi þjóðþinga í tengslum við og til stuðnings NATO. Þingið hefur því enga formlega stöðu innan bandalagsins en smám saman hefur komist á náin og virk samvinna á milli stofnananna.

Meginhlutverk þingsins er að upplýsa og efla samstöðu þjóðþinga á milli. Þingið gerir þingmönnum aðildarríkja bandalagsins og nú löggjöfum ríkja Mið- og Austur-Evrópu kleift að koma á framfæri áhuga- og áhyggjuefnum ríkja sinna og skiptast á upplýsingum um þau mismunandi viðhorf sem uppi eru í hinum ýmsu löndum og svæðum til mikilvægra sameiginlegra hagsmunamála. Fulltrúar á þingið eru kjörnir af þjóðþingum sínum samkvæmt aðferðum sem þjóðirnar ákveða. Á þinginu endurspeglast því afar breitt svið pólitískra skoðana.

Þingið kemur saman tvisvar á ári til allsherjarfundar, vorfundar sem stendur í þrjá daga og ársfundar er stendur í fimm daga. Fundir eru haldnir í aðildarríkjunum til skiptis í boði þjóðþinganna.

Starfsemi þingsins fer fram í fimm nefndum, stjórnmálanefnd, varnar- og öryggismálanefnd, efnahagsnefnd, vísinda- og tækninefnd og félagsmálanefnd. Þessar nefndir eru bæði vinnuhópar og meginvettvangur umræðna. Þær rannsaka og fjalla um samtímamál er koma upp á starfssviði þeirra. Óski nefnd þess að gera ítarlega rannsókn á tilteknu máli kýs hún undirnefnd til að afla um það upplýsinga.

Nefndarálit eru oftast sett fram í formi tillagna eða ályktana sem nefndin samþykkir og þingið greiðir síðan atkvæði um á allsherjarfundi. Tillögum er beint til Norður-Atlantshafsráðsins og í þeim er hvatt til tiltekinna aðgerða en ályktunum þingsins er beint til ríkisstjórna aðildarríkja. Á hverju ári tekur þingið til umræðu á allsherjarfundi sínum afmarkað efni sem er ofarlega á baugi.

Eitt af því sem gerir starfsemi þingsins einstæða er sambandið milli löggjafarþinga beggja vegna Atlantshafsins, hin svonefndu Atlantshafstengsl. Norður-Atlantshafsþingið hefur sérstaklega gert sér far um að styrkja tengslin við þingnefndir Bandaríkjaþings.

Þótt þingið sé óháð NATO hafa samskipti þingsins við bandalagið, sem fyrr segir, smám saman tekið á sig fastara form og meðal formlegra samskipta má nefna: Formlegt svar við tillögum þingsins af hálfu framkvæmdastjóra bandalagsins fyrir hönd Atlantshafsráðsins; ávarp framkvæmdastjóra NATO á haustfundum þingsins; aukafundi nefnda

í Brussel í febrúarmánuði ár hvert til að greiða fyrir samskiptum við starfsmenn og embættismenn NATO og SHAPE (Supreme Headquarters Allied Powers in Europe — æðstu bækistöðvar bandamanna í Evrópu); og loks fundi milli forustumanna í þinginu og fulltrúa Atlantshafsráðsins til gagnkvæmra skoðanaskipta.

Til marks um aukin umsvif þingsins má benda á að það hefur á undanförnum árum aðstoðað við myndun ÖSE-þingsins. Þingið hefur átt þátt í undirbúningi fyrstu funda hinnar nýju stofnunar og látið henni ýmsa þjónustu í té.

4. Þróun samskipta við Mið- og Austur-Evrópu.

Eins og NATO sjálft hefur þingið orðið að endurskoða hlutverk sitt í ljósi örra breytinga á alþjóðavettvangi. Þótt enginn vafi leiki á þörf fyrir bandalagið og hið einstæða samband sem það felur í sér milli þjóða beggja vegna Atlantshafs er breytinga og aðlögunar þörf í ljósi þess að ekki er lengur til staðar sú skýra og yfirvofandi ógnun sem bandalagið var stofnað til þess að verjast. Umfram allt kallar þetta á þróun fyrirkomulags í öryggismálum sem byggist á samvinnu og umræðum fremur en árekstrum. Atlantshafsþingið hefur tekið forustuna á löggjafarsviðinu í þeirri viðleitni að leggja grunn að slíkum samskiptum á sviði öryggismála við nýfrjálsar þjóðir Mið- og Austur-Evrópu.

Þingið hóf tilraunir til að koma á samskiptum við þjóðir Mið- og Austur-Evrópu árið 1987. Það var þó ekki fyrr en í nóvember 1990, á ársfundinum í Lundúnum, að samskiptum þessum var komið í fastara form er þjóðþing Búlgaríu, Tékkóslóvakíu (nú Tékkland og Slóvakía), Ungverjalands, Póllands og fyrrum Sovétríkjanna (nú Rússland) fengu aukaaðild að Norður-Atlantshafsþinginu. Síðan þá hafa þjóðþing Albaníu, Hvíta-Rússlands, Eistlands, Lettlands, Litáens, Moldavíu, Rúmeníu, Slóveníu og Úkraínu fengið aukaaðild að þinginu. Mikilvægi aukaaðildarinnar felst í því að hún veitir löggjöfum hinna nýju lýðræðisríkja tækifæri til að taka virkan þátt í störfum þingsins (vor- og haustfundum, nefndarfundum o.fl.).

Þingið hefur einnig átt frumkvæði að öðrum áætlunum að því er varðar Mið- og Austur-Evrópu. Í samræmi við áætlun, sem sett var fram árið 1991 af tveimur bandarískum þingmönnum, Charlie Rose, fyrrum forseta Norður-Atlantshafsþingsins, og Bill Roth, og naut stuðnings beggja þingflokka Bandaríkjaþings, beinir Norður-Atlantshafsþingið nú kröftum sínum í ríkum mæli að því að efla þróun þingræðis í Mið- og Austur-Evrópu.

Meginþátturinn í Rose-Roth áætluninni er röð námsstefna og ráðstefna þar sem fjallað er um sérstök vandamál Mið- og Austur-Evrópulanda þar sem reynsla og þekking þingfulltrúa kemur að gagni og þingið getur lagt verulega af mörkum vegna sérstöðu sinnar sem fjölhliða umræðuvettvangur. Margar þessara námsstefna fjalla beint eða óbeint um samskipti hers og borgaralegra stjórnvalda, einkum um lýðræðisleg yfirráð yfir herafla. Þeim er ætlað að miðla upplýsingum og sérþekkingu sem nauðsynleg er til þess að tryggja virka þátttöku þjóðþinga í gerð varnaráætlana og ákvörðun fjárveitinga til varnarmála og herafla. Frá upphafi áætlunarinnar og fram til ársloka 1995 höfðu verið haldnar 26 námsstefnur.

Norður-Atlantshafsþingið býður einnig starfsmönnum frá löndum Mið- og Austur-Evrópu til stuttra rannsóknardvala (í þrjá til sex mánuði) á alþjóðaskrifstofunni. Einnig hefur verið komið á laggirnar þjálfunaráætlun til þess að starfslið þjóðþinga Mið- og Austur-Evrópulanda geti öðlast beina reynslu af starfsemi alþjóðlegra stofnana.

Af margvíslegri starfsemi Norður-Atlantshafsþingsins sem að framan er lýst má vera ljóst að þingið hefur bætt nýrri vídd sem beinist að Evrópu allri við hið hefðbundna hlutverk sitt að hlúa að Atlantshafstengslunum. Þetta framtak sýnir einnig að þingfulltrúar

hafa gert sér ljósa þá staðreynd að framvinda efnahagslegra og pólitískra breytinga í austri krefst vestræns stuðnings á öllum sviðum, ekki síst stuðnings þjóðþinga. Tilvist virkrar löggjafarsamkundu sem hefur eftirlit og umsjón með framkvæmdarvaldinu er ómissandi liður í öllu lýðræðislegu stjórnarfari. Löggjafarsamkundur í löndum Austur-Evrópu hafa mikilvægu hlutverki að gegna í því að tryggja varanlegan árangur af pólitískum og efnahagslegum umbótum sem nú eiga sér stað og tryggja að sá árangur feli í sér tilurð raunverulegra lýðræðisþjóðfélaga.

5. Fulltrúar á Norður-Atlantshafsþinginu og embættismenn þess.

Á Norður-Atlantshafsþinginu eiga sæti 188 þingmenn. Fjöldi fulltrúa frá hverju landi ræðst að mestu af fólksfjölda. Stærsta sendinefndin er sú bandaríska með 36 þingmenn frá öldungadeild og fulltrúadeild bandaríska þingsins. Í sendinefndum Frakklands, Þýskalands, Ítalíu og Bretlands eru 18 þingmenn í hverri. Kanada, Spánn og Tyrkland senda 12 fulltrúa hvert land. Frá Belgíu, Grikklandi, Hollandi og Portúgal koma sjö frá hverju landi. Danmörk og Noregur senda fimm fulltrúa hvort land og frá Íslandi og Lúxemborg koma þrír frá hvoru landi. Auk fulltrúanna má hvert þjóðþing tilnefna jafnmarga varamenn sem mega taka þátt í öllum störfum þingsins en hafa ekki atkvæðisrétt. Ráðherrar í ríkisstjórnum mega ekki vera fulltrúar á Norður-Atlantshafsþinginu. Aukaaðilar taka þátt í nefndarfundum og allsherjarfundum en hafa ekki atkvæðisrétt.

Embættismenn þingsins eru sex og eru fimm þeirra kjörnir ár hvert af fulltrúum á allsherjarfundi (forseti, þrír varaforsetar, gjaldkeri). Sjötti embættismaðurinn (framkvæmdastjórinn) er kjörinn annað hvert ár af stjórnarnefndinni. Atlantshafsþinginu er stjórnað af stjórnarnefnd en í henni eiga sæti formenn allra sendinefndanna.

Alþjóðaskrifstofa Norður-Atlantshafsþingsins, undir stjórn framkvæmdastjórans, gegnir tvíþættu hlutverki. Annars vegar sér hún um mikið af þeim rannsóknum og úttektum sem eru nauðsynleg undirstaða hinna miklu starfa sem unnin eru í nefndunum og hins vegar vinnur hún stjórnunar- og skipulagsstörf sem nauðsynleg eru fyrir þingfundi, nefndarfundi og aðra skylda starfsemi Atlantshafsþingsins.

6. Fjármögnun.

Starfsemi þingsins er fjármögnuð með framlögum þjóðþinga eða ríkisstjórna aðildarríkja. Framlög eru reiknuð á grundvelli þeirra viðmiða sem notuð eru við gerð fjárhagsáætlunar NATO um kostnað annan en herkostnað. Til þess að standa straum af hluta kostnaðar við árlegt þinghald greiðir NATO einnig árlegt framlag til þingsins.

Gjaldkeri ber ábyrgð á fjármálastjórn þingsins. Hann leggur ársreikninga og fjárhagsáætlun fyrir stjórnarnefndina og allsherjarfundi þingsins. Hann nýtur aðstoðar endurskoðanda sem tilnefndur er af stjórnarnefndinni.

7. Fulltrúar Alþingis á Norður-Atlantshafsþinginu.

Fulltrúar Alþingis á fundum Norður-Atlantshafsþingsins hafa frá upphafi verið tilnefndir af þeim þingflokkum sem stóðu að samþykkt Alþingis um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu, þ.e. Alþýðuflokki, Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki. Eru tilnefndir í Íslandsdeildina þrír aðalmenn og þrír menn til vara. Í samræmi við starfsreglur Norður-Atlantshafsþingsins og ákvörðun þingflokka voru fulltrúar Alþingis sem hér segir árið 1995:

Fyrir þingkosningar í apríl 1995:
Aðalmenn: Sólveig Pétursdóttir, Sjálfstæðisflokki, formaður Íslandsdeildarinnar, Jón Kristjánsson, Framsóknarflokki, varaformaður Íslandsdeildarinnar, og Petrína Baldursdóttir, Alþýðuflokki.
Varamenn: Ingi Björn Albertsson og Árni R. Árnason, Sjálfstæðisflokki, og Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Framsóknarflokki.
Eftir þingkosningar í apríl 1995:
Aðalmenn: Sólveig Pétursdóttir, Sjálfstæðisflokki, formaður Íslandsdeildarinnar, Jón Kristjánsson, Framsóknarflokki, varaformaður Íslandsdeildarinnar, og Jón Baldvin Hannibalsson, Alþýðuflokki.
Varamenn: Árni R. Árnason og Einar Oddur Kristjánsson, Sjálfstæðisflokki, og Gunnlaugur M. Sigmundsson, Framsóknarflokki.
Ritari deildarinnar er Gústaf Adolf Skúlason alþjóðaritari.
Samkvæmt samþykktum þingsins geta fulltrúar aðildarríkja tekið þátt í öllum nefndum þingsins. Vegna smæðar hefur Ísland þó aðeins atkvæðisrétt í þremur nefndum auk stjórnarnefndar.
Sólveig Pétursdóttir á sæti í stjórnarnefnd þingsins en varamaður hennar í nefndinni er Jón Kristjánsson. Annars er skipting Íslandsdeildarinnar í nefndir þannig:

Fyrir þingkosningar í apríl 1995:	
Stjórnmálanefnd:	Sólveig Pétursdóttir.
Varnar- og öryggismálanefnd:	Ingi Björn Albertsson.
	Árni R. Árnason.
Félagsmálanefnd:	Petrína Baldursdóttir.
Efnahagsnefnd:	Jón Kristjánsson.
Vísinda- og tækninefnd:	Enginn.
Eftir þingkosningar í apríl 1995:	
Stjórnmálanefnd:	Sólveig Pétursdóttir.
Varnar- og öryggismálanefnd:	Jón Kristjánsson.
	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Félagsmálanefnd:	Einar Oddur Kristjánsson.
Efnahagsnefnd:	Árni R. Árnason.
Vísinda- og tækninefnd:	Jón Baldvin Hannibalsson.

Sólveig Pétursdóttir var á ársfundi þingsins kjörinn varaformaður undirnefndar stjórnmálanefndar um evrópskar stofnanir og stofnanir sem lönd beggja vegna Atlantshafsins eiga aðild að en hún gegndi áður varaformennsku í vinnuhóp um sama málefni sem stjórnmálanefnd breytti í undirnefnd. Jón Kristjánsson á sæti í vinnuhóp varnar- og öryggismálanefndar um öryggismál á norðurslóðum, Jón Baldvin Hannibalsson á sæti í sérstakri nefnd forseta Norður-Atlantshafsþingsins um málefni Bosníu-Hersegóvínu og Árni R. Árnason á sæti í undirnefnd efnahagsnefndar um efnahagssamstarf og samhæfingu austurs og vesturs.

8. Fundir sem Íslandsdeildin tók þátt í á árinu.

Norður-Atlantshafsþingið heldur tvo allsherjarfundi árlega, svokallaðan vorfund og ársfund að hausti. Auk þess er haldinn einn sérfundur stjórnarnefndar. Á svokölluðum febrúarfundum fundar stjórnarnefndin með framkvæmdastjóra NATO og Atlantshafsráðinu, auk þess sem stjórnmála- og varnar- og öryggismálanefndirnar halda sameiginlegan fund. Þá eru reglulega haldnar námsstefnur og fundir í nefndum og undirnefndum þingsins á milli þinga. Jafnframt er árlega farið í kynnisferð til eins aðildarríkis NATO til að skoða ýmis hernaðarmannvirki og búnað. Þá voru haldnar þrjár Rose-Roth námsstefnur á árinu. Íslandsdeildin tók þátt í febrúarfundunum, sérfundi stjórnarnefndar og vor- og haustfundum þingsins á árinu 1995, auk þess sem ein Rose-Roth námsstefna var sótt.

a. Febrúarfundir.

Jón Kristjánsson sat þessa fundi fyrir hönd Íslandsdeildarinnar, auk ritara deildarinnar. Um var að ræða fund stjórnarnefndar þingsins með Atlantshafsráðinu og framkvæmdastjóra NATO og sameiginlegan fund stjórnmálanefndar þingsins og varnar- og öryggismálanefndar þess. Á þessum fundum voru rædd pólitísk og hernaðarleg málefni sem brenna heitast á NATO, svo sem hlutverk NATO, stækkun bandalagsins og hlutverk Vestur-Evrópusambandsins (VES). Mikilvægi febrúarfundanna hefur aukist verulega því að þeir eru orðnir einu fundirnir þar sem þingmenn frá aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins geta rætt málefnin sín á milli án þátttöku aukaaðila.

b. Fundur stjórnarnefndar.

Fundur stjórnarnefndar þingsins var haldinn dagana 8.–10. apríl í Marmaris í Tyrklandi. Fyrir hönd Íslandsdeildarinnar sótti ritari fundinn sem haldinn var á sama tíma og kosið var til Alþingis. Aðalumræðuefni fundarins voru stækkun NATO og efling vægis Norður-Atlantshafsþingsins. Þá var tekin fyrir umsókn Egyptalands um áheyrnaraðild að þinginu og ákveðið að fjalla um hana á vorfundinum í maí. Hvað varðar hugsanlegar aukaaðildarumsóknir Miðjarðarhafsríkja var jafnframt ákveðið að einungis yrðu teknar til umfjöllunar umsóknir frá ríkjum sem strönd eiga að Miðjarðarhafi og að lögð yrði áhersla á lýðræði og virðingu fyrir mannréttindum. Loks var ákveðið að taka fyrirkomulag allsherjarumræðunnar til endurskoðunar á vorfundinum í maí.

c. Vorfundur.

Dagana 26.–29. maí var haldinn vorfundur Norður-Atlantshafsþingsins í Búdapest. Fundinn sótti af hálfu Íslandsdeildarinnar Jón Kristjánsson, auk ritara deildarinnar, en ekki hafði verið gengið frá skipan hennar að loknum þingkosningum.

Stjórnarnefndin samþykkti beiðni um áheyrnaraðild að þinginu frá egypska þinginu annars vegar og hins vegar austurríska þinginu. Í framhaldi af umræðum um hugsanleg formleg tengsl Norður-Atlantshafsþingsins við NATO var ákveðið að framkvæmdastjórn þingsins legði fram tillögur um það mál á haustfundinum. Í framhaldi af umræðum um skipulag allsherjarumræðu þingfunda á síðasta fundi stjórnarnefndar var ákveðið að gera tilraun með nýtt skipulag á haustfundinum. Engin almenn umræða mundi eiga sér stað en í staðinn yrði aukin áhersla lögð á ályktun fundarins og umræður um breytingartillögur. Þingmenn geta samkvæmt þessu mælt í stuttu máli með eða á móti ákveðinni breytingartillögu en það verður á valdi forseta þingsins að ákveða hverjir fá orðið hverju

sinni. Rætt var um nauðsyn þess að umræða ætti sér stað í þjóðþingum aðildarríkja NATO um framtíð og stækkun bandalagsins.

Haldnir voru fundir í öllum fimm nefndum þingsins. Nefndarstarfið á vorfundinum fólst að venju að mestu leyti í undirbúningsstarfi fyrir aðalfund Norður-Atlantshafsþingsins sem haldinn var í október. Drög að skýrslum um margvísleg málefni voru lögð fram í nefndunum og rædd. Fundarmönnum gafst tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum við drögin áður en skýrsluhöfundar fullvinna skýrslurnar fyrir haustfundinn. Nefndirnar fengu jafnframt til sín gesti til að ræða tiltekin málefni.

Sameiginlegur þingfundur var haldinn á síðasta degi fundarins. Í upphafi fundarins fór fram umræða um málefni Bosníu þar sem valdir fulltrúar fengu að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Lögð var fram ályktun þar sem aðgerðir Bosníu-Serba gagnvart friðargæsluliðum eru fordæmdar, farið er fram á að árásum linni og lýst er yfir stuðningi við tilraunir samstarfshóps fimmveldanna til að ná fram samningum um lausn deilunnar við stríðsaðila í fyrrum Júgóslavíu. Að Bosníuumræðunni lokinni fluttu ávörp Zoltan Gál, forseti ungverska þingsins, Karsten Voigt, forseti Norður-Atlantshafsþingsins, Gyula Horn, forsætisráðherra Ungverjalands, Sergio Balanzino, aðstoðarframkvæmdastjóri NATO, Volker Rühe, varnarmálaráðherra Þýskalands, og Richard Holbrooke, aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, sem ber ábyrgð á málefnum Evrópu og Kanada. Svöruðu þeir fyrirspurnum að ávörpum sínum loknum.

d. Ársfundur.

Dagana 5.–9. október var haldinn haustfundur Norður-Atlantshafsþingsins í Torino á Ítalíu. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Sólveig Pétursdóttir, formaður Íslandsdeildarinnar, Jón Kristjánsson, Árni R. Árnason og Gunnlaugur M. Sigmundsson, auk ritara Íslandsdeildarinnar.

Á fundi stjórnarnefndar var samþykkt að veita Makedóníu aukaaðild að þinginu er taka skyldi gildi við fyrsta tækifæri og eigi síðar en að ári liðnu. Töf þessa má rekja til upphaflegrar andstöðu gríska fulltrúans en að hans sögn gæti skjót afgreiðsla truflað yfirstandandi samningaviðræður milli Grikklands og Makedóníu um samskipti ríkjanna. Því var aukaaðild samþykkt með fyrrnefndri töf en gríski fulltrúinn sat hjá við atkvæðagreiðsluna. Í umræðum um hugsanlega formbindingu tengsla þingsins við NATO var ákveðið að setja málið í nefnd og ræða það frekar á fundi stjórnarnefndar í mars 1996. Í ljósi kvartana sem borist hafa um ólýðræðislegar kosningar í Hvíta-Rússlandi var ákveðið að skrifa þingi ríkisins bréf þar sem skýrt væri frá áhyggjum Norður-Atlantshafsþingsins en fresta til næsta vorfundar ákvörðun um hvort sagt yrði upp aukaaðild Hvíta-Rússlands að Norður-Atlantshafsþinginu. Þá var umsókn Georgíu um aukaaðild að þinginu hafnað. Georgía hefur haft óreglulega (þ.e. ekki fasta) áheyrnaraðild að þinginu en í ljósi óstöðugleika á svæðinu og líkum á að önnur Kákasusríki mundu fylgja í kjölfarið með umsóknir um aukaaðild var umsóknninni hafnað en Georgíu verður áfram boðið að senda áheyrnarfulltrúa á einstaka fundi Norður-Atlantshafsþingsins.

Haldnir voru fundir í öllum fimm fastanefndum þingsins, skýrslur ræddar og afgreiddar í fastanefndum (sjá fylgiskjal). Ályktanir sem samþykktar voru í nefndum voru sendar til sameiginlega þingfundarins til endanlegrar afgreiðslu. Margir góðir gestir mættu á nefndafundi til að ræða ýmis dagskráratriði þeirra.

Á haustfundi þingsins árið 1994 var Sólveig Pétursdóttir kjörin varaformaður nýs vinnuhóps stjórnmálanefndar um evrópskar stofnanir og stofnanir sem lönd beggja vegna Atlantshafsins eiga aðild að. Vinnuhóp þessum var nú breytt í undirnefnd og var Sól-

veig Pétursdóttir kjörin til að gegna varaformennsku í henni. Í varnar- og öryggismálanefnd var ákveðið að endurvekja vinnuhóp um öryggismál á norðurslóðum og á Jón Kristjánsson sæti í honum.

Sameiginlegur þingfundur var haldinn á síðasta degi fundarins. Auk Karstens Voigts, forseta Norður-Atlantshafsþingsins, fluttu þar erindi Sir Dudley Smith, forseti þings Vestur-Evrópusambandsins (VES), Frank Swaelen, forseti þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE), Arie Oostlander, varaformaður undirnefndar Evrópuþingsins um öryggis- og afvopnunarmál, Susanna Agnelli, utanríkisráðherra Ítalíu, Domenico Corcione, varnarmálaráðherra Ítalíu, Willy Claes, framkvæmdastjóri NATO, og Robert Hunter, fastafulltrúi Bandaríkjanna hjá NATO.

Eftirfarandi ályktanir fastanefnda þingsins voru lagðar fram og samþykktar: um kröfur til mannréttindamála í aðildarríkjum NATO, um svæðisbundnar aðgerðir til eflingar öryggis, um upprætingu jarðsprengjusvæða, um framlag NATO í öryggismálum við Miðjarðarhaf, um lýðræði í aðildarríkjum NATO og um eflingu alþjóðlegs samstarfs gegn útbreiðslu kjarnorkuvopna.

Loks var rædd og samþykkt lokaályktun fundarins í sex greinum þar sem m.a. er lögð áhersla á nauðsyn áframhaldandi virkrar þátttöku Bandaríkjanna í öryggismálum Evrópu og skorað á ríkisstjórnir aðildarríkjanna að hefjast handa við stækkun NATO.

e. Rose-Roth námsstefna.

Jón Baldvin Hannibalsson sótti Rose-Roth námsstefnu um öryggismál við Eystrasalt sem haldin var í Vilnius dagana 25.–28. október.

Alþingi, 21. febr. 1996.

Sólveig Pétursdóttir, form.	Jón Kristjánsson, varaform.	Jón Baldvin Hannibalsson.

Fylgiskjal I.

<table>
<tr><td colspan="3">NORÐUR-ATLANTSHAFSÞINGIÐ
Kemur saman á allsherjarfundi tvisvar á ári, á vorfund og ársfund</td></tr>
<tr><td colspan="2">Sendinefndir aðildarríkja

16 aðildarríki Atlantshafsbandalagsins
188 þingmenn

Fjöldi þingsæta er í hlutfalli við fólksfjölda</td><td>Aukaaðilar

Frá Albaníu, Búlgaríu, Eistlandi, Hvíta-Rússlandi, Lettlandi,
Litáen, Moldavíu, Póllandi, Rúmeníu, Rússlandi, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklandi, Ungverjalandi og Úkraínu

Hafa ekki atkvæðisrétt</td></tr>
<tr><td>Framkvæmdastjórn

Kosin árlega

Forseti, þrír varaforsetar, gjaldkeri, framkvæmdastjóri</td><td>Stjórnarnefnd

Formenn sendinefnda
Formenn nefnda

Hvert land hefur eitt atkvæði

Kemur saman þrisvar á ári</td><td></td></tr>
<tr><td>Nefndarfundir

Fimm nefndir:
Félagsmálanefnd
Varnar- og öryggismálanefnd
Efnahagsnefnd
Stjórnmálanefnd
Vísinda- og tækninefnd

Taka saman, ræða og greiða atkvæði um skýrslur og ályktanir

Mynda undirnefndir til að rannsaka afmörkuð mál og afla upplýsinga</td><td>Allsherjarfundir

Greiða atkvæði um tillögur nefndanna fimm og fjárhagsáætlun

Ræða afmörkuð málefni sem ofarlega eru á baugi

Hlýða á ávörp gesta

Þátttaka auka- og áheyrnaraðila</td><td>Önnur starfsemi

Árleg kynnisferð til að skoða hernaðarmannvirki og búnað

Námsstefnur og hringborðsumræður innan Rose-Roth áætlunarinnar</td></tr>
</table>

Fylgiskjal II.

UNDIRNEFNDIR — VINNUHÓPAR

Stjórnmálanefnd.
(42 fulltrúar.*)

Undirnefnd um stækkun NATO og nýju lýðræðisríkin.
Undirnefnd um evrópskar stofnanir og stofnanir sem lönd beggja vegna Atlantshafs eiga aðild að.
Vinnuhópur um Suðursvæðið.

Varnar- og öryggismálanefnd.
(42 fulltrúar.*)

Undirnefnd um varnar- og öryggissamstarf Evrópu og Norður-Ameríku.
Undirnefnd um framtíð herafla.
Vinnuhópur um öryggismál á norðurslóðum.

Efnahagsnefnd.
(35 fulltrúar.*)

Undirnefnd um efnahagssamstarf og samhæfingu austurs og vesturs.

Félagsmálanefnd.
(31 fulltrúi.*)

Undirnefnd um samvinnu og öryggi almennra borgara.
Undirnefnd um Miðjarðarhafssvæðið.

Vísinda- og tækninefnd.
(31 fulltrúi.*)

Undirnefnd um útbreiðslu hernaðartækni.

---

* Fulltrúum fjölgar um einn eða tvo eftir því sem Íslendingar og Lúxemborgarar, með þrjá fulltrúa hvor þjóð, skipa fulltrúum sínum í einhverjar þrjár af þessum fimm nefndum.

Fylgiskjal III.

Skýrslur Norður-Atlantshafsþingsins 1995.

Stjórnmálanefnd:

General Report. *Towards a Security Strategy for Europe and NATO.*

Special Report on NATO Enlargement. *Blessings of Liberty: A Wider NATO and Soon.*

Interim Report of the Sub-Committee on Eastern Europe and the former Soviet Union. *Projecting Stability in an Undivided Europe: Partnership for Peace and a Pact on Stability in Europe.*

Interim Report of the Working Group on Transatlantic and European Organizations. *Collective Security Revisited.*

Special Report of the Working Group on Transatlantic and European Organizations. *Civi lian Control of the Armed Forces of the Republic of Poland.*

Special Report of the Working Group on Transatlantic and European Organizations. *Understanding and Ensuring Mutual Security: A Challenging Task for us all — An In-Between Perspective.*

Special Report of the Working Group on Transatlantic and European Organizations. *Transatlantic Security: Beyond NATO.*

Varnar- og öryggismálanefnd:

General Report. *Structure and Functions; European Security and Defence Identity (ESDI) and Combined Joint Task Forces (CJTF).*

Special Report. *The NAA Enlargement Process: Maintaining the Momentum.*

Interim Report of the Sub-Committee on the Future of the Armed Forces. *The Landmine Crisis: A Growing Epidemic.*

Efnahagsnefnd:

General Report. *Causes and Effects of Global Currency Fluctuations.*

Special Report. *The Czech Republic: A Case Model.*

Interim Report of the Sub-Committee on East-West Economic Cooperation and Convergence. *The Reality of EU Enlargement: Larger and Shallower?*

Félagsmálanefnd:

General Report. *Democracy in the Alliance Countries: A Diagnostic.*

Report of the Sub-Committee on the Mediterranean Basin. *Frameworks for Cooperation in the Mediterranean.*

Interim Report of the Sub-Committee on the OSCE. *The Security Implications of the Opening of Borders in Europe.*

Vísinda- og tækninefnd:

Interim Report of the Sub-Committee on the Proliferation of Military Technology.

Special Report. *Ozone Depletion.*

Special Report. *Land Mines and Mine Clearance Technologies.*

Information Document. *"Inhumane Weapons" Convention.*

Information Document. *Nuclear Proliferation.*
Special Report. *Science, Technology and Partnership for Peace.*

Fylgiskjal IV.

Ályktanir Norður-Atlantshafsþingsins 1995.

Resolution 256 on the Bosnian Crisis.
Resolution 262 on the Contribution of the Alliance to Mediterranean Security.
Resolution 263 on Democracy in the Alliance Member Countries.
Resolution 278 on Landmine Eradication Measures.
Resolution 260 on Upholding Human Rights Standards in NATO.
Resolution 261 on Building Regional Security.
Resolution 262 on Strengthening the Nuclear Non-Proliferation Regime.
Resolution 321 on the Euro-Atlantic Security Relationship: Reform and Renewal.

591. Skýrsla [336. mál]

Íslandsdeildar þingmannanefndar Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, fyrir árið 1995.

I. Almennt starf.

Þingmannanefnd EFTA var stofnuð árið 1977 og hafði það hlutverk að vera ráðgefandi fyrir EFTA. Umsvif og starfsemi nefndarinnar fóru vaxandi þegar samningar hófust um Evrópska efnahagssvæðið (EES) árið 1989. Mikilvægi nefndarinnar jókst enn þegar EES-samningurinn tók gildi 1. janúar 1994, en fulltrúar úr henni skipa EFTA-hluta hinnar sameiginlegu þingmannanefndar EES.

Þingmannanefnd EFTA heldur fundi nokkrum sinnum á ári. Á milli funda hittist framkvæmdastjórn (áður dagskrárnefnd) þingmannanefndarinnar en hún gerir tillögur að dagskrá og verkefnum þingmannanefndarinnar, auk þess sem hún fjallar um aðkallandi mál. Í framkvæmdastjórn sitja tveir fulltrúar frá hverju EFTA-landi. Í Íslandsdeildinni hefur auk formanns einn fulltrúi stjórnarandstöðu sótt fundi framkvæmdastjórnarinnar.

Þingmannanefnd EFTA hefur einnig samstarf við ríki Mið- og Austur-Evrópu og hefur það aukist á undanförnum árum vegna aukinna viðskiptatengsla og samninga við þessi ríki. Þá hefur þingmannanefnd EFTA á undanförnum árum haft samskipti við Evrópuþingið og eru þau nú orðin formleg eftir gildistöku EES-samningsins og stofnun þingmannanefndar EES. Þingmannanefnd EFTA hafði í samvinnu við Evrópuþingið frumkvæði að því að í samningnum um EES var gert ráð fyrir 66 manna sameiginlegri þingmannanefnd (95. gr. samningsins). Eftir inngöngu Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar í ESB í ársbyrjun 1995 var hins vegar gert samkomulag um að sameiginleg þingmannanefnd EES samanstæði eftirleiðis *de facto* af 24 þingmönnum, tólf frá Evrópuþinginu og öðrum tólf frá eftirstandandi EES-aðildarríkjum EFTA. Af þessum tólf fulltrúum á Ísland fjóra, Noregur sex og Liechtenstein tvo, en Liechtenstein gerðist aðili að EES á ár-

inu 1995. Hin sameiginlega þingmannanefnd EES á að fara ofan í saumana á nýrri EES-löggjöf á undirbúningsstigi og gefa álit sitt á EES-málum. Nefndin fundar tvisvar á ári en framkvæmdastjórn hennar hittist á milli funda.

Hvert EFTA-ríki má senda fimm aðalmenn og tvo áheyrnarfulltrúa á fundi þingmannanefndar EFTA þótt Íslandsdeildin nýti heimildina alla jafna ekki til fulls. Á fundi þingmannanefndar EES hefur Íslandsdeildin sem fyrr segir rétt á að senda fjóra aðalmenn.

Ljóst er að innganga þriggja EFTA-ríkja í ESB 1. janúar 1995 mun hafa áhrif á framtíðarstarf EFTA og þar með þingmannanefndarinnar. Þingmenn þeirra ríkja sem eftir verða í EFTA hafa komist að þeirri niðurstöðu að mikilvægt sé að halda samstarfinu áfram þó að aðstæður séu breyttar. Náðst hefur fyrrnefnt samkomulag þingmannanefndar EFTA og Evrópuþingsins um breytta samsetningu sameiginlegrar þingmannanefndar EES, sem *de facto* 24 fulltrúar skipa nú í stað 66 eins og EES-samningurinn gerir ráð fyrir. Að öðru leyti eru starfsemi og skipulag sameiginlegrar þingmannanefndar EES óbreytt en hagsmunir ríkja sem eftir eru í EFTA hvað snertir áframhaldandi öflug tengsl við Evrópuþingið eru augljósir. Hins vegar hefur farið fram mikil endurskipulagning á skrifstofu EFTA frá því að þrjú aðildarríki gengu úr EFTA í ársbyrjun. Búið er að skilja alveg á milli starfsemi skrifstofanna í Brussel og Genf, launakostnaður hefur minnkað um helming og jafnframt hefur kostnaður á hvern einstakan starfsmann minnkað um tæpan þriðjung. Sem dæmi um samdrátt í starfsemi skrifstofu EFTA má nefna að þingmannanefnd EFTA hefur nú einungis einn starfsmann sér til aðstoðar í stað þriggja áður.

II. Fulltrúar Alþingis í þingmannanefd EFTA.

Íslandsdeildin var skipuð sem hér segir á árinu 1995:

Fyrir þingkosningar í apríl: Vilhjálmur Egilsson, Sjálfstæðisflokki, formaður deildarinnar, Páll Pétursson, Framsóknarflokki, Eyjólfur Konráð Jónsson, Sjálfstæðisflokki, Gísli S. Einarsson, Alþýðuflokki, Guðrún Helgadóttir, Alþýðubandalagi, og Anna Ólafsdóttir Björnsson, Kvennalista. Þrír fulltrúar stjórnarandstöðunnar skiptu með sér tveimur sætum.

Eftir þingkosningar í apríl:

Aðalmenn: Vilhjálmur Egilsson, Sjálfstæðisflokki, formaður deildarinnar, Gunnlaugur M. Sigmundsson, Framsóknarflokki, varaformaður deildarinnar, Árni M. Mathiesen, Sjálfstæðisflokki, Hjörleifur Guttormsson, Alþýðubandalagi, og Sighvatur Björgvinsson, Alþýðuflokki. Hjörleifur tók sæti Svavars Gestssonar í nóvembermánuði.

Áheyrnarfulltrúar: Ágúst Einarsson, Þjóðvaka, og Kristín Ástgeirsdóttir, Kvennalista.

Gústaf Adolf Skúlason, alþjóðaritari Alþingis, er ritari Íslandsdeildarinnar.

Fulltrúar Íslandsdeildarinnar í framkvæmdastjórn þingmannanefndar EFTA eru Vilhjálmur Egilsson og Hjörleifur Guttormsson.

III. Starfsemi þingmannanefndar EFTA á árinu 1995.

Umsvif og starfsemi á árinu báru merki þess aukna vægis sem þingmannanefnd EFTA hefur öðlast innan EFTA á undanförnum árum. Árið 1995 var miklum tíma þingmannanefndar EFTA varið til að hlúa að samstarfi við Evrópuþingið á vettvangi hinnar sameiginlegu þingmannanefndar EES. Lögð var áhersla á að fylgjast vel með gangi EES-mála, fá upplýsingar frá embættismönnum stofnana EFTA og frá ráðherraráðinu um þau mál og koma skoðunum þingmanna á framfæri við þessa aðila. Þrátt fyrir mikla áherslu á EES-mál fjallaði þingmannanefnd EFTA einnig ítarlega um framtíðarhlutverk

EFTA í kjölfar þess að Slóvenar hafa sýnt áhuga á nánum tengslum við EFTA og jafnvel aðild og hélt sendinefnd þingmannanefndarinnar í upplýsingaferð til Slóveníu. Á árinu lagði þingmannanefnd EFTA niður kerfi vinnuhópa sem verið hafði við lýði en tók þess í stað upp kerfi framsögumanna sem leggja fram skýrslur á fundum nefndarinnar til umræðu og ályktunar. Á árinu voru lagðar fram skýrslur um framkvæmd EES-samningsins árið 1994, samkeppni og ríkisstyrki, umhverfismál og frelsi í fólksflutningum.

Þingmannanefnd EFTA varð með gildistöku EES-samningsins að formi til tvískipt og eru nefndirnar til aðgreiningar hér á eftir kallaðar þingmannanefnd EFTA I og þingmannanefnd EFTA II, þegar um fundi þingmannanefndar EFTA er að ræða. Aðgreiningin byggist á því að Sviss á ekki aðild að EES og á því ekki aðild að þingmannanefnd EFTA II sem fjallar um EES-mál og myndar EFTA-hlutann í þingmannanefnd EES.

a. Heimsókn dagskrárnefndar þingmannanefndar EFTA til Slóveníu.

Heimsóknin stóð yfir dagana 9.–11. febrúar og með í för fyrir hönd Íslandsdeildarinnar voru Vilhjálmur Egilsson og Páll Pétursson. Nefndin átti fundi með þarlendum ráðamönnum þar sem rædd var staða efnahagsmála og samskipti Slóveníu við EFTA en Slóvenar hafa sýnt áhuga á nánum tengslum við og jafnvel aðild að EFTA.

b. Fundur fulltrúa þingmannanefndar EFTA með Evrópuþingmönnum.

Vegna umræðu um framtíð EES í Evrópuþinginu í Strassborg héldu Vilhjálmur Egilsson og Haakon Blankenborg, formaður þingmannanefndar EFTA, til funda við þingmenn Evrópuþingsins dagana 13. og 14. febrúar. Ýmsar hugmyndir höfðu verið uppi í Evrópuþinginu um framtíð samstarfsins en niðurstaða Evrópuþingsins var sú að samstarfinu yrði haldið áfram og samkomulag gert um *de facto* fækkun í sameiginlegri þingmannanefnd EES úr 66 fulltrúum í 24.

c. 4. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EES.

Fundurinn var haldinn í Brussel 21. mars. Fulltrúar þingmannanefndar EFTA í framkvæmdastjórninni héldu undirbúningsfund fyrir fundinn. Í forföllum Vilhjálms Egilssonar sótti ritari Íslandsdeildarinnar fundinn.

Á undirbúningsfundinum var farið yfir samsetningu sendinefndar Evrópuþingsins til sameiginlegrar þingmannanefndar EES. Almenn ánægja var með nýjan formann sendinefndar Evrópuþingsins, Olli Rehn frá Finnlandi, þar eð hann væri áhugasamur um starfið og samstarfsfús. Evrópuþingið hefði ákveðið að hafa tólf manna sendinefnd. Þingmannanefnd EFTA yrði að fara eins að. Fundarmenn voru sammála um að vinnuhópur um fjármál ætti að starfa áfram. Blankenborg lagði til að aðrir vinnuhópar yrðu lagðir niður en í staðinn mundi nefndin ákveða hverju sinni að skoða tiltekin málefni og gera um þau skýrslur. Ákveðið var að ræða þetta frekar á næsta fundi og hvaða málefni nefndin hefði hugsanlega áhuga á að fjalla um. Utan fundar dreifði Loeb frá Sviss bréfi sem hann hafði sent fyrir hönd Svissdeildar þingmannanefndar EFTA til þingsins í Slóveníu þar sem hann bauð sendinefnd til Bern í september. Hann hvatti Ísland og Noreg til að bjóða Slóvenum í heimsókn líka.

Á fundi framkvæmdastjórnarinnar var staðfest að Rehn yrði formlega kjörinn varaformaður sameiginlegrar þingmannanefndar EES á maífundinum. Þá lögðu fundarmenn blessun sína yfir að eftirleiðis samanstæði sameiginleg þingmannanefnd EES *de facto* af 24 fulltrúum í stað 66 eins og gert er ráð fyrir *de juris* í EES-samningnum (95. gr.).

d. 5. fundur dagskrárnefndar þingmannanefndar EFTA.

Fundurinn var haldinn 5. maí í Kaupmannahöfn og hann sóttu Vilhjálmur Egilsson og Páll Pétursson fyrir hönd Íslandsdeildarinnar. Á fundinum var greint frá niðurstöðum þjóðaratkvæðagreiðslu í Liechtenstein þar sem samþykkt var að afnema tollabandalag við Sviss en í kjölfarið gat Liechtenstein loks fengið aðild að EES. Það gerðist 1. maí. Þá voru ræddar skýrslur um framkvæmd EES-samningsins árið 1994 og um samkeppni og ríkisstyrki sem lagðar skyldu fram á fundi sameiginlegrar þingmannanefndar EES 29. maí. Einnig var ræddur fyrirhugaður fundur þingmannanefndar EFTA með ráðherraráði EFTA 13. júní og loks var ræddur fyrirhugaður niðurskurður á starfsliði þingmannanefndarinnar úr þremur í einn, en uppi voru efasemdir um að einn starfsmaður gæti annast alla þjónustu við nefndina.

e. 37. fundur þingmannanefndar EFTA og 4. fundur sameiginlegrar þingmannanefndar EES.

Fundirnir voru haldnir 29. maí í Brussel. Fundina sátu af hálfu Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson og Árni M. Mathiesen, auk ritara deildarinnar.

Á fundi þingmannanefndar EFTA gerði Kjartan Jóhannsson, framkvæmdastjóri EFTA, grein fyrir fjárhagsstöðu samtakanna. Í máli hans kom fram að fækkun aðildarríkja úr sjö í fjögur um síðustu áramót hefði miklar breytingar í för með sér og því þyrfti að beita niðurskurði á nánast öllum sviðum. Starfsfólki yrði fækkað þannig að í Genf yrðu 15 starfsmenn í stað um 65 áður, í Brussel 37 og í Lúxemborg þrír. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) flytur í húsakynni EFTA í Brussel. Munu EFTA og ESA hafa með sér samstarf um rekstur hússins og ýmsa þjónustu.

Haakon Blankenborg, formaður þingmannanefndar EFTA, sagði frá því að fækka ætti starfsmönnum þingmannanefndarinnar frá 1. júlí úr þremur í einn. Nokkur umræða varð um störf nefndarinnar og þjónustu við hana. Töldu þingmenn hæpið að einn starfsmaður gæti annast alla þjónustu við þingmannanefndina. Kjartan Jóhannsson sagðist skilja áhyggjur þingmanna en alls staðar þyrfti að skera niður. Ef í ljós kæmi eftir einhvern reynslutíma að þingmannanefndin þyrfti meiri þjónustu mætti skoða málið á ný en engu væri hægt að lofa.

Knut Almestad, forseti ESA, gerði grein fyrir fjárhagsáætlun eftirlitsstofnunar EFTA fyrir síðari hluta árs 1995. Þar kom fram að stefnt væri að því að einfalda yfirbyggingu stofnunarinnar og að þjónustudeildum yrði fækkað úr átta í fimm. Í grófum dráttum yrði skipting kostnaðar ESA eftirfarandi: Ísland 9%, Liechtenstein 2% og Noregur 89%.

Á fundi sameiginlegrar þingmannanefndar EES var Blankenborg frá Noregi endurkjörinn formaður en Olli Rehn frá Finnlandi kjörinn varaformaður. Formaður sendinefndar Liechtenstein, Otto Büchel, lýsti yfir ánægju sinni með inngöngu Liechtenstein í EES 1. maí. Grete Knudsen, varaformaður EES-ráðsins, ræddi þróun EES-samstarfsins það sem af var árinu. Tvær skýrslur voru lagðar fram til umræðu á fundinum, annars vegar um framkvæmd EES-samningsins á árinu 1994, en í henni var m.a. fjallað um ársskýrslu sameiginlegu EES-nefndarinnar, og hins vegar um samkeppni og ríkisstyrki. Ályktanir voru samþykktar um bæði efnin.

Í umræðum á fundinum benti Vilhjálmur Egilsson á tvö atriði sem nauðsynlegt væri að huga betur að í EES-samstarfinu, annars vegar að ný ESB-lög yrðu yfirfærð í EES jafnóðum og hins vegar að efla þyrfti samstarf þingmanna EFTA-ríkja og Evrópuþingsins við mótun nýrrar EES-löggjafar. Þá gerði Vilhjálmur grein fyrir málum á Íslandi sem

enn voru útistandandi gagnvart EES, svo sem löggjöf um vinnutíma barna og unglinga, einkasölu ríkisins á áfengi og vörugjöld.

Í sameiginlegri þingmannanefnd EES lögðu Íslendingar og Norðmenn fram skriflega fyrirspurn til ráðherraráðs EES í október 1994 um mengun hafsins af völdum kjarnorkuúrgangs frá kjarnorkuendurvinnslustöðvum. Á fundinum barst svar við fyrirspurninni á þá leið að EES-samningurinn næði ekki yfir þetta málefni.

f. 38. fundur þingmannanefndar EFTA og 12. fundur þingmannanefndar EFTA með ráðherraráði EFTA.

Fundirnir voru haldnir dagana 12. og 13. júní. Fundina sátu af hálfu Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson, Gunnlaugur M. Sigmundsson, Árni M. Mathiesen og Svavar Gestsson, auk ritara Íslandsdeildarinnar.

Aðalmál fundanna var samskipti við ríki utan EFTA og EES og hugsanleg stækkun EFTA. Sérstaklega voru rædd samskipti við Slóvena þar sem þeir hafa lýst áhuga á nánari tengslum við EFTA. Rætt var um fríverslunarsamning EFTA við Slóveníu sem undirritaður var á fundi ráðherraráðs EFTA 13. júní og fríverslunarsamninga á milli EFTA og Eystrasaltsríkjanna er til stóð að leggja fram sama dag. Á fundi þingmannanefndar EFTA sagði Kjartan Jóhannsson framkvæmdastjóri EFTA að mikil umræða ætti sér stað innan samtakanna um samskipti við þriðju ríki. Áhugi væri á því að þróa þá fríverslunarsamninga sem þegar hefðu verið gerðir og jafnframt að kanna gerð fríverslunarsamninga við fleiri ríki, jafnvel utan Evrópu. Hann lagði áherslu á að skýrsla sú sem skrifstofa EFTA hafði tekið saman um Slóveníu og möguleika hennar á aðild að EFTA hefði tekið á tæknilegum þáttum málsins. Spurningin um hugsanlega stækkun EFTA væri hins vegar pólitískt mál sem skoða yrði með tilliti til þess hvernig skilgreina bæri framtíðarhlutverk EFTA og hlutverk þess í samrunaferli Evrópu. Skiptar skoðanir voru á fundinum um stækkun EFTA en innan Íslandsdeildarinnar vildu menn skoða hugsanlega aðild Slóveníu á jákvæðan hátt.

Á fundi þingmannanefndar EFTA með ráðherraráði EFTA fóru þeir síðarnefndu almennt varlega í umræðu um hugsanlega stækkun samtakanna. Grete Knudsen, formaður ráðsins, sagði að aðalverkefni EFTA nú væri þjónusta við EFTA-hlið EES. Varðandi samstarf við önnur ríki sagði hún að mikilvægast væri að senda skýr skilaboð um að EFTA hefði mikinn áhuga á slíku samstarfi, sérstaklega við ríki Mið- og Austur-Evrópu. Slík skilaboð fælust einmitt í fríverslunarsamningnum við Slóvena. Knudsen taldi ekki ástæðu til að flýta ákvörðun um hugsanlega stækkun EFTA. Hún minnti á að þótt EFTA-ríki hefðu vissulega skyldur við ríki Mið- og Austur-Evrópu hefðu þau jafnframt skyldur gagnvart EES og starfsemi þess. Þingmenn voru almennt sammála um að brýnt væri að skilgreina framtíðarhlutverk EFTA og stöðu þess í samrunaferli Evrópu þannig að hægt yrði að taka afstöðu til hugsanlegrar stækkunar. Ákveðið var á fundi þingmannanefndar EFTA að formenn landsdeilda legðu hver fram greinargerð um hlutverk EFTA í samrunaferli Evrópu á fundi dagskrárnefndar þingmannanefndar EFTA í september.

Á fundunum var rætt um EES-samstarfið almennt og starfsemi þingmannanefndar EES. Þingmenn og ráðherrar voru almennt sammála um að þingmannanefnd EES væri á réttri braut og að samstarf þingmannanefndarinnar við Evrópuþingið væri mikilvægur liður í EES-samstarfinu. Á fundinum með ráðherraráðinu lagði þingmannanefndin áherslu á að hún fengi eins og ráðgjafarnefndin tækifæri til að funda sérstaklega með fastanefnd EFTA.

Olli Rehn, formaður sameiginlegrar þingmannanefndar EES, mætti á fundi þingmannanefndar EFTA og ræddi annars vegar framtíðarstarf sameiginlegrar þingmannanefndar EES og hins vegar ályktun Evrópuþingsins um ríkjaráðstefnu Evrópusambandsins.

g. 6. fundur dagskrárnefndar þingmannanefndar EFTA og 5. fundur framkvæmdastjórnar sameiginlegrar þingmannanefndar EES.

Fundirnir voru haldnir 28. september í Brussel. Þá sátu af hálfu Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson og Sighvatur Björgvinsson, auk ritara deildarinnar.

Á fundi framkvæmdastjórnarinnar var kynnt uppkast að skýrslu um frjálsa fólksflutninga og drög að skýrslu um umhverfismál sem fjallað skyldi um á fundi sameiginlegrar þingmannanefndar EES í Liechtenstein í nóvember. Í umræðum um framtíðarviðfangsefni nefndarinnar var samþykkt að um sinn yrði lögð megináhersla á væntanlega ársskýrslu. Á fundinum var samþykkt að gengið skyldi eftir því að sameiginlegri þingmannanefnd EES bærust skrifleg svör við álitsgerðum sínum frá ráðherraráðum EFTA og ESB. Jafnframt lagði breski Evrópuþingmaðurinn Gary Titley til að unnar yrðu skýrslur um framvindu þeirra mála sem nefndin ályktaði um og Rehn lagði til að slíkar skýrslur yrðu kynntar í tengslum við ársskýrsluna. Hugmyndin var samþykkt. Að lokum var samþykkt að framvegis sætu *de facto* þrír þingmenn frá EES-aðildarríkjum EFTA fundi framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EES, sem og þrír þingmenn Evrópuþingsins, en samkvæmt starfsreglum skulu þeir vera fjórir frá hvorum.

Meginmálefnið á fundi dagskrárnefndarinnar voru skýrslur landsdeilda þingmannanefndar EFTA um framtíðarhlutverk EFTA í samrunaþróun Evrópu, sem ákveðið hafði verið að fjalla um í tengslum við áhuga Slóveníu á nánari tengslum við EFTA. Almenn samstaða var um það á fundinum að halda fríverslunarsamtökum EFTA opnum þegar við ætti fyrir þeim sem áhuga sýndu á nánari tengslum við eða aðild að samtökunum. Nokkurs áherslumunar gætti þó í afstöðu fundarmanna og einkum höfðu fulltrúar Noregs uppi áberandi meiri efasemdir um ágæti þessa en aðrir fundarmenn. Þannig taldi Blankenborg að slík stækkun kynni að trufla framkvæmd þriggja meginviðfangsefna EFTA — rekstur fríverslunarsvæðis, samhæfingu stefnu í málefnum EES og samskipti við þriðju ríki — auk þess að hafa aukinn kostnað og flóknara regluveldi í för með sér. Hann lagði jafnframt mikla áherslu á að full aðild að EFTA væri engin trygging fyrir aðild að EES en svissnesku fulltrúarnir minntu á að Sviss væri aðili að EFTA en ekki að EES. Samþykkt var að landsdeildirnar skiluðu hver fyrir sig nýrri og endurskoðaðri skýrslu fyrir 15. október og að formaðurinn sameinaði þær í eina og skilaði aftur til landsdeildanna fyrir 1. nóvember. Sameiginlega skýrslan yrði síðan rædd á fundi þingmannanefndarinnar í nóvember og kynnt fyrir ráðherraráði EFTA í Genf í byrjun desember. Fram kom áhugi á að bjóða fulltrúum Slóveníuþings til viðræðna við nefndina en ekki var tekin ákvörðun um tímasetningu slíks fundar. Hins vegar var samþykkt að biðja um skýrslu frá sérfræðingum EFTA um fríverslunarsamningaflóru Evrópu og mat á hvort hægt væri að hefja einhvers konar samræmingarferli allra þessara samninga. Einnig var fjallað um kerfi það sem nú er viðhaft í þingmannanefndum EFTA I og II, sem felur í sér að ekki er ávallt sami formaður fyrir nefndunum tveimur þar sem Sviss er ekki aðili að EES (en EFTA II myndar EFTA-hluta þingmannanefndar EES). Samþykkt var að halda því fyrirkomulagi óbreyttu, þ.e. að EES-aðildarríkin þrjú skiptist á um formennsku í EFTA II en að EFTA-ríkin fjögur (með Sviss) skiptist á um formennsku í EFTA I og að hvert ríki fari þá með formennsku í eitt ár í senn frá 1. janúar til 31. desember.

h. 39. fundur þingmannanefndar EFTA, 1. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA og 5. fundur sameiginlegrar þingmannanefndar EES.

Fundirnir voru haldnir 20. og 21. nóvember í Triesenberg í Liechtenstein. Þá sátu af hálfu Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson, Gunnlaugur M. Sigmundsson, Árni M. Mathiesen, Hjörleifur Guttormsson, Sighvatur Björgvinsson og Kristín Ástgeirsdóttir, auk ritara Íslandsdeildarinnar.

Á fundi þingmannanefndar EFTA var Otto Büchel frá Liechtenstein kjörinn formaður nefndarinnar (I og II), frá og með 1. janúar 1996. Peter Vollmer frá Sviss var kjörinn varaformaður þingmannanefndar EFTA I og Vilhjálmur Egilsson varaformaður þingmannanefndar EFTA II (sem fjallar um málefni EES og myndar EFTA-hluta þingmannanefndar EES).

Á fundinum var formlega samþykkt að leggja niður kerfi vinnuhópa, að undanskildum vinnuhóp um fjárlög, og taka í staðinn upp kerfi framsögumanna. Þá var samþykkt að starf vinnuhóps um fjárlög skyldi framvegis falla undir starfssvið dagskrárnefndar. Jafnframt var nafni dagskrárnefndar breytt í framkvæmdastjórn þingmannanefndar EFTA. Þá var fjallað um sameiginlega skýrslu þingmannanefndar EFTA um framtíðarhlutverk samtakanna í samrunaferli Evrópu, sem m.a. hefur verið unnin vegna áhuga Slóvena á nánari tengslum við og jafnvel aðild að EFTA. Samþykkt var sameiginleg skýrsla þar sem lýst er þeirri skoðun þingmannanefndarinnar að EFTA skuli í grundvallaratriðum vera opið fyrir nánari tengslum við ríki utan EES og jafnvel nýjum aðildarríkjum og að viðhafa beri sveigjanleika í formbindingu slíkra tengsla.

Á fundi framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA kynnti Knut Almestad, forseti ESA (Eftirlitsstofnunar EFTA), drög að fjárlögum stofnunarinnar fyrir árið 1996 sem hlutu samþykki fundarins.

Á fundi sameiginlegrar þingmannanefndar EES sagði Federico Garayalde sendiherra, fulltrúi ráðherraráðs ESB, sambandið vera sátt við virkni stofnana EES og lýsti ánægju þess með að allur þorri laga og reglugerða sambandsins um innri markaðinn næði nú til alls Evrópska efnahagssvæðisins. Tvær skýrslur voru lagðar fram á fundinum til umræðu, annars vegar um umhverfismál og hins vegar um frjálsa fólksflutninga. Árni M. Mathiesen var framsögumaður þingmannanefndar EFTA um umhverfismál. Ályktanir voru samþykktar um bæði efnin. Olli Rehn var kjörinn nýr formaður þingmannanefndar EES frá og með 1. janúar 1996, en varaformaður verður Otto Büchel frá Liechtenstein.

Ákveðið var að fyrir næsta fund þingmannanefndar EES yrði unnin skýrsla um fjarskiptatækni og að einnig yrði rætt um ársskýrslu EES.

i. 40. fundur þingmannanefndar EFTA, 2. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA og 13. fundur þingmannanefndar EFTA með ráðherraráði EFTA.

Fundirnir voru haldnir í Zermatt í Sviss dagana 6. og 7. desember og þá sátu af hálfu Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson, Gunnlaugur M. Sigmundsson, Árni M. Mathiesen, Hjörleifur Guttormsson, Sighvatur Björgvinsson og Ágúst Einarsson, auk ritara Íslandsdeildarinnar.

Á fundi þingmannanefndarinnar var fjallað um WTO (Alþjóðaviðskiptastofnunina), net fríverslunarsamninga og samrunaferli í Evrópu. Jorge Vigano frá WTO sat fundinn og fór yfir málefni WTO og stöðu þeirra samninga sem stofnunin hefur eftirlit með.

Á fundi framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA fór Aldo Matteucci, aðstoðarframkvæmdastjóri EFTA, yfir hlutverk og útgjöld EFTA-skrifstofunnar.

Á fundinum með ráðherraráði EFTA var rætt um þróun EES-samningsins, framtíðarhlutverk EFTA og samskipti við önnur ríki. Varðandi samninga við ríki utan EES var rætt um fyrirhugaðan fríverslunarsamning við Eystrasaltsríkin sem undirritaður var sama dag, tvíhliða samninga við svonefnd Visegrad-lönd (Pólland, Ungverjaland, Tékkland og Slóvakíu) og hugsanlega samninga við Kýpur og Möltu. Í umræðum um framtíðarhlutverk EFTA komu fram nokkuð skiptar skoðanir. Fundarmenn voru þó flestir sammála um að ef umsóknir um aðild bærust til EFTA væri rétt að skoða þær vandlega með jákvæðu hugarfari.

Alþingi, 19. febr. 1996.

Vilhjálmur Egilsson, form. Gunnlaugur M. Sigmundsson, varaform. Árni M. Mathiesen.

Hjörleifur Guttormsson. Sighvatur Björgvinsson.

592. Skýrsla [337. mál]

um norrænt samstarf frá febrúar 1995 til desember 1995.

1. Inngangur.

Miklar breytingar á norrænu samstarfi hafa einkennt undanfarið starfsár. Í kjölfar nýrrar stefnumótunar í norrænu samstarfi, sem samþykkt var á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík í mars sl., var hafin vinna við breytingar á Helsinki-sáttmálanum og samþykktum Norðurlandaráðs. Þessari vinnu, auk breytinga á skipulagi og starfsemi Norðurlandaráðs, lauk á árinu.

Á þingi ráðsins í Reykjavík var skýrslan „Nýir tímar í norrænni samvinnu" lögð fram og samþykkt. Skýrslan hefur að geyma tillögur um markmið, inntak og form norrænnar samvinnu í nánustu framtíð og rekur pólitískar forsendur og ný áhrif innan Norðurlandasamstarfsins. Með skýrslunni var samþykkt að endurnýja bæri samstarfið og aðlaga það nútímanum og einnig að gera það hagkvæmara og markvissara. Nauðsynlegt væri að hleypa nýju lífi í starfshættina og laga þá að nýjum aðstæðum sem sköpuðust í kjölfar þjóðaratkvæðagreiðslnanna í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð um aðild að ESB. Norræn samvinna er ekki talin valkostur andspænis, heldur hluti af, víðtækari evrópskri samvinnu. Nauðsynlegt er talið að tryggja öllum aðildarríkjum og sjálfsstjórnarsvæðum áframhaldandi jafnræði innan ramma norrænnar samvinnu, hvernig sem tengslum þeirra við ESB og EES er háttað.

Mikilvægur þáttur í umbótastarfinu er að samvinnan tengist meira stjórnmálaflokkunum og með augljósari hætti en áður. Því ber að styrkja frekar það flokkasamstarf í norrænni samvinnu sem verið hefur á undanförnum árum.

Norrænu samstarfi framtíðarinnar er beint að þremur meginsviðum, samvinnu innan Norðurlanda, milli Norðurlanda og Evrópu/ESB/EES og samvinnu Norðurlanda og grannsvæða þeirra.

Samvinna innan Norðurlanda byggist á og stuðlar að þróun gilda sem allar Norðurlandaþjóðirnar eiga sameiginleg og koma helst fram í skyldleika menningar og tungumála, svipaðri afstöðu til lýðræðis, góðu umhverfi og helstu félagslegu réttindum. Um er að ræða samstarf í þjóðfélagsmálum, sem stuðlar að þróun sameiginlegra norrænna gilda, og á þeim sviðum þar sem samnorrænar lausnir gagnast Norðurlandabúum betur en þjóðbundnar lausnir eða alþjóðlegt fyrirkomulag.

Norðurlönd og Evrópa/ESB/EES fjalla aðallega um samstarf í málum sem fyrst og fremst eru mikilvæg fyrir starfið innan ESB/EES þar sem gildismat og hagsmunir Norðurlandanna fara saman. Norræn samvinna skal mynda grundvöll frumkvæðis í þeim málum sem ríkin óska eftir að hafa áhrif á í Evrópu. Norræn samvinna skal einnig stuðla að því að samræma framgang tilskipana og annarra reglna ESB/EES. Auk þess skal norræn samvinna stuðla að tengslum milli Norðurlanda og sjálfsstjórnarsvæða sem eiga aðild að Evrópusambandinu og þeirra ríkja sem tengjast Evrópusamvinnu með EES-samningnum eða öðrum samningum.

Þróunin á grannsvæðum Norðurlanda, þ.e. á Eystrasaltssvæðinu og heimskautssvæðinu, skiptir miklu pólitísku máli fyrir Norðurlönd. Aukin samvinna við Eystrasaltsríkin og norðvesturhéruð Rússlands er mikilvægt framlag til stöðugleika og lýðræðis á svæðinu. Sjálfbær þróun byggist m.a. á ábyrgri nýtingu náttúruauðlinda með tilliti til hinna sérstöku aðstæðna og hagsmuna frumbyggja á heimskautssvæðinu.

Í skýrslunni er einnig kafli um tillögur að skipulagi Norðurlandaráðs en þeim var allmikið breytt í meðförum forsætisnefndar. Nefndaskipan í Norðurlandaráði var breytt á þann hátt að fagnefndirnar voru lagðar niður, frá og með áramótum 1995/1996, og í stað þeirra stofnaðar þrjár stórar nefndir byggðar á fyrrgreindum meginsviðum, þ.e. Norðurlandanefnd, Evrópunefnd og nærsvæðanefnd. Forsætisnefnd er stækkuð og auk þess er stofnuð eftirlitsnefnd Norðurlandaráðs.

Jafnframt var ákveðið að flokkasamstarfið yrði aukið og að forustuhlutverk Norðurlandaráðs eflt. Breytingar og þróun á tilhögun funda Norðurlandaráðs voru ákveðnar að því leyti að ráðið heldur eitt árlegt þing í stað tveggja áður þar sem almennar umræður fara fram en reglubundið þing skal framvegis haldið að hausti og formennska og embættistími miðast við almanaksár. Þemaráðstefnur eru haldnar til viðbótar þingi Norðurlandaráðs í þeim tilgangi að fjalla sérstaklega um mál sem snerta eitt eða fleiri af þremur meginviðfangsefnum norrænnar samvinnu. Einnig var ákveðið að bjóða þeim aðilum, sem taka þátt í starfi ESB, einkum norrænum fulltrúum á Evrópuþinginu, fulltrúum í Evrópunefnd norrænu þjóðþinganna eða samsvarandi stofnunum og jafnvel fulltrúum fagnefnda hinna einstöku þjóðþinga, að taka þátt í aukaþingum og þemaráðstefnum.

Á árinu var enn fremur ákveðið að samræma og koma á fót sameiginlegri upplýsinga- og útgáfustefnu fyrir allt norrænt samstarf á vegum Norðurlandaráðs og norrænu ráðherranefndarinnar. Þetta mun verða auðveldara í framkvæmd því að einnig var ákveðið á árinu að flytja skrifstofu forsætisnefndar Norðurlandaráðs, sem frá upphafi hefur verið staðsett í Stokkhólmi, til Kaupmannahafnar undir sama þak og skrifstofur norrænu ráðherranefndarinnar. Með þessu er bæði stefnt að hagræðingu í rekstri þessara tveggja stærstu stofnana Norðurlandasamstarfsins og reynt að auðvelda samráð og samstarf embættismanna þeirra.

Á starfsárinu var Helskinki-sáttmálanum, grundvallarreglum norræns samstarfs, breytt til samræmis við þær nýju áherslur í norrænni samvinnu sem hafa verið raktar.

Norrænu samstarfsráðherrarnir tilnefndu í mars sl. vinnuhóp til að gera úttekt á þeim norrænu stofnunum sem fá fjárveitingu frá norrænu ráðherranefndinni. Vinnuhópurinn var skipaður norrænum embættismönnum og fulltrúi Íslands í hópnum var Eiður Guðnason, sendiherra í Noregi. Hópnum var ætlað að gera úttekt á öllum norrænum stofnunum með tilliti til hugtaksins „Norrænt notagildi". Af þeim stofnunum, sem úttektin tók til, var lagt til að 19 stofnanir yrðu færðar af fjárlögum norrænu ráðherranefndarinnar og þá ýmist lagðar niður eða lagt til að einstök lönd tækju yfir rekstur þeirra. Eftir að skýrslan var lögð fram og hún samþykkt á þingi Norðurlandaráðs í Kuopio í nóvember var stofnunum og ráðherranefndum gefinn kostur á að koma með umsögn á úttektinni. Norrænu samstarfsráðherrarnir munu taka endanlega afstöðu til skýrslunnar og hvernig hugmyndir hennar verða framkvæmdar í mars 1996.

Ísland fór með formennsku í Norðurlandaráði á starfsárinu og tók Geir H. Haarde við forsetastóli á þingi Norðurlandaráðs í febrúar 1995. Eftir breytingar á Helsinki-sáttmálanum fara nú forsetaskipti fram um áramót og tók Danmörk við formennskunni í Norðurlandaráði um áramótin 1995/1996.

2. Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

2.1 Fulltrúar í Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

Hinn 22. desember 1994 kaus Alþingi eftirtalda þingmenn til setu í Norðurlandaráði: Árna M. Mathiesen, Geir H. Haarde, Halldór Ásgrímsson, Hjörleif Guttormsson, Kristínu Einarsdóttur og Sigríði A. Þórðardóttur. Varamenn voru kosnir: Árni Johnsen, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Ingi Björn Albertsson, Petrína Baldursdóttir, Svavar Gestsson, Sturla Böðvarsson og Valgerður Sverrisdóttir. 13. janúar 1995 skipti Íslandsdeild með sér verkum á fundi þannig að Halldór Ásgrímsson var kosinn formaður, tilnefndur í forsætisnefnd Norðurlandaráðs og endurkosinn í laganefnd, Geir H. Haarde var kosinn varaformaður deildarinnar og tilnefndur í forsætisnefnd, Guðmundur Árni Stefánsson var kosinn í menningarmálanefnd og tilnefndur sem formaður hennar, Árni M. Mathiesen var endurkosinn í fjárlaganefnd og tilnefndur í ritstjórnarnefnd Nordisk Kontakt, Sigríður A. Þórðardóttir var endurkosin í félagsmálanefnd, Hjörleifur Guttormsson var endurkosinn í efnahagsmálanefnd og Kristín Einarsdóttir var endurkosin í umhverfismálanefnd og tilnefnd í ritstjórnarnefnd tímaritsins Nordisk Kontakt.

Á Norðurlandaráðsþinginu í Reykjavík 27. febrúar til 2. mars 1995 var kosið í trúnaðarstöður í samræmi við framanefndar tilnefningar Íslandsdeildar. Guðmundur Árni Stefánsson var kosinn formaður menningarmálanefndar og Hjörleifur Guttormsson endurkosinn í kjörnefnd og einnig til áframhaldandi setu í forsætisnefnd sem fulltrúi flokkahóps vinstrisósíalista. Sigríður A. Þórðardóttir var einnig endurkosin í kjörnefnd.

Þingkosningar foru fram á Íslandi 8. apríl 1995. Eftir kosningarnar þurfti að kjósa á ný þingmenn til setu í Norðurlandaráði og 13. júní 1995 voru eftirtaldir þingmenn kosnir til setu í Íslandsdeild Norðurlandaráðs fram til þess tíma að ný kosning fer fram á eftirfarandi reglulegu Alþingi: Geir H. Haarde, Guðmundur Árni Stefánsson, Hjörleifur Guttormsson, Sigríður A. Þórðardóttir, Siv Friðleifsdóttir, Sturla Böðvarsson og Valgerður Sverrisdóttir. Varamenn voru kosnir: Arnbjörg Sveinsdóttir, Árni Johnsen, Árni M. Mathiesen, Guðni Ágústsson, Ísólfur Gylfi Pálmason og Steingrímur J. Sigfússon. Á fundi Íslandsdeildar Norðurlandaráðs 14. júní 1995 skipti Íslandsdeild með sér verkum á fundi þannig að Valgerður Sverrisdóttir var kosin formaður, tilnefnd í forsætisnefnd Norðurlandaráðs, í laganefnd og ritstjórnarnefnd tímaritsins Nordisk Kontakt, Hjörleifur Guttormsson var kosinn varaformaður deildarinnar og tilnefndur í efnahagsmálanefnd

og í kjörnefnd Norðurlandaráðs á vegum flokkahóps vinstrisósíalista, en sat áfram í forsætisnefnd Norðurlandaráðs sem fulltrúi flokkahóps vinstrisósíalista, Geir H. Haarde var tilnefndur í forsætisnefnd Norðurlandaráðs, Guðmundur Árni Stefánsson var tilnefndur í félagsmálanefnd, Sigríður A. Þórðardóttir var tilnefnd í menningarmálanefnd, í ritstjórn tímaritsins Nordisk Kontakt og í kjörnefnd á vegum flokkahóps hægrimanna, Sturla Böðvarsson var tilnefndur í umhverfisnefnd og Siv Friðleifsdóttir var tilnefnd í fjárlaganefnd.

Um áramótin 1995/1996 gekk Hjörleifur Guttormsson úr Íslandsdeild Norðurlandaráðs og í hans stað var kosinn Steingrímur J. Sigfússon, varamaður hans er Svavar Gestsson. Á fundi Íslandsdeildar Norðurlandaráðs 22. janúar 1996 var Guðmundur Árni Stefánsson kosinn nýr varaformaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Breytingar á Helsinki-sáttmálanum og samþykktum Norðurlandaráðs sem gengu í gildi um áramót kváðu á um að flokkahópar í Norðurlandaráði skyldu framvegis tilnefna fulltrúa landanna í trúnaðarstöður. Á þingi Norðurlandaráðs í Kuopio var nefndarskipan ráðsins breytt, eins og áður hefur komið fram, og sitja fulltrúar Íslandsdeildar í eftirfarandi nefndum: Valgerður Sverrisdóttir, Geir H. Haarde og Guðmundur Árni Stefánsson sitja í forsætisnefnd Norðurlandaráðs. Siv Friðleifsdóttir er annar tveggja varaformanna Evrópunefndar Norðurlandaráðs og í henni situr einnig Sigríður A. Þórðardóttir. Steingrímur J. Sigfússon situr í Norðurlandanefnd og Sturla Böðvarsson situr í nærsvæðanefnd Norðurlandaráðs. Sigríður A. Þórðardóttir situr einnig í eftirlitsnefnd Norðurlandaráðs. Breytingar þessar tóku gildi 1. janúar 1996.

Geir H. Haarde var kjörinn formaður flokkahóps hægrimanna í nóvember 1995.

2.2 Störf Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs hélt 13 fundi á starfsárinu. Fyrstu tveimur mánuðum ársins var varið til undirbúnings þingi Norðurlandaráðs sem haldið var í Reykjavík dagana 27. febrúar til 2. mars. Um þinghaldið og skipulag þess sá skrifstofa Íslandsdeildar Norðurlandaráðs í samvinnu við ráðstefnudeild Ferðaskrifstofu Íslands. Þingið var haldið í Háskólabíói en skrifstofuaðstaða leigð á 3. hæð Bændahallarinnar á Hótel Sögu. Á milli Hótel Sögu og Háskólabíós var færður upp tjaldgangur sem skýldi fólki fyrir veðri og vindum. Þátttakendur á þingi Norðurlandaráðs voru rúmlega 1.000 talsins og fór þinghaldið fram sem skyldi. Kostnaður af þinghaldinu var rúmlega 20 millj. ísl. kr.

Á starfsárinu var framtíð norræns samstarfs og breyting á skipulagi Norðurlandaráðs helst í brennidepli í störfum Íslandsdeildar. Var mikið fjallað um væntanlegar breytingar á fundum Íslandsdeildar og færði deildin fram ákveðin sjónarmið um breytingarnar á fundi forsætisnefndar Norðurlandaráðs í október 1995. Var að nokkru tekið tillit til þeirra sjónarmiða.

Vegna úttektar norrænu ráðherranefndarinnar á öllum norrænum stofnunum var Halldóri Ásgrímssyni samstarfsráðherra, Eiði Guðnasyni, sendiherra og fulltrúa Íslands í úttektarnefndinni, og Snjólaugu Ólafsdóttur skrifstofustjóra boðið á fund Íslandsdeildar til að ræða þessi mál. Eiður Guðnason gerði grein fyrir þeim atriðum sem sérstaklega er litið til við úttektina og þegar norrænt notagildi stofnana er metið. Umræður urðu um framtíð þeirra norrænu stofnana sem eru staðsettar á Íslandi, Norræna hússins í Reykjavík og Norrænu eldfjallastöðvarinnar. Á sama fundi var nokkuð rætt við norræna samstarfsráðherrann um hvernig samstarf Norðurlandanna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna er háttað en nokkuð bar á því að norrænt samstarf væri sniðgengið á kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kína sumarið 1995.

Norrænir fréttamannastyrkir voru á árinu veittir þremur íslenskum fréttamönnum. Samanlagt var styrkupphæðin 75.000 sænskar krónur. Íslandsdeild ákvað að eftirgreindir fréttamenn hlytu styrki: Kári Jónasson, Kristín Marja Baldursdóttir og Þröstur Haraldsson.

Árið 1992 var ákveðið að veita þingmönnum frá Eystrasaltsríkjunum, Póllandi og Rússlandi norrænan styrk til að heimsækja Norðurlönd, kynna sér framkvæmd lýðræðis og þingræðis og auka við faglega þekkingu sína. Á árinu 1995 heimsótti einn hópur þingmanna Ísland. Þau málefni sem sérstaklega voru kynnt hér á landi voru sveitarstjórnarmál, menningarmál og utanríkismál.

Sigríður A. Þórðardóttir, Hjörleifur Guttormsson, Valgerður Sverrisdóttir heimsóttu norrænar stofnanir sem staðsettar eru á Íslandi, Norræna húsið og Norrænu eldfjallstöðina, til að kanna viðbrögð þeirra við skýrslunni um norrænt notagildi. Fram kom hjá báðum aðilum að þeir töldu vinnubrögð við skýrsluna ekki hafa verið nógu ítarleg og samantektin yfirborðsleg en einnig að erfitt væri að leggja sama mælikvarða á allar norrænar stofnar, án tillits til þess um hvað þær fjölluðu í störfum sínum.

Íslandsdeildin ákvað að standa fyrir ráðstefnu um Schengen og norrænt vegabréfasamstarf 23. febrúar 1996 á Flughótelinu í Keflavík.

Starfsmenn skrifstofu Íslandsdeildar á starfsárinu voru Elín Flygenring, forstöðumaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, og Lene Hjaltason, deildarsérfræðingur.

2.3 Formennska Íslands.

Á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík 27. febrúar 1995 tók Geir H. Haarde við starfi forseta Norðurlandaráðs. Gegndi hann því til 1. janúar 1996 þar eð reglum um skiptingu á formennskulandi var breytt eins og síðar verður vikið að. Skiptin fara nú fram um áramót en frá upphafi hafa þau farið fram á reglulegu þingi Norðurlandaráðs. Geir lagði fram fyrir forsætisnefnd skýrslu um þau atriði sem hann hafði áhuga á að sérstaklega yrði unnið að á starfsárinu. Fyrst og fremst lagði hann áherslu á að skipan og starfsháttum norræns samstarfs yrði breytt og að þeim breytingum yrði lokið á starfsárinu. Í annan stað lagði hann áherslu á að Norðurlandaráð mundi auka samstarf heimskautsríkja og að þingmannanefnd sú, sem Norðurlandaráð hefði komið á með þátttöku Bandaríkjanna, Kanada, Rússlands og Evrópuþingsins, mundi starfa ötullega að því að ríkisstjórnirnar settu upp norðurheimskautsráð. Í þriðja lagi lagði forsetinn áherslu á að alþjóðasamstarf innan Norðurlandasamstarfsins yrði styrkt og að þrátt fyrir að þrjú af fimm Norðurlöndum væru fulltrúar í ESB mundi hið nána norræna samstarf, sem átt hefur sér stað innan Sameinuðu þjóðanna, halda áfram. Lagði hann til að Norðurlandaráð héldi þemafundi um ýmis málefni þar sem Norðurlönd gætu átt sérstakt samstarf innan alþjóðastofnana, m.a. hvað varðaði norrænt samstarf á hafréttarsvæðum, varnarsamstarf í Evrópu, lagasamstarf, samstarf um mannréttindamál og menningarmálasamstarf. Í fjórða lagi lagði hann áherslu á að upplýsingaflæði milli Norðurlanda og Evrópusambandsins yrði aukið til muna og að sett yrði á stofn norræn upplýsingaskrifstofa í Brüssel sem sæi um að safna upplýsingum sem hefðu sérstakt gildi fyrir norrænt samstarf, fyrir Norðurlandaráð og norrænu ráðherranefndina og koma upplýsingum um norrænt samstarf á framfæri við aðila í Evrópusamstarfi.

Sem forseti Norðurlandaráðs heimsótti Geir H. Haarde þing Evrópuráðsins í Strassborg, ávarpaði það og átti fund m.a. með forseta þingsins, Miquel Martuinez. Einnig heimsótti hann Evrópuþingið í Brussel, átti þar fundi með þingmönnum og hitti sérstaklega að máli forseta Evrópuþingsins, Klaus Hänsch.

Á árinu átti Geir einnig fundi með forsætisráðherrum Danmerkur, Noregs og Finnlands, Poul Nyrup Rasmussen, Gro Harlem Brundtlandt og Pavo Lipponen. Á þeim fundum var framtíð norræna samstarfsins rædd og önnur norræn pólitísk málefni. Þá flutti hann ræðu á norrænni kynningarráðstefnu í Kiev í Úkraínu.

Í júní 1995 var Geir H. Haarde kjörinn formaður þingmannanefndar um heimskautsmálefni og tók hann þar við af Halldóri Ásgrímssyni, núverandi utanríkisráðherra og norrænum samstarfsráðherra. Nefndin hefur á tímabilinu haldið tvo fundi auk fimm norrænna undirbúningsfunda en aðrir norrænir þingmenn í nefndinni eru Birgitta Dahl, forseti sænska þingsins, og Jan P. Syse, fyrrverandi forsætisráðherra Noregs.

3. Starfsemi nefndar Norðurlandaráðs.

3.1 Forsætisnefnd.

Á þingi Norðurlandaráðs 27. febrúar 1995 í Reykjavík tók Geir H. Haarde við sem forseti Norðurlandaráðs af Per Olof Håkansson. Vegna nýrra reglna um breytingar á starfsháttum Norðurlandaráðs fara skipti forseta og val í trúnaðarstöður innan Norðurlandaráðs nú fram um áramót í stað vorþinganna áður. Fulltrúi Íslandsdeildar í forsætisnefnd var í febrúar 1995, auks Geirs, Halldór Ásgrímsson, en Hjörleifur Guttormsson sat í nefndinni á vegum flokkahóps vinstrisósíalista. Í júní 1995 kom Valgerður Sverrisdóttir inn sem fulltrúi Íslandsdeildar, en Halldór Ásgrímsson tók við stöðu utanríkisráðherra og norræns samstarfsráðherra. Á þingi Norðurlandaráðs í Kuopio í nóvember 1995 fór fram kjör í trúnaðarstöður og vegna breyttra starfshátta fór kjörið nú fram á vegum flokkahópa Norðurlandaráðs. Frá áramótum sitja af Íslands hálfu í forsætisnefnd Geir H. Haarde frá flokkahópi hægrimanna, Valgerður Sverrisdóttir frá flokkahópi miðjumanna og Guðmundur Árni Stefánsson frá flokkahópi sósíaldemókrata.

Forsætisnefnd hélt 15 fundi á starfsárinu. Auk þess hélt nefndin tvisvar fundi með norrænu forsætisráðherrunum í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Reykjavík og Kuopio. Aðalumræðuefni þeirra funda var framtíð norræns samstarfs eftir ESB-þjóðaratkvæðagreiðslurnar, heimskautssamstarfið og breytingar á norrænum stofnunum. Forsætisnefnd átti einnig fund með samstarfsráðherrum Norðurlanda.

Forsætisnefnd setti vinnuhóp til að vinna úr hugmyndum um framtíð norræns samstarfs sem lagðar voru fram á þingi ráðsins í Reykjavík undir yfirskriftinni „Nýir tímar í norrænni samvinnu“. Vinnuhópurinn samanstóð af einum aðila frá hverjum flokkahópi innan forsætisnefndar, auk forseta Norðurlandaráðs, Geirs H. Haarde, sem var formaður hópsins. Hópurinn lagði fram skýrslu á fundi forsætisnefndar í júní sem var samþykkt. Aðalatriði þeirra tillagna voru:

— forsætisnefnd er stjórnarnefnd Norðurlandaráðs með 11–13 fulltrúa,
— nefndirnar í ráðinu eiga að fjalla um þrjú höfuðatriði norrænnar samvinnu framtíðarinnar, Norðurlandamálin, Evrópumálin og nærsvæðamálin; nefndirnar geta stofnað undirnefndir eða vinnuhópa eftir þörfum og einnig vinnuhópa sín á milli,
— sérstök eftirlitsnefnd er stofnuð,
— verkefni fjárlaganefndar færast yfir til forsætisnefndar.

Á grundvelli þessara tillagna var útbúin forsætisnefndartillaga sem lögð var til samþykktar fyrir aukaþing Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn 29. september 1995.

Hjörleifur Guttormsson studdi ekki tillöguna og lagði vinstrisósíalíski flokkahópurinn fram sérstaka þingmannatillögu um hvernig skipuleggja ætti nefndir ráðsins. Einnig var fjallað um hana á aukaþingi ráðsins í september. Samkvæmt þeirri tillögu skyldi samstarfið skiptast í menningarmálanefnd, borgarapólitíska nefnd og umhverfisnefnd og einnig Evrópunefnd og nærsvæðanefnd. Tillagan var ekki samþykkt.

Eftir aukaþing Norðurlandaráðs hélt vinnan með skipan og breytingu á skipulagi Norðurlandaráðs áfram innan forsætisnefndar. Nefndin lagði fram forsætisnefndartillögu um breytingar á starfsreglum Norðurlandaráðs sem samþykkt var á 47. þingi Norðurlandaráðs í Kuopio. Þar með var lokið vinnu við endurskoðun á Norðurlandasamstarfinu í bili.

Á þingi ráðsins í Reykjavík voru samþykkt tilmæli, sem fjallað hafði verið um sem tillögur í forsætisnefnd, um breytingar á Helsinki-sáttmálanum, eins og áður er getið, og um markmið og forgangsröðun hvað snertir fjárlög fyrir árið 1996. Einnig um að ráðstefnu Norðurlandaráðs um Sameinuðu þjóðirnar verði fylgt eftir. Á sama þingi voru einnig teknar ákvarðanir um innri málefni sem fjallað hafði verið um í forsætisnefnd, en þær voru um norræna samvinnu á nýjum tímum og um sendimenn sem boða velvild. (Sjá nánar fylgiskjal I.)

Á 47. þingi Norðurlandaráðs í Kuopio voru samþykkt tilmæli byggð á ráðherranefndartillögu um mat á norrænum samstarfsstofnunum, eins og áður hefur verið rakið. Ein ákvörðun um innri málefni var einnig tekin á því þingi en hún fjallaði um breytingar á starfsháttum Norðurlandaráðs.

Forsætisnefnd tók í apríl ákvörðun um að skrifstofa Norðurlandaráðs, sem staðsett hefur verið í Stokkhólmi frá upphafi, skyldi flytjast til Kaupmannahafnar á árinu 1996 í sama húsnæði og skrifstofa norrænu ráðherranefndarinnar er í. Samstarfsráðherrarnir studdu þessa tillögu. Tilgangur þessarar ákvörðunar er að einfalda Norðurlandasamstarfið og ná aukinni samræmingu í vinnu þessara tveggja skrifstofa og þar með mynda skýrari heild Norðurlandasamstarfsins út á við. Í tengslum við þessa breytingu verður lögð áhersla á sameiginlega kynningar- og upplýsingastefnu Norðurlandaráðs og norrænu ráðherranefndarinnar.

Forsætisnefnd hélt áfram tengslum sínum við alþjóðastofnarnir, bæði í Evrópu og á nærsvæðunum. Þingmönnum frá Eystrasaltríkjunum var boðið til Norðurlandanna að kynna sér störf þinganna, eins og áður er frá greint. 25 styrkir voru veittir til þessa á árinu.

Í september tók forsætisnefnd þátt í 4. þingmannaráðstefnu Eystrasaltsríkjanna sem haldin var á Borgundarhólmi. Hún var skipulögð af Norðurlandaráði og aðalefnið var stefna ESB fyrir Eystrasaltssvæðið, lýðræði og mannréttindi ásamt öryggismálum. Á þeirri ráðstefnu flutti Geir H. Haarde, forseti Norðurlandaráðs, aðalræðuna, en Klaus Hänsch, forseti Evrópuþingsins, og Sergei Krylov, varautanríkisráðherra Rússlands, fluttu einnig ræður. Geir stjórnaði einnig nefnd um gerð lokaályktunar ráðstefnunnar.

Í desember var fundur milli forsætisnefndar Norðurlandaráðs og fulltrúa forsætisnefndar Evrópuráðsins. Á fundinum voru gefnar gagnkvæmar upplýsingar um starfsemi ráðanna og rætt um stækkun Evrópuráðsins til austurs.

Fjárhagsrammi forsætisnefndar fyrir árið 1996 verður 39 millj. sænskar krónur. Skrifstofa forsætisnefndar Norðurlandaráðs í Stokkhólmi er nú með 28 starfsmenn. Ísland greiðir 1,1% til þessara fjárlaga.

3.2 Laganefnd.

Fulltrúi Ísland í laganefndinni var Halldór Ásgrímsson en 13. júní tók Valgerður Sverrisdóttir við sæti hans. Laganefnd var lögð niður um áramótin. Laganefndin fjallaði um tvær ráðherranefndartillögur sem samþykktar voru á þingi ráðsins í Reykjavík en það var samstarfsverkefni á sviði jafnréttismála árin 1995–2000 og framkvæmdaáætlun fyrir fjármálaþjónustu. Þrjár þingmannatillögur á 46. þinginu voru samþykktar, um undirbúningsnefnd fyrir kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking, norrænt upplýsinganet um mannréttindi og norræna samvinnu á sviði hafréttarmála. (Sjá nánar um innihald tilmælanna í fylgiskjali I.)

Á 47. þingi Norðurlandaráðs í Kuopio voru samþykkt tvö tilmæli sem byggðust á þingmannatillögum, annað um löggjafarsamstarf í framtíðinni og hitt um jafna réttarstöðu norrænna ríkisborgara með tilliti til umboðsmanna þjóðþinga Norðurlandanna. (Sjá nánar fylgiskjal III.)

Laganefnd hélt átta fundi á starfsárinu og þar af einn sameiginlegan fund með dómsmálaráðherrum 29. júní 1995 þar sem m.a. var fjallað um Schengen-samninginn, framtíðarlöggjafarsamstarf Norðurlandanna, ríkjaráðstefnu ESB 1996 og málefni er hafa með fjölskyldurétt að gera. Í nóvember átti nefndin fund með norrænum ráðherrum sem fara með mál flóttamanna og innflytjenda.

Laganefndin tók þátt í ráðstefnu Evrópuráðsins um jafnrétti í febrúar þar sem undirbúin var sameiginleg afstaða til kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking. Nefndin átti einnig fulltrúa á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking um jafnréttismál og tók hann þátt bæði í opinberu ráðstefnunni og hinni óopinberu.

3.3 Menningarmálanefnd.

Fulltrúi Íslands í menningarmálanefnd til 13. júní 1995 var Guðmundur Árni Stefánsson og var hann jafnframt formaður hennar. Eftir myndun nýrrar Íslandsdeildar tók Sigríður A. Þórðardóttir við sem fulltrúi hennar í menningarmálanefndinni.

Menningarmálanefndin hélt sjö fundi á starfsárinu. Sameiginlegur fundur með menningar- og menntamálaráðherrum ásamt stjórn norræna menningarmálasjóðsins var haldinn tvisvar á árinu. Menningarmálanefnd Norðurlandaráðs var lögð niður um áramót.

Á 46. þingi Norðurlandaráðs voru samþykkt fimm tilmæli byggð á tillögum sem fjallað hafði verið um í menningarmálanefnd: Tilmæli um viðhorfamótandi störf fyrir börn og ungmenni með liðsinni fjölmiðla, tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs, sjálfsstjórnarsvæðin og Samahéruðin, aukna norræna samvinnu á bókmenntasviði, norrænu hljómsveitina og heildarstuðning til samstarfsstofnana norrænu námsflokkafélaganna voru samþykkt ásamt tillögu um norræn markmið sem miðar að opnari stjórnarháttum í ESB. (Sjá nánar fylgiskjal I.)

Á þingi Norðurlandaráðs í Kuopio í nóvember 1995 var fjallað um ráðherranefndartillögu um starfsáætlun um norræna barna- og unglingamenningu og var hún samþykkt. Einnig voru samþykktar þingmannatillögur um samvinnu um menntun túlka og þýðenda innan ESB og um þróun mála og menningarkenndar barna sem tengjast tveimur eða fleirum menningarheimum. (Sjá nánar fylgiskjal III.)

3.4 Félagsmálanefnd.

Fulltrúi Íslands í félagsmálanefnd til 13. júní 1995 var Sigríður A. Þórðardóttir en þá tók Guðmundur Árni Stefánsson við af henni og var hann jafnframt kjörinn formaður hennar.

Félagsmálanefnd hélt fimm fundi á starfsárinu. Nefndin starfaði einnig í þremur vinnuhópum sem fjölluðu um málefni ESB, um málefni Eystrasaltsríkja og um málefni Sameinuðu þjóðanna. Félagsmálanefnd var lögð niður um áramót.

Félagsmálanefndin hélt uppi töluverðum samskiptum við alþjóðastofnanir og sótti formaður hennar, Guðmundur Árni Stefánsson, ýmsar ráðstefnur og fundi, m.a. á vegum Sameinuðu þjóðanna og samtaka Eystrasaltsríkja. Nefndin skipulagði í samvinnu við laganefndina ráðstefnu um málefni flóttamanna á Norðurlöndum en hún var haldin í Finnlandi um miðjan janúar 1996 þrátt fyrir að nefndin hefði þá verið lögð niður.

Á 46. þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík í mars 1995 var fjallað um ráðherranefndartillögu sem afgreidd hafði verið frá félagsmálanefndinni um áætlun um samvinnu Norðurlandaráðs á sviði vinnumarkaðs og vinnuumhverfis. Einnig var fjallað um þingmannatillögurnar, um auknar áherslur á sviði heilbrigðismálastefnu í baráttunni gegn tóbaksreykingum og um aðstöðu og lífskjör hreyfihamlaðra á Norðurlöndum. Tillögur þessar voru allar samþykktar á þinginu. (Sjá fylgiskjal I.)

Á þingi ráðsins í Kuopio voru tvær þingmannatillögur um félagsleg málefni samþykktar. Þær fjölluðu um aukna samvinnu norrænna athvarfa fyrir sjómenn og um þjálfun upplýsingagjafa um ávana- og fíkniefni á grannsvæðum Norðurlanda. (Sjá fylgiskjal III.)

3.5 Umhverfisnefnd.

Fulltrúi Íslands í umhverfisnefnd var Kristín Einarsdóttir en 13. júní 1995 tók Sturla Böðvarsson við af henni.

Umhverfismálanefnd hélt sex fundi á árinu og einnig stóð hún að ráðstefnu, í samvinnu við efnahagsmálanefnd, um orku- og umhverfismál í Ósló 31. janúar til 1. febrúar 1995.

Umhverfisnefnd var lögð niður um áramótin 1995/96.

Á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík í mars 1995 var fjallað um tvær ráðherranefndartillögur um umhverfismál, um stofnun náttúru- og umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs og um sameiginlega framkvæmdaáætlun um byggðastefnu 1995–99. Þessar tillögur voru samþykktar sem tilmæli ásamt þingmannatillögu um norræna samræmingu ýmissa sviða umhverfisnefndar.

Á 47. þingi ráðsins í nóvember voru samþykkt fjögur tilmæli byggð á þremur ráðherranefndartillögum. Þau fjölluðu um framkvæmdaáætlun fyrir norræna samvinnu á sviði land- og skógarnytja 1996–2000, um stofnfjáraukningu í norræna umhverfisfjármögnunarfélaginu NEFCO, um framkvæmdaráætlun um samvinnu á norðurheimskautssvæðinu og um áhrif þjóðþinga og samvinnu á norðurheimskautssvæðinu. Einnig voru samþykkt tilmæli byggð á þingmannatillögu um lögbundin umhverfisgjöld og skatta í ESB og um svæðisbundna samvinnu á sviði orkumála. (Sjá fylgiskjal III.)

3.6 Efnahagsmálanefnd.

Í efnahagsmálanefnd var Hjörleifur Guttormsson fulltrúi Íslandsdeildar, allt þar til um áramót 1995–1996 en þá var nefndin lögð niður.

Nefndin hélt fimm fundi á árinu og áttu allnokkur samskipti við alþjóðastofnarnir.

Á þingi ráðsins í Reykjavík voru samþykkt tilmæli byggð á tveimur þingmannatillögum en þau fjölluðu um áætlun um eflingu félagslegra sjónarmiða og umhverfissjónarmiða innan alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) og önnur tilmæli um ráðstafanir til

að bæta möguleika kvenna til að stofna fyrirtæki. Hjörleifur Guttormsson var fyrsti flutningsmaður þeirrar tillögu. (Sjá nánar fylgiskjal I.)

Ekki var fjallað um tillögur sem verið höfðu í meðferð efnahagsmálanefndar á 47. þingi ráðsins í Kuopio.

3.7 Fjárlaganefnd.

Árni M. Mathiesen var fulltrúi Íslandsdeildar í fjárlaganefnd fram til 13. júní 1995 en þá tók Siv Friðleifsdóttir við af honum.

Fjárlaganefnd hélt sex fundi á árinu og átti fund með formanni norrænu samstarfsráðherranna, Marianne Jelved. Nefndin var lögð niður um áramót.

Á 47. þingi Norðurlandaráðs í Kuopio í nóvember 1995 voru samþykkt fjögur tilmæli, þrjú þeirra byggð á ráðherranefndartillögu um fjárlög norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 1996, en þau fjölluðu um framhald umbótarferilsins í norrænni samvinnu, um staðfestingu fjárlaga fyrir árið 1996 og um skýrslugerð ráðherranefndarinnar til Norðurlandaráðs. Einnig voru samþykkt tilmæli byggð á þingmannatillögu og þau fjölluðu um betri upplýsingar um löggjöf annars staðar á Norðurlöndum.

Á þinginu í Kuopio voru einnig teknar ákvarðanir um innri málefni, en tillögur að tveimur þeirra höfðu verið í umfjöllun fjárlaganefndar, önnur um norræna samvinnu í þjóðþingunum og hin um ársreikninga og skýrslu endurskoðanda Norðurlandaráðs. (Sjá fylgiskjal III.)

3.8 Verðlaun Norðurlandaráðs.

Verðlaun Norðurlandaráðs eru nú þrenns konar, bókmenntaverðlaun, tónlistarverðlaun og náttúru- og umhverfisverðlaun.

Bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs hefur verið úthlutað á hverju ári síðan 1962 og eru veitt fyrir bókmenntaverk sem ritað hefur verið á einu Norðurlandamálanna. Markmið verðlaunanna er að auka áhuga fyrir bókmenntum og tungumálum nágrannaþjóðanna.

Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 1995 hlaut íslenski rithöfundurinn Einar Már Guðmundsson fyrir bók sína „Englar alheimsins".

Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs voru fyrst veitt árið 1965 og fram til ársins 1988 voru þau einungis afhent annað hvert ár. Síðan 1990 hafa verðlaunin verið veitt á ári hverju og eru þau veitt annað hvert ár til tónskálda og hin árin til þeirra er leika tónlist.

Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs fyrir árið 1995 hlaut Eric Ericsson, sænskur kórstjórnandi, fyrir störf sín í þágu tónlistarinnar.

Á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík 1995 voru samþykkt tilmæli um að Norðurlandaráð skyldi veita náttúru- og umhverfisverðlaun á hverju ári.

Verðlaunin á að veita aðila sem hefur sett mark sitt á náttúru- og umhverfisvernd á Norðurlöndum eða til hóps fólks, samtaka, fjölmiðla, fyrirtækis eða stofnunar sem hefur í störfum sínum tekist að sýna í verki tillit til náttúrunnar á aðdáunarverðan hátt.

Verðlaunin voru fyrst veitt í tengslum við 47. þing Norðurlandaráðs 14. nóvember 1995 í Kuopio og hlaut þau verðlaun sænski efnafræðingurinn Torleif Ingelög.

Verðlaun Norðurlandaráðs eru að upphæð 350.000 danskar krónur hvert. Geir H. Haarde, þáverandi forseti Norðurlandaráðs, afhenti öll verðlaunin.

4. Þing Norðurlandaráðs.

4.1 46. þing Norðurlandaráðs.

46. þing Norðurlandaráðs var haldið í Reykjavík 27. febrúar til 2. mars 1995. Þar var fjallað um 24 þingmannatillögur, fimm ráðherranefndartillögur og 35 fyrirspurnir. Þingmanna- og ráðherranefndartillögurnar urðu að 22 nýjum tilmælum til ríkisstjórnar Norðurlanda og norrænu ráðherranefndarinnar.

Þingið einkenndist af umræðu um breyttar aðstæður í norrænni samvinnu eftir inngöngu Finna og Svía í Evrópusambandið. Í almennu umræðunum var mikil áhersla lögð á að Noregur og Ísland yrðu, í gegnum EES-samninginn, einnig virkir þátttakendur í því samstarfi sem á sér stað í Evrópu og þar með mundi norrænt samstarf lifa áfram en í breyttu formi.

Poul Nyrup Rasmussen, forsætisráðherra Dana, flutti inngangsræðu almennu stjórnmálaumræðanna. Hann lagði áherslu á að ekki væri hægt að efast um hlutverk norrænnar samvinnu því að þrátt fyrir að löndin hefðu valið ólíkar leiðir í Evrópusamstarfinu hefðu áhugamál þeirra og hagsmunir aldrei fallið þéttar saman en nú. Hann taldi hið norræna félagslega mynstur geta orðið fyrirmynd í Evrópu og nefndi mikilvægi þess að það hefði stuðning fólksins. Varðandi tungumálasamvinnuna taldi forsætisráðherrann að jafnvel þótt auðvelt væri að nota ensku væru Norðurlandamálin betri og að nauðsynlegt væri að vinna áætlun til langs tíma um samstarf um norræn tungumál. Rasmussen taldi mikilvægt að öll norrænu löndin tengdust Schengen-samstarfinu svo að ekki kæmi til nýrra landamæra innan Norðurlanda eða milli þeirra og Evrópu. Varðandi heimskautssamstarfið taldi hann mikilvægt að ríkisstjórnirnar settu á stofn heimskautsráð.

Nýr forseti Norðurlandaráðs, Geir H. Haarde, lagði í inngangsræðu sinni áherslu á að norrænt samstarf héldi áfram með breyttum áherslum og að það ætti að skiptast í þrjá flokka, samstarf innan og milli Norðurlandanna, samstarf við nærsvæðin og Evrópusamstarfið. Hann taldi mikilvægt að heimskautsráð yrði stofnað með ákveðnum þingmannaáhrifum. Hann nefndi einnig mikilvægi norræns samstarfs innan alþjóðasamtaka.

Í almennum umræðum tóku 70 þingmenn og ráðherrar til máls. Að þeim umræðum loknum tóku við málefni nefndanna. Samþykktir ráðsins og þær fyrirspurnir sem íslensku fulltrúarnir í ráðinu báru fram á árinu fylgja skýrslunni sem fylgiskjöl.

Um málefni nefndanna og þær tillögur er fram voru lagðar á 46. þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík er nánar fjallað í 3. kafla í sambandi við hverja nefnd fyrir sig.

4.2 5. aukaþing Norðurlandaráðs.

Norðurlandaráð hélt 5. aukaþing sitt í Kaupmannahöfn 29. september. Ráðið var kallað saman til aukaþings til þess að fjalla um forsætisnefndartillögu og um nýtt skipulag og nýja vinnuhætti fyrir Norðurlandaráð. Einnig var fjallað um þingmannatillögu um nefndaskipan og ráðherratillögu um breytingar á Helsinki-sáttmálanum. Um allar þessar tillögur var fjallað í einu lagi. Á þinginu var samþykkt að breyta nefndaskipan á grundvelli þess sem ákveðið var á þingi ráðsins í Reykjavík, þ.e. að samstarfið skuli í framtíðinni beinast að þremur meginsviðum: norræna samstarfinu innbyrðis, Norðurlöndum og Evrópusamstarfinu og Norðurlöndum og nærsvæðunum. Í samræmi við þessa ákvörðun var ákveðið að stofna þrjár meginnefndir, Norðurlandanefnd, Evrópunefnd og nærsvæðanefnd. Einnig var ákveðið að forsætisnefnd yrði styrkt sem stjórnunartæki og að þingin yrðu helguð mikilvægum pólitískum málum. Fyrir utan þessar þrjár nýju nefndir og forsætisnefnd var einnig stofnuð kjörnefnd og eftirlitsnefnd Norðurlandaráðs.

Í þingmannatillögunni um nefndaskipan, sem þingmenn flokkahóps vinstrisósíalista lögðu fram, var lagt til eftirfarandi: Evrópunefnd yrði stofnuð og mannréttindanefnd einnig en menningar-, umhverfis- og efnahagsnefnd mundu halda áfram að starfa. Starfsemi fjárlaganefndar mundi færast yfir til forsætisnefndar. Tillagan var ekki samþykkt.

Ráðherranefndartillaga um breytingu á Helsinki-sáttmálanum var samþykkt á þinginu. Ný regla um jafnræði borgaranna á Norðurlöndum til að búa, ferðast og starfa þar var færð inn í sáttmálann. Aðrar breytingar á sáttmálanum voru gerðar í samræmi við breytingar á skipan Norðurlandasamstarfsins.

Í umræðunum tóku 30 þingmenn og ráðherrar til máls. Geir H. Haarde, forseti Norðurlandaráðs, taldi breytingarnar afar mikilvægar og þótt erfiðlega hefði gengið að koma þeim í tillöguform væri mjög mikilvægt að þær nytu stuðnings þriggja stærstu flokkahópanna. Af hálfu Íslendinga tóku auk hans þátt í umræðunum Hjörleifur Guttormsson, Valgerður Sverrisdóttir og Siv Friðleifsdóttir.

Samþykktirnar fylgja skýrslu þessari sem fylgiskjal II.

4.3 47. þing Norðurlandaráðs.

Norðurlandaráð hélt 47. þing sitt í Kuopio í Finnlandi 13.–15. nóvember 1995 og var það í fjórða og síðasta sinn sem haldið var reglulegt þing bæði að hausti og vori.

Almennar umræður voru helgaðar utanríkis- og varnarmálum ásamt Evrópumálunum.

Danski utanríkisráðherrann Niels Helveg Petersen flutti skýrslu um utanríkis- og varnarmál fyrir hönd norrænu utanríkisráðherranna. Hann tók fram að ætlunin væri að Norðurlönd og norrænt samstarf fengju verðugan sess í evrópskri og alþjóðlegri þróun. Með því að Norðurlönd tækju virkan þátt í ESB og EES væri hægt að fá fram norrænar áherslur en þá væri einnig mikilvægt að málin yrðu tekin upp í norræna samstarfinu á byrjunarskeiði. Petersen lagði mikla áherslu á samstarf við Eystrasaltslöndin og Rússland. Einnig bæri að leggja áherslu á heimskautssvæðið.

Geir H. Haarde, forseti Norðurlandaráðs, lagði áherslu á að deilurnar í fyrrum Júgóslavíu yrðu leystar sem fyrst og benti á mikilvægi norrænna sjónarmiða við friðarumleitarnir þar. Fyrir utan Evrópusamstarfið væri norrænt samstarf í alþjóðastofnunum afar mikilvægt og Norðurlöndin ættu að leggja áherslu á að þau sem svæði gætu orðið nokkurs konar fyrirmynd svæðasamstarfs annars staðar í Evrópu. Einnig nefndi hann mikilvægi heimskautssamstarfsins.

Auk forseta Norðurlandaráðs töluðu af Íslands hálfu Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra og norrænn samstarfsráðherra Íslands, og alþingismennirnir Valgerður Sverrisdóttir, Hjörleifur Guttormsson og Sigríður A. Þórðardóttir.

Á þinginu fór fram umræða um og afgreiðsla fjárlaga norræna samstarfsins fyrir árið 1996. Nánar er greint frá innihaldi tillögunnar í kafla 3.7.

Að lokum fór fram afgreiðsla annarra nefnda Norðurlandaráðs. Auk fjárlagatillagnanna voru lagðar fram þrjár ráðherranefndartillögur og sex þingmannatillögur sem allar voru samþykktar. Um tillögurnar er fjallað í 3. kafla í samhengi við umfjöllun um hverja nefnd fyrir sig. Samþykktirnar fylgja skýrslunni sem fylgiskjal III.

Alþingi, 23. febr. 1996.

Valgerður Sverrisdóttir, form.	Guðmundur Árni Stefánsson, varaform.	Geir H. Haarde.
Steingrímur J. Sigfússon.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Sturla Böðvarsson.
	Siv Friðleifsdóttir.	

Fylgiskjal I.

Tilmæli, umsagnir og ákvarðanir um innri málefni, samþykktar á 46. þingi Norðurlandaráðs.

(Reykjavík, 27. febrúar til 2. mars 1995.)

Tilmæli:

Nr. 1/1995.
Samstarfsverkefni á sviði jafnréttismála 1995–2000 (B 146/j).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún samþykki norrænt samstarfsverkefni á sviði jafnréttismála 1995–2000, en síðan verði gefin út framkvæmdaáætlun árlega, unnin í samráði við Norðurlandaráð,

— að hún geri nákvæma grein fyrir fjárhagslegum afleiðingum samstarfsverkefnisins.

Nr. 2/1995.
Framkvæmdaáætlun fyrir fjármálaþjónustu (B 149/j).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún samþykki tillögu um norræna framkvæmdaáætlun um fjármálaþjónustu og taki sérstakt tillit til þess hvað nefndin hefur lagt til hvað snertir framkvæmdina og þær viðbætur sem nefndin hefur lagt til.

Nr. 3/1995.
Undirbúningsnefnd fyrir kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking (A1100/j).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún skipi ásamt Norðurlandaráði starfshóp til þess að samræma undirbúning Norðurlandaþjóða fyrir fjórðu kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem haldin verður í Peking.

Nr. 4/1995.

Norrænt upplýsinganet um mannréttindi (A 1099/j).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún liðsinni norrænum mannréttindastofnununum fimm við að koma á fót upplýsinganeti milli stofnananna, þannig að öll ríkin hafi gagn af samstarfinu, með útgáfu upplýsinga- og kennsluefnis, ráðstefnum, námskeiðum, námsstefnum og dvöl á lýðháskólum, sýningum og notkun rafeindabúnaðar (tölva o.s.frv.).

Nr. 5/1995.

Norræn samvinna á sviði hafréttarmála (A 1106/j).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

1. að hún auki norræna samvinnu við Sjóréttarstofnunina í Ósló sem verði einnig látin taka til norrænnar samvinnu á sviði hafréttarmála,
2. að komið verði á fót nauðsynlegum fjölda stöðugilda til að sinna þeim verkefnum sem vinna þarf við samræmingu norrænna sjónarmiða á sviði hafréttarmála,
3. að auk norrænnar samvinnu á sviði hafréttarmála verði unnið að samræmingu á þessu sviði ásamt Eystrasaltsríkjunum og öðrum grannsvæðum Norðurlanda, einkum á Eystrasaltssvæðinu.

Nr. 6/1995.

Viðhorfamótandi störf fyrir börn og ungmenni með liðsinni fjölmiðla (A 1098/k).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún hafi frumkvæði að því að a.m.k. árlega verði framleiddir útvarpsþættir, sjónvarpsþættir eða kvikmyndir í þágu barna og ungmenna þar sem beitt sé skemmtun og nútímalegum aðferðum við viðhorfamótun í því skyni að draga úr og koma í veg fyrir einelti, ofbeldi, kynþáttahatur og misnotkun áfengis og fíkniefna meðal barna og ungmenna,

— að hún meti samnorrænar aðgerðir sem miða að því að takmarka aðgengi að sjónvarpsþáttum og kvikmyndum, jafnt á sjónvarpsrásum og kapalkerfum í hverju landi, svo og hvað snertir dreifingu myndabanda og tölvuleikja á Norðurlöndum.

Nr. 7/1995.

Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs, sjálfsstjórnarsvæðin og Samahéruðin (A 1073/k).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún endurskoði hvort tilhögun tilnefninga og reglur þær sem gilda um tónlistarverðlaunin séu nógu góðar til þess að tryggja að unnt sé að tilnefna tónskáld og tónlistarmenn frá sjálfsstjórnarsvæðunum og Samahéruðunum til tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs. Breyting á tilhögun tilnefninga má ekki valda verulega auknum stjórnunarkostnaði við verðlaunin.

Nr. 8/1995.

Aukin norræn samvinna á sviði bókmennta (A 1082/k).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún hafi frumkvæði að skyndikönnun á samvinnu á sviði bókmennta á Norðurlöndum í framtíðinni og meti m.a.:

— forsendur fyrir skjótari útgáfu tilnefndra verka á öðrum Norðurlandamálum, með sérstöku tilliti til íslensku, færeysku og grænlensku,
— möguleika á því að gefa verðlaunabækurnar út á einhverju af heimsmálunum.

Nr. 9/1995.
Norræna hljómsveitin (A 1089/k).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:
1. að hún veiti norrænu hljómsveitinni árlegan rekstrarstyrk í tvö ár, 500.000 danskar krónur á ári, að því tilskildu að frumkvöðlarnir haldi áfram rekstri hennar, hvað snertir starfsemi og fjármál, með sama hætti og á reynslutímanum frá 1993 til 1995,
2. að hún feli NOMUS að semja skipulagsskrá og fjárhagsáætlun fyrir norrænu hljómsveitina fyrir 1. ágúst 1995,
3. að hún meti hver árlegur rekstrarstyrkur norrænu hljómsveitarinnar skal vera miðað við skipulagsskrá og fjárhagsáætlun NOMUS.

Nr. 10/1995.
Heildarstuðningur til samstarfsstofnana norrænu námsflokkafélaganna (A 1093/k).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:
— að hún geri ráðstafanir til að heildarfjárveitingin til samstarfsstofnana norrænu námsflokkafélaganna fái að halda sér, einnig eftir 1995.

Nr. 11/1995.
Norræn markmið sem miða að opnari stjórnarháttum í Evrópusambandinu (ESB) (A1095/k).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:
1. að hún setji sér norræn markmið um hvernig gera megi stjórnarhætti innan ESB opnari,
2. að hún vinni að því að á grundvelli sameiginlegra norrænna markmiða að koma á opnum stjórnarháttum innan ESB/EES sem samrýmist meginreglum Norðurlanda á þessu sviði.

Nr. 12/1995.
Norræn samræming ýmissa sviða umhverfisverndar (A 1104/m).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:
— að með tilliti til þess sem fram kemur í umræðum í ráðinu, svo og með tilliti til þess sem fram kemur í þessu nefndaráliti, verði unnið að því við endurskoðun á umhverfisverndarstefnu Norðurlanda að styrkja starfið með því að stofna til sameiginlegra framkvæmdaáætlana um náttúruvernd á hinum ýmsu sviðum.

Nr. 13/1995.
Stofnun náttúru- og umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs (B 150/m).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:
— að hún stofni til árlegra norrænna verðlauna, sem nefnist Náttúruverndar- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs, í samræmi við tillögu ráðherranefndarinnar, B/150/m, og með tilliti til þeirra sjónarmiða sem fram koma í áliti umhverfismálanefndar.

Nr. 14/1995.
Sameiginleg framkvæmdaáætlun á sviði byggðastefnu 1995–1999 (B 147/m).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún taki ákvörðun um sameiginlega norræna framkvæmdaáætlun á sviði byggðastefnu 1995–99 í samræmi við tillögu ráðherranefndarinnar, B 147/m, og með tilliti til þeirra sjónarmiða sem fram koma í áliti umhverfismálanefndar.

Nr. 15/1995.
Áætlun um eflingu félagslegra sjónarmiða og umhverfissjónarmiða innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) (A 1075/e og A 1077/e).

Norðurlandaráð mælist til þess við ríkisstjórnir Norðurlanda:

— að þær móti áætlun um hvernig heppilegast sé að starfa saman í því skyni að stuðla að sem bestum félagslegum og umhverfislegum aðstæðum meðal viðskiptaþjóða okkar, m.a. með því að rannsaka með hvaða hætti unnt sé að fá Alþjóðaviðskiptastofnunina til að samþykkja ákvæði um félagsleg og umhverfisleg atriði og með því að tryggja sem best samræmi í þessum málum í starfi stofnana eins og Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) og Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD).

Nr. 16/1995.
Ráðstafanir til að bæta möguleika kvenna til að stofna fyrirtæki (A 1079/e).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún kanni hvaða ráðstafanir eru gerðar á Norðurlöndum nú um stundir með tilliti til kvenna og leggja til aðgerðir til að bæta möguleika kvenna á því að stofna og reka fyrirtæki.

Nr. 17/1995.
Breytingar á Helsinki-sáttmálanum (A 1102/p, A 1097/p, rek. 20/1994/p).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina og ríkisstjórnir Norðurlanda:

— að þær vinni að því í samráði við forsætisnefnd Norðurlandaráðs að semja ráðherranefndartillögu um nauðsynlegar breytingar á Helsinki-sáttmálanum sem tekin verði til meðferðar á 47. þingi Norðurlandaráðs.

Nr. 18/1995.
Markmið og forgangsröðun hvað snertir fjárlög fyrir árið 1996 (A 1102/p, A 1097, rek 20/1994/p).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún leggi þau markmið og forgangsröðun sem lögð var til í skýrslunni „Norræn samvinna á nýjum tímum“ til grundvallar við skipulagningu og gerð fjárlaga fyrir norræna samstarfið 1996.

Nr. 19/1995.

Ráðstefnu Norðurlandaráðs um Sameinuðu þjóðirnar fylgt eftir (A 1101/p).

Norðurlandaráð mælist til þess við ríkisstjórnir Norðurlanda:

— að þær gefi gaum að og fylgi eftir tillögum í lokaskjali ráðstefnu Norðurlandaráðs um Sameinuðu þjóðirnar í Helsinki 10.–12. janúar 1995 í tengslum við almenna viðleitni til að betrumbæta stofnunina, einkum með tilliti til fundar æðstu manna á sviði félagsmála, sem haldinn verður 6.–12. mars 1995 í Kaupmannahöfn, og fjórðu kvennaráðstefnunnar sem haldin verður 4.–15. september 1995 í Peking.

Nr. 20/1995.

Áætlun um samvinnu Norðurlandsráðs á sviði vinnumarkaðar og vinnuumhverfis (B 148/s).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún staðfesti „Áætlun um samvinnu Norðurlandaráðs á sviði vinnumarkaðar og vinnuumhverfis 1995–2000“ í samræmi við ráðherranefndartillögu B 148/s þar sem tekið verði tillit til þeirra sjónarmiða sem fram komu í áliti félagsmálanefndar.

Nr. 21/1995.

Auknar áherslur á sviði heilbrigðismálastefnu í baráttunni gegn tóbaksreykingum (A 1069/s).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina og ríkisstjórnir Norðurlanda:

— að þær leggi megináherslu á forvarnir gegn tóbaksreykingum í heilbrigðismálastefnu sinni í hverju ríki, á vettvangi Norðurlanda og á alþjóðavettvangi.

Nr. 22/1995.

Aðstæður og lífskjör hreyfihamlaðra á Norðurlöndum (A 1094/s).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún geri úttekt á ástandi og lífskjörum hreyfihamlaðra með tilliti til staðalreglna Sameinuðu þjóðanna.

Umsagnir:

Nr. 1/1995.

Umsögn Norðurlandaráðs (forsætisnefndarinnar) um tilkynningu um tilmæli 31/2992/p hvað snertir samvinnu á norðurheimskautssvæðinu.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til norrænu ráðherranefndarinnar:

— að hún semji, á grundvelli umfjöllunar á 46. þingi ráðsins, ráðherranefndartillögu í formi áætlunar um samvinnu á norðurheimskautssvæðinu,

— að starfið fari fram í náinni samvinnu stofnana Norðurlandaráðs og samstarfsnefndar um norðurheimskautssvæðið og

— að tillaga um áætlunina verði send Norðurlandaráði svo að það geti tekið hana til meðferðar á 47. þingi sínu.

Nr. 2/1995.
Umsögn Norðurlandaráðs (fjárlaganefndar) um skýrslu norrænu ráðherranefndarinnar um norræna samvinnu 1994 (C 1).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:
— að hún taki tillit til þeirra sjónarmiða sem fram koma í greinargerð fjárlaganefndar, svo og meðfylgjandi umsögnum fagnefnda.

Ákvarðanir um innri málefni:

Nr. 1/1995.
Norræn samvinna á nýjum tímum (A 1102/p).

Norðurlandaráð hefur tekið eftirfarandi ákvarðanir um innri málefni:
— að samþykkja markmið og forgangsröðun í skýrslunni „Norræn samvinna á nýjum tímum" og meginatriði tillagnanna um fyrirkomulag og skipulag samstarfsins,
— að miða við það sem segir í skýrslunni hvað snertir áframhaldandi framkvæmd tillagnanna,
— að senda 47. þingi Norðurlandaráðs í Kuopio skýrslu um framgang umbótastarfsins ásamt tillögum um ákveðnar breytingar á starfsháttum ráðsins.

Nr. 2/1995.
Sendimenn sem boða velvild (A 1088/p).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:
— að hún ræði með opnum huga markmiðin með þingfulltrúatillögu um sendimenn sem boða velvild, í ljósi yfirstandandi athugunar á upplýsinga- og útgáfustarfi Norðurlandaráðs.

Fylgiskjal II.

Tilmæli, umsagnir og ákvarðanir um innri málefni sem samþykktar voru á 5. aukaþingi Norðurlandaráðs.
(Kaupmannahöfn, 29. september 1995.)

Tilmæli:

Nr. 23/1995.
Breytingar á Helsinki-sáttmálanum.

Norðurlandaráð mælist til þess við ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar:
— að þær geri þær breytingar á 2., 48., 51., 52., 53., 54. og 55. gr. sem tilgreindar eru í Viðauka 3 með forsætisnefndartillögu A 117/p.

Ákvarðanir um innri málefni:

Nr. 3/1995.
Nýtt skipulag og nýir starfshættir Norðurlandaráðs.

Norðurlandaráð samþykkir eftirfarandi ákvörðun um innri málefni:

— að samþykkja tillögu forsætisnefndarinnar um nýtt skipulag og nýja starfshætti Norðurlandaráðs en fella þingfulltrúatillögu A 1116/p.

Nr. 4/1995.
Breytingar á vinnureglum Norðurlandaráðs.

Norðurlandaráð felur forsætisnefndinni:

— að senda 47. þingi Norðurlandaráðs í Kuopio tillögu um breytingar á vinnureglum ráðsins o.fl. á grundvelli ákvörðunar ráðsins á 5. aukaþingi um nýtt skipulag og nýja starfshætti og breytingar á Helsinki-sáttmálanum.

Fylgiskjal III.

Tilmæli og ákvarðanir um innri málefni, samþykktar á 47. þingi Norðurlandaráðs.
(Kuopio, 13.–15. nóvember 1995.)

Tilmæli:[1]

Nr. 24/1995.
Framhald umbótaferlisins í norrænni samvinnu (C 2; B 151/b).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún sjái til þess að tækifæri gefist til að fylgja eftir á farsælan hátt umbótaferlinu „Norræn samvinna á nýjum tímum", að málinu verði hraðað eins og kostur er, hér eftir sem hingað til, að pólitískum áherslum frá vorinu 1995 verði fylgt eftir með samræmdum hætti og að í fjárlögum verði gert ráð fyrir tilteknum sveigjanleika. Norðurlandaráð er þeirrar eindregnu skoðunar að forsætisnefndinni og nýkjörnum fastanefndum þess eigi að gefast tækifæri til að ræða forgangsröðun við ráðherranefndina. Í þessu sambandi skal grundvöllur viðræðna einnig vera skýrslan „Norræn nytsemi" ásamt tillögu um aukna fjármögnun notenda (þjónustugjöld), svo og breytingartillögur.

---

[1] Tilmæli 1–22/1995, ásamt samþykktum um innri málefni, nr. 1–2/1995, sjá skýrslu um 46. þing Norðurlandaráðs sem haldið var árið 1995.
Tilmæli 23/1995, ásamt ákvörðunum um innri málefni, nr. 3 og 4/1995, sjá skýrslu um 5. aukaþing Norðurlandaráðs sem haldið var árið 1995.

Nr. 25/1995.
Staðfesting fjárlaga fyrir árið 1996 (C 2; B 151/b).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún geri eftirfarandi breytingar á fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1996:

a. Sérstök fjárveiting, „heildarframlag", verði ætluð til stuðnings alþýðufræðslu og námsflokkum undir liðnum „2.2 Tímabundnar áætlanir og almennar stuðningsaðgerðir". „Heildarframlagið" nemi 2,6 milljónum danskra króna. Fjármögnun verði með þeim hætti að liðurinn „2.2.3 Stýrihópur fyrir fyrir fullorðinsfræðslu og alþýðufræðslu" verði skorinn niður um 2,6 milljónir danskra króna.

b. Undir liðnum „1.3.5 Norræna ungmennanefndin" skal verja 80% (3,8 milljónum danskra króna) af fjárveitingunni, sem nemur samtals 4,7 milljónum danskra króna, til almennra stuðningsaðgerða fyrir norræn barna- og ungmennasamtök.

c. Aukin fjárveiting til Norræna alþýðusafnaðarins, 350.000 danskar krónur, en jafnframt því er liður „4.4 Bygginga- og húsnæðisgeirinn" skorinn niður um 350.000 danskar krónur.

Nr. 26/1995.
Skýrslugjöf ráðherranefndarinnar til Norðurlandaráðs (C 2; B 151/b).

Norðurlandaráð leggur til að Norræna ráðherranefndin taki tillit til eftirfarandi:

— að ráðið og stofnanir þess óska eftir því án tafar að hefja viðræður við ráðherranefndina um hvernig starfsskýrsla, ársreikningur og tillögur um starfsáætlun og frumvarp til fjárlaga skuli meðhöndluð eftir breytta tímasetningu þegar ársþing verður haldið að hausti til; umræðan á fyrst og fremst snúast um eftirfarandi:

— að meginreglan sé sú að ráðinu og stofnunum þess gefist tækifæri til þess í tæka tíð að ræða áætlanir, forgangsröðun og áhrif á fjárlög þannig að hægt sé að taka tillit til þess,

— að ráðherranefndin veiti ráðinu upplýsingar jafnóðum, án þess að bið verði á, hvað snertir ársreikning liðins árs, yfirfærslu fjár til verkefna, fjárhagsspá o.fl.,

— að pólitískum stjórntækjum í formi starfsáætlunar og fjárlaga verði breytt og þau gerð einfaldari, bæði hvað snertir innihald og form, til þess að koma betur til móts við kröfur um yfirsýn og auðvelda þar með áframhaldandi umbótastarf: að fjármunum hinna norrænu fjárlaga verði beint að þeim sviðum sem njóta forgangs.

Nr. 27/1995.
Betri upplýsingar um löggjöf annarra norrænna ríkja (A 1121/b).

Norðurlandaráð mælist til þess við ríkisstjórnir Norðurlanda:

— að þær kynni lög og reglugerðir annarra Norðurlanda þegar þjóðþingin fjalla um lagafrumvörp.

Nr. 28/1995.
Mat á norrænum samstarfsstofnunum (B 156/p).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún veiti Norðurlandaráði aðgang að niðurstöðum yfirstandandi umsagnarferlis um úttektarskýrsluna á samnorrænum stofnunum, ásamt þeim ályktunum sem af henni má draga,

— að hún gefi ráðinu tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, jafnvel áður en samstarfsráðherrarnir leggja línurnar fyrir fjárlög norrænnar samvinnu fyrir árið 1997 og
— að hún gefi stofnunum ráðsins upplýsingar um áframhaldandi athugun á stofnununum.

Nr. 29/1995.
Framkvæmdaáætlun fyrir norræna samvinnu á sviði land- og skógarnytja 1996–2000 (B 154/m).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:
— að hún staðfesti framkvæmdaáætlunina um samvinnu á sviði land- og skógarnytja 1996–2000, í samræmi við ráðherranefndartillögu (B 154/m), með tilliti til þeirra sjónarmiða sem komu fram í áliti umhverfismálanefndar,
— að ráðherranefndin í fjárlögum sínum fyrir árið 1997 og síðan á meðan framkvæmdaáætlunin stendur yfir leggi til nauðsynlega fjármuni, u.þ.b. 23 milljónir danskra króna árið 1995, til norrænnar samvinnu á sviði land- og skógarnytja 1996–2000.

Nr. 30/1995.
Stofnfjáraukning í Norræna umhverfisfjármögnunarfélaginu (NEFCO) (B 155/m).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:
— að hún auki stofnfé *Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins* og geri breytingar á 2., 3. og 10. gr. í lögum félagsins í samræmi við ráðherranefndartillögu (B 155/m) og taki tillit til þeirra sjónarmiða sem fram komu í tillögum umhverfismálanefndar.

Nr. 31/1995.
Framkvæmdaáætlun um samvinnu á norðurheimskautssvæðinu (B157/m).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:
— að hún staðfesti framkvæmdaáætlun um samvinnu á norðurheimskautssvæðinu í samræmi við ráðherranefndartillögu (B 157/m) og taki tillit til þeirra sjónarmiða sem fram komu í tillögum umhverfismálanefndar og
— að ráðherranefndin í fjárlögum sínum fyrir árið 1997 og í síðari fjárlögum leggi fram fé til samræmingar í norrænum aðgerðum á norðurheimskautssvæðinu og að fjárframlög séu nægilega mikil til að hvetja til viðbótarframlaga frá fjármögnunaraðilum í einstökum ríkjum og á alþjóðavettvangi.

Nr. 32/1995.
Áhrif þjóðþinga á samvinnu á norðurheimskautssvæðinu (B 157/m).

Norðurlandaráð mælist til þess við ríkisstjórnir Norðurlanda:
— að í yfirstandandi viðræðum ríkisstjórnanna um stofnun norðurheimskautsráðs stuðli þær að því að komið sé á samskiptaháttum í formi fastanefndar þingmanna sem geri mögulegar hnitmiðaðar viðræður milli ríkisstjórna og þjóðþinga þeirra landa sem liggja að norðurheimskautinu og

— að þær stuðli að því að norðurheimskautsráðinu sé lögð til fastaskrifstofa og að starfsemi hennar verði fjármögnuð með sameiginlegum árlegum fjárlögum sem aðildarríki ráðsins leggi fram fjármuni til samkvæmt samkomulagi sínu um skiptingu slíkra framlaga sín á milli.

Nr. 33/1995.
Lögbundin umhverfisgjöld og -skattar í ESB (A 1108/m).

Norðurlandaráð mælist til þess við ríkisstjórnir Norðurlanda:

— að þær haldi áfram að stuðla að því innan ESB að komið verði á lögbundnum koltvísýringsskatti ásamt hertum og bindandi kröfum um útblástur loftmengandi efna, m.a. köfnunarefnisoxíða og brennisteinsoxíða.

Nr. 34/1995.
Svæðisbundin samvinna á sviði orkumála (A 1119/m).

Norðurlandaráð mælist til þess við ríkisstjórnir Norðurlanda:

— að þær stofni til áætlunar, í samráði við Eystrasaltsríkin og Rússland, um að koma á fót svæðisbundnu visthæfu orkukerfi sem væri, að svo miklu leyti sem við verður komið, byggt á nýtingu endurnýjanlegra orkulinda og
— að þáttur í því að koma áætluninni á fót verði að kanna skilyrðin fyrir jarðgaskerfi með jarðgasi fengnu frá Noregi og Rússlandi þar með talið lagningu jarðgaslagnar frá Noregi um Svíþjóð til Finnlands, svo og með hvaða skilyrðum Eystrasaltsríkin geti tengst slíku kerfi.

Nr. 35/1995.
Starfsáætlun um norræna barna- og unglingamenningu (NB 153/k).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún staðfesti tillögu um starfsáætlun um samvinnu á sviði norrænnar barna- og unglingamenningar fyrir árin 1996–2000, með þeim fyrirvara að ráðherranefndin vinni áfram að gerð tillögunnar um starfsáætlun um samvinnu á sviði barna- og unglingamenningar (B 153/k) og leggi fram á næsta þingi Norðurlandaráðs endurskoðaða tillögu, þar sem m.a. er tekið tillit til eftirtalinna atriða:
  — að leitað verði eftir framlögum norrænna menntamála- og rannsóknamálaráðherra til samvinnu á sviði barna- og unglingamenningar og að þau verði hluti af áætluninni,
  — að menningarmálanefndin styðji ekki stofnun sjóðsins „Lifandi Norðurlönd“,
  — að menningarmálanefndin er hikandi um stofnun stýrihóps fyrir barna- og unglingamenningu,
  — að menningarmálanefndin æskir þess að ekki verði dregið úr því grunnframlagi sem veitt hefur verið til barna- og unglingasamtaka frá því sem nú er,
  — að mótuð verði norræn stefna um menningarþróun í þeim samfélögum Norðurlanda þar sem finnast margir menningarkimar,
  — að norræna ráðherranefndin veiti Norðurlandaráði stöðugt upplýsingar um framvindu starfsáætlunarinnar.

Nr. 36/1995.
Samvinna um menntun túlka og þýðenda innan ESB (A 1086/k).

Norðurlandaráð mælist til þess við ríkisstjórnir Norðurlanda:

— að þær vinni að því í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir ESB að auka samvinnu um menntun í því skyni að fullnægja sem fyrst þörfinni fyrir túlka og þýðendur í Norðurlandamálum.

Nr. 37/1995.
Þróun mál- og menningarkenndar barna sem tengjast tveim eða fleiri menningarheimum (A 1112/k).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún geri sérstakar ráðstafanir til að stuðla að möguleikum norrænna barna, sem tengjast tveim eða fleiri menningarheimum, til að þróa með sér hinar mismunandi hliðar á málfars- og menningarlegum einkennum sínum innan þess kerfis sem býður upp á hreyfanleika nemenda og kennara og hins norræna tölvunetkerfis milli skóla á sviði norrænnar samvinnu.

Nr. 38/1995.
Norrænt löggjafarstarf í framtíðinni (A 1114/j).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að norræn samvinna um löggjöf haldi áfram í sama mæli og áður,
— að Norðurlandaþjóðir kynni hver annarri um markmið og efni löggjafar áður en hún er samþykkt og leiti upplýsinga um að hve miklu leyti svipaðar ráðstafanir hafi verið gerðar annars staðar á Norðurlöndum,
— að Norðurlandaþjóðir hefji snemma samvinnu þegar undirbúin er löggjöf sem nær til norrænna þegna,
— að Norðurlandaþjóðir stuðli að því, við framkvæmd reglugerða ESB og reglugerða sem leiðir af samningnum um EES, að svo miklu leyti sem hægt er og í samræmi við þær skyldur sem hvíla á einstökum ríkjum, að slíkar reglugerðir séu framkvæmdar með sama hætti á öllum Norðurlöndum í því skyni að stofna eða varðveita samræmi hins norræna réttarkerfis á sem flestum sviðum stjórnsýslunnar,
— að framkvæmd sams konar reglugerða verði með sama hætti að svo miklu leyti sem unnt er, þ.e. hlíti sömu meginreglum,
— að dómsmálaráðherrar Norðurlanda gefi ráðinu skýrslu árlega um hvaða ný lög hafi verið samþykkt og gengið í gildi á árinu á Norðurlöndum og geri grein fyrir framtíðaráætlunum í hverju ríki og á vettvangi Norðurlanda.

Nr. 39/1995.
Jöfn réttarstaða norrænna ríkisborgara með tilliti til umboðsmanna þjóðþinga Norðurlanda (A 1122/j).

Norðurlandaráð mælist til þess við ríkisstjórnir Norðurlanda:

— að þær stofni til samvinnu til að sjá til þess að yfirvöld á Norðurlöndum stuðli að því að skipa málum með þeim hætti að umboðsmönnum þjóðþinganna sé kleift að hafa eftirlit með því að réttarstaða norrænna ríkisborgara sé samkvæmt því sem ætlast er til eins og fram kemur í 2. gr. Helsinki-sáttmálans.

Nr. 40/1995.
Aukin samvinna norrænna athvarfa fyrir sjómenn (A 1110/s).

Norðurlandaráð mælist til þess við ríkisstjórnir Norðurlanda:

— að þær geri ráðstafanir til að styrkja og auka norræna samvinnu milli norrænna athvarfa fyrir sjómenn fyrir tilstilli norræna sjómannakirkjuráðsins og styðji hina mikilvægu starfsemi þess erlendis í þágu norrænna ríkisborgara.

Nr. 41/1995.
Þjálfun upplýsingagjafa um ávana- og fíkniefni á grannsvæðum Norðurlanda (A 1118/s).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún stofni til þjálfunar ungmenna á grannsvæðum Norðurlanda sem upplýsingagjafa um ávana- og fíkniefni í náinni samvinnu við norrænu tengiliðanefndina um ávana- og fíkniefnamál og önnur hlutaðeigandi stjórnvöld, stofnanir og samtök á Norðurlöndum og grannsvæðum þeirra sem taka þátt í baráttunni gegn ávana- og fíkniefnum.

Ákvarðanir um innri málefni:[2]

Nr. 4/1995.
Norræna samvinna í þjóðþingunum (A 1121/b) (eftirlitshlutverk fjárlaganefndar).

Norðurlandaráð samþykkir:

— að forsætisnefndinni verði fengið það hlutverk að bera ábyrgð á því að koma á betri tengslum milli norrænnar samvinnu — Norðurlandaráðs — og starfsins á vettvangi þjóðþinga Norðurlanda, þingflokka og stjórnmálaflokka á Norðurlöndum. Forsætisnefndinni ber að taka tillit til þeirra tillagna sem komið hafa fram við athugun fjárlaganefndar.

Nr. 5/1995.
Ársreikningur og skýrsla endurskoðenda Norðurlandaráðs (C 9/b).

Norðurlandaráð samþykkir:

— að tekið verði á þeim brotalömum í stjórnun á starfsemi ráðsins sem endurskoðendur hafa gagnrýnt.

---

[2] Tilmæli 1–22/1995, ásamt samþykktum um innri málefni, nr. 1 og 2/1995, sjá skýrslu um 46. þing Norðurlandaráðs sem haldið var árið 1995.

Tilmæli 23/1995, ásamt ákvörðunum um innri málefni, nr. 3 og 4/1995, sjá skýrslu um 5. aukaþing Norðurlandaráðs sem haldið var árið 1995.

Nr. 6/1995.
Breytingar á starfsháttum Norðurlandaráðs (A 1120/p).

Norðurlandaráð samþykkir:
— að viðurkenna tillögu forsætisnefndar um breytingar á starfsháttum Norðurlandaráðs (A 1120/p: fylgiskjal),
— að breytingar á starfsháttum gangi í gildi sama dag og breytingar á Helsinki-sáttmálanum ganga í gildi.

Fylgiskjal IV.

Fyrirspurnir til ráðherranefnda og ríkisstjórna Norðurlanda frá fulltrúum Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Hjörleifur Guttormsson:

Fyrirspurn E12/1995 til ráðherranefndar Norðurlanda og ríkisstjórna Danmerkur, Svíþjóðar og Finnlands fyrir 46. þing Norðurlandaráðs um samnorrænt vegabréfasvæði á Norðurlöndum.

Hjörleifur Guttormsson:

Fyrirspurn E14/1995 til ráðherranefndar Norðurlanda fyrir 46. þing Norðurlandaráðs um norræna sáttmála og samnorrænar skýringar á ESB-rétti á sviði félagslegs öryggis.

593. Skýrsla [338. mál]

Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins fyrir árið 1995.

1. Inngangur.

Frá falli Berlínarmúrsins hefur Evrópuráðið gegnt stóru hlutverki í því að styðja þjóðir Mið- og Austur-Evrópu á leið þeirra til lýðræðis. Fjölmargir sáttmálar, sem Evrópuráðið hefur sett um hin ýmsu svið þjóðlífsins, þar sem hæst ber að sjálfsögðu mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, eru mikilvægar mælistikur fyrir þjóðir sem eru að stofna eða endurreisa lýðræði og réttarríki í sínu landi. Að sama skapi hefur aðildarríkjum Evrópuráðsins fjölgað gífurlega frá árinu 1988 er þau voru 22 til janúar 1996 er Evrópuráðsþingið mælti með því að Rússlandi yrði boðið að gerast 39. aðildarríki ráðsins. Á árinu 1995 fengu Lettland, Moldavía, Albanía, Úkraína og fyrrum júgóslavneska - lýðveldið Makedónía aðild að Evrópuráðinu. Jafnframt hafa Bandaríki Norður-Ameríku og Japan óskað eftir áheyrnaraðild að Evrópuráðsþinginu. Áhugi á störfum ráðsins fer því sífellt vaxandi og ólíkt flestum öðrum svokölluðum Evrópustofnunum eiga flest Evrópuríki nú sæti og rödd í sal Evrópuráðsþingsins.

Á 118. þingi var Íslandsdeildin þannig skipuð að aðalmenn voru: Björn Bjarnason, formaður, Sjálfstæðisflokki, Guðmundur Bjarnason, varaformaður, Framsóknarflokki, og Sigbjörn Gunnarsson, Alþýðuflokki, en varamenn voru: Ragnar Arnalds, Alþýðubandalagi, Kristín Ástgeirsdóttir, Samtökum um kvennalista, og Lára Margrét Ragnarsdóttir,

Sjálfstæðisflokki. Á 119. þingi voru eftirtaldir þingmenn skipaðir í Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins til fjögurra ára sem aðalmenn: Lára Margrét Ragnarsdóttir formaður, Sjálfstæðisflokki, Ólafur Ragnar Grímsson varaformaður, Alþýðubandalagi, og Hjálmar Árnason, Framsóknarflokki; sem varamenn: Tómas Ingi Olrich, Sjálfstæðisflokki, Ólafur Örn Haraldsson, Framsóknarflokki, og Hjálmar Jónsson, Sjálfstæðisflokki. Ritari Íslandsdeildarinnar er Þórður Bogason.

Í byrjun september tók Sveinn Á. Björnsson sendifulltrúi upp fast aðsetur í Strassborg og annast daglegan rekstur skrifstofu utanríkisráðuneytisins hjá Evrópuráðinu. Er þessi tilhögun einnig mikill styrkur fyrir Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins hvað varðar upplýsingaflæði og ýmiss konar aðstoð.

2. Fyrsti hluti þings Evrópuráðsins 1995.

Dagana 30. janúar – 3. febrúar 1995 var I. hluti þings Evrópuráðsins 1995 haldinn í Strassborg. Þingið sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Björn Bjarnason, formaður, Guðmundur Bjarnason, varaformaður, Kristín Ástgeirsdóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir og Þóra Guðnadóttir, ritari sendinefndarinnar.

Í upphafi þingsins var Miguel-Angel Martínez endurkjörinn forseti þingsins. Þingið samþykkti aðild Lettlands að ráðinu; var það síðast Eystrasaltsríkjanna til að fá aðild.

Að þessu sinni bar hæst umræður um atburðina í Tsjetsjeníu og endurskoðun umsóknar Rússlands að Evrópuráðinu í ljósi þeirra atburða. Eftir miklar umræður, þar sem stríðsaðgerðir Rússa í Tsjetsjeníu voru harðlega gagnrýndar, ákvað þingið að slá á frest starfi á vegum þingsins varðandi umsögn þess um aðildarumsókn Rússlands. Þetta mál var að nýju tekið upp á IV. hluta þingsins í september. Í tengslum við þessa umræðu sat Sergei Kovalev, mannréttindafrömuður og fyrrum andófsmaður frá Rússlandi, fyrir svörum á fundi þriggja þingnefnda.

Þrír þjóðarleiðtogar ávörpuðu þingið: Vaclav Klaus, forsætisráðherra Tékklands, Edouard Balladur, forsætisráðherra Frakklands, og Mario Soares, forseti Portúgals. Formaður ráðherranefndarinnar og utanríkisráðherra Kýpur, Alecos P. Michaelides, gerði þinginu grein fyrir störfum nefndarinnar og svaraði spurningum þingmanna. Kosnir voru sjö dómarar Evrópudómstólsins frá eftirtöldum aðildarríkjum: Austurríki, Lúxemborg, Hollandi, Noregi, Portúgal, Spáni og Tyrklandi.

Umhverfisár Evrópu var sett við formlega athöfn en Evrópuráðið mun fylgja því eftir með ráðstefnu á þessu ári, um hlutverk félagasamtaka (Non-Governmental Organizations) í umhverfismálum. Í tilefni setningarinnar var opnuð ljósmyndasýning um umhverfisáhrif, en Sigrún Stefánsdóttir fréttamaður hlaut fyrstu verðlaun fyrir mynd sína af 33 myndum sem valdar voru á sýninguna.

Lára Margrét Ragnarsdóttir var einróma endurkjörin formaður nefndar um samskipti milli þjóðþinga og við almenning.

Þingið ályktaði um eftirfarandi málefni:

a. um störf nefndar Sameinuðu þjóðanna um efnahagsmál Evrópu, en störf nefndarinnar miða aðallega að því að aðstoða við efnahagsumbætur í Austur-Evrópu,
b. um ástandið á Kýpur,
c. um versnandi aðstöðu í fangelsum í Evrópu,
d. um áætlun um umhverfismenntun sem hluta af kennaranámi,
e. um drög að sáttmála um lífsiðfræði,
f. um héruð í Evrópu og ráðstefnu sveitarstjórna í Evrópu (CLRAE),
g. um stefnu í félagsmálum og pólitískt jafnvægi í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu,

h. um alþjóðlega ráðstefnu um fólksfjölda og þróun sem haldin var í Kaíró á sl. ári, og tók Kristín Ástgeirsdóttir þátt í þeirri umræðu.

3. Annar hluti þings Evrópuráðsins 1995.

Dagana 24.–28. apríl var II. hluti þings Evrópuráðsins 1995 haldinn í Strassborg og sóttu það Lára Margrét Ragnarsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir og Þóra Guðnadóttir, ritari sendinefndarinnar.

Á þinginu bar hæst umræðu um hernaðaraðgerðir Tyrkja í Norður-Írak. Samþykkt var tillaga um að fordæma aðgerðir þeirra.

Þingið ályktaði m.a. um eftirfarandi málefni:

a. um drög að Evrópusáttmála um réttindi barna,
b. um félagsmál og aðlögun í breyttri Evrópu,
c. um evrópska samvinna á sviði menningarmála,
d. um skuldbindingar og skyldur aðildarríkja Evrópuráðsins,
e. um samvinnu í þróunarmálum,
f. um sjöttu Evrópuráðstefnu um landamæraríki,
g. um gæðamat í heilsugæslu og læknismeðferð,
h. um jafnrétti kynjanna varðandi eftirnöfn barna.

Þrír þjóðarleiðtogar ávörpuðu þingið: Jean Videnov, forsætisráðherra Búlgaríu, Lennart Meri, forseti Eistlands, og Gyula Horn, forsætisráðherra Ungverjalands.

Alecos Michaelides, utanríkisráðherra Kýpur og formaður ráðherranefndar Evrópuráðsins, gerði þinginu grein fyrir störfum nefndarinnar frá síðasta þingi.

Á þinginu var kjörinn dómari í mannréttindadómstól Evrópu frá Belgíu.

4. Þriðji hluti þings Evrópuráðsins 1995.

Dagana 26.–30. júní var III. hluti þings Evrópuráðsins á árinu 1995 haldinn í Strassborg og sóttu það Lára Margrét Ragnarsdóttir, Ólafur Ragnar Grímsson, Hjálmar Árnason, Hjálmar Jónsson, Tómas Ingi Olrich og Þóra Guðnadóttir, ritari sendinefndarinnar.

Á þinginu var samþykkt að mæla með aðild Moldavíu og Albaníu að Evrópuráðinu en aðalmálefni þingsins var umræða um baráttu gegn kynþáttafordómum og ýmsir viðburðir tengdir þeirri umræðu. Þá fjallaði þingið um félagsþróunarsjóð Evrópuráðsins, um málefni Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu og um ástand mála í Bosníu.

Þingið ályktaði að auki um eftirfarandi efni:

a. um drög að Evrópusáttmála um fjallasvæði,
b. um áhrif sjónmyndar (visual image).

Eftirfarandi ávörpuðu þingið: Maris Gailis, forsætisráðherra Lettlands, Ingvar Karlsson, forsætisráðherra Svíþjóðar, Mario Frick, forsætisráðherra Liechtenstein, Muhamed Sacirbey, utanríkisráðherra Bosníu, Mackay of Clashfern lávarður, forseti bresku lávarðadeildarinnar.

Á þinginu var kjörinn dómari í mannréttindadómstól Evrópu frá Lettlandi.

5. Fjórði hluti þings Evrópuráðsins 1995.

Dagana 25.–29. september 1995 var fjórði og síðasti hluti þings Evrópuráðsins á árinu 1995 haldinn í Strassborg. Af hálfu Íslandsdeildarinnar sóttu þingið Lára Margrét Ragnarsdóttir formaður, Ólafur Ragnar Grímsson, Hjálmar Árnason, Tómas Ingi Olrich og Ólafur Örn Haraldsson auk Þórðar Bogasonar, ritara sendinefndarinnar.

Að vanda fóru meginstörf þingsins fram á þingfundum en auk þess voru fundir í fastanefndum þingsins og í þingflokkum.

Á mánudeginum 25. september var auk hefðbundinna þingstarfa rætt og ályktað um skýrslu um flóttamenn í Mið- og Austur-Evrópu og um skýrslu um vinnustundir. Konungur Jórdaníu, Hussein, ávarpaði þingið og svaraði spurningum þingmanna. Þá fluttu Birgitta Dahl, forseti sænska þingsins, og Zoltan Gal, forseti ungverska þingsins, ávörp.

Þriðjudaginn 26. september var ítarlega fjallað um aðildarumsókn Úkraínu að Evrópuráðinu og mælti þingið með aðild. Í tilefni af því flutti Oleksandre Moroz, forseti úkraínska þingsins ávarp. Einnig var samþykkt eftir ítarlegar umræður að fela stjórnmálanefnd þingsins að hefja aftur vinnu við álit þingsins um umsókn Rússlands að Evrópuráðinu en þeim ferli hafði verið frestað fyrr á árinu vegna ástandsins í Tsjetsjeníu. Ákvörðun var síðan tekin á I. hluta þings Evrópuráðsins í janúar 1996 að mæla með aðildarumsókn Rússlands, sjá frásögn af þeim fundi á fylgiskjali.

Þjóðhöfðingi Moldavíu, Mircea Snegur, og Sodano kardínáli, utanríkisráðherra Vatíkansins, fluttu ávörp og svöruðu fyrirspurnum þingmanna. Þá flutti Blagovest Sendov, forseti búlgarska þingsins, ávarp. Að lokum gerði Josef Zieleniec, utanríkisráðherra Tékklands, grein fyrir störfum ráðherranefndar Evrópuráðsins.

Miðvikudaginn 27. september var eftir umræður ályktað um ástandið í ríkjum fyrrum Júgóslavíu. Þá var rætt um skýrslu stjórnmálanefndarinnar um fyrirhugaða ríkjaráðstefnu ESB á næsta ári og bráðabirgðaskýrslu sem undirbúningshópur að ráðstefnunni skilaði í september. Formaður undirbúningshópsins, Carlos Westendorp, Evrópumálaráðherra Spánar, flutti ávarp. Tvær fastanefndir þingsins skiluðu áliti um skýrslu stjórnmálanefndarinnar, efnahags- og þróunarnefndin og nefnd um almannatengsl og samskipti við þjóðþing, og var Lára Margrét Ragnarsdóttir framsögumaður síðari nefndarinnar. Ályktaði þingið um þetta efni. Einnig var ályktað um hugsanlega aðild Evrópusambandsins að mannréttindasáttmála Evrópu og flutti Rolv Ryssdal, forseti mannréttindadómstólsins í Strassborg, ávarp af því tilefni. Eftir miklar umræður samþykkti þingið að mæla með umsókn fyrrum júgóslavneska lýðveldsins Makedóníu (Former Yugoslav Republic of Macedonia — FYROM) um aðild að Evrópuráðinu. Af því tilefni flutti Stoyan Andov, forseti makedóníska þingsins, ávarp. Með aðild Úkraínu og Makedóníu urðu aðildarríki Evrópuráðsins 38 talsins. Oliviu Gherman, forseti rúmenska þingsins, futti ávarp þennan dag. Þá var tilkynnt að þingmenn hefðu kjörið Bruno Haller skrifstofustjóra þingsins til fimm ára. Hann var áður varaskrifstofustjóri.

Fimmtudaginn 28. september fór fram árleg umræða um ársskýrslu Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunarinnar (OECD). Kynnti Jean-Claude Paye, framkvæmdastjóri OECD, skýrsluna. Sendinefndir frá þjóðþingum Ástralíu, Kanada, Japans og Mexíkó og frá Evrópuþinginu tóku þátt í umræðunni. Þá flutti Helmut Kohl, kanslari Þýskalands, ávarp og svaraði fyrirspurnum þingmanna. Við það tækifæri bar Lára Margrét Ragnarsdóttir fram fyrirspurn um hvort ríki ESB gætu tekið upp enn nánari pólitíska samvinnu á sama tíma og þau hygðust bjóða ríkjum Mið- og Austur-Evrópu aðild að sambandinu.

Á lokadegi þingsins var rætt og ályktað um skýrslu um tækniframfarir sem munu á næstu árum gegna meginhlutverki í viðskiptalífi og mannlegu samfélagi.

6. Nefndastörf.

a. Skipting Íslandsdeildarinnar í nefndir.

Þátttaka Íslandsdeildarinnar í nefndum skiptist þannig:

1. Sameiginleg nefnd með ráðherranefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir
2. Fastanefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir
3. Stjórnmálanefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir
til vara: Ólafur Ragnar Grímsson	
4. Laganefnd:	Ólafur Ragnar Grímsson
til vara: Lára Margrét Ragnarsdóttir	
5. Efnahagsnefnd:	Ólafur Ragnar Grímsson
til vara: Hjálmar Jónsson	
6. Umhverfis-, skipulags- og sveitarstjórnarmálanefnd:	Ólafur Örn Haraldsson
til vara: Hjálmar Árnason	
7. Þingskapanefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir
8. Fjárlaganefnd:	Hjálmar Jónsson
9. Landbúnaðarnefnd:	Ólafur Örn Haraldsson
til vara: Hjálmar Jónsson	
10. Vísinda- og tækninefnd:	Tómas Ingi Olrich
til vara: Hjálmar Árnason	
11. Mennta- og menningarmálanefnd:	Hjálmar Árnason
til vara: Tómas Ingi Olrich	
12. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd:	Hjálmar Jónsson
13. Nefnd um samskipti við lönd utan Evrópuráðsins:	Tómas Ingi Olrich
14. Flóttamannanefnd:	Hjálmar Árnason
15. Nefnd um almannatengsl þingsins:	Lára Margrét Ragnarsdóttir

a. Þátttaka í nefndarfundum utan þinga.

Utan reglulegra þinga halda nefndir Evrópuráðsþingsins nokkra fundi árlega, ýmist í Strassborg, París eða í einhverju aðildarríkja ráðsins. Hafa fulltrúar Íslandsdeildarinnar á undanförnum árum tekið þátt í að meðaltali 12 slíkum nefndafundum, en fundasókn varð nokkru minni árið 1995 vegna kosninga til Alþingis.

Alþingi, 23. febr. 1996.

Lára Margrét Ragnarsdóttir, form.	Ólafur Ragnar Grímsson, varaform.	Hjálmar Árnason.
Tómas Ingi Olrich.	Ólafur Örn Haraldsson.	Hjálmar Jónsson.

Fylgiskjal.

Frásögn af I. hluta þings Evrópuráðsins 1996.

Dagana 22.–26. janúar 1996 var I. hluti þings Evrópuráðsins á árinu 1996 haldinn í Strassborg í Frakklandi. Af hálfu Íslandsdeildarinnar sóttu þingið Lára Margrét Ragnarsdóttir formaður, Hjálmar Árnason, Tómas Ingi Olrich og Hjálmar Jónsson auk Þórðar Bogasonar, ritara Íslandsdeildarinnar. Að vanda fóru meginstörf þingsins fram á þingfundum en auk þess voru fundir í fastanefndum þingsins og í þingflokkum. Aðalumræðuefni þessa þings var aðildarumsókn Rússlands að Evrópuráðinu en hún var tekin til formlegrar afgreiðslu fimmtudaginn 25. janúar.

Á mánudeginum 22. janúar hófst þingfundur á kjöri forseta Evrópuráðsþingsins og var Leni Fischer, kristilegur demókrati frá Þýskalandi, einróma kjörin. Voru Spánverjanum Miguel Angel Martinez, fráfarandi forseta, færðar þakkir fyrir sérstaklega góð störf í þágu Evrópuráðsþingsins. Á fundi í nefnd þingsins um almannatengsl og samskipti við þjóðþing var Lára Margrét Ragnarsdóttir endurkjörin formaður nefndarinnar til eins árs. Auk hefðbundinna þingstarfa var á mánudeginum rætt um skýrslu um sagnfræði og sögukennslu evrópskra barna. Vegna takmörkunar á ræðutíma varð Lára Margrét Ragnarsdóttir að leggja fram skriflega ræðu sína í þessu máli. Í henni lagði Lára Margrét áherslu á mikilvægi þessa málaflokks og vitnaði til Íslendingasagnanna máli sínu til stuðnings. Þá flutti Tomas Savvin, forseti eistneska þingsins, ávarp.

Þriðjudaginn 23. janúar var fjallað um upplýsingasamfélagið og lýðræði (Electronic democracy) og var fastanefnd þingsins um almannatengsl og tengsl við þjóðþing falið að vinna nánar að þeirri skýrslu í samvinnu við fjórar aðrar nefndir þingsins. Þá var eftir umræður ályktað um vísinda- og tæknisamvinnu við ríki Mið- og Austur-Evrópu, um evrópska umhverfisstefnu og um rétt þjóðarbrota í Evrópu. Þennan dag flutti Flavio Cotti, utanríkisráðherra Sviss og formaður ráðherraráðs Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, ávarp og svaraði fyrirspurnum þingmanna.

Miðvikudaginn 24. janúar var eftir umræður ályktað um evrópska uppeldisstefnu (European strategy for children) og lagði Hjálmar Jónsson fram skriflega ræðu í málinu vegna takmörkunar á ræðutíma. Í henni lagði hann áherslu á að frumábyrgð á uppeldi barna beri foreldrar þeirra. Þá var rætt um skýrslu um ástand flóttamanna og uppbyggingu í nokkrum ríkjum fyrrum Júgóslavíu og ályktað um hana. Marti Ahtisaari, forseti Finnlands, ávarpaði þingið og svaraði fyrirspurnum. Þá gerði Niels Helveg Pedersen, utanríkisráðherra Dana og formaður ráðherranefndar Evrópuráðsins, grein fyrir störfum ráðherranefndarinnar. Á miðvikudeginum átti íslenska sendinefndin hádegisverðarfund með Sverri Hauki Gunnlaugssyni sendiherra og Sveini Á. Björnssyni sendifulltrúa, en Sveinn hefur fast aðsetur í Strassborg.

Fimmtudaginn 25. janúar var eingöngu helgaður umræðum um aðild Rússlands að Evrópuráðinu. Níutíu þingmenn voru á mælendaskrá en ræðutími var takmarkaður við fimm mínútur. Þrátt fyrir takmörkun ræðutíma gátu einungis rúmlega 50 þingmenn flutt ræður sínar munnlega en aðrir þurftu að leggja þær fram skriflega. Lára Margrét Ragnarsdóttir og Hjálmar Árnason fluttu munnlegar ræður en Tómas Ingi Olrich lagði fram skriflega ræðu. Í ræðu sinni lýsti Lára Margrét yfir vonbrigðum með hve hægt miðaði í lýðræðisátt í Rússlandi og lagði áherslu á að með frestun á afgreiðslu umsóknarinnar væri Evrópuráðsþingið ekki að hafna Rússum heldur hvetja þá til að hraða umbótum. Hjálmar Árnason lagði áherslu á að lýðræðisþróun í Rússlandi hlyti óhjákvæmilega að

taka langan tíma en Rússland hefði lýst sig reiðubúið að virða lýðréttindi og hagsmunum lýðræðisaflanna væri best borgið með aðild að Evrópuráðinu. Tómas Ingi Olrich varaði við því að gera of mikið úr afleiðingum ákvörðunar þingsins í þessu máli og taldi það ekki skaða lýðræðisþróun í Rússlandi þótt aðildarumsókn þess yrði frestað. Hann benti á að efnahagsmál skiptu fólkið í landinu mestu og góður eða slæmur efnahagur skipti sköpum um framgang lýðræðis. Eftir mjög ítarlegar umræður samþykkti þingið, að viðhöfðu nafnakalli, að mæla með inngöngu Rússlands í Evrópuráðið. Alls greiddu 214 þingmenn atkvæði, 164 voru fylgjandi inngöngu Rússlands, 35 greiddu atkvæði gegn henni en 15 sátu hjá. Hjálmar Árnason greiddi atkvæði með inngöngu Rússlands, Tómas Ingi Olrich greiddi atkvæði á móti henni en Lára Margrét Ragnarsdóttir sat hjá. Á fimmtudeginum voru þar að auki flutt þrjú ávörp. Fyrst flutti forseti þings Slóvakíu, Ivan Gasparovic, ávarp, þá forseti tékkneska þingsins, Milan Uhde, og að lokum ávarpaði John Bruton, forsætisráðherra Írlands, þingið og svaraði fyrirspurnum.

Á lokadegi þingsins var rætt og ályktað um skýrslur um ástand efnahagsmála í Hvíta-Rússlandi, Rússlandi og Úkraínu og um dýravernd og gripaflutninga innan Evrópu.

II. hluti þings Evrópuráðsins fyrir árið 1996 verður 22.–26. apríl nk.

594. Skýrsla [339. mál]

Íslandsdeildar VES-þingsins fyrir árið 1995.

VES-þingið er þingmannasamkunda Vestur-Evrópusambandsins (VES) sem er varnarbandalag Vestur-Evrópuríkja og stofnað var með Brussel-sáttmálanum árið 1948. Í Maastricht-sáttmála ESB árið 1991 var VES falin útfærsla og framkvæmd varnarmálahluta sameiginlegrar utanríkis- og öryggismálastefnu ESB. VES er einkum ætlað að gegna tveimur hlutverkum, að annast samræmingu á varnarmálahluta ESB, eins og að framan greinir, og jafnframt eru samtökin Evrópustoð NATO, þ.e. Evrópuríki sem aðild eiga að NATO eiga einnig aðild í einhverju formi að VES. Ofarlega á baugi umræðunnar innan VES-þingsins er framtíð sambandsins sjálfs, en fyrir ríkjaráðstefnu ESB sem hefjast á í mars 1996 liggur m.a. að taka stöðu og hlutverk VES til endurskoðunar. Aukið sjálfstæði Evrópuríkja í öryggis- og varnarmálum, staða evrópskra aðildarríkja NATO sem ekki eiga aðild að ESB, tengsl VES við NATO og ESB og stækkun VES og NATO til austurs er á meðal þess sem hefur verið til umræðu á vettvangi VES-þingsins árið 1995.

I. Markmið og skipulag VES-þingsins.

VES-þingið var stofnað árið 1954 þegar verulegar breytingar voru gerðar á stofnsáttmála VES, m.a. til þess að veita Ítalíu og Þýskalandi aðild. Aðildarríki þingsins eru tíu talsins og eru þau jafnframt öll aðildarríki ESB og NATO. Þau eru: Belgía, Bretland, Frakkland, Grikkland, Holland, Ítalía, Lúxemborg, Portúgal, Spánn og Þýskaland. Samtals eiga þessi ríki 108 fulltrúa á VES-þinginu. Aukaaðild að þinginu eiga þau evrópsku aðildarríki NATO sem ekki eiga aðild að ESB, Ísland, Noregur og Tyrkland. Aukaaðildina fengu þau formlega 6. mars 1995. Áheyrnaraðild að VES-þinginu eiga Austurríki, Danmörk, Finnland, Írland og Svíþjóð. Loks hafa níu ríki Mið- og Austur-Evrópu gert samstarfssamninga við VES og hafa í krafti þess áheyrnaraðild að VES-þinginu. Þau eru:

Búlgaría, Eistland, Lettland, Litáen, Pólland, Rúmenía, Tékkland, Slóvakía og Ungverjaland.

Þingið hefur aðsetur í París. Tveir þingfundir eru haldnir árlega, í júní og desember, en þingið getur haldið aukafundi að ákvörðun forsætisnefndar. Hlutverk þingsins er að fjalla um málefni er falla undir starfssvið VES. Þingið fjallar um ársskýrslu VES og fjárhagsáætlun. Það tekur margvísleg málefni til umfjöllunar í nefndum þingsins, ályktar og gerir tillögur til VES-ráðsins. Skjöl þingsins eru gefin út á ensku og frönsku. Umræður fara fram á tungumálum aðildarríkjanna. Fastanefndir VES-þingsins eru sex: varnarmálanefnd, stjórnmálanefnd, tækni- og geimvísindanefnd, fjármála- og stjórnsýslunefnd, þingskapanefnd og nefnd um almannatengsl. Íslandsdeildin á eitt sæti í hverri nefnd. Varamenn í landsdeildum mega taka aðalsæti í nefndum. Á þinginu starfa auk fastanefnda forsætisnefnd (Presidential Committee) og stjórnarnefnd (Standing Committee). Þessar nefndir taka ákvarðanir á milli þinga, sú fyrrnefnda einkum hvað varðar skipulagningu og stjórn þingsins, sú síðarnefnda á pólitíska sviðinu. Venja er að formenn landsdeilda sitji í þessum nefndum. Í forsætisnefnd sitja enn fremur forseti þingsins, níu varaforsetar þess (einn frá hverju hinna aðildarríkjanna), nefndaformenn og þeir fyrrverandi forsetar þingsins sem enn kunna að eiga þar sæti. Í stjórnarnefnd sitja allt að þremur fulltrúum til viðbótar frá hverju aðildarríki, alls 30 manns til viðbótar við forsætisnefnd. Ísland á einn fulltrúa í hvorri nefnd. Nefndir þingsins halda alla jafna nokkra fundi á ári utan þingfundanna.

Samkvæmt starfsreglum VES-þingsins (gr. 17.1) á Alþingi í krafti aukaaðildar sinnar rétt á að senda þrjá fulltrúa á fundi VES-þingsins. Þá mega varamenn landsdeilda taka aðalsæti í nefndum en geta einungis sótt þingfundina sem áheyrnarfulltrúar. Aukaaðilar geta samkvæmt núverandi reglum þingsins tekið mikinn þátt í störfum þess. Þeir hafa þó ekki full réttindi, t.d. geta þeir ekki tekið þátt í kosningu framkvæmdastjórnar þingsins eða umfjöllun um ársskýrslu VES. Þeir hafa heldur ekki rétt til að tala sitt eigið tungumál á fundunum. Í flestum tilfellum hafa þeir þó atkvæðisrétt í nefndum, rétt á að taka til máls, gera breytingartillögur, taka þátt í nefndastarfi o.s.frv.

II. Stofnun Íslandsdeildar VES-þingsins.

Vegna aðildar Íslands að NATO hefur Alþingi lengi staðið til boða að senda áheyrnarfulltrúa á fundi VES-þingsins. Alþingi þekktist boð VES-þingsins árið 1993, en árið áður hafði Ísland fengið aukaaðild að VES sem þó tók ekki formlega gildi fyrr en í mars 1995. Í umboði forsætisnefndar tilnefndu Íslandsdeild Norður-Atlantshafsþingsins og síðar Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins áheyrnarfulltrúa á desemberþing VES-þingsins árin 1994 og 1995. Í kjölfar þess að Ísland hlaut formlega aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu í mars 1995 samþykkti forsætisnefnd á fundi í maí 1995 að stofna Íslandsdeild VES-þingsins. Tilnefnd af þingflokkunum til setu í Íslandsdeildinni voru Lára Margrét Ragnarsdóttir, Sjálfstæðisflokki, Össur Skarphéðinsson, Alþýðuflokki, og Siv Friðleifsdóttir, Framsóknarflokki, sem aðalmenn, og Kristján Pálsson og Guðmundur Hallvarðsson, Sjálfstæðisflokki, og Ásta R. Jóhannesdóttir, Þjóðvaka, sem varamenn. Á fyrsta fundi Íslandsdeildarinnar 8. júní 1995 var Lára Margrét Ragnarsdóttir kjörin formaður og Össur Skarphéðinsson varaformaður. Ritari deildarinnar er Gústaf Adolf Skúlason alþjóðaritari. Alþingi á sem fyrr segir rétt á að senda þrjá fulltrúa á VES-þingið í krafti aukaaðildarinnar auk áheyrnarfulltrúa sem jafnframt geta tekið sæti aðalmanna í nefndum þingsins. Skipan Íslandsdeildarinnar í nefndir er sem hér segir:

Forsætis-, stjórnar- og stjórnmálanefnd	Lára Margrét Ragnarsdóttir
Varamaður	Össur Skarphéðinsson
Varnarmálanefnd	Össur Skarphéðinsson
Varamaður	Kristján Pálsson
Nefnd um almannatengsl	Össur Skarphéðinsson
Tækni- og geimvísinda-, fjármála- og stjórnsýslu- og þingskapanefnd	Siv Friðleifsdóttir

III. Starfsemi á árinu.

VES-þingið kemur sem fyrr segir saman tvisvar á ári til reglulegra þingfunda, í júní og desember, auk þess sem nefndir þingsins funda nokkrum sinnum á ári utan þingfunda. Á árinu tók Íslandsdeildin þátt í þingfundunum í júlí og desember auk þess sem formaður sótti sameiginlega fundi forsætis-, stjórnmála-, varnarmála- og tækni- og geimvísindanefndar í nóvember. Einnig tók Íslandsdeildin þátt í að taka á móti forseta VES-þingsins, Sir Dudley Smith, sem heimsótti Ísland í september í boði forseta Alþingis.

a. III. hluti 40. fundar VES-þingsins.

Dagana 19.–22. júní var haldinn III. hluti 40. fundar VES-þingsins í París. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Össur Skarpéðinsson, Kristján Pálsson og Siv Friðleifsdóttir, auk ritara Íslandsdeildarinnar.

Eftirfarandi aðilar fluttu ávörp á þinginu og svöruðu fyrirspurnum: Sir Dudley Smith, forseti VES-þingsins, Durao Barroso, utanríkisráðherra Portúgals og formaður VES-ráðsins, Jose Cutileiro, framkvæmdastjóri VES, Figueiredo Lopez, varnarmálaráðherra Portúgal, Klaus Kinkel, utanríkisráðherra Þýskalands, Dr. Tansu Ciller, forsætisráðherra Tyrklands, Charles Millon, varnarmálaráðherra Frakklands, Kiro Gligorov, forseti fyrrum Júgóslavíulýðveldisins Makedóníu, Gerasimos Arsenis, varnarmálaráðherra Grikklands, og Algirdas Brazauskas, forseti Litáens.

Breytingar sem gerðar voru á starfsreglum þingsins gera aukaaðilum formlega kleift að taka fullan þátt í nefndafundum þingsins með atkvæðisrétti, nema í örfáum málum. Jafnframt hafa þeir í flestum tilfellum málfrelsi og tillögurétt á þingfundum. Í upphaflegu tillögunni um breytingar á starfsreglum þingsins var lagt til að aukaaðilar fengju jafnframt atkvæðisrétt á þingfundum, nema í einstöku tilvikum, en sú tillaga var dregin til baka þegar ljóst var að hún mundi mæta töluverðri andstöðu. Össur Skarphéðinsson ræddi undir þessum lið þátttöku Alþingis í starfi VES-þingsins og vilja sendinefndarinnar til að taka virkan þátt í starfi þess. Hann harmaði að tillagan um atkvæðisrétt á þingfundum til handa aukaaðilum skyldi vera dregin til baka. Í umræðum um Eystrasaltsþingið ræddi Össur Skarphéðinsson um tengsl Íslands og Eystrasaltsríkjanna og samstarf Norðurlandaráðs og Eystrasaltsþingsins. Hann lagði áherslu á mikilvægi þess að VES-þingið legði sitt af mörkum til að treysta tengsl Eystrasaltsríkjanna við umheiminn. Hann hvatti til aukins samstarfs við Eystrasaltsþingið og aðstoð við þróun þess.

Eftirfarandi skýrslur voru lagðar fram á fundinum og ályktanir afgreiddar um efni þeirra:

Framtíð evrópskra öryggismála og undirbúningur Maastricht II — svar við 40. ársskýrslu ráðsins.
Breytingar á starfsreglum VES-þingsins með tilliti til stöðu auka- og samstarfsaðila.
Evrópa og ný heimsskipan fyrir frið og öryggi.
Evrópskir herir.
Í átt að eftirlitskerfi í geimnum.
Nýir straumar í utanríkisstefnu ríkja Norður-Ameríku og afleiðingar þeirra fyrir samstarf Atlantshafsríkja á sviði varnar- og öryggismála.
Austur-Miðjarðarhafssvæðið.
Ástandið í fyrrum Júgóslavíu.
Úkraína og öryggismál í Evrópu.
Eystrasaltsþingið.

b. Íslandsheimsókn Sir Dudley Smith, forseta VES-þingsins, í boði forseta Alþingis.

Dagana 13.–17. september heimsótti forseti VES-þingsins, Sir Dudley Smith, Ísland í boði forseta Alþingis. Sir Dudley átti fundi með forseta Alþingis, utanríkismálanefnd, Íslandsdeild VES-þingsins, starfandi forsætisráðherra, utanríkisráðherra og embættismönnum varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, auk þess sem hann heimsótti herstöðina á Miðnesheiði og flutti framsögu og sat fyrir svörum á fundi Varðbergs.

Á fundunum kom fram vilji íslenskra ráðamanna til virkrar þátttöku í starfi VES, en jafnframt sú meginhersla sem Íslendingar leggja á mikilvægi tengslanna yfir Atlantshafið og á áframhaldandi þátttöku Bandaríkjanna í vörnum Evrópu, Íslendingar litu á VES sem Evrópustoð NATO sem viðhalda bæri í núverandi mynd. Sir Dudley tók undir mikilvægi tengslanna yfir Atlantshafið og hvatti Íslendinga til þess að nota aukaaðild sína að VES til að halda þessum hugmyndum sínum á lofti í evrópskri öryggis- og varnarmálaumræðu. Hann sagði ekkert eins fjarri veruleikanum og grunsemdir um að VES ætti á einhvern hátt að taka við af NATO. Jafnframt lagði Sir Dudley áherslu á hlutverk VES sem varnarmálahluta Evrópusamstarfsins annars vegar og Evrópustoðar NATO hins vegar.

c. Sameiginlegir fundir forsætis-, stjórnmála-, varnarmála- og tækni- og geimvísindanefndar.

Fundirnir voru haldnir dagana 15.–17. nóvember í Madríd og voru sóttir af Láru Margréti Ragnarsdóttur fyrir hönd Íslandsdeildarinnar. Þá fluttu ávörp m.a. Javier Solana og Suarez Pertierra, utanríkis- og varnarmálaráðherrar Spánar, en Spánn fór á þessum tíma með formennsku í ráðherraráði ESB. Ríkjaráðstefna ESB sem hefjast á í mars 1996 var m.a. til umræðu, en þar er ætlunin að taka hlutverk og stöðu VES til endurskoðunar, tengsl þess við ESB og þar með hugsanlega stöðu evrópskra NATO-ríkja utan ESB.

d. I. hluti 41. fundar VES-þingsins.

Dagana 4.–6. desember var haldinn I. hluti 41. fundar VES-þingsins í París. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Lára Margrét Ragnarsdóttir, Össur Skarphéðinsson og Siv Friðleifsdóttir, auk ritara Íslandsdeildarinnar.

Verkfallsaðgerðir opinberra starfsmanna í Frakklandi höfðu verulega áhrif á störf þingsins. Þannig hafði t.d. staðið til að fundinum yrði slitið um hádegi 7. desember, en vegna orðróms um lokun flugvalla þann dag var ákveðið að flýta dagskránni og slíta fundinum 6. desember. Þegar 5. desember tók þó að bera á að fulltrúum á þinginu færi fækkandi og hamlaði það ýmsum atkvæðagreiðslum á fundinum að ekki var nægur fjöldi atkvæðisbærra fulltrúa viðstaddur. Eftirfarandi aðilar fluttu ávörp á þinginu og svöruðu fyrirspurnum: Sir Dudley Smith, forseti VES-þingsins, José Cutileiro, framkvæmdastjóri VES, Suarez Pertierra, varnarmálaráðherra Spánar sem þá gegndi formennsku í ráðherraráði VES, Guila Horn, forsætisráðherra Ungverjalands, Michael Portillo, varnarmálaráðherra Bretlands, sem tók við formennsku í ráðherraráði VES í ársbyrjun 1996, Barnier, aðstoðarutanríkisráðherra Frakklands, sem fer með málefni Evrópu, og Javier Solana, utanríkisráðherra Spánar. Solana tók sem kunnugt er við starfi framkvæmdastjóra NATO í desember.

Í setningarávarpi sínu greindi forseti þingsins, Sir Dudley Smith, frá heimsóknum sínum til Íslands í september og Noregs í nóvember, í boði Alþingis og norska Stórþingsins. Sagðist hann hafa fundið fyrir miklum áhuga ríkjanna á þátttöku í starfi VES, en bæði ríkin fengu formlega aukaaðild að VES í mars 1995. Sir Dudley lét þess enn fremur getið að fulltrúar umræddra aukaaðildarríkja væru nú þegar orðnir áhrifamiklir í nefndastarfi þingsins, en aukaaðildarríki hafa fullan atkvæðisrétt í nefndum þingsins. Í umræðum um VES í NATO ræddi Lára Margrét um mikilvægi þess að halda umræðunni um eflingu VES innan þess samhengis að verið væri að efla Evrópustoð NATO. Hún varaði við því að öll umræða um aukið sjálfstæði Evrópu í öryggis- og varnarmálum gæti ýtt undir einangrunarsjónarmið í Bandaríkjunum væri þess ekki gætt að fjalla um eflingu sjálfstæðs varnarmáttar Evrópu sem hluta af eflingu NATO þar sem VES gegndi hlutverki Evrópustoðar bandalagsins og væri undir það sett. Hún vísaði til orða Michaels Portillo, varnarmálaráðherra Bretlands, þess efnis að röð umsækjenda um aðild að NATO bæri áframhaldandi vægi bandalagsins vitni og sagði óráðlegt að fresta lengur inngöngu stöðugra lýðræðisríkja sem aðildar æskja í bandalagið. Við sömu umræðu mælti Norðmaðurinn Vidar Bjørnstad fyrir fullri aðild Noregs að VES, þrátt fyrir að vera ekki aðili að ESB, á grundvelli þess að Noregur væri evrópskt aðildarríki NATO og að VES skilgreindi hlutverk sitt sem Evrópustoð NATO. Finsberg lávarður, framsögumaður umræðunnar um VES í NATO, tók undir orð Láru Margrétar um stækkun NATO sem og orð Bjørnstads um fulla aðild evrópskra NATO-ríkja að VES, þótt þau væru ekki aðilar að ESB. Hann minnti jafnframt á að fyrir því hefði ávallt verið meiri hluti innan VES-þingsins að öll evrópsk aðildarríki NATO ættu kost á fullri aðild að VES.

Eftirfarandi skýrslur voru lagðar fram á fundinum:

Ríkjaráðstefna ESB og skipan öryggis- og varnarmála í Evrópu.
VES í NATO.
Öryggis- og varnarmálasamstarf á Eystrasalti.
Kjarnorkuvopnatilraunir Frakka í Kyrrahafi.
Evrópusamstarf í vopnaframleiðslu (WEAG): Leiðin fram undan.
Hernaðarleg burðargeta í lofti — útlitið fyrir Evrópu.
Samstarf þjóðþinga við Miðjarðarhafið.
Þjóðþing, öryggis- og varnarmál Evrópu og leiðin að ríkjaráðstefnu ESB árið 1996.

Eins og áður segir reyndist ekki unnt að samþykkja ályktanir um öll efnin.

Alþingi, 16. febr. 1996.

Lára Margrét Ragnarsdóttir, form.	Siv Friðleifsdóttir.	Össur Skarphéðinsson, varaform.

595. Skýrsla [340. mál]

Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins fyrir árið 1995.

Á árinu 1995 voru tvær stjórnir í Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins. Fyrir kosningar sátu í stjórn deildarinnar Geir H. Haarde (Sjálfstæðisflokki) formaður, Ólafur Þ. Þórðarson (Framsóknarflokki) varaformaður, Einar K. Guðfinnsson (Sjálfstæðisflokki), Gunnlaugur Stefánsson (Alþýðuflokki) og Margrét Frímannsdóttir (Alþýðubandalagi). Þá sat Anna Ólafsdóttir Björnsson (Kvennalista) í stjórninni sem áheyrnarfulltrúi. Þegar Alþingi kom saman í maí 1995 eftir alþingiskosningarnar 8. apríl það ár var skipuð ný stjórn fyrir Íslandsdeildina í samræmi við 3. gr. starfsreglna deildarinnar. Stjórnina skipa nú Geir H. Haarde (Sjálfstæðisflokki) formaður, Margrét Frímannsdóttir (Alþýðubandalagi) varaformaður, Magnús Stefánsson (Framsóknarflokki), Einar K. Guðfinnsson (Sjálfstæðisflokki) og Jóhanna Sigurðardóttir (Þjóðvaka). Áheyrnarfulltrúar eru Gísli S. Einarsson (Alþýðuflokki) og Kristín Halldórsdóttir (Kvennalista). Eins og undanfarin ár er Þorsteinn Magnússon ritari deildarinnar.

Þátttaka Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins í starfi sambandsins á árinu 1995 var með hefðbundnum hætti. Íslandsdeildin tók þátt í báðum reglulegum þingum sambandsins. Það fyrra var haldið í Madrid í mars (93. þing) og hið síðara í Búkarest í október (94. þing). Þá tók deildin þátt í aukafundi ráðs sambandsins sem haldinn var í New York um mánaðamótin ágúst/september. Í skýrslunni er gerð grein fyrir þessum þremur fundum auk þess sem fjallað er um gagnabanka um þjóðþing sem Alþjóðaþingmannasambandið er að koma upp.

Þeir sem óska eftir nánari upplýsingum um starfsemi Alþjóðaþingmannasambandsins en fram koma í ársskýrslunni geta fengið slík gögn hjá ritara deildarinnar en sambandið gefur m.a. út greinargóða og ítarlega skýrslu, á ensku og frönsku, um hvert þing sambandsins.

A. ÞINGIÐ Í MADRID

I. Inngangur.

Alþjóðaþingmannasambandið hélt 93. þing sitt í Madrid dagana 24. mars til 1. apríl 1995. Þingið sóttu fulltrúar 125 þinga en auk þess voru áheyrnarfulltrúar frá fjölmörgum alþjóðasamtökum, þar á meðal ýmsum stofnunum Sameinuðu þjóðanna.

Fyrir hönd Íslandsdeildarinnar sóttu þingið alþingismennirnir Geir H. Haarde formaður (hluta þingsins) og Jóhann Einvarðsson, auk Þorsteins Magnússonar, ritara Íslandsdeildarinnar.

II. Störf og ályktanir þingsins.

Að venju var fjallað um þrjú málefni á þinginu auk þess sem fram fóru almennar stjórnmálaumræður. Málefnin voru eftirfarandi:

a. siðfræðileg vandamál tengd líftækni og afleiðing hennar fyrir vernd mannréttinda,
b. hverning bregðast eigi við hörmungum sem rekja má til stríðsátaka og náttúruhamfara,
c. hlutverk þinga í því að stuðla að jafnrétti kynjanna.

Um öll málin þrjú samþykkti þingið ályktanir.

Að tillögu ráðs sambandsins samþykkti þingið að kjósa Hiraizumi (frá Japan), Furubjelke (frá Svíþjóð) og Pahor (frá Slóveníu) í framkvæmdastjórn sambandsins í stað þingmanna frá þessum löndum sem ýmist höfðu látist eða látið af störfum sem þingmenn. Þá samþykkti þingið einnig að tillögu ráðsins að gera breytingar á lögum sambandsins í samræmi við þá stefnu sem mörkuð hafði verið um breytt skipulag þinga sambandsins. Breytingin felur í sér að umræður um þau málefni sem þingið fjallar um (aðrar en almennar stjórnmálaumræður) fara eingöngu fram í nefndum og þinghaldið styttist um einn dag.

III. Störf og ályktanir ráðsins.

Ráð Alþjóðaþingmannasambandsins fundaði tvívegis meðan þingið stóð yfir en á meðan lágu þingstörf niðri. Ráðið fjallar um og tekur ákvarðanir um innri málefni sambandsins. Í ráðinu eiga sæti tveir fulltrúar frá hverri þjóðdeild. Af hálfu Íslandsdeildarinnar sat Jóhann Einvarðsson báða fundi ráðsins og Geir H. Haarde þann fyrri.

Fyrir ráðinu lágu umsóknir um aðild frá Andorra, Armeníu og Hvíta-Rússlandi og voru þær samþykktar. Jafnframt var samþykkt að veita Rúanda aftur aðild að sambandinu. Þá var samþykkt að þingið í Kasakstan gæti ekki tekið þátt í fundum á vegum sambandsins meðan óvissa ríkti um stöðu þingsins þar í landi. Aðildarþing Alþjóðaþingmannasambandsins voru eftir þessar breytingar 135, auk þess sem þrjú fjölþjóðaþing eiga aukaaðild að því.

Að vanda var lögð fram ítarleg skýrsla þeirrar nefndar Alþjóðaþingmannasambandsins sem hefur það verkefni að fylgjast með mannréttindabrotum gagnvart þingmönnum og reyna að fá þingmenn leysta úr haldi hafi þeir verið fangelsaðir án dóms og laga. Í skýrslu nefndarinnar var gerð grein fyrir málum 67 starfandi eða fyrrverandi þingmanna í ellefu löndum. Þessi lönd eru Albanía, Búlgaría, Búrúndí, Kólumbía, Hondúras, Indónesía, Maldíveyjar, Myanmar, Nígería, Tógó og Tyrkland. Einstakar þjóðdeildir voru hvattar til að vekja athygli þinga sinna og stjórnvalda á stöðu þessara þingmanna.

Ráðið samþykkti einróma tillögu frá framkvæmdastjórn sambandsins um að það beitti sér fyrir gerð samstarfssamnings milli Alþjóðaþingmannasambandsins og Sameinuðu þjóðanna. Aðildarþing voru hvött til að beita áhrifum sínum við utanríkisráðherra hvers lands til að stuðla að framgangi málsins.

Líkt og á fyrri fundum fjallaði ráðið um fjölmörg önnur mál er varða innra starf sambandsins, svo sem fjármál og skýrslur forseta sambandsins, framkvæmdastjórnar, framkvæmdastjóra og sérnefnda.

IV. Störf framkvæmdastjórnar.

Framkvæmdastjórn Alþjóðaþingmannasambandsins, sem skipuð er tólf þingmönnum auk forseta sambandsins, fundaði í tvo daga fyrir upphaf þingsins auk þess sem hún hélt einn heilsdagsfund samhliða þinginu. Meginviðfangsefni funda framkvæmdastjórnarinn-

ar var undirbúningur aukafundar ráðs sambandsins í New York um mánaðamótin ágúst/september, starfsáætlun sambandsins og hugsanlega fjölgun í framkvæmdastjórninni. Geir H. Haarde, sem kjörinn var í framkvæmdastjórnina á fundi sambandsins í Kaupmannahöfn í september 1994, sat fund stjórnarinnar fyrir þingið en vegna alþingiskosninganna gat hann ekki tekið þátt í seinni fundinum.

V. Störf pólitískra svæðahópa.

Á þingum Alþjóðaþingmannasambandsins er mikið um fundi pólitískra svæðahópa (nokkurs konar þingflokkar) sem þingfulltrúar skiptast í. Íslandsdeildin á aðild að Tólfplús hópnum sem skipaður er þingmönnum frá flestum ríkjum í Evrópu auk Bandaríkjanna, Kanada, Ástralíu og Nýja-Sjálands. Þá eiga Ísrael, Evrópuþingið og Evrópuráðsþingið aukaaðild að hópnum.

Peter Bosa frá Kanada, formaður hópsins, stýrði störfum hans bæði helgina fyrir upphaf þingsins og síðan á hverjum morgni áður en þingfundir hófust. Á þessum samráðsfundum var tekin afstaða til einstakra mála, kosninga í trúnaðarstörf og þátttöku í nefndastarfi.

B. AUKAFUNDUR RÁÐS SAMBANDSINS Í NEW YORK

Dagana 30. ágúst til 1. september 1995 var haldinn í New York aukafundur ráðs Alþjóðaþingmannasambandsins en í tilefni 50 ára afmælis Sameinuðu þjóðanna var ákveðið að efna til sérstaks fundar ráðsins til að fjalla um stöðu Sameinuðu þjóðanna og alþjóðlegrar samvinnu frá sjónarhóli þingmanna. Fund ráðsins sóttu fulltrúar 75 þinga, auk áheyrnarfulltrúa frá fjölda alþjóðastofnana.

Af hálfu Íslandsdeildar sambandsins sóttu fundinn alþingismennirnir Einar K. Guðfinnsson og Magnús Stefánsson, auk Þorsteins Magnússonar, ritara deildarinnar. Þá sat Geir H. Haarde fundinn á vegum framkvæmdastjórnar sambandsins en hún hafði á hendi umsjón með fundahaldinu og gekk m.a. frá ítarlegri ályktun sem lögð var fyrir fundinn og samþykkt einróma.

Fundur ráðsins var haldinn í sal allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna í höfuðstöðvum samtakanna og við upphaf fundarins flutti framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, Boutros Boutros-Ghali, ræðu. Að því loknu hófust umræður um þau tvö umræðuefni sem lágu fyrir fundinum, annars vegar um helstu vandamál sem munu blasa við þjóðum heims við upphaf næstu aldar og hvernig best sé að bregðast við þeim og hins vegar um stöðu og framtíðarhlutverk Sameinuðu þjóðanna og hvernig auka megi þátt þingmanna í störfum samtakanna, sérstaklega hvernig styrkja megi tengsl Alþjóðaþingmannasambandsins og Sameinuðu þjóðanna. Einar K. Guðfinnsson flutti ræðu við umræður um fyrra dagskrárefnið og Geir H. Haarde við það síðara.

Það varpaði nokkrum skugga á fund ráðsins að engir bandarískir þingmenn sóttu hann. Meðal bandarísks almennings og stórs hóps nýrra þingmanna sem tekið hefur sæti á Bandaríkjaþingi virðist gæta vaxandi einangrunarhyggju. Þessi afstaða birtist m.a. í því að fulltrúadeildin ákvað árið 1995 að heimila ekki greiðslur til ýmissa alþjóðasamtaka sem Bandaríkin hafa átt aðild að, þar á meðal Alþjóðaþingmannasambandsins, en Bandaríkjaþing greiðir nú tæp 15% af heildarútgjöldum þess. Þessi staða var rædd á fundum framkvæmdastjórnarinnar og var samþykkt að óska eftir því við framkvæmdastjóra sambandsins að hann legði fyrir næsta þing sambandsins í október greinargerð um með hvaða hætti unnt væri að bregðast við fjárhagslegri hlið málsins. Þá var jafnframt ákveðið að hvetja einstök aðildarþing sambandsins til að hafa samband við bandaríska þingmenn,

sem og fulltrúa Bandaríkjastjórnar, í því skyni að reyna að fá Bandaríkjaþing til að halda áfram þátttöku í starfi Alþjóðaþingmannasambandsins sem og öðru alþjóðastarfi.

Auk þess sem framkvæmdastjórn sambandsins fjallaði um dagskrárefni fundar ráðsins og samskiptin við Bandaríkjaþing fór verulegur hluti af tíma hennar í að fjalla um samskiptin við Sameinuðu þjóðirnar. Átti stjórnin m.a. hádegisverðarfund með Boutros Boutros-Ghali um þau málefni. Að frumkvæði sambandsins var í haust lögð fyrir allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna tillaga um gerð sérstaks samstarfssamnings Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaþingmannasambandsins sem var samþykkt samhljóða. Nú er unnið að gerð slíks samnings en hann mun m.a. auðvelda Alþjóðaþingmannasambandinu að koma á framfæri sjónarmiðum sínum á þeim ráðstefnum sem Sameinuðu þjóðirnar efna til um ýmis málefni, sbr. umhverfisráðstefnuna, mannfjöldaráðstefnuna og kvennaráðstefnuna.

Samhliða fundum ráðs Alþjóðaþingmannasambandsins voru haldnir daglega fundir í Vesturlandahópnum innan þingmannasambandsins (Tólf-plús hópnum). Á þessum samráðsfundum var fjallað um innri málefni hópsins, afstöðu Bandaríkjaþings til Alþjóðaþingmannasambandsins, fjármál sambandsins og ýmis önnur mál er varða starfsemi þess.

C. ÞINGIÐ Í BÚKAREST

I. Inngangur.

Alþjóðaþingmannasambandið hélt 94. þing sitt í Búkarest dagana 9.–14. október 1995. Þingið sóttu fulltrúar 118 þinga, auk áheyrnarfulltrúa frá fjölmörgum alþjóðasamtökum.

Af hálfu Íslandsdeildar sambandsins sóttu þingið alþingismennirnir Geir H. Haarde, formaður Íslandsdeildarinnar, Einar K. Guðfinnsson, Magnús Stefánsson og Gísli S. Einarsson, auk Þorsteins Magnússonar, ritara deildarinnar.

II. Störf og ályktanir þingsins.

Á þinginu í Búkarest var í fyrsta skipti starfað eftir nýju skipulagi sem felur í sér að umræður um þau málefni sem þingið fjallar um fara nú eingöngu fram í nefndum, þar sem öll ríkin eiga fulltrúa, í stað þess að vera áður rædd í þingsal. Þessi breyting var hugsuð til þess að gera umræður um málin líflegri og draga úr því að þingmenn flyttu langar skrifaðar ræður sem oftast voru í litlum tengslum við það sem aðrir ræðumenn lögðu til málanna. Auk umræðna um þau málefni sem lágu fyrir þinginu voru almennar stjórnmálaumræður í þingsal en aðra daga var fundað í nefndum. Geir H. Haarde flutti ræðu í almennu stjórnmálaumræðunum en sendinefndin skipti að öðru leyti með sér setu á nefndafundum.

Að venju var fjallað um þrjú málefni á þinginu. Þau voru eftirfarandi:

a. hlutverk þjóðþinga í baráttu gegn spillingu,
b. leiðir til að tryggja framkvæmd á niðurstöðum félagsmálaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem haldin var í mars 1995 í Kaupmannahöfn,
c. bann við kjarnorkuvopnatilraunum.

Þingið ályktaði um öll þessi mál og var samstaða um tvö fyrstnefndu málin en þingið klofnaði í afstöðunni til tillögunnar um bann við kjarnorkuvopnatilraunum og voru það einkum Frakkar og Kínverjar sem beittu sér gegn tillögunni. Tillagan um bann við kjarnorkuvopnatilraunum var hins vegar samþykkt með miklum atkvæðamun. Fulltrúar landa sem höfðu að baki sér 933 atkvæði studdu tillöguna (þar á meðal öll Norðurlöndin), 65 atkvæði voru gegn henni og fulltrúar landa með 356 atkvæði sátu hjá við atkvæðagreiðsluna.

III. Störf og ályktanir ráðsins.

Ráð Alþjóðaþingmannasambandsins fundaði tvívegis meðan þingið stóð yfir en á meðan lágu þingstörf niðri. Öll íslenska sendinefndin sat fundi ráðsins, þar af tveir sem áheyrnarfulltrúar.

Við upphaf þingsins áttu 135 þing aðild að Alþjóðaþingmannasambandinu en ráðið samþykkti að víkja Líberíu úr sambandinu vegna langvarandi skulda þess við sambandið. Auk þjóðþinganna 134 eiga nú þrjú fjölþjóðaþing aukaaðild að þinginu: Evrópuráðsþingið, þing Andean-ríkjanna í rómönsku Ameríku og þing ríkja rómönsku Ameríku.

Að vanda var lögð fram ítarleg skýrsla um mannréttindamál þingmanna en mannréttindanefnd sambandsins gerði grein fyrir málum 79 starfandi og fyrrverandi þingmanna í tólf löndum. Þessi lönd eru Albanía, Búlgaría, Búrúndí, Kambódía, Kólumbía, Hondúras, Indónesía, Maldíveyjar, Myanmar, Nígería, Tógó og Tyrkland. Sem fyrr voru einstakar þjóðdeildir hvattar til að vekja athygli þinga sinna og stjórnvalda á stöðu þessara þingmanna.

Ráðið afgreiddi fjárlög sambandsins fyrir árið 1996. Geir H. Haarde gerði grein fyrir tillögum framkvæmdastjórnarinnar um lækkun útgjalda og voru þær einróma samþykktar.

Á þinginu í Búkarest létu fimm af tólf framkvæmdastjórnarmönnum af störfum og kaus ráðið aðra í þeirra stað. Þeir sem létu af störfum voru: Tati Darsoyo frá Indónesíu, Leni Fischer frá Þýskalandi, Wataru Hiraizumi frá Japan, Mohamed Jelai Essaid frá Marokkó og Paez Verdugo frá Síle. Í stað þeirra gáfu sex þingmenn kost á sér í framkvæmdastjórnina: Najma Heptulla frá Indlandi, Zhi Qizhen frá Kína, Chung-Soo Park frá Kóreu, Roland Riz frá Ítalíu, Bongnessan Arsene frá Búrkína Fasó og Eduardo Menem frá Argentínu. Kínverski fulltrúinn náði ekki kjöri.

Þá fjallaði ráðið að vanda um fjölmörg önnur mál er varða innra starf sambandsins, svo sem fjármál og skýrslur forseta sambandsins, framkvæmdastjórnar, framkvæmdastjóra og sérnefnda.

IV. Störf framkvæmdastjórnarinnar.

Framkvæmdastjórnin fundaði í tvo daga fyrir upphaf þingsins auk þess sem hún hélt einn heilsdagsfund samhliða þinginu. Meginviðfangsefni funda framkvæmdastjórnarinnar voru fjármál sambandsins og staða Bandaríkjaþings innan þess. Þessi mál eru að verulegu leyti samtengd, eins og áður hefur verið getið, því að hugsanlegt brotthvarf Bandaríkjaþings hefði veruleg áhrif á starfsemi sambandsins. Skrifstofustjóri öldungadeildarinnar, Kelly Johnston, kom á fund framkvæmdastjórnar sambandsins til að gera grein fyrir stöðu mála á Bandaríkjaþingi og svara spurningum nefndarmanna um málið.[1]

Fyrir framkvæmdastjórninni lágu tillögur framkvæmdastjóra Alþjóðaþingmannasambandsins um ýmsar leiðir til að draga úr útgjöldum sambandsins en framkvæmdastjórnin hafði falið honum að vinna að slíkri tillögugerð. Eftir langar umræður um málið varð

---

[1] Þegar skýrsla þessi er skrifuð í febrúar 1996 eru verulegar líkur á því að Bandaríkjaþing muni halda áfram þátttöku í starfi Alþjóðaþingmannasambandsins. Í lok mánaðarins mun sendinefnd á vegum sambandsins fara til Washington til viðræðna við Bandaríkjaþing um málið. Sendinefndina munu skipa Ahmed Fathy Sorour, forseti Alþjóðaþingmannasambandsins, Geir H. Haarde, varaforseti sambandsins, og Pierre Cornillon, framkvæmdastjóri þess.

framkvæmdastjórnin sammála um að lækka útgjöld þess um tæplega 460 þúsund svissneska franka á árinu 1996 en sú upphæð nemur 5% af áætluðum heildarútgjöldum sambandsins fyrir árið 1996.

Þar sem kjörtímabil varaforseta Alþjóðaþingmannasambandsins, Tati Darsoyo frá Indónesíu, rann út á þinginu þurfti framkvæmdastjórnin að kjósa nýjan varaforseta en hún velur varaforseta úr sínum röðum til eins árs í senn. Varð Geir H. Haarde fyrir valinu en hann hefur setið í framkvæmdastjórn þess frá því í september 1994, fyrstur íslenskra þingmanna. Tillagan um Geir sem varaforseta sambandsins var flutt af fulltrúa Ungverjalands og fulltrúa Túnis og var hún einróma samþykkt. Varaforseti sambandsins er aðeins einn og mun Geir því gegna forsetastörfum þegar Ahmed Fathy Sorour, forseti egypska þingsins, sem jafnframt er forseti Alþjóðaþingmannasambandsins, er forfallaður.

V. Störf pólitískra svæðahópa á þinginu.

Daglegir fundir voru haldnir í Vesturlandahópnum innan þingmannasambandsins (Tólf-plús hópnum). Hópurinn fundaði helgina fyrir upphaf þingsins og síðan á hverjum morgni áður en þingfundir hófust. Á þessum samráðsfundum var tekin afstaða til einstakra mála, kosninga í trúnaðarstörf og þátttöku í nefndastarfi, fjallað um innri málefni hópsins, afstöðu Bandaríkjaþings til Alþjóðaþingmannasambandsins, fjármál sambandsins og ýmis önnur mál er varða starfsemi þess.

D. GAGNABANKI ALÞJÓÐAÞINGMANNASAMBANDSINS

Undanfarin ár hefur Alþjóðaþingmannasambandið unnið að því að koma á fót gagnabanka. Hann verður tvíþættur. Annars vegar er um að ræða upplýsingar um þjóðþing (nefnt PARLINE) og hins vegar um bækur, tímarit og önnur rit er fjalla um þjóðþing og sem hafa verið skráð af bókasafni sambandsins (nefnt PARLIT). Undirbúningur að gagnabanka sambandsins hefur verið í höndum sex manna ráðgjafarnefndar á vegum þess og hefur Þorsteinn Magnússon, ritari Íslandsdeildarinnar, átti sæti í henni.

Alþjóðaþingmannasambandið stefnir að því að veita almennan aðgang að PARLINE og PARLIT á Internetinu á síðari helmingi ársins 1996 og munu þá þingmenn og starfsmenn Alþingis hafa fullan aðgang að gagnabankanum. Þá er í undirbúningi að bæta við þriðja meginþætti gagnabankans sem fæli í sér aðgang að þingskjölum sambandsins og fleiri gögnum sem snerta starfsemi þess.

Væntanlega mun PARLINE-gagnabankinn vekja mestan áhuga. Gert er ráð fyrir að hann innihaldi upplýsingar um öll eða flest þjóðþing í heiminum. Í dag eru tilbúnir fjórir „kaflar“ gagnabankans og eru þeir eftirfarandi:

a. almennar upplýsingar um þing, m.a. heiti þings, kjörtímabil þings, fjöldi þingsæta, nafn þingforseta og skrifstofustjóra og póstfang,
b. kosningakerfi, m.a. fjöldi kjördæma, kosningareglur, kosningarréttur og kjörgengi,
c. úrslit síðustu þingkosninga, m.a. síðasti kjördagur, aðdragandi kosninga og kosningaúrslit,
d. embætti forseta þings, m.a. staða forsetans og hlutverk hans auk almennra upplýsinga um forsetaembættið, svo sem kjörtími forseta og reglur um val hans.

E. NÆSTU ÞING

Næstu regluleg þing sambandsins verða í Istanbúl (apríl 1996), Beijing (september 1996), Seoul (apríl 1997) og Kaíró (september 1997).

Alþingi, 22. febr. 1996.

Geir H. Haarde, form. Margrét Frímannsdóttir. Magnús Stefánsson.

Einar K. Guðfinnsson. Jóhanna Sigurðardóttir.

596. Fyrirspurn [341. mál]

til félagsmálaráðherra um lögfræðideild Húsnæðisstofnunar.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hvað líður athugun Ríkisendurskoðunar á starfsemi lögfræðideildar Húsnæðisstofnunar sem fram fór síðari hluta árs 1995 að ósk forstjóra Húsnæðisstofnunar?
2. Munu alþingismenn fá niðurstöður þessarar athugunar þegar þær liggja fyrir?

597. Fyrirspurn [342. mál]

til dómsmálaráðherra um meðferð trúnaðarupplýsinga.

Frá Lúðvíki Bergvinssyni.

Hvaða reglur gilda um meðferð trúnaðarupplýsinga um einstaklinga í innbyrðis samskiptum stofnana ríkisins, svo sem upplýsinga sem koma fram við hjónaskilnaði, deilur um forræði barna og rannsóknir lögreglu á opinberum málum?

598. Skýrsla [343. mál]

um ríkisfjármál 1995.

(Lögð fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1 Helstu niðurstöður skýrslunnar

Í skýrslunni eru kynntar niðurstöðutölur um afkomu ríkissjóðs á árinu 1995. Fjallað er um einstök atriði á tekju-, gjalda- og lánahlið ríkissjóðs. Jafnframt eru raktir helstu þættir almennrar efnahagsþróunar á árinu 1995. Einnig er fjallað um umsvif annarra opinberra aðila á lánamarkaði. Loks er ítarlegur töfluviðauki með margvíslegum upplýsingum um ríkisfjármál og helstu þjóðhagsstærðir.

Helstu niðurstöður. Hér á eftir eru birtar helstu niðurstöður skýrslunnar, en frekari umfjöllun um einstök atriði er að finna í viðkomandi köflum:

- Efnahagslífið er nú smám saman að rétta úr kútnum eftir langvinna erfiðleika. Verðbólga er með því lægsta sem þekkist og gengi íslensku krónunnar er stöðugt. Tekist hefur að snúa þrálátum halla á viðskiptum við útlönd í afgang. Erlend skuldasöfnun þjóðarbúsins hefur því verið stöðvuð og raunskuldir lækka. Þá hafa vextir lækkað verulega frá því sem áður var, en það stuðlar að aukinni fjárfestingu fyrirtækja og lægri vaxtabyrði heimila. Þannig hafa verið skapaðar forsendur fyrir fjölgun starfa, auknu atvinnuöryggi og bættum lífskjörum í landinu.

- Hér gætir ekki síst áhrifa breyttra áherslna í hagstjórn undanfarin ár. Viðskiptafrelsi hefur verið aukið á flestum sviðum, meðal annars hefur ákvörðun vaxta verið færð út á markaðinn og fjármagnsviðskipti við önnur lönd gefin frjáls. Þá hefur verið gripið til markvissra aðgerða til að taka á ýmsum rótgrónum vandamálum í ríkisfjármálum.

- Niðurstöðutölur um afkomu ríkissjóðs á árinu 1995 eru í takt við áætlanir fjármálaráðuneytisins frá síðastliðnu hausti. Á móti verulegum útgjaldaauka í tengslum við gerð kjarasamninga á árinu vega að nokkru aukin umsvif og betra árferði sem skila auknum tekjum í ríkissjóð. Hlutfall útgjalda og skatttekna af landsframleiðslu helst hins vegar nokkurn veginn óbreytt milli ára. Heildarlánsfjárþörf ríkisins (þ.e. ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og sjóða) hefur minnkað jafnt og þétt síðustu ár og var minni árið 1995 en í rúman áratug. Þetta, ásamt ýmsum markaðstengdum aðgerðum stjórnvalda í peningamálum, hefur stuðlað að lægri vöxtum en ella á innlendum fjármagnsmarkaði.

- Árið 1995 nam halli ríkissjóðs 8,9 milljörðum króna, eða sem svarar til 2% af landsframleiðslu. Þetta er 1,5 milljörðum króna meiri halli en fjárlög gerðu ráð fyrir, en það má fyrst og fremst rekja til aukinna útgjalda og skattalækkunar í tengslum við gerð kjarasamninga á árinu. Af þessum sökum eykst hallinn nokkuð frá árinu 1994.

Afkoma ríkissjóðs 1992-1995

Í milljónum króna á verðlagi hvers árs	1992	1993	1994	Fjárlög 1995	Útkoma 1995	Frávik frá fjárlögum
Tekjur	103.447	103.220	109.602	112.092	114.436	2.344
Gjöld	110.607	112.863	116.986	119.528	123.344	3.816
Rekstrarafkoma	**-7.160**	**-9.643**	**-7.384**	**-7.436**	**-8.908**	**-1.472**
Hlutfall af landsframleiðslu, %	-1,8	-2,3	-1,7	-1,6	-2,0	-0,4
Lánveitingar, nettó	-15	-1.055	-7.387	-1.960	-9.712	-7.752
Hrein lánsfjárþörf	**7.175**	**10.680** [1]	**14.771** [1]	**9.396**	**18.620** [1]	**9.224**
Hlutfall af landsframleiðslu, %	1,8	2,6	3,4	2,0	4,1	2,1
Lántökur nettó	**9.434**	**12.134**	**14.729**	**9.400**	**17.806**	**8.406**
Innlend lántaka-afborganir	5.494	8.090	3.568	-	2.192	-
Erlend lántaka-afborganir	4.716	4.044	11.161	-	15.614	-
Seðlabanki Íslands, nettó	-776	-	-	-		
Greiðsluafkoma	2.259	12.123	14.714	4	17.787	-818
[1] Þ.a. endurlán til Húsnæðisstofnunar		700	6.550		8.000	

- Heildarútgjöld ríkissjóðs árið 1995 námu 123,3 milljörðum króna, eða 27% af landsframleiðslu. Frávikið frá fjárlögum nemur 3,8 milljörðum króna til hækkunar, en það má að miklu leyti rekja til aukinna útgjalda vegna kjarasamninga. Einnig gengu ýmis sparnaðaráform fjárlaga ekki eftir, einkum í heilbrigðismálum.

- Heildartekjur ríkissjóðs árið 1995 námu 114,4 milljörðum króna, eða 2,3 milljörðum meira en áætlað var á fjárlögum. Auknar tekjur má alfarið rekja til betra efnahagsástands en ráð var fyrir gert. Skatttekjur námu 106,1 milljarði króna, eða sem svarar til 23,3% af landsframleiðslu. Þetta er heldur lægra skatthlutfall en árið 1994 og reyndar lægsta hlutfall síðan á „skattlausa" árinu 1987.

- Samkvæmt fjárlögum var hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs, en það er sú fjárhæð sem ríkissjóður þarf að taka að láni til að fjármagna halla á rekstri og útstreymi á lánareikningum, áætluð 9,4 milljarðar króna. Ríkissjóður þurfti hins vegar líkt og árið áður að hlaupa undir bagga með Húsnæðisstofnun ríkisins með útvegun lánsfjár sem nam um 8 milljörðum króna. Þessi lánafyrirgreiðsla breytir vitaskuld engu um heildarlántökur ríkisins, en þær lækka nokkuð milli ára og hafa ekki verið lægri í meira en áratug.

- Líkt og tvö undangengin ár fór innlend lánsfjáröflun ríkissjóðs eingöngu fram með útboði ríkisverðbréfa. Vextir á ríkisvíxlum hækkuðu nokkuð framan af ári, fyrst og fremst vegna aðgerða Seðlabanka til að hamla gegn versnandi lausafjárstöðu innlánsstofnana og gjaldeyrisútstreymi í kjölfar þess að skammtímahreyfingar fjármagns voru gefnar frjálsar í ársbyrjun. Vextir tóku að lækka aftur um mitt ár, en undir lok ársins gætti á ný tilhneigingar til hækkunar sem að einhverju leyti mátti rekja til óvissu í kjaramálum.

- Annað árið í röð leitaði ríkissjóður meira á erlendan lánamarkað en innlendan. Þetta má rekja til aukinnar samkeppni á innlendum lánamarkaði og þeirrar áherslu stjórnvalda að hamla gegn vaxtahækkunum innanlands, jafnvel þótt það kostaði auknar erlendar lántökur ríkisins. Hins vegar er rétt að leggja áherslu á að erlendar skuldir þjóðarbúsins hafa farið lækkandi undanfarin fjögur ár. Ennfremur ber að undirstrika að minnkandi lánsfjárþörf ríkisins mörg undanfarin ár hefur stuðlað að lægri vöxtum innanlands en ella.

- Haldið var áfram á þeirri braut að draga úr verðtryggingu í ljósi aukins stöðugleika í efnahagslífinu. Á árinu var hafin útgáfa óverðtryggðra ríkisverðbréfa til þriggja og fimm ára og jafnframt horfið frá sambærilegri útgáfu verðtryggðra bréfa. Jafnframt var hafin sala verðtryggðra bréfa til 20 ára til að gefa langtíma fjárfestum (einkum lífeyrissjóðunum) fleiri valkosti. Þessar breytingar stuðla að frekari uppbyggingu verðbréfamarkaðar hér á landi.

- Afkoma sveitarfélaga batnaði umtalsvert á síðasta ári og er hallinn talinn hafa minnkað um nær helming, eða úr rúmlega 1½% af landsframleiðslu í um ¾%. Þrátt fyrir langvarandi hallarekstur á ríkissjóði og erfiða afkomu sveitarfélaga er staðan hér á landi betri en í mörgum nágrannaríkjanna. Þannig er samanlagður halli á rekstri ríkis og sveitarfélaga í Evrópuríkjum OECD talinn hafa numið um 5% af landsframleiðslu árið 1995. Hér á landi er hallinn hins vegar talinn hafa orðið minni, eða rúmlega 3%.

- Svipaða sögu er að segja um skuldasöfnun ríkis og sveitarfélaga. Heildarskuldir hafa alls staðar farið vaxandi að undanförnu. Hlutfall opinberra skulda í ríkjum Evrópusambandsins nam um 76% af landsframleiðslu árið 1995. Hér á landi er talið að heildarskuldir ríkis og sveitarfélaga hafi numið um 55% af landsframleiðslu árið 1995.

2 Framvinda efnahagsmála

2.1 Efling atvinnuvega

Á síðustu tíu árum hefur íslenskt efnahagslíf gengið í gegnum gífurlegar breytingar. Í kjölfar mikillar uppsveiflu í sjávarútvegi á árunum 1985-1987 þrefölduðust ráðstöfunartekjur heimilanna á sama tíma og verðlag tvöfaldaðist. Kaupmáttur jókst þannig um 50%. Við bættist að vaxtamyndun var gefin frjáls sem varð til þess að raunvextir fóru hækkandi. Á árinu 1988 kom afturkippur í efnahagslífið vegna samdráttar í fiskafla og framleiðslu sjávarafurða. Ljóst var að atvinnulífið gat engan veginn staðið undir þessum breyttu aðstæðum.

Í kjölfarið tók við tímabil endurskipulagningar. Atvinnuvegirnir þurftu að endurskipuleggja rekstur sinn nánast frá grunni til að ná hagræðingu í rekstri og starfsgrundvöllur fyrirtækja var endurmetinn. Auk þessa lögðu stjórnvöld með margvíslegum hætti grunn að eflingu atvinnulífsins. Skattar á fyrirtæki voru lækkaðir og raungengi hefur verið lagað að efnahagslegum aðstæðum.

Á allra síðustu árum hafa komið fram ýmsar vísbendingar um að þessu endurhæfingarskeiði íslensks atvinnulífs væri að ljúka. Rekstrarafkoma fyrirtækja hefur batnað, fjárfestingar aukist og störfum fjölgað. Ekki má þó búast við stökkbreytingum á næstunni, fremur hægfara uppbyggingu í atvinnulífinu sem skilar sér smám saman í aukinni verðmætasköpun og fjölgun starfa.

2.2 Efnahagsþróun í nágrannaríkjunum

Á árinu 1995 var áframhaldandi hagvöxtur í OECD-ríkjunum, þó heldur hægari en árið áður, eða tæplega 2½% samanborið við tæplega 3% árið 1994. Þetta er heldur minna en búist var við þar sem flest skilyrði til hagvaxtar voru hagstæð. Verðbólga hefur haldist lág og vextir lækkað í flestum löndum. Alþjóðaviðskipti hafa aukist og betra jafnvægi hefur náðst á gjaldeyrismörkuðum. Búist er við svipuðum hagvexti á árinu 1996, eða rúmlega 2½%.

Þrátt fyrir aukinn hagvöxt á síðustu tveimur árum hefur atvinnuleysi lítið minnkað í Evrópu. Í flestum ríkjum hefur störfum fjölgað, en ekki nægilega til að vinna á atvinnuleysinu að ráði. Atvinnuleysi í OECD-ríkjunum í heild lækkaði úr 8% árið 1994 í 7,8% á árinu 1995 og búist er við svipuðu atvinnuleysi á árinu 1996. Í Evrópu er atvinnuleysið mun meira eða um 11%.

Áætlanir og aðgerðir um aðhald í ríkisfjármálum hafa víða stuðlað að lækkun vaxta auk þess sem óróleiki og óvissa á gjaldeyrismörkuðum hefur minnkað. Ýmis lönd hafa einnig unnið að kerfisbreytingum á öðrum sviðum og er búist við að árangur þeirra komi fram á næstu árum. Skipulagsbreytingar í átt til aukins frjálsræðis, ekki síst á vinnumarkaði, munu stuðla að aukinni atvinnu og hagvexti í nánustu framtíð.

Efnahagur Bandaríkjanna er kominn á réttan kjöl og framleiðslugeta að nálgast hámark. Í Evrópu eru hins vegar merki um að hagvöxtur sé að minnka. Sá óróa sem varð á gjaldeyrismörkuðum fyrri hluta árs 1995, leiddi til þess að gengi gjaldmiðla Þýskalands og annarra landa í Evrópu varð mjög hátt með þeim afleiðingum að atvinnurekendur héldu að sér höndum og í kjölfarið dró úr einkaneyslu. Í Japan hefur hagvöxtur verið hægari en búist var við. Þar gætir meðal annars áhrifa af jarðskjálftanum í Kobe. Einnig hækkaði gengi jensins framan af ári, en það hefur haldið aftur af einkaneyslu.

Efnahagshorfur í nokkrum OECD-ríkjum

	Afkoma hins opinbera[1]		Verðbólga		Atvinnuleysi		Hagvöxtur	
	1995	1996	1995	1996	1995	1996	1995	1996
Ísland	**-3,4**	**-2,1**	**1,7**	**2,5**	**5,0**	**4,4**	**2,0**	**3,0**
Danmörk	-1,9	-1,0	1,8	2,5	10,1	9,4	3,3	3,0
Finnland	-5,7	-1,7	3,0	2,2	17,2	16,1	4,8	3,3
Noregur	0,6	1,6	2,9	2,5	5,0	4,6	4,5	4,0
Svíþjóð	-7,3	-5,2	3,8	2,7	7,6	7,3	3,5	2,5
Norðurlönd, alls	**-4,9**	**-4,2**	**2,6**	**2,5**	**9,0**	**8,4**	**3,7**	**3,2**
Bretland	-5,0	-3,8	1,9	2,5	8,4	8,2	2,7	2,4
Frakkland	-5,0	-3,9	2,1	2,1	11,5	11,3	2,7	2,2
Ítalía	-7,4	-6,0	5,1	4,4	11,9	11,6	3,1	2,7
Þýskaland	-3,1	-3,0	2,3	2,0	9,3	9,3	2,1	2,4
Evrópusambandið	**-5,0**	**-4,0**	**3,0**	**2,7**	**11,1**	**10,8**	**2,7**	**2,5**
Bandaríkin	-1,6	-1,5	1,6	1,7	5,6	5,7	3,3	2,7
Japan	-3,9	-4,8	-0,9	-0,4	3,1	3,4	0,3	2,0
Kanada	-4,4	-3,1	1,9	2,0	9,6	9,2	2,4	3,0
OECD-ríkin	**-3,4**	**-3,1**	**1,8**	**2,0**	**7,8**	**7,7**	**2,4**	**2,6**

[1] Hlutfall af landsframleiðslu.

Helstu viðfangsefni stjórnvalda á sviði efnahagsmála í OECD-ríkjunum eru að leita leiða til að draga úr atvinnuleysi. Þetta á einkum við um Evrópuríkin. Í þessu skyni er tvennt talið mikilvægast. Annars vegar að halda áfram á þeirri braut að draga úr halla og skuldasöfnun ríkis og sveitarfélaga. Hér er áherslan fyrst og fremst á róttækar skipulagsbreytingar, einkum á sviði ríkisútgjalda. Hins vegar er talið óhjákvæmilegt að losa um ýmsar hömlur og takmarkanir á vinnumarkaði til þess að greiða fyrir fjölgun starfa. Þetta snýr ekki síst að ýmsum reglum og löggjöf, um fjölmarga þætti vinnumarkaðsmála, svo sem ákvæði um vinnutíma, samkeppnisreglur og atvinnuleysistryggingar.

2.3 Efnahagsþróun hér á landi

Innlend eftirspurn. Efnahagur Íslendinga hélt áfram að vænkast á árinu 1995, þriðja árið í röð. Talið er að hagvöxturinn hafi numið 2%, sem er í takt við forsendur fjárlaga. Hins vegar á hagvöxturinn rætur sínar að rekja til annarra þátta en þá var búist við. Munar þar mestu um aukna einkaneyslu á meðan fjárfesting reyndist minni en gert var ráð fyrir. Einkaneysla er talin hafa aukist um 4½% á árinu 1995, en í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir 2½% aukningu. Aukninguna má aðallega rekja til meiri launabreytinga en gert var ráð fyrir í upphafi árs. Þannig

Hagvöxtur



jókst kaupmáttur ráðstöfunartekna um 4% á árinu á meðan fjárlagaforsendur gerðu ráð fyrir 1% aukningu.

Breyting samneyslu var í takt við forsendur fjárlaga og jókst um 2%. Fjárfesting er á hinn bóginn talin hafa orðið minni en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Spáð var rúmlega 5% vexti í fjárfestingu, en nú er reiknað með að aukningin hafi numið 3%. Fjárfesting atvinnuveganna jókst verulega, en hins vegar gætti töluverðs samdráttar í fjárfestingu hins opinbera og í byggingu íbúðarhúsnæðis.

Þjóðhagsyfirlit

	Milljónir króna		Magnbreytingar, %[1]		
	1995	1996	1994	1995	1996
Einkaneysla	274.195	292.179	1,8	4,6	4,0
Samneysla	94.526	101.021	3,7	2,0	2,0
Fjárfesting	69.884	83.124	-1,1	3,0	15,0
Birgðabreytingar	2.017	0	-0,2	0,6	-0,7
Þjóðarútgjöld	440.622	476.324	1,5	4,4	4,6
Útflutningur vöru og þjónustu	159.853	169.682	9,7	-2,4	3,9
Innflutningur vöru og þjónustu	144.260	160.530	4,1	4,4	9,0
Landsframleiðsla	**456.215**	**485.476**	**3,5**	**2,0**	**3,0**
Viðskiptajöfnuður	4.055	-1.344	2,1	0,9	-0,3

[1] Viðskiptajöfnuður reiknaður sem hlutfall af landsframleiðslu.

Vinnumarkaður. Í upphafi árs 1995 var búist við að atvinnuleysi lækkaði úr 4,8% árið 1994 í 4,6% á árinu 1995. Sú varð ekki raunin heldur jókst atvinnuleysið á árinu og mældist 5%. Þetta svarar til þess að 6.500 manns hafi verið skráðir atvinnulausir að jafnaði árið 1995, samanborið við 6.200 árið 1994. Aukningin er nær alfarið á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum, en annars staðar dró heldur úr atvinnuleysi. Hluta skýringarinnar má eflaust rekja til þess að í byrjun árs ríkti óvissa á vinnumarkaði. Kjarasamningar voru lausir og einstakar stéttir, kennarar og sjómenn, fóru í verkföll. Því er ekki ólíklegt að atvinnurekendur hafi haldið að sér höndum. Ennfremur var vinna við átaksverkefni sveitarfélaga töluvert minni á árinu 1995 en árið á undan. Vinnumarkaðsaðgerðir ríkisins eru taldar hafa verið svipaðar að umfangi og árið 1994.

Skipulagsbreytingarnar sem íslenskt efnahagslíf hefur gengið í gegnum síðastliðinn áratug hafa skapað nokkuð aðrar aðstæður á vinnumarkaði en áður voru. Í stað nær samfelldrar þenslu og umframeftirspurnar eftir vinnuafli áratugum saman hefur komið atvinnuleysi. Að nokkru má rekja aukið atvinnuleysi til þeirra efnahagserfiðleika sem hér hafa ríkt undanfarin ár. Hins vegar er ljóst að verulegur hluti skráðs atvinnuleysis er annars eðlis og tengist fremur því sem kalla má skipulagsvanda í hagkerfinu, bæði á vinnumarkaði og í uppbyggingu atvinnulífsins. Þetta veldur því að atvinnuleysi minnkar ekki eins mikið og ætla mætti við ríkjandi aðstæður þar sem hagvöxtur er orðinn svipaður og víða annars staðar. Þetta er reyndar það sem flestar Evrópuþjóðir glíma við um þessar mundir.

Þótt atvinnuleysi meðal karla hafi aukist á síðustu árum hefur atvinnuleysi meðal kvenna aukist enn meira. Á árinu 1995 mældist atvinnuleysi karla 4% á meðan atvinnuleysi kvenna mældist 6,3%.

Nokkur þáttaskil urðu á síðasta ári þegar störfum tók að fjölga á nýjan leik, eða um 1.700 á árinu. Þá var atvinnuleysi síðustu tvo mánuði ársins minna en næstu tvö árin á undan. Þetta eru ótvíræð merki þess að atvinnuástandið sé að batna.

Laun og kaupmáttur. Í febrúar voru undirritaðir kjarasamningar milli stærstu landssambanda ASÍ og vinnuveitenda sem gilda til ársloka 1996. Með því var lagður grunnur að öðrum samningum í landinu. Kveðið var á um krónutöluhækkun við undirritun samninga, en auk þess fengu hinir lægst launuðu viðbótarhækkun sem smám saman fjaraði út við ákveðið tekjumark. Í upphafi árs 1996 hækkuðu laun annað hvort um tiltekna krónutölu eða um 3%. Þá voru ákvæði um sérstakar launabætur til láglaunafólks framlengd. Jafnhliða hinum almennu samningum voru gerðir sérkjarasamningar við einstök félög innan ASÍ. Í heild voru þessir samningar taldir fela í sér um 7½% hækkun meðallauna yfir samningstímann, rúmlega 4% við undirskrift og liðlega 3% í upphafi árs 1996.

Til að greiða fyrir gerð samninganna féllst ríkisstjórnin á að grípa til ýmissa aðgerða. Þar vegur þyngst sú ákvörðun að lífeyrisiðgjöld launþega verða undanþegin tekjuskatti. Ennfremur var ákveðið að hverfa frá viðmiðun fjárskuldbindinga við lánskjaravísitölu.

Frá því samningarnir voru undirritaðir hafa verið gerðir samningar við þorra annarra launþega. Þeir samningar hafa í ýmsum atriðum vikið frá febrúarsamningunum. Þannig hefur fremur verið samið um hlutfallshækkun launa í stað krónutöluhækkunar, einkum í félögum þar sem meðallaun eru í efri hluta launatöflunnar. Ýmis aðildarfélög ASÍ og VSÍ sömdu um mun meiri launahækkanir en fólust í febrúarsamningunum, í sumum tilvikum í kjölfar verkfalla.

Einnig hefur verið samið við flest félög opinberra starfsmanna. Þeir eru yfirleitt á svipuðum nótum og samningar á almenna markaðnum, þ.e. bæði febrúarsamningarnir og síðari samningar. Samningar við aðildarfélög BSRB hafa yfirleitt miðað við krónutöluhækkun launa, en í samningum við BHMR hefur meginreglan verið að ganga út frá sömu hlutfallshækkun launa og fólst í samningum á almenna markaðnum. Þó hafa samningar við grunnskóla- og framhaldsskólakennara, nokkrar hjúkrunarstéttir og ýmis aðildarfélög ASÍ nokkra sérstöðu, þar sem samið var um meiri launahækkanir og í sumum tilfellum breytingar á starfsskipulagi.

Samningarnir komu til endurskoðunar í nóvember síðastliðnum. Sérstök launanefnd ályktaði að forsendur samninganna hefðu ekki breyst að því marki að réttlæta uppsögn þeirra. Engu að síður sömdu aðilar vinnumarkaðarins um hækkun desemberuppbótar, og um frekari hækkun á árinu 1996. Ríkisstjórnin kom einnig að málinu og samþykkti að flýta gildistöku ákvæða um að undanþiggja lífeyrisiðgjöld launþega frá tekjuskatti. Þá samþykkti ríkisstjórnin að hækka bótagreiðslur almannatrygginga í takt við launabreytingar um áramót 1995/1996.

Kjarasamningarnir leiddu til umtalsverðrar kaupmáttaraukningar á árinu 1995 og jókst kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann um 4%. Á þessu ári er gert ráð fyrir að kaupmáttaraukningin nemi 3½%. Til samanburðar má nefna að talið er að kaupmáttur þjóðartekna hafi aukist um rúmlega 2% á mann á árinu 1995 og búist er við svipaðri aukningu á árinu 1996.

Verðlag. Í kjölfar þess að gerðir voru kjarasamningar á almenna markaðnum var búist við að verðhækkanir á árinu færu umfram áætlanir um 1,8% verðbólgu á árinu 1995. Sú hefur ekki orðið raunin þar sem verðbólga á árinu mældist 1,7%. Frá upphafi til loka árs hækkaði verðlag um 1,6%. Launahækkanir hafa þannig ekki leitt til hærra verðlags í þeim mæli sem reiknað var með. Aukin samkeppni virðist hafa haldið aftur af verðhækkunum auk þess sem staða fyrirtækja er betri en verið hefur um árabil. Þessar verðhækkanir eru í takt við verðlagshækkanir í helstu viðskiptalöndum okkar.

Atvinnuvegir. Nú liggur fyrir velta atvinnugreina fyrstu tíu mánuði ársins 1995 og jókst hún um 6½% frá árinu á undan. Veltuaukningin er almenn í atvinnugreinunum, þó að gætti

samdráttar í byggingarstarfsemi. Mest hefur aukningin verið í bifreiðaverslun, en einnig jukust umsvif í heildverslun og þjónustu talsvert. Þegar neysluvörugreinar eru teknar sérstaklega sést að velta þeirra hefur aukist um ríflega 5½%.

Á árinu 1995 er talið að hagnaður sjávarútvegs í heild hafi verið um 4½% af tekjum sem stafar aðallega af góðri afkomu við veiðar og vinnslu rækju og loðnu. Í þessum greinum er hagnaður metinn yfir 20%. Aftur á móti er afkoma botnfiskveiða og -vinnslu erfið og er talið að tap í þessum greinum nemi 4½%.

Álframleiðsla hefur nánast staðið í stað milli ára á meðan álverð hefur farið hækkandi. Hefur því verðmæti álframleiðslunnar aukist töluvert á milli ára, eða um 13½%.

Fjármagnsmarkaður. Heildarinnlán og verðbréfaútgáfa innlánsstofnana jókst um 4% á árinu 1995 samanborið við 1,5% aukningu árið 1994. Erlent lánsfé til endurlána lækkaði hins vegar um tæpan fimmtung á árinu og hefur því minnkað um sem næst helming á síðustu tveimur árum. Heildarútlán jukust um 2% árið 1995, en þau stóðu nánast í stað milli áranna 1993 og 1994. Áfram gætti sömu tilhneigingar og fyrr að útlán til einstaklinga jukust umtalsvert, eða um 6% á sama tíma og skuldir fyrirtækja héldu áfram að lækka. Verulega dró úr lánsfjárþörf sveitarfélaga frá árinu 1994, en útlán til þeirra jukust um 4%, samanborið við fjórðungs aukningu árið 1994. Á síðustu tveimur árum hefur heildarlánsfjáreftirspurn hjá innlánsstofnunum aðeins aukist um 2% samanlagt. Lausafjárstaða bankanna lækkaði um rúma 2 milljarða milli ára og í árslok 1995 var hún ríflega 11 milljörðum lægri en í árslok 1993.

Lánahreyfingar innlánsstofnana

	Staða 31. des. 1994 m.kr.	Staða 31. des. 1995 m.kr.	Hreyfing jan.-des. 1994 %	Hreyfing jan.-des. 1995 %
Heildarinnlán og verðbréfaútgáfa	185.613	192.925	1,5	3,9
Erlent lánsfé til endurlána	29.774	24.207	-29,4	-18,7
Útlán og endurlán	213.304	217.373	-0,1	2,0
Þar af fyrirtæki	124.950	124.484	-4,1	-0,4
Þar af einstaklingar	56.679	60.182	5,8	6,2
Þar af sveitarfélög	7.312	7.616	24,4	4,1
Lausafjárstaða	10.647	8.438	-45,3	-20,7

Í ársbyrjun 1995 var síðustu hömlum á verðbréfakaupum innlendra aðila erlendis aflétt er kaup á skammtímaverðbréfum voru gefin frjáls. Þrátt fyrir það voru hrein verðbréfakaup erlendis aðeins tæpir 3 milljarðar króna árið 1995 samanborið við 8 milljarða króna árið 1994, en það ár var hömlum á kaupum erlendra langtímaverðbréfa aflétt. Mikil verðbréfakaup erlendis á árinu 1994 virðast því hafa verið viðbrögð við breyttum aðstæðum og umfram það sem eðlilegt má telja við ríkjandi aðstæður.

Útboð skuldabréfa nam um 38 milljörðum króna árið 1995 samanborið við 44 milljarða árið 1994. Skuldabréfaútboð sveitarfélaga lækkuðu verulega, úr tæpum 6 milljörðum króna árið 1994 í 3,7 milljarða króna árið 1995. Útboð húsbréfa lækkuðu um 3 milljarða króna milli ára og útboð ríkisverðbréfa lækkuðu um 1,5 milljarða króna. Það er því ljóst að á síðasta ári dró verulega úr ásókn opinberra aðila á innlendan skuldabréfamarkað.

Eign Seðlabanka Íslands á bréfum ríkissjóðs og Húsnæðisstofnunar lækkaði nokkuð á árinu 1995, eða úr rúmlega 25 milljörðum króna í árslok 1994 í rúmlega 21 milljarð króna í árslok 1995.

Áætlað er að peningalegur sparnaður hafi aukist um 26 milljarða króna á síðasta ári, samanborið við 42 milljarða árið 1994. Meginhluti sparnaðarins, eða rúmlega 20 milljarðar

króna árið 1995, var í lífeyriskerfinu. Árið 1995 er nýr sparnaður áætlaður 5,6% af landsframleiðslu, samanborið við 9,8% árið 1994. Minni sparnaður á árinu 1995 endurspeglar aukin neysluútgjöld heimilanna og áframhaldandi skuldasöfnun.

Vaxtaþróun. Vextir hafa lækkað verulega á undanförnum árum. Þetta má fyrst og fremst rekja til aukins stöðugleika í efnahagslífinu, skipulagsbreytinga á peningamarkaði og minnkandi lánsfjárþarfar opinberra aðila. Á árinu 1995 gætti hins vegar nokkurrar tilhneigingar til hækkunar vaxta.

Vaxtaþróun

	September 1993 %	Desember 1994 %	Desember 1995 %
Nafnávöxtun ríkisvíxla í útboðum	9,5	6,0	7,3
Nafnávöxtun útlánsvíxla banka, meðaltal	19,8	12,3	12,7
Vaxtamunur	10,8	6,3	5,4
Raunávöxtun spariskírteina ríkissjóðs á Verðbréfaþingi	6,9	5,1	5,8
Meðalávöxtun verðtryggðra útlána banka	9,4	8,3	8,8
Vaxtamunur	2,5	3,0	3,0

Á peningamarkaði beitti Seðlabankinn sér fyrir vaxtahækkunum á fyrri hluta ársins til að hamla gegn útstreymi gjaldeyris. Síðari hluta ársins lækkaði bankinn vextina á ný, meðal annars með hliðsjón af lækkun vaxta erlendis. Gjaldeyrisútstreymi og ýmis þenslueinkenni síðustu mánuði ársins leiddu síðan til lítils háttar vaxtahækkunar undir árslok.

Vaxtamunur ríkisvíxla og útlánsvíxla bankanna lækkaði á síðasta ári og er um 5½%. Aftur á móti hélst vaxtamunur spariskírteina ríkissjóðs og verðtryggðra útlána bankanna óbreyttur í 3%.

Þrátt fyrir að fjármagnsflutningar milli Íslands og annarra landa séu nú alveg frjálsir eru raunvextir hér á landi talsvert hærri en í nágrannaríkjum okkar. Myndin sýnir samanburð á ávöxtun þriggja mánaða ríkisvíxla hér á landi og í þremur öðrum ríkjum þar sem verðbólga er svipuð og hér á landi.

Þriggja mánaða ríkisvíxlar



Á síðasta ári hækkuðu vextir hér á landi á sama tíma og þeir lækkuðu erlendis. Ein skýring á þessum vaxtamun er að fjármagnsmarkaðurinn hér á landi er enn í mótun. Jafnframt er stutt síðan hann opnaðist gagnvart útlöndum. Þetta kemur m.a. fram í því að fjármagnshreyfingar eru nánast eingöngu út úr landinu. Háir vextir hér á landi á síðasta ári virðast ekki hafa laðað erlent fjármagn til landsins þótt vissulega hafi dregið úr verðbréfakaupum íslenskra aðila erlendis.

Innflutningur. Vöruinnflutningur jókst verulega á árinu 1995, eða um 7½%. Innflutningur á hrávörum, rekstrar- og fjárfestingarvörum jókst töluvert sem bendir til aukinna umsvifa í atvinnulífinu. Þá jókst innflutningur á bifreiðum um fjórðung að raunvirði.

Innflutningur þjónustu jókst dróst hins vegar saman á árinu 1995, eða um nær 3½%. Spáð er að innflutningur vöru og þjónustu í heild hafi aukist um 4½% milli áranna 1994 og 1995.

Útflutningur. Vöruútflutningur dróst saman um ríflega 2% á árinu 1995. Munar þar mestu um rúmlega 3% samdrátt í útflutningi sjávarafurða. Á móti vegur að útflutningur iðnaðarvara jókst um nálægt 6%. Mikill vöxtur er í útflutningi iðnaðarvara annarra en stóriðju. Af einstökum tegundum vekur mesta athygli að útflutningur á lyfjum hefur margfaldast milli áranna 1994 og 1995. Þá hefur einnig orðið mikil aukning í útflutningi á fiskinetum og skyldum vörum til fiskveiða.

Þá hefur útflutningur þjónustu einnig dregist saman á milli ára, eða sem nemur nálægt 3%. Í heild er talið að útflutningur vöru og þjónustu hafi dregist saman um 2½% milli ára.

Viðskiptajöfnuður. Á árinu 1995 var viðskiptajöfnuður jákvæður. Þetta er í fyrsta sinn í sögu lýðveldisins sem viðskiptajöfnuður er jákvæður þrjú ár í röð, en hann náði hámarki árið 1994, yfir 2% af landsframleiðslu. Meginskýring þessa er að síðustu ár hefur vöruskiptajöfnuðurinn verið mjög hagstæður og árið 1994 nam afgangur á vöruskiptajöfnuði 4½% af landsframleiðslu. Árið 1995 dróst vöruútflutningur saman á meðan vöruinnflutningur jókst og því lækkaði vöruskiptajöfnuður töluvert og nam þannig 3% af landsframleiðslu.

Viðskiptajöfnuður



Almennur þjónustujöfnuður skilaði afgangi upp á tæplega ½% af landsframleiðslu á meðan vaxtajöfnuður var verulega neikvæður vegna mikilla erlendra skulda þjóðarbúsins. Afgangur á viðskiptajöfnuði hefur því heldur minnkað í kjölfar aukinnar innlendrar eftirspurnar og er áætlað að hann hafi numið 0,9% af landsframleiðslu fyrir árið í heild.

Erlendar skuldir þjóðarbúsins. Mikil umskipti hafa orðið á erlendri skuldastöðu þjóðarbúsins á síðustu árum. Eftir langvarandi tímabil viðskiptahalla og erlendrar skuldasöfnunar ár frá ári hefur tekist að snúa þróuninni við. Erlendar skuldir þjóðarbúsins fara nú smám saman lækkandi. Á árinu 1995 er áætlað að erlendar skuldir, nettó, hafi numið 50% af landsframleiðslu samanborið við 53% árið 1994. Til greiðslu vaxta og afborgana af erlendum

lánum var varið sem svaraði um 29% af útflutningstekjum árið 1995 á móti 35% árið 1994.

Erlendar skuldir einstakra geira þjóðfélagsins hafa þróast með mismunandi hætti. Erlendar skuldir lánastofnana og fyrirtækja hafa lækkað verulega á sama tíma og erlendar skuldir opinberra aðila hafa aukist. Þetta má fyrst og fremst rekja til þess að á síðasta ári leitaði ríkissjóður fremur á erlenda markaði en innlenda eftir lánsfé til að treysta í sessi þá vaxtalækkun sem orðið hafði. Lágir vextir leiddu síðan til þess að lánastofnanir og fyrirtæki tóku lán í auknum mæli á innlendum markaði.

Erlendar skuldir þjóðarbúsins, nettó



Afkoma hins opinbera. Mikil umskipti hafa orðið í afkomu sveitarfélaga á síðustu árum. Árið 1990 var afgangur á rekstri þeirra, en árið 1994 var halli þeirra orðinn tæpir 7 milljarðar króna eða sem svaraði til rúmlega 20% af tekjum. Til samanburðar má nefna að halli ríkissjóðs sama ár nam innan við 7% af tekjum. Á síðasta ári gripu hins vegar mörg sveitarfélög til mikilla sparnaðar- og aðhaldsaðgerða og batnaði staða þeirra verulega. Áætlað er að halli þeirra hafi verið um 3,3 milljarðar króna árið 1995 sem samsvarar um 10% af tekjum. Afkoman hefur því batnað um helming, eða um 3½ milljarð króna milli ára. Meginskýringin er að tekjur hafa aukist um 3 milljarða á árinu 1995 sem er liðlega 10% aukning. Útgjöldin lækkuðu um ½ milljarð króna, einkum vegna minni framkvæmda. Þannig lækkuðu útgjöld til fjárfestinga um 1½ milljarð króna. Hins vegar jukust rekstrarútgjöld um 1 milljarð króna.

Heildarskuldir hins opinbera, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, jukust á síðasta ári um sem nam 2½% af landsframleiðslu og nam skuldahlutfallið rúmum 55% í árslok. Þrátt fyrir það eru opinberar skuldir enn nokkuð lægri hér á landi en í helstu nágrannaríkjum okkar. Á hinum Norðurlöndunum er skuldahlutfallið að meðaltali um 70% af landsframleiðslu en í OECD-ríkjunum er það um 72%. Á árinu 1996 er gert ráð fyrir að opinberar skuldir muni lækka og fara niður í 53½% af landsframleiðslu.

Heildarskuldir hins opinbera



3 Tekjur ríkissjóðs

Heildaryfirlit. Árið 1995 námu heildartekjur ríkissjóðs 123,4 milljörðum króna, eða 2,3 milljörðum meiri en áætlað var í fjárlögum. Auknar tekjur skýrast alfarið af betra efnahagsástandi á síðasta ári en spáð hafði verið. Þrátt fyrir það voru skatttekjur sem hlutfall af landsframleiðslu lægri í fyrra en árið 1994, eða 23,3%, og hefur hlutfallið ekki verið lægra síðan á árinu 1987. Á hinn bóginn hefur samsetning skatttekna breyst verulega á þessu tímabili. Þannig hefur vægi tekju- og launaskatta aukist á sama tíma og hlutur veltuskatta minnkar.

Tekjur ríkissjóðs



Skattbreytingar. Breytingar í skattamálum á árinu 1995 voru tvíþættar. Annars vegar eru breytingar sem samþykktar voru fyrir árslok 1994 og þar með hluti af tekjuáætlun fjárlaga. Hins vegar eru breytingar sem ákveðnar voru eftir samþykkt fjárlaga. Þar ber hæst aðgerðir stjórnvalda í tengslum við gerð kjarasamninga í febrúar 1995. Þessar breytingar virka bæði til hækkunar og lækkunar, sbr. meðfylgjandi yfirlit.

Yfirlit yfir skattbreytingar árið 1995 - greiðsluáhrif

Í milljónum króna	Tekjuáhrif 1995
I. Heildaráhrif - breytingar samkvæmt tekjuáætlun fjárlaga	**-450**
1. Breytingar á lögum um tekjuskatta	***-590***
- Afnám tvísköttunar lífeyrisgreiðslna	-200
- Aukið skattfrelsi húsaleigutekna	-150
- Hækkun á tekjuviðmiðun hátekjuskatts	-90
- Tímabundin lækkun tekjuskatts fyrirtækja vegna flýtifyrninga	-150
2. Breytingar á eignarsköttum - afnám 0,75% stóreignaskatts	***-120***
3. Breytingar á öðrum sköttum	***260***
- Tímabundin hækkun bensíngjalds og þungaskatts	310
- Afnám kjarnfóðurgjalds	-50
II. Heildaráhrif - breytingar eftir samþykkt fjárlaga	**-700**
1. Breytingar á tekjuskatti einstaklinga - skattfrelsi lífeyrisiðgjalda	***-600***
2. Aðrir skattar - lækkun á vörugjaldi bifreiða	***-100***
III. Heildaráhrif skattbreytingar á árinu 1995 (I. + II.)	**-1.150**

Þegar allt er lagt saman lækka sérstakar skattbreytingar innheimtu tekna um rúmlega 1 milljarð króna á árinu 1995. Þar af er tekjutap umfram áætlun fjárlaga talið nema um 700 m.kr. Rétt er að benda á að erfitt getur verið að meta áhrif skattbreytinga í tengslum við kjarasamninga nákvæmlega. Þannig leiðir skattfrelsi lífeyrisiðgjalda til lækkunar, en á móti vega jákvæð áhrif launahækkunar, aukinna umsvifa og meiri stöðugleika í efnahagslífinu á tekjur ríkissjóðs en ella. Þessi áhrif þarf að skoða í samhengi, en ekki einblína á útlagðan kostnað eða tekjutap.

Útkoman 1995. Í tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 1995 var talið að innheimtar tekjur ríkissjóðs næmu liðlega 112 milljörðum króna. Gert var ráð fyrir hægfara bata í íslensku efnahagslífi sem hefði jákvæð áhrif á tekjurnar og myndi vega á móti tekjutapi þeirra skattbreytinga sem þegar höfðu verið ákveðnar. Nokkur óvissa ríkti hins vegar í kjaramálum, en kjarasamningar voru í flestum tilvikum lausir um áramótin 94/95.

Í lok febrúar 1995 voru gerðir nýir kjarasamningar á almenna markaðnum. Til að greiða fyrir gerð þeirra féllst ríkisstjórnin á að beita sér fyrir ýmsum aðgerðum. Mikilvægust var sú ráðstöfun að afnema skattskyldu lífeyrisiðgjalda í áföngum, sem talin er hafa lækkað tekjur ríkissjóðs um 600 m.kr. á síðasta ári. Á hinn bóginn fólu kjarasamningarnir í sér heldur meiri tekjubreytingar en miðað hafði verið við í fjárlögum sem dró úr því tekjutapi. Þá styrktu aukin umsvif í efnahagslífinu afkomu þjóðarbúsins árið 1995 og um leið tekjuhlið ríkissjóðs eins og áður var komið fram.

Breytingar helstu þjóðhagsstærða

	Fjárlög 1995 %	Útkoma 1995 %	Frávik
Einkaneysla	2,5	4,6	2,1
Þjóðarútgjöld	2,9	4,4	1,5
Almennur vöruinnflutningur án olíu	5,0	8,2	3,2
Útflutningur vöru og þjónustu	0,4	-2,4	-2,8
Landsframleiðsla	2,1	2,0	-0,1
Þjóðartekjur	3,0	3,3	0,3
Ráðstöfunartekjur á mann	2,8	5,8	3,0
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	1,0	4,0	3,0
Vísitala framfærslukostnaðar	1,8	1,7	-0,1
Atvinnuleysi sem hlutfall af mannafla	4,6	5,0	0,4

Heildarniðurstaðan varð því sú að tekjur ríkissjóðs urðu 2,3 milljörðum króna hærri á árinu 1995 en búist hafði verið við, eða um 114,4 milljarðar króna. Þar af námu viðbótarskatttekjur 1,6 milljörðum króna.

Hér á eftir er fjallað nánar um einstaka tekjuliði, helstu frávik frá áætlun fjárlaga og samanburð við fyrra ár.

Skipting ríkissjóðstekna

Greiðslugrunnur	1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Útkoma 1995 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.	Breyting 1994-95 %
Tekjuskattar	**19.163**	**18.900**	**20.992**	**2.092**	**9,5**
Einstaklingar	15.872	15.200	16.750	1.550	5,5
Fyrirtæki	3.291	3.700	4.242	542	28,9
Tryggingagjöld, launaskattar	10.945	11.380	11.453	73	4,6
Eignarskattar	3.561	3.370	3.627	257	1,9
Skattar á vörur og þjónustu	**68.000**	**70.822**	**69.929**	**-893**	**2,8**
Virðisaukaskattur	40.899	42.200	42.358	158	3,6
Innflutnings- og vörugjöld	7.994	8.719	8.832	113	10,5
Tekjur af sölu áfengis og tóbaks	6.600	6.865	6.148	-717	-6,8
Bifreiðagjöld	8.231	8.725	8.607	-118	4,6
Aðrir skattar	4.276	4.313	3.984	-329	-6,8
Aðrar tekjur	**7.933**	**7.620**	**8.412**	**792**	**6,0**
Vaxtatekjur	4.720	4.600	5.139	539	8,9
Arðgreiðslur o.fl.	3.213	3.020	3.273	253	1,9
Heildartekjur ríkissjóðs	**109.602**	**112.092**	**114.413**	**2.321**	**4,4**
Þar af skatttekjur	**101.669**	**104.472**	**106.001**	**1.529**	**4,3**

Tekjuskattar einstaklinga og fyrirtækja. Auknar tekjur ríkissjóðs á árinu 1995 skýrast einkum af meiri tekjusköttum, jafnt hjá einstaklingum sem fyrirtækjum. Þetta er ótvíræð vísbending um batnandi afkomu í þjóðfélaginu. Þannig skilaði þessi tekjustofn rúmlega 2,1 milljarði króna meiri tekjum en reiknað var með í fjárlögum. Hækkunin milli ára nemur tæplega 10% á sama tíma og almennt verðlag hækkar um tæplega 2%.

Einstaklingar. Í meðfylgjandi töflu er birt nánari skipting á staðgreiðslu tekjuskatts og útsvars fyrir árin 1994 og 1995. Þar kemur fram að hlutur ríkissjóðs að frádregnum bótaliðum hefur hækkað talsvert frá áætlun fjárlaga og sömuleiðis milli ára. Skýringin er fyrst og fremst meiri tekjubreytingar hjá einstaklingum í kjölfar kjarasamninga og aukinna umsvifa í þjóðarbúskapnum.

Tekjuskattur einstaklinga

Greiðslugrunnur	1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Útkoma 1995 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Staðgreiðsla, brúttó	**41.750**	**42.550**	**44.055**	**1.505**
Útsvar sveitarfélaga	-18.383	-19.065	-19.369	-304
Sóknar- og kirkjugarðsgjöld	-1.388	-1.450	-1.433	17
Barnabætur, barnabótaauki	-4.571	-4.775	-4.731	44
Vaxtabætur	-2.866	-3.050	-3.155	-105
Hlutur ríkisins í staðgreiðslu, nettó	**14.542**	**14.210**	**15.367**	**1.157**
Fyrirframgreiðsla hátekjuskatts	335	300	301	1
Innheimta á eftirstöðvum fyrri ára	995	690	1.082	392
Tekjuskattur einstaklinga alls	**15.872**	**15.200**	**16.750**	**1.550**

Í forsendum fjárlaga fyrir árið 1995 var gert ráð fyrir tæplega 3% aukningu atvinnutekna á mann. Nú bendir allt til þess að tekjubreytingin hafi orðið um 6%, eða helmingi meiri. Á móti auknum tekjum ríkissjóðs vegur sú ákvörðun stjórnvalda að afnema skatt-

skyldu lífeyrisiðgjalda í áföngum í tengslum við gerð kjarasamninga snemma á síðasta ári. Sá fyrsti kom til framkvæmda hinn 1. apríl 1995, með skattfrelsi 2% af 4% og er hann talinn hafa kostað ríkissjóð um 600 m.kr. í fyrra. Hins vegar varð innheimta á eftirstöðvum fyrri ára talsvert betri en reiknað hafði verið með.

Fyrirtæki. Veruleg umskipti hafa orðið í afkomu fyrirtækja á undanförnum 2-3 árum eftir langt samdráttarskeið. Ástæður batans eru margar. Þannig hafa stjórnendur fyrirtækja beitt sér fyrir ýmis konar hagræðingu í rekstri síðustu árin og er árangurinn væntanlega að koma í ljós. Á sama tíma hafa stjórnvöld gripið til ýmissa skattalegra aðgerða til að bæta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs (niðurfelling aðstöðugjalds, lækkun tekjuskatts o.fl.). Þetta endurspeglast í auknum tekjum ríkissjóðs af tekjuskatti fyrirtækja sem hækka um tæplega 30% milli áranna 1994 og 1995, í krónum talið. Það er nokkru meiri hækkun en fram kom við álagningu tekjuskatts í lok júlí í fyrra sem bendir til bættra skattskila.

Tryggingagjöld. Meiri tekjubreytingar á síðasta ári en miðað var við í forsendum fjárlaga er skýring þess að tekjur af tryggingagjaldi urðu 260 m.kr. hærri á liðnu ári en spáð hafði verið. Að óbreyttu hefðu viðbótartekjurnar þó átt að vera meiri, en skilum tryggingagjalds af launum ríkisstarfsmanna var breytt sem lækkaði innheimtu þess um tæplega 200 m.kr. Rétt er að árétta að hér er eingöngu um greiðsluáhrif að ræða sem jafnast út á árinu 1996. Þá var ábyrgðargjald vegna launa í gjaldþrotum lækkað eftir samþykkt fjárlaga sem skýrir frávik þess frá fyrri spá.

Tekjur af tryggingagjöldum

Greiðslugrunnur	1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Útkoma 1995 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Tryggingagjald	9.917	10.330	10.590	260
Eftirstöðvar eldri gjalda	182	150	83	-67
Tryggingagjald, alls	**10.099**	**10.480**	**10.673**	**193**
Ábyrgðargjald	404	420	320	-100
Framkvæmdasjóður aldraðra	442	480	460	-20
Samtals	**10.945**	**11.380**	**11.453**	**73**

Eignarskattar. Í lok árs 1994 var eignarskattlagningu einstaklinga breytt þegar felldur var niður 0,75% sérstakur eignarskattur. Þessi breyting er talin hafa skert tekjur ríkissjóðs um 120 m.kr. á árinu 1995. Það skýrir þá lækkun sem verður á þessum tekjustofni milli ára. Á hinn bóginn varð álagningarstofn eignarskatta hjá einstaklingum svipaður og reiknað hafði verið með í forsendum fjárlaga og þar með innheimta tekna. Tekjur af erfðafjárskatti urðu aftur á móti mun meiri en búist var við.

Betri afkoma fyrirtækja skilar sér einnig í hærri eignarsköttum eins og sjá má á útkomu ársins 1995, bæði samanborið við fjárlög og árið 1994. Þá eiga bætt skil hér einnig hlut að máli sem jafnframt er merki um rýmri fjárhag hjá fyrirtækjunum.

Eignarskattar

Greiðslugrunnur	1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Útkoma 1995 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Eignarskattur	1.546	1.490	1.496	6
Sérstakur eignarskattur	127	150	151	1
Erfðafjárskattur	407	310	389	79
Einstaklingar alls	**2.080**	**1.950**	**2.036**	**86**
Eignarskattur	1.240	1.200	1.325	125
Sérstakur eignarskattur	241	220	266	46
Fyrirtæki alls	**1.481**	**1.420**	**1.591**	**171**
Samtals	**3.561**	**3.370**	**3.627**	**257**

Virðisaukaskattur. Tekjuáætlun fjárlaga um innheimtu virðisaukaskatts fyrir árið 1995 byggði sem endranær á spám um útgjöld þjóðarbúsins, einkum einkaneyslu heimilanna, en sú stærð skilar um það bil 70% af innheimtu þessa tekjustofns. Þannig var gert ráð fyrir tæplega 3% raunaukningu þjóðarútgjalda. Nýjustu spár benda hins vegar til þess að aukningin verði nær 4½%. Frávik einkaneyslu er enn meira, en hún er talin hafa aukist um 4½% að raungildi á síðasta ári samanborið við 2½% í áætlun fjárlaga. Þessi þróun hefði að óbreyttu átt að skila ríkissjóði talsverðum viðbótartekjum af virðisaukaskatti.

Tekjur af virðisaukaskatti

Greiðslugrunnur	1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Útkoma 1995 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Virðisaukaskattur af innflutningi	23.440	24.700	26.301	1.601
Virðisaukaskattur af innlendri starfsemi	20.477	20.400	18.787	-1.613
Virðisaukaskattur alls	**43.917**	**45.100**	**45.088**	**-12**
- Endurgreitt vegna fjárfestinga í íbúðarhúsnæði	-1.037	-1.100	-1.011	89
- - til opinberra aðila	-1.193	-950	-1.070	-120
- - af húshitun, matvöru o.fl	-788	-850	-649	201
Virðisaukaskattur - endurgreiðslur	**40.899**	**42.200**	**42.358**	**158**

Eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu er frávikið frá tekjuáætlun fjárlaga aðeins 158 m.kr. en hefði, miðað við framangreindar forsendur átt að vera kringum 1 milljarður króna. Þetta frávik á sér ýmsar skýringar. Veigamest er án efa auknar fjárfestingar fyrirtækja, meðal annars vegna ákvörðunar Alþingis um að auka tímabundið heimildir fyrirtækja til flýtifyrninga á árunum 1994 og 1995. Þessi ákvörðun tengdist yfirlýsingu ríkisstjórnar í tengslum við gerð kjarasamninga árið 1994 og átti að stuðla að auknum fjárfestingum fyrirtækja og meiri umsvifum í efnahagslífinu. Það hefur gengið eftir þar sem fjárfestingar fyrirtækja tóku kipp þegar á árinu 1994, einkum í vélum og tækjum. Þessar breytingar hafa hins vegar valdið miklum tilfærslum í greiðsluflæði virðisaukaskatts og ná þau áhrif alveg aftur til ársins 1994 þegar innheimta hans varð talsvert meiri en almennar forsendur um umsvif þjóðarbúsins gáfu til kynna. Það birtist meðal annars í viðbótartekjum af innflutningi. Best er að skýra þessi áhrif með einföldu dæmi.

Á árinu 1994 var flutt inn sendibifreið sem kostaði 1½ m.kr. við innflutning. Af þeirri fjárhæð voru greiddar um 370 þús. kr. í virðisaukaskatt við tollafgreiðslu. Þessi fjárhæð er bókfærð sem tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti á árinu 1994. Bifreiðin er síðan seld virðis-

aukaskattskyldu fyrirtæki í nóvember sama ár fyrir rúmlega 3 m.kr. Þar af eru 600 þús. kr. virðisaukaskattur. Uppgjör á þeirri fjárhæð fer hins vegar ekki fram fyrr en á árinu 1995, þegar kaupandi bifreiðarinnar nýtir sér 600 þús. kr. innskatt til frádráttar útskatti sínum, en seljandi bifreiðar skilar aðeins 230 þús. kr. af sölunni, þ.e. 600 þús. kr. útskatti að frádregnum 370 þús. kr. innskatti sem innheimtur var við innflutning. Þegar allt er lagt saman þá hefur ríkissjóður engar beinar tekjur af þessum viðskiptum, enda um að ræða fjárfestingu hjá virðisaukaskattskyldum aðila. Bókfærðar tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti árið 1994, samtals 370 þús. kr., eru þannig bakfærðar á árinu 1995. Tekjuaukningin hjá ríkissjóði árið 1994 gengur til baka árið 1995. Hreyfingar af þessu tagi jafnast yfirleitt út milli ára nema til komi miklar og snöggar breytingar einstök ár líkt og gerðist árin 1994 og 1995. Þessi tilfærsla hefur engin áhrif á rekstrarafkomu ríkissjóðs heldur aðeins greiðslustöðuna.

Innflutnings- og vörugjöld. Þegar á heildina er litið skiluðu þessir tekjustofnar heldur meiri tekjum á árinu 1995 en spáð hafði verið, enda umsvifin almennt meiri á nánast öllum sviðum. Þetta kemur einnig fram þegar skoðaðar eru breytingar milli ára. Á hinn bóginn eru talsverð frávik milli einstakra tekjustofna eins og sést í meðfylgjandi töflu.

Tekjur af innflutnings- og vörugjöldum

Greiðslugrunnur	1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Útkoma 1995 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Tollar, innflutningsgjöld	1.808	1.929	1.737	-192
Vörugjald af bifreiðum	1.926	2.100	2.474	374
Vörugjald af bensíni	1.658	1.650	1.662	12
Almenn vörugjöld	2.511	2.950	2.835	-115
Álgjald	91	90	124	34
Samtals	**7.994**	**8.719**	**8.832**	**113**

Tollar. Í fjárlögum var miðað við að tolltekjur og ýmis smærri innflutningsgjöld breyttust nokkurn veginn í samræmi við almennar þjóðhagsforsendur og næmu 1,9 milljörðum króna á árinu 1995. Miðað við hagstæðari afkomu þjóðarbúsins hefði sú fjárhæð átt að vera hærri en raun varð á. Skýringa er meðal annars að leita í lækkun ýmissa smærri innflutningsgjalda eftir að fjárlög voru samþykkt (kartöflugjalds, jöfnunartolla), en einnig kann að gæta tilflutnings milli viðskiptasvæða. Þannig er innflutningur iðnaðarvara frá aðildarríkjum EES tollfrjáls, á meðan lagður er tollur á sams konar vörur séu þær fluttar inn annars staðar frá.

Vörugjald af bifreiðum. Gagnstæð þróun er í tekjum ríkissjóðs af vörugjaldi bifreiða sem eykst um tæplega 400 m.kr. frá áætlun fjárlaga. Þetta er niðurstaðan þrátt fyrir lækkun gjaldsins eftir að fjárlög voru samþykkt sem talin er hafa skert tekjurnar um 100 m.kr. í fyrra. Aukinn bifreiðainnflutningur gerir því gott betur en að vega upp þetta tekjutap, enda voru fluttir inn rúmlega 1.000 fleiri bílar en miðað var við í forsendum fjárlaga fyrir árið 1995. Vaxandi bifreiðainnflutningur er merki um uppsveiflu í þjóðarbúskapnum, en hann jókst um fjórðung milli áranna 1994 og 1995, þ.e. úr tæplega 6.300 bifreiðum í 7.900.

Vörugjald af bensíni. Samkvæmt gildandi lögum er álagning vörugjalds á bensín með tvennum hætti. Annars vegar er fast gjald á hvern seldan lítra, en það er markaður tekjustofn til vegagerðar sem fjallað er nánar um hér á eftir. Hins vegar er 97% vörugjald sem lagt er á cif-verð innflutnings. Í fjárlögum ársins 1995 var gert ráð fyrir að tekjur af síðarnefnda gjaldinu yrðu kringum 1.650 m.kr. og gekk sú áætlun því sem næst eftir.

Almenn vörugjöld. Þessum tekjustofni má skipta í tvennt, þ.e. vörugjöld af innflutningi annars vegar og innlendri framleiðslu hins vegar, en þegar á heildina er litið var innheimta hans 115 m.kr. undir áætlun fjárlaga. Það frávik má nær alfarið rekja til minni tekna af innlendri framleiðslu, en þær urðu 120 m.kr. undir áætlun. Aukin samkeppni innanlands birtist meðal annars í verðlækkun vörugjaldsskyldra vara, sem ekki skilar sér að fullu til baka í aukinni sölu. Almennar vörugjaldstekjur af innflutningi eru hins vegar svipaðar og áætlað var í fjárlögum. Þar vegur þó samdráttur í byggingariðnaði og þar með sölu byggingarvara á móti meiri vörugjaldstekjum af ýmis konar heimilistækjum.

Skil ÁTVR. Á árinu 1995 jókst sala áfengis, mæld í alkóhóllítrum, um tæplega 4% frá sama tíma í fyrra, en í forsendum fjárlaga hafði verið gert ráð fyrir um 2-3% aukningu. Þessi aukning kemur einkum fram í bjórsölu sem jókst um 11%. Þá hefur ekki verið tekið tillit til innflutnings einkaaðila til eigin þarfa eða sölu til veitingahúsa án íhlutunar ÁTVR í kjölfar þess að einkaleyfi fyrirtækisins til heildsölu var afnumið 1. september síðastliðinn. Frá sama tíma var gerð sú breyting að innheimta gjald af áfengi við tollafgreiðslu, en áður var það hluti af skilum ÁTVR á hagnaði. Tóbakssala minnkaði lítillega á liðnu ári, en í fjárlögum hafði verið reiknað með óbreyttri sölu.

Skil ÁTVR

Greiðslugrunnur	1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Útkoma 1995 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Skattar af sölu áfengis og tóbaks	6.600	6.865	5.164	-
Vörugjald af áfengi	-	-	984	-
Samtals	**6.600**	**6.865**	**6.148**	**-717**

Þrátt fyrir að sala á áfengi og tóbaki hafi verið í þokkalegu samræmi við forsendur fjárlaga fyrir árið 1995 skilaði það sér ekki í sama mæli í ríkissjóð á árinu. Í ljósi framangreindra breytinga á innheimtu áfengisgjalds var vitaskuld reiknað með breyttu greiðslustreymi þess. Að öllu samanlögðu var fremur talið að tekjurnar yrðu meiri en minni fyrstu mánuðina eftir breytinguna án þess þó að reiknað væri með því í áætlun fjárlaga. Raunin er hins vegar sú að tekjuskil ÁTVR í ríkissjóð urðu nálægt 700 m.kr. undir áætlun fjárlaga.

Samkvæmt upplýsingum frá ÁTVR höfðu tekjur fyrirtækisins af skattlagningu áfengis hækkað um 2½% milli ára í ágúst 1995 og námu viðbótartekjur af þeirri aukningu tæplega 100 m.kr. Á sama tíma voru tekjur af tóbakssölu um 60 m.kr. undir tekjum fyrra árs. Miðað við þessar forsendur og sölutölur síðasta árs hefðu tekjurnar því átt að vera 6.700 m.kr. að óbreyttu kerfi, en urðu hins vegar 6.150 m.kr. að meðtöldu innheimtu áfengisgjalds. Skýringin á lakari skilum ÁTVR í ríkissjóð felst að hluta til í aukinni sjóðsmyndun hjá fyrirtækinu á árinu 1995. Ætla má að hún gangi til baka á árinu 1996 þannig að skil ÁTVR gætu orðið meiri en fjárlög 1996 gera ráð fyrir.

Bifreiðagjöld. Tekjur af bifreiðagjöldum urðu heldur minni á árinu 1995 en reiknað var með í áætlun fjárlaga. Skýringin er annars vegar minni sala á bensíni en hins vegar lægri tekjur af sérstöku bifreiðagjaldi. Síðartalda atriðið má rekja til þess að æ fleiri nýta sér heimild til að leggja inn bílnúmer í lengri eða skemmri tíma og fá þannig afslátt. Á móti minni tekjum af framangreindum tekjustofnum vega auknar tekjur af þungaskatti sem bæði má rekja til bættra skila og hertrar innheimtu.

Tekjur af bifreiðagjöldum

Greiðslugrunnur	1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Útkoma 1995 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Sérstakt vörugjald af bensíni	4.293	4.635	4.509	-126
Þungaskattur, km-gjald	1.531	1.575	1.649	81
Þungaskattur, árgjald	623	640	684	44
Markaðar tekjur til vegagerðar	**6.447**	**6.850**	**6.842**	**-8**
Bifreiðagjald	1.784	1.875	1.765	-110
Samtals	**8.231**	**8.725**	**8.607**	**-118**

Aðrir skattar. Tekjur af veigamesta stofninum í þessum flokki, þ.e. þinglýsingum og stimpilgjöldum, urðu liðlega 200 m.kr. undir áætlun fjárlaga í fyrra þrátt fyrir meiri umsvif í efnahagslífinu. Þetta kann að skýrast af samdrætti í byggingariðnaði, einkum í byggingu íbúðarhúsnæðis, en stór hluti stimpilgjaldanna er innheimtur af fasteignaveðlánum. Þá var skattur af sölu erlends gjaldeyris felldur niður fyrr en ætlað hafði verið sem skýrir minni innheimtu af þeim tekjustofni. Ennfremur er Lánasjóði íslenskra námsmanna ekki lengur gert að greiða ríkisábyrgðargjald af skuldbindingum sínum.

Aðrir skattar

Greiðslugrunnur	1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Útkoma 1995 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Skattar af erlendum gjaldeyri	220	117	49	-68
Þinglýsingar, stimpilgjöld	2.359	2.547	2.343	-204
Aukatekjur	954	935	906	-29
Ríkisábyrgðargjald	363	350	322	-28
Aðrir skattar	380	364	364	-
Samtals	**4.276**	**4.313**	**3.984**	**-329**

Aðrar tekjur. Þessi tekjuliður nam 8,4 milljörðum króna á árinu 1995 borið saman við 7,9 milljarða árið áður. Hækkunin milli ára er kringum ½ milljarður króna. Frávikið er enn meira sé litið til áætlunar fjárlaga, eða rúmlega 700 m.kr. Þar kemur tvennt til. Annars vegar auknar tekjur af vöxtum, einkum af endurlánum ríkissjóðs til Húsnæðisstofnunar vegna erfiðrar greiðslustöðu. Hins vegar urðu arðgreiðslur Seðlabanka Íslands tæplega 300 m.kr. meiri en miðað hafði verið við í forsendum fjárlaga.

Aðrar tekjur

Greiðslugrunnur	1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Útkoma 1995 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Vaxtatekjur	4.720	4.600	5.139	539
Arðgreiðslur	2.769	2.570	2.842	272
Aðrar tekjur	444	450	431	-19
Samtals	**7.933**	**7.620**	**8.412**	**792**

4 Gjöld ríkissjóðs

Heildaryfirlit 1995. Útgjöld A-hluta ríkissjóðs á árinu 1995 námu alls 123,3 milljörðum króna, samanborið við 117 milljarða króna árið áður. Er það svipað hlutfall af landsframleiðslu eins og árið 1994, eða 27,0%, en hlutfallið hefur farið lækkandi allt frá árinu 1991 þegar það var 28,4%. Samanborið við fjárlög ársins fóru gjöldin 3,8 milljörðum króna fram úr áætlun.

Útgjöld ríkissjóðs

Greiðslugrunnur	1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Fjár-heimildir m.kr.	Útkoma 1995 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.	Breyting 94-95 %
Rekstrargjöld	45.375	45.910	47.420	47.803	1.893	5,4
Tryggingagreiðslur, niðurgreiðslur o.fl.	45.066	46.371	48.705	47.899	1.528	6,3
Vextir	10.704	12.300	12.630	12.440	140	16,2
Viðhald	3.342	3.419	3.744	3.981	562	19,1
Stofnkostnaður	12.499	11.528	12.938	11.221	-307	-10,2
Samtals	**116.986**	**119.528**	**125.437**	**123.344**	**3.816**	**5,4**

Í töflunni koma fram heildargjöld A-hluta ríkissjóðs árið 1995, samanburður við greiðslur 1994, fjárlög 1995 og fjárheimildir 1995. Hafa ber í huga, að allar fjárlagatölur eru birtar með þeim millifærslum fjárheimilda milli tegunda og viðfangsefna sem gerðar eru innan ársins. Fjárheimildir ársins samanstanda af fjárlögum og fjáraukalögum. Sundurliðun fjárheimilda er að finna í hefti ríkisbókhalds um greiðsluuppgjör ríkisins 1995 sem gefið er út samhliða þessari skýrslu.

Í þessum kafla er fjallað um ríkisútgjöldin eftir ráðuneytum, samkvæmt svokallaðri hagrænni flokkun ríkisútgjalda, innan hvers ráðuneytis fyrir sig. Með því er átt við skiptingu í almenn rekstrarútgjöld stofnana ríkisins, tryggingagreiðslur og aðrar framlagsgreiðslur, vaxtagreiðslur, viðhald og stofnkostnað.

Samkvæmt fjárlögum var gert ráð fyrir að heildarútgjöld yrðu 119,5 milljarðar króna, sem var hækkun um 2,5 milljarða króna frá útkomu ársins 1994. Þar af var hækkun vaxtagreiðslna áætluð 1,6 milljarðar króna og hækkun tilfærslna 1,3 milljarðar. Á móti lækkuðu aðrar gjaldaheimildir um 0,4 milljarða króna.

Eins og áður sagði urðu heildarútgjöld 3,8 milljarðar króna umfram fjárlög. Rekstrarútgjöldin fóru 1,9 milljarða umfram fjárlög, þar af um 650 m.kr. vegna kjarasamninga og um 600 m.kr. vegna aukinna framlaga til sjúkrahúsa og heilsugæslu til að mæta uppsöfnuðum rekstrarhalla þeirra.

Helstu frávik gjalda frá fjárlögum 1995 m.kr.

Aukin útgjöld lífeyris-, sjúkra- og atvinnuleysistrygginga vegna kjarasamninga	1.200
Aukin rekstrarútgjöld vegna kjarasamninga	650
Viðbótarframlög til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva	600
Sjúkratryggingar	500
Vetrarþjónusta Vegagerðarinnar (snjómokstur)	200
Vaxtagjöld	140
Ýmis umframgjöld	526
Heildarfrávik gjalda frá fjárlögum	**3.816**

Rekstrartilfærslur urðu 1,5 milljörðum króna umfram fjárlög. Viðbótargreiðslur til lífeyris-, sjúkra- og atvinnuleysistrygginga námu samtals tæpum 2,3 milljörðum króna, en á móti vegur að í fjárlögum var áætlað fyrir 560 m.kr. vegna verðlagsbreytinga. Umframgjöld lífeyristrygginga og atvinnuleysisbóta skýrast alfarið af hækkunum bóta í tengslum við gerð almennra kjarasamninga.

Vaxtagreiðslur urðu 140 m.kr. hærri en fjárlög kváðu á um, en það er 1,1% frávik.

Viðhald og stofnkostnaður nam 15,2 milljörðum króna, eða tæpum 0,3 milljörðum króna hærri en fjárlög sögðu til um. Þar munar mestu um aukinn snjómokstur Vegagerðarinnar að fjárhæð tæpar 400 m.kr., en veitt var 200 m.kr. viðbótarfjárveiting vegna þessa tilefnis.

Í september fór fram endurmat á afkomu ríkissjóðs og var þá talið að heildarútgjöld ársins yrðu 123,3 milljarðar króna, sem kom á daginn. Frávik frá endurmati koma hins vegar fram milli útgjaldaflokka. Rekstrargjöldin reyndust í árslok 700 m.kr. hærri, einkum vegna aukafjárveitinga til sjúkrahúsa og vanmats á kostnaðaráhrifum kjarasamninga. Útgjöld rekstrartilfærslna urðu í samræmi við endurmatið. Vextir urðu 200 m.kr. lægri og viðhald og stofnkostnaður tæpum 400 m.kr. undir áætlun.

Útgjöld skipt eftir ráðuneytum

Greiðslugrunnur	1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Útkoma 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári %
Æðsta stjórn ríkisins	1.182	1.277	1.389	112	17
Forsætisráðuneyti	706	542	818	276	16
Menntamálaráðuneyti	17.534	17.089	17.333	244	-1
Utanríkisráðuneyti	1.693	1.857	1.866	9	10
Landbúnaðarráðuneyti	7.040	6.941	6.984	43	-1
Sjávarútvegsráðuneyti	924	1.128	1.124	-4	22
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	5.986	5.758	6.152	394	3
Félagsmálaráðuneyti	8.579	9.427	9.619	192	12
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	46.956	46.273	49.706	3.433	6
Fjármálaráðuneyti	4.221	4.223	4.168	-55	-1
Samgönguráðuneyti	9.333	9.174	9.419	245	1
Iðnaðarráðuneyti	1.122	1.147	1.217	70	8
Viðskiptaráðuneyti	178	175	198	23	11
Hagstofan	156	149	149	0	-4
Umhverfisráðuneyti	672	742	761	19	13
Vextir	10.704	12.300	12.440	140	16
Launa- og verðlagsmál	-	1.326	-	-1.326	
Heildarútgjöld	**116.986**	**119.528**	**123.343**	**3.815**	**5**

Undir lok ársins voru samþykkt fjáraukalög sem tóku mið af fyrrnefndri áætlun á gjaldahlið. Þar voru veittar viðbótarheimildir að fjárhæð 4,3 milljarðar króna auk þess sem við bættust 1,6 milljarðar vegna yfirfærslu heimilda og gjalda frá árinu 1994. Ónotaðar heimildir í árslok nema 3,2 milljörðum króna, þar af eru rúmir 1,2 milljarðar króna til stofnkostnaðar, en umframgreiðslur eru 1,1 milljarður. Í síðara frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1995 verður gerð grein fyrir áætluðum flutningi heimilda og gjalda til ársins 1996.

Hér á eftir er fjallað nánar um útgjöld einstakra ráðuneyta árið 1995 í samanburði við fjárlög og útgjöld ársins 1994.

Æðsta stjórn ríkisins. Rekstrargjöldin reyndust 1.034 m.kr. eða 24 m.kr. umfram fjárlög. Áætlaður kostnaðarauki vegna kjarasamninga nam 27 m.kr. Þannig er reksturinn innan marka að teknu tilliti til þess. Hækkun frá fyrra ári er 45 m.kr. Rekstrargjöld Alþingis hækka um 42 m.kr. og rekstrargjöld Ríkisendurskoðunar og Umboðsmanns Alþingis um 13 m.kr. og ríkisstjórnar um 7 m.kr. Á móti vegur að kostnaður vegna opinberra heimsókna lækkar um 19 m.kr. milli ára, en vegna lýðveldishátíðarinnar var kostnaður óvenju hár árið 1994.

Greiðslugrunnur	Greiðslur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Útkoma 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári %
Embætti forseta Íslands	50,7	47,1	49,3	2,2	-3
Alþingi	633,5	659,1	675,5	16,4	7
Ríkisendurskoðun og Umb. Alþingis	168,6	177,8	181,8	4,0	8
Ríkisstjórn	57,8	68,6	65,0	-3,6	12
Annar rekstur	77,9	57,5	62,0	4,5	-20
Rekstrargjöld samtals	**988,5**	**1.010,1**	**1.033,6**	**23,5**	**5**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	51,6	142,0	131,9	-10,1	156
Stofnkostnaður og viðhald	142,3	125,1	223,3	98,2	57
Heildarútgjöld	**1.182,4**	**1.277,2**	**1.388,8**	**111,6**	**17**

Tilfærslur urðu svipaðar og ætlað var í fjárlögum, en hækka um nær 100 m.kr. frá fyrra ári, þar sem framlög til Lýðveldissjóðs koma í fyrsta sinn til greiðslu á árinu.

Stofnkostnaður varð tæpum 100 m.kr. umfram fjárlög og skýrist það af auknum viðhaldsframkvæmdum á húseignum Alþingis, auk þess sem framkvæmdum við íbúðarhús forseta Íslands á Bessastöðum var flýtt. Hækkunin frá fyrra ári skýrist af sömu ástæðum.

Forsætisráðuneyti. Rekstrargjöld urðu 206 m.kr. eða 40 m.kr. umfram fjárlög. Kostnaður vegna kjarasamninga skýrir aðeins 4 m.kr. af frávikinu. Mestu munar um umframgreiðslur embættis Húsameistara ríkisins og Þjóðgarðsins á Þingvöllum, samtals að fjárhæð 21 m.kr. Þess ber að geta að skil milli rekstrargjalda og viðhaldsgjalda eru óljós hjá Þjóðgarðinum og stofnunin nýtti hluta af viðhalds- og stofnkostnaðarfjárveitingum til þess að mæta auknum rekstrarkostnaði. Ráðuneytið hefur ákveðið að leggja niður embætti Húsameistara í árslok 1996. Hækkun frá fyrra ári skýrist af sömu stofnunum, auk þess sem stofnað var embætti Umboðsmanns barna á árinu.

Rekstrartilfærslur urðu í samræmi við fjárlög, en lækka um 100 m.kr. frá fyrra ári, þar sem kostnaður vegna lýðveldishátíðarinnar á Þingvöllum féll nær allur til á árinu 1994.

Greiðslur til viðhalds og stofnkostnaðar urðu um 235 m.kr. umfram fjárlög og munar þar mestu um að Byggðastofnun nýtti að mestu fjárheimildir sem fluttar voru frá árinu 1994, en greiðslur vegna Vestfjarðaaðstoðar drógust fram á árið 1995. Þá var lokið endurbótum

á Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu, en ekki var gert ráð fyrir þeim í fjárlögum. Hækkun frá fyrra ári skýrist af sömu ástæðum.

Greiðslugrunnur	Greiðslur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Útkoma 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári %
Yfirstjórn	84,8	83,6	100,5	16,9	19
Annar rekstur	91,6	82,3	102,5	20,2	12
Rekstrargjöld samtals	**176,4**	**165,9**	**203,0**	**37,1**	**15**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	191,3	90,0	92,5	2,5	-52
Stofnkostnaður og viðhald	338,0	286,0	522,5	236,5	55
Heildarútgjöld	**705,7**	**541,9**	**818,0**	**276,1**	**16**

Menntamálaráðuneyti. Rekstrargjöldin námu 12.489 m.kr. og urðu 345 m.kr. umfram fjárlög, eða 2,8%. Launabætur til stofnana ráðuneytisins nema 670 m.kr., en á móti kemur lækkun útgjalda vegna kennaraverkfallsins, að fjárhæð 425 m.kr.

Ef tekið er tillit til áhrifa kjarasamninga, urðu greiðslur til háskólastofnana 10 m.kr. umfram fjárlög.

Rekstrargjöld framhaldsskóla voru 106 m.kr. umfram fjárlög. Áhrif kjarasamninga auka útgjöldin um 230 m.kr., en á móti kemur 100 m.kr. lækkun kostnaðar vegna verkfallsins. Af einstökum stofnunum sem eru innan fjárlaga, má nefna Iðnskólann í Reykjavík eða 12 m.kr. og Fjölbrautaskóla Suðurnesja, 7 m.kr.

Á sama hátt reyndust rekstrargjöld grunn- og sérskóla 89 m.kr. umfram fjárlög. Áhrif kjarasamninga nema um 370 m.kr. til aukningar, en á móti kemur 325 m.kr. lækkun kostnaðar vegna verkfallsins. Frávik grunnskólans er óverulegt í hlutfalli við heildarumfang málefnaflokksins.

Umframgjöld safna og listastofnana, að fjárhæð 43 m.kr., falla að mestu til hjá nýrri stofnun, Landsbókasafni - Háskólabókasafni. Menntamálaráðuneytið hefur yfirfarið rekstraráætlanir safnsins og voru fjárveitingar hækkaðar nokkuð frá fjárlögum. Þá er rekstur Listdansskólans 9 m.kr. umfram fjárlög, en á s.l. árum hefur stofnunin ítrekað farið fram úr fjárheimildum.

Greiðslugrunnur	Greiðslur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Útkoma 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári %
Yfirstjórn	236,3	242,4	257,5	15,1	9
Háskólar og rannsóknir	2.334,5	2.308,9	2.375,2	66,3	2
Framhaldsskólar og héraðsskólar	3.660,7	3.764,7	3.871,1	106,4	6
Grunnskólar og sérskólar	5.426,2	5.360,9	5.450,2	89,3	0
Söfn, listastofnanir o.fl.	401,0	401,9	452,8	50,9	13
Annar rekstur	47,6	35,2	52,4	17,2	10
Rekstrargjöld samtals	**12.106,3**	**12.114,0**	**12.459,2**	**345,2**	**3**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	3.002,4	3.013,5	3.050,5	37,0	2
þ.a. Lánasjóður ísl. námsmanna	1.496,8	1.480,0	1.443,6	-36,4	-4
þ.a. Þjóðleikhúsið	318,8	296,0	305,4	9,4	-4
þ.a. Listasjóðir, listir, framlög	286,3	319,8	306,3	-13,5	7
Viðhald og stofnkostnaður	2.425,5	1.962,3	1.823,4	-138,9	-25
Heildarútgjöld	**17.534,2**	**17.089,8**	**17.333,1**	**243,3**	**-1**

Á heildina litið er hækkun rekstrarkostnaðar milli ára hlutfallslega lægri en hjá flestum öðrum ráðuneytum og munar þar mestu um áhrif kennaraverkfallsins. Einnig hefur gengið

betur en oft áður að fylgja eftir forsendum fjárlaga innan ársins. Nefna má að á árinu var hafin rekstraráætlanagerð í tengslum við bókhaldskerfi ríkisins, sem miðar að því að fullnægja sérþörfum skólakerfisins. Rekstrarkostnaður safna hækkar hlutfallslega mest milli ára og skýrist það af opnun Landbókasafns - Háskólabókasafns, eins og áður hefur verið greint frá. Rekstrargjöld safnsins urðu 183 m.kr., en samanlagður kostnaður fjárlagaliðanna frá fyrra ári, Landsbókasafnsins og Háskólabókasafnsins, nam um 130 m.kr.

Á heildina litið eru rekstrartilfærslur að mestu í samræmi við fjárlög og óbreytt frá fyrra ári. Tæpur helmingur þessara útgjalda rennur til Lánasjóðs íslenskra námsmanna, eða 1.440 m.kr., um 300 m.kr. til Þjóðleikhússins og um 300 m.kr. til lista. Greiðslur til Lánasjóðsins urðu um 40 m.kr. innan fjárlaga, en aðildargjöld vegna samstarfs við Evrópubandalagið eru rúmum 40 m.kr. umfram fjárlög. Þá voru greiddar 30 m.kr. til Menningarsjóðs útvarpsstöðva, skv. heimild í fjáraukalögum, til þess að sjóðurinn gæti lækkað skuld sína við Sinfóníuhljómsveitina.

Viðhald og stofnkostnaður er 140 m.kr. innan fjárlaga. Framkvæmdir við framhaldsskóla eru 215 m.kr. innan fjárlaga og munar þar mestu að framkvæmdir við Borgarholtsskóla fóru hægar af stað en upphaflega var gert ráð fyrir. Kostnaður við að ljúka Þjóðarbókhlöðunni fór fram úr áætlunum. Greiðslur á árinu reyndust 55 m.kr. umfram áætlun. Endanlegt uppgjör liggur enn ekki fyrir og í fjárlögum ársins 1996 eru ætlaðar 150 m.kr. til þess að greiða halla fyrra árs og ljúka byggingunni.

Stofnkostnaður er um 600 m.kr. lægri en árið áður. Þar vegur þyngst að byggingarkostnaður við Þjóðarbókhlöðu lækkar um 480 m.kr. milli ára og að nú er lokið uppgjöri við sveitarfélög vegna framkvæmda sem stofnað var til fyrir breytingu á lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem lækka útgjöldin um 355 m.kr. milli ára. Annar stofnkostnaður og viðhald hækkar heldur milli ára, mest hjá Háskóla Íslands, eða um 80 m.kr. vegna aukinna tekna af happdrættisfé.

Utanríkisráðuneyti. Rekstrargjöld urðu 1.141 m.kr., eða 118 m.kr. umfram fjárlög. Viðbótarútgjöld vegna kjarasamninga skýra 14 m.kr. Umframgjöldin hjá aðalskrifstofu nema 38 m.kr. og skýrast þau að mestu af kostnaði við flutning og sameiningu aðalskrifstofu að Rauðarárstíg 25, auk kostnaðar við prentun á EES-samningnum. Umframgjöld Sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli reyndust 16 m.kr., en í fjáraukalögum ársins var að hluta til fallið frá fyrri sparnaðaráformum. Þá var rekstur sendiráða umfram forsendur fjárlaga af ástæðum er tengjast húsnæðiskostnaði og álagningu tryggingargjalds, auk fleiri atriða.

Greiðslugrunnur	Greiðslur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Útkoma 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári %
Yfirstjórn	370,8	359,6	398,2	38,6	7
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	147,1	138,0	154,0	16,0	5
Sendiráð og fastanefndir	521,0	526,0	589,2	63,2	13
Rekstrargjöld samtals	**1.038,9**	**1.023,6**	**1.141,4**	**117,8**	**10**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	627,4	707,1	664,1	-43,0	6
Stofnkostnaður og viðhald	26,6	126,7	60,1	-66,6	126
Heildarútgjöld	**1.692,9**	**1.857,4**	**1.865,6**	**8,2**	**10**

Rekstrartilfærslurnar eru greiðslur aðildargjalda til ýmissa alþjóðastofnana og samningsbundin framlög til verkefna á vegum Sameinuðu þjóðanna. Kostnaður vegna aðstoðar við Palestínumenn, aðildargjöld vegna NATO og ýmis friðargæsluverkefni reyndust lægri en ætlað var í fjárlögum.

Stofnkostnaður varð 67 m.kr. lægri en áætlað var í fjárlögum og skýrist það alfarið af seinkun lóðakaupa fyrir sendiráð í Berlín, en til stendur að flytja það frá Bonn. Engu að síður hækkar þessi kostnaður frá því í fyrra m.a. vegna stofnunar sendiráðs í Peking.

Landbúnaðarráðuneyti. Rekstrargjöld urðu 966 m.kr., eða 63 m.kr. umfram fjárlög. Kostnaðarauki vegna kjarasamninga skýrir um 26 m.kr. Umframgreiðslur eru mestar hjá Yfirdýralækni, 12 m.kr., og Bændaskólanum á Hólum, 15 m.kr., en koma einnig fram hjá flestum stofnunum ráðuneytisins. Hækkun frá fyrra ári er mest hjá aðalskrifstofunni, eða 19 m.kr., sem skýrist að hluta af kostnaði vegna fulltrúa í Brussel og því að nefndakostnaður hækkar milli ára. Ljóst er að ráðuneytið þarf að grípa til aðgerða til þess að reksturinn haldist innan ramma á yfirstandandi ári.

Greiðslugrunnur	Greiðslur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Útkoma 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr	Breyting frá fyrra ári %
Yfirstjórn	80,2	94,2	98,5	4,3	23
Lanbúnaðarstofnanir	446,3	433,3	482,0	48,7	8
Skógrækt og landgræðsla	404,8	376,1	385,8	9,7	-5
Rekstrargjöld samtals	**931,3**	**903,6**	**966,3**	**62,7**	**4**
Rekstrar- og neyslutilfærslur	5.915,2	5.870,3	5.859,0	-11,3	-1
þ.a. greiðslur v/ mjólkurframleiðslu	2.622,5	2.616,0	2.599,5	-16,5	-1
þ.a. greiðslur v/ sauðfjárframleiðslu	2.662,6	2.703,0	2.731,1	28,1	3
Stofnkostnaður og viðhald	193,5	166,9	158,3	-8,6	-18
Heildarútgjöld	**7.040,0**	**6.940,8**	**6.983,6**	**42,8**	**-1**

Af rekstrartilfærslum ráðuneytisins vega beingreiðslur til bænda þyngst. Þær urðu 4.060 m.kr. og eru 79 m.kr. innan marka fjárlaga. Vaxta- og geymslugjöld nema 267 m.kr. og er það 23 m.kr. lægra en fjárlög. Á móti vegur að vegna breytinga á búvörusamningi við bændur var ákveðið að auka stuðningsgreiðslur úr ríkissjóði og hafa rúmar 100 m.kr. verið greiddar sérstaklega á árinu vegna þessa. Þá nema niðurgreiðslur á ull og gærum 264 m.kr., eða 14 m.kr. umfram fjárlög. Greiðslur vegna riðuveiki námu 57 m.kr., eða 23 m.kr. lægri fjárhæð en áætlað var. Útgjöld rekstrartilfærslna lækka milli ára og skýrist það annars vegar af 50 m.kr. lækkun á framlagi til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og hins vegar voru greiddar 45 m.kr. á árinu 1994 vegna eftirstöðva niðurgreiðslu frá árinu 1993 sem ætlað var að jafngilda lækkun virðisaukaskatts úr 24,5% í 14%.

Stofnkostnaður og viðhald var 9 m.kr. innan fjárlaga og munar þar mestu um inneign Bændaskólans á Hólum. Stofnkostnaður lækkar milli ára, þar sem á árinu 1994 voru veitt viðbótarframlög samkvæmt jarðræktarlögum.

Sjávarútvegsráðuneyti. Rekstrargjöld urðu 876 m.kr., eða 18 m.kr. lægri en fjárlög, þrátt fyrir 26 m.kr. kostnaðarauka vegna kjarasamninga. Útgjöld flesta stofnana ráðuneytisins eru lítillega umfram fjárlög, nema hvað Fiskistofa er 20 m.kr. innan marka. Útkoma Fiskistofu skýrist að hluta til af tilfærslu sértekna yfir á árið 1995, sem ekki var gert ráð fyrir fyrr en 1996. Þá hefur stofnunin gripið til ýmissa hagræðingaraðgerða, m.a. vegna ferðakostnaðar innanlands, og hafa þær skilað góðum árangri. Hækkun gjalda frá fyrra ári er 160 m.kr. þar sem Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins greiddi 215 m.kr. eingreiðslu til reksturs Hafrannsóknastofnunar árið 1994. Á móti vegur 56 m.kr. lækkun á rekstrarkostnaði Fiskistofu milli ára, en 30 m.kr. af þeirri lækkun skýrist af tilfærslu milli rekstrarkostnaðar og rekstartilfærslna.

Greiðslugrunnur	Greiðslur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Útkoma 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári %
Yfirstjórn	91,7	112,6	112,7	0,1	23
Rannsókna- og eftirlitsstofnanir	625,4	781,8	763,4	-18,4	22
Rekstrargjöld samtals	**717,1**	**894,4**	**876,1**	**-18,3**	**22**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	95,8	114,6	102,6	-12,0	7
Stofnkostnaður og viðhald	111,4	119,0	145,3	26,3	30
Heildarútgjöld	**924,3**	**1.128,0**	**1.124,0**	**-4,0**	**22**

Tilfærslur reyndust 12 m.kr. undir fjárlögum, þar sem kostnaður vegna gæðaátaks, starfsmenntunar, o.fl. var lægri en áætlað var. Hækkun frá fyrra ári skýrist af tilfærslu milli flokkunar útgjalda. Greiðslur til Fiskifélagsins voru áður færðar sem rekstrarkostnaður hjá Fiskistofu, en eru nú tilfærsluútgjöld.

Stofnkostnaður og viðhald varð 14 m.kr. umfram fjárlög og hækka um 40 m.kr. frá fyrra ári. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins lagði í umfangsmiklar breytingar og endurbætur á rannsóknarstofu sem ekki var áætlað fyrir í fjárlögum. Hækkunin milli ára skýrist af áðurnefndum endurbótum, auk aukningar á stofnkostnaði Hafrannsóknastofnunar.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Rekstrargjöld urðu 5.277 m.kr. eða 215 m.kr. umfram fjárlög. Þar af er kostnaður vegna kjarasamninga áætlaður 134 m.kr. Að teknu tilliti til launahækkana eru dómsmálastofnanir 30 m.kr. innan áætlunar, einkum vegna þess að málskostnaður í opinberum málum varð innan fjárlaga sem er til hins betra miðað við reynslu undanfarinna ára. Greiðslur til löggæslustofnana eru 54 m.kr. umfram áætlun, mest hjá Lögreglustjóranum í Reykjavík, eða 24 m.kr. Útgjöld sýslumannsembætta nema 1.986 m.kr. og er málaflokkurinn í heild 43 m.kr. umfram fjárlög. Rekstur flestra embættanna er í járnum, en sameiginlegur kostnaður við að auglýsa og birta kvaðningar vegna ýmissa innheimtuaðgerða, s.s. fjárnáms, nauðungaruppboða o.fl. er 30 m.kr. umfram fjárlög. Þá eru gjöld vegna fangelsismála í samræmi við fjárlög. Loks má nefna að embættiskostnaður presta var vanmetinn um 25 m.kr. í fjárlögum. Miðað við fyrra ár hækka útgjöld yfirstjórnar hlutfallslega mest, en það skýrist af kostnaði við Alþingiskosningar árið 1995.

Greiðslugrunnur	Greiðslur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Útkoma 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári %
Yfirstjórn	120,1	160,2	162,1	1,9	35
Dómsmál	449,8	451,0	427,4	-23,6	-5
Löggæslustofnanir og öryggismál	1.871,1	1.830,6	1.941,2	110,6	4
Sýslumenn	1.912,1	1.887,2	1.985,7	98,5	4
Fangelsismál	316,3	319,3	319,8	0,5	1
Kirkjumál	422,3	413,3	440,3	27,0	4
Rekstrargjöld samtals	**5.091,7**	**5.061,6**	**5.276,5**	**214,9**	**4**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	32,5	34,9	46,4	11,5	43
Viðhald og stofnkostnaður	861,6	661,3	829,0	167,7	-4
Heildarútgjöld	**5.985,8**	**5.757,8**	**6.151,9**	**394,1**	**3**

Tilfærslur urðu 46 m.kr. eða 12 m.kr. umfram fjárlög. Kirkjumál eru 5 m.kr. umfram fjárlög, þar sem fjárheimild sem fluttist frá árinu 1994 er nýtt á árinu 1995.

Viðhald og stofnkostnaður varð 829 m.kr., eða 168 m.kr. hærri en fjárlög. Frávikið skýrist nær alfarið með því að fjárheimildir, sem fluttar voru frá fyrra ári, eru nýttar árið

1995, en þær námu 290 m.kr. í heild. Mestu munar um byggingu húss Hæstaréttar, en þar voru nýttar 45 m.kr. af eldri fjárheimild og 46 m.kr. eru vegna búnaðar sýslumannsembætta. Tölvubúnaður embættanna var að miklu leyti endurnýjaður á árinu. Í heild lækka stofnkostnaðargreiðslur frá fyrra ári um 33 m.kr., en frávik eru í báðar áttir. Annars vegar lækka greiðslur Landhelgisgæslunnar vegna þyrlukaupa um 210 m.kr. milli ára. Hins vegar fer meira fé til byggingar fangelsis og Hæstaréttarhúss, eða 90 m.kr., auk 50 m.kr. vegna sýslumanna.

Félagsmálaráðuneyti. Rekstrargjöld voru 2.023 m.kr., eða 200 m.kr. umfram fjárlög. Kostnaðarauki vegna kjarasamninga er áætlaður um 100 m.kr. Að teknu tilliti til kjarasamninga eru greiðslur stjórnsýslustofnana 12 m.kr. umfram fjárlög. Umframgreiðslur Vinnueftirlitsins nema 22 m.kr. og er þetta annað árið í röð þar sem ekki er farið að fjárlögum. Á móti vegur að Brunamálastofnun er 10 m.kr. innan marka. Hækkun rekstrargjalda frá fyrra ári er mest hjá stjórnsýslustofnunum og munar mestu að Brunamálastofnun skilar lægri sértekjum en árið áður.

Greiðslugrunnur	Greiðslur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Útkoma 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári %
Yfirstjórn	94,0	96,8	101,3	4,5	8
Stjórnsýslustofnanir	133,3	140,9	157,3	16,4	18
Málefni barna og ungmenna	161,9	153,5	173,4	19,9	7
Málefni fatlaðra	1.479,6	1.402,7	1.570,1	167,4	6
Vinnumál	22,4	21,2	20,7	-0,5	-8
Rekstrarhagræðing	-	7,7	-	-7,7	
Rekstrargjöld samtals	**1.891,2**	**1.822,8**	**2.022,8**	**200,0**	**7**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	5.440,4	6.524,1	6.498,5	-25,6	19
þ.a. Atvinnuleysistryggingasjóður	2.820,7	3.264,0	3.522,7	258,7	25
þ.a. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	1.922,0	2.018,0	2.057,0	39,0	7
Stofnkostnaður og viðhald	1.247,4	1.080,4	1.098,1	17,7	-12
Heildarútgjöld	**8.579,0**	**9.427,3**	**9.619,4**	**192,1**	**12**

Í heild reyndust tilfærslur nánast í samræmi við fjárlög, en veruleg frávik eru á milli einstakra fjárlagaliða. Atvinnuleysisbætur hækkuðu í febrúar s.l. um 7,8% í samræmi við lagaákvæði um tengingu bóta við launataxta og kostaði það ríkissjóð tæpar 200 m.kr. auk þess sem greiðslur uppbóta kostuðu rúmar 100 m.kr. Ýmis annar kostnaður Atvinnuleysistryggingasjóðs var innan ramma fjárlaga, þannig að umframgjöld sjóðsins urðu um 260 m.kr. Á móti vegur að tveir stórir tilfærsluliðir voru innan fjárlaga. Greiðslur húsaleigubóta urðu 140 m.kr., eða 180 m.kr. innan áætlunar. Bæturnar voru greiddar í fyrsta sinn árið 1995 og því ekki hægt að byggja á reynslutölum við áætlanagerðina. Þá voru greiðslur til Ábyrgðasjóðs launa um 130 m.kr. innan fjárlaga, þar sem skuldbindingar sjóðsins við gjaldþrot reyndust minni en ætlað var. Markaðar tekjur sjóðsins eru eftir sem áður færðar honum til tekna hjá ríkisbókhaldi.

Tilfærslur hækka um 1.058 m.kr. frá fyrra ári og þar skýrast 700 m.kr. af því að atvinnuleysi var 5,2%, miðað við 4,7% árið áður. Þá koma húsaleigubætur til greiðslu í fyrsta sinn á árinu, eins og áður kom fram, og hækka tilfærslur um 140 m.kr. Greiðslur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hækka í 2.057 m.kr. úr 1.922 m.kr., eða um 135 m.kr.

Viðhald og stofnkostnaður var 1.098 m.kr., eða 18 m.kr. umfram fjárlög. Veitt var viðbótarframlag til Framkvæmdasjóðs fatlaðra að fjárhæð 104 m.kr. vegna inneignar á mörkuðum tekjustofni. Greiðslur til Byggingarsjóðs verkamanna námu 534 m.kr. og er það

74 m.kr. innan fjárlaga. Þar er um tilfærslu milli ára að ræða. Stofnkostnaður lækkar um 150 m.kr. frá fyrra ári. Lækkunin kemur alfarið fram hjá Byggingarsjóði verkamanna, eða um 380 m.kr., en greiðslur til sjóðsins tóku mið af 400 íbúðum í stað 500 árið áður. Á móti vegur að greiðslur til Framkvæmdasjóðs fatlaðra hækka um 194 m.kr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Rekstrargjöld voru 19.162 m.kr., eða 1.420 m.kr. umfram fjárlög. Er það mesta frávik í rekstri ráðuneyta. En þá ber þess að geta að innan þessa ráðuneytis er umfangsmesti rekstur ríkisins og sem hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs eru rúmlega 40% innan heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Kostnaður vegna kjarasamninga er áætlaður 720 m.kr. sem er helmingur af umframgjöldum í rekstri. Að teknu tilliti til þeirra, eru útgjöld sjúkrastofnana 560 m.kr. umfram fjárlög. Af þeirri fjárhæð eru 242 m.kr. útgjöld hjá Ríkisspítölunum og 133 m.kr. hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur auk þess sem nokkur minni sjúkrahús fóru umfram fjárlög. Þá nýttu Ríkisspítalar hluta af áætluðum stofnkostnaði í rekstur. Í flestum tilvikum er bæði um að ræða uppsafnaðan rekstrarvanda fyrri ára og eins að fyrirhugaðaður sparnaður skv. fjárlögum náði ekki fram að ganga. Í fjáraukalögum voru veittar aukafjáveitingar til að mæta þessum vanda og voru þær skilyrtar því að stjórnendur sjúkrastofnana gripu til aðgerða til að færa útgjöldin að ramma fjárlaga. Hluti af umframgreiðslum Sjúkrahúss Reykjavíkur (83 m.kr.) er vegna uppgjörs á eftirlaunaskuldbindingum í kjölfar samkomulags milli fjármálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar um þau efni. Í tilfelli Sjúkrahúss Suðurlands (27 m.kr.) var um að ræða aukið umfang starfsemi frá fjárlögum. Hjá sjúkrahúsunum í Vestmannaeyjum og á Neskaupstað tengist útgjaldaaukning (44 m.kr.) eingreiðslum til starfsmanna vegna vangreiddra bakvakta nokkur ár aftur í tímann. Vegna rekstrarvandans greip ráðuneytið til þess að setja tilsjónarmann á þeim stöðum þar sem umframgreiðslur voru hlutfallslega mestar. Þessar stofnanir eru: St. Jósefsspítali Hafnarfirði, Sjúkrahús og heilsugæslustöð Suðurnesja og Sjúkrahúsið Akranesi, en þar hefur stjórn stofnunarinnar ekki staðið við samkomulag sem gert var árið 1994.

Hækkun rekstrargjalda frá fyrra ári skýrist að mestu af launahækkunum, nema útgjöld stjórnsýslustofnana lækka lítillega.

Greiðslugrunnur	Greiðslur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Útkoma 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári %
Yfirstjórn	130,8	145,5	146,9	1,4	12
Tryggingamál	470,7	491,2	528,4	37,2	12
Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir	123,4	105,7	115,3	9,6	-7
Sjúkrastofnanir	15.734,7	15.502,0	16.725,3	1.223,3	6
Heilsugæsla	1.489,7	1.456,5	1.576,2	119,7	6
Annað	62,6	61,3	72,5	11,2	16
Rekstrarhagræðing	-	-21,3	-	21,3	
Rekstargjöld samtals	**18.011,9**	**17.740,9**	**19.164,6**	**1.423,7**	**6**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	27.817,6	27.273,6	29.399,1	2.125,5	6
þ.a. lífeyristryggingar	16.356,0	15.830,0	17.180,0	1.350,0	5
þ.a. sjúkratryggingar	10.114,0	9.955,5	10.612,6	657,1	5
Viðhald og stofnkostnaður	1.128,3	1.257,7	1.142,8	-114,9	1
Heildarútgjöld	**46.957,8**	**46.272,2**	**49.706,5**	**3.434,3**	**6**

Tilfærslur urðu 29.399 m.kr. sem er 2.125 m.kr. umfram fjárlög. Stærsta frávikið kemur fram hjá lífeyristryggingum, eða 1.350 m.kr. Skýringar er að leita í ákvörðun ríkisstjórnar um að bætur almannatrygginga fylgi hækkunum í kjarasamningum. Samkvæmt þessu hækkuðu bætur lífeyristrygginga um 4,8% frá og með marsmánuði s.l. og kostar það um 700

m.kr. Við bættust eingreiðslur samkvæmt kjarasamningum og námu þær rúmum 600 m.kr. Þannig skýra verðlagsákvarðanir frávikið að fullu. Áformaður 200 m.kr. sparnaður í heimildabótum gekk ekki nema að hluta til eftir, en á móti voru nokkrir bótaflokkar innan áætlunar.

Vegna fjölgunar aldraðra o.fl. þátta hækka greiðslur lífeyristrygginga ár frá ári, en á allra síðustu árum hefur verið gripið til ýmissa aðgerða til þess að bætur fari eingöngu til þeirra sem þurfa á þeim að halda og komið í veg fyrir sjálfvirka útgjaldaaukningu.

Greiðslur sjúkratrygginga námu 10.612 m.kr. eða 657 m.kr. umfram fjárlög og kemur þar hvort tveggja til að forsendur fjárlaga um sparnað í lyfja- og lækniskostnaði náði ekki fram að ganga, auk þess sem umframgjöld koma fram á greiðslum daggjalda sjúkrastofnana, hjálpartækjum o.fl. Umframgreiðslur eru mestar í lyfjakostnaði, eða um 220 m.kr. þrátt fyrir breytingu á reglugerð sem tók gildi þann 1. ágúst s.l. sem ætlað er að draga úr hlutdeild almannatrygginga í lyfjakostnaði. Hluta af umframgreiðslum daggjalda má rekja til kjarasamninga, þar sem hærri launakostnaður veldur hækkun á daggjaldavísitölunni. Þá var Framkvæmdasjóði aldraðra greidd inneign á árinu að fjárhæð 209 m.kr. vegna markaðs tekjustofns og voru 130 m.kr. nýttar til þess að draga úr halla sjúkratrygginga. Skýrir sú færsla jafnframt greiðslur til Framkvæmdasjóðsins umfram fjárlög. Miðað við fyrra ár hækkar lyfjakostnaður um 330 m.kr. og greiðslur daggjalda um 200 m.kr. Aðrir tilfærsluliðir eru í samræmi við áætlun fjárlaga.

Viðhald og stofnkostnaður varð 1.143 m.kr., eða 115 m.kr. lægri en fjárlög. Frávikið skýrist alfarið af því að öllum framkvæmdum við Landspítalann var frestað. Hækkun frá fyrra ári er óveruleg.

Fjármálaráðuneyti. Rekstrargjöld, án vaxtagjalda, námu 2.540 m.kr. eða 620 m.kr. innan heimilda fjárlaga. Í fjárlögum voru hins vegar 740 m.kr. til að verðbæta kjarasamninga sem skipt var á öll ráðuneyti á árinu. Að teknu tilliti til þessa voru rekstrargjöld ráðuneytisins 120 m.kr. umfram fjárlög og skýrist frávikið af kostnaði ríkisins vegna snjóflóða (91 m.kr.) og hækkun launa vegna kjarasamninga (28 m.kr.).

Rekstur Gjaldheimtunnar í Reykjavík og ýmis innheimtukostnaður varð 27 m.kr. innan ramma fjárlaga. Á móti vegur að nokkrar skattstofur voru umfram áætlun, mest Skattstofan í Reykjavík, eða sem nemur 12 m.kr.

Undir málefnaflokkinn "Annar rekstrarkostnaður" fellur m.a. beinn kostnaður ríkissjóðs vegna snjóflóðanna í Súðavík og á Flateyri, en samtals voru greiddar 91 m.kr. á s.l. ári vegna þessa. Þá urðu útgjöld vegna dómkrafna 60 m.kr. umfram fjárlög. Á móti þessum umframgjöldum var skýrsluvélakostnaður 55 m.kr. innan áætlunar. Fyrir u.þ.b. tveimur árum var gerð ýtarleg athugun á skýrsluvélakostnaði í því skyni að ná fram hagræðingu og svo virðist sem aðgerðirnar hafi skilað umtalsverðum sparnaði.

Undir fjárlagaliðinn *Launa- og verðlagsmál* voru áætlaðar 740 m.kr. til að mæta væntanlegum launahækkunum á árinu, eða sem svarar til 2,3% almennrar hækkunar. Launabætur til A-hluta stofnana námu hins vegar 1.810 m.kr. eða um 1.070 m.kr. umfram áætlun. Útgjöldin eru færð undir hvert ráðuneyti fyrir sig.

Vaxtagreiðslur ríkissjóðs námu 12.440 m.kr., eða 140 m.kr. umfram fjárlög. Skýrist mismunurinn einkum af erlendri skammtímafjármögnun ríkissjóðs fyrri hluta ársins. Á móti vegur að vaxtagreiðslur af löngum erlendum lánum voru aðeins undir áætlun.

Tilfærslur reyndust 1.126 m.kr. eða 42 m.kr. innan heimilda, en þá er 560 m.kr. fjárveiting í fjárlögum vegna verðlagshækkana undanskilin. Sú fjárveiting var ætluð til að mæta hækkun á bótagreiðslum lífeyris-, sjúkra- og atvinnuleysistrygginga. Uppbætur á lífeyri

voru 93 m.kr. innan fjárlaga, en aðrar tilfærslur reyndust hærri, m.a. vegna notkunar á ónýttri heimild á liðnum ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar frá fyrra ári.

Greiðslugrunnur	Greiðslur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Útkoma 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári %
Yfirstjórn	391,6	410,8	427,3	16,5	9
Skatta og tollamál	1.480,1	1.479,3	1.507,8	28,5	2
Verðlagsmál	-	737,1	-	-737,1	
Annar rekstur	541,8	530,4	605,2	74,8	12
Rekstrarhagræðing	-	3,1	-		
Rekstrargjöld samtals	**2.413,5**	**3.160,7**	**2.540,3**	**-620,4**	**5**
Vextir af skammtímalánum	920,0	1.400,0	1.259,7	-140,3	37
Vextir af spariskírteinum	1.960,0	2.600,0	2.760,9	160,9	41
Vextir af öðrum innlendum lánum	631,0	700,0	524,7	-175,3	-17
Vextir af erlendum lánum	7.193,5	7.600,0	7.894,5	294,5	10
Vaxtagjöld samtals	**10.704,5**	**12.300,0**	**12.439,8**	**139,8**	**16**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	1.101,0	1.728,6	1.126,2	-602,4	2
þ.a. verðlagsmál	-	560,0	-		
þ.a. uppbætur á lífeyri	791,5	870,0	776,6	-93,4	-2
Stofnkostnaður og viðhald	706,6	660,4	501,7	-158,7	-29
Heildarútgjöld	**14.925,6**	**17.849,7**	**16.608,0**	**-1.241,7**	**11**

Stofnkostnaður nam 502 m.kr. og var 159 m.kr. innan fjárlaga. Ekki var þörf á að nýta 86 m.kr. af heimild til ríkisábyrgða og 82 m.kr. afgangur varð á útgjöldum skv. heimildarákvæðum í 6. gr. fjárlaga. Lækkun frá fyrra ári nemur 205 m.kr. og kemur alfarið fram á fjárlagaliðnum *Ýmsar fasteignir ríkissjóðs*, sem lækkar um 350 m.kr. milli ára, en árið 1994 var keypt húseign að fjárhæð 300 m.kr. fyrir aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Annar stofnkostnaður hækkar milli ára, m.a. ríkisábyrgðir um 90 m.kr.

Samgönguráðuneyti. Rekstrargjöld voru 660 m.kr. eða 15 m.kr. umfram fjárlög. Að teknu tilliti til þess að kostnaður vegna kjarasamninga nam 20 m.kr., var reksturinn innan fjárlaga. Málefnaflokkurinn *Ráðuneytið* er innan marka þar sem verkefnið „Ferðaátak erlendis" hefur farið hægar af stað en ætlað var. Aðrar umframgreiðslur, s.s. til flugmála, skýrast einkum af launahækkunum. Miðað við fyrra ár, þá lækka greiðslur til siglingamála um 20 m.kr. Mengunarvarnasvið Siglingamálastofnunar fluttist undir Hollustuvernd á miðju ári, auk þess sem rekstrarhagræðing varð hjá Vita- og hafnamálastofnun. Greiðslur til rekstrar Flugmálastjórnar lækka um 24 m.kr. milli ára og skýrist það af launagreiðslum til flugumferðastjóra sem fengu afturvirka hækkun á árinu 1994.

Rekstrartilfærslur eru 10 m.kr. innan ramma fjárlaga, þar sem fjárveiting til verkefnis um tilkynningarskyldu hefur ekki verið nýtt. Hins vegar hækka tilfærslur um 19 m.kr. frá fyrra ári. Meginskýring hækkunarinnar er viðbótarframlag vegna landkynningar.

Stofnkostnaður og viðhald nam 8.610 m.kr., eða 240 m.kr. umfram fjárlög. Veigamesti hluti heildarkostnaðar og umframgreiðslna kemur fram hjá Vegagerðinni. Veitt var 200 m.kr. viðbótarheimild til Vegagerðarinnar, þar sem snjómokstur og önnur vetrarþjónusta fór tæplega 400 m.kr. umfram vegáætlun. Þá hækkuðu framlög til viðhalds flugvalla um 30 m.kr.

Greiðslugrunnur	Greiðslur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Útkoma 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári %
Yfirstjórn	115,1	123,3	113,5	-9,8	-1
Vegamál	235,9	239,2	239,2	0,0	1
Siglingamál	111,1	86,4	91,1	4,7	-18
Flugmál	214,1	170,5	190,1	19,6	-11
Ferðamál	27,1	29,2	28,5	-0,7	5
Annar rekstur	-7,8	-4,0	-2,7	1,3	-65
Rekstrargjöld samtals	**695,5**	**644,6**	**659,7**	**15,1**	**-5**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	130,2	159,9	149,3	-10,6	15
Stofnkostnaður og viðhald	8.506,9	8.369,6	8.610,5	240,9	1
þ.a. Vegagerðin	7.064,9	7.173,0	7.373,0	200,0	4
Heildarútgjöld	**9.332,6**	**9.174,1**	**9.419,5**	**245,4**	**1**

Iðnaðarráðuneyti. Rekstrargjöld voru 487 m.kr., eða 23 m.kr. umfram fjárlög. Kostnaður vegna kjarasamninga nam 17 m.kr. og skýrir þannig frákvikið að mestu. Rafmagnseftirlit ríkisins innheimtir rafmagnseftirlitsgjald, en innborgun á hluta gjaldsins dróst fram á árið 1996 og skýrir það 9 m.kr. umframgreiðslur stofnunarinnar. Miðað við fyrra ár hækka greiðslur ráðuneytisins mest, eða um 8%, þar sem Einkaleyfastofan skilar ekki jafnmiklum afgangi og árið áður.

Greiðslugrunnur	Greiðslur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Útkoma 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári %
Yfirstjórn	47,4	53,6	57,8	4,2	22
Iðnaðarmál	169,5	168,1	165,2	-2,9	-3
Orkumál	245,0	241,9	263,7	21,8	8
Rekstrargjöld samtals	**461,9**	**463,6**	**486,7**	**23,1**	**5**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	567,9	627,5	678,1	50,6	19
Stofnkostnaður og viðhald	92,2	55,8	52,5	-3,3	-43
Heildarútgjöld	**1.122,0**	**1.146,9**	**1.217,3**	**70,4**	**8**

Rekstrartilfærslur urðu 678 m.kr. eða 8% umfram fjárlög. Frávikið skýrist alfarið af hækkun á niðurgreiðslu á rafhitun samkvæmt sérstakri ákvörðun ríkistjórnarinnar. Hækkun frá fyrra ári er 110 m.kr. og skýrist af 100 m.kr. fjárveitingu til uppbyggingar á dreifikerfi í sveitum, sem var ráðstafað til RARIK, en á móti hækkar arðgreiðsla fyrirtækisins í ríkissjóð um sömu fjárhæð.

Stofnkostnaður er að mestu í samræmi við fjárlög, en lækkar um 40 m.kr. frá árinu á undan. Greiðslur til Orkusjóðs lækka um 32 m.kr. í samræmi við forsendur fjárlaga, auk þess var veitt 15 m.kr. framlag til RARIK árið 1994 vegna tjóns á raflínum.

Viðskiptaráðuneyti. Rekstrargjöld urðu 165 m.kr., eða 8 m.kr. umfram fjárlög. Útgjöld vegna kjarasamninga eru áætluð 3 m.kr. Umframgjöldin, sem og hækkun frá fyrra ári, koma fram hjá aðalskrifstofunni.

Rekstrartilfærslur eru umfram fjárlög og hækka um 14 m.kr. frá fyrra ári. Skýringin á þessu er einkum að á árinu var stofnuð Fjárfestingarskrifstofa ráðuneytisins með 14 m.kr. fjárframlagi. Stofnkostnaður ráðuneytisins er óverulegur.

Greiðslugrunnur	Greiðslur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Útkoma 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári %
Yfirstjórn	74,6	71,3	80,1	8,8	7
Viðskiptamál	84,0	86,4	85,1	-1,3	1
Rekstrargjöld samtals	158,6	157,7	165,2	7,5	4
Neyslu- og rekstrartilfærlsur	10,1	8,1	24,6	16,5	144
Stofnkostnaður og viðhald	9,1	8,7	8,7	0,0	-4
Heildarútgjöld	**177,8**	**174,5**	**198,5**	**24,0**	**12**

Hagstofa Íslands. Rekstrargjöld voru 140 m.kr. og eru 3 m.kr. umfram fjárlög. Kostnaður vegna kjarasamninga nam 2 m.kr., þannig að teknu tilliti til þess er reksturinn sem næst í samræmi við fjárlög. Frávik koma fram milli aðalskrifstofu annars vegar og þjóðskrár hins vegar, en þar sem um er að ræða deildir innan sömu stofnunar, hefur verið ákveðið að sameina þessa fjárlagaliði framvegis.

Greiðslugrunnur	Greiðslur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Útkoma 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári %
Aðalskrifstofa	117,4	118,7	124,4	5,7	6
Þjóðskrá	21,4	17,6	15,3	-2,3	-29
Rekstrargjöld samtals	**138,8**	**136,3**	**139,7**	**3,4**	**1**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	3,8	3,8	5,3	1,5	39
Stofnkostnaður og viðhald	13,2	8,5	4,2	-4,3	-68
Heildarútgjöld	**155,8**	**148,6**	**149,2**	**0,6**	**-4**

Tilfærslur eru einkum aðildargjöld vegna alþjóðlegra verkefna. Eignakaup hafa reynst heldur lægri en ætlað var í fjárlögum.

Umhverfisráðuneyti. Rekstrargjöld urðu 628 m.kr. sem er 17 m.kr. umfram fjárlög, eða 2,7%, en það skýrist alfarið af 19 m.kr. útgjaldaauka vegna kjarasamninga. Frávik koma þó fram á einstökum málefnaflokkum. Embætti Skipulagsstjóra ríkisins var 12 m.kr. innan fjárlaga, þar sem sértekjur stofnunarinnar af skipulagsgjaldi eru verulega umfram fjárlagaáætlun. Á móti vega 9 m.kr. umframgjöld Hollustuverndar, auk minni frávika. Miðað við fyrra ár hækka útgjöldin um 75 m.kr. Þar vega þyngst lægri sértekjur Skipulagsstjóra, eða um 30 m.kr. Aðrar hækkanir milli ára eru í samræmi við forsendur fjárlaga.

Greiðslugrunnur	Greiðslur 1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Útkoma 1995 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári %
Yfirstjórn	129,7	137,1	137,4	0,3	6
Umhverfisvernd	133,9	138,0	150,0	12,0	12
Skipulagsmál	33,1	72,7	63,7	-9,0	92
Rannsóknir	256,4	263,1	276,9	13,8	8
Rekstrargjöld samtals	**553,1**	**610,9**	**628,0**	**17,1**	**14**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	78,8	72,8	70,4	-2,4	-11
Stofnkostnaður og viðhald	38,7	59,1	62,4	3,3	61
Heildarútgjöld	**670,6**	**742,8**	**760,8**	**18,0**	**13**

Tilfærslur eru að mestu í samræmi við fjárlög, en lækka um 8 m.kr. frá fyrra ári. Það skýrist af lækkun á endurgreiðslum skipulagsgjalds til sveitarfélaga milli ára.

Greiðslur til stofnkostnaðar og viðhalds er umfram fjárlög, þar sem Veðurstofan fékk viðbótarframlag vegna uppbyggingar snjóflóðadeildar stofnunarinnar. Hækkun frá fyrra ári, 24 m.kr., skýrist einkum af auknum framlögum til Veðurstofu.

Launagjöld. Áætlað er að launagjöld ríkisstofnana í A-hluta hafi numið 39,5 milljörðum króna á árinu 1995, samanborið við 37,4 milljarða króna árið 1994. Á síðastliðnum árum hefur fjármálaráðuneytið lagt aukna áherslu á að fá fram raunhæfan mælikvarða á vinnumagn einstakra stofnana með því að umreikna tegundir launagreiðslna í svokölluð ársverk. Einingar þeirra launategunda sem liggja til grundvallar þessum útreikningum eru ólíkar. Þar getur verið um að ræða mánuð, klukkutíma, kennslustund eða jafnvel fermetrafjölda í ræstingu.

Í eftirfarandi töflu hefur sú vinna sem greidd er gegnum launakerfi ríkisins verið umreiknuð til ársverka. Öll sjúkrahús og heilsugæslustöðvar í starfstengslum við sjúkrahús (nema Ríkisspítalar) greiða laun í gegnum önnur kerfi og koma því ekki fram í tölunum.

Á vegum heilbrigðisráðuneytisins og starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins er nú unnið að því að samræma gögn úr launakerfum sjúkrahúsa þannig að hægt verði að bera saman ársverkaþróun milli ára hjá þessum stofnunum.

Ársverk - yfirlit

	1991	1992	1993	1994	1995	Breyting 94 - 95 %
Æðsta stjórn ríkisins	298	291	294	301	312	3,8
Forsætisráðuneyti	68	65	61	65	65	0,2
Menntamálaráðuneyti	7.653	7.620	7.466	7.560	7.496	-0,9
Utanríkisráðuneyti	270	243	239	235	234	-0,6
Landbúnaðarráðuneyti	509	503	504	512	518	1,2
Sjávarútvegsráðuneyti	430	460	480	455	460	1,2
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	2.242	2.210	2.204	2.215	2.222	0,3
Félagsmálaráðuneyti	1.011	1.069	1.142	1.226	1.273	3,8
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	4.212	4.103	4.111	4.139	4.166	0,7
Fjármálaráðuneyti	758	720	735	756	772	2,1
Samgönguráðuneyti	1.124	1.123	1.124	1.069	1.125	5,2
Iðnaðarráðuneyti	358	358	347	338	339	0,4
Viðskiptaráðuneyti	86	80	86	86	86	0,9
Hagstofa Íslands	62	65	67	70	75	7,6
Umhverfisráðuneyti	295	308	325	339	362	6,9
Samtals	**19.374**	**19.216**	**19.186**	**19.364**	**19.503**	**0,7**

Í töflunni hefur verið leiðrétt fyrir tilfærslu stofnana milli ráðuneyta til þess að tölur verði sambærilegar á milli ára. Ársverkum fjölgar um 139 milli áranna 1994 og 1995, eða 0,7%, en nokkur frávik koma fram í báðar áttir hjá einstökum ráðuneytum. Að frátalinni fækkun ársverka í menntamálaráðuneyti mælist hins vegar 1,7% fjölgun. Hjá æðstu stjórn ríkisins stafar fjölgunin að mestu af mannaskiptum í kjölfar kosninga og ríkisstjórnarskipta, en að auki fjölgar ársverkum hjá Umboðsmanni Alþingis og Ríkisendurskoðun. Lækkunin hjá menntamálaráðuneyti skýrist af verkfalli kennara. Fjölgunin hjá félagsmálaráðuneyti kemur fram hjá málefnum fatlaðra og fjölgun ársverka hjá fjármálaráðuneyti skýrist einkum af aukinni áherslu á skatteftirlit. Í samgönguráðuneytinu kemur fjölgunin fram hjá Vegagerð og Ferðamálaráði. Á Hagstofunni fjölgar ársverkum, m.a. vegna neyslukönnunar á árinu 1995. Loks fjölgar hjá umhverfisráðuneyti sem skiptist á nokkrar stofnanir ráðuneytisins.

5 Lánahreyfingar ríkissjóðs

5.1 Innlendur fjármagnsmarkaður

Innlendi fjármagnsmarkaðurinn einkenndist í upphafi árs af óvissu um vaxtaþróun vegna yfirstandandi kjarasamninga og fyrirhuguðum Alþingiskosningum. Fjárfestar voru því tregir til að kaupa skuldbindingar til lengri tíma fyrstu mánuði ársins og fjárfestu mest í skammtímabréfum. Seinni hluta ársins 1994 höfðu vextir á ríkisvíxlum lækkað mikið og fóru þeir niður fyrir erlenda vexti sem leiddi til þess að sala ríkisvíxla dróst saman þar sem kjör þeirra voru ekki samkeppnisfær. Í byrjun árs 1995 voru vextir ríkisvíxla hækkaðir og jókst þá sala þeirra að nýju. Þá var í ársbyrjun létt hömlum af kaupum innlendra aðila á skammtíma verðbréfum erlendis. Þar með var stigið síðasta skrefið í því að opna íslenska fjármagnsmarkaðinn. Loks má nefna að innlend atvinnufyrirtæki hafa á árinu aukið útgáfur sínar í skammtíma verðbréfum þ.e. víxlaútgáfum. Svo virðist sem stærri fyrirtæki hafi þannig náð hagstæðari kjörum en bankakerfið bauð.

Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um að draga úr verðtryggingu og efla innlendan fjármagnsmarkað kynnti fjármálaráðherra í ágúst s.l. nýjungar er varða innlenda lánsfjáröflun. Í fyrsta lagi var hætt útboðum á verðtryggðum spariskírteinum til 5 ára, en í staðinn hafin útboð á 5 ára óverðtryggðum ríkisbréfum. Þetta er í fyrsta sinn um árabil sem opinber aðili fer á markað með óverðtryggða útgáfu til svo langs tíma. Þá var í maí hafin sala á 3ja ára ríkisbréfum, en þau tóku við af 2ja ára bréfum. Sölu þeirra hafði verið hætt haustið 1994 vegna óvissu í verðlagsmálum. Í öðru lagi var ákveðið að hefja útboð á tveimur nýjum tegundum spariskírteina. Annars vegar svokölluð árgreiðsluskírteini til tíu ára, sem endurgreiðast með jöfnum árlegum greiðslum. Hins vegar spariskírteini til 20 ára með einn gjalddaga í lok lánstíma. Með útgáfu þessara skírteina er stígið enn eitt skref í að lengja lánstíma verðtryggðra skuldbindinga. Þessi skírteini eru fyrst og fremst gefin út til að mæta þörfum aðila eins og lífeyrissjóða sem þurfa að tryggja sér góða ávöxtun til lengri tíma á móti útistandandi skuldbindingum. Í þriðja lagi var ákveðið að fella niður þóknanir til þeirra sem kaupa skuldabréf í útboðum ríkissjóðs. Þessar þóknanir voru í raun ósýnilegur hluti af vaxtakjörum og gátu því truflað verðmyndun á eftirmarkaði. Einnig var útboðsskilmálum breytt á þann veg að öllum aðilum sem uppfylla skilyrði um lágmarksfjárhæð í útboði er nú heimil þátttaka, en áður var fjármálastofnunum einum heimilt að gera tilboð.

Sala óverðtryggðra verðbréfa

Frumsala	1993 m.kr.	1994 m.kr.	1995 m.kr.
Ríkisvíxlar, 3ja mánaða	54.171	32.912	40.288
Ríkisvíxlar, 6 mánaða	6.094	6.915	4.587
Ríkisvíxlar, 12 mánaða	4.992	5.463	1.808
Ríkisbréf, 24 mánaða	2.105	3.446	-
Ríkisbréf, 36 mánaða	-	-	1.418
Ríkisbréf, 60 mánaða	-	-	787
Eftirmarkaðsvelta á Verðbréfaþingi (peningamarkaður)	124.061	154.860	136.646

Í töflunni er sýnd sala óverðtryggðra ríkisverðbréfa s.l. þrjú ár. Samkvæmt henni verða talsverðar sveiflur í sölu á einstökum tegundum bréfa milli ára. Athygli vekur að aukning er í sölu styttri víxla en samdráttur í sölu þeirra lengri. Líklegt er að fyrrnefnd óvissa sem ríkti í upphafi árs ráði nokkru hér um. Einnig voru stærstu kaupendur ríkisvíxla, þ.e. banka-

stofnanir, í nokkrum lausafjárerfiðleikum á árinu sem beindi þeim enn frekar til kaupa á stuttum víxlum, auk þess sem kaup þeirra á víxlum í heild drógust saman af sömu ástæðu. Þar við bætist að vextir á víxlum í upphafi árs voru of lágir í samanburði við erlenda valkosti. Sala ríkisbréfa til 3ja og 5 ára nær ekki sömu sölu og 2ja ára bréfin árinu á undan, enda má ætla að það taki markaðinn nokkurn tíma að læra á þessi bréf. Traust markaðarins á þeim ræðst mjög af stöðugleika í verðlagsmálum. Velta á peningamarkaði hjá Verðbréfaþingi Íslands dróst saman milli áranna 1994 og 1995. Líklegasta skýringin er lakari lausafjárstaða bankakerfisins og lítil kaup þeirra á ríkisvíxlum, sérstaklega í byrjun árs, en þessi eftirmarkaðsviðskipti eru mikilvæg fyrir vaxtamyndun í landinu.

Staða útistandandi ríkisvíxla og ríkisbréfa hækkaði í heild um rúma 1,9 milljarða króna á árinu 1995, sem skýrist nánast eingöngu af aukinni sölu 3ja mánaða ríkisvíxla. Í upphafi árs var útistandandi fjárhæð í ríkisvíxlum um 14,7 milljarðar króna. Þar af voru 9,7 milljarðar króna í eigu Seðlabanka, eða 65%, einungis 3,4 milljarðar króna í eigu innlánsstofnana og 1,5 milljarðar í eigu annarra. Í árslok var útistandandi fjárhæð í ríkisvíxlum 16,3 milljarðar króna. Í eigu Seðlabanka voru 4,8 milljarðar króna, innlánsstofnanir áttu 6,8 milljarða króna og aðrir aðilar 4,7 milljarða króna. Seðlabankinn hefur þannig lækkað ríkisvíxlaeign sína um tæpa 5 milljarða króna þrátt fyrir að útistandandi víxlar hækki um tæpa 2 milljarða. Innistæða á reikningi ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands var í árslok 3,2 milljarðar króna og hafði lækkað um 500 m.kr. frá árslokum 1994.

Framboð á skuldabréfum í útboðum dróst saman um 5,3 milljarða króna frá árinu 1994. Samdrátturinn kemur einkum fram í 3ja milljarða króna minni útgáfu húsbréfa og um 2ja milljarða króna minni útgáfu sveitarfélaga á verðbréfum. Þá var ekkert gefið út af húsnæðisbréfum á árinu sem er lækkun um 2,4 milljarða króna frá 1994. Á móti kemur aukin útgáfa lánastofnana. Minni lánsfjárþörf sveitarfélaga endurspeglar betri afkomu í rekstri þeirra miðað við árið á undan en þá varð veruleg aukning í skuldsetningu þeirra.

Heildarsala verðbréfafyrirtækja og ríkissjóðs í skuldabréfaútboðum

Markaðsverð í milljónum króna	Spari-skírteini	Ríkis-bréf	Hús-bréf	Húsn. bréf	Sveitar-félög	Lána-stofnanir	Atvinnu-fyrirtæki	Alls
1. ársfjórðungur	4.950	-	2.442	-	1.104	2.102	166	10.764
2. ársfjórðungur	1.372	440	2.523	-	243	2.307	704	7.589
3. ársfjórðungur	1.264	880	2.887	-	1.711	2.732	1.082	10.556
4. ársfjórðungur	1.682	885	3.245	-	603	1.751	728	8.894
Samtals 1995	9.268	2.205	11.097	-	3.661	8.891	2.681	37.803
Samtals 1994	**9.469**	**3.446**	**14.070**	**2.379**	**5.908**	**5.320**	**2.908**	**43.500**
Samtals 1993	**8.200**	**2.105**	**10.796**	**4.408**	..	..	..	..

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Alls nam verðbréfasala hjá öðrum en ríki og Húsbréfadeild Húsnæðisstofnunar ríkisins um 15,4 milljörðum króna sem er um 1,2 milljörðum meira en á árinu 1994. Af þessum verðbréfum voru 11,7 milljarðar króna seld í lokuðum útboðum, en einungis 3,7 milljarðar í almennum útboðum. Þetta hlutfall er svipað og á árinu 1994. Útgefendur virðast ekki sjá sér hag í því að selja bréf sín frekar í opnum útboðum. Öll útgáfa ríkissjóðs og húsbréfa er hins vegar seld samkvæmt skilmálum almenns útboðs, en það eykur gegnsæi á markaðnum bæði hvað varðar umsvif og verðmyndun. Athygli vekur að lánastofnanir seldu verðbréf fyrir 8,9 milljarða króna samanborið við 5,3 milljarða árið áður. Um er að ræða talsverða aukningu milli ára eða sem nemur 3,6 milljörðum króna. Útgáfa banka og sparisjóða á bankabréfum

jókst um 3 milljarða króna milli áranna 1994 og 1995 og útgáfa annarra lánastofnana um 600 m.kr. Atvinnufyrirtæki gáfu út verðbréf fyrir 2,7 milljarða króna sem er nánast sama fjárhæð og á árinu 1994. Fyrirtæki og atvinnuvegir héldu áfram að greiða niður skuldir sínar erlendis fyrir um 16 milljarða króna, þar af var um 12 milljörðum króna skuldbreytt í innlend lán, þrátt fyrir að erlend vaxtakjör hafi farið batnandi í samanburði við innlend. Á síðustu tveimur árum eru fyrirtækin búin að greiða um 34 milljarða af erlendum skuldum sínum og hafa lækkað nettó skuldir sínar um 18 milljarða króna að teknu tilliti til verðlagsbreytinga.

Erlend verðbréfakaup innlendra aðila námu 3 milljörðum króna nettó á árinu 1995, sem er veruleg lækkun frá 1994 en þá námu þau 7,8 milljörðum króna. Þessi lækkun bendir til að erlendu verðbréfakaupin á árinu 1994 hafi verið svo mikil sem raun var á, þar sem það var fyrsta árið sem fullt frelsi til slíkra kaupa ríkti.

Með hliðsjón af útstreymi gjaldeyris vegna endurgreiðslna og skuldbreytinga fyrirtækja ásamt því að viðhalda jafnvægi á innlenda lánsfjármarkaðnum og hamla á móti vaxtahækkunum leysti ríkissjóður í auknum mæli fjárþörf sína með erlendum lántökum.

5.2 Lánsfjárþörf ríkissjóðs 1995

Í fjárlögum 1995 var hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs, þ.e. sú fjárhæð sem ríkissjóður þarf að afla með lántöku til að mæta halla og útstreymi á lánahreyfingum, áætluð um 9,4 milljarðar króna. Samkvæmt greiðsluuppgjöri ríkisbókhalds reyndist lánsfjárþörfin vera 18,6 milljarðar króna, eða 9 milljörðum króna hærri en áætlað var. Þessi viðbótarfjárþörf stafar nær alfarið af fjármögnun ríkissjóðs á byggingarsjóðum ríkisins, en ákveðið var að halda áfram þeirri fjármögnun eins og gert var seinni hluta árs 1994. Ríkissjóður hafði milligöngu um útvegun lánsfjár að fjárhæð 8,1 milljarður króna til sjóðanna á árinu 1995. Hér er ekki um að ræða aukna fjárþörf opinberra aðila heldur einungis tilfærslu milli ríkissjóðs og Húsnæðisstofnunar. Að þessu frátöldu er lánsfjárþörf ríkissjóðs 1 milljarði króna umfram áætlun fjárlaga einkum vegna meiri halla ríkissjóðs. Borið saman við 1994 er hækkun á hreinni lánsfjárþörf milli ára 3,8 milljarðar króna. Lánsfjárþörfin á síðasta ári var 3% af landsframleiðslu þar af var tæplega helmingur eða 0,8%, vegna lánveitinga til Húsnæðisstofnunar. Eftirfarandi yfirlit sýnir niðurstöðutölur ríkisfjármála á árinu 1995 samanborið við fjárlög 1995 og útkomu ársins 1994.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs

Greiðslugrunnur	1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Útkoma 1995 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Rekstrarafkoma	**-7.384**	**-7.436**	**-8.931**	**-1.495**
Veitt lán, nettó	-9.477	-960	-9.133	-8.173
Eignfærð framlög	-158	-500	-75	425
Viðskiptareikningur	2.248	-500	-451	49
Hrein lánsfjárþörf	**-14.771**	**-9.396**	**-18.590**	**-9.194**
Afborganir af teknum lánum	-15.590	-12.500	-14.270	-1.770
Verg lánsfjárþörf	**-30.361**	**-21.896**	**-32.860**	**-10.964**
Tekin ný lán	30.319	21.900	32.076	10.176
Greiðsluafkoma	**-42**	**4**	**-784**	**-788**

Hér á eftir eru skýrðir nánar einstaka þættir lánsfjárþarfar A-hluta ríkissjóðs. Fyrst er yfirlit yfir helstu lánveitingar og innheimtar afborganir. Þá er gerð grein fyrir ýmsum eignfærðum framlögum og færslum á viðskiptareikningum. Loks er fjallað um greiddar afborganir ríkissjóðs af eldri lánum.

Veitt lán, nettó. Þessi liður sýnir hreyfingar á veittum lánum ríkissjóðs til lengri tíma en eins árs. Á árinu 1995 námu veitt ný lán umfram innheimtar afborganir af eldri lánum 8,7 milljörðum króna. Frávik frá fjárlögum stafar nær alfarið af lánveitingum til Húsnæðisstofnunar sem fyrr er getið. Eftirfarandi yfirlit sýnir nánari sundurliðun á veittum lánum.

Innheimtar afborganir. Innheimtar afborganir voru áætlaðar 7.350 m.kr. í fjárlögum en urðu nokkuð hærri eða 7.902 m.kr. Frávikið skýrist aðallega af 340 m.kr. afborgun af láni sem veitt var til Húsnæðisstofnunar, jafnframt því sem innheimta afborgana eldri veittra lána var betri en gert var ráð fyrir.

Veitt lán ríkissjóðs og innheimtar afborganir

Greiðslugrunnur	1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Útkoma 1995 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Innheimtar afborganir af eldri lánum	**6.631**	**7.350**	**7.902**	**552**
Bundnar innlendu verðlagi	3.564	3.960	4.630	670
Bundnar erlendum gjaldmiðlum	3.067	3.400	3.272	-128
Veitt ný lán	**16.109**	**8.310**	**17.035**	**8.725**
Samkvæmt 1. gr. fjárlaga	**6.616**	**8.310**	**7.958**	**-352**
Lánasjóður íslenskra námsmanna	3.640	3.800	3.640	-160
Alþjóðaflugþjónustan	26	150	-	-150
Þróunarsj. sjávarútvegsins (Atvinnutr.deild Byggðast.)	2.950	2.380	2.260	-120
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	-	1.980	2.058	78
Samkvæmt 4. gr. og 5. gr. lánsfjárlaga	**7.800**	**-**	**8.247**	**8.247**
Húsnæðisstofnun ríkisins	7.250	-	8.145	8.145
Byggðastofnun	500	-	-	-
Miðnes hf.	6	-	-	-
Bæjarveitur Vestmannaeyja	34	-	62	62
Herjólfur hf. Vestmannaeyjum	10	-	-	-
Íþróttasamband Íslands	-	-	40	40
Samkvæmt 7. gr.,11. gr., og 14. gr.	**-**	**-**	**331**	**331**
Landsvirkjun	-	-	234	234
Sveinseyrarlax	-	-	36	36
Víkurlax	-	-	11	11
Silfurlax	-	-	50	
Samkvæmt 6. gr. fjárlaga	**1.693**	**-**	**499**	**499**
Atvinnuleysistryggingasjóður	450	-	200	200
Sala SR-mjöl hf.	600	-	-	-
Sala Lyfjaverslunar Íslands hf.	144	-	129	129
Spölur hf.	50	-	-	-
Hitaveita Hjaltadals	10	-	-	-
Fasteignaviðskipti og eignasala	353	-	40	40
Annað	86	-	130	130
Veitt lán, nettó	**-621**	**-1.140**	**-9.133**	**-7.993**

Veitt lán. Lánveitingum ríkissjóðs má skipta í fernt. Í fyrsta lagi eru almenn lán veitt skv. 1. gr. fjárlaga. Í öðru lagi eru lán sem eru veitt skv. 4. og 5. gr. lánsfjárlaga, en í 5. gr. laga um Lánasýslu ríkisins er ríkissjóði heimilt að endurlána til sveitarfélaga og fyrirtækja í stað þess að veita ríkisábyrgð. Í þriðja lagi eru lánveitingar skv. 7., 11., og 14. gr. lánsfjárlaga. Loks eru lán veitt samkvæmt ákvæðum 6. gr. fjárlaga eða annarra sérlaga. Einungis lánveitingar skv. 1. gr. fjárlaga koma fram í greiðsluyfirliti fjárlaga sem skýrir að mestu það frávik sem kemur fram í heildarlánveitingum ríkissjóðs.

Í fjárlögum voru lánveitingar ríkissjóðs áætlaðar alls 8.310 m.kr. en urðu í reynd 17.035 m.kr. Lánveitingar samkvæmt 1. gr. fjárlaga urðu alls 7.958 m.kr. eða 352 m.kr. lægri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Lánveitingar til Lánasjóðs íslenskra námsmanna eru 160 m.kr. undir áætlun og Alþjóðaflugþjónustan nýtti ekki 150 m.kr. lánsheimild þar sem uppsetning nýrra flugstjórnartækja og flutningur í nýju flugstjórnarmiðstöðina hefur dregist. Lánveiting til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins varð 2.260 m.kr. eða 120 m.kr. undir áætlun, þar sem eftirspurn eftir lánsfé til úreldingar var lægri en gert var ráð fyrir. Þá var lánveiting til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar 2.058 m.kr. eða 78 m.kr. umfram áætlun fjárlaga, en lánveiting þessi var til greiðslu á eldra láni hjá Endurlánum ríkissjóðs.

Lánveitingar ríkissjóðs skv. 4. og 5. gr. lánsfjárlaga urðu 8.247 m.kr. Það skýrist að stærstum hluta af 8.145 m.kr. lánveitingu til Húsnæðisstofnunar, en ákveðið var að hafa sama hátt á við lánsfjáröflun hennar og seinni hluta árs 1994. Þá var Bæjarveitu Vestmannaeyja veitt lán að fjárhæð 62 m.kr. til greiðslu eldri lána í samræmi við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækisins. Loks var Íþróttasambandi Íslands veitt 40 m.kr. lán í tengslum við HM í handbolta sem fram fór á árinu.

Lánveitingar skv. 7., 11., og 14 gr. lánsfjárlaga urðu 331 m.kr. Þar vegur þyngst lánveiting til Landsvirkjunar að fjárhæð 234 m.kr. vegna uppgjörs á vöxtum sem hafa fallið á víkjandi lán hjá Endurlánum. Þá námu lánveitingar til ýmissa fiskeldisfyrirtækja samtals 97 m.kr.

Lánveitingar skv. 6. gr. fjárlaga og öðrum heimildum urðu 499 m.kr. Fyrirgreiðsla við Atvinnuleysistryggingasjóð nam 200 m.kr. Hér er um að ræða yfirtöku ríkissjóðs á skuldabréfum í eigu sjóðsins en samkvæmt fjárlögum var sjóðnum ætlað að leysa fjárþörf sína að hluta með sölu á eignum. Þá nam lánveiting til kaupenda á hlutabréfum í Lyfjaverslun Íslands hf. 129 m.kr. Loks námu lánveitingar vegna sölu eigna 40 m.kr.

Viðskiptareikningar, nettó. Útborganir umfram innborganir af viðskiptareikningum voru áætlaðar 500 m.kr. í fjárlögum. Niðurstaða ársins er að útgreiðslur á viðskiptareikingum eru því sem næst samkvæmt áætlun eða 451 m.kr. Helstu útstreymishreyfingar ársins eru 475 m.kr. vegna frestunar á greiðslu virðisaukaskatts í tolli, aukning skuldaviðurkenninga að fjárhæð 222 m.kr. sem rekja má til breytinga á formi og afgreiðslu vegna innflutnings á olíuvörum og 116 m.kr. vegna almennra viðskiptareikninga. Á móti er innstreymi vegna uppgjörs starfsmannaskrifstofu á launatengdum gjöldum að fjárhæð 384 m.kr. og 66 m.kr. vegna greiðslu bráðabirgðalána.

Eignfærð framlög. Hér eru færð stofnframlög ríkisins til alþjóðafjármálastofnana og þær breytingar sem verða á eignarhlutum ríkisins í hinum ýmsu fyrirtækjum.

Í fjárlögum voru eignfærð framlög áætluð 500 m.kr. en þau urðu í reynd 75 m.kr. Mismunurinn skýrist af því að óskipt framlög eru 248 m.kr. lægri en gert var ráð fyrir. Þá voru seld hlutabréf í þremur fyrirtækjum í eigu ríkisins að fjárhæð 172 m.kr. þar af er sala hlutabréfa í Lyfjaverslun Íslands hf. 150 m.kr.

Stofnframlög til alþjóðafjármálastofnana

Greiðslugrunnur	1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Útkoma 1995 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Hlutafjárframlög	**-51**	**-**	**-172**	**172**
Jarðboranir hf.	-12	-	-3	3
Kísiliðjan hf.	-26	-	-19	19
Lyfjaverslun Íslands hf..	-	-	-150	150
Alþjóðafjármálastofnanir	**209**	**252**	**247**	**5**
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, IMF, Washington	41	50	48	2
Alþjóðabankinn, IBRD og IDA, Washington	90	91	90	1
Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið, NEFCO	6	7	5	2
Norræni Þróunarsjóðurinn, NDF, Kaupmannahöfn	-	40	42	-2
Evrópubankinn, EBRD, Lundúnum	50	50	51	-1
Lánasjóður Vestur-Norðurlanda, Reykjavík	3	5	4	1
Norræn fjárfestingaráætlun fyrir Eystrasaltsríkin	12	-	-	0
Norræni fjárfestingarbankinn, NIB	9	9	9	0
Alþjóðlegur gengisvarasjóður fyrir Pólland		-	-	
Annað	-2	-	-2	2
Óskipt framlög	**-**	**248**	**-**	**248**
Eignfærð framlög alls	**158**	**500**	**75**	**425**

Greiddar afborganir. Afborganir ríkissjóðs voru áætlaðar 12.500 m.kr. í fjárlögum en urðu 1.770 m.kr. hærri. Mismunurinn kemur nánast allur fram í meiri erlendum afborgunum. Um miðjan desember var greidd 1.300 m.kr. aukaafborgun af erlendu láni vegna kröfu lánveitenda í samræmi við ákvæði í lánasamningi. Afborganir af öðrum innlendum lánum eru 295 m.kr. meiri en áætlað var samkvæmt fjárlögum. Á móti kemur að innlausn spariskírteina var 127 m.kr. lægri og afborganir á ríkisbréfum eru 23 m.kr. lægri en áætlað var.

Greiddar afborganir ríkissjóðs

Greiðslugrunnur	1994 m.kr.	Fjárlög 1995 m.kr.	Útkoma 1995 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Innlausn spariskírteina	4.400	7.450	7.323	127
Önnur innlend lán	1.424	1.345	1.640	-295
Ríkisbréf	-	2.105	2.082	23
Erlend lán	9.313	1.600	3.225	-1.625
Afborganir alls	**15.137**	**12.500**	**14.270**	**-1.770**

5.3 Lántökur ríkissjóðs

Í fjárlögum 1995 var gert ráð fyrir að mæta lánsfjárþörf ríkissjóðs með lántökum bæði á innlendum og erlendum lánamörkuðum eða eftir því hvar hagstæðust lánskjör byðust.

Heildarlánsfjárþörfin samkvæmt fjárlögum var áætluð um 21,9 milljarðar króna. Samtals voru tekin lán fyrir 32,1 milljarð króna. Þar af námu innlendar lántökur 13,2 milljörðum króna og erlendar lántökur 18,8 milljörðum króna. Erlendar lántökur lækka um 1,6 milljarð króna milli ára og innlendar lántökur hækka um 3,4 milljarða króna.

Lántökur ríkissjóðs

Greiðslugrunnur	1994 m.kr	Fjárlög 1995 m.kr.	Útkoma 1995 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Innlend lán	**9.845**	**-**	**13.237**	**13.237**
Sala verðtryggðra spariskírteina ríkissjóðs	8.311	-	6.998	6.998
Sala ECU tengdra spariskírteina ríkissjóðs	1.098	-	2.270	2.270
Sala ríkisbréfa til 3ja ára	3.445	-	1.418	1.418
Sala ríkisbréfa til 5 ára	-	-	787	787
Ríkisbréf, óstöðluð	-268	-	-6	-6
Sala 3ja mán. ríkisvíxla, nettó	-1.341	-	3.689	3.689
Sala 6 mán. ríkisvíxla, nettó	-1.872	-	1.733	1.733
Sala 12 mán. ríkisvíxla, nettó	472	-	-3.652	-3.652
Erlend lán	**20.474**	**-**	**18.839**	**18.839**
Löng erlend lán	14.390	-	16.494	16.494
Erlend veltilán	6.084	-	2.346	2.346
Tekin lán, alls	**30.319**	**21.900**	**32.076**	**10.176**

Spariskírteini ríkissjóðs. Á árinu 1995 voru seld ný spariskírteini fyrir um 9,3 milljarða króna, þar af voru verðtryggð spariskírteini 7,0 milljarðar króna og ECU tengd spariskírteini 2,3 milljarða króna. Salan fór fram með þrennum hætti, þ.e. með útboðum, mánaðarlegri áskrift og með skiptikjörum við innlausn stórs flokks spariskírteina í febrúar. Sala í útboðum nam samtals 5,5 milljörðum króna, þar af voru 5 ára verðtryggð spariskírteini 3,7 milljarðar króna, 10 ára bréf 0,6 milljarðar króna, 20 ára spariskírteini 1,2 milljarðar króna og ECU tengd spariskírteini voru seld fyrir 1 milljarð króna. Í áskrift voru seld spariskírteini fyrir rúman 1,0 milljarð króna og er langstærsti hluti þeirrar sölu 5 ára skírteini. Sala með skiptikjörum varð 3,8 milljarðar króna.

Í byrjun árs 1995 var dræm þátttaka í útboðum verðtryggðra spariskírteina þar sem ríkissjóður var ekki tilbúinn að taka hærri kröfu en 5% ávöxtun. Í útboði sem fram fór í apríl var ákveðið að fella niður áðurnefnda viðmiðun og hækkaði ávöxtunarkrafan þá í 5,73 % á fimm ára skírteinum. Ávöxtunarkrafan hækkaði örlítið fram eftir ári og var í lok ágúst 5,81% en þá var haldið síðasta útboð á fimm ára spariskírteinum. Ávöxtunarkrafa 10 ára spariskírteina hefur haldist nánast óbreytt frá apríl til loka árs og verið um 5,80%. Í september voru 20 ára spariskírteini boðin til sölu í fyrsta sinn. Þátttaka í útboðinu var framar vonum og seldust spariskírteini fyrir 472 m.kr. við ávöxtunarkröfuna 5,95%. Ávöxtunarkrafan lækkaði í næstu tveim útboðum og var í byrjun nóvember 5,49%. Hún hélst svo nánast óbreytt í útboði sem fram fór í lok nóvember en hækkaði um 0,23% í desember. Útboð á ECU tengdum skírteinum hafa nánast lagst af og bárust einungis tilboð í þau fyrstu tvo mánuði ársins. Ávöxtunarkrafan tók mið af sambærilegum erlendum útgáfum og þeim kjörum sem ríkissjóður nýtur á útgáfum í erlendri mynt. Ákveðið var um mitt ár að hafa einungis eitt útboð á spariskírteinum í mánuði í stað tveggja. Í lok árs var tekin sú ákvörðun að Húsnæðisstofnun aflaði eigin fjármagns með sölu húsnæðisbréfa á árinu 1996.

Ríkisbréf. Sala staðlaðra ríkisbréfa til tveggja ára var hætt á haustmánuðum 1994 vegna óvissu um framvindu í vaxtamálum. Í maí 1995 var ákveðið að hefja að nýju sölu á óverðtryggðum ríkisbréfum nú til þriggja ára í stað tveggja. Undirtektir hafa verið viðunandi og voru seld bréf fyrir samtals 1,4 milljarða króna í átta útboðum. Ávöxtunarkrafan var í upphafi 9,88% en fór lækkandi allt til ársloka en þá var hún orðin 9,43%. Útboð á 5 ára óverðtryggðum ríkisbréfum hófust í september og seldust þau fyrir 0,8 milljarða króna í fjórum útboðum. Ávöxtunarkrafan í fyrsta útboðinu var 10,78% og í því síðasta 10,57%.

Ávöxtun í útboðum ríkisbréfa árið 1995



Verðmyndun á þessum bréfum mótast talsvert af því að þau eru ný og markaðurinn telur að talsverð áhætta sé fólgin í kaupum á þessum bréfum með þetta löngum lánstíma, enda markaðurinn vanur verðtryggðum kjörum þar sem raunávöxtun er tryggð. Afborganir af eldri ríkisbréfum voru 2,1 milljarður króna og nettó fjármögnun því 0,1 milljarður króna.

Ríkisvíxlar. Síðastliðið ár var þriðja árið í röð þar sem skammtímafjárþörf ríkissjóðs var leyst að fullu á markaði með sölu 3ja mánaða, 6 mánaða og 12 mánaða ríkisvíxla. Heildarsala ríkisvíxla á árinu nam 46,7 milljörðum króna en útistandandi víxlar í árslok voru 16,4 milljarðar króna og hafa hækkað um 1,8 milljarða á árinu. Þar af hækkuðu 3ja mánaða víxlar um 3,7 milljarða og 6 mánaða um 1,7 milljarða en á móti vegur 3,6 milljarða króna lækkun á 12 mánaða víxlum.

Meðalávöxtun 3ja mánaða ríkisvíxla í útboðum var 6,27% í ársbyrjun 1995, en fór hækkandi fram í maí og var þá orðin 7,25%. Ávöxtunarkrafan fór síðan lækkandi í næstu þremur útboðum og var í lok júlí 6,89% . Hún fór síðan hægt uppávið og var í árslok 7,28%. Að hluta má skýra hækkunina í september með því að söluþóknanir til tilboðsgjafa voru lagðar af og komu inní ávöxtunarkröfuna a.m.k. til að byrja með. Heildarsala 3ja mánaða ríkisvíxla var á árinu 40,3 milljarðar króna.

[2] Reiknað til meðalverðlags hvers árs með lánskjaravísitölu og meðalgengi.

Tafla 19 Skuldir og kröfur opinberra aðila [1]

Stöðutölur í milljónum króna	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	Áætlun 1995	Spá 1996
Verðlag og gengi hvers árs													
Heildarskuldir hins opinbera	**29 721**	**39 989**	**49 272**	**58 775**	**77 345**	**110 254**	**127 983**	**144 309**	**172 934**	**205 262**	**228 437**	**251 787**	**260 767**
Innlendar skuldir	10 201	14 330	19 925	28 767	37 068	51 505	68 003	75 738	82 761	99 558	110 320	118 271	-
Erlendar skuldir	19 520	25 659	29 347	30 008	40 277	58 749	59 980	68 571	90 173	105 704	118 117	133 516	-
Kröfur hins opinbera	**24 548**	**32 639**	**34 780**	**41 727**	**55 474**	**59 647**	**64 028**	**74 931**	**79 127**	**75 626**	**79 838**	**90 802**	**92 102**
Veitt lán	20 055	25 916	25 600	27 518	34 862	40 466	40 870	44 546	48 346	52 808	61 649	71 710	73 004
Skatta- og viðskiptakröfur	4 493	6 723	9 180	14 209	20 612	19 181	23 158	30 385	30 781	22 818	18 189	19 092	19 098
Hreinar skuldir hins opinbera	**5 174**	**7 349**	**14 493**	**17 048**	**21 871**	**50 607**	**63 955**	**69 377**	**93 808**	**128 640**	**148 599**	**160 985**	**168 665**
Ríkissjóður	5 473	7 516	14 574	16 394	20 704	47 960	59 978	64 564	85 713	116 062	128 040	136 897	141 123
Bæjar- og sveitarfélög	439	762	926	1 845	2 518	4 816	6 347	7 288	10 194	14 552	22 108	25 482	28 797
Almannatryggingar	- 738	- 929	-1 007	-1 191	-1 351	-2 169	-2 370	-2 475	-2 099	-1 974	-1 549	-1 394	-1 255
Raunvirði opinberra skulda, verðlag 1996 [2]													
Heildarskuldir hins opinbera	124 826	125 303	129 077	137 657	151 387	170 852	171 370	182 136	214 042	226 736	239 765	258 513	260 767
Hreinar skuldir hins opinbera	21 361	22 790	37 453	39 822	42 545	77 947	86 187	88 061	115 516	141 924	155 918	165 251	168 665
Hlutfall af VLF, %													
Heildar skuldir hins opinbera	**33,3**	**33,1**	**30,6**	**28,1**	**30,1**	**35,8**	**35,2**	**36,4**	**43,5**	**50,0**	**52,6**	**55,2**	**53,7**
Innlendar skuldir	11,4	11,9	12,4	13,8	14,4	16,7	18,7	19,1	20,8	24,2	25,4	25,9	-
Erlendar skuldir	21,9	21,2	18,2	14,4	15,7	19,1	16,5	17,3	22,7	25,7	27,2	29,3	-
Kröfur hins opinbera	**27,5**	**27,0**	**21,6**	**20,0**	**21,6**	**19,4**	**17,6**	**18,9**	**19,9**	**18,4**	**18,4**	**19,9**	**19,0**
Hreinar skuldir hins opinbera	**5,8**	**6,1**	**9,0**	**8,2**	**8,5**	**16,4**	**17,6**	**17,5**	**23,6**	**31,3**	**34,2**	**35,3**	**34,7**

1) Skilgreining á opinberum aðilum tekur mið af alþjóðlegum stöðlum (SNA) og miðast við A-hluta ríkissjóðs, sveitarfélög og almannatryggingar.
Tekið hefur verið tillit til innbyrðis lánveitinga opinberra aðila.

2) Innlendar skuldir eru færðar til fasts verðlags miðað við lánskjaravísitölu en erlendar skuldir miðað við erlent verðlag og meðalgengi.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 20 Flokkun erlendra langtímalána

Milljónir króna á meðalgengi hvers árs	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	Bráðb. 1994
Lántökur	**3 633**	**5 577**	**7 509**	**9 932**	**12 042**	**12 819**	**16 632**	**26 070**	**28 038**	**30 022**	**32 403**	**30 464**	**33 731**
Opinberir aðilar	2 206	3 483	4 062	5 561	5 704	2 989	4 745	9 522	8 763	17 300	19 836	14 648	24 961
Lánastofnanir	1 124	1 954	2 715	3 485	4 311	7 620	10 055	12 798	9 095	7 639	9 803	14 616	6 529
Einkaaðilar	303	140	732	886	2 027	2 210	1 832	3 750	10 180	5 083	2 764	1 200	2 241
Afborganir	**1 230**	**2 674**	**4 278**	**4 457**	**5 937**	**5 777**	**6 599**	**9 104**	**11 360**	**14 880**	**19 125**	**23 769**	**39 818**
Opinberir aðilar	454	994	1 377	1 632	2 481	2 314	1 768	2 731	2 947	3 927	9 187	8 104	15 271
Lánastofnanir	468	1 067	1 427	1 794	2 387	2 169	2 856	4 471	6 154	7 019	7 467	12 391	18 449
Einkaaðilar	308	613	1 474	1 031	1 069	1 294	1 975	1 902	2 259	3 934	2 471	3 274	6 098
Nettó hreyfing	**2 403**	**2 903**	**3 231**	**5 475**	**6 105**	**7 042**	**10 033**	**16 966**	**16 678**	**15 142**	**13 278**	**6 695**	**-6 087**
Opinberir aðilar	1 752	2 489	2 685	3 929	3 223	675	2 977	6 791	5 816	13 373	10 649	6 544	9 690
Lánastofnanir	656	887	1 288	1 691	1 924	5 451	7 199	8 327	2 941	620	2 336	2 225	-11 920
Einkaaðilar	- 5	- 473	- 742	- 145	958	916	- 143	1 848	7 921	1 149	293	-2 074	-3 857
Vaxtagreiðslur	**1 541**	**2 974**	**4 177**	**5 259**	**6 152**	**6 158**	**7 594**	**12 294**	**14 345**	**14 846**	**14 028**	**15 562**	**16 258**
Opinberir aðilar	954	1 969	2 830	3 573	4 321	4 199	4 856	7 130	7 551	8 010	7 859	9 483	10 794
Lánastofnanir	313	630	868	1 210	1 313	1 438	2 074	4 099	5 231	4 964	4 381	4 222	4 046
Einkaaðilar	274	375	479	476	518	521	664	1 065	1 563	1 872	1 788	1 857	1 418
Staða í árslok	**14 904**	**32 127**	**42 559**	**60 857**	**75 082**	**83 806**	**105 471**	**151 065**	**179 712**	**196 621**	**209 030**	**250 265**	**258 180**
Opinberir aðilar	9 636	21 434	28 946	41 602	50 049	51 547	61 994	85 308	98 093	112 498	122 467	149 563	168 459
Lánastofnanir	3 026	6 807	9 595	14 179	18 493	24 646	35 155	53 229	60 396	61 673	64 076	76 852	68 932
Einkaaðilar	2 242	3 886	4 018	5 076	6 540	7 613	8 322	12 528	21 223	22 450	22 487	23 850	20 789
Gengisforsendur; SDR = Krónur	13,7	26,6	32,4	42,2	48,2	49,9	57,8	73,1	79,0	80,7	81,0	94,6	100,0
Meðalvextir	**11,8**	**9,9**	**10,4**	**9,3**	**8,7**	**7,8**	**7,8**	**8,9**	**8,6**	**8,0**	**7,0**	**6,4**	**6,2**
Opinberir aðilar	11,5	10,1	10,5	9,2	9,1	8,2	8,1	8,9	8,1	7,8	6,9	6,6	6,7
Lánastofnanir	12,3	10,3	10,1	9,4	7,7	7,0	7,0	8,7	9,0	8,1	7,0	5,6	5,2
Einkaaðilar	12,2	8,9	10,5	9,2	8,9	7,5	7,9	9,6	10,2	8,7	8,1	7,3	6,0

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 21 Erlend skuldastaða þjóðarbúsins og greiðslubyrði

Milljónir króna	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	Áætlun 1995	Spá 1996
Erlend skuldastaða, meðalgengi hvers árs													
Erlend langtímalán	**42 559**	**60 857**	**75 082**	**83 806**	**105 470**	**151 065**	**179 712**	**196 621**	**209 030**	**250 265**	**258 180**	**253 200**	-
Erlend skammtímastaða, nettó	-2 566	-9 339	-7 546	-10 768	-11 981	-9 638	-5 846	-8 663	-9 609	660	13 508	11 179	-
Gjaldeyrisstaða	1 763	7 297	11 266	10 420	11 102	18 350	23 873	24 844	29 019	27 354	14 739	14 021	-
Nettóstaða við útlönd	**43 362**	**62 899**	**71 362**	**84 154**	**106 349**	**142 353**	**161 685**	**180 440**	**189 620**	**222 251**	**229 933**	**228 000**	**229 300**
Raunvirði erlendra skulda, verðlag 1995 [1]													
Erlend langtímalán	184 474	194 688	206 931	219 289	234 612	252 967	265 557	275 893	285 992	285 310	271 478	259 530	-
Nettóstaða við útlönd	187 954	201 221	196 678	220 199	236 568	238 378	238 919	253 188	259 435	253 374	241 777	233 700	229 300
Hlutfall af VLF, %													
Erlend langtímalán	**47,7**	**50,3**	**46,6**	**40,1**	**41,1**	**49,0**	**49,4**	**49,6**	**52,5**	**60,9**	**59,4**	**55,5**	-
Nettóstaða	**48,6**	**52,0**	**44,3**	**40,3**	**41,4**	**46,2**	**44,4**	**45,5**	**47,7**	**54,1**	**52,9**	**50,0**	**47,2**
Greiðslubyrði erlendra lána													
Afborganir af erlendum langtímalánum	4 278	4 456	5 937	5 777	6 599	9 104	11 360	14 880	19 125	23 769	39 818	31 971	25 000
Vaxtagreiðslur af langtímalánum	4 177	5 259	6 152	6 158	7 594	12 295	14 345	14 846	14 028	15 562	16 258	15 800	15 000
Samtals	8 455	9 715	12 089	11 935	14 193	21 399	25 705	29 726	33 153	39 331	56 076	47 771	40 000
Vaxtagreiðslur, nettó	4 555	5 605	6 226	6 213	8 173	12 951	14 377	14 797	13 619	14 615	15 167	14 434	13 600
Hlutfall af útflutningstekjum, %													
Afborganir af erlendum langtímalánum	12,3	8,9	9,3	7,8	7,8	8,3	8,8	11,5	15,1	16,9	24,6	19,3	14,3
Vaxtagreiðslur af langtímalánum	12,0	10,5	9,7	8,3	9,0	11,2	11,1	11,4	11,1	11,1	10,0	9,5	8,6
Samtals	24,3	19,4	19,0	16,1	16,8	19,4	20,0	22,9	26,2	27,9	34,6	28,8	22,8
Vaxtagreiðslur, nettó	13,1	11,2	9,8	8,4	9,7	11,8	11,2	11,4	10,8	10,4	9,4	8,7	7,8
Afborganir og nettóvaxtagreiðslur alls	25,4	20,0	19,1	16,2	17,4	20,0	20,0	22,9	25,9	27,3	34,0	28,0	22,0

[1] Miðað við erlent verðlag og meðalgengi.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 22 Byggingarsjóður ríkisins [1]

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	Bráðab. 1995	Fjárlög 1996
Innstreymi	**1 941**	**3 182**	**4 491**	**6 735**	**9 697**	**11 618**	**13 527**	**10 798**	**8 294**	**8 641**	**9 616**	**8 199**	**8 075**
Innlend lántaka (lífeyrissjóðir og ríki)	1 428	2 360	3 180	4 862	6 809	7 867	8 523	5 282	2 353	2 375	4 084	2 717	2 330
Afborganir, vextir og verðbætur	459	799	1 238	1 681	2 495	3 334	4 413	5 289	6 075	5 904	5 743	5 684	6 070
Skyldusparnaður, nettó	- 82	- 17	22	85	15	- 164	- 161	- 163	- 420	-1 850	- 875	- 633	- 550
Byggingarsj. verkamanna, endurgreiðslur	-	-	-	-	175	-	81	19	96	116	126	-	-
Húsbréfadeild, endurgreiðslur	-	-	-	-	-	-	129	51	58	55	125	150	-
Húsbréfadeild, bráðabirgðalán	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1 542	-	100	-
Tekjur	28	40	51	48	203	85	83	227	132	197	213	179	225
Sjóðsminnkun	108	-	-	59	-	496	459	93	-	302	200	2	-
Útstreymi	**1 941**	**3 182**	**4 491**	**6 735**	**9 697**	**11 618**	**13 527**	**10 798**	**8 294**	**8 641**	**9 616**	**8 199**	**8 075**
Rekstrarkostnaður o.fl.	48	96	118	178	245	278	294	257	82	108	101	110	130
Afborganir, vextir og verðbætur	339	676	944	1 490	2 416	3 272	4 102	5 863	6 564	7 495	7 061	6 926	7 045
Lán til Byggingarsjóðs verkamanna	-	73	153	334	123	122	97	84	258	381	484	377	400
Bráðabirgðalán til Byggingarsj. verkam.	-	-	-	-	-	81	19	96	116	126	-	-	-
Bráðabirgðalán til húsbréfadeildar	-	-	-	-	-	-	51	58	55	125	150	161	-
Endurgr. bráðabirgðalán til húsbréfad.	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1 542	-	-
Annað	2	59	-	-	141	354	108	161	218	194	238	240	200
Sjóðsaukning	-	248	432	-	914	-	-	-	185	-	-	-	-
Veitt lán samkv. 11. grein, samtals	1 552	2 030	2 844	4 733	5 858	7 511	8 856	4 279	816	212	40	385	300
Til nýbygginga og eldri íbúða	1 297	1 550	1 943	4 109	4 920	6 000	7 192	3 637	224	138	-		
Greiðsluerfiðleikalán	-	235	540	155	310	284	207	19	-	-	-		
Lán vegna kaupleiguíbúða	-	-	-	-	55	525	892	60	206	-	-		
Framkv.lán til nýbygg. og dvalarheimila	107	89	223	354	421	510	333	417	313	38	-		
Aðrir lánaflokkar	148	156	138	115	152	192	232	146	73	36	-		

[1] Fjármagnshreyfingar við Byggingarsjóð verkamanna vegna lífeyrissjóða eru ekki teknir með í yfirlitinu.

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins.

Tafla 23 **Byggingarsjóður verkamanna**

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	Bráðab. 1995	Fjárlög 1996
Innstreymi	**510**	**989**	**1 343**	**1 576**	**2 607**	**4 000**	**4 951**	**6 539**	**7 635**	**7 876**	**7 846**	**7 764**	**8 140**
Innlend lántaka (lífeyrissjóðir og ríki)	140	333	580	490	1 440	2 375	2 973	4 252	5 035	5 430	4 821	5 283	5 060
Afborganir, vextir og verðbætur	48	98	118	141	244	530	610	716	385	468	1 065	1 222	1 640
Framlag ríkissjóðs	200	282	300	300	600	600	490	900	1 075	925	918	534	400
Sveitarfélög	38	44	68	71	102	150	172	175	214	167	1	1	-
Kaupendur eldri íbúða	23	22	38	47	35	48	49	83	64	62	49	51	50
Verðbætur á framkvæmdalán við uppgjör	-	136	85	46	61	89	415	185	271	247	242	137	280
Lán frá Byggingarsjóði ríkisins	-	73	153	334	123	122	97	84	258	381	484	358	450
Byggingarsjóður ríkisins, bráðabirgðalán	-	-	-	-	-	81	19	96	116	126	143	109	150
Annað	61	1	1	-	2	5	10	48	44	70	69	59	110
Sjóðsminnkun	-	-	-	147	-	-	116	-	173	-	54	10	-
Útstreymi	**510**	**989**	**1 343**	**1 576**	**2 607**	**4 000**	**4 951**	**6 539**	**7 635**	**7 876**	**7 831**	**7 764**	**8 140**
Rekstrarkostnaður o.fl.	9	16	30	36	60	82	109	170	253	129	116	128	113
Afborganir, vextir og verðbætur	40	88	182	316	498	794	986	1 523	1 979	2 966	3 534	3 983	4 280
Byggingarsjóður ríkisins, endurgreiðslur	-	-	-	-	175	-	81	19	96	116	126	4	-
Annað	-	-	2	6	-	-	-	-	-	-	-	10	-
Sjóðsaukning	52	113	35	-	5	208	-	84	-	68	-	-	-
Veitt lán, samtals	409	772	1 094	1 218	1 869	2 916	3 775	4 743	5 307	4 597	4 055	3 639	3 747
Verkamannabústaðir og leiguíbúðir	284	538	722	837	1 468	2 246	2 612	2 393	2 737	2 485	-	-	-
Kaupleiguíbúðir	-	-	-	-	6	121	483	1 488	1 938	1 561	-	-	-
Endursöluíbúðir	125	234	372	381	395	549	680	862	632	551	-	-	-

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins.

Tafla 24 Útgáfa húsbréfa

Milljónir króna á verðlagi hvers mánaðar	Jan.	Feb.	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Samtals
1992:													
Nýbyggingar	188	348	405	292	296	279	346	324	398	440	480	243	**4 039**
Eldri íbúðir	316	442	686	625	534	646	931	708	754	972	726	458	**7 798**
Greiðsluerfiðleikar	442	28	9	6	-	4	-	-	-	-	1	-	**490**
Viðbyggingar og endurbætur	-	-	9	2	1	15	22	12	11	9	8	6	**95**
Samtals	**946**	**818**	**1 109**	**925**	**831**	**944**	**1 299**	**1 044**	**1 163**	**1 421**	**1 215**	**707**	**12 422**
1993:													
Nýbyggingar	235	238	330	243	174	270	308	353	312	272	348	537	**3 620**
Eldri íbúðir	549	490	660	611	500	748	718	611	702	846	631	861	**7 927**
Viðbyggingar og endurbætur	34	40	30	33	18	25	22	21	24	17	39	21	**324**
Samtals	**818**	**768**	**1 020**	**887**	**692**	**1 043**	**1 048**	**985**	**1 038**	**1 135**	**1 018**	**1 419**	**11 871**
1994													
Nýbyggingar	233	421	384	279	366	345	407	355	351	215	626	513	**4 495**
Eldri íbúðir	234	852	1 024	679	881	990	956	881	747	290	1 278	1 203	**10 015**
Viðbyggingar og endurbætur	15	43	29	18	19	32	31	17	41	29	42	28	**344**
Samtals	**482**	**1 316**	**1 437**	**976**	**1 266**	**1 367**	**1 394**	**1 253**	**1 139**	**534**	**1 946**	**1 744**	**14 854**
1995													
Nýbyggingar	379	446	274	197	313	390	352	292	277	291	532	471	**4 214**
Eldri íbúðir	358	588	603	525	591	739	772	774	785	701	767	699	**7 902**
Viðbyggingar og endurbætur	14	21	17	7	29	21	16	17	25	22	25	33	**247**
Samtals	**751**	**1 055**	**894**	**729**	**933**	**1 150**	**1 140**	**1 083**	**1 087**	**1 014**	**1 324**	**1 203**	**12 363**

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins.

599. Frumvarp til laga [344. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

Í stað 2. mgr. 111. gr. laganna koma fjórar málsgreinar er orðast svo:

Það skal vera stefna við innheimtu á tekjuskatti og eignarskatti samkvæmt lögum þessum að allir gjaldendur sem eins stendur á um við innheimtu, vanskil og nauðungaraðgerðir, skuli hljóta sams konar meðferð.

Telji innheimtumaður tök á að tryggja greiðslu kröfu, sem ella mundi tapast, með samningi um greiðslu skal hann gefa fjármálaráðherra skýrslu um málavöxtu. Fjármálaráðherra er heimilt að samþykkja slíkan samning, að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar.

Telji innheimtumaður að hagsmunum ríkissjóðs verði betur borgið með nauðasamningi gjaldanda við skuldheimtumenn skal hann gefa fjármálaráðherra skýrslu um málavöxtu. Fjármálaráðherra er heimilt að samþykkja nauðasamning, að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar, enda sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

1. Gjaldandi sé skuldlaus í virðisaukaskatti, staðgreiðslu opinberra gjalda, tryggingagjaldi og vörugjaldi, sem og öðrum sköttum sem lokunarheimild fylgir lögum samkvæmt.
2. Skattkröfur séu ekki til komnar vegna endurákvörðunar skattyfirvalda á gjöldum vegna skattsvika.
3. Ljóst sé að hagsmunum ríkissjóðs verði betur borgið með nauðasamningi.

Að loknu hverju innheimtuári skal Ríkisendurskoðun gefa Alþingi skýrslu um alla samninga skv. 3. mgr. og nauðasamninga skv. 4. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann 1. júlí 1996.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á undanförnum árum hefur greiðsluvandi heimilanna farið vaxandi og er brýnt að gripið verði til aðgerða af því tilefni. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. apríl 1995 segir svo hvað þetta varðar: *„Stuðla verður að því að einstaklingar sem eiga í alvarlegum greiðsluerfiðleikum, hafi möguleika á því að ná tökum á fjármálum sínum.“* Þetta frumvarp miðar að því að ráða bót á þessum vanda, en samhliða er í sama skyni lagt fram af dómsmálaráðherra frumvarp til laga um réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga og af félagsmálaráðherra frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 54/1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Greiðsluvandi heimilanna á sér margar skýringar. Með þessum frumvörpum er leitast við að gera þær breytingar á löggjöf sem stuðlað geta að því að einstaklingar geti komið lagi á fjármál sín án þess að þurfa að fara í gjaldþrotaskipti með þeim óþægindum sem því óhjákvæmilega fylgir. Á undanförnum árum hefur gjaldþrotum einstaklinga fjölgað til muna. Þessi fjölgun á sér ýmsar skýringar. Sú sem vegur hvað þyngst á metunum eru hertar innheimtuaðgerðir innheimtumanna opinberra gjalda. En reikna má með því að u.þ.b. fjórar af hverjum fimm beiðnum um gjaldþrotaskipti séu frá innheimtu-

mönnum ríkissjóðs vegna vangreiddra skatta og gjalda. Þótt þessar hertu aðgerðir hafi án efa skilað sér í bættri innheimtu skatta hafa þær á sama hátt haft það í för með sér að ótímabærum gjaldþrotum einstaklinga hefur fjölgað. Stafar það m.a. af því að nauðasamningaleið hefur verið nokkuð torsótt fyrir einstaklinga utan rekstrar. Kemur þar einkum tvennt til, þ.e. annars vegar eiga einstaklingar í greiðsluvandræðum eðli máls samkvæmt erfitt með að kaupa sér sérfræðiaðstoð við nauðasamningagerð og hins vegar það að innheimtumenn ríkissjóðs hafa ekki mælt með nauðasamningum. Þessi afstaða innheimtumanna byggir á því að þeir hafa ekki talið sér fært að taka þátt í slíkum samningum, jafnvel þó um sé að ræða formlega nauðasamninga samkvæmt lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. Hefur það verið rökstutt með því að mikilvægt er að jafnræðisregla sé virt við skattheimtu og ekki er til að dreifa almennri lagaheimild sem opnar fyrir að innheimtumenn mæli með nauðasamningum. Þetta hefur haft í för með sér að einstaklingar sem hafa getað fengið aðstoð ættingja og vina til að standa undir nauðasamningi hafa ekki náð slíkum samningi og ríkissjóður því þurft að afskrifa skattkröfur sínar að aflokinni gjaldþrotameðferð viðkomandi einstaklings.

Verði frumvarp þetta að lögum mun fjármálaráðuneytið hafa heimild til að mæla með nauðasamningum að fullnægðum tilteknum skilyrðum. Mun þessi heimild hafa þau áhrif að skattheimta ríkissjóðs verður ekki sú hindrun sem verið hefur hingað til fyrir því að nauðasamingar geti náðst við skuldheimtumenn. Sérstök athygli er vakin á því að heimildin er ekki bundin við einstaklinga utan rekstrar heldur á hún jafnt við um einstaklinga og lögaðila. Um nánari skýringar vísast til athugasemda við 1. gr. frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagðar eru til breytingar á 111. gr. laganna, þar sem fjallað er um innheimtu skatta. Breytingarnar felast í því að auk þess að fjármálaráðherra hafi heimild til að semja um skuldbreytingu á vangreiddum opinberum gjöldum þá mun hann hafa heimild til að mæla með nauðasamningum samkvæmt lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., að fullnægðum tilteknum skilyrðum, sem sett eru fram í þremur liðum. Fyrsta skilyrðið lýtur fyrst og fremst að þeim aðilum sem hafa haft rekstur með höndum. En gert er ráð fyrir að til þess að ráðuneytið samþykki að mæla með nauðasamningi megi gjaldandi ekki skulda virðisaukaskatt, staðgreiðslu opinberra gjalda, tryggingagjald eða vörugjald. Þetta skilyrði byggir fyrst og fremst á því að þessum skatttegundum fylgir lögum samkvæmt lokunarheimild, þ.e. heimilt er að loka atvinnurekstri ef vanskil verða. Það fæli í sér ójafnræði ef heimilt væri að gera samninga um lækkun krafna hjá einum gjaldanda á meðan verið væri að loka atvinnurekstri hjá hinum næsta. Annað skilyrðið er það að skattar þeir sem gjaldandi skuldar séu ekki vegna endurákvörðunar skattyfirvalda vegna skattsvika gjaldanda. Ekki þykja rök standa til að semja um slíkar skuldir eða mæla með niðurfellingu þeirra að hluta á grundvelli nauðasamninga. Að lokum er almennt skilyrði þess efnis að ljóst sé að hagsmunum ríkissjóðs verði betur borgið með nauðasamningi. Myndi það almennt vera háð hlutlægu mati ráðuneytisins í hverju tilviki að fengnum umsögnum innheimtumanns og Ríkisendurskoðunar. En gert er ráð fyrir að umsagnir þeirra liggi ávallt fyrir áður en ákvörðun er tekin. Jafnframt er gert ráð fyrir að Ríkisendurskoðun taki árlega saman fyrir Alþingi skýrslu um nauðasamninga með sama hætti og sú stofnun gerir um skuldbreytingar á skattaskuldum.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir gildistöku þann 1. júlí 1996 í samræmi við gildistökuákvæði frumvarps til laga um réttarastoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frumvarpið er tengt frumvarpi til laga um réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga. Í þessu frumvarpi er lagt til að fjármálaráðuneytið fái heimild til að mæla með nauðasamningum að fullnægðum tilteknum skilyrðum. Ekki er talið að frumvarpið hafi í för með sér útgjaldaauka fyrir ríkissjóð en vísað er til umsagnar um kostnaðaráhrif frumvarps til laga um réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga.

600. Nefndarálit [284. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6/1986, um afréttarmálefni, fjallskil o.fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Höskuldsson, skrifstofustjóra í landbúnaðarráðuneytinu, og Ólaf Dýrmundsson frá Bændasamtökum Íslands.

Með frumvarpinu er Bændasamtökum Íslands gert að taka við þeim verkefnum sem Búnaðarfélagi Íslands eru falin í lögunum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., sbr. lög nr. 130/1994, um sameiningu Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í ein heildarsamtök bænda. Þá er nauðsynlegt að endurnýja umboð markanefndar sem fyrst vegna útgáfu á markaskrám í sýslum landsins á þessu ári. Í tengslum við útgáfuna geta komið upp ýmis ágreiningsmál sem nefndin þarf að úrskurða um.

Árni M. Mathiesen og Margrét Frímannsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. febr. 1996.

Egill Jónsson, varaform., frsm.	Magnús Stefánsson.	Guðjón Guðmundsson.
Þorvaldur T. Jónsson.	Hjálmar Jónsson.	Lúðvík Bergvinsson.
	Ágúst Einarsson.	

601. Frumvarp til laga [296. mál]

um breyting á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 26. febr.)

1. gr.

Á eftir orðinu „síldar“ í 3. mgr. 10. gr. laganna kemur: 10% af aflamarki hörpudisks og 5% af aflamarki innfjarðarrækju.

2. gr.

4. mgr. 10. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 83/1995, orðast svo:

Þá er heimilt að veiða 5% umfram aflamark hverrar botnfisktegundar, síldar og úthafsrækju og 3% umfram aflamark innfjarðarrækju og hörpudisks, enda dregst sá umframafli frá við úthlutun aflamarks næsta fiskveiðiárs á eftir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

602. Lög [102. mál]

um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum.

(Afgreidd frá Alþingi 26. febr.)

Samhljóða þskj. 107.

603. Fyrirspurn [345. mál]

til félagsmálaráðherra um reglur um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve mörg sveitarfélög hafa sett sér reglur um fjárhagsaðstoð, sbr. 21. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga?
2. Hver er fjárhagsaðstoðin hjá Reykjavík, Reykjanesbæ, Kópavogi, Akureyri, Neskaupstað, Selfossi og Akranesi með hliðsjón af eftirfarandi fjölskyldum og félags- og fjárhagslegum aðstæðum (upphæðir í krónum):
   a. hjá barnlausum einstaklingi sem býr einn og leigir á almennum markaði (húsaleiga 28.000, rafmagns- og hitakostnaður 5.000) með ráðstöfunartekjur á mánuði (atvinnuleysisbætur, hálfar) 24.910;
   b. hjá einstæðu foreldri með tvö börn á framfæri, 5 ára og 14 ára, sem leigir á almennum markaði, er atvinnulaust, en á ekki rétt á atvinnuleysisbótum (húsaleiga 35.000, rafmagns- og hitakostnaður 8.000); ráðstöfunarfé á mánuði: mæðralaun

3.144, meðlög með börnum 21.588; bætur á árinu: barnabætur 170.000, barnabótaauki 150.000;

c. hjá hjónum með tvö börn á framfæri, 5 ára og 14 ára, í leigu á almennum markaði (húsaleiga 40.000, rafmagn og hiti 8.000); ráðstöfunarfé á mánuði: tekjur konunnar (útborgaðar atvinnuleysisbætur) 49.800, tekjur konunnar vegna barna 9.000, tekjur karlsins (40% örorkustyrkur) 5.349; bætur á árinu: barnabætur 68.000, barnabótaauki 145.000;

d. hjá hjónum með tvö börn á framfæri, 5 ára og 14 ára, sem búa í eigin húsnæði með eftirfarandi útgjöld á mánuði: vextir, afborganir og fasteignagjöld af húsnæði 40.000, rafmagn og hiti 8.000; ráðstöfunarfé á mánuði: tekjur konunnar (40% örorkustyrkur) 5.349, tekjur karlsins (útborguð laun) 52.000; bætur á árinu: barnabætur 68.000, barnabótauki 145.000, samanlagðar vaxtabætur 140.000?

Skriflegt svar óskast.

604. Fyrirspurn [346. mál]

til samgönguráðherra um umhverfisúrbætur á ferðamannastöðum.

Frá Kristínu Halldórsdóttur.

1. Hversu miklu fé var varið til umhverfisúrbóta á ferðamannastöðum árið 1995 og hvernig skiptist kostnaðurinn á milli:
   a. Ferðamálaráðs,
   b. sveitarfélaga,
   c. annarra og þá hverra?
2. Til hvaða verkefna var þessu fé varið, hvar voru þau unnin og í hverju fólust þau?
3. Hversu miklu fé er áætlað að verja til úrbóta á ferðamannastöðum á þessu ári og hvernig skiptist kostnaðurinn á milli:
   a. Ferðamálaráðs,
   b. sveitarfélaga,
   c. annarra og þá hverra?
4. Hvaða verkefni er um að ræða á þessu ári, hvar verða þau unnin og í hverju felast þau?
5. Er til heildaráætlun um úrbætur á ferðamannastöðum? Ef svo er, hver er áætlaður kostnaður við framkvæmd hennar?

Skriflegt svar óskast.

605. Fyrirspurn [347. mál]

til menntamálaráðherra um endurskoðun íþróttalaga.

Frá Bryndísi Hlöðversdóttur.

1. Hvenær má vænta þess að ríkisstjórnin leggi fram frumvarp til nýrra íþróttalaga?
2. Hefur átt sér stað frekari endurskoðun á meginstefnu stjórnvalda um þróun íþróttastarfs í landinu en fyrir lá í áliti nefndar um ný íþróttalög í janúar 1993?

606. Fyrirspurn [348. mál]

til iðnaðarráðherra um kærumál vegna undirboða.

Frá Svavari Gestssyni.

Telur ráðherra rétt að beita sér fyrir breytingum á þeim reglum sem í gildi eru um kærur vegna undirboða sem skekkja samkeppnisstöðu íslensks iðnaðar?

607. Fyrirspurn [349. mál]

til iðnaðarráðherra um skipasmíðaiðnaðinn.

Frá Svavari Gestssyni.

Mun ráðherra beita sér fyrir því að skipasmíðaiðnaðurinn hér á landi njóti stuðnings eins og í öðrum EES-ríkjum samkvæmt 7. skipasmíðatilskipun Evrópusambandsins?

608. Fyrirspurn [350. mál]

til samgönguráðherra um gjaldskrá Pósts og síma.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Hefur Póstur og sími einhver áform um að taka upp eina gjaldskrá fyrir símtöl innan lands?
2. Veitir stofnunin stórum fyrirtækjum afslátt af auglýstum töxtum? Ef svo er,
   a. hversu mikill er afslátturinn í prósentum og hvað er um háar upphæðir að ræða á síðustu árum,
   b. hvaða skilyrði þarf fyrirtæki að uppfylla til að geta fengið afslátt?

609. Fyrirspurn [351. mál]

til menntamálaráðherra um stofnun sérskóla á vegum ríkisins.

Frá Hjálmari Árnasyni.

Hefur ráðherra í hyggju að beita sér fyrir stofnun ýmissa sérskóla á vegum ríkisins þannig að þeir verði felldir inn í almennan framhaldsskóla og menntun á vegum hins opinbera þar með sett undir eitt fagráðuneyti í stað margra?

610. Nefndarálit [157. mál]

um till. til þál. um stefnumótun er varðar aukið umferðaröryggi og framkvæmdaáætlun.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Þórhall Ólafsson, aðstoðarmann dómsmálaráðherra, og Arnald Árnason og Guðbrand Bogason frá Ökukennarafélagi Íslands. Þá fékk nefndin sendar umsagnir um málið frá Hópferðamiðstöðinni, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Landssambandi lögreglumanna, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, lögreglustjóranum í Reykjavík, Sýslumannafélagi Íslands, Ökukennarafélagi Íslands og Læknafélagi Íslands. Þá sendi dómsmálaráðuneytið nefndinni afrit af bréfi frá P. Samúelssyni hf.

Megintilgangur tillögunnar er að stefna að því að umferðaröryggismál verði rædd á Alþingi árlega fram til ársins 2000 þar sem dómsmálaráðherra gefi Alþingi skýrslu um stöðu mála og komi með frekari tillögur til úrbóta. Önnur norræn ríki fóru þessa leið fyrir 4–5 árum síðan og hafa þau flest náð þeim markmiðum sem þau settu sér í upphafi. Þess má geta að fram kom hjá fulltrúa dómsmálaráðuneytisins að framkvæmd þeirra 22 átaksatriða sem talin eru upp í athugasemdum við tillöguna er þegar langt komin. Mikilvægt er að ljúka þeirri vinnu sem og að hrinda í framkvæmd þeim atriðum sem eftir standa. Ráðherra mun síðan á næsta ári fara yfir það hvernig til hefur tekist jafnhliða því að koma með nýjar tillögur.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 2. málsl. bætist: í samvinnu við ökumenn og samtök þeirra.

Jóhanna Sigurðardóttir, fulltrúi Þjóðvaka, sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 27. febr. 1996.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Sighvatur Björgvinsson.
Árni R. Árnason.	Jón Kristjánsson.	Hjálmar Jónsson.
Guðný Guðbjörnsdóttir.	Ögmundur Jónasson.	Kristján Pálsson.

611. Tillaga til þingsályktunar [352. mál]

um rekstrarform Landsvirkjunar og innheimtu auðlindagjalds fyrir virkjunarréttindi.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Ágúst Einarsson, Jón Baldvin Hannibalsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að í þeim viðræðum, sem nú eiga sér stað við Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ um framtíð Landsvirkjunar, verði þess farið á leit að skoðaðir verði kostir þess að Landsvirkjun verði breytt í hlutafélag. Í viðræðunum verði m.a. fjallað sérstaklega um eftirtalin atriði:

a. hvernig háttað skuli eignaraðild og eignarhlutdeild ríkisins og sveitarfélaganna tveggja að slíku hlutafélagi, þar á meðal hvernig farið skuli með þá eiginfjármyndun sem orðið hefur í fyrirtækinu umfram uppfært stofnfé sem arðgreiðslur til núverandi eigenda miðast við skv. 5. gr. gildandi laga um Landsvirkjun,
b. hvort ákvörðun um raforkuverð fyrirtækisins verði, með tilliti til yfirburðastöðu þess á raforkumarkaði, áfram háð mati hlutlauss aðila þótt því verði breytt í hlutafélag, sbr. ákvæði 2. mgr. 13. gr. gildandi laga um Landsvirkjun,
c. að núverandi eigendur skuli hafa forkaupsrétt að hlutafé sem kann að vera boðið til sölu í fyrirtækinu eftir að því hefur verið breytt í hlutafélag og við hlutafjáraukningu,
d. hvernig tryggja megi samþykki núverandi lánardrottna fyrirtækisins við því að því verði breytt í hlutafélag, en með núverandi rekstrarformi er ríkisábyrgð á skuldbindingum þess,
e. að skilið verði á milli þeirra virkjunarréttinda sem Landsvirkjun hefur þannig að fyrirtækið haldi þeim réttindum eftir breytinguna sem það hefur nú þegar nýtt til virkjana eða áformað er að nýta á næstunni, en niður falli réttindi til virkjana sem ekki eru áformaðar,
f. að eftirleiðis verði fyrirtækinu, svo og öðrum orkuöflunarfyrirtækjum, sem veitt verður heimild til virkjana með lögum frá Alþingi, gert að greiða íslenska ríkinu afgjald, auðlindagjald, fyrir virkjunarréttindin samkvæmt ákvörðunum sem Alþingi tekur hverju sinni við afgreiðslu slíkra virkjunarheimilda.

Greinargerð.

Fram hefur komið að sameignaraðilar ríkisins að Landsvirkjun, Reykjavíkurborg og Akureyrarbær, hafa lýst áhuga sínum á að selja hlut sinn í Landsvirkjun og hafa for-

ráðamenn sveitarfélaganna þegar átt viðræður við iðnaðarráðherra um málið. Ýmis álitamál munu koma upp í þeim viðræðum, svo sem hver sé sanngjarn eignarhlutur hvers og eins eiganda. Arðgreiðslur hafa miðast við uppfært stofnfé Landsvirkjunar en eigið fé fyrirtækisins vegna eignamyndunar í rekstri, sem m.a. hefur orðið til sakir framkvæmda sem beinar ríkisábyrgðir hafa staðið á bak við og aflað hefur verið fjár til með viðskiptum á landsvísu, nemur orðið miklu hærri fjárhæðum en uppfærðu stofnfé. Þá hlýtur að koma til álita í þessu sambandi hvernig verðleggja skuli virkjunarréttindi, sum nýtt en önnur ekki, sem Alþingi hefur veitt Landsvirkjun með lögum.

Einnig hafa komið fram hugmyndir um að fyrirtækinu verði skipt upp milli núverandi sameignaraðila sem taki hver að sér sína rekstrareiningu og reki sem sjálfstætt fyrirtæki í samkeppni við aðra um orkusölu og virkjanir. Þá hefur komið fram að vilji kunni að vera til þess hjá núverandi eignaraðilum að selja öðrum en sameignaraðilum sínum, svo sem sterkum innlendum fjárfestum, hlut sinn í Landsvirkjun eða hlut í nýju fyrirtæki eða fyrirtækjum verði Landsvirkjun leyst upp og stofnuð fleiri fyrirtæki á grunni hennar sem hvert um sig verði í eigu eins eða fleiri núverandi sameignaraðila til þess að byrja með.

Í þeim viðræðum, sem nú eru hafnar, hljóta einnig að koma til skoðunar önnur veigamikil efnisatriði, svo sem hvernig megi tryggja samþykki núverandi lánardrottna Landsvirkjunar við breyttu rekstrarfyrirkomulagi eða breyttri eignarhlutdeild en nú er ríkisábyrgð á lánum sem Landsvirkjun hefur tekið til framkvæmda á starfstíma sínum.

Verði valin sú leið að skipta Landsvirkjun upp í fleiri og smærri fyrirtæki, sem eigi síðan í samkeppni um virkjanir og orkusölu, hlýtur einnig að koma til skoðunar að ríkið, sem lögum samkvæmt þarf að veita virkjunarrétt með lögum frá Alþingi, hætti að veita svo verðmæt réttindi án endurgjalds, en með núgildandi fyrirkomulagi má segja að afgjald fyrir virkjunarréttindi komi fram í eignamyndun Landsvirkjunar svo fremi viðurkennt sé að sú eignamyndun, umfram uppfært stofnfé, teljist vera almannaeign. Verði önnur niðurstaða ofan á ætti öllum að vera ljóst að ekki kæmi til greina að úthluta áfram jafnverðmætum réttindum og virkjunarréttindi eru án endurgjalds og þá til eignamyndunar hjá takmörkuðum hópi, hvort heldur um væri að ræða lögaðila eða einstök sveitarfélög, og þá enn síður ef niðurstaðan verður sú sem vænst er, að hefja samkeppni milli fyrirtækja um virkjanir og orkusölu eins og hugmyndir hafa m.a. komið fram um frá sumum núverandi eignaraðila Landsvirkjunar og ýmsum öðrum.

Öll þau álitamál, sem hér hafa verið rakin, kæmu einnig til skoðunar og með sama hætti ef tekin væri sú stefna að breyta Landsvirkjun í hlutafélag. Miðað við yfirlýsingar forráðamanna sveitarfélaganna um vilja til þess að selja hlut sinn, jafnvel til þriðja aðila, væri sá kostur hins vegar miklu eðlilegri og nærtækari og meira í samræmi við þær breytingar, sem eru nú að verða í rekstri með aðild opinberra aðila á Íslandi, að breyta um rekstrarform Landsvirkjunar og gera hana að sjálfstæðu hlutafélagi í eigu þeirra aðila sem nú eru sameignaraðilar að Landsvirkjun. Eiga eignaraðilar eftir slíka breytingu auðveldara með að ráðstafa hlut sínum með sölu t.d. til sameignaraðila sinna eða þriðja aðila ef slíkt væri talið æskilegt. Slík formbreyting mundi einnig valda því að ríkisábyrgð á viðbótarskuldbindingum fyrirtækisins, svo sem vegna nýrra framkvæmda, kæmi ekki til, enda óeðlilegt að slík ábyrgð sé veitt sjálfstæðum rekstraraðila.

Með skuldbindingum Evrópska efnahagssvæðisins, EES, eru viðskipti með hlutabréf frjáls viðskipti og öllum heimil sem starfa á svæðinu. M.a. af þeim orsökum er eðlilegt að heimila í samþykktum félagsins að upphaflegir eignaraðilar, stofnhluthafar, fái forkaupsrétt að þeim hlutabréfum í félaginu sem kunna að verða boðin til sölu og með sama

hætti hafi þeir forkaupsrétt ef hlutafjáraukning verður í fyrirtækinu. Er það þá sett í vald stofnhluthafanna hvort þeir vilja nýta sér forkaupsréttinn. Þar sem líkur benda til þess að verulegar fjárfestingar séu fram undan hjá Landsvirkjun sem kalla munu á útvegun mikils fjármagns er mjög líklegt að sú leið teldist ákjósanlegri að afla fjár til þeirra verkefna að einhverju leyti með aukningu hlutafjár en með erlendum lántökum einvörðungu. Sú leið er opin verði fyrirtækinu breytt í hlutafélag.

Landsvirkjun er langstærsta orkuöflunar- og orkusölufyrirtæki landsmanna. Með lögum frá Alþingi hafa fyrirtækinu verið veittar endurgjaldslaust miklar virkjunarheimildir sem fyrirtækið hefur aðeins nýtt að hluta. Verði fyrirtækinu breytt í hlutafélag er eðlilegt að það haldi þeim heimildum sem það hefur þegar nýtt og e.t.v. einnig þeim heimildum sem afráðið hefur verið að nýta á næstunni. Sjálfsagt er að skoða samfara breytingunum hvort ekki sé rétt að fella niður þær virkjunarheimildir sem Landsvirkjun hefur fengið frá Alþingi og ekki nýtt eða ekki stendur til að nýta alveg á næstunni og sama gildi um sambærilegar heimildir sem aðrir virkjunaraðilar hafa fengið sem eru eða geta orðið í samkeppni við Landsvirkjun um virkjanir og orkusölu frá virkjunum. Í framhaldi af því verði svo mörkuð sú stefna að virkjunarréttindi verði því aðeins veitt af Alþingi að gert sé ráð fyrir afgjaldi, auðlindagjaldi sem renni til hins opinbera, fyrir nýtingu náttúruauðlinda sem eru þjóðareign. Að sjálfsögðu kæmu áfram til bætur til landeigenda vegna virkjunarframkvæmda samkvæmt samkomulagi við virkjunaraðila hverju sinni.

Eins og alkunna er ber Landsvirkjun svo höfuð og herðar yfir aðra orkuframleiðendur á Íslandi að jafna má til einokunaraðstöðu á orkumarkaði. Af þeim sökum hafa ákvarðanir um orkuverð fyrirtækisins lotið þeirri meðferð að þær hefur þurft að bera upp við óháðan aðila, þ.e. Þjóðhagsstofnun, og fá samþykki hans og staðfestingu iðnaðarráðherra, sbr. 2. mgr. 13. gr. gildandi laga um Landsvirkjun. Þótt margt bendi nú til að áhugi sé á að aðrir aðilar hefji orkuframleiðslu og selji orku í samkeppni við Landsvirkjun, t.d. nú síðast Orkubú Suðurnesja með framleiðslu raforku frá gufuaflsstöð og jafnvel Reykjavíkurborg eða fyrirtæki á hennar vegum með raforkuframleiðslu frá gufuaflsstöð á Nesjavöllum, munu yfirburðir Landsvirkjunar á orkusölumarkaði áfram verða slíkir að jafna má við einokunaraðstöðu. Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu telja því ekki rétt að fyrirtækið fái við þær aðstæður rétt til þess að ákvarða einhliða verð á raforku sem það framleiðir verði því breytt í hlutafélag. Í því sambandi má t.d. vísa til Bretlandseyja og þess háttar sem þar hefur verið hafður á þegar ríkisfyrirtækjum með einokunaraðstöðu eða yfirburðastöðu á markaði hefur verið breytt í hlutafélög. Verðákvarðanir þeirra hafa þá verið gerðar háðar samþykki óháðs matsaðila. Í b-lið þingsályktunartillögunnar er gert ráð fyrir að sambærileg leið verði valin hvað snertir ákvarðanir um orkuverð fyrirtækisins verði því breytt í hlutafélag og þær háðar samþykki óháðs matsaðila hvort svo sem hann verður áfram Þjóðhagsstofnun eða sjálfstæður aðili sem falin verði slík viðfangsefni þegar sambærilegar ákvarðanir koma til sögunnar ef ríkisfyrirtækjum með einokunaraðstöðu eða yfirburðastöðu á markaði verður breytt í hlutafélög eins og í ráði er að gera.

Flutningsmenn telja tímabært að hefja nú þegar athugun á þeim kosti að breyta Landsvirkjun í hlutafélag eins og hér er gerð tillaga um. Sú athöfn hefur marga kosti umfram það að halda áfram rekstri fyrirtækisins í núverandi mynd eða kljúfa það í fleiri sjálfstæð fyrirtæki í eigu opinberra aðila sem yrðu í samkeppni hvert við annað. Breytingin gefur eignaraðilum fleiri tækifæri en þeir hafa nú til þess að gera eignaraðild sína virka og til þess að efla fyrirtækið með aðild fleiri hluthafa ef þeir svo kjósa. Svo margir kostir fylgja slíkri breytingu á rekstrarformi Landsvirkjunar að sjálfsagt er að kanna málið og ræða það, ekki síst þar sem flest álitaefnin eru þau sömu og munu hvort eð er koma upp

í viðræðum ríkisins og sveitarfélaganna tveggja um breytingar á eignaraðild í óbreyttu rekstrarformi.

Sá kostur að breyta Landsvirkjun í hlutafélag er t.d. líklega mun vænlegri en að kljúfa fyrirtækið í smærri einingar því að slíkt mundi að öllum líkindum leiða til tvívirkni og meiri stjórnunarkostnaðar auk þess sem æskilegt er, a.m.k. ef ráðast á í stórar virkjanir, að varðveita sem best þekkingu og reynslu í fyrirtækinu og byggist m.a. á því að það er öflugt og hefur stóran hóp vísinda- og tæknimanna á sínum snærum. Í öðru lagi er auðveldara að leysa ýmis augljós ágreiningsefni milli núverandi eigenda um eignarhlutdeild og eignamat sé fyrirtækið gert að hlutafélagi þannig að eigendur fái hlutabréf í sinn hlut og ráðast verðmæti þeirra þá á markaði, fremur en með því að skipta félaginu upp eða leysa málin með þeim hætti að einhver einn eigandi, t.d. ríkið, leysi til sín eigarhlut hinna á samningsverði. Þriðji kosturinn við að breyta félaginu í hlutafélag er svo, eins og áður var nefnt, að þannig er mun auðveldara en nú að afla fjár til framkvæmda með því að leita eftir aukningu eigin fjár í fyrirtækinu fremur en að afla alls framkvæmdafjár með lántökum eins og verið hefur.

Stutt ágrip af sögu Landsvirkjunar.

Landsvirkjun var stofnuð með lögum frá Alþingi sem samþykkt voru 11. maí árið 1965. Stofndagur fyrirtækisins telst vera 1. júní það ár. Í ræðu ráðherra, Ingólfs Jónssonar, þegar hann fylgdi úr hlaði á Alþingi frumvarpi til laga um Landsvirkjun, kom fram að Akureyrarbæ hefði verið boðið að gerast stofnaðili ásamt ríkinu og Reykjavíkurborg. Bæjaryfirvöld á Akureyri reyndust hins vegar ekki hafa áhuga á að taka þátt í fyrirtækinu, enda höfðu orkuveitusvæði á landinu þá ekki verið samtengd eins og síðar varð. Hin einstöku byggðarlög og orkuveitusvæði höfðu meiri áhuga á að virkja í héraði en að gerast sameignaraðilar að einu orkuöflunarfyrirtæki. Stofnaðilar Landsvirkjunar voru því tveir, ríkið og Reykjavíkurborg, og átti hvor um sig helmingshlut í fyrirtækinu. Reykjavíkurborg lagði við stofnsamning fram eignir sínar í Sogsvirkjun og gufuaflsstöðinni við Elliðaár og var orkusvæði Landsvirkjunar á fyrstu árunum það svæði sem áður var tengt Sogsvirkjun. Ríkið lagði fram undirbúningsframkvæmdir og vatnsréttindi fyrir 210 MW virkjunar við Búrfell og ríkisábyrgð á lánum til hennar. Allar götur síðan hefur ríkið lagt fram ábyrgðir fyrir umsvifamikilli virkjunarstarfsemi félagsins. Fyrstu stóru viðfangsefni þess voru síðan virkjanirnar miklu í Þjórsá sem tengdust byggingu álvers við Straumsvík. Með stofnun fyrirtækisins hófust stórvirkjanir á íslenskri vatnsorku.

Á áttunda áratugnum var hafin samtenging orkuveitusvæðanna á landinu með lagningu byggðalínu og breyttust þá viðhorf í orkuöflunarmálum. Árið 1978 óskaði stjórn Laxárvirkjunar eftir heimild frá eigendum fyrirtækisins, ríki og Akureyrarbæ, til þess að hefja samninga við Landsvirkjun um sameiningu eða samvinnu fyrirtækjanna. Niðurstaða viðræðnanna var sameining og í lok febrúarmánaðar 1981 var undirritaður nýr sameignarsamningur um Landsvirkjun milli ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar. Samningurinn tók gildi um mitt ár 1983 og þá bættust við Landsvirkjunarkerfið virkjanir í Laxá, jarðgufustöð í Bjarnarflagi og dísilstöð á Akureyri ásamt orkuveitum á þessum svæðum. Eignarhlutföll voru ákveðin þannig að ríkið skyldi vera eigandi að 50% í fyrirtækinu, Reykjavíkurborg að 44,525% og Akureyrarbær að 5,475%. Framlag var metið sem stofnfé og samið um að arður til eigenda skyldi á hverjum tíma miðaður við uppfært stofnfé sem nú er talið nema um 2 milljörðum kr. Eigið fé fyrirtækisins sem orðið hefur til við virkjanaumsvif fyrirtækisins er talið hafa verið röskir 26 milljarðar kr. í árslok 1994.

Frá og með sameiningunni 1983 og eftir samtengingu allra orkuveitusvæða landsins fyrir tilstilli byggðalínu, sem Landsvirkjun sér nú um rekstur á, er landið allt orðið orkuöflunarsvæði Landsvirkjunar og allar meginvirkjanir og orkuflutningsveitur eru á hennar vegum. Lögum samkvæmt skal heildsöluverð á raforku frá Landsvirkjun til almenningsveitna vera hið sama frá öllum sölustöðum Landsvirkjunar. Stærsti kaupandi raforku frá Landsvirkjun er Íslenska álfélagið hf. og aðrir stórir orkukaupendur eru Íslenska járnblendifélagið hf. og Sementsverksmiðjan og Áburðarverksmiðjan í Gufunesi. Stærstu almenningsveitur, sem kaupa raforku frá Landsvirkjun, eru Rafmagnsveitur ríkisins og Rafmagnsveita Reykjavíkur en Orkubú Vestfjarða kaupir einnig raforku frá Landsvirkjun.

Stjórn Landsvirkjunar er tilnefnd af eigendum í hlutfalli við eignaraðild þeirra og starfar til fjögurra ára í senn. Stjórnarformaður er Helga Jónsdóttir og framkvæmdastjóri Halldór Jónatansson.

612. Nefndarálit [283. mál]

um frv. til l. um flutninga á skipgengum vatnaleiðum vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Einar Hermannsson frá Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða og Jón Birgi Jónsson ráðuneytisstjóra frá samgönguráðuneyti.

Með frumvarpinu er tryggður gagnkvæmur frjáls aðgangur skipa, sem skráð eru í aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, að skipgengum vatnaleiðum innan svæðisins og geta í því falist umtalsverðir hagsmunir fyrir íslenska kaupskipaútgerð.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Árni Johnsen var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. febr. 1996.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Egill Jónsson.
Stefán Guðmundsson.	Kristján Pálsson.	Ragnar Arnalds.
Guðmundur Árni Stefánsson.		Ásta R. Jóhannesdóttir.

613. Fyrirspurn [353. mál]

til umhverfisráðherra um mengunarhættu vegna olíuflutninga.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvaða viðbúnaður er hérlendis til að bregðast við stórfelldri olíumengun við strendur landsins, t.d. hliðstæðri og ítrekað hefur orðið af skipströndum við Bretlandseyjar?

2. Hvaða aðili samræmir aðgerðir til að draga úr líkum á slíkri vá og hver annast yfirstjórn aðgerða ef slys ber að höndum?
3. Til hvaða fyrirbyggjandi aðgerða er brýnast að grípa af Íslendinga hálfu, einna og í samvinnu við útlendinga, til varnar mengun vegna olíuflutninga við strendur landsins?

614. Fyrirspurn [354. mál]

til samgönguráðherra um vá vegna olíuflutninga.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Mun ráðherra beita sér fyrir því hér heima og erlendis að kröfur um gerð, búnað og siglingu skipa sem flytja olíu til landsins verði hertar og samræmdar, m.a. í ljósi ítrekaðra stórslysa við Bretlandseyjar?
2. Hvaða ráðstafanir koma einkum til álita til að draga úr líkum á strandi eða öðrum áföllum sem leitt geta til stórfelldrar mengunar vegna olíuflutninga við strendur landsins?

615. Frumvarp til laga [355. mál]

um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

I. KAFLI

Heimildir til að selja fasteignir, skip og fyrirtæki.

1. gr.

Engum er heimilt að annast kaup, sölu eða skipti á fasteignum, fyrirtækjum sem stunda virðisaukaskattsskylda starfsemi eða skráningarskyldum skipum fyrir aðra nema hann hafi til þess löggildingu ráðherra.

Hæstaréttar- og héraðsdómslögmenn þurfa eigi leyfi til að annast kaup, sölu eða skipti á eignum í einstökum tilvikum ef það tengist lögmannsstörfum þeirra.

Þar sem rætt er um fasteignasölu og fasteignaviðskipti í lögum þessum er einnig átt við sölu fyrirtækja sem stunda virðisaukaskattsskylda starfsemi og sölu skráningarskyldra skipa. Þar sem rætt er um fasteignasala í lögum þessum er átt við þá sem hafa heimild ráðherra til að annast sölu framangreindra eigna.

Þeim sem hafa atvinnu af byggingu fasteigna er heimilt að annast sjálfir sölu þeirra. Skjöl, sem tengjast sölunni, skulu þó unnin af fasteignasölum eða vera staðfest með sérstakri áritun þeirra. Er slík áritun á skjal skilyrði fyrir þinglýsingu þess. Sama gildir um félagasamtök sem annast byggingarframkvæmdir fyrir félagsmenn sína.

Þeir sem hafa, í öðru EES-ríki, fengið löggildingu til að starfa sem fasteignasali eða leyfi til málflutnings hafa heimild til að annast fasteignaviðskipti að fullnægðum skilyrðum sem ráðherra setur um prófraun og tryggingar.

2. gr.

Hver maður getur fengið löggildingu sem fasteignasali ef hann:

a. er heimilisfastur hér á landi,
b. er lögráða og hefur haft forræði á búi sínu undanfarin tvö ár,
c. leggur fram tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar og tjóns sem viðskiptamenn hans kunna að verða fyrir af hans völdum,
d. hefur staðist próf fyrir fasteignasala.

Undanþegnir prófi eru hæstaréttar- og héraðsdómslögmenn.

Heimilt er að synja manni um löggildingu ef hann hefur gerst sekur um brot á ákvæðum almennra hegningarlaga eða verið dæmdur til refsivistar samkvæmt ákvæðum annarra laga.

3. gr.

Sá sem öðlast vill löggildingu sem fasteignasali skal standast próf sem sýni að hann hafi öðlast þá þekkingu og reynslu að hann sé starfinu vaxinn.

Ráðherra skipar prófnefnd til að standa fyrir prófi fyrir þá sem öðlast vilja löggildingu sem fasteignasalar. Skal prófnefnd skipuð til fjögurra ára í senn og í henni eiga sæti þrír menn og þrír til vara.

4. gr.

Ráðherra er heimilt að stofna á hæfilegum fresti til námskeiða fyrir þá sem þreyta vilja próf fyrir fasteignasala. Prófnefnd, eða menn sem hún tilnefnir, hafa á hendi forstöðu námskeiðs, sjá um prófraun og ákveða námsefni, nema ráðherra feli það öðrum aðilum, svo sem Háskóla Íslands.

Kostnaður vegna námskeiða og prófa, þar með talin þóknun til prófnefndarmanna, greiðist með kennslu- og prófgjöldum er ráðherra ákveður.

5. gr.

Fasteignasali skal hafa ábyrgðartryggingu sem tryggir viðskiptamanni hans bætur ef hann verður fyrir fjárhagstjóni sem fasteignasalinn ber skaðabótaábyrgð á og leitt hefur af störfum hans eða starfsmanna hans. Ekki skiptir máli hvort skaðabótaskyldan stofnast vegna ásetnings eða gáleysis. Slíka tryggingu má setja með því að kaupa vátryggingu hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi eða setja aðra tryggingu jafngilda að mati ráðherra. Trygging skal nema minnst 5.000.000 kr. vegna hvers einstaks tjónsatburðar. Heildarfjárhæð tryggingarbóta innan hvers tryggingartímabils skal nema minnst 10.000.000 kr. Þar sem tveir eða fleiri fasteignasalar starfa saman og bera óskipta bótaábyrgð á störfum hvers annars teljast þeir fullnægja tryggingarskyldu sinni með því að leggja fram sameiginlega tryggingu og skal þá lágmarkstryggingarfjárhæð hækka um a.m.k. 10% fyrir hvern fasteignasala umfram einn.

Ef fasteignasali, samhliða fasteignasölu, hefur með höndum lögmannstörf og hefur ábyrgðartryggingu sem slíkur má telja hann hafa með því fullnægt tryggingarskyldu sinni samkvæmt lögum þessum. Í slíkum tilvikum gildir sú lágmarksfjárhæð sem hæst er.

6. gr.

Ráðherra gefur út löggildingarskírteini fyrir fasteignasala.

Fyrir löggildingu skal aðili greiða gjald í ríkissjóð samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Áður en löggilding er veitt skal aðili vinna drengskaparheit um að rækja í hvívetna með kostgæfni og samviskusemi starf það sem löggildingin veitir honum rétt til og hlíta lögum og öðrum réttarreglum er það varðar.

Sá einn má nefna sig fasteigna-, fyrirtækja- eða skipasala sem hefur til þess löggildingu.

7. gr.

Löggilding til fasteignasölu er bundin við nafn.

Fasteignasali skal tilkynna ráðherra hvar starfsstöð hans er. Hann getur aðeins haft eina starfsstöð en er þó heimilt að reka útibú í öðru sveitarfélagi en því sem starfsstöð hans er í. Tilkynna ber ráðherra um stofnun slíks útibús og um tilhögun á rekstri þess.

II. KAFLI
Réttarstaða fasteignasala, störf þeirra og starfshættir.

8. gr.

Fasteignasali hefur réttindi og ber skyldur sem opinber sýslunarmaður, þar á meðal þagnarskyldu um það er hann fær vitneskju um í starfa sínum og leynt á að fara.

9. gr.

Fasteignasala er sjálfum óheimilt að ganga inn í samning um kaup á eign sem honum hefur verið falin til umboðssölu, nema hann hafi lýst því yfir áður en hann tók eignina til sölu að hann sé persónulegur kaupandi hennar.

Fasteignasala er óheimil milliganga um sölu fasteignar hafi hann, vegna annarra starfa sinna eða starfsmanna sinna, sérstakar upplýsingar sem hafa þýðingu við sölu eignarinnar og aðrir hafa ekki aðgang að.

Fasteignasali skal tilkynna aðilum hafi hann nokkurra annarra hagsmuna að gæta en að því er snertir sjálf sölulaunin.

10. gr.

Fasteignasali skal í hvívetna leysa af hendi störf sín svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Hann skal liðsinna báðum aðilum, seljanda og kaupanda, og gæta réttmætra hagsmuna þeirra. Hann skal gæta þess að aðila séu eigi settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir kostir í samningum.

11. gr.

Fasteignasali skal tryggja sér ótvírætt umboð hjá réttum aðila til að leita eftir tilboðum í eign eða gera tilboð í eign og eftir atvikum til að ganga frá samningum og annarri skjalagerð. Sama er ef óskað er annars liðsinnis fasteignasala við samningsgerð um þessar eignir. Greina skal glögglega hvort um einkaumboð er að ræða.

12. gr.

Þegar fasteignasali hefur fengið eign til sölumeðferðar eða honum verið falið að ganga frá kauptilboði og/eða kaupsamningsgerð skal hann semja rækilegt yfirlit yfir þau atriði sem máli geta skipt við sölu eignarinnar.

13. gr.

Fasteignasala er skylt að annast alla skjalagerð varðandi sölu fasteigna og skal geta þess í skjölunum, þar á meðal í kauptilboðum, kaupsamningum, afsölum, veðbréfum og skuldabréfum, hver samið hafi. Skal nafn fasteignasala koma fram svo eigi verði um villst. Einnig skal fasteignasali geta nafns síns í öllum auglýsingum.

Öll skjalagerð og samningsgerð skal svo úr garði gerð að hagsmunir beggja aðila séu tryggðir og réttarstaða hvors um sig glögg.

14. gr.

Fasteignasali skal, þegar óskað er milligöngu hans um kaup eða sölu eignar, gera samning við umbjóðanda sinn um þóknun fyrir starfann og greiðslu útlagðs kostnaðar, þar með talinn auglýsingakostnaður.

III. KAFLI
Aðili fullnægir ekki skilyrðum til fasteignasölu.

15. gr.

Eftirlit með starfsemi fasteignasala er í höndum ráðherra.

Fullnægi fasteignasali ekki lengur lögmæltum skilyrðum til löggildingar sem fasteignasali er honum óheimil frekari starfsemi og ber að skila til ráðuneytisins löggildingarskírteini sínu. Heimilt er að afhenda aðila löggildingarskírteinið að nýju sýni hann fram á að hann fullnægi lagaskilyrðum til löggildingar sem fasteignasali.

Ef ráðherra berast upplýsingar um að maður sem ekki hefur fengið löggildingu til fasteignasölu stundi slíka starfsemi, eða að fasteignasali fullnægi ekki lengur lögmæltum skilyrðum til löggildingar sem fasteignasali en starfi þó áfram sem slíkur, er ráðherra heimilt að fela lögreglustjóra að stöðva starfsemi viðkomandi og innsigla starfsstöð hans þegar í stað.

16. gr.

Sæti fasteignasali ákæru í opinberu máli ber ákvörðun um sviptingu löggildingar undir dómara þess máls.

IV. KAFLI
Heimild til útgáfu reglugerða, refsiákvæði og gildistaka.

17. gr.

Ráðherra skal setja reglugerð um námskeið og próf fyrir fasteignasala. Í reglugerðinni skulu vera ákvæði um prófgreinar, framkvæmd prófs, skipun prófnefndar og störf prófnefndarmanna. Ákvæði reglugerðarinnar um tilhögun námskeiðs, inntökuskilyrði, námsgreinar, kennslu og kennslugjöld skulu sett að fengnum tillögum prófnefndar.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð hvaða upplýsingar skuli koma fram í söluyfirliti eigna og staðfesta með reglugerð stöðluð eyðublöð fyrir slík yfirlit. Jafnframt getur hann sett nánari ákvæði um stöðu, störf og starfshætti fasteignasala, þar á meðal um að tiltekin störf og stöður séu eigi samrýmanleg fasteignasölu. Þá má setja sérstök ákvæði í reglugerð um bókfærslu vegna þessara starfa.

Ráðherra kveður í reglugerð á um prófraun og tryggingar að því er varðar þá sem hafa fengið leyfi til að starfa við fasteignasölu eða málflutning í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í reglugerð skal mælt fyrir um nánara fyrirkomulag trygginga skv. 5. gr. og um sjálfsáhættu tryggingartaka.

Heimilt er með reglugerð að mæla fyrir um rekstur útibúa skv. 2. mgr. 7. gr. laga þessara.

Heimilt er að setja reglugerð um samninga um þóknun skv. 14. gr. laga þessara.

18. gr.

Það varðar sektum að:

a. nefna sig fasteigna-, skipa eða fyrirtækjasala án þess að hafa löggildingu sem slíkur,
b. annast fasteignasölu án löggildingar eða heimildar samkvæmt lögum þessum,
c. tilkynna ekki um starfsstöð eða útibú,
d. semja ekki söluyfirlit eða gera það með ófullnægjandi hætti,
e. árita ekki skjöl um fasteigna- skipa- eða fyrirtækjaviðskipti eða gera það með ófullnægjandi hætti,
f. brjóta gegn ákvæðum 12. gr.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um fasteigna- og skipasölu, nr. 34 5. maí 1986, með síðari breytingum.

Þeir sem hafa fengið útgefið leyfi til fasteignasölu á grundvelli laga nr. 47/1938 eða á grundvelli laga nr. 34/1986 halda réttindum sínum enda fullnægi þeir skilyrðum þessara laga til löggildingar sem fasteignasali.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þótt núgildandi lög um fasteignaviðskipti séu ekki komin til ára sinna hefur þeim í raun lítið verið breytt frá þeim lögum sem sett voru í upphafi árs 1938. Síðustu árin hefur komið í ljós, við framkvæmd laganna og í daglegu starfi stéttarinnar, að þörf er á endurskoðun laganna.

Undanfarin ár hefur starfað á vegum dómsmálaráðuneytisins og Félags fasteignasala samstarfsnefnd til að fjalla um málefni og starfsemi stéttarinnar. Hefur nefnd þessi skilað tillögum að efnisbreytingum á núgildandi lögum um fasteigna- og skipasölu sem flestar varða öryggi viðskiptamanna fasteignasala.

Í framhaldi af starfi og tillögum framangreindrar samstarfsnefndar ákvað dómsmálaráðuneytið að taka lög um fasteigna- og skipasölu til heildarendurskoðunar. Var því á vegum dómsmálaráðuneytisins samið frumvarp það sem hér er lagt fram. Felur það í sér lagfæringar á texta núgildandi laga og breytingar á efnisatriðum.

Helstu nýmæli, sem lögð eru til, eru eftirfarandi:

1. Að lögin taki einnig til sölu á fyrirtækjum, þ.e. að til sölu á fyrirtækjum þurfi sambærilega löggildingu við þá sem nú þarf til sölu fasteigna og skipa. Nú eru engin ákvæði til í lögum um sölu slíkra eigna.
2. Að niður falli ákvæði 14. gr. sem tilgreinir 2% hámarkssöluþóknun, en í stað þess komi ákvæði um að ávallt skuli gerður sérstakur samningur um söluþóknun milli fasteignasala og seljanda.
3. Að hert verði á ákvæðum um eftirlit með fasteignasölustarfsemi og ráðherra fái ótvíræða heimild til að stöðva starfsemi sem gengur í berhögg við ákvæði laganna.

4. Að þegar þeir sem hafa atvinnu af byggingu fasteigna annast sjálfir sölu þeirra skuli öll skjöl, sem tengjast sölunni, unnin af fasteignasölum eða vera staðfest með sérstakri áritun þeirra, og skuli slík áritun vera skilyrði fyrir þinglýsingu skjals.
5. Að meðal þeirra skilyrða, sem sett eru fyrir löggildingu til fasteignasölu, skuli vera það skilyrði að viðkomandi hafi haft forræði á búi sínu undanfarin tvö ár. Samsvarandi ákvæði gildir nú um lögmenn.
6. Að sett verði beint ákvæði um framkvæmd á skyldu fasteignasala til að hafa ábyrgðartryggingu sem tryggi viðskiptamanni hans bætur ef hann verður fyrir fjárhagstjóni sem fasteignasalinn ber ábyrgð á og að ekki skipti máli hvort skaðabótaskyldan stofnast vegna ásetnings eða gáleysis. Þá er einnig lagt til að lögfest verði lágmarksfjárhæð tryggingabóta. Sambærileg ákvæði um tryggingar eru nú í reglugerð.
7. Að fellt verði niður ákvæði 18. gr. núgildandi laga sem heimilar þeim mönnum sem hafa löggildingu til fasteignasölu, að hafa með sér félag. Þar sem félagafrelsi gildir hér á landi og öllum er heimilt að stofna slík hagsmunafélög þykir óþarft að mæla sérstaklega fyrir um það í sérlögum eins og nú er gert, sérstaklega þegar litið er til þess að lögin gera ekki ráð fyrir að félagið hafi sérstakt eftirlitshlutverk varðandi framkvæmd laganna.
8. Þá eru einnig lagðar til ýmsar orðalagsbreytingar á textanum til þess að gera hann skýrari og markvissari.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er lagt til, til viðbótar núgildandi ákvæðum varðandi fasteignir og skip, að engum sé heimilt að annast fyrir aðra kaup, sölu eða skipti á fyrirtækjum sem stunda virðisaukaskattsskylda starfsemi, nema hafa til þess löggildingu ráðherra. Ljóst er að í slíkum viðskiptum getur verið um verulega hagsmuni að ræða. Er því mikilvægt að aðili, sem hefur opinbera starfsviðurkenningu, annist slík viðskipti, geri yfirlit yfir þau atriði sem máli geta skipt við sölu fyrirtækisins og beri ábyrgð á að þannig sé að samningsgerð staðið að hagsmunir beggja séu tryggðir. Til þessa hafa engin lagaákvæði tekið til þeirra aðila sem milligöngu hafa um sölu slíkra fyrirtækja. Hefur vantað ákvæði sem leggi á þeirra herðar ábyrgð á viðskiptunum og að þeir skuli tryggja að fyrir liggi fullnægjandi gögn varðandi hið selda.

2. mgr. er efnislega óbreytt frá 2. mgr. 1. gr. gildandi laga. Aðeins er um orðalagsbreytingu að ræða.

Í 3. mgr. er skilgreint hvað við er átt með hugtökunum fasteignasali og fasteignasölu. Sambærilegt ákvæði er að finna í 3. mgr. 1. gr. núgildandi laga.

Í 4. mgr. er nýmæli. Lagt er til að þegar þeir sem hafa atvinnu af byggingu fasteigna annast sjálfir sölu þeirra skuli öll skjöl, sem tengjast sölunni, unnin af fasteignasölum eða vera staðfest með sérstakri áritun þeirra og slík áritun skuli vera skilyrði fyrir þinglýsingu skjals. Að baki þessari tillögu búa fyrst og fremst sjónarmið um neytendavernd. Ljóst er að í slíkum tilvikum getur aðstaða þeirra sem að viðskiptunum standa verið ærið ójöfn þar sem seljandinn þekkir eignina til hlítar og hefur eftir atvikum mikla reynslu af sölu eigna en kaupandinn er e.t.v. að eiga slík viðskipti í fyrsta sinn. Því er lagt til að aðili, sem hefur opinbera starfsviðurkenningu og ber ábyrgð sem opinber sýslunarmaður, annist alla skjalagerð og/eða tryggi með áritun sinni að hún sé þannig úr garði gerð að hagsmunir beggja aðila séu tryggðir og réttarstaða hvors um sig sé glögg.

5. mgr. kemur í stað 3. mgr. 2. gr. núgildandi laga, sbr. lög nr. 133/1993, um breyting á ýmsum lögum sem varða réttarfar, atvinnuréttindi o.fl. vegna aðildar að samningi um Evrópska efnahagssvæðið.

Um 2. gr.

1. mgr. 2. gr. er efnislega samsvarandi 1. mgr. 2. gr. núgildandi laga að því undanskildu að gerð er tillaga um að það verði almennt skilyrði fyrir veitingu fasteignasöluleyfis að viðkomandi hafi haft forræði á búi sínu undanfarin tvö ár. Samkvæmt því gæti fasteignasali, sem úrskurðaður væri gjaldþrota, ekki öðlast fasteignasöluleyfi að nýju fyrr en að tveimur árum liðnum frá lokum skipta. Endurveiting leyfis yrði þá heimil. Samsvarandi ákvæði gildir nú um lögmenn.

2. mgr. 2. gr. er óbreytt frá 2. mgr. 2. gr. núgildandi laga.

3. mgr. 2. gr. kemur í stað 4. mgr. 2. gr. núgildandi laga þar sem segir að heimilt sé að synja manni um löggildingu ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eigi við um hagi hans. Þykir það orðalag, sem hér er lagt til, skýrara.

Um 3. gr.

3. gr. kemur í stað 3. gr. núgildandi laga. Hún er stytt en að mestu sama efnis. Þó er lagt til að reglugerðarheimild 2. mgr. 3. gr. flytjist í 17. gr. þar sem allar reglugerðarheimildir verði taldar í einu ákvæði

Um 4. gr.

4. gr. er að mestu efnislega óbreytt frá 4. gr. núgildandi laga. Lagt er til að reglugerðarheimild 1. mgr. 4. gr. flytjist í 17. gr. þar sem allar reglugerðarheimildir verði taldar í einu ákvæði.

Um 5. gr.

Í 5. gr. er lagt til að lögfest verði beint ákvæði um skyldu fasteignasala til að hafa ábyrgðartryggingu sem tryggi viðskiptamanni hans bætur verði hann fyrir tjóni sem fasteignasalinn ber skaðabótaábyrgð á.

Í núgildandi lögum er ákvæði um tryggingar í 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. þar sem talin eru þau skilyrði sem fullnægja þarf til að maður geti fengið löggildingu til að starfa sem fasteigna- og skipasali, en þau hafa hins vegar ekki að geyma nánara efnislegt ákvæði um tryggingarskylduna að öðru leyti eins og hér er lagt til að verði lögfest. Nánari ákvæði um tryggingar eru nú í 3. gr. reglugerðar um löggildingu og tryggingarskyldu fasteigna- og skipasala nr. 520/1987, eins og henni var breytt með reglugerð nr. 161/1990. Þar er mælt fyrir um tryggingarfjárhæðir og um eigin áhættu. Þar sem hér er um íþyngjandi fyrirmæli að ræða telst rétt að slíkt eigi sér ótvíræða lagastoð. Í 17. gr. er heimilað að sett verði reglugerð um fyrirkomulag trygginga, svo og um eigin áhættu tryggingartaka. Geta má þess að nú eru í 7. gr. laga um málflytjendur nr. 61/1942, með síðari breytingum, samsvarandi fyrirmæli um tryggingarskyldu lögmanna.

Um 6. gr.

6. gr. kemur í stað 5. gr. núgildandi laga og er að mestu efnislega óbreytt. Þó er lagt til að í þessa grein verði tekið ákvæði sem er í 20. gr. núgildandi laga, varðandi einkarétt á að nota heitið fasteigna-, fyrirtækja- eða skipasali.

Um 7. gr.

7. gr. kemur í stað 6. gr. núgildandi laga. Lagt er til að felld verði niður sú heimild sem eftirlifandi maki hefur haft til að reka áfram fasteignasölu látins maka, þótt hann fullnægi ekki lagaskilyrðum til löggildingar sem fasteignasali, ráði hann forstöðumann sem löggiltur er til starfans. Þessi tillaga byggist á því að eignaraðild að rekstri fasteignasölu er í sjálfu sér ekki bundin við réttindi. Því hefur umrætt ákvæði ekki sérstaka raunhæfa þýðingu þar sem aðeins er skilyrði að sá sem annast viðskiptin hafi til þess löggildingu og engin sérstök hindrun því í vegi að eftirlifandi maki sé eignaraðili að rekstri fasteignasölu fremur en hver annar.

Þá er í þessari grein lagt til að fasteignasala sé heimilt að reka útibú í öðru sveitarfélagi en því sem starfsstöð hans er í. Samkvæmt núgildandi lögum getur fasteignasali aðeins haft eina starfsstöð, í sama húsnæði og fasteignasalan er rekin í. Breytingartillagan byggist á því að rétt þykir að taka tillit til þess að víða um land er ekki grundvöllur til að reka sjálfstæða fasteignasölu þótt þar sé augljóslega þörf fyrir þjónustu fasteignasala.

Geta má þess að tilgangurinn með því að ákveða að fasteignasali skuli aðeins hafa eina starfsstöð er að koma í veg fyrir svokallaða „leppun“, svo sem að sami fasteigasali starfi við fleiri en eina fasteignasölu eða að lögmaður reki lögmannsstofu og fasteignasölu hvora í sínu húsnæði.

Samkvæmt 17. gr. er ráðherra heimilt að setja nánari fyrirmæli um rekstur slíkra útibúa með reglugerð.

Um 8. gr.

8. gr. kemur í stað 1. málsl. 7. gr. núgildandi laga.

Um 9. gr.

9. gr. kemur í stað 13. gr. og 2. málsl. 7. gr. núgildandi laga. Lagt er til að í stað þess að fasteignasali megi ekki gegna stöðu hjá því opinbera, ef ætla má að staðan gefi honum færi á að kynnast málefnum sem hafa þýðingu í viðskiptum með einstakar eignir, verði honum óheimil milliganga um sölu fasteigna hafi hann vegna annarra starfa sinna eða starfsmanna sinna sérstakar upplýsingar sem hafa þýðingu við sölu eignarinnar og aðrir hafa ekki aðgang að. Þessi breyting er lögð til í því skyni að skýra og ná betur því markmiði ákvæðisins að hindra að óeðlilegar upplýsingar, svo sem trúnaðarupplýsingar, hafi áhrif á starf fasteignasalans og þá ráðgjöf sem hann veitir.

Um 10. gr.

10. gr. er óbreytt frá 8. gr. núgildandi laga.

Um 11. gr.

11. gr. kemur í stað 9. gr. núgildandi laga.

Um 12. gr.

Í grein þessari er fjallað um skyldu fasteignasala til að semja yfirlit yfir þau atriði sem máli geta skipt fyrir kaupanda við kaup á eign, hvort sem um er að ræða fasteign, fyrirtæki eða skip.

Í 10. og 11. gr. núgildandi laga eru ákvæði um þetta efni og eru þar tilgreind ítarlega öll þau atriði sem í söluyfirliti fasteignar skal greina. Hér er hins vegar lagt til að sú ítarlega upptalning verði í reglugerð þar sem talið er hentugra að gera það með þeim hætti en lagasetningu. Vísast til 2. mgr. 17. gr. varðandi heimild til reglugerðarsetningar.

Um 13. gr.

Þessi grein er að mestu óbreytt frá 12. gr. núgildandi laga.

Um 14. gr.

14. gr. frumvarps þessa fjallar um þóknun fyrir störf fasteignasala. 14. gr. núgildandi laga fjallar sömuleiðis um það efni, en samkvæmt henni má þóknun fyrir aðstoð við kaup eða sölu ekki fara fram úr 2% af kaupverði eignar. Við tilkomu samkeppnislaga, nr. 8/1993, kom fram hjá Félagi fasteignasala sú skoðun að þetta ákvæði samrýmdist ekki markmiðum þeirra laga og því yrði að fella það úr gildi. Taldi félagið að yrði það gert mundu ákvæði samkeppnislaganna gilda um alla þætti gjaldtökunnar.

Um nánari skýringar á því hvers vegna í frumvarpi þessu er lagt til að núgildandi ákvæði um 2% hámarkþóknun verði fellt niður, og þess í stað komi ákvæði um að samið skuli um þóknun hverju sinni, vísast til þeirra bréfaskipta sem átt hafa sér stað milli dómsmálaráðuneytisins og Samkeppnisstofnunar. Eru þau prentuð sem fylgiskjöl með frumvarpi þessu.

Um 15. gr.

1. mgr. 15. gr. kemur í stað 3. mgr. 17. gr. núgildandi laga.

2. og 3. mgr. 15. gr. koma í stað 16. gr. núgildandi laga. Lagt er til að sett verði fyllra ákvæði um viðbrögð ráðherra við ólögmætri starfsemi og hvernig hann megi bregðast við þegar stunduð er starfsemi sem fer í bága við ákvæði laganna. Í núgildandi lögum hafa ekki reynst vera nægilega skýrar heimildir til að stöðva slíka starfsemi án tafar (t.d. þegar fram hefur komið að fasteignasali hefur eigi lengur fullnægjandi tryggingar) og er ákvæði þessu m.a. ætlað að bæta úr því.

Um 16. gr.

Í 16. gr. er ákvæði sambærilegt við 1. mgr. 17. gr. núgildandi laga. Hins vegar er lagt til að ákvæði 2. mgr. 17. gr. núgildandi laga, sem kveður á um að ákvörðun um sviptingu löggildingar vegna atvika sem eigi leiða til ákæru beri undir ráðherra, verði fellt niður þar sem ákvæðið þykir vera of óljóst að því er varðar þau atvik er þar geta fallið undir til að það komi að notum.

Um 17. gr.

Í 17. gr. er steypt saman öllum ákvæðum um heimildir ráðherra til útgáfu reglugerða. Í núgildandi lögum eru slík ákvæði alldreifð en hentugra þykir til glöggvunar að hafa þau öll á einum stað. Í núgildandi lögum eru þau, nánar tiltekið, í 4. tölul. 1. mgr. 1. gr., 5. tölul. 1. mgr. 1. gr., 3. mgr. 2. gr., 2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 4. gr., 2. mgr. 11. gr. og 15. gr. Þær reglugerðarheimildir, sem taldar eru í 17. gr. frumvarps þessa, eru að mestu efnislega samhljóða framangreindum ákvæðum, en þó er að finna nýmæli í 5. mgr. þar sem

lagt er til að heimilt verði að setja í reglugerð ákvæði um rekstur útibúa og í 6. mgr. um heimild til að setja í reglugerð ákvæði um samninga um þóknun fyrir starfa fasteignasala.

Um 18. gr.

18. gr. kemur í stað 2. mgr. 20. gr. núgildandi laga. Lagt er til að tíunduð verði þau atvik sem sæta sektum, en í núgildandi lögum er aðeins almennt ákvæði um að brot gegn lögunum, og reglum settum samkvæmt þeim, varði sektum nema þyngri hegning liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Um 19. gr.

Í 19. gr. er mælt fyrir um gildistöku laganna. Er lagt til að þeir sem hafa fengið útgefið leyfi til fasteignasölu á grundvelli eldri laga geti haldið þeim réttindum sínum, fullnægi þeir að öðru leyti skilyrðum til löggildingar.

Fylgiskjal I.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.

Frumvarp þetta felur í sér endurskoðun á núgildandi lögum, nr. 34/1986, um fasteigna- og skipasölu. Breytingarnar miða flestar að auknu öryggi viðskiptamanna fasteignasala. Nýmæli frumvarpsins eru tíunduð í greinargerð en þar eru veigamest ákvæði um að lögin taki einnig til sölu á fyrirtækjum og að fellt sé niður ákvæði um 2% hámarkssöluþóknun. Þess í stað er gert ráð fyrir að gerður skuli sérstakur samningur um söluþóknun milli fasteignasala og seljanda.

Ekki verður séð að frumvarp þetta leiði til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð, verði það óbreytt að lögum.

Fylgiskjal II.

Bréf Félags fasteignasala til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 4. maí 1993.

Efni: Nauðsynleg breyting á lögum nr. 34/1986.

Þann 1. mars sl. öðluðust gildi samkeppnislög nr. 8/1993. Markmið laganna er m.a. að vinna gegn takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri og að draga úr opinberum samkeppnishömlum.

Í athugasemdum með frumvarpinu til samkeppnislaganna segir að endurskoða þurfi sérstaklega samkeppnishömlur sem bundnar eru í öðrum lögum og samræma samkeppnisreglur hér þeim reglum sem gilda annars staðar í Evrópu. Er þetta talið nauðsynlegt vegna áformaðrar þátttöku í Evrópska efnahagssvæðinu. Í athugasemdum með frumvarpinu er jafnframt tekið fram að þar sé einnig tekið mið af þeim hugmyndum sem eru uppi á Norðurlöndum.

Andi hinna nýju samkeppnislaga er sá að efla samkeppni og draga úr verðlagsafskiptum. Reyndar er gengið svo langt að í 38. gr. laganna segir að því aðeins að neyðarástand skapist geti ríkisstjórn ákveðið hámarksverð og hámarksálagningu og þá aðeins í 3 mánuði í senn.

Það er álit stjórnar Félags fasteignasala að 2. mgr. 14. gr. laga nr. 34/1986 um fasteigna- og skipasölu stríði gegn markmiði samkeppnislaga og torveldi eðlilega samkeppni í fasteignasölu á Íslandi. Í því sambandi vil ég sérstaklega benda á að hámarksþóknun er hvergi annars staðar bundin í lög með þessum hætti, hvorki í annarri löggjöf á Íslandi né í lögum um fasteignasölu á hinum Norðurlöndunum eða í löndum Evrópska efnahagssvæðisins.

Fyrir hönd Félags fasteignasala fer ég því þess á leit við ráðuneytið að það hlutist til um að leita álits Samkeppnisstofnunar á máli þessu, sbr. 19. gr. samkeppnislaga, og að í kjölfar þess verði gerðar viðhlítandi breytingar á 14. gr. l. 34/1986.

Virðingarfyllst
Þórólfur Halldórsson (sign.)

Þórólfur Halldórsson, hdl.,
löggiltur fasteignasali

Fylgiskjal III.

Bréf Samkeppnisstofnunar til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 30. júní 1993.

Samkeppnisstofnun vísar til erindis frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu dags. 7. maí sl. þar sem óskað er álits stofnunarinnar á því hvort 2. mgr. 14. gr. laga um fasteigna- og skipasölu nr. 34/1986, um þóknun sem fasteignasala er heimilt að taka fyrir aðstoð við kaup eða sölu, stríði gegn markmiði samkeppnislaga.

Markmið samkeppnislaga nr. 8/1993 er sbr. 1. gr. „að efla beri virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Markmiði þessu skal náð með því að:

a. vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri ... "

Svo framarlega sem veigamikil rök koma ekki fram fyrir því að fasteigna- og skipasölum sé heimilt að taka 2% hámarksþóknun fyrir aðstoð við kaup eða sölu verður að líta svo á að það stríði gegn framangreindum markmiðum laganna.

Ef ákvæði um 2% hámarksþóknun fasteigna- og skipasala verður fellt úr lögum er rétt að vekja athygli á 10. og 12. gr. samkeppnislaga þar sem m.a. er lagt bann við verðsamráði fyrirtækja á sama sölustigi og útgáfu sameiginlegrar verðskrár.

Álit þetta er gefið á grundvelli 19. gr. samkeppnislaganna.

Virðingarfyllst
Samkeppnisstofnun
Guðmundur Sigurðsson (sign.)

Guðmundur Sigurðsson

Fylgiskjal IV.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til Samkeppnisstofnunar, dags. 14. september 1993.

Með vísun til bréfs Samkeppnisstofnunar, dags. 30. júní sl., vegna bréfs ráðuneytisins, dags. 7. maí sl., varðandi þóknun þá sem fasteigna- og skipasölum er heimilt að taka fyrir aðstoð við kaup eða sölu vill ráðuneytið hér með óska eftir áliti stofnunarinnar á því hvort hún telji vernd fyrir neytendur þjónustu gegn óheftri þóknanatöku fasteigna- og skipasala svo veigamikil rök að þau réttlæti að vikið sé til hliðar markmiði samkeppnislaga og heimilað að í gildi sé lagaákvæði um hámark þeirrar þóknunar sem þessi starfstétt má krefjast af þeim sem veitt er þjónusta.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson (sign.)
/
Jón Thors (sign.)

Fylgiskjal V.

Bréf Samkeppnisstofnunar til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 11. apríl 1994.

Efni: Hámarksþóknun samkvæmt lögum um fasteigna- og skipasölu.

Vísað er til fyrri bréfaskipta um ofangreint, þ.e. bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytis dags. 7. maí 1993, svarbréfs Samkeppnisstofnunar dags. 30. júní 1993 og síðara bréfs ráðuneytisins dags. 14. september 1993.

Í síðara bréfi ráðuneytisins er óskað eftir áliti Samkeppnisstofnunar á því „hvort hún telji vernd fyrir neytendur þjónustu gegn óheftri þóknanatöku fasteigna- og skipasala svo veigamikil rök að þau réttlæti að vikið sé til hliðar markmiði samkeppnislaga og heimilað að í gildi sé lagaákvæði um hámark þeirrar þóknunar sem þessi starfstétt má krefjast af þeim sem veitt er þjónusta."

Ákvæðið sem vísað er til í bréfi ráðuneytisins er að finna í 14. gr. laga um fasteigna- og skipasölu, nr. 34/1986, og er svohljóðandi:

„Fasteignasala er óheimilt að taka hærri þóknun fyrir starfa sinn en sanngjarnt má teljast með tilliti til þeirrar vinnu sem í té er látin.

Fyrir aðstoð við kaup eða sölu má þóknun frá kaupanda eða seljanda ekki fara fram úr 2% af kaupverði eignar en rétt er fasteignasala að áskilja sér aukalega greiðslu fyrir útlagðan auglýsingakostnað enda hafi eign verið auglýst eftir beiðni eiganda. Þóknun skal yfirleitt vera lægri ef makaskiptum er til að dreifa."

Í greinargerð með frumvarpinu sem varð að lögum nr. 34/1986 kemur fram að 14. gr. sé svipaðs efnis og 6. gr. laga nr. 47/1938. Í greinargerð með þeim lögum segir um fyrrnefnda 6. gr.:

„Hér er hámark sölulauna fastákveðið 2% af kaupverði fasteignarinnar. Er þetta í samræmi við taxta Málflutningsmannafélags Íslands og núgildandi venju hér á landi, sem eigi þykir ástæða til að breyta."

Við úrlausn erindis ráðuneytisins verður að taka tillit til breytinga á lagaumhverfi frá því sem var við lýði árið 1938. Almennar athugasemdir í greinargerð með lögum nr. 47/1938 gefa góða innsýn í stöðu mála á þeim tíma. Þar segir m.a.:

„Í íslenskum lögum eru engin ákvæði, er setja mönnum ákveðin skilyrði fyrir því, að mega annast sölu fasteigna fyrir aðra. Eins og nú standa sakir, er hverjum manni því heimilt að gera sér fasteignasölu að atvinnu, án þess að krafist sé til þess nokkurs leyfis eða sérþekkingar. ... Hafa orðið nokkur brögð á því, einkum hin síðari ár, að fasteignasalar hafa notfært sér vanþekkingu aðilja við húsakaup til þess að hagnast á því sjálfir, eða aðstoða annan aðilja á kostnað hins. Eru jafnvel dæmi til þess, að sæmilega efnaðir menn hafi misst aleigu sína fyrir tilstilli hinna svokölluðu fasteignasala ... "

Eins og ráðuneytinu er kunnugt hefur samkeppnisráð nýverið hafnað beiðni Lögmannafélags Íslands um að veita félaginu undanþágu til að gefa út gjaldskrá með leiðbeinandi reglum um ákvörðun málskostnaðar í nánar tilgreindum málum. Þá er ljóst að Lögmannafélagið gefur ekki lengur út leiðbeinandi gjaldskrá um hlutfall sölulauna af kaupverði fasteigna. Rökstuðningur í greinargerð með lögum nr. 47/1938 á því ekki lengur við hvað varðar samræmið við taxta Lögmannafélagsins.

Í I. kafla laga nr. 34/1986 eru sett ströng skilyrði fyrir löggildingu sem fasteigna- og skipasali. Samkvæmt lögunum er mönnum m.a. gert að þreyta próf og leggja fram tryggingu. Þá er að finna í II. kafla laganna ákvæði um réttarstöðu fasteigna- og skipasala, störf þeirra og starfsháttu. Í þessum kafla eru lagðar ríkar skyldur á fasteigna- og skipasala, m.a. bera þeir skyldur opinberra sýslunarmanna. Starfsskilyrði og kröfur til fasteigna- og skipasala eru því augljóslega aðrar nú en þegar ákvæðið um 2% hámarksþóknun var upphaflega lögfest.

Samkeppnisstofnun hefur þegar lýst þeirri skoðun í bréfi dags. 30. júní 1993 að svo framarlega sem veigamikil rök koma ekki fram fyrir því að fasteigna- og skipasölum sé heimilt að taka 2% hámarksþóknun fyrir aðstoð við kaup eða sölu verði að líta svo á að það stríði gegn markmiðum samkeppnislaga.

Hvað varðar fyrirspurn ráðuneytisins í síðara bréfi þess virðist sem fasteignasalar taki sér þóknun vegna annarra kostnaðarliða en þeirra er tengjast sölunni beinlínis og að því er virðist umfram það sem gert er ráð fyrir í 2. mgr. 14. gr. laga um fasteigna- og skipasölu. Nægir þar að nefna svokallað skoðunargjald, sem er innheimt án tillits til hvort sala fari fram. Hámarksþóknunin veitir því ekki jafn ríka neytendavernd og ætla mætti við fyrstu sýn „gegn óheftri þóknanatöku fasteigna- og skipasala“, svo notað sé orðalag ráðuneytisins.

Að síðustu skal á ný vakin athygli á því að verði ákvæðið um 2% hámarksþóknun fasteigna- og skipasala fellt úr lögum gilda fullum fetum ákvæði samkeppnislaga, sem m.a. banna verðsamráð fyrirtækja á sama sölustigi og útgáfu leiðbeinandi gjaldskrár.

Virðingarfyllst,
f.h. Samkeppnisstofnunar
Páll Ásgrímsson (sign.)

Páll Ásgrímsson

616. Frumvarp til laga [356. mál]

um breytingu á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 5. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga er heimilt að gera tímabundna samninga sem kveða á um greiðslu skuldara á lægri upphæð en til fellur mánaðarlega. Slíka samninga skal endurskoða reglulega og a.m.k. á sex mánaða fresti. Ef um sérstaka félagslega erfiðleika er að ræða hjá skuldara og stjórnin telur fullljóst að aðstæður skuldara séu þannig að hann geti eigi greitt áfallinn höfuðstól eða hluta hans, auk meðlaga sem falla til mánaðarlega, er stjórninni heimilt að afskrifa höfuðstól skuldara að hluta eða öllu leyti. Heimild til niðurfellingar höfuðstóls eða hluta hans er bundin því skilyrði að skuldari hafi í a.m.k. þrjú ár staðið við samning skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar. Nánari ákvæði um framkvæmd málsgreinar þessarar skulu sett í reglugerð.

Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga er heimilt að mæla með nauðasamningi þar sem fjallað er um niðurfellingu höfuðstóls og/eða dráttarvaxta að hluta eða öllu leyti, enda sé ljóst að hagsmunum Innheimtustofnunar sveitarfélaga verði betur borgið með nauðasamningi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í sameiginlegri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 12. desember 1994 segir m.a.:

„Nefnd, sem skipuð var af félagsmálaráðherra til þess að fjalla um málefni meðlagsgreiðenda og meðlagsmóttakenda og fjárhagsvanda Innheimtustofnunar sveitarfélaga, skilaði tillögum sínum 19. október sl. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að tillögur nefndarinnar, er lúta að réttarstöðu krafna, skuldajöfnun og samningum við skuldara, komi til framkvæmda sem fyrst til að bæta skil við stofnunina.

Komið verði á fót nefnd félagsmálaráðherra, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, fjármálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem vinni að því að taka aðrar tillögur nefndarinnar til athugunar. Nefndin leggi fram tillögur til úrbóta í málefnum meðlagsgreiðenda og meðlagsmóttakenda sem miði varanlega að því að fjárvöntun Innheimtustofnunar sveitarfélaga verði undir 300 m.kr. á ári til þess að ekki þurfi framar að taka lán vegna óinnheimtra meðlaga og að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga geti sinnt hlutverki sínu í framtíðinni.“

Í framhaldi af yfirlýsingunni var framangreind nefnd skipuð 6. mars 1995. Í nefndina voru skipuð: Ingvar Viktorsson bæjarfulltrúi, formaður, Dögg Pálsdóttir skrifstofustjóri, Ólafur Hjálmarsson deildarstjóri, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Magnús Karel Hannesson oddviti. 8. júní 1995 var gerð sú breyting á nefndinni að Ólafur Örn Haraldsson alþingismaður var skipaður formaður í stað Ingvars Viktorssonar. Þá starfaði Björn Arnar Magnússon deildarsérfræðingur með nefndinni.

Nefndin skipti starfi sínu í tvo hluta. Í fyrri hlutanum var unnið að tillögum sem miða skyldu að því að að gera innheimtu Innheimtustofnunar sveitarfélaga léttari og skilvirkari. Í seinni hlutanum ætlar nefndin að skoða hvernig innheimtu meðlaga er háttað í öðrum löndum og hvort ekki megi draga einhvern lærdóm af því. Einnig hefur nefndin fengið Löggilta endurskoðendur hf. til að gera úttekt á þeim einstaklingum sem eru í vanskilum við Innheimtustofnun sveitarfélaga með tilliti til tekna þeirra, eigna og stöðu. Nefndin áformar að skila niðurstöðum þessa hluta starfsins næsta vor.

Hinn 22. september 1995 skilaði nefndin tillögum til félagsmálaráðherra varðandi fyrri hluta starfs nefndarinnar. Tillögurnar eru eftirfarandi:

1. Auknar verði heimildir stjórnar Innheimtustofnunar sveitarfélaga til samninga við skuldara með það að markmiði að gera fleiri skuldara að skilamönnum. Stjórninni verði heimilt að gera tímabundna samninga sem kveða á um að lægri upphæð verði greidd en fellur til mánaðarlega og yrðu slíkir samningar t.d. endurskoðaðir á þriggja mánaða fresti. Stjórnin fái heimildir til að afskrifa höfuðstól eða hluta hans ef um sérstakar aðstæður er að ræða svo sem fjárhags- og félagslega erfiðleika, enda aðstæður skuldara þannig að hann getur eigi greitt áfallinn höfuðstól eða hluta hans auk meðlaga sem falla til mánaðarlega.
2. Nefndin beinir því til fjármálaráðuneytis að Innheimtustofnun sveitarfélaga fái heimildir til skuldajöfnunar meðlaga á móti inneign virðisaukaskatts meðlagsgreiðenda.
3. Nefndin beinir því til dómsmálaráðuneytis að kröfur Innheimtustofnunar sveitarfélaga fái sömu réttarstöðu og skattakröfur hins opinbera hvað aðfararbeiðnir snertir.

Frumvarp þetta er samið í félagsmálaráðuneytinu á grundvelli tillögu nr. 1 og er þáttur í samræmdum aðgerðum ríkisstjórnarinnar til hjálpar einstaklingum sem eiga í alvarlegum greiðsluerfiðleikum við að ná tökum á fjármálum sínum. Um nánari skýringar er vísað til athugasemda við 1. gr. frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga verði heimilt að gera tímabundna samninga við skuldara sem kveða á um að lægri upphæð verði greidd en fellur til mánaðarlega. Slíka samninga skuli endurskoða á sex mánaða fresti. Jafnframt er lagt til að stjórnin fái heimild til að afskrifa höfuðstól eða hluta hans ef um sérstakar aðstæður er að ræða hjá skuldara svo sem félagslega erfiðleika, enda séu aðstæður skuldara þannig að hann geti ekki greitt áfallinn höfuðstól eða hluta hans auk meðlaga sem falla til mánaðarlega. Gert er ráð fyrir að heimild til niðurfellingar höfuðstóls eða hluta hans verði bundin því skilyrði að skuldari hafi í a.m.k. þrjú ár staðið við samning skv. 1. málsl. málsgreinarinnar.

Tillaga þessi miðar að því að auka innheimtuhlutfall Innheimtustofnunar sveitarfélaga til frambúðar og stækka greiðendahópinn. Jafnframt verði reynt að fækka þeim einstaklingum sem taka þann kost að vinna á svörtum markaði til þess að koma sér undan meðlagsgreiðslum og hárri skuld við Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Í september 1995 voru heildarskuldir þeirra 10.660 meðlagsgreiðenda sem voru í vanskilum við Innheimtustofnun sveitarfélaga tæpir 5,5 milljarðar króna eða 515 þúsund krónur á hvern skuldara að meðaltali.

Heimild til að gera þá samninga sem um ræðir í 1. málsl. málsgreinarinnar leiðir til þess að líklegra er að hægt sé að gera meðlagsskuldurum kleift að komast í skil með greiðslur til Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Í 2. mgr. er lagt til að stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga verði heimilt að mæla með nauðasamningi þar sem fjallað er um niðurfellingu höfuðstóls og/eða dráttarvaxta að hluta eða öllu leyti. Það skilyrði er þó sett að ljóst sé að hagsmunum Innheimtustofnunar sveitarfélaga verði betur borgið með nauðasamningi.

Heimild þessi er sett til að tryggja að þegar einstaklingur þarf að leita nauðasamninga vegna erfiðrar fjárhagsstöðu, þá geti skuldir við Innheimtustofnun sveitarfélaga fallið undir þá samninga. Samkvæmt gildandi lögum er slík heimild ekki til staðar fyrir stjórn stofnunarinnar.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er kveðið á um að stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga sé heimilað að gera tímabundna samninga við skuldara um lækkun á mánaðarlegum greiðslum. Einnig er lagt til að stofnuninni sé heimilað undir vissum kringumstæðum að afskrifa að hluta eða öllu leyti höfuðstól skuldar. Skilyrði fyrir þessu er að skuldari hafi staðið við

samning um lækkun mánaðarlegra greiðslna í a.m.k. þrjú ár. Er þetta gert með það að markmiði að gera fleiri skuldara að skilamönnum. Ekki verður séð að frumvarpinu fylgi kostnaður fyrir ríkissjóð.

617. Svar [278. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Ástgeirsdóttur um framkvæmd Íslendinga á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og sáttmála um afnám alls misréttis gegn konum.

1. *Hvaða athugasemdir gerði nefnd Sameinuðu þjóðanna við framkvæmd Íslendinga á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er fulltrúar Íslands voru kallaðir á fund hennar í Genf nú í janúar? Hvaða skýringu gáfu íslensk stjórnvöld?*

Tillögur og tilmæli nefndar Sameinuðu þjóðanna til íslenskra stjórnvalda varðandi framkvæmd Íslendinga á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er að finna í eftirfarandi liðum 18–26:

18. Nefndin hvetur íslensk stjórnvöld til að athuga möguleika á að afturkalla yfirlýsingar sínar varðandi samninginn og óskar þess að fylgjast með því sem gerast kann í þeim efnum.
19. Nefndin mælist til þess að gerðar verði ráðstafanir til að öll ákvæði samningsins, sem efnislega þýðingu hafa, komi fram í landslögum og reglugerðum þannig að tryggt sé að þau réttindi sem talin eru í samningnum njóti fullrar verndar.
20. Nefndin mælist til þess að stjórnvöld stuðli að samræmingu á stefnu ríkisvaldsins og milli þess og sveitarstjórna á sviði réttinda barna í því skyni að útrýma hugsanlegum mismun eða misrétti hvað snertir framkvæmd samningsins og tryggja að samningurinn sé virtur að fullu alls staðar á Íslandi.
21. Nefndin hvetur til þess að stjórnvöld fylgi eftir og móti enn frekar þá stefnu sína að kynna samninginn og stuðla að aukinni meðvitund um hann. Hún hvetur einnig stjórnvöld til að fella fræðslu um samninginn og réttindi barna inn í námsefni fagfólks sem sinnir börnum, svo og inn í námsefni skóla.
22. Nefndin mælist til þess að tryggðar verði fjárveitingar að því marki sem framast er unnt, í ljósi 4. gr. samningsins, en hún fjallar um eflingu efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra réttinda. Í því samhengi beri einnig að hafa hliðsjón af 2. gr., um aðgerðir gegn mismunun barna, og 3. gr. samningsins, að það sem barni er fyrir bestu skuli hafa forgang, í því skyni að fyrirbyggja að börn víðs vegar á landinu njóti ekki sambærilegrar þjónustu.
23. Nefndin mælist einnig til þess að stjórnvöld taki til athugunar að styrkja alþjóðlega samvinnu og aðstoð til framdráttar réttindum barna.
24. Nefndin leggur til að viðeigandi ráðstafanir verði gerðar til að vinna gegn launamisrétti á milli karla og kvenna þar sem slíkt getur skaðað hagsmuni barna, einkum á heimilum sem einstæðar mæður veita forstöðu.
25. Nefndin mælist til þess að reglur um málsmeðferð forsjármála og um aðskilnað barna frá foreldrum sínum (forsjársviptingar) sæti frekari endurskoðun svo að tryggt sé að hagsmunir barnsins séu ætíð hafðir að leiðarljósi.

26. Í ljósi 6. mgr. 44. gr. samningsins leggur nefndin að lokum til að skýrslan verði sem víðast gerð aðgengileg íslenskum almenningi og að umfjöllun nefndarinnar um hana verði gerð opinber með því að birta samantekt um fundargerðir af fundinum og lokaathugasemdir nefndarinnar.

Í fylgiskjali I er að finna nánari upplýsingar af fundinum í Genf í janúar 1996.

2. *Hvaða athugasemdir gerði nefnd Sameinuðu þjóðanna við framkvæmd Íslendinga á sáttmála Sameinuðu þjóðanna um afnám alls misréttis gegn konum er fulltrúar íslenskra stjórnvalda voru kallaðir á fund hennar nú í janúar í New York? Hvaða skýringar gáfu íslensk stjórnvöld?*

Nefnd Sameinuðu þjóðanna um sáttmála um afnám alls misréttis gegn konum gerði eftirfarandi athugasemdir í formi tillagna og tilmæla:

— Nefndin leggur til að í reglulegum skýrslum íslenskra stjórnvalda hér eftir verði greinargerðir um hverja grein sáttmálans og almenn tilmæli hans.
— Nefndin leggur til að í framtíðinni verði tölulegar upplýsingar kynskiptar í reglulegum skýrslum og að íslensk stjórnvöld fari að almennum tilmælum nr. 9.
— Nefndin leggur til að stjórnvöld geri ráðstafanir til þess að tryggja að grundvallaratriði sáttmálans séu að fullu felld inn í íslensk lög og að íslenskir dómstólar geti framfylgt þeim. Nefndin hvetur stjórnvöld sérstaklega til þess að stuðla að upplýsingasöfnun, sundurliðaðri eftir kynjum, um þörfina fyrir heilbrigðisþjónustu til þess að móta heilbrigðisstefnu er taki tillit til þarfa kynjanna.
— Til þess að unnt sé að gera íslenskum dómstólum kleift að framfylgja sáttmálanum mælir nefndin með aðgerðum til að kynna íslenskum dómstólum áætlun um upplýsingadreifingu og fræðslu varðandi sáttmálann.
— Nefndin hvetur íslensk stjórnvöld til þess að halda áfram skilgreindum aðgerðum sínum varðandi launajöfnuð kynjanna fyrir sambærileg störf og að stuðla að launajöfnuði á öllum sviðum atvinnulífs samkvæmt tilmælum nr. 13. Jafnframt fer nefndin fram á að í skýrslum, sem sendar verða hér eftir, verði upplýsingar um þetta atriði þegar fjallað er um niðurstöður yfirstandandi starfsmats.
— Nefndin leggur til að aðgerðum verði hrint í framkvæmd svo fljótt sem verða má, t.d. með því að samþykktar verði skýrar starfsáætlanir er tryggi að konur verði tilnefndar í stöður þar sem ákvarðanir eru teknar og sem stuðli að því að þær gegni leiðandi hlutverkum á öllum sviðum atvinnulífs.
— Nefndin leggur til að í framtíðinni endurspegli skýrslur greiningu á áhrifum aðgerða er varða starfsmat.
— Nefndin telur að ekki sé nægjanlegt að endurskoða lög um fæðingarorlof til þess að ná markmiðinu um jafnara vægi fjölskylduábyrgðar milli karla og kvenna. Nefndin leggur því til að stjórnvöld grípi til annarra ráðstafana til þess að auka þátttöku karla í heimilisstörfum og umsjón barna og að tillit sé tekið til eðlis launaðra starfa bæði karla og kvenna innan og utan veggja heimilisins.
— Jafnframt ætti ríkisstjórnin að leggja enn meiri áherslu á að byggja upp skipulagða fræðslustarfsemi á sínum snærum sem ynni gegn hefðbundnum hugmyndum um hlutverk kynjanna og beindist að því að opna augu barna og fullorðinna.
— Nefndin mælir með því að stjórnvöld láti kanna hvort munur er á fjölda karla og kvenna í hlutastörfum þar sem slíkt getur gefið til kynna óbeina mismunun gegn konum á vinnumarkaði.
— Nefndin leggur til að sáttmálinn verði kynntur innan dómskerfisins.

— Nefndin telur, þrátt fyrir fyrra frumkvæði í þá veru, að kanna ætti mat ólaunaðra starfa karla og kvenna.
— Nefndin mælir með því að staða kvenna á landsbyggðinni verði styrkt á öllum sviðum, þar með taldir möguleikar þeirra til þess að starfa utan heimilisins.
— Nefndin hvetur íslensk stjórnvöld til þess að auka upplýsingastarfsemi sína meðal útlendra kvenna, sérstaklega er varðar réttindi kvenna á Íslandi. Til þess að tryggja vernd útlendra kvenna hvetur nefndin íslensk stjórnvöld jafnframt til þess að þau haldi áfram að veita viðeigandi heilbrigðis- og ráðgjafarþjónustu og að þau fylgist með vaxandi fjölda hjónabanda íslenskra karla og aðfluttra erlendra kvenna.
— Nefndin mælist til þess að breyting verði gerð á jafnréttislögunum til að tryggja að hvort kyn eigi a.m.k. 40% fulltrúa í opinberum nefndum og ráðum.
— Með tilvísun til árangursríkra aðgerða hvar snertir jafnréttismenntun í ýmsum skólum mælir nefndin með því að nám um jafnrétti og mannréttindi verði skylda í íslenskum skólum.
— Nefndin mælist til þess að ríkisstjórnin láti fella niðurstöður kvennarannsókna inn í endurskoðað námefni í skólum og hið sama verði gert í menntun og þjálfun kennara til þess að auðveldara verði að útrýma rótgrónum hugmyndum um hlutverk karla og kvenna.
— Nefndin hvetur ríkisstjórnina til þess að tileinka sér það viðhorf að ofbeldi gegn konum sé heilbrigðismál og greiði fyrir því að skýrslur um ofbeldi verði einnig teknar hjá þeim sem annast almenna heilsugæslu.

Þá fylgir til fróðleiks skýrsla framkvæmdastjóra skrifstofu jafnréttismála til Jafnréttisráðs, sjá fylgiskjal II.

Fylgiskjal I.

Fundur með nefnd Sameinuðu þjóðanna í Genf í janúar 1996 um framkvæmd Íslendinga á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Inngangur.

Í lok árs 1994 var skýrslu íslenskra stjórnvalda um framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna skilað og hafði dómsmálaráðuneytið veg og vanda af henni. Samkvæmt barnasáttmálanum starfar sérstök eftirlitsnefnd er fylgist með framkvæmd hans. Í desember 1995 sendi eftirlitsnefndin ítarlegan spurningalista um atriði sem hún vildi fá nánari skýringar á til undirbúnings fyrirhuguðum fundi með fulltrúum íslenskra stjórnvalda. Svör við þessum spurningum voru unnin af hálfu dómsmálaráðuneytis, ásamt þeim fagráðuneytum sem málið varðaði, þ.e. félagsmálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti og menntamálaráðuneyti. Dagana 16. og 17. janúar 1996 boðaði eftirlitsnefndin fulltrúa íslenskra stjórnvalda til fundar um skýrsluna. Eftirtaldir skipuðu íslensku sendinefndina:

Gunnar Snorri Gunnarsson, sendiherra í fastanefnd Íslands í Genf,
Björg Thorarensen deildarstjóri, fulltrúi dómsmálaráðuneytis,
Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, fulltrúi félagsmálaráðuneytis,
Dögg Pálsdóttir hdl., fulltrúi heilbrigðisráðuneytis,
Hrólfur Kjartansson skrifstofustjóri, menntamálaráðuneytinu.

Nú liggja fyrir lokaathugasemdir eftirlitsnefndarinnar um framkvæmd Íslands á barnasáttmálanum í kjölfar fundarins og eru þær til í íslenskri þýðingu. Hér verður gerð grein fyrir aðalatriðum þessara athugasemda. Athugasemdunum má skipta í þrennt, það sem nefndin lýsir ánægju sinni með, helstu áhyggjuefni og loks ábendingar og tilmæli.

Athugasemdir eftirlitsnefndarinnar.

Jákvæð atriði:

1. Um leið og eftirlitsnefndin þakkaði íslenskum stjórnvöldum yfirgripsmikla skýrslu um framkvæmd samningsins lýsti nefndin yfir ánægju með þá sjálfsgagnrýnu aðferð sem viðhöfð var við meðferð málsins. Nærvera sendinefndar háttsettra fulltrúa gerði nefndinni kleift að eiga uppbyggilegar viðræður við fólk sem beinlínis fæst við framkvæmd sáttmálans.

2. Nefndin fagnar þeirri yfirlýsingu sendinefndarinnar að yfirlýsingar sem Ísland gerði við fullgildingu samningsins varðandi 1. mgr. 9. gr. og c-lið 37. gr. kunni að verða endurskoðaðar með tilliti til afturköllunar þeirrar síðar. Greinar þessar varða annars vegar það að ákvarðanir um aðskilnað barns frá foreldrum sínum skuli vera háðar endurskoðun dómstóla (9. gr.) og hins vegar að hverju því barni sem svipt er frjálsræði sínu skuli haldið aðskildu frá fullorðnum nema ástæður mæli gegn því (37. gr.).

3. Nefndinni er það ánægjuefni að veita athygli aukinni mannréttindavernd í stjórnarskránni, almennt, þar á meðal einkum aukinni vernd réttinda barna. Fagnar nefndin því sérstaklega að ákvæði sem beinlínis byggist á 2. mgr. 3. gr. samningsins hefur verið fellt inn í stjórnarskrána. Nefndin veitir því jafnframt athygli, eins og segir í lokaathugasemdum hennar, að Ísland hefur nýlega fullgilt mikilvæga gerninga á sviði þjóðaréttar, svo sem Haagsamninginn um einkaréttarleg áhrif af brottnámi barna til flutnings milli landa og Evrópusamninginn um viðurkenningu og fullnustu ákvarðana varðandi forsjá barna og endurheimt forsjár barna. Þarna gætir nokkurrar ónákvæmni af hálfu eftirlitsnefndarinnar þar sem þessir samningar hafa ekki enn verið fullgiltir enda þótt Alþingi hafi afgreitt lög þar að lútandi nú í vetur. Þá kemur fram í lokaathugasemdum nefndarinnar að þeirri fyrirætlun stjórnvalda að fullgilda í náinni framtíð samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, nr. 138, um lágmarksaldur til launaðra starfa sé einnig veitt athygli með velþóknun. Þarna gætir jafnframt nokkurs misskilnings hjá nefndinni þar sem slík ákvörðun liggur ekki fyrir að hálfu íslenskra stjórnvalda. Hið rétta er að þetta mál hefur verið til sérstakrar meðferðar af hálfu félagsmálaráðuneytisins og liggja niðurstöður enn ekki fyrir.

4. Nefndin fagnar stofnun embættis umboðsmanns barna og hlutverki þess við að kynna réttindi barna meðal almennings og að stuðla að því að fylgt sé þjóðréttarlegum samningum sem Ísland hefur fullgilt og varða þau réttindi, m.a. samninginn.

5. Nefndin fagnar einnig stofnun Barnaverndarstofu á síðastliðnu ári. Starf hennar sem miðstjórnarvalds, er veitir barnaverndarnefndum aukinn stuðning, skipuleggur fræðslu fyrir fólk sem tekur sæti í barnaverndarnefndum og veitir fósturforeldrum upplýsingar og undirbýr þá undir hlutverk sitt, er afar mikilvægt til að bæta framkvæmd þeirra réttinda sem talin eru í samningnum.

6. Nefndin viðurkennir það sem stjórnvöld hafa gert til að leita nýrra leiða við að tryggja árangursríka kynningu á samningnum, svo sem stofnun samstarfshóps ráðuneyta í því skyni.

7. Nefndin fagnar stofnun slysavarnarráðs árið 1994, einkum með tilliti til þess hve slys, sem börn verða fyrir á heimilum og annars staðar, eru algeng á Íslandi.

8. Nefndin fagnar því frumkvæði menntamálaráðuneytis að setja á fót samstarfsnefnd margra ráðuneyta til að móta heildarstefnu í málefnum innflytjenda og samræma störf stjórnvalda í þeim málaflokki. Jafnframt lýsir nefndin ánægju með að frá hausti 1993 hafi verið sérstök áætlun í gangi um menntunarmál innflytjenda á öllum skólastigum, frá leikskólum til framhaldsskóla svo og í fullorðinsfræðslu.

9. Nefndin lítur á stofnun flóttamannaráðs sem skipuleggi komu og móttöku flóttamanna til Íslands sem mjög jákvæða aðgerð. Nefndin fagnar jafnframt fyrirhugaðri lagabreytingu sem fellir úr gildi þá kröfu að umsækjandi um íslenskt ríkisfang skuli bæta íslensku nafni við upphaflega nafn sitt.

10. Hvað snertir 2. mgr. 7. gr. samningsins, sem lýtur að rétti barns til ríkisfangs, veitir nefndin með velþóknun athygli þeim ásetningi sem sendinefndin lýsti að tillögur muni verða lagðar fram á Alþingi af ríkisstjórninni sem fjalli sérstaklega um aðstöðu ríkisfangslausra barna.

Helstu áhyggjuefni:

11. Nefndin leggur áherslu á að í samningnum er kveðið á um vernd og umönnun barna og sérstaklega um viðurkenningu barna sem aðila er njóti sjálfstæðra réttinda. Nefndin telur að þessi grundvallaratriði samningsins endurspeglist ekki enn fyllilega í íslenskum lögum.

12. Nefndin minnir á að samningurinn hefur ekki verið tekinn upp í landslög og tekur fram að það sé henni áhyggjuefni að skorta kunni á að samningurinn endurspeglist að fullu í landslögum og reglugerðum.

13. Nefndin leggur áherslu á að samræmd séu þau markmið sem mismunandi ríkisstofnanir, er fást við málefni barna, hafa markað innan eigin vébanda. Með tilliti til mikils sjálfsforræðis sveitarfélaga á Íslandi, m.a. á sviði verndar og velferðar barna, lýsir nefndin áhyggjum sínum yfir því að ekki eru fyrir hendi úrræði til að samræma ákvarðanatöku og starfsemi á þessu sviði á milli ríkisvalds og sveitarstjórna og á milli sveitarstjórna innbyrðis.

14. Sá mismunur sem er á fjárveitingum til verndar og velferðar barna eftir stjórnsýslusvæðum er nefndinni öðru fremur umhugsunarefni. Þetta getur að mati hennar leitt til mismununar milli barna er búa á mismunandi svæðum, til dæmis hvað snertir menntun og umönnun eftir skólatíma.

15. Um leið og nefndin veitir athygli því sem gert hefur verið til að kynna samninginn meðal nemenda á öllum skólastigum vill hún geta þess að enn hefur ekki verið ákveðið að mannréttindi almennt og sérstaklega réttindi barna verði meðal námsefnis á öllum skólastigum.

16. Nefndin telur það áhyggjuefni að skortur er á að veitt sé heildstæð og kerfisbundin leiðsögn um réttindi barna og að þau nýti sér þau réttindi. Þetta á við um fagfólk sem starfar fyrir börn og með börn, svo sem kennara og starfsfólk á sviði félagsmála, eða þá sem afskipti hafa af börnum, svo sem lögreglumenn, lögmenn, dómara og lækna.

17. Nefndin getur þess að langur vinnutími foreldra kunni að ganga gegn þeim meginhagsmunum barna að dveljast með fjölskyldu sinni. Nægjanlegar ráðstafanir hafa ekki verið gerðar til að koma í veg fyrir að börn séu ein heima meðan foreldrar eru í vinnu. Í þessu samhengi er skortur á dagvistunarrými áhyggjuefni.

Umræður á fundi fulltrúa Íslands með eftirlitsnefndinni.

Í fyrirpurninni er sérstaklega óskað eftir að gerð sé grein fyrir þeim skýringum sem íslensk stjórnvöld gáfu. Nú er þess að geta að sendinefnd Íslands gafst ekki tækifæri til að gefa skýringar er varðar athugasemdir nefndarinnar sérstaklega þar sem ekki var gengið frá þeim fyrr en að loknum fundi. Hins vegar var á fundinum fjallað um flest atriðin sem athugasemdir nefndarinnar snerta. Raunar hafði nefndin óskað sérstaklega eftir upplýsingum um mörg þeirra atriða sem sendar höfðu verið nefndinni fyrir fundinn. Svör við þeim spurningum má fá í dómsmálaráðuneyti.

Fundurinn með eftirlitsnefndinni stóð í einn og hálfan dag og var umræðuefnum skipt niður í samræmi við uppbyggingu barnasamningsins. Á fundinum komu fram fjölmargar fyrirspurnir um framkvæmd mála sem með einum eða öðrum hætti snerta þau viðfangsefni sem barnasamningurinn fjallar um.

Fylgiskjal II.

Elsa S. Þorkelsdóttir:

Skýrsla um ferð til New York, dagana 17.–24. janúar 1996, vegna skýrslu íslenskra stjórnvalda um framkvæmd samnings Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum.

(7. febrúar 1996.)

Tilgangur fararinnar var að fylgja eftir og svara fyrirspurnum hjá nefnd Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum (CEDAW-nefndinni) vegna skýrslu íslenskra stjórnvalda frá 1991 um framkvæmd CEDAW-samningsins. Fulltrúar Íslands voru Páll Pétursson félagsmálaráðherra, Berglind Ásgeirsdóttir ráðuneytisstjóri, Sturla Sigurjónsson í fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og undirrituð.

Skýrsla Íslands var bæði fyrsta skýrsla íslenskra stjórnvalda og fyrsta tímabilsskýrsla eða „first inital and first periodic report". Skýrsla Íslands hefur ekki áður verið tekin á dagskrá nefndarinnar. Að beiðni fastanefndar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum hafði ræða Íslands verið send út á undan til dreifingar meðal nefndarmanna. Þegar út var komið uppgötvaðist fljótt að ræðunni hafði ekki verið dreift og nefndarmenn höfðu t.d. ekki Peking-skýrslu íslenskra stjórnvalda sér til upplýsingar.

Páll Pétursson félagsmálaráðherra flutti ræðu íslenskra stjórnvalda fimmtudaginn 18. janúar. Hún var mjög ítarleg þótt hún hafi verið stytt nokkuð á síðustu stundu. Ástæðan var fyrst og fremst sú að þar sem liðin voru tæp fimm ár frá því að skýrslan var samin var ákveðið að kynna nokkuð ítarlega hvað gert hefði verið síðan. Ræðunni var dreift á fundinum. Í framhaldi af ræðunni og að afloknu hádegisverðarhléi voru fyrirspurnir frá nefndarmönnum til fulltrúa Íslands. Fyrirspurnirnar voru munnlegar en reynt var að fylgja eftir ákvæðum samningsins og ræðunni. Þó var það ekki alveg og varð því fyrst að setja spurningarnar upp og flokka þær áður en farið var að semja svör.

Mjög margar spurningar voru bornar fram og var það mat finnska fulltrúans í nefndinni sem við ræddum við að fundinum loknum að þó svo að andrúmsloftið hafi verið jákvætt hafi fjöldi spurninga verið í meira lagi. Nokkrum spurninganna verður ekki svar-

að fyrr en í næstu skýrslu og voru þær skráðar sérstaklega. Flestum spurningum var hins vegar svarað miðvikudaginn 24. janúar og var þeim svörum dreift skriflega. Jafnframt sátum við þá fyrir svörum til að fylgja eftir fyrri spurningum.

Nokkrar spurningar voru bornar fram í framhaldi af þessum svörum okkar sem við svöruðum strax. Það var mat okkar að vel hefði tekist til. Þó hafði skrifstofa CEDAW-nefndarinnar hvorki dreift ræðu ráðherra fyrir fundinn né að því er virtist þeim tveimur skuggaskýrslum sem nefndinni höfðu verið sendar.

Nefndin sendi frá sér tvær fréttatilkynningar. Þá fyrri eftir að ráðherra hafði flutt ræðu sína og nefndin hafði spurt spurninganna en þá síðari eftir að við svöruðum.

Í fréttatilkynningunum er farið yfir skýrsluna, ræðu ráðherra, spurningar nefndarmanna og svör okkar. Bent er á skort á tölfræði í skýrslunni, fagnað er lagasetningu sem gerir ríkissjóð ábyrgan fyrir bótum til þolenda ofbeldis. (Nefndin talar um þolendur heimilisofbeldis en sá misskilningur er fyrst og fremst til kominn af því að við lögðum áherslu á að þessi lagasetning væri mikil réttarbót fyrir konur og að algengasta ofbeldi gagnvart konum væri heimilisofbeldi.) Óskað er nánari upplýsinga um kvennahreyfingar á Íslandi, lýst áhyggjum af raunverulegum möguleikum stjórnsýslukerfisins á sviði jafnréttismála til aðgerða, þar með töldum möguleikum kærunefndar til að vernda konur gegn misrétti, hvort konur sem til nefndarinnar leita verði fyrir frekara misrétti í samfélaginu og að lokum hvort dómstólar væru undir það búnir að vernda konur á þessu sviði. Bein tillaga kom fram um að íslensk stjórnvöld stæðu fyrir námskeiði fyrir dómara um mannréttindamál, þar með talin mannréttindi kvenna. Sú staðreynd að Jafnréttisráð er samkvæmt lögum ráðgefandi (an advisory body) en ekki framkvæmdaaðili með raunverulegt vald til aðgerða (policy making body) vakti nokkur viðbrögð. Athugasemdir komu fram um að hlutfall kvenna á þingi og í opinberum nefndum væri lágt og fylgdi ekki hlutfalli kvenna í sveitarstjórnum, með æðri menntun og í stjórnkerfinu. Athugasemd kom fram um að Ísland eitt Norðurlanda hefði ekki á dagskrá stofnun embættis jafnréttisumboðsmanns og áhersla var lögð á nauðsyn kennslu í mannréttindum í skólum.

Lokaorð.

Íslandi bar að senda inn nýja skýrslu á árinu 1995 sem það hefur ekki gert. Utan fundar komu fram upplýsingar um að Ástralar hefðu, eftir að hafa fylgt eftir skýrslu sinni með ítarlegri ræðu, óskað bréflega eftir að sú ræða yrði metin sem ný skýrsla. Það hefði verið samþykkt enda slíkt í reynd í þágu nefndarinnar sem er verulega á eftir í eftirliti sínu með skýrslum frá löndunum. Félagsmálaráðuneytið mun kanna þann möguleika.

Norðurlöndin að Íslandi frátöldu hafa frá upphafi átt einn fulltrúa í CEDAW og kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna. Þátttaka í CEDAW og kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna var nokkuð rædd meðal Íslendinganna. Starfsmenn fastanefndar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum lögðu áherslu á að ef Ísland óskaði eftir að bjóða sig fram í næsta norræna sæti, sem kosið er í eftir fjögur ár, þyrfti að fara að vinna að því sem fyrst. Félagsmálaráðuneytið mun kanna áhuga á að slík vinna verði hafin.

Athygli var vakin á breytingartillögu við 20. gr. samningsins en sú grein fjallar um fundi CEDAW-nefndarinnar. Samkvæmt greininni á nefndin að funda einu sinni á ári, að jafnaði í tvær vikur. Tímamörkin hafa háð starfi nefndarinnar verulega. Norðurlöndin fluttu sameiginlega tillögu til breytingar á þessari grein þar sem lagt var til að tímamörkin yrðu felld brott. Tillagan var samþykkt árið 1995. Ísland hefur ekki fullgilt þessa breytingu. Ákveðinn fjölda landa þarf til að breytingin taki gildi og hefur þeim fjölda enn ekki verið náð. Nauðsynlegt er að Ísland staðfesti framangreinda breytingu sem fyrst.

Í þeim gögnum, sem við höfum frá nefndinni, kemur fram að 21. gr. samningsins er til skoðunar hjá henni en svo virðist sem nefndin geti einungis gert athugasemdir við t.d. skýrslur landa í sinni árlegu skýrslu til allsherjarþingsins í gegnum fjárhags- og félagsmálanefnd Sameinuðu þjóðanna. Þannig hafi nefndin ekki heimild til að koma með beinar tillögur til þess lands sem á dagskrá nefndarinnar er tekið, eins og t.d. barnanefnd Sameinuðu þjóðanna getur varðandi barnasáttmálann. Rétt þykir að vekja athygli á þessu ef áhugi er hjá íslenskum stjórnvöldum eða einstökum þingmönnum að styðja við nefndina að þessu leyti. Víst er að þessi ákvæði samningsins, borin saman við t.d. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, eru mjög veik.

618. Svar [288. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Ástgeirsdóttur um stöðu kvenna innan löggæslunnar.

1. *Hversu margar konur starfa nú við löggæslu hér á landi og hvert er hlutfall þeirra*
   a. hjá lögregluembættum landsins,
   b. hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins?

25 konur voru fastráðnar í lögreglu ríkisins 1. janúar 1996. Á sama tíma var heildarfjöldi lögreglumanna 610. Hlutfall kvenna er þannig 4,1%.

Þrjár konur eru starfandi hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Þar starfa nú 45 lögreglumenn og er hlutfall kvenna þar 6,7%.

2. *Hvert er hlutfall kvenna í löggæslu hér miðað við önnur norræn lönd?*

Í Danmörku er fjöldi kvenna í lögreglu 573 af 10.370 eða um 5,5%.
Í Noregi er fjöldi kvenna í lögreglu 420 af um 6.000 eða um 7%.
Í Svíþjóð er hlutfall kvenna í lögreglu um 15%.
Í Finnlandi er fjöldi kvenna í lögreglu 475 af 8.516 eða um 5,6%.

3. *Hvernig hefur verið staðið við lið 1.1 (staða kynja hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins) í Framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna frá 7. maí 1993?*

Í samræmi við markmið framkvæmdaáætlunarinnar hafa auglýsingar um lausar stöður verið orðaðar með þeim hætti að konur eru sérstaklega hvattar til að sækja um stöðurnar. Á tímabilinu hafa losnað þrjár stöður rannsóknarlögreglumanna og tvær stöður lögfræðinga. Í þrjár stöður fastráðinna lögreglumanna hafa verið skipuð ein kona og tveir karlar. Í tvær stöður lögfræðinga hafa verið ráðin ein kona og einn karl.

Varðandi hlutastörf og sveigjanlegan vinnutíma má geta þess að nýlega sótti rannsóknarlögreglukona um að vinna hlutastarf af fjölskylduástæðum og var fallist á þá beiðni.

4. *Hversu mikið hefur konum fjölgað við löggæslu hér á landi undanfarin fimm ár?*

Árið 1990 voru 18 konur starfandi í lögreglu af samtals 605 lögreglumönnum á öllu landinu eða tæp 3%. Á síðastliðnum fimm árum hefur konum í lögreglu fjölgað um 38,9%. Hlutfall kvenna í lögreglu hefur þó einungis hækkað í 4,1% eða um 1,1%.

5. *Hvaða markmið hefur dómsmálaráðuneytið sett sér um fjölgun kvenna við löggæslu, sbr. 5. og 7. gr. jafnréttislaga, og til hvaða aðgerða hefur verið gripið?*

Dómsmálaráðuneytið hefur sett sér þau markmið að fjölga konum í lögreglu ríkisins verulega. Markið hefur ekki verið sett við neina ákveðna prósentutölu en fyrsta skrefið verður væntanlega að ná hlutfallinu upp í það sem best gerist á Norðurlöndum.

Í bréfi, sem dómsmálaráðuneytið sendi öllum forstöðumönnum embætta og stofnana á þess vegum 19. janúar 1995, var athygli forstöðumannanna vakin á efni þingsályktunar sem samþykkt var á Alþingi 7. maí 1993 um Framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna (þskj. 1230 á 116. löggjafarþingi). Sérstaklega var bent á ákvæði 1., 2. og 5. gr. framkvæmdaáætlunarinnar.

Forstöðumenn embætta og stofnana voru hvattir til að kynna sér efni þingsályktunarinnar í heild sinni og móta starfsmannastefnu í samræmi við hana. Sérstaklega voru forstöðumenn þeirra stofnana sem fjallað var um í kafla B.1, tölul. 1.1 og 1.3, í þingsályktuninni hvattir til að vinna að þeim markmiðum sem Alþingi setti þar fram.

Í bréfinu var forstöðumönnunum bent á að hlutfall kvenna í lögreglu ríkisins væri mjög lágt og var í því sambandi vísað til 5. gr. laga nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sem leggur atvinnurekendum þá skyldu á herðar að jafna stöðu kynjanna innan stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf.

Dómsmálaráðuneytið hefur síðan fylgt málinu eftir með því að lögreglustjórum hefur verið bent á að hvetja konur til að sækja um stöður í lögreglu samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. jafnréttislaga, nr. 28/1991.

Meginforsenda þess að konum fjölgi í lögreglu ríkisins er að gera löggæslunám aðgengilegt fyrir konur. Liður í því er að kynna löggæslustörf og löggæslunám með þeim hætti að konur telji það vænlegan kost.

Í frumvarpi til lögreglulaga, sem dómsmálaráðherra hyggst leggja fram á Alþingi innan skamms, er stigið stórt skref í þá átt að opna skólann og gera hann aðgengilegri en verið hefur. Í athugasemdum með frumvapinu er svohljóðandi kafli um bætta stöðu kvenna í lögreglu:

„Um áramótin 1995/1996 voru einungis 25 konur við störf sem lögreglumenn í lögreglu ríkisins eða rúmlega 4% af heildarfjölda lögreglumanna. Hlutfall kvenna í starfsliði lögreglustjóra var þó nokkru hærra. Nokkuð hefur verið gert til að bæta hér úr en svo lágt hlutfall kvenna í lögreglu er óviðunandi. Lögreglustjórum hefur m.a. verið bent á að setja í auglýsingar um lausar stöður innan lögreglu sérstaka hvatningu til kvenna um að sækja um stöðurnar. Hlutastörf í lögreglu hafa verið fátíð og vinnutími oft á tíðum ósveigjanlegur. Þetta ásamt fleiru hefur ekki laðað konur að lögreglustörfum og eins hafa reglur um lágmarkshæð þrengt verulega þann hóp kvenna sem átt hefur þess kost að komast í Lögregluskóla ríkisins.

Í þessu frumvarpi eru nokkur nýmæli sem eru til þess fallin að auðvelda konum inngöngu í lögreglu. Má þar helst nefna breytingar á ákvæðum um inntöku nema í lögregluskólann í 38. gr., sbr. einnig fyrirætlanir um að færa niður lágmarkshæð kvenna með nýrri reglugerð um skólann.“

Dómsmálaráðherra hefur nýlega skipað fimm manna nefnd til að kanna stöðu kvenna innan lögreglunnar. Nefndinni er ætlað að gera tillögur að úrbótum á þeim sviðum innan lögreglu ríkisins þar sem talin verður þörf á að bæta stöðu kvenna. Starfshópnum er einnig ætlað að gera tillögur um aðgerðir sem leitt geti til fjölgunar kvenna í lögreglu ríkisins.

6. *Hversu margar konur skipa yfirmannsstöður innan löggæslunnar?*

Af þeim 25 konum sem nú eru starfandi í lögreglu ríkisins er ein lögreglufulltrúi, tvær varðstjórar, fjórar í sérhæfðum störfum, þrír rannsóknarlögreglumenn og 15 í almennum lögreglustörfum. Í 38 manna hópi yfirlögregluþjóna og aðstoðaryfirlögregluþjóna er engin kona.

619. Svar [290. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um störf dómara á vegum framkvæmdarvaldsins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margir dómarar (hæstaréttar- og héraðsdómarar) eiga sæti í nefndum á vegum framkvæmdarvaldsins eða hefur verið falið að vinna einstök verkefni fyrir framkvæmdarvaldið? Við hvaða dómstóla starfa þeir? Hvernig skiptast þessar nefndir milli ráðuneyta og hvenær voru þær síðast skipaðar? Ef um einstök verkefni er að ræða, þá hvaða verkefni, á síðustu fjórum árum, og hjá hvaða ráðuneytum.*
2. *Hversu margir dómarar sitja í nefndum á vegum framkvæmdarvaldsins vegna lagaákvæða þar um? Um hvaða nefndir er að ræða?*
3. *Hefur verið haft samráð við dómsmálaráðuneytið þegar önnur ráðuneyti hafa skipað dómara í nefndir eða falið dómurum önnur verkefni á sínum vegum?*
4. *Telur ráðherra það samrýmast því meginmarkmiði réttarfarsbreytinganna 1992 að dómarar, sem skulu vera umboðsstarfalausir, gegni stjórnsýslustörfum og kveði jafnvel upp stjórnsýsluúrskurði?*
5. *Telur ráðherra það vera í samræmi við hlutleysi dómsvaldsins að starfandi dómarar eigi þátt í að semja frumvörp til laga er þeir eiga síðar að dæma eftir?*

Brugðist var við fyrirspurninnni með þeim hætti að senda öðrum ráðuneytum erindi þar sem óskað var eftir svörum við þremur fyrstu spurningunum hvað hlutaðeigandi ráðuneyti varðaði. Svarið við þremur fyrstu liðum fyrirspurnarinnar er byggt á þeim svörum og upplýsingum úr dómsmálaráðuneyti. Ekki var leitað upplýsinga hjá einstökum stofnunum framkvæmdarvaldsins og er ekki loku fyrir það skotið að dómarar hafi unnið að verkefnum fyrir einhverjar framkvæmdarvaldsstofnanir þó að upplýsingar liggi ekki fyrir um það í ráðuneytunum.

1. Samkvæmt svörum ráðuneytanna eiga 22 dómarar sæti í nefndum á vegum ráðuneytanna, þar af níu hæstaréttardómarar og 13 héraðsdómarar. Sumar þessar nefndir eru skipaðar til að vinna að tímabundnum verkefnum en ekkert ráðuneyti hefur falið dómara að vinna einum og sér einstök verkefni fyrir framkvæmdarvaldið. Geta má þess að sex dómarar eru varamenn í nefndum. Þá eru sex fyrrverandi hæstaréttardómarar í nefndum á vegum ráðuneytanna. Svörin við 2.–5. spurningu miðast við starfandi dómara sem eru aðalmenn í nefndum.

Þess má geta að tveir hæstaréttardómaranna sitja í nefnd til ráðuneytis um undirbúning og framkvæmd byggingar Hæstaréttarhúss.

Níu dómaranna starfa í Hæstarétti Íslands. Af héraðsdómurunum starfa tólf í héraðsdómi Reykjavíkur en einn í héraðsdómi Reykjaness.

Um skiptingu nefnda milli ráðuneytanna vísast til eftirfarandi töflu.

Ráðuneyti	Hæstaréttar-dómarar	Héraðs-dómarar	Samtals	Þar af lögbundnar	Fyrrverandi	Til vara
Forsætisráðuneyti	1	1	2	0	0	0
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	6	3	9	2	4	3
Félagsmálaráðuneyti	0	4	4	0	0	2
Fjármálaráðuneyti	0	0	0	0	0	0
Hagstofa Íslands	0	0	0	0	0	0
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	0	1	1	0	0	0
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti	0	2	2	0	0	2
Landbúnaðarráðuneyti	1	0	1	1	0	0
Menntamálaráðuneyti	0	1	1	0	1	0
Samgönguráðuneyti	0	0	0	0	0	0
Sjávarútvegsráðuneyti	0	1	1	0	0	1
Umhverfisráðuneyti	0	0	0	0	0	0
Utanríkisráðuneyti	1	0	1	0	0	0
Samtals	**9**	**13**	**22**	**3**	**5**	**8**

Hér á eftir fer upptalning á þeim nefndum sem dómarar sitja í á vegum ráðuneyta. Þá er þess einnig getið hvenær dómarar voru síðast skipaðir í hlutaðeigandi nefnd. Í einstaka tilvikum lágu slíkar upplýsingar ekki fyrir.

1. Forsætisráðuneyti: Einn dómari í nefnd.
   a. Nefnd til að semja frumvarp um eignarhald að afréttum. Hæstaréttardómari og héraðsdómari eiga sæti í nefndinni. Hæstaréttardómarinn var ekki orðinn dómari þegar hann var skipaður í nefndina.
   b. Úthlutunarnefnd söfnunarfjár vegna náttúruhamfaranna á Súðavík. Nefndin hefur lokið störfum. Hæstaréttardómari var formaður nefndarinnar.
2. Dóms- og kirkumálaráðuneyti: Níu dómarar í nefndum.
   a. Dómnefnd skv. 2. mgr. 5. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989.
   b. Tölvunefnd skv. 30. gr. laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, nr. 121/1989. Héraðsdómari síðast skipaður 1. janúar 1994.
   c. Gjafsóknarnefnd skv. 2. mgr. 125. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Héraðsdómari síðast skipaður 1. júlí 1996.
   d. Réttarfarsnefnd. Tveir hæstaréttardómarar voru síðast skipaðir í nefndina 13. nóvember 1994.
   e. Sifjalaganefnd. Hæstaréttardómari situr í nefndinni.
   f. Nefnd til að vera til ráðuneytis um undirbúning og framkvæmd byggingar Hæstaréttarhúss. Tveir hæstaréttardómarar eiga sæti í nefndinni.
   g. Ritnefnd Lagasafns. Einn hæstaréttardómari er í nefndinni og er hann jafnframt ritstjóri.

h. Nefnd til að athuga hvort taka eigi upp það fyrirkomulag að ríkissjóður ábyrgist greiðslur dæmdra bóta vegna kynferðisbrota eða annarra grófra ofbeldisbrota. Nefndin hefur lokið störfum. Héraðsdómari átti sæti í nefndinni.

3. Félagsmálaráðuneyti: Fjórir dómarar í nefndum.
   a. Úrskurðarnefnd félagsþjónustu skv. 1. mgr. 67. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Einn héraðsdómari skipaður formaður frá 4. janúar 1996.
   b. Kærunefnd fjöleignarhúsamála, skv. 79. gr. laga nr. 26/1994. Héraðsdómari skipaður formaður nefndarinnar 15. febrúar 1995.
   c. Kærunefnd húsaleigumála skv. 84. gr. laga nr. 36/1994. Héraðsdómari skipaður formaður nefndarinnar 15. febrúar 1995.
   d. Barnaverndarráð. Héraðsdómari skipaður formaður ráðsins frá 1. janúar 1993.
   e. Kærunefnd jafnréttismála. Héraðsdómari átti sæti í kærunefndinni til 31. desember 1995. Héraðsdómari skipaður varamaður í nefndinni frá 1. júní 1994.
   f. Félagsdómur. Um er að ræða sérdómstól en ekki stjórnsýslunefnd: Þeir tveir héraðsdómarar, sem sæti eiga í dóminum, eru því ekki taldir með í töflu hér að framan.
4. Fjármálaráðuneyti: Enginn dómari í nefnd.
5. Hagstofa Íslands. Enginn dómari í nefnd.
6. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti: Einn dómari í nefnd.
   Nefnd skv. 28. gr. laga um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir. Héraðsdómari síðast skipaður 18. október 1995.
7. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti: Tveir dómarar í nefndum.
   a. Úrskurðarnefnd skv. 19. gr. laga um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992. Héraðsdómari síðast skipaður 9. október 1995.
   b. Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálastofnanir. Héraðsdómari síðast skipaður 26. september 1995.
8. Landbúnaðarráðuneyti: Einn dómari í nefnd.
   Yfirmatsnefnd skv. 2. málsl. 3. mgr. 95. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970. Upplýsingar skortir um hvenær hæstaréttardómari var síðast skipaður í nefndina.
9. Menntamálaráðuneyti: Einn dómari í nefnd.
   Úrskurðarnefnd, skv. 57. gr. höfundalaga, nr. 73/1972, til að úrskurða um ágreining í höfundarréttarnefnd um fjárhæð þóknunar samkvæmt höfundalögum. Héraðsdómari skipaður í nefndina í apríl 1995.
10. Samgönguráðuneyti: Enginn dómari í nefnd.
11. Sjávarútvegsráðuneyti: Einn dómari í nefnd.
    Úrskurðarnefnd samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, nr. 84/1995. Upplýsingar skortir um hvenær héraðsdómari var skipaður í nefndina.
12. Umhverfisráðuneyti: Enginn dómari í nefnd.
13. Utanríkisráðuneyti: Einn dómari í nefnd.
    Skaðabótanefnd samkvæmt lögum nr. 110/1951. Hæstaréttardómari síðast skipaður 15. júní 1991.

Ekkert ráðuneytanna hefur falið dómurum einum og sér einstök verkefni á síðustu fjórum árum. Aftur á móti eru sumar nefndirnar skipaðar til að vinna að afmörkuðum tímabundnum verkefnum.

2. Aðeins tveir dómarar virðast sitja í nefndum vegna sérstakrar lagaskyldu. Umrædd lagaákvæði eru eftirfarandi:

a. Dómsmálaráðuneyti:
   Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, skal einn þriggja manna í nefnd til að meta hæfni umsækjenda um stöður héraðsdómara vera héraðsdómari tilnefndur af Dómarafélagi Íslands.
b. Landbúnaðarráðuneyti:
   Samkvæmt 2. málsl. 3. mgr. 95. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, skipar landbúnaðarráðherra þrjá menn í yfirmatsnefnd, þar af einn meðal dómara Hæstaréttar.

3. Öll ráðuneyti, sem skipað hafa dómara í nefndir, hafa svarað þessari spurningu neitandi og jafnframt kannast dómsmálaráðuneytið ekki við að slíkt samráð hafi verið haft.

4. Tólf dómarar sitja í jafnmörgum stjórnsýslunefnum sem falið er úrskurðarvald lögum samkvæmt með einum eða öðrum hætti.

Með lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, voru sýslumenn sviptir dómsvaldi. Settir voru á stofn átta héraðsdómstólar en við þá starfa 39 dómarar og 13 löglærðir dómarafulltrúar með takmarkað dómsvalds. Eftir þessar róttæku breytingar á réttarfari fara dómarar nánast með engin þau störf sem talist geta umboðsstörf eða framkvæmdarvaldsstörf. Þeirra hlutverk er fyrst og fremst að skera úr réttarágreiningi, dæma um sekt eða sakleysi og ákvarða brotlegum refsingu. Segja má að óvíða séu skilin milli dómsvaldsins og hinna tveggja þátta ríkisvaldsins skarpari en hér á landi.

Talið er að aukastörf dómara geti verið til þess fallin að skerða sjálfstæði þeirra. Um aukastörf dómara eru ekki til önnur lagaákvæði en fram koma í 34. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954. Hér á landi er ekki til að dreifa skráðum reglum um hvaða aukastörf dómarar geti tekið að sér utan ákvæði um að þeir megi ekki stunda lögmannsstörf af neinu tagi. Ráðuneytið telur að dómarar hafi í framkvæmd gætt þess vel að taka ekki að sér aukastörf sem ekki teljast við hæfi. Um öll aukastörf dómara gildir sú regla að þau megi ekki koma niður á dómarastarfinu.

Erfitt er að setja allar þær nefndir sem dómarar sitja undir einn hatt. Með skipun dómara í nefndir er í flestum tilvikum verið að sækjast eftir þeirri sérþekkingu sem dómarar búa yfir. Þessi þekking er komin til með ýmsum hætti, svo sem með sérhæfðu námi eða störfum manna áður en þeir gerðust dómarar. Í öðrum tilvikum er sóst eftir þeirri reynslu sem menn öðlast í dómarastarfinu af því að skera úr ágreiningi milli manna. Þessi reynsla kemur að góðu haldi í úrskurðarnefndum af ýmsu tagi. Verkefni fæstra nefndanna eru viðamikil og margar þeirra hafa afmörkuð verkefni og koma sjaldan saman.

Ljóst er að tímafrek nefndarstörf geta komið niður á dómarastörfum, tímabundið eða varanlega, og geta þannig verið óæskileg. Þá gerir seta dómara í nefndum, sem kveða upp stjórnsýsluúrskurði, það að verkum að dómarinn verður vanhæfur til að dæma í málinu ef það kemur síðar fyrir dómstóla. Þar sem ekki er ýkja algengt að slíkum stjórnsýsluúrskurðum sé skotið til dómstóla og að á stærri dómstólunum eru margir dómarar skapar þetta ekki vandræði og eykur ekki kostnað ríkissjóðs. Málunum er einfaldlega úthlutað til annarra dómara en þeirra sem tekið hafa þátt í meðferð þeirra í nefndum. Í dómstólum þar sem aðeins einn dómari starfar gæti þetta hins vegar valdið því að dómarinn þyrfti að víkja sæti og setja þyrfti annan til meðferðar málsins.

Þegar tekið er tillit til kosta og galla þess að dómarar sitji í stjórnsýslunefndum verður að telja að í fæstum tilvikum geti slík nefndarseta komið að sök, nema starfsemi nefndanna verði svo tímafrek að nefndarstarfið komi niður á dómarastarfinu. Kostir þess að nýta reynslu dómara í úrskurðarnefndum eru hins vegar ótvíræðir.

5. Fimm dómarar eiga sæti í þremur nefndum sem ætlað er að semja lagafrumvörp. Tveir hæstaréttardómarar eiga sæti í réttarfarsnefnd en sú nefnd semur eða fjallar um lagafrumvörp á sviði dómsýslu og réttarfars. Þá á einn hæstaréttardómari sæti í sifjalaganefnd.

Tveir dómarar eiga sæti í nefnd á vegum forsætisráðuneytisins sem ætlað er að vinna að löggjöf um afrétti. Annar nefndarmanna var skipaður áður en hann var skipaður dómari. Nefndin mun fyrir nokkru hafa skilað af sér drögum að frumvarpi.

Dómarar búa yfir gagnlegri þekkingu og reynslu á mörgum sviðum sem ómetanleg er við samningu lagafrumvarpa. Hér á landi eru mörg svið innan lögfræðinnar sem fáir eru sérfróðir um. Meðal þessara sviða er réttarfarið en af skiljanlegum ástæðum hafa fáir eða engir meiri þekkingu og reynslu á því sviði en dómarar sem beita því daglega í störfum sínum. Annar þeirra hæstaréttardómara sem sitja í réttarfarsnefnd var áður prófessor í réttarfari við Háskóla Íslands en hinn ríkislögmaður. Báðir hafa þeir yfirburðaþekkingu á réttarfari og mikla reynslu. Hæstaréttardómarinn, sem situr í sifjalaganefnd, kenndi sifjarétt árum saman við lagadeild Háskóla Íslands og var fyrst skipaður í nefndina áður en hann hlaut skipun sem hæstaréttardómari.

Telja verður að samning lagafrumvarpa á sviði réttarfars hafi nokkra sérstöðu. Réttarfarsreglur hafa aðeins í undantekningartilvikum úrslitaáhrif um efnislegar lyktir deilumála. Þær eru fyrst og fremst verklagsreglur um rekstur dómsmála og framkvæmd dómstarfa. Í sumum löndum eru réttarfarsreglur aðeins að litlu leyti festar í lög en dómstólunum sjálfum ætlað að setja reglurnar og móta þær. Samning lagafrumvarpa er að sjálfsögðu ekki löggjafarstarf heldur undirbúningur að löggjöf sem ráðuneyti og ríkisstjórn endurskoða eftir atvikum og Alþingi síðan hafnar, breytir eða afgreiðir frá þingi sem lög. Með tilliti til þess má segja að þátttaka dómara í nefnd sem vinnur slíkt undirbúningsstarf að réttarfarslöggjöf geti vart talist óeðlileg.

Að sjálfsögðu er ekki hægt að tryggja að allir dómarar séu alltaf hlutlausir í öllum málum. Almennum hæfisreglum í réttarfari er m.a. ætlað að tryggja að einstakir dómarar verði sem sjaldnast vanhæfir til að fjalla um mál. Réttarfarslöggjöfin hefur einnig að geyma sérstakar vanhæfisreglur sem leiða til þess að dómari víkur sæti ef hann tengist aðilum máls eða efni málsins með tilteknum hætti. Vanhæfisreglum er með öðrum orðum ætlað að tryggja að með sérhvert mál fari dómari sem gætir fyllstu hlutlægni. Þó að einstaka dómarar verði þannig vanhæfir til að fara með einstök mál er það ekki til þess fallið að draga hlutleysi dómsvaldsins í heild í efa, enda koma aðrir dómarar þá í stað þeirra sem víkja sæti.

Ef talið yrði að afskipti dómara af undirbúningi löggjafar væru til þess fallin að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa í einstöku máli kæmi til álita að hlutaðeigandi dómari viki sæti í því.

Að öllu þessu virtu verður ekki talið að það skerði hlutleysi dómsvaldsins þó að einstaka dómarar taki þátt í undirbúningi að lagasetningu, sérstaklega ekki ef um er að ræða löggjöf um réttarfarsmálefni.

Dómarar á landinu öllu eru 47, þar af níu hæstaréttardómarar og 38 héraðsdómarar. Af þessum 47 dómurum sitja 16 í nefndum eða einn af hverjum þremur dómurum. Nefndirnar eru alls 19 en skipaðar 22 dómurum. Einn dómari hefur verið skipaður í þrjár nefndir, þrír dómarar í tvær og aðrir í eina nefnd.

Samkvæmt samningi milli danska dómsmálaráðuneytisins og danska dómarafélagsins um aukagreiðslur til dómara fyrir nefndastörf o.fl. eru taldar upp um 30 nefndir og ráð sem danskir dómarar eiga sæti í, einn eða fleiri í hverri nefnd.

620. Nefndarálit [173. mál]

um frv. til l. um Siglingastofnun Íslands.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund frá samgönguráðuneyti Jón Birgi Jónsson ráðuneytisstjóra og Helga Jóhannesson lögfræðing. Þá komu til fundar við nefndina Hermann Guðjónsson, vita- og hafnamálastjóri, Benedikt Guðmundsson siglingamálastjóri, Jóhanna Stefánsdóttir og Sigurður Guðmundsson, fulltrúar starfsmanna Vita- og hafnamálastofnunar, og Stefán Geir Karlsson, Páll Guðmundsson og Sævar Vigfússon, fulltrúar starfsmanna Siglingamálastofnunar.

Nefndin fékk sendar umsagnir um frumvarpið frá Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Landhelgisgæslu Íslands, Hafnasambandi sveitarfélaga, Sjómannasambandi Íslands, Slysavarnafélagi Íslands, Siglingamálastofnun Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Fiskifélagi Íslands og Vita- og hafnamálastofnun.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lögð er til sú breyting á 2. gr. frumvarpsins að forstjóri Siglingastofnunar Íslands skuli skipaður af samgönguráðherra til fimm ára í senn og að hann skuli síðan ráða allt annað starfsfólk stofnunarinnar. Þetta er í samræmi við þá stefnu sem boðuð er í starfsmannamálum hjá ríkinu, þ.e. að auka ábyrgð stjórnenda stofnana. Þá er þetta ákvæði í samræmi við ákvæði hafnalaga.
2. Með breytingartillögu við 3. gr. frumvarpsins er lagt til að þau verkefni, sem heyra undir Siglingastofnun Íslands, verði nánar skilgreind. Þá er sett inn heimild fyrir Siglingastofnun til að fela öðrum tiltekin verkefni að fengnu samþykki ráðherra og heimild til að kaupa og fara með hlut ríkisins í rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum, m.a. til að stuðla að útflutningi á íslenskri þekkingu á starfssviði stofnunarinnar, einnig að fengnu samþykki ráðherra.
3. Lagðar eru til breytingar á ákvæðum um skipan hafnaráðs og siglingaráðs í 4. og 6. gr. frumvarpsins. Miðað er við að skipt verði um fulltrúa í hafnaráði að loknum sveitarstjórnar- og alþingiskosningum og einnig að skipt verði um þrjá af fulltrúum siglingaráðs að loknum alþingiskosningum. Þá er og lagt til með breytingartillögu við 5. gr. frumvarpsins að hafnaráð hafi samráð við fulltrúa sjómanna og útgerðarmanna með því að halda fundi með þessum aðilum a.m.k. einu sinni á ári.

4. Þá er loks lagt til að lögin öðlist þegar gildi en komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. október 1996. Með ákvæði til bráðabirgða er hins vegar gert ráð fyrir að svo fljótt sem verða má eftir gildistöku laganna verði skipað í hafna- og siglingaráð og hafist handa við að undirbúa framkvæmd laganna. Þá er í ákvæði til bráðabirgða kveðið á um rétt starfsmanna þeirra stofnana sem sameinast í Siglingastofnun Íslands.

Alþingi, 28. febr. 1996.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Egill Jónsson.
Stefán Guðmundsson.	Kristján Pálsson.	Árni Johnsen.
Guðmundur Árni Stefánsson, með fyrirvara.	Ragnar Arnalds, með fyrirvara.	Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.

621. Breytingartillögur [173. mál]

við frv. til l. um Siglingastofnun Íslands.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 2. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Í stað orðanna „á þann hátt sem ákveðið er í“ í 1. mgr. komi: samkvæmt.
   b. Í stað 2. og 3. mgr. komi ný málsgrein er orðist svo:
      Forstjóri Siglingastofnunar Íslands skal að fenginni umsögn hafnaráðs og siglingaráðs skipaður af samgönguráðherra til fimm ára í senn. Forstjóri Siglingastofnunar ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.
2. Við 3. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Í stað orðanna „er varða lög og“ í 5. tölul. 1. mgr. komi: er varða lög um.
   b. Á eftir 6. tölul. komi tveir nýir töluliðir er orðist svo:
      7. Að fylgjast með rannsókn sjóslysa og veita aðstoð við rannsókn þeirra og rita umsögn um sjópróf til ríkissaksóknara.
      8. Að annast mál er varða siglinga- og sjómannalög að því leyti sem þau tengjast skipum, skráningu þeirra og búnaði, siglingaöryggi og öðrum málum sem ráðuneytið kann að fela stofnuninni varðandi siglingar og áhafnir skipa.
   c. Á eftir 1. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar er orðist svo:
      Siglingastofnun Íslands er heimilt með samþykki samgönguráðherra að fela öðrum að annast ákveðin verkefni.
      Siglingastofnun Íslands er heimilt með samþykki samgönguráðherra að kaupa og fara með hlut ríkisins í rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum, m.a. til þess að stuðla að útflutningi á íslenskri þekkingu á starfssviði stofnunarinnar.
3. Við 4. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Á eftir orðunum „til fjögurra ára í senn“ í 3. málsl. komi: að loknum sveitarstjórnarkosningum.

b. Í stað orðanna „og skal einn þeirra vera starfsmaður samgönguráðuneytis og skal hann jafnframt vera formaður ráðsins og skipaður til fjögurra ára í senn“ í 4. málsl. komi: að loknum alþingiskosningum og skal einn þeirra vera formaður ráðsins.
c. 5. málsl. falli brott.

4. Við 5. gr. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein er orðist svo:
Hafnaráð skal halda fundi með fulltrúum sjómanna og útgerðarmanna a.m.k. einu sinni á ári.

5. Við 6. gr.
a. Í stað orðanna „og skal einn þeirra vera starfsmaður samgönguráðuneytis og er hann jafnframt formaður ráðsins og skipaður til fjögurra ára í senn“ í 3. málsl. komi: að loknum alþingiskosningum og skal einn þeirra vera formaður ráðsins.
b. 4. málsl. falli brott.

6. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi en koma ekki til framkvæmda fyrr en 1. október 1996. Þá falla jafnframt úr gildi lög um Siglingamálastofnun ríkisins, nr. 20/1986, með síðari breytingum.

7. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:
Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. skal skipa hafna- og siglingaráð svo fljótt sem því verður við komið eftir gildistöku laganna og hefja undirbúning að framkvæmd laganna.
Öll störf hjá Siglingamálastofnun ríkisins og Vita- og hafnamálastofnun ríkisins (Hafnamálastofnun ríkisins og Vitastofnun Íslands) verða lögð niður frá 30. september 1996. Um rétt starfsmanna fer skv. 14. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, með síðari breytingum.

622. Frumvarp til laga [357. mál]

um breytingu á ýmsum lögum vegna sameiningar Vitastofnunar Íslands, Hafnamálastofnunar ríkisins og Siglingamálastofnunar ríkisins í Siglingastofnun Íslands.

Frá samgöngunefnd.

I. KAFLI
Breyting á lögum um skipamælingar, nr. 50/1970, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðsins „siglingamálastjóri“ í 1.–3. mgr. 2. gr., 4. gr., 8. gr., 9. gr. og 15. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: forstjóri Siglingastofnunar Íslands.

II. KAFLI
Breyting á lögum um náttúruvernd, nr. 47/1971, með síðari breytingum.

2. gr.

Í stað orðsins „siglingamálastjóri“ í 6. tölul. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: forstjóri Siglingastofnunar Íslands.

III. KAFLI

Breyting á lögum um kafarastörf, nr. 12/1976.

3. gr.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ í 1. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 6. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: Siglingastofnun Íslands.

IV. KAFLI

Breyting á lögum um bátaábyrgðarfélög, nr. 18/1976, með síðari breytingum.

4. gr.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ í 4. mgr. 7. gr. laganna kemur: Siglingastofnun Íslands.

V. KAFLI

Breyting á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 81/1976, með síðari breytingum.

5. gr.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnunar ríkisins“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: Siglingastofnunar Íslands.

VI. KAFLI

Breyting á lögum um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, nr. 40/1977.

6. gr.

Í stað orðsins „Siglingamálastofnun“ í 5. gr. laganna kemur: Siglingastofnun Íslands.

VII. KAFLI

Breyting á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, með síðari breytingum.

7. gr.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ í a-lið 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: Siglingastofnun Íslands.

VIII. KAFLI

Breyting á lögum um vitamál, nr. 56/1981, með síðari breytingum.

8. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Um yfirstjórn vitamála fer eftir lögum um Siglingastofnun Íslands.

9. gr.

2.–6. gr. laganna falla brott og breytist greinatala í lögunum til samræmis við það.

10. gr.

Í stað orðanna „Vitastofnun Íslands“ í 5.–8. mgr. 7. gr., 8. gr., 10. gr., 1. og 3. mgr. 13. gr., 1.–3. mgr. 14. gr. og 15. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: Siglingastofnun Íslands.

Í stað orðsins „Vitastofnun“ í 6. og 7. mgr. 7. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: Siglingastofnun.

Í stað orðsins „Vitanefndar“ í 4., 5. og 8. mgr. 7. gr. og 12. gr. laganna kemur: siglingaráðs.

11. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd laga þessara.

IX. KAFLI
Breyting á lögum um tóbaksvarnir, nr. 74/1984, með síðari breytingum.

12. gr.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ í 3. mgr. 13. gr. laganna kemur: Siglingastofnun Íslands.

X. KAFLI
Breyting á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum.

13. gr.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ í j-lið 2. gr., 3. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 19. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: Siglingastofnun Íslands.

XI. KAFLI
Breyting á lögum um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984, með síðari breytingum.

14. gr.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ í 2. mgr. 6. gr., 5. mgr. 9. gr. og 13. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: Siglingastofnun Íslands.

XII. KAFLI
Breyting á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

15. gr.

Í stað orðsins „Siglingamálastofnun“ í 3. mgr. 227. gr. og 228. gr. kemur: Siglingastofnun.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ í 1.–4. mgr. 220. gr., 2. mgr. 221. gr., 222. gr., 223. gr., 5.–8. mgr. 226. gr., 1. mgr. 227. gr. og 4. mgr. 230. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: Siglingastofnun Íslands.

XIII. KAFLI
Breyting á sjómannalögum, nr. 35/1985, með síðari breytingum.

16. gr.

Í stað orðsins „Siglingamálastofnun“ í 4. mgr. 63. gr. laganna kemur: Siglingastofnun Íslands.

XIV. KAFLI
Breyting á lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum.

17. gr.

Í stað orðsins „Siglingamálastofnun“ í 3. mgr. 4. gr., 2. mgr. 5. gr., 1., 2. og 5. mgr. 6. gr., 4. mgr. 9. gr., 2. mgr. 10. gr., 1. og 2. mgr. 12. gr., 1.–3. mgr. 13. gr., 14. gr., 3.

mgr. 15. gr., 16. gr., 17. gr. og 1. mgr. 23. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: Siglingastofnun.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: Siglingastofnun Íslands.

Í stað orðsins „siglingamálastjóri“ í 2. og 3. mgr. 3. gr., 2. mgr. 5. gr., 3. og 6. mgr. 6. gr., 7. gr., 6. mgr. 9. gr., 2. mgr. 15. gr., 1. og 2. mgr. 18. gr. og 1. og 2. mgr. 19. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: forstjóri Siglingastofnunar Íslands.

XV. KAFLI
Breyting á lögum um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986, með síðari breytingum.

18. gr.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ í 2. og 3. mgr. 10. gr., 1. mgr. 13. gr., 1. mgr. 14. gr., 17. gr., 18. gr., 20. gr., 21. gr., 22. gr. og 1. mgr. 24. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: Siglingastofnun Íslands.

Orðin „og Hafnamálastofnun ríkisins“ í 17. gr. laganna falla brott.

XVI. KAFLI
Breyting á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, með síðari breytingum.

19. gr.

Í stað orðsins „siglingamálastjóri“ í 2. mgr. 27. gr. laganna kemur: forstjóri Siglingastofnunar Íslands.

XVII. KAFLI
Breyting á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum.

20. gr.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnunar ríkisins“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: Siglingastofnunar Íslands.

XVIII. KAFLI
Breyting á lögum um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, nr. 54/1992, með síðari breytingum.

21. gr.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnunar ríkisins“ í 5. gr. laganna kemur: Siglingastofnunar Íslands.

XIX. KAFLI
Breyting á lögum um Kjaradóm og kjaranefnd, nr. 120/1992, með síðari breytingum.

22. gr.

Í stað orðsins „siglingamálastjóri“ í 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: forstjóri Siglingastofnunar Íslands.

Orðin „vita- og hafnamálastjóri“ í 1. mgr. 9. gr. laganna falla brott.

XX. KAFLI

Breyting á lögum um leiðsögu skipa, nr. 34/1993, með síðari breytingum.

23. gr.

Í stað orðanna „Vitastofnun Íslands“ í 1. gr. og 1. og 4. mgr. 3. gr. laganna kemur: Siglingastofnun Íslands.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: Siglingastofnun Íslands.

XXI. KAFLI

Breyting á lögum um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum.

24. gr.

Í stað orðanna „er háð eftirliti Siglingamálastofnunar“ í 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: er háð eftirliti Siglingastofnunar Íslands.

Í stað orðsins „Siglingamálastofnun“ í 1. mgr. 6. gr., 1. mgr. 7. gr., 2. mgr. 10. gr., 2. mgr. 11. gr., 2. og 3. tölul. 1. mgr. 12. gr., 3. og 4. mgr. 15. gr., 1. mgr. 17. gr., 2.–6. mgr. 18. gr., 19. gr., 20. gr., 21. gr., 22. gr., 3. mgr. 26. gr. og 3. mgr. 28. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: Siglingastofnun.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: Siglingastofnun.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ í 1. mgr. 7. gr., 2. tölul. 1. mgr. 12. gr., 2. mgr. 13. gr., 2. mgr. 17. gr., 1. mgr. 18. gr. og 1. mgr. 28. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: Siglingastofnun Íslands.

Í stað orðsins „siglingamálastjóri“ í 1. mgr. 6. gr., 8. gr., 2. mgr. 10. gr., 2. mgr. 11. gr., 1. mgr. 14. gr., 1. mgr. 15. gr., 21. gr., 2. mgr. 23. gr. og 2. mgr. 26. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: forstjóri Siglingastofnunar Íslands.

XXII. KAFLI

Breyting á hafnalögum, nr. 23/1994.

25. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Um yfirstjórn hafnamála fer eftir lögum um Siglingastofnun Íslands.

26. gr.

2.–6. gr. laganna falla brott og breytist greinatala í lögunum til samræmis við það.

27. gr.

Í stað orðsins „Hafnamálastofnun“ í 15. gr., 1. mgr. 18. gr., 20. gr., 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 29. gr. laganna kemur: Siglingastofnun Íslands.

Í stað orðsins „Hafnamálastofnun“ í 2. og 3. mgr. 16. gr., 2. mgr. 17. gr., 2. og 3. mgr. 22. gr., 3. og 4. tölul. 1. mgr. 24. gr., 2. mgr. 29. gr. og 1. mgr. 33. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: Siglingastofnun.

Í stað orðanna „Hafnamálastofnun ríkisins“ í 1. mgr. 22. gr., 34. gr. og 36. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: Siglingastofnun Íslands.

Í stað orðsins „hafnamálastjóri“ í 3. mgr. 24. gr., 3. tölul. 25. gr. og 4. mgr. 29. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: forstjóri Siglingastofnunar Íslands.

XXIII. KAFLI

Breyting á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, nr. 92/1994, með síðari breytingum.

28. gr.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnunar ríkisins“ í 1. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: Siglingastofnunar Íslands.

XXIV. KAFLI

Breyting á lögum um áhafnir íslenskra kaupskipa, nr. 59/1995.

29. gr.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ í l- og p-lið 2. gr. og 8. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: Siglingastofnun Íslands.

XXV. KAFLI

Gildistaka.

30. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1996.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt af samgöngunefnd sem fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um Siglingastofnun Íslands. Frumvarpið er lagt fram þar sem upphaflegt fylgifrumvarp var ekki tæmandi og talið rétt að leggja fram nýtt frumvarp. Með þessu frumvarpi er ákvæðum ýmissa sérlaga breytt með hliðsjón af þeim breytingum sem frumvarp til laga um Siglingastofnun Íslands hefur í för með sér. Breytingarnar eru þær helstar að heitum einstakra stofnana er breytt í Siglingastofnun Íslands við sameininguna heitum yfirmanna einstakra stofnana er breytt í heitið forstjóri Siglingastofnunar Íslands og einstök ákvæði eru felld brott, þar á meðal ákvæði um Vitanefnd í lögum um vitamál, en gert er ráð fyrir því í frumvarpi til laga um Siglingastofnun Íslands að siglingaráð taki við verkefnum nefndarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lögð til breyting á lögum um skipamælingar, nr. 50/1970. Heiti yfirmanns siglingamála er breytt, þ.e. í stað siglingamálastjóra kemur forstjóri Siglingastofnunar Íslands.

Um 2. gr.

Hér er lögð til breyting á lögum um náttúruvernd, nr. 47/1971, er varðar það hverjir eiga sæti á náttúruverndarþingi. Um greinina vísast að öðru leyti til athugasemda við 1. gr.

Um 3. gr.

Lögð er til sú breyting á lögum um kafarastörf, nr. 12/1976, að heiti stofnunar verði breytt, þ.e. í stað Siglingamálastofnunar ríkisins kemur Siglingastofnun Íslands.

Um 4. gr.

Lögð er til sú breyting á lögum um bátaábyrgðarfélög, nr. 18/1976, að heiti stofnunar verði breytt. Um greinina vísast að öðru leyti til athugasemda við 3. gr.

Um 5. gr.

Lögð er til sú breyting á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 81/1976, að heiti stofnunar verði breytt. Um greinina vísast að öðru leyti til athugasemda við 3. gr.

Um 6. gr.

Lögð er til sú breyting á lögum um tilkynningaskyldu íslenskra skipa, nr. 40/1977, að heiti stofnunar verði breytt, þ.e. í stað Siglingamálastofnunar kemur Siglingastofnun Íslands.

Um 7. gr.

Lögð er til sú breyting á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, að heiti stofnunar verði breytt. Um greinina vísast að öðru leyti til athugasemda við 3. gr.

Um 8. gr.

Lögð er til sú breyting á lögum um vitamál, nr. 56/1981, að um yfirstjórn vitamála fari eftir lögum um Siglingastofnun Íslands. Í 1. gr. frumvarps til laga um Siglingastofnun Íslands er gengið út frá því að samgönguráðherra fari með yfirstjórn vitamála, nema annað sé ákveðið í öðrum lögum. Er það í samræmi við 1. gr. laga um vitamál.

Um 9. gr.

Lagt er til að 2.–6. gr. laga um vitamál falli brott og að greinatala laganna breytist til samræmis við það. Í ákvæðum 2. og 3. gr. laganna er kveðið á um verkefni Vitastofnunar Íslands, en í 3. gr. frumvarps til laga um Siglingastofnun Íslands er hins vegar kveðið á um verkefni Siglingastofnunar Íslands. Þar eru ákvæði um að Siglingastofnun Íslands hafi þau verkefni með höndum sem Vitastofnun Íslands hefur annast. Í 4.–6. gr. laga um vitamál er fjallað um Vitanefnd og verkefni hennar. Gert er ráð fyrir því að nefndin verði lögð niður og siglingaráð taki við verkefnum hennar, sbr. 6. gr. frumvarps til laga um Siglingastofnun Íslands.

Um 10. gr.

Hér er lagt til að ákvæði um Vitanefnd verði felld brott og heitum stofnana í lögum um vitamál breytt, þ.e. í stað Vitastofnunar Íslands og Siglingamálastofnunar ríkisins kemur Siglingastofnun Íslands og í stað Vitanefndar kemur siglingaráð.

Um 11. gr.

Lagt er til að ráðherra geti sett reglugerð um nánari framkvæmd laga um vitamál, nr. 56/1981, með síðari breytingum.

Um 12. gr.

Lögð er til sú breyting á lögum um tóbaksvarnir, nr. 74/1984, að heiti stofnunar verði breytt. Um greinina vísast að öðru leyti til athugasemda við 3. gr.

Um 13. gr.

Lögð er til sú breyting á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, nr. 112/1984, að heiti stofnunar verði breytt. Um greinina vísast að öðru leyti til athugasemda við 3. gr.

Um 14. gr.

Lögð er til sú breyting á lögum um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984, að heiti stofnunar verði breytt. Um greinina vísast að öðru leyti til athugasemda við 3. gr.

Um 15. gr.

Hér er breytt heitum stofnana í siglingalögum, nr. 34/1985. Um greinina vísast að öðru leyti til athugasemda við 3. og 6. gr.

Um 16. gr.

Lögð er til sú breyting á sjómannalögum, nr. 35/1985, að heiti stofnunar verði breytt. Um greinina vísast að öðru leyti til athugasemda við 6. gr.

Um 17. gr.

Hér er breytt heitum stofnana í lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, og jafnframt er breytt heiti yfirmanns stofnunar. Um greinina vísast að öðru leyti til athugasemda við 1., 3. og 6. gr.

Um 18. gr.

Lögð er til sú breyting á lögum um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986, að heitum stofnana verði breytt eða þau felld brott. Um greinina vísast að öðru leyti til athugasemda við 3. gr.

Um 19. gr.

Lögð er til sú breyting á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, að heiti yfirmanns siglingamála verði breytt. Um greinina vísast að öðru leyti til athugasemda við 1. gr.

Um 20. gr.

Lögð er til sú breyting á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, að heiti stofnunar verði breytt. Um greinina vísast að öðru leyti til athugasemda við 3. gr.

Um 21. gr.

Lögð er til sú breyting á lögum um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, nr. 54/1992, að heiti stofnunar verði breytt. Um greinina vísast að öðru leyti til athugasemda við 3. gr.

Um 22. gr.

Lögð er til sú breyting á lögum um Kjaradóm og kjaranefnd, nr. 120/1992, að heiti yfirmanns siglingamála er breytt og heiti yfirmanns vita- og hafnamála samkvæmt núgildandi lögum verði fellt brott. Um greinina vísast að öðru leyti til athugasemda við 1. gr.

Um 23. gr.

Hér er breytt heitum stofnana í lögum um leiðsögu skipa, nr. 34/1993, þ.e. í stað Vitastofnunar Íslands og Siglingamálastofnunar ríkisins kemur Siglingastofnun Íslands.

Um 24. gr.

Lögð er til sú breyting á lögum um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, að heiti stofnunar verði breytt og jafnframt nafni yfirmanns siglingamála. Um greinina vísast að öðru leyti til athugasemda við 1., 3. og 6. gr.

Um 25. gr.

Hér er lögð til sú breyting á hafnalögum, nr. 23/1994, að um yfirstjórn hafnamála fari eftir lögum um Siglingastofnun Íslands. Í 1. gr. frumvarps til laga um Siglingastofnun Íslands er miðað við að samgönguráðherra fari með yfirstjórn hafnamála, nema annað sé ákveðið í öðrum lögum. Er það í samræmi við 1. gr. hafnalaga.

Um 26. gr.

Hér er lagt til að 2.–6. gr. hafnalaga falli brott og greinatala laganna breytist til samræmis við það. Ákvæði 2. og 3. gr. laganna kveða á um skipun og verkefni hafnaráðs, en í frumvarpi til laga um Siglingastofnun Íslands eru ákvæði um þetta í 4. og 5. gr.

Um 27. gr.

Hér er lögð til breyting á heitum stofnana í hafnalögum, þ.e. að í stað Hafnamálastofnunar eða Hafnamálastofnunar ríkisins komi Siglingastofnun eða Siglingastofnun Íslands. Þá er jafnframt breytt heiti yfirmanns stofnunar, þ.e. í stað hafnamálastjóra kemur forstjóri Siglingastofnunar Íslands.

Um 28. gr.

Lögð er til sú breyting á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, nr. 92/1994, að heiti stofnunar verði breytt. Um greinina vísast að öðru leyti til athugasemda við 3. gr.

Um 29. gr.

Lögð er til sú breyting á lögum um áhafnir íslenskra kaupskipa, nr. 59/1995, að heiti stofnunar verði breytt. Um greinina vísast að öðru leyti til athugasemda við 3. gr.

Um 30. gr.

Gildistakan skal miðast við 1. október 1996 en það er sá dagur sem Siglingastofnun Íslands mun formlega taka til starfa.

623. Nefndarálit [117. mál]

um frv. til l. um erfðabreyttar lífverur.

Frá umhverfisnefnd.

Máli þessu var fyrst vísað til nefndarinnar á 119. löggjafarþingi og bárust nefndinni

þá umsagnir frá Rannsóknarráði Íslands, líftæknideild Iðntæknistofnunar Íslands, Vinnueftirliti ríkisins, búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri, Líffræðistofnun Háskóla Íslands, Dýralæknafélagi Íslands, fagráði í lífrænni framleiðslu, Náttúruverndarráði, Læknafélagi Íslands, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Náttúrufræðistofnun Íslands. Málinu var aftur vísað til nefndarinnar á 120. löggjafarþingi, að mestu óbreyttu. Hefur nefndin fjallað um málið og fengið á fund sinn til viðræðna Sigurbjörgu Sæmundsdóttur, deildarstjóra í umhverfisráðuneyti, Franklín Georgsson frá Hollustuvernd ríkisins, Ólaf Andrésson og Valgerði Steinþórsdóttur frá Rannsóknastofnun Háskóla Íslands á Keldum, Mikael M. Karlsson frá Siðfræðistofnun Háskóla Íslands, Jórunni Erlu Eyfjörð sameindaerfðafræðing og Aðalheiði Jóhannsdóttur frá Náttúruverndarráði.

Nefndin leggur til að gerðar verði ýmsar breytingar á frumvarpinu, bæði efnisbreytingar og orðalagsbreytingar, og er þær að finna á sérstöku þingskjali. Eftirfarandi eru skýringar á þeim efnisbreytingum sem lagðar eru til:

1. Lagt er til að við 1. gr. verði bætt ákvæði er kveður á um að öll framleiðsla og meðferð erfðabreyttra lífvera fari fram á siðferðilega og samfélagslega ábyrgan hátt og í samræmi við grundvallarregluna um sjálfbæra þróun. Um er að ræða svið þar sem líklegt er að siðfræðileg álitaefni komi til umræðu og því þykir mikilvægt að fram komi í markmiðsgrein laganna að beiting erfðatækni verði í samræmi við almenn siðferðisviðhorf þjóðfélagsins á hverjum tíma. Í samræmi við þetta eru lagðar til ýmsar breytingar á frumvarpinu, svo sem að við skipun í ráðgjafanefnd skv. 6. gr. verði höfð í huga tengsl við sérfræðistofnanir í siðfræði. Þá skal leyfi til afmarkaðrar notkunar, sleppingar og dreifingar erfðabreyttra lífvera því aðeins veitt að það sé talið siðferðilega réttlætanlegt.
2. Lagðar eru til orðalagsbreytingar á 2. gr. frumvarpsins auk þess sem bætt er við tveimur nýjum málsgreinum. Annars vegar er lagt til að tekið verði skýrt fram í lagatexta að lögin gildi ekki um afurðir erfðabreyttra lífvera. Kom það fram í greinargerð við frumvarpið að ákvæðum þess var ekki ætlað að ná til slíkra afurða. Þá er lagt til að við framkvæmd laganna skuli höfð í huga sérstaða landsins á norðurslóð.
3. Lagðar eru til nokkrar breytingar á skilgreiningum sem koma fram í 4. gr. Þar er í fyrsta lagi um að ræða breytingu á skilgreiningu á erfðabreyttum lífverum og miðar hún að því að skýra viðfangsefni frumvarpsins frekar. Í öðru lagi er um að ræða tillögu um að fallið verði frá notkun hugtaksins „áhættumat“ og þess í stað komi hugtakið „greinargerð um hugsanlegar afleiðingar“. Í þriðja lagi er bætt inn skilgreiningu á afurðum erfðabreyttra lífvera, en þeim reglum, sem settar eru fram í frumvarpinu, er ekki ætlað að ná til slíkra afurða. Loks er lagt til að bætt verði inn í greinina skilgreiningu á lífveru í stað örveru. Er sú breytingartillaga flutt í ljósi þess að hvergi er fjallað sérstaklega um örverur í frumvarpinu.
4. Nokkrar breytingar eru lagðar til á 6. gr. Felast þær í fyrsta lagi í því að ráðgjafanefnd, sem mælt er fyrir um að komið skuli á fót, verði skipuð níu mönnum í stað fimm en með því á að tryggja að fleiri sjónarmið komi fram í nefndinni. Að öðru leyti miða breytingartillögurnar að því að skýra frekar verkefni og starfssvið nefndarinnar. Þannig er gert ráð fyrir að við skipun í nefndina verði höfð í huga tengsl við sérfræðistofnanir í náttúrufræði og siðfræði. Með því er þó ekki verið að leggja til að að hver og einn nefndarmanna sé sérfróður á sviði erfðatækni eða siðfræði heldur að innan nefndarinnar sé til staðar sérfræðiþekking á þessum sviðum. Þá er gerð tillaga um breytingu er miðar að því að auka frumkvæði nefndarinnar þar sem henni er falið að gera tillögur til ráðherra um allt það er horfir til betri vegar í erfðatækni.

Loks er lagt til að nefndinni verði falið að beita sér fyrir fræðslu fyrir almenning um erfðatækni og erfðabreytingar.

5. Lögð er til sú breyting á 7. gr. að umhverfisráðherra skuli leita umsagnar ráðgjafanefndarinnar áður en hann setur reglugerðir á grundvelli laganna. Þá eru lagðar til orðalagsbreytingar og einnig bætt við liðum sem mæla fyrir um heimild ráðherra til að setja reglugerðir um fræðslu fyrir almenning um erfðatækni annars vegar og hins vegar um ábyrgðartryggingar.
6. Í 8. gr. er fjallað um umsóknir um leyfi til starfsemi þar sem fara á fram afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera. Nokkrar breytingar eru lagðar til á ákvæðinu. Í fyrsta lagi sú breyting að orðið áhættumat verði ekki notað heldur verði umsækjendum ætlað að gera í umsókn sinni grein fyrir hugsanlegum afleiðingum afmarkaðrar notkunar erfðabreyttra lífvera á heilsu manna og umhverfi. Er þessi breyting lögð til m.a. með hliðsjón af norsku lögunum um erfðatækni. Í öðru lagi er lagt til að bætt verði inn í greinina ákvæði þess efnis að Hollustuvernd ríkisins geti krafist þess að umsækjandi veiti frekari upplýsingar en fram koma í umsókn um aðstöðu umsækjanda og fyrirhugaða starfsemi. Er með þessu opnuð leið fyrir Hollustuvernd til að krefjast ítarlegri gagna og fá frekari skýringar á einstökum atriðum, t.d. hvað varðar greinargerð um hugsanlegar afleiðingar.
7. Í 10. gr. er að finna reglur um meðferð umsókna og skilyrði fyrir leyfisveitingum Hollustuverndar ríkisins. Nauðsynlegt þótti að kveða skýrar á um ýmsa þætti þessa ferlis. Þannig er í fyrsta lagi lagt til að bætt verði í frumvarpið ákvæði um að Hollustuvernd leggi mat á hverja umsókn á grundvelli framkominna gagna og umsagnar ráðgjafanefndar, sem m.a. er ætlað að veita umsögn um siðferðileg álitaefni, og taki afstöðu til þess hvort veita skuli leyfi. Þá er lagt til að bætt verði inn ákvæði, í samræmi við breytingartillögu við 1. gr., um markmið laganna, þess efnis að aðeins sé heimilt að veita leyfi að það sé siðferðilega réttlætanlegt. Loks er lagt til að bætt verið inn í lögin, í samræmi við það sem segir í greinargerð, að Hollustuvernd ríkisins skuli hafa eftirlit með og skrásetja þær tegundir erfðabreyttra lífvera sem unnið er með hverju sinni.
8. Við 13. gr., sem fjallar um umsóknir vegna sleppingar og dreifingar á erfðabreyttum lífverum, eru gerðar nokkrar breytingartillögur. Í fyrsta lagi er lagt til að kveðið verði skýrar á um hvenær unnt er að sækja um leyfi fyrir fleiri en eina sleppingu eða dreifingu í sömu umsókn. Lagt er til að það verði aðeins heimilað ef um er að ræða fleiri tegundir sem öllum er sleppt á sama stað eða sömu tegund sem sleppa á á fleiri stöðum í sama tilgangi og á tilteknum tíma. Í öðru lagi er lögð til sams konar breyting og á 8. gr. varðandi greinargerð um hugsanlegar afleiðingar af sleppingu og dreifingu. Þá er einnig gert ráð fyrir að umsókn skuli fylgja upplýsingar um siðferðileg álitaefni, sbr. breytingartillögu við 1. gr. Einnig er lögð til breyting sem lýtur að frágangi umsókna. Umsóknir skulu vera þannig úr garði gerðar að þær séu skiljanlegar almenningi og fallnar til almennrar kynningar. Loks er lagt til að lögbundið verði að Hollustuvernd skuli leita umsagna Náttúruverndarráðs og rannsóknastofnana sem starfa á því sviði sem umsókn lýtur að, auk þess sem umsagna skal leitað hjá aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Gert er ráð fyrir nánari útfærslu á formi umsagna og umsagnarfresti í reglugerð.
9. Á 14. gr. eru lagðar til breytingar sem eru sambærilegar við breytingartillögur við 10. gr. Þær lúta að meðferð umsókna og leyfisveitingum Hollustuverndar ríkisins.

10. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 15. gr. Miða þær að því að skerpa ábyrgð þess sem fengið hefur leyfi til sleppingar eða dreifingar á erfðabreyttum lífverum eða hefur sótt um slíkt leyfi. Leyfishafa verði þannig gert skylt að tilkynna Hollustuvernd ríkisins um nýjar upplýsingar sem koma fram um áhættu sem fylgt getur sleppingu eða dreifingu erfðabreyttra lífvera og ef talið er nauðsynlegt að breyta heimilaðri tilhögun um sleppingu eða dreifingu þeirra. Á grundvelli nýrra upplýsinga er gert ráð fyrir að Hollustuvernd taki afstöðu til leyfis eða leyfisveitingar á ný.
11. Lagt er til að í 17. gr. verði bætt sams konar ákvæði og gerð er tillaga um að bæta í 10. og 14. gr. um meðferð umsókna og leyfisveitingar Hollustuverndar.
12. Í 19. gr. er lagt til að bætt verði við ákvæði um möguleika á að banna eða takmarka markaðssetningu tiltekinna erfðabreyttra lífvera hérlendis, þ.e. að banna megi markaðssetningu ef hún samræmist ekki íslenskum lögum. Haft var til hliðsjónar svipað ákvæði í norskum lögum sem veitir norskum yfirvöldum heimild til að banna eða takmarka markaðssetningu erfðabreyttra lífvera telji þau að markaðssetningin hafi í för með sér hættu fyrir heilsu manna og umhverfi eða ef hún stríðir gegn öðrum markmiðum norsku laganna. Þá er sérstaklega tekið fram í norsku lagagreininni að við leyfisveitingar verði að taka tillit til þess hvort markaðssetning hefur í för með sér þjóðfélagslegan ávinning eða hvort hún styrkir sjálfbæra þróun.
13. Loks eru lagðar til breytingar á 27. gr. Miða þær að því að skýra nánar ákvæði um fund þann sem mælt er fyrir um í ákvæðinu. Lagt er til að fundurinn verði kallaður opinn áheyrnarfundur í stað opinbers fundar áður. Fyrirmyndin að slíkum fundi er það sem nefnist á skandinavísku „offentlig höring“ og á ensku „public hearing“ Gert er ráð fyrir að heimild verði til að halda slíka fundi. Hollustuvernd ríkisins ákveður hvort boðað verði til slíks fundar.
14. Loks er lagt til að ákvæði til bráðabirgða verði fellt brott, þar sem það þykir óþarft.

Lára Margrét Ragnarsdóttir og Einar Oddur Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. febr. 1996.

Ólafur Örn Haraldsson, form., frsm.	Gísli S. Einarsson.	Árni M. Mathiesen.
Hjörleifur Guttormsson.	Tómas Ingi Olrich.	Ísólfur Gylfi Pálmason.
	Kristín Halldórsdóttir.	

624. Breytingartillögur [117. mál]

við frv. til l. um erfðabreyttar lífverur.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 1. gr. bætist nýr málsliður, er orðist svo: Tryggja skal að framleiðsla og notkun erfðabreyttra lífvera fari fram á siðferðilega og samfélagslega ábyrgan hátt í samræmi við grundvallarregluna um sjálfbæra þróun.

2. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „þar með taldar eru“ í 1. mgr. komi: þar með eru taldar.
   b. Í stað orðsins „flutninga“ í 1. mgr. komi: flutnings.
   c. Við greinina bætist tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
      Lög þessi gilda ekki um afurðir erfðabreyttra lífvera.
      Við framkvæmd laganna skal höfð í huga sérstaða landsins á norðurslóð.
3. 3. gr. orðist svo:
   Lögin gilda á Íslandi, í landhelginni og efnahagslögsögunni.
4. Við 4. gr.
   a. Á eftir 2. mgr. komi ný málsgrein er orðist svo:
      Afurðir erfðabreyttra lífvera eru afurðir sem framleiddar eru með erfðabreyttum lífverum en innihalda ekki lifandi erfðabreyttar lífverur.
   b. Í stað orðanna „*Áhættumat* er úttekt á áhættu“ í 3. mgr. komi: *Greinargerð um hugsanlegar afleiðingar* er úttekt á hugsanlegum afleiðingum.
   c. Í stað 4. mgr. komi ný málsgrein er orðist svo:
      Erfðabreyttar lífverur eru allar lífverur þar sem erfðaefninu hefur verið breytt á annan hátt en gerist í náttúrunni við pörun og/eða náttúrulega endurröðun.
   d. Í stað 11. mgr. komi ný málsgrein er orðist svo:
      Lífvera er líffræðileg eining þar sem fram getur farið eftirmyndun eða yfirfærsla erfðaefnis.
5. Við 6. gr.
   a. Í stað orðsins „fimm“ í 1. málsl. komi: níu.
   b. Orðin „sem ætlað er að aðstoða við framkvæmd laga þessara“ í 1. málsl. falli brott.
   c. Á eftir orðunum „framkvæmd laganna“ í 3. málsl. komi: og beita sér fyrir fræðslu um erfðabreytingar.
   d. Á eftir 3. málsl. komi tveir nýir málsliðir er orðist svo: Þá ber nefndinni að gera tillögur til ráðherra um allt það sem horfir til betri vegar í málaflokki þessum. Við skipan í nefndina skulu m.a. höfð í huga tengsl við sérfræðistofnanir í náttúrufræði og siðfræði.
   e. 4. málsl. falli brott.
6. Við 7. gr.
   a. Í stað orðanna „Auk reglugerða sem kveðið er á um í einstökum greinum skal umhverfisráðherra setja í reglugerð eða reglugerðir“ komi: Umhverfisráðherra setur í reglugerðir á grundvelli laga þessara, að fenginni umsögn ráðgjafanefndar, sbr. 6. gr., m.a.
   b. Í stað orðsins „sérákvæði“ í 3. tölul. komi: ákvæði.
   c. 4. tölul. orðist svo: greinargerð um hugsanlegar afleiðingar.
   d. 12. tölul. orðist svo: merkingar og vöruumbúðir.
   e. Á eftir 13. tölul. komi tveir nýir töluliðir:
      14. fræðslu fyrir almenning.
      15. ábyrgðartryggingar.
   f. Á eftir orðinu „alþjóðasamninga“ í 14. tölul., er verði 16. tölul., komi: sem Ísland hefur gerst aðili að.

7. Við 8. gr. Í stað 2. og 3. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
   Í umsókn skal gerð grein fyrir hugsanlegum afleiðingum afmarkaðrar notkunar hinnar erfðabreyttu lífveru fyrir heilsu manna og umhverfi og fyrirhuguðum öryggisráðstöfunum, auk almennra upplýsinga um tegund starfsemi og flokkun erfðabreyttra lífvera. Einnig skulu fylgja umsagnir eftirlitsaðila um aðstöðu, búnað og tæki, eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.
   Hollustuvernd getur krafist þess að umsækjandi veiti frekari upplýsingar en fram koma í umsókn um aðstöðu og fyrirhugaða starfsemi.
8. Við 9. gr.
   a. Í stað orðanna „eða aðrir“ í 1. málsl. komi: og aðrir.
   b. Orðið „fyrrgreindri“ í 2. málsl. 2. mgr. falli brott.
   c. Á eftir orðinu starfsemi í 2. málsl. 2. mgr. komi: skv. 1. mgr.
9. Við 10. gr.
   a. Við bætist nýr upphafsmálsliður er orðist svo: Hollustuvernd ríkisins leggur mat á hverja umsókn á grundvelli framkominna gagna og umsagna og tekur afstöðu til þess hvort leyfi skuli veitt.
   b. Í stað orðanna „Hollustuvernd ríkisins“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: Stofnuninni.
   c. 2. málsl. 1. mgr. falli brott.
   d. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein er orðist svo:
      Aðeins skal veita leyfi til afmarkaðrar notkunar að ekki sé talin hætta á skaðsemi út frá umhverfisverndar- og heilsufarssjónarmiðum og siðferðilega sé réttlætanlegt.
   e. Í stað orðsins „skrá“ í 3. mgr. komi: dagbók.
   f. Við greinina bætist ný málsgrein er orðist svo:
      Hollustuvernd skal hafa eftirlit með og skrásetja þær tegundir erfðabreyttra lífvera sem unnið er með hverju sinni.
10. 12. gr. orðist svo:
    Tilkynna skal Hollustuvernd ríkisins án tafar ef breytt er aðstöðu þar sem fram fer afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera. Hið sama á við ef flokkun erfðabreyttra lífvera breytist. Skal Hollustuvernd tilkynna leyfishafa skriflega svo skjótt sem auðið er hvort breytingarnar séu svo veigamiklar að afturkalla verði áður útgefið leyfi eða hvort leyfishafi skuli breyta starfsaðstöðu sinni að boði stofnunarinnar.
11. Við 13. gr.
    a. Á eftir orðunum „í sömu umsókn“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: enda sé um að ræða samsetningu eða blöndu erfðabreyttra lífvera á einum stað eða sömu tegund þeirra er sleppt á fleiri stöðum í sama skyni og á afmörkuðu tímabili.
    b. Í stað orðanna „og áhættumat“ í 2. mgr. komi: greinargerð um hugsanlegar afleiðingar af sleppingu og dreifingu, fyrirhugaðar öryggisráðstafanir og siðferðileg álitaefni.
    c. Á eftir 2. mgr. komi ný málsgrein, er orðist svo:
       Umsóknir um leyfi skulu vera þannig úr garði gerðar að þær séu fallnar til almennrar kynningar eftir því sem ákveðið kann að verða og samrýmist ákvæðum um upplýsingaskyldu og trúnað.
    d. Í stað orðanna „um efni umsókna eins og kveðið er“ í 3. mgr. komi: Náttúruverndarráðs og rannsóknastofnana eftir því sem við á og hjá aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eins og nánar er kveðið.

12. Við upphaf 14. gr. bætist tveir nýir málsliðir er orðist svo: Hollustuvernd ríkisins leggur mat á hverja umsókn á grundvelli framkominna gagna og umsagna og tekur afstöðu til þess hvort leyfi skuli veitt. Aðeins skal veita leyfi til sleppingar eða dreifingar að ekki sé talin hætta á skaðsemi út frá umhverfisverndar- og heilsufarssjónarmiðum og siðferðilega sé réttlætanlegt.
13. Í stað 1. og 2. málsl. 15. gr. komi þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Telji leyfishafi nauðsynlegt að breyta áður heimilaðri tilhögun við sleppingu eða dreifingu erfðabreyttra lífvera ber honum að tilkynna Hollustuvernd ríkisins það án tafar. Sama gildir komi fram nýjar upplýsingar um hættu sem fylgir sleppingu eða dreifingu erfðabreyttra lífvera. Ákvæði þetta gildir þó að leyfi hafi verið gefið út.
14. Við 17. gr.
    a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hollustuvernd ríkisins leggur mat á hverja umsókn á grundvelli framkominna gagna og umsagna og tekur afstöðu til þess hvort leyfi skuli veitt.
    b. Í stað orðanna „er ekki hafnað“ í 2. mgr. komi: fær jákvæða afgreiðslu.
15. 2. mgr. 19. gr. orðist svo:
    Umhverfisráðherra getur, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins og umsögn ráðgjafanefndar, bannað eða takmarkað hér á landi markaðssetningu tiltekinna erfðabreyttra lífvera eða vöru sem inniheldur þær ef hætta er á að markaðssetningin hafi í för með sér skaðleg áhrif á heilsu manna eða umhverfi. Það sama á við ef leyfisveiting samræmist ekki markmiðum laga þessara að öðru leyti eða samræmist ekki íslenskum lögum.
16. Í stað orðanna „kann að skipta“ í 2. málsl. 20. gr. komi: skiptir.
17. 3. mgr. 21. gr. orðist svo:
    Umhverfisráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð, í samræmi við gildandi lög um upplýsingaskyldu, um meðferð upplýsinga og hvaða upplýsingar skuli ætíð undanþegnar trúnaðarskyldu.
18. Í stað orðanna „það gert“ í 22. gr. komi: greiðsla innt af hendi.
19. Í stað orðanna „valda því að“ í 23. gr. komi: verður, sbr. 4. gr., þ.e. ef.
20. 25. gr. orðist svo:
    Umsækjandi, leyfishafi eða aðrir sem telja á rétt sinn hallað vegna ákvörðunar sem tekin hefur verið samkvæmt lögum þessum geta kært hana til umhverfisráðherra innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun var tilkynnt.
21. Á eftir orðunum „með reglugerð að“ í 26. gr. komi: nánar skilgreind.
22. 2. mgr. 27. gr. orðist svo:
    Ef umsókn er þess eðlis að leyfi fyrir starfsemi með erfðabreyttar lífverur getur haft veruleg áhrif á starfsemi og hagsmuni margra aðila er Hollustuvernd ríkisins heimilt að efna til opins áheyrnarfundar áður en endanleg ákvörðun um leyfisveitingu er tekin. Ákvörðun um að halda opinn áheyrnarfund skal auglýsa sérstaklega.
23. Ákvæði til bráðabirgða falli brott.

625. Lög [296. mál]

um breyting á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. febr.)

Samhljóða þskj. 601.

626. Þingsályktun [157. mál]

um stefnumótun er varðar aukið umferðaröryggi og framkvæmdaáætlun.

(Afgreidd frá Alþingi 28. febr.)

Alþingi ályktar að á næstu sex árum, eða fyrir lok ársins 2000, skuli stefnt að fækkun alvarlegra umferðarslysa um 20% miðað við meðaltal áranna 1982–92. Þessu takmarki verði náð með sameiginlegu átaki ríkis, sveitarfélaga, vátryggingafélaga og áhugahópa um umferðaröryggismál í samvinnu við ökumenn og samtök þeirra. Opinberir aðilar og fyrirtæki sem starfa að umferðaröryggismálum og sveitarfélög með fleiri íbúa en 1.000 skili til dómsmálaráðuneytisins framkvæmdaáætlun eða tillögum er leiði til aukins umferðaröryggis. Dómsmálaráðherra kynni Alþingi í byrjun hvers árs stöðu umferðaröryggismála og hvernig áætluninni miðar í átt að settu marki. Starfs- og framkvæmdaáætlun verði endurskoðuð árlega.

627. Fyrirspurn [358. mál]

til samgönguráðherra um gjaldtöku ríkisins af skemmtiferðaskipum.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hve mörg skemmtiferðaskip komu til landsins árin 1994 og 1995?
2. Hvaða gjöld þurfa eigendur skemmtiferðaskipa að greiða við komu til íslenskra hafna?
3. Hvernig er gjaldtöku háttað ef komið er í tvær eða fleiri hafnir?
4. Hver var meðaltalsupphæð heildargreiðslu skemmtiferðaskipa árin 1994 og 1995?
5. Hverjar voru heildartekjur ríkissjóðs af komu skemmtiferðaskipa sömu ár og hverjar voru tekjur einstakra hafna?
6. Hver eru sambærileg gjöld skemmtiferðaskipa, við komu til hafna, annars staðar á Norðurlöndum?

Skriflegt svar óskast.

628. Tillaga til þingsályktunar [359. mál]

um umboðsmann aldraðra.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna forsendur fyrir stofnun embættis umboðsmanns aldraðra sem sinni gæslu hagsmuna og réttinda aldraðra.

Greinargerð.

Með hliðsjón af þeim staðreyndum að Íslendingar verða elstir allra þjóða, að 26.300 Íslendingar eru 67 ára og eldri (31. desember 1995) og að hlutfall aldraðra af heildaríbúafjölda fer vaxandi er mikil nauðsyn á að stjórnvöld taki tillit til hagsmuna aldraðra þegar teknar eru ákvarðanir sem þá varða.

Mikinn hluta starfsævi sinnar eru einstaklingar að búa sig undir áhyggjulaust ævikvöld og taka þá mið af gildandi lögum og reglum um aldraða þegar lagt er í sameiginlega sjóði almannatrygginga og séreignarsjóði lífeyrissjóðanna. Því er nauðsynlegt að stöðugleika sé gætt í hvívetna hvað varðar fjárhagslega afkomu aldraðra. Í vaxandi mæli eru byggðar fyrir aldraða sérstakar íbúðir sem verða að fullnægja ákveðnum skilyrðum. Á því hefur því miður orðið misbrestur enda þótt löggjafinn hafi reynt að hafa þar nokkur áhrif á.

Fjöldi aldraðra á lögheimili sitt á dvalar- og hjúkrunarheimilum þar sem félagsleg og persónuleg vandamál geta skapast, jafnvel deilumál milli nánustu ættingja um fjármál og eignir. Oft þurfa forstöðumenn og starfsfólk að blanda sér í slík mál til að gæta hagsmuna umbjóðenda sinna og því væri augljóslega léttir fyrir þá að geta vísað þeim til umboðsmanns.

Umboðsmanni aldraðra væri ætlað að vinna að málum sem snerta sérstaklega hagsmuni aldraðra, fylgjast með því að stjórnvöld og einkaaðilar tækju fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna aldraðra og setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur í málum er snerta hag aldraðra á öllum sviðum samfélagsins.

Einnig væri umboðsmanni aldraðra ætlað að hafa frumkvæði að stefnumarkandi umræðu í samfélaginu um málefni aldraðra og stuðla að úrbótum á réttarreglum og stjórnsýslufyrirmælum er snerta aldraða.

629. Frumvarp til laga [360. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Flm.: Svavar Gestsson.

1. gr.

Við a-lið 33. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Heimilt er að veita styrk til kaupa á síma eða öðrum fjarskiptabúnaði í bifreið sem keypt er samkvæmt þessari lagaheimild þegar brýnt er að mati tryggingayfirlæknis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Bílasímar og aðrir farsímar eru taldir sjálfsagður búnaður í tæknisamfélagi nútímans. Fáir þurfa fremur á slíkum búnaði að halda en þeir sem eru verulega fatlaðir en geta engu að síður stýrt eigin bifreið. Þeir öryrkjar, sem fengið hafa lán eða styrki til bifreiðakaupa að undanförnu, hafa stundum sótt um styrk til að setja farsíma í bíl sinn en fengið synjun. Rök fyrir synjuninni eru þau að reglur Tryggingastofnunar heimili ekki að veita styrk í þessu skyni. Segir einnig í synjunarbréfum Tryggingastofnunar að hún „greiði ekki hjálpartæki til þeirra sem vistast á stofnunum eða sjúkrahúsum sem eru á föstum fjárlögum eða daggjaldakerfi að hjólastólum undanskildum". Þessi röksemd getur verið út í hött þegar um er að ræða stofnanir eins og dvalarheimili Sjálfsbjargar í Hátúni 12 svo að dæmi sé nefnt.

Af þessum ástæðum er hér flutt frumvarp sem heimilar Tryggingastofnun að veita styrk til kaupa á fjarskiptabúnaði í bifreiðir öryrkja svo að tekin verði af öll tvímæli í þessum efnum.

630. Frumvarp til upplýsingalaga. [361. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

I. KAFLI

Gildissvið laganna.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi taka til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga.

Lögin taka ennfremur til starfsemi einkaaðila að því leyti sem þeim hefur verið falið opinbert vald til að taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna.

2. gr.

Gildissvið gagnvart öðrum lögum og þjóðréttarsamningum.

Lög þessi gilda ekki um þinglýsingu, aðfarargerðir, kyrrsetningu, löggeymslu, lögbann, nauðungarsölu, greiðslustöðvun, nauðasamninga, gjaldþrotaskipti, skipti á dánarbúum eða önnur opinber skipti, né heldur um rannsókn eða saksókn í opinberu máli.

Lögin gilda ekki um aðgang að upplýsingum samkvæmt stjórnsýslulögum og lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Lögin gilda heldur ekki ef á annan veg er mælt í þjóðréttarsamningum sem Ísland á aðild að.

Ákvæði annarra laga, sem heimila víðtækari aðgang að upplýsingum, halda gildi sínu. Almenn ákvæði laga um þagnarskyldu takmarka ekki rétt til aðgangs að gögnum samkvæmt lögum þessum.

II. KAFLI
Almennur aðgangur að upplýsingum.

3. gr.
Upplýsingaréttur.

Stjórnvöldum er skylt, sé þess óskað, að veita almenningi aðgang að gögnum sem varða tiltekið mál með þeim takmörkunum sem greinir í 4.–6. gr.

Réttur til aðgangs að gögnum nær til:

1. allra skjala sem mál varða, þar með talinna endurrita af bréfum sem stjórnvald hefur sent enda megi ætla að það hafi borist viðtakanda;
2. allra annarra gagna sem mál varða, svo sem teikninga, uppdrátta, korta, mynda, örfilma og gagna sem vistuð eru í tölvu;
3. dagbókarfærslna, sem lúta að gögnum málsins, og lista yfir málsgögn.

Stjórnvöldum er heimilt að veita aðgang að gögnum í ríkari mæli en kveðið er á um í þessum kafla nema fyrirmæli laga um þagnarskyldu standi því í vegi.

4. gr.
Gögn undanþegin upplýsingarétti.

Réttur almennings til aðgangs að gögnum tekur ekki til:

1. fundargerða ríkisráðs og ríkisstjórnar, minnisgreina á ráðherrafundum og skjala sem tekin hafa verið saman fyrir slíka fundi;
2. bréfaskipta stjórnvalda við sérfróða menn til afnota í dómsmáli eða við athugun á því hvort slíkt mál skuli höfðað;
3. vinnuskjala sem stjórnvald hefur ritað til eigin afnota. Þó skal veita aðgang að vinnuskjölum ef þau hafa að geyma endanlega ákvörðun um afgreiðslu máls eða upplýsingar sem ekki verður aflað annars staðar frá;
4. umsókna um störf hjá ríki eða sveitarfélögum og allra gagna sem þær varða. Þó er skylt að veita upplýsingar um nöfn, heimilisföng og starfsheiti umsækjenda þegar umsóknarfrestur er liðinn.

5. gr.
Takmarkanir á upplýsingarétti vegna einkahagsmuna.

Óheimilt er að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari, nema sá samþykki sem í hlut á. Sömu takmarkanir gilda um aðgang að gögnum er varða mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækja og annarra lögaðila.

6. gr.
Takmarkanir á upplýsingarétti vegna almannahagsmuna.

Heimilt er að takmarka aðgang almennings að gögnum þegar mikilvægir almannahagsmunir krefjast enda hafi þau að geyma upplýsingar um:

1. öryggi ríkisins eða varnarmál;
2. samskipti við önnur ríki eða fjölþjóðastofnanir;
3. viðskipti stofnana og fyrirtækja í eigu ríkis eða sveitarfélaga, að því leyti sem þau eru í samkeppni við aðra;
4. fyrirhugaðar ráðstafanir eða próf á vegum ríkis eða sveitarfélaga ef þau yrðu þýðingarlaus eða næðu ekki tilætluðum árangri væru þau á almanna vitorði.

7. gr.

Aðgangur að hluta skjals.

Ef ákvæði 4.–6. gr. eiga aðeins við um hluta skjals skal veita almenningi aðgang að öðru efni skjalsins. Sama regla á við um önnur gögn.

8. gr.

Takmarkalaus upplýsingaréttur að tilteknum tíma liðnum.

Veita skal aðgang að gögnum sem 4. tölul. 6. gr. tekur til jafnskjótt og ráðstöfunum eða prófum er að fullu lokið nema ákvæði 5. gr. eða 1.–3. tölul. 6. gr. eigi við.

Veita skal aðgang að öðrum gögnum sem 4.–6. gr. taka til þegar liðin eru þrjátíu ár frá því gögn urðu til, að frátöldum upplýsingum er varða einkamálefni einstaklinga en aðgang að þeim skal fyrst veita að áttatíu árum liðnum frá því þau urðu til.

III. KAFLI

Aðgangur aðila að upplýsingum um hann sjálfan.

9. gr.

Upplýsingaréttur aðila.

Stjórnvöldum er skylt, sé þess óskað, að veita aðila sjálfum aðgang að skjölum og öðrum gögnum sem varða tiltekið mál ef þau hafa að geyma upplýsingar um hann sjálfan.

Ákvæði 1. mgr. gilda þó ekki:

1. um þau gögn sem talin eru í 4. gr.;
2. um gögn sem hafa að geyma upplýsingar um mikilvæga almannahagsmuni er leynt eiga að fara skv. 6. gr.

Heimilt er að takmarka aðgang aðila að gögnum ef þau hafa jafnframt að geyma upplýsingar um einkamálefni annarra, enda vegi þeir hagsmunir, sem mæla með því að upplýsingunum sé haldið leyndum, þyngra en hagsmunir þess sem fer fram á aðgang að gögnunum.

Um aðgang sjúklings að sjúkraskrá fer eftir ákvæðum læknalaga.

Ákvæði 3., 7. og 8. gr. gilda, eftir því sem við getur átt, um aðgang aðila að gögnum.

IV. KAFLI

Málsmeðferð.

10. gr.

Beiðni um aðgang að upplýsingum.

Sá sem fer fram á aðgang að gögnum skal tilgreina þau gögn sem hann óskar að kynna sér. Þá getur hann óskað eftir að fá að kynna sér upplýsingar um tiltekið mál án þess að tilgreina einstök gögn sem málið varða.

Stjórnvald getur sett það skilyrði að beiðni um aðgang að gögnum sé skrifleg og komi jafnframt fram á eyðublaði sem það leggur til.

Þegar farið er fram á aðgang að gögnum um mál þar sem taka á eða tekin hefur verið ákvörðun um rétt eða skyldu manna skal beiðni beint til þess stjórnvalds sem tekið hefur eða taka mun ákvörðun í málinu. Annars skal beiðni beint til þess stjórnvalds sem hefur gögnin í sínum vörslum.

11. gr.

Málshraði og málsmeðferð.

Stjórnvald skal taka ákvörðun um hvort það verður við beiðni um aðgang að gögnum svo fljótt sem verða má. Hafi beiðni ekki verið afgreidd innan sjö daga frá móttöku hennar skal skýra aðila frá ástæðum tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta.

Um málsmeðferð fer að öðru leyti eftir stjórnsýslulögum.

12. gr.

Ljósrit eða afrit af gögnum.

Stjórnvald tekur ákvörðun um hvort umbeðin gögn skuli sýnd eða hvort ljósrit skuli veitt af skjölum eða afrit af öðrum gögnum sé þess kostur.

Sé farið fram á að fá ljósrit af skjölum skal orðið við þeirri beiðni, nema skjölin séu þess eðlis eða fjöldi þeirra svo mikill að það sé vandkvæðum bundið.

Þegar fjöldi skjala er mikill getur stjórnvald ákveðið að fela öðrum að sjá um ljósritun þeirra. Hið sama á við hafi stjórnvald ekki aðstöðu til að ljósrita skjöl. Þá skal aðili greiða þann kostnað sem hlýst af ljósritun skjalanna.

Forsætisráðherra er heimilt að ákveða með gjaldskrá hvað greiða skuli fyrir ljósrit sem veitt eru samkvæmt lögum þessum.

Reglur 2.–4. mgr. eiga einnig við um afrit af öðrum gögnum en skjölum eftir því sem við á.

13. gr.

Tilkynning ákvörðunar.

Ákvörðun stjórnvalds um að synja beiðni um aðgang að gögnum eða um ljósrit eða afrit af þeim skal tilkynnt skriflega ef beiðni hefur verið skrifleg.

V. KAFLI
Úrskurðarnefnd um upplýsingamál.

14. gr.

Kæruheimild.

Heimilt er að bera synjun stjórnvalds um að veita aðgang að gögnum samkvæmt lögum þessum undir úrskurðarnefnd um upplýsingamál sem úrskurðar um ágreininginn. Hið sama gildir um synjun stjórnvalds um að veita ljósrit af skjölum eða afrit af öðrum gögnum.

Nefndin er sjálfstæð í störfum sínum og verður úrskurðum hennar samkvæmt lögum þessum ekki skotið til annarra stjórnvalda.

15. gr.

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál.

Forsætisráðherra skipar þrjá menn í úrskurðarnefnd um upplýsingamál til fjögurra ára og jafnmarga til vara. Skulu tveir nefndarmenn og varamenn þeirra uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar en hinn varaformaður. Nefndarmenn mega ekki vera fastráðnir starfsmenn í Stjórnarráði Íslands.

Nefndinni er heimilt að kalla sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila ef hún telur þörf á.

16. gr.

Málsmeðferð.

Mál skv. 1. mgr. 14. gr. skal borið skriflega undir úrskurðarnefnd um upplýsingamál innan 30 daga frá því að þeim sem fór fram á aðgang að gögnum var tilkynnt um ákvörðun.

Nefndin getur veitt hlutaðeigandi stjórnvaldi stuttan frest til þess að láta í té rökstutt álit á málinu áður en því er ráðið til lykta.

Þegar nefndarmenn eru ekki sammála ræður meiri hluti niðurstöðu máls. Ef atkvæði eru jöfn ræður atkvæði formanns.

Um meðferð mála hjá úrskurðarnefndinni fer að öðru leyti eftir VII. kafla stjórnsýslulaga.

17. gr.

Birting úrskurðar.

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál skal birta úrskurð þeim sem fór fram á aðgang að gögnum og því stjórnvaldi, sem í hlut á, svo fljótt sem verða má.

Ef nefndin hefur tekið til greina beiðni um aðgang að gögnum ber stjórnvaldi að veita aðgang að þeim jafnskjótt og úrskurður hefur verið birtur, nema þess sé krafist að réttaráhrifum hans verði frestað skv. 18. gr.

18. gr.

Frestun á réttaráhrifum úrskurðar.

Að kröfu stjórnvalds getur úrskurðarnefnd um upplýsingamál ákveðið að fresta réttaráhrifum úrskurðar telji hún sérstaka ástæðu til þess. Krafa þess efnis skal gerð ekki síðar en þremur dögum frá birtingu úrskurðar. Skal frestun á réttaráhrifum úrskurðar vera bundin því skilyrði að stjórnvald beri málið undir dómstóla innan sjö daga frá birtingu úrskurðar og óski eftir að það hljóti flýtimeðferð.

19. gr.

Útgáfa úrskurða.

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál skal árlega gefa út úrskurði sína eða útdrætti úr þeim.

VI. KAFLI
Aðgangur að gögnum hjá Þjóðskjalasafni Íslands og öðrum opinberum skjalasöfnum.

20. gr.

Aðgangur að gögnum eftir að þau hafa verið afhent söfnum.

Þegar gögn þau sem lög þessi taka til hafa verið afhent Þjóðskjalasafni Íslands eða öðru opinberu skjalasafni skal hlutaðeigandi safn taka ákvörðun um hvort umbeðin gögn skuli sýnd eða hvort ljósrit skuli veitt af skjölum eða afrit af öðrum gögnum sé þess kostur.

Ef vafi er um rétt til aðgangs að gögnum getur safnið aflað rökstuddrar umsagnar þess stjórnvalds sem afhenti safninu gögnin áður en ákvörðun er tekin.

21. gr.

Kæruheimild.

Heimilt er að bera synjun um að veita aðgang að gögnum, ljósrit af skjölum eða afrit af gögnum skv. 20. gr. undir úrskurðarnefnd um upplýsingamál skv. 14. gr.

VII. KAFLI
Skráning mála o.fl.

22. gr.

Skráning mála.

Stjórnvöldum er skylt að skrá mál, sem koma til meðferðar hjá þeim, á kerfisbundinn hátt og varðveita málsgögn þannig að þau séu aðgengileg.

Forsætisráðherra er heimilt, að fengnu áliti þjóðskjalavarðar, að gefa út reglugerð þar sem mælt er fyrir um hvernig skjalastjórn skuli hagað í stjórnsýslu ríkisins, þar með talið hvers konar tölvuhugbúnað skuli nota.

23. gr.

Skráning upplýsinga um málsatvik.

Við meðferð mála, þar sem taka á ákvörðun um rétt eða skyldu manna skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, ber stjórnvaldi að skrá upplýsingar um málsatvik sem því eru veittar munnlega ef þær hafa verulega þýðingu fyrir úrlausn málsins og þær er ekki að finna í öðrum gögnum þess.

VIII. KAFLI
Gildistaka o.fl.

24. gr.

Gildistaka laganna.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997.

Ákvæði laganna gilda um öll gögn án tillits til þess hvenær þau urðu til eða hvenær þau hafa borist stjórnvöldum.

25. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirtalin lagaákvæði:

1. Í 2. mgr. 9. gr. laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, nr. 121 28. desember 1989, falla niður orðin „þar með töldum hagsmunum hins skráða sjálfs.“
2. 4. gr. laga um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál, nr. 21 30. mars 1993, hljóðar svo:
   Um aðgang að fyrirliggjandi gögnum um umhverfismál fer eftir upplýsingalögum.
3. 6. gr. laga um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál, nr. 21 30. mars 1993, hljóðar svo:
   Heimilt er að kæra ákvörðun um synjun um að afla og láta í té upplýsingar um umhverfismál skv. 7. gr. til ráðherra innan sex vikna frá því að aðila var tilkynnt um hana.
4. 3. málsl. 2. mgr. 16. gr. læknalaga nr. 53 19. maí 1988, sbr. 3. gr. laga um breytingu á þeim lögum, nr. 50 15. maí 1990, fellur brott.

5. Á eftir 22. gr. höfundalaga nr. 73 29. maí 1972 kemur ný grein, 22. gr. a, er hljóðar svo:
   Heimilt er að veita aðgang að skjölum eða öðrum gögnum samkvæmt upplýsingalögum og öðrum lögum, sem veita aðgang að upplýsingum hjá stjórnvöldum, með því að afhenda ljósrit eða afrit af þeim þótt þau hafi að geyma verk er njóta verndar samkvæmt þessum lögum, enda verði verkin ekki birt, eintök af þeim gerð, eintökum af þeim dreift eða þau nýtt með öðrum hætti í hagnaðarskyni nema með samþykki höfundar.
6. 9. gr. laga um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66 27. júní 1985, hljóðar svo:
   Um aðgang að skjölum og öðrum gögnum, sem varðveitt eru í Þjóðskjalasafni Íslands, fer samkvæmt ákvæðum upplýsingalaga. Um aðgang að öðrum gögnum og skjölum, sem upplýsingalög taka ekki til, skal mælt fyrir um í reglugerð sem menntamálaráðherra setur að fengnum tillögum þjóðskjalavarðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar hefur nefnd sérfræðinga, sem forsætisráðherra skipaði í tíð fyrri ríkisstjórnar til þess m.a. að vinna að undirbúningi almennrar stjórnsýslulöggjafar og reglna um upplýsingaskyldu stjórnvalda, haldið áfram störfum og samið frumvarp þetta.

Nefndina skipa Eiríkur Tómasson nú prófessor, formaður, Gunnar Jóhann Birgisson hæstaréttarlögmaður og Páll Hreinsson aðstoðarmaður umboðsmanns Alþingis. Starfsmaður nefndarinnar hefur verið Kristján Andri Stefánsson deildarstjóri í forsætisráðuneyti, en auk hans hefur Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur veitt nefndinni aðstoð við gerð frumvarpsins.

Sama nefnd hefur áður samið frumvarp til stjórnsýslulaga sem lagt var fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992 og samþykkt sem lög nr. 37/1993. Við gerð þessa frumvarps hefur nefndin fylgt áþekku verklagi og áður, þ.e. kynnt sér þau frumvörp um upplýsingskyldu stjórnvalda sem áður hafa verið lögð fyrir Alþingi, svo og hliðstæða löggjöf í nágrannaríkjunum. Nefndarmenn hafa og ráðfært sig við ýmsa þá aðila er sérstakra hagsmuna eiga að gæta á þessu sviði, þar á meðal ráðuneytisstjóra stjórnarráðsins, þjóðskjalavörð og Blaðamannafélag Íslands. Í októbermánuði síðastliðnum efndi nefndin til sérstaks fundar með hagsmunaaðilum og sérfræðingum þar sem drög að frumvarpinu voru kynnt. Segja má að allir þeir sem til máls tóku á fundinum hafi lýst stuðningi sínum við frumvarpsdrögin í heild þótt gerðar væru athugasemdir við einstök atriði þeirra. Hafa nefndarmenn leitast við að taka tillit til þessara athugasemda við lokafrágang frumvarpsins eftir því sem kostur hefur verið.

Fyrri lagafrumvörp um þetta efni hafa ýmist borið yfirskriftina „frumvarp til laga um upplýsingaskyldu stjórnvalda“ eða „frumvarp til laga um aðgang að upplýsingum hjá almannastofnunum“. Fyrra heitið hefur yfirleitt orðið fyrir valinu og er að vísu þjálla en hið síðara, en hefur á hinn bóginn þann ókost að gefa í skyn að á stjórnvöldum hvíli skylda til að veita upplýsingar að eigin frumkvæði, en ekki samkvæmt beiðni, svo sem frumvörpin hafa jafnan gert ráð fyrir. Af þessum sökum hefur verið farin sú leið að nefna frumvarp þetta einfaldlega „frumvarp til upplýsingalaga“. Heitið „upplýsingalög“ gefur að vísu litla vísbendingu um efni laganna, en er á hinn bóginn hlutlausara en „lög um upplýsingaskyldu stjórnvalda“ og um leið einfalt og þjált í notkun.

Í nútíma lýðræðisþjóðfélagi er það talið sjálfsagt að almenningur eigi þess kost að fylgjast með því sem stjórnvöld hafast að, ýmist beint eða fyrir milligöngu fjölmiðla. Liður í því er að hver og einn geti fengið aðgang að upplýsingum um mál sem til meðferðar eru hjá stjórnvöldum, jafnvel þótt það snerti ekki hann sjálfan. Þetta er meginmarkmiðið með frumvarpi þessu og er þannig á sama hátt og stjórnsýslulögum ætlað að stuðla að auknu réttaröryggi í stjórnsýslunni. Lögin ættu jafnframt að draga úr tortryggni almennings í garð stjórnvalda — tortryggni sem oft og einatt á rót sína að rekja til þess að upplýsingum hefur, stundum að óþörfu, verið haldið leyndum. Að sjálfsögðu getur það verið óhjákvæmilegt í vissum undantekningartilvikum, en til þess þurfa þá að vera brýnar ástæður.

II.

Alþingi hefur alloft áður fjallað um hvaða reglur eigi að gilda um upplýsingarétt almennings og upplýsingaskyldu stjórnvalda. Tillaga til þingsályktunar um upplýsingaskyldu stjórnvalda var í fyrsta skipti flutt á Alþingi af Þórarni Þórarinssyni o.fl. á 90. löggjafarþingi 1969–70. Tillagan var stuttorð og þess efnis að lagt skyldi fyrir þingið lagafrumvarp um málið. Tillagan varð ekki útrædd á því þingi, en endurflutt tvívegis og loks samþykkt með breytingum sem ályktun Alþingis á 92. löggjafarþingi 19. maí 1972. Ályktunin hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um, hver sé skylda stjórnvalda og ríkisstofnana til að skýra opinberlega frá störfum sínum og ákvörðunum og hvenær beri að veita þeim, sem þess óska, aðgang að reikningum og skjölum sem almenning varða.“

Í samræmi við ályktun Alþingis var stjórnarfrumvarp um upplýsingaskyldu stjórnvalda, samið af Jóni P. Emils hæstaréttarlögmanni, þrívegis lagt fyrir Alþingi án þess að verða útrætt, nánar tiltekið á 93. löggjafarþingi 1972–73, á 94. löggjafarþingi 1973–74 og á 96. löggjafarþingi 1974–75.

Haustið 1976 fól Ólafur Jóhannesson þáv. dóms- og kirkjumálaráðherra Baldri Möller þáv. ráðuneytisstjóra, Einari Karli Haraldssyni þáv. formanni Blaðamannafélags Íslands og Sigurði Líndal prófessor að endurskoða fyrra frumvarp eða semja nýtt. Með nefndinni starfaði Eiríkur Tómasson þá aðstoðarmaður ráðherra. Valdi nefndin þann kost að semja nýtt frumvarp og nefndi það „Frumvarp til laga um aðgang að upplýsingum hjá almannastofnunum“. Var það lagt fyrir 99. löggjafarþing 1977–78, en varð ekki útrætt. Var málinu almennt ekki hreyft á ný fyrr en rúmum áratug síðar þegar Steingrímur Hermannsson þáv. forsætisráðherra skipaði nefnd vorið 1989 til þess m.a. að vinna að setningu reglna um upplýsingaskyldu stjórnvalda. Nefndina skipuðu Jón Sveinsson héraðsdómslögmaður, þá aðstoðarmaður ráðherra, formaður, Arnmundur Backmann hæstaréttarlögmaður, Björn Friðfinnsson þá ráðuneytisstjóri og Guðmundur Ágústsson þá alþingismaður. Ritari nefndarinnar var Kristján Andri Stefánsson þá laganemi. Þessi nefnd byggði frumvarp sitt í meginatriðum á frumvarpinu frá 1978, en nefndi það „Frumvarp til laga um upplýsingaskyldu stjórnvalda“. Var það fyrst lagt fyrir 112. löggjafarþing 1989–90 til kynningar og án þess að fyrir því væri mælt og kom aftur fyrir 113. löggjafarþing 1990, en dagaði uppi áður en annarri umræðu lauk í meðferð fyrri deildar.

Í skýrslu til Alþingis á 118. löggjafarþingi 1994 gerði Davíð Oddsson forsætisráðherra grein fyrir undirbúningi og megininntaki þess frumvarps sem hér liggur fyrir.

III.

Meginreglan um aðgang almennings að gögnum hins opinbera hefur verið lengst við lýði í Svíþjóð. Þegar árið 1766 var reglan tekin upp í sænsku prentfrelsistilskipunina. Efni hennar var síðan tekið upp í stjórnarskrá árið 1949 og fest frekar í sessi árið 1976. Árið 1937 voru reglur tilskipunarinnar rýmkaðar svo að þær næðu einnig til stjórnsýslu sveitarfélaga. Undantekningar frá upplýsingarétti hafa verið teknar upp í sjálfstæðan lagabálk þar sem þær eru tæmandi taldar. Svipaðar reglur hafa lengi gilt í Finnlandi.

Í Danmörku og Noregi voru reglur þessa efnis teknar í lög árið 1970. Dönsku lögin höfðu í upphafi að geyma reglur um upplýsingarétt aðila máls og almennan upplýsingarétt, en við endurskoðun laganna árið 1985 voru ákvæði um upplýsingarétt aðila máls flutt í stjórnsýslulögin.

Efni meginreglunnar, eins og hún birtist í lögum annars staðar á Norðurlöndum, er fjórþætt:

* Réttur til aðgangs að upplýsingum er bundinn við þær upplýsingar sem fram koma í skjölum í vörslum stjórnvalda.
* Rétturinn til aðgangs að upplýsingum nær til skjala sem finna má í vörslum ríkis eða sveitarfélaga.
* Ekki er gerð krafa um að sá sem óskar aðgangs að upplýsingum hjá stjórnvöldum hafi tengsl við hlutaðeigandi mál eða hafi að öðru leyti sérstakra hagsmuna að gæta.
* Öllum er frjálst að óska aðgangs að upplýsingum. Rétturinn er því t.d. ekki bundinn skilyrði um búsetu eða ríkisborgararétt.

Mörg önnur ríki hafa lögleitt meginregluna um upplýsingarétt almennings. Má þar nefna Ástralíu (e. Freedom of Information Act frá 1982), Bandaríkin (e. Freedom of Information Act frá 1967), Kanada (e. Access to Information Act frá 1980) og Nýja Sjáland (e. Official Information Act frá 1982).

Meginregla um almennan aðgang að upplýsingum hjá stjórnvöldum er ekki almennt gildandi réttur í ríkjum Evrópusambandsins ef undan eru skilin ákvæði sem gilda innan sambandsins og á Evrópska efnahagssvæðinu um upplýsingaskyldu á sviði umhverfismála. Þau ákvæði eru sett á grundvelli tilskipunar Evrópusambandsins frá 1990.

Nýverið hefur einnig verið ákveðið að heimila almenningi aðgang að gögnum í vörslu stofnana Evrópusambandsins, einkum ráðherraráðsins og framkvæmdastjórnarinnar. Þær reglur gilda aðeins á vettvangi sambandsins, en snerta ekki einstök aðildarríki þess.

IV.

Aðstæður stjórnvalda til þess að veita aðgang að upplýsingum eru á ýmsan hátt lakari hér á landi en í nágrannalöndum okkar. Íslensk stjórnsýsla er um margt frumstæðari og lausari í reipunum en stjórnsýsla nágrannaríkjanna. Þannig virðast fleiri mál vera afgreidd hér á landi með óformlegum hætti, en það leiðir oft til þess að ekki eru varðveittar upplýsingar um málsatvik og jafnvel afgreiðslu máls. Þá hafa ekki mótast hérlendis skýrar stjórnsýsluvenjur um rétt almennings til aðgangs að gögnum hjá stjórnvöldum.

Hér á landi hafa ekki enn verið lögleiddar almennar reglur um aðgang almennings að upplýsingum hjá stjórnvöldum. Á einstökum sviðum hafa þó verið tekin í lög ákvæði sem veita almenningi rétt til aðgangs að vissum upplýsingum. Hér má fyrst nefna lög nr. 21/1993, um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál hjá stjórnvöldum, en að auki er að finna nokkur dreifð og ósamstæð ákvæði í lögum og eru þau helstu talin upp í fylgiskjali I með frumvarpi þessu. Þegar settum lögum sleppir ríkir mikil réttaróvissa um það að hverju marki almenningur eigi rétt til aðgangs að upplýsing-

um hjá stjórnvöldum. Í ólögmæltum tilvikum hefur verið gengið út frá því að stjórnvöld hafi heimild til þess að veita almenningi rýmri aðgang að upplýsingum en leiðir af beinum rétti þessara aðila lögum samkvæmt, enda standi reglur um þagnarskyldu því ekki í vegi.

Jafnt almenningi sem stjórnvöldum er nauðsyn á skýrum og einföldum meginreglum um það sem hér að framan hefur verið nefndur upplýsingaréttur almennings. Skortur á reglum af þessu tagi hefur oft leitt til harðvítugra deilna á síðari árum, auk þess sem óvissan hefur tafið fyrir afgreiðslu á þeim erindum sem stjórnvöldum hafa borist um aðgang að gögnum. Þá hefur komið í ljós, m.a. í málum sem umboðsmaður Alþingis hefur fengið til úrlausnar, að stjórnsýsluframkvæmd á þessu sviði hefur alls ekki verið nægilega samræmd.

Með frumvarpi þessu er lagt til að tekin verði upp sú meginregla í íslensk lög að stjórnvöldum sé skylt, sé þess óskað, að veita almenningi aðgang að gögnum sem varða tiltekið mál. Hér er m.ö.o. ætlunin að rýmka rétt almennings til aðgangs að gögnum hjá stjórnvöldum, einkum á þeim sviðum þar sem þeim hefur verið talið heimilt, en ekki skylt, að láta upplýsingar í té. Þó skal tekið fram, til að forðast misskilning, að með frumvarpinu er ekki lögð nein skylda á herðar stjórnvöldum til að veita almenningi upplýsingar að eigin frumkvæði. Í lögum er aftur á móti að finna nokkurn fjölda slíkra sérákvæða. Þar má t.d. nefna að skv. 2. gr. laga nr. 84/1995 skal úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna birta reglulega upplýsingar um fiskverð þannig að þær gagnist útvegsmönnum og sjómönnum sem best. Þá er rétt að benda á að ákvæði frumvarpsins veita almenningi eingöngu aðgang að upplýsingum sem er að finna í fyrirliggjandi gögnum í vörslu stjórnvalda. Í lögum er aftur á móti að finna nokkur sérákvæði sem mæla fyrir um að veita skuli almenningi upplýsingar í víðtækara mæli en frumvarp til upplýsingalaga gerir ráð fyrir og er þá oft um einhvers konar leiðbeiningar og ráðgjöf að ræða. Þannig eiga húsnæðisnefndir t.d. að veita íbúum hlutaðeigandi sveitarfélags upplýsingar um félagslegt húsnæði og húsaleigusamninga, skv. 5. tölul. 45. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. 8. gr. laga nr. 58/1995, um breyting á þeim lögum.

Við gerð frumvarpsins hefur sem fyrr segir verið höfð hliðsjón af frumvarpi því til laga um upplýsingaskyldu stjórnvalda sem lagt var fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990 jafnframt því sem höfð hefur verið hliðsjón af þeirri gagnrýni sem frumvarpið sætti á sínum tíma. Hér á eftir fer yfirlit um helstu efnisatriði þessa frumvarps:

1. Lagt er til í I. kafla að gildissvið laganna verði hið sama og var í eldri frumvörpum, þ.e. stjórnsýsla ríkis og sveitarfélaga. Eru ákvæðin um gildissvið sniðin eftir samsvarandi ákvæðum stjórnsýslulaga, svo langt sem þau ná, og á þetta reyndar við um fleiri atriði í frumvarpinu svo sem nánar verður vikið að í athugasemdum við einstakar greinar.

2. Í II. kafla hefur verið leitast við að hafa undanþágur frá fyrrgreindri meginreglu um upplýsingarétt almennings sem fæstar og hefur þeim þannig verið nokkuð fækkað frá eldri frumvörpum, einkum þeim undanþágum sem byggjast á mikilvægum almannahagsmunum. Undanþáguákvæðin ber að sjálfsögðu að skýra þröngt en þó hefur verið reynt að hafa ákvæðin svo almennt orðuð að nokkurt svigrúm skapist til að móta þau nánar í framkvæmd.

3. Í III. kafla er finna ákvæði um aðgang aðila máls að upplýsingum um hann sjálfan en ákvæði sem þessi var ekki að finna í eldri frumvörpum.

4. Ákvæði IV. kafla um málsmeðferð eru nokkru ítarlegri en samsvarandi ákvæði í eldri frumvörpum.

5. Að því var fundið í frumvarpinu frá 1990 að ekki væri unnt yrði að leysa úr ágreiningi um aðgang að gögnum með einföldum og skjótum hætti. Í því skyni er nú lagt til í V. kafla að sett verði á stofn sérstök úrskurðarnefnd er starfi óháð stjórnsýslunni. Ekkert er því hins vegar til fyrirstöðu að ágreiningur af þessu tagi verði borinn undir dómstóla eftir almennum reglum.

6. Annað atriði, sem sætti gagnrýni í frumvarpinu frá 1990, var að ráðherra var veitt víðtæk heimild til að setja ákvæði um framkvæmd laganna, jafnvel að móta einstök ákvæði þeirra nánar í reglugerð. Í því frumvarpi, sem nú er lagt fram, hefur þessu verið breytt. Kveðið er afdráttarlaust á um það í 8. gr. hvenær veita skuli aðgang að tilteknum gögnum þegar langur tími er liðinn frá því að þau urðu til.

7. VI. og VII. kafli hafa að geyma ákvæði um aðgang að gögnum hjá Þjóðskjalasafni Íslands og öðrum opinberum skjalasöfnum, svo og um skráningu mála. Nákvæm skráning og flokkun skjala og annarra gagna er forsenda þess að upplýsingalög verði virk. Af þeim sökum er mjög mikilvægt að ákvæði um varðveislu gagna og málaskráningu verði annað og meira en orðin tóm nái frumvarp þetta fram að ganga.

8. Samkvæmt VIII. kafla öðlast frumvarpið gildi sem lög hinn 1. janúar 1997. Jafnframt er lagt til, öfugt við það sem gert var í eldri frumvörpum, að lögin taki jafnt til allra gagna, eldri sem yngri.

V.

Hugtök þau sem koma fyrir í frumvarpinu eru mörg hver hin sömu og notuð eru í stjórnsýslulögum. Er merking þeirra hvarvetna hin sama.

Um hugtök þau sem notuð eru í frumvarpinu er annars þetta að segja:

Hugtakið „skjöl" er notað í hefðbundinni þröngri merkingu, en hugtakið „gögn" er notað sem samheiti um öll þau form sem upplýsingar eru varðveittar á innan stjórnsýslunnar. Upplýsingaréttur almennings gildir án tillits til þess í hvaða formi umbeðnar upplýsingar eru. Hugtakið á því að skýra rúmt eins og fram kemur í 2. tölul. 3. gr. frumvarpsins.

Hugtakið „upplýsingar" er samheiti yfir allt það sem komið hefur til vitundar stjórnvalda. Hugtakið er því notað í huglægri merkingu en hugtökin „skjöl" og „gögn" eru hlutlægs eðlis. Þannig er t.d. í 6. gr. frumvarpsins tekið svo til orða að „gögn hafi að geyma upplýsingar um tiltekin atriði".

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Um 1. gr.

Í þessari grein er kveðið á um gildissvið laganna. Gert er ráð fyrir að þau taki til allrar stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga með sama hætti og stjórnsýslulög. Þannig taka lögin til þeirrar starfsemi sem heyrir undir framkvæmdarvaldið samkvæmt þrískiptingu ríkisvaldsins. Utan gildissviðs þeirra fellur hins vegar Alþingi og stofnanir þess, svo sem umboðsmaður Alþingis og ríkisendurskoðun. Sömuleiðis dómstólarnir, þ.e. Hæstiréttur, *héraðsdómstólar og sérdómstólar.*

Öfugt við stjórnsýslulög er ekki gerður neinn greinarmunur á því hvers eðils sú starfsemi er sem stjórnvöld hafa með höndum. Lögin taka því ekki einvörðungu til þess þegar stjórnvöld taka ákvarðanir um rétt og skyldu manna, sbr. 1. gr. stjórnsýslulaga, heldur og til hvers konar þjónustustarfsemi, samningsgerðar og annarrar starfsemi.

Í 2. mgr. er mælt svo fyrir að lögin taki ennfremur til þeirrar starfsemi einkaaðila sem lýtur að því að taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna. Hér er fylgt sömu reglu og í 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga og lögin látin ná til þess þegar einkaaðilum hefur verið fengið stjórnsýsluhlutverk sem að öðru jöfnu er í höndum hins opinbera.

Að öðru leyti gilda lögin ekki um einkaaðila, en undir hugtakið „einkaaðilar“ falla m.a. félög einkaréttarlegs eðlis, eins og hlutafélög og sameignarfélög, þótt þau séu í opinberri eigu. Ef rekstrarformi opinberrar stofnunar hefur t.d. verið breytt í hlutafélagsform fellur hlutafélagið sem slíkt utan gildissviðs laganna, jafnvel þótt það sé að öllu leyti í eigu ríkis eða sveitarfélags, nema því hafi verið falið sérstakt stjórnsýsluhlutverk, þ.e. að taka ákvarðanir, í skjóli stjórnsýsluvalds, um rétt eða skyldu manna. Sé hlutafélag í eigu ríkis eða sveitarfélags ná lögin til upplýsinga er varða eignarhald þessara opinberu aðila á félaginu nema upplýsingarnar lúti að viðkvæmum viðskiptahagsmunum þess, en þá er heimilt að takmarka aðgang að gögnum skv. 3. tölul. 6. gr. laganna með tilliti til samkeppni félagsins við aðra aðila.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er mælt svo fyrir eins og í stjórnsýslulögum að lögin gildi ekki um þau störf sýslumanna og sérstakra sýslunarmanna, þar á meðal skiptastjóra, sem töldust til dómstarfa fram til 1. júlí 1992. Í réttarfarslöggjöfinni er ráð fyrir því gert að ágreiningsefni um þessi málefni verði borin beint undir dómstóla og er því eðlilegt að umrædd störf falli utan við gildissvið laganna á sama hátt og starfsemi dómstóla.

Í stjórnsýslulögum er að finna ákvæði um aðgang aðila stjórnsýslumáls að gögnum málsins. Eðlilegt er að taka fram, til þess að taka af allan vafa, að lög þessi gildi ekki um slíkan aðgang. Hins vegar er í III. kafla frumvarpsins kveðið á um aðgang aðila að gögnum máls þegar þau tengjast ekki stjórnvaldsákvörðun eins og nánar verður vikið að í athugasemdum með 9. gr.

Í lögum nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, svonefndum tölvulögum, er og að finna ákvæði um aðgang að gögnum hjá stjórnvöldum. Þótt þau lög séu víðtæk vegna þess að þau taka til hvers kyns kerfisbundinnar skráningar og meðferðar persónuupplýsinga verður að líta á ákvæði þeirra sem sérákvæði í samanburði við þau almennu ákvæði um aðgang að upplýsingum í stjórnkerfinu sem frumvarp þetta hefur að geyma. Þar af leiðandi er það bæði eðlilegt og stuðlar jafnframt að einföldun að tölvulögin séu látin gilda ein og á tæmandi hátt um aðgang að þeim upplýsingum er þau taka til.

Þá kann Ísland að hafa gengist undir skuldbindingar gagnvart öðrum ríkjum í þjóðréttarsamningum þess efnis að tilteknum gögnum verði haldið leyndum umfram það sem gert er ráð fyrir í þessum lögum. Vegna slíkra skuldbindinga að þjóðarétti þykir nauðsynlegt að taka af skarið um það að lögin gildi ekki ef öðru vísi er fyrir mælt í þjóðréttarsamningum sem íslenska ríkið á aðild að. Sem dæmi um slíka þjóðréttarskuldbindingu má nefna 2. mgr. 31. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og 122. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993.

Rétt er að vekja athygli á því að í 4. mgr. 9. gr. er að finna eina undantekningu til viðbótar frá hinu almenna gildissviði laganna skv. 1. gr., en þar segir að um aðgang sjúklings að sjúkraskrá fari eftir ákvæðum læknalaga, sbr. nú 16. gr. laga nr. 53/1988 eins og henni var breytt með 3. gr. laga nr. 50/1990.

Á sama hátt og í stjórnsýslulögum er sérstaklega tekið fram í 3. mgr. að ákvæði annarra laga, sem heimila kunna víðtækari aðgang að upplýsingum en lög þessi mæla fyrir um, haldi gildi sínu óháð lögunum. Þá ber að skýra ýmis sérákvæði í lögum, sem almennt eru orðuð, svonefnd eyðuákvæði, til samræmis við ákvæða laga þessara.

Í niðurlagi 2. gr. er sérstaklega kveðið á um að almenn ákvæði laga um þagnarskyldu takmarki ekki rétt til aðgangs að gögnum.

Í lögum eru mörg ákvæði um þagnarskyldu. Skipta má þeim ákvæðum í tvo flokka eftir því hvort þau sérgreina þær upplýsingar sem þagnarskylda á að ríkja um. Finna má fjölmörg þagnarskylduákvæði sem nefna má *almenn ákvæði* laga um þagnarskyldu. Dæmi um slík ákvæði eru 32. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og fleiri sambærileg lagaákvæði. Einkenni þessara almennu ákvæða er að þau sérgreina ekki þær upplýsingar sem þagnarskyldan gildir um heldur tilgreina aðeins „atriði“, „upplýsingar“ eða „það“ sem starfsmaður fær vitneskju um í starfi og leynt skal fara. Slík *almenn ákvæði* laga um þagnarskyldu takmarka sem fyrr segir ekki aðgang að gögnum skv. 1. mgr. 3. gr. og 9. gr. frumvarpsins. Það sama á við um almenn ákvæði um þagnarskyldu sem fram koma í stjórnvaldsfyrirmælum. Þeir hagsmunir, sem þessum almennu þagnarskylduákvæðum er ætlað að vernda, eru yfirleitt hinir sömu og ákvæði 4.–6. gr. frumvarpsins taka til. Það fer því eftir túlkun 4.–6. gr. frumvarpsins hvort aðgangur að gögnum er óheimill eða takmarkaður. Séu aftur á móti veittar upplýsingar sem óheimilt er að veita samkvæmt ákvæðum upplýsingalaga, ef að lögum verða, kann starfsmaður að hafa bakað sér refsiábyrgð samkvæmt ákvæðum laga um þagnarskyldu.

Í fylgiskjali II með frumvarpi þessu eru dæmi um almenn lagaákvæði um þagnarskyldu.

Í lögum má ennfremur finna allmörg *sérákvæði laga* um þagnarskyldu þar sem upplýsingar þær sem þagnarskyldan tekur til eru sérgreindar. Það fer eftir efni og orðalagi þagnarskylduákvæðis hvernig slík ákvæði verða skýrð og samþýdd ákvæðum upplýsingalaga.

Nokkur þessara ákvæða tilgreina þær upplýsingar, sem þagnarskylda á að ríkja um, með mjög almennum hætti. Þar má t.d. nefna þegar þagnarskylda á að ríkja um einstaklingsbundnar upplýsingar, einkamálefni, persónuleg málefni eða upplýsingar um hagi einstaklinga eða fyrirtækja. Slík ákvæði valda almennt ekki vanda þar sem auðvelt er að skýra þau til samræmis við 5. gr. frumvarpsins.

Þá er að finna ákvæði sem tilgreina skýrar þær upplýsingar sem þagnarskylda á að ríkja um. Að því leyti sem slíkum ákvæðum er ætlað að vernda sömu hagsmuni og ákvæði 4.–6. gr. frumvarpsins ber að skýra þau til samræmis við þau ákvæði frumvarpsins að svo miklu leyti sem hægt er. Þannig ber t.d. að skýra ákvæði, sem mæla fyrir um þagnarskyldu um einkamál og heimilishagi eða þagnarskyldu um nöfn sjúklinga, vitneskju eða grun um sjúkdóma og heilsufar þeirra, til samræmis við 1. málsl. 5. gr. frumvarpsins, en þar kemur fram að óheimilt sé að veita almenningi aðgang að gögnum um *einkamálefni* einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari. Þá ber að skýra ákvæði, sem mæla fyrir um þagnarskyldu um efnahag, tekjur eða gjöld einstaklinga, til samræmis við 1. málsl. 5. gr. frumvarpsins, en þar kemur fram að óheimilt sé að veita almenningi aðgang að gögnum um *fjárhagsmálefni* einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari. Í 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins er mælt svo fyrir að óheimilt sé að veita almenningi aðgang að gögnum er varða *mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni* fyrirtækja og annarra lögaðila. Til samræmis við þetta ákvæði ber að skýra ákvæði sem

mæla fyrir um þagnarskyldu um atvinnu-, framleiðslu- og viðskiptaleyndarmál eða rannsóknir í þágu atvinnulífs sem kostaðar eru af einkaaðilum.

Þau *sérákvæði laga* um þagnarskyldu, þar sem upplýsingar þær sem þagnarskyldan tekur til ganga skýrlega lengra en ákvæði 4.–6. gr. frumvarpsins, eða taka til annarra upplýsinga en þar eru undanþegnar aðgangi almennings, ganga framar ákvæðum frumvarps þessa, ef að lögum verður, og hindra því aðgang að þeim upplýsingum sem þar er getið. Afar fá slík ákvæði eru í íslenskum lögum, þannig að um óveruleg frávik er að ræða frá þeim rétti til aðgangs að gögnum sem mælt er fyrir um í frumvarpi þessu. Sem dæmi um slík sérákvæði má nefna þagnarskyldu þá sem ríkir um upplýsingar um það hverjir nota póstinn eða á hvern hátt hann er notaður eða upplýsingar um efni skeyta eða samtala um fjarskiptavirki ríkisins svo og hverjir hafi átt samtal um fjarskiptavirki ríkisins eða staðið í skeytasendingum.

Í fylgiskjali III með frumvarpi þessu eru dæmi um sérákvæði laga um þagnarskyldu.

Sérákvæði um þagnarskyldu, sem fram koma í *stjórnvaldsfyrirmælum*, takmarka ekki aðgang að upplýsingum samkvæmt frumvarpinu *nema* slík þagnarskylduákvæði eigi sér sérstaka og skýra lagastoð. Ákvæði, sem veita t.d. ráðherra almenna heimild til þess að setja nánari fyrirmæli um framkvæmd laga í reglugerð, nægja því ekki.

Sérstök fyrirmæli yfirmanns til undirmanns um að gæta þagmælsku um tilteknar upplýsingar geta ekki takmarkað aðgang að upplýsingum samkvæmt 1. mgr. 3. gr. og 9. gr. frumvarpsins nema fyrirmælin eigi sér skýra stoð í *sérákvæði* laga um þagnarskyldu. Slík fyrirmæli á grundvelli 32. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, geta því t.d. ekki takmarkað aðgang að gögnum sem ella væri frjáls skv. 1. mgr. 3. gr. og 9. gr. frumvarpsins. Á sama hátt getur sveitarstjórn ekki takmarkað rétt til aðgangs að gögnum á grundvelli 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sem ella væri frjáls skv. 1. mgr. 3. gr. eða 9. gr. frumvarpsins.

Í 1. mgr. 3. gr. og 9. gr. eru ákvæði um rétt til aðgangs að gögnum og um skýringu þagnarskylduákvæða gagnvart þeim hefur verið fjallað hér að framan. Í 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins er aftur á móti að finna *heimild* til að veita aðgang að gögnum í ríkari mæli en beinn réttur stendur til skv. 1. mgr. 3. gr. og 9. gr. frumvarpsins. Eins og nánar verður vikið að í athugasemdum við 3. gr. geta bæði almenn ákvæði og sérákvæði um þagnarskyldu takmarkað þá heimild sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 3. gr.

Um II. kafla.

A.

Meginreglan um upplýsingarétt almennings.

Í grófum dráttum má skipa gildandi lagaákvæðum um aðgang að gögnum í tvo höfuðflokka. Annars vegar eru það reglur um aðgang aðila að gögnum sem snerta hann sjálfan sérstaklega eða mál sem hann er aðili að. Í þennan flokk reglna falla m.a. 15. gr. stjórnsýslulaga, 9. gr. laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga og 16. gr. læknalaga. Hins vegar eru það reglur um aðgang almennings að upplýsingum hjá stjórnvöldum. Ekki eru til margar skráðar reglur til að fylla þennan flokk að gildandi rétti. Rétt er þó að nefna ákvæði laga nr. 21/1993, um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál, en það eru sérlög sem aðeins gilda á sviði umhverfismála eins og heiti þeirra ber með sér. Ákvæði II. kafla frumvarpsins falla í þennan síðarnefnda flokk en ákvæði III. kafla falla fremur í fyrrnefnda flokkinn.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfest verði sú réttarregla að stjórnvöldum sé skylt, ef þess er óskað, að veita *almenningi* aðgang að gögnum, sem varða tiltekið mál, með þeim takmörkunum sem greinir í 4.–6. gr. frumvarpsins. Aðalatriði þessarar meginreglu er að einstaklingar og lögaðilar, þ.m.t. fjölmiðlar, eigi lögum samkvæmt rétt til aðgangs að gögnum mála innan stjórnsýslunnar án þess að þurfa að sýna fram á *tengsl* við málið eða aðila þess og án þess að þurfa að sýna fram á *hagsmuni* af því fá eða nota umbeðnar upplýsingar.

Einnig er rétt að benda sérstaklega á að meginregla, sem byggist á almennum aðgangi að upplýsingum, án þess að sá sem upplýsinga beiðist þurfi að tiltaka ástæður fyrir beiðni sinni, felur jafnframt í sér að aðgangi verður ekki synjað á þeim grundvelli að ætlað sé að birta upplýsingarnar. Annað mál er að birting upplýsinga kann stundum að varða við lög, t.d. almenn hegningarlög eða höfundalög.

B.

Meginreglan um aukinn aðgang að gögnum.

Í álitum umboðsmanns Alþingis frá 13. október 1995 í málinu nr. 1097/1994 og frá 2. nóvember 1995 í málinu nr. 1359/1995 er bent á að almennt hafi verið út frá því gengið að stjórnvöld hafi heimild til þess að veita bæði aðila stjórnsýslumáls og almenningi rýmri aðgang að upplýsingum en leiðir af beinum rétti þessara aðila lögum samkvæmt, enda standi reglur um þagnarskyldu því ekki í vegi. Með 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins er lagt til að þessi óskráða réttarregla verði sett í lög.

Meginregla 1. mgr. 3. gr. svarar því aðeins hvenær stjórnvaldi er skylt að veita aðgang að gögnum, sem 2. mgr. sömu greinar tekur til, með þeim takmörkunum sem greinir í 4. – 6. gr. Ákvæðið stendur því ekki í vegi að veittur sé rýmri aðgangur að gögnum en þar er gert ráð fyrir. Þetta er í samræmi við fyrrnefnda meginreglu svo og það sjónarmið að ákvæði frumvarpsins geri aðeins lágmarkskröfur til stjórnsýslunnar.

Í dönskum og norskum rétti er heimild stjórnvalds til þess að meta hvort aukinn aðgangur verði veittur nefnd *meroffentlighed*. Í fyrstu upplýsingalögum beggja þessara ríkja, sem hvortveggja voru sett á árinu 1970, var þessi heimild ekki lögfest berum orðum, en engu að síður út frá því gengið að hún væri fyrir hendi. Við endurskoðun dönsku laganna árið 1985 var heimildinni bætt í lögin til að leggja áherslu á að lögin geri aðeins lágmarkskröfur til stjórnsýslunnar. Í þessu sambandi var sérstaklega á það bent að stjórnvald ætti ekki aðeins að meta hvort *heimilt* væri að synja beiðni af formlegum ástæðum eða á grundvelli undanþáguákvæða laganna heldur einnig að taka til sjálfstæðrar skoðunar hvort raunveruleg *þörf* væri á að halda upplýsingum leyndum. Við endurskoðun norsku laganna árið 1982 var sambærileg heimild tekin upp í þau lög sem nokkurs konar *leiðbeining* til stjórnvalda um að vega og meta í hverju tilviki hvort rétt væri að veita aukinn aðgang að gögnum. Við síðari endurskoðun laganna á árinu 1993 var leiðbeiningunni breytt í skyldu þannig að stjórnvöldum er nú skylt að vega og meta hvort veita skuli aukinn aðgang að gögnum.

C.

Sjónarmið að baki undanþáguákvæðum laganna.

Aðgangur almennings að upplýsingum verður almennt ekki takmarkaður á grundvelli ákvæða 5.–6. gr. nema að undangengnu mati stjórnvalds á því hvort hætta sé á að þeir hagsmunir, sem þar eru tilgreindir, skaðist ef upplýsingar eru veittar. Við mat á því skipta engu máli hagsmunir þess sem upplýsinganna óskar af því að fá þær enda byggist meg-

inreglan um almennan aðgang að upplýsingum á því grundvallarsjónarmiði að hver sem er geti óskað upplýsinga án þess að þurfa að tilgreina ástæður fyrir beiðni sinni.

Að þessu leyti greina reglur II. kafla sig frá reglum III. kafla, en þar er á því byggt að fram fari hagsmunamat þegar gögn hafa jafnframt að geyma upplýsingar um einkamálefni annarra, sbr. 3. mgr. 9. gr. frumvarpsins

Undanþágur frá meginreglu frumvarpsins eru tæmandi taldar, en almennt eru þær af tvennum toga. Annars vegar að tiltekin gögn eru undanþegin upplýsingarétti, hins vegar að ákveðnir hagsmunir standi því í vegi að upplýsingar verði veittar. Þeir hagsmunir geta ýmist verið einkahagsmunir eða almannahagsmunir.

Um 3. gr.

Allir njóta réttar til aðgangs að gögnum. Ekki hefur þýðingu hvort sá sem upplýsinga óskar er íslenskur ríkisborgari eða heimilisfastur hér á landi. Ekki skiptir heldur máli hvort um einstakling eða lögaðila er að ræða.

Rétturinn nær eingöngu til gagna sem eru eða hafa verið til meðferðar hjá stjórnvöldum. Til gagna teljast t.d. umsóknir, bréf, minnisblöð sem rituð hafa verið um málsatvik, umsagnir, erindi frá öðrum stjórnvöldum, myndir, teikningar, örfilmur og annað sem tilheyrt getur máli. Það hefur því ekki þýðingu á hvaða formi upplýsingar eru varðveittar, t.d. geta þær verið skráðar með vélrænum hætti.

Stjórnvald getur ekki heitið þeim trúnaði sem gefur upplýsingar. Slíkt verður ekki gert nema ótvírætt sé að upplýsingarnar falli undir eitthvert af undanþáguákvæðum 4.–6. gr. frumvarpsins.

Réttur almennings til aðgangs að gögnum nær einnig til dagbókarfærslna um skjöl máls, sbr. 3. tölul. 2. mgr. 3. gr. Í 22. gr. er fjallað um skyldu stjórnvalda til að færa skrá yfir slíkar upplýsingar. Slík færsluskrá getur veitt gott yfirlit um gögn máls þótt iðulega komi þar lítið sem ekkert fram um sjálft efni málsins. Ákvæði 3. gr. veitir þó aðeins aðgang að þeim hluta skrár sem geymir dagbókarfærslur um það mál er beiðni lýtur að. Ákvæðið veitir einnig rétt til aðgangs að lista yfir málsgögn hafi slíkur listi verið gerður.

Svo sem fram kemur í almennum athugasemdum hér að framan þarf sá sem óskar aðgangs að gögnum máls ekki að vera tengdur málinu eða aðilum þess. Hann þarf heldur ekki að tilgreina til hvers hann ætlar að nota upplýsingarnar.

Ekki hefur þýðingu hvort mál er enn til meðferðar eða hefur verið afgreitt þar sem ákvæðið á við í báðum tilvikum, sbr. orðalagið „eru eða hafa verið til meðferðar“.

Í 3. mgr. 3. gr. er kveðið á um heimild til þess að veita almenningi aukinn aðgang að gögnum. Ákvæðið er í samræmi við þau ólögfestu sjónarmið að stjórnvöld hafi oft heimild til þess að veita bæði aðila máls og almenningi rýmri aðgang að upplýsingum en leiðir af beinum rétti þessara aðila lögum samkvæmt *enda* standi reglur um þagnarskyldu því ekki í vegi. Á því er t.d. byggt að stjórnvöld geti veitt aukinn aðgang að gögnum vegna vísindalegra rannsókna eða í öðrum svipuðum tilgangi.

Í þessu sambandi hefur þýðingu hvort mál snertir einkahagsmuni eða almannahagsmuni. *Án samþykkis* þess einstaklings eða lögaðila, sem í hlut á, geta stjórnvöld t.d. *ekki* veitt almenningi aukinn aðgang að einka- eða fjárhagsmálefnum sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari. Snerti mál opinbera hagsmuni getur aftur á móti það stjórnvald, sem bært er, ákveðið að veita almenningi aukinn aðgang að gögnum standi ákvæði um þagnarskyldu því ekki í vegi.

Eins og fram kemur í lok greinarinnar er heimild stjórnvalds til þess að veita rýmri aðgang að gögnum máls háð því að ákvæði laga um þagnarskyldu standi auknum aðgangi ekki í vegi. Öll þagnarskylduákvæði í lögum og lögleg fyrirmæli byggð á þeim ganga því framar heimildarákvæðinu í 3. mgr.

Um 4. gr.

Sum gögn hafa sérstöku hlutverki að gegna við málsmeðferð stjórnvalda. Má þar nefna skjöl sem einkum eru samin til þess að undirbúa ákvarðanir stjórnvalds og hafa oft að geyma vangaveltur, svo sem uppkast að svari sem kann að breytast við nánari skoðun.

Ríkisráð og ríkisstjórn hafa ótvírætt sérstöðu innan stjórnsýslu ríkisins. Við setningu stjórnsýslulaga var talið rétt að vernda starfsemi þessara stjórnvalda á þann hátt að undanþiggja frá upplýsingarétti aðila máls fundargerðir þeirra, minnisgreinar á ráðherrafundum og skjöl sem tekin hafa verið saman fyrir slíka fundi. Sömu sjónarmið eiga ekki síður við um upplýsingarétt almennings og er því lagt til að umrædd gögn verði undanþegin meginreglu 1. mgr. 3. gr. Birting upplýsinga úr þessum gögnum verður því eftir sem áður háð ákvörðun þessara stjórnvalda sjálfra. Um heimild ríkisstjórnar til þess að afhenda gögn sem falla undir 1. tölul. fer eftir 3. mgr. 3. gr. Undanþágan gildir um alla fundi þar sem saman koma tveir ráðherrar eða fleiri hvort heldur er á formlegum ríkisstjórnarfundi eða við aðrar óformlegri aðstæður.

Að baki undanþágu 2. tölul. býr það sjónarmið að hið opinbera, á sama hátt og hver annar aðili að *dómsmáli*, geti leitað ráðgjafar sérfróðra aðila án þess að þær upplýsingar, sem þannig er aflað, komist til vitundar gagnaðila. Undanþágunni verður aðeins beitt um gögn sem verða til eða aflað er gagngert í þessu skyni og tekur því t.d. ekki til álitsgerða eða skýrslna sérfræðinga sem aflað er við meðferð stjórnsýslumála almennt. Hliðstæð undanþága frá upplýsingarétti aðila máls er í stjórnsýslulögum.

Í 3. tölul. er mælt svo fyrir að réttur almennings til aðgangs að gögnum taki ekki til vinnuskjala sem stjórnvald hefur ritað til eigin afnota. Margar ákvarðanir, sem stjórnvöld taka, eru svonefndar matskenndar ákvarðanir. Þá hafa lög eða stjórnvaldsfyrirmæli, sem ákvörðun er byggð á, ekki að öllu leyti að geyma þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi svo að ákvörðun verði tekin eða þau veita stjórnvöldum að einhverju leyti mat á því hvert efni ákvörðunar skuli vera. Þegar matskennd stjórnvaldsákvörðun er tekin verða stjórnvöld iðulega að vega og meta mörg ólík sjónarmið. Af þessu leiðir að einatt tekur það einhvern tíma að móta afstöðu stjórnvalds til fyrirliggjandi máls og á því tímabili kunna ólík sjónarmið að hafa mismunandi vægi og breytast, t.d. ef fram koma ítarlegri upplýsingar um málsatvik. Gögn, sem til verða á þessum tíma, þurfa því ekki að endurspegla réttilega að hvaða niðurstöðu er stefnt. Er því lagt til að farin verði sama leið og í stjórnsýslulögunum, og reyndar einnig í dönsku og norsku upplýsingalögunum, að vinnuskjöl stjórnvalds verði undanþegin upplýsingarétti.

Með vinnuskjölum er hér einkum átt við skjöl sem stjórnvald ritar til eigin afnota, svo og skjöl sem fara á milli deilda, skrifstofa eða að öðru leyti á milli starfsmanna hjá sama stjórnvaldi. Á hinn bóginn teljast gögn, sem fara á milli tveggja stjórnvalda, ekki til vinnuskjala enda þótt bréfaskiptin séu liður í meðferð máls og stjórnvöldin standi í nánum tengslum hvort við annað. Þá geta þau skjöl ekki talist vinnuskjöl sem stafa frá öðrum en hlutaðeigandi stjórnvaldi enda þótt slík gögn hafi orðið til að frumkvæði stjórnvaldsins, t.d. álit eða skýrslur sérfræðinga o.s.frv. Ennfremur er rétt að taka fram að gögn, sem verða til við skráningu upplýsinga um málsatvik, sbr. 23. gr., falla ekki undir ákvæði 3. tölul.

Að öðru leyti er ekki hægt að tilgreina með tæmandi hætti hvaða gögn teljast vinnuskjöl í skilningi ákvæðisins. Við nánari skýringu þess verður að líta sérstaklega til þess hvort upplýsingarnar snerta atriði sem kunna að breytast eða hafa breyst við nánari skoðun eða umfjöllun.

Þrátt fyrir að stjórnvald kunni að hafa útbúið tiltekið gagn í eigin þágu og til nota við meðferð máls getur efni þess engu að síður verið slíkt að rök standi til að veita almennan aðgang að því. Í ljósi þessa er í niðurlagi 3. tölul. 1. mgr. lagt til að aðgangur verði veittur í tveimur tilvikum. Annars vegar þegar gögn hafa að geyma upplýsingar um endanlega afgreiðslu máls og hins vegar ef upplýsinga verður ekki aflað annars staðar. Með síðastnefndu orðalagi er einkum átt við upplýsingar um staðreyndir máls sem af einhverjum ástæðum er ekki að finna annars staðar en kunna að hafa vegið þungt við ákvörðunartöku. Rökin að baki þessari reglu eru einkum þau að slíkar upplýsingar geti verið ómissandi til skýringar á ákvörðun og af þeim orsökum sé ekki rétt að undanþiggja þær aðgangi almennings enda þótt þær sé aðeins að finna í vinnuskjölum. Samsvarandi undanþágu frá upplýsingarétti aðila máls og fram kemur í 3. tölul. er að finna í stjórnsýslulögum.

Í 4. tölul. er tekið af skarið um það að öll gögn máls, sem snerta ráðningu, skipun eða setningu opinberra starfsmanna, séu undanþegin aðgangi almennings. Umsóknir, einkunnir, meðmæli, umsagnir um umsækjendur og önnur gögn í slíkum málum, sbr. 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins, eru því undanþegin aðgangi almennings.

Í áliti umboðsmanns Alþingis frá 13. október 1995 í málinu nr. 1097/1994 vakti umboðsmaður athygli forsætisráðherra og Alþingis á því að brýnt væri að Alþingi tæki með lögum af skarið um hvort veita bæri almenningi upplýsingar um nöfn þeirra sem sótt hefðu um opinber störf.

Nefnd sú sem samdi þetta frumvarp tók til rækilegrar skoðunar hvort rétt væri að lögfesta þá reglu að hver sem er ætti rétt á að fá lista yfir nöfn, heimilisföng og starfsheiti umsækjenda um opinberar stöður. Tvenns konar sjónarmið vegast hér aðallega á. *Annars vegar* tillitið til umsækjenda, þar á meðal er talið að menn í störfum hjá einkaaðilum veigri sér við því að sækja um opinber störf af ótta við að missa viðskiptavini þegar fréttist af umsókn þeirra. *Hins vegar* er það sjónarmiðið um „opna stjórnsýslu“ en upplýsingar um umsækjendur stuðla m.a. að umræðu um ráðningu í opinberar stöður er veitir stjórnvöldum án efa nokkurt aðhald.

Með tilliti til aðalmarkmiðs frumvarpsins og þeirrar reynslu, sem fengist hefur síðustu ár af því að birta lista yfir umsækjendur, var ákveðið að taka síðastnefndu rökin fram yfir hin fyrrnefndu. Í frumvarpinu er því lagt til að farin verði svipuð leið og í norsku upplýsingalögunum. Þegar umsóknarfrestur er liðinn ber stjórnvaldi að útbúa lista yfir nöfn, heimilisföng og starfsheiti umsækjenda, svo og að veita almenningi aðgang að þessum lista sé þess óskað. Forsætisráðherra setti stjórnarráðinu reglur sama efnis hinn 16. janúar 1996 og öðluðust þær gildi við birtingu auglýsingar um setningu þeirra í Lögbirtingablaði 26. janúar 1996.

Um 5. gr.

Í 5. gr. frumvarpsins eru teknar upp takmarkanir sem upplýsingaréttur almennings sætir í þágu einkahagsmuna einstaklinga, fyrirtækja og annarra lögaðila.

Augljóst er að óheftur aðgangur almennings að öllum gögnum, sem stjórnvöld ráða yfir, kynni að rjúfa friðhelgi einkalífs manna. Á hinn bóginn myndi það takmarka upplýsingaréttinn mjög ef allar upplýsingar, sem snerta einkahagsmuni einstaklinga eða fyrirtækja, væru undanþegnar. Því hefur víðast hvar, þar sem upplýsingalög hafa verið sett, verið fylgt þeirri stefnu að láta meginregluna um upplýsingarétt taka til slíkra upplýsinga en með þeim takmörkunum sem gera verður til að tryggja friðhelgi einkalífs og mikilvæga hagsmuni fyrirtækja og annarra lögaðila.

Hér er lagt til að lögfest verði nokkurs konar vísiregla um það hvenær rétt sé að halda leyndum upplýsingum um einkahagsmuni. Stjórnvaldi er m.ö.o. ætlað að vega og meta umbeðin gögn með tilliti til þess hvort upplýsingar þær sem þau hafa að geyma séu þess eðlis að rétt sé að undanþiggja þær aðgangi almennings. Við það mat verður að taka mið af því hvort upplýsingarnar séu, samkvæmt almennum sjónarmiðum, svo viðkvæmar að þær eigi ekkert erindi við allan þorra manna.

Erfitt er að tilgreina nákvæmlega þau sjónarmið sem stjórnvaldi er rétt að leggja til grundvallar við mat á því hvaða einkamálefni einstaklinga eru þannig vaxin að þau réttlæti undanþágu frá upplýsingarétti í hverju tilviki. Oft koma sérstakar reglur um þagnarskyldu í veg fyrir að aðgang megi veita að upplýsingum en þegar þeim reglum sleppir má þó hafa í huga ýmis lagaákvæði sem sett hafa verið í sama augnamiði. Þannig er engum vafa undirorpið að þær persónuupplýsingar, sem taldar eru upp í 4. gr. laga nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, eru allar undanþegnar aðgangi almennings skv. 5. gr. Þar má t.d. nefna: upplýsingar um litarhátt, kynþátt, stjórnmálaskoðanir og trúaarbrögð, upplýsingar um það hvort maður hafi verið grunaður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað, upplýsingar um kynlíf manna og heilsuhagi, lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun, svo og upplýsingar um félagsleg vandamál.

Undir 5. gr. geta jafnvel fallið upplýsingar um hvort tiltekið mál, er snertir ákveðinn einstakling, *sé eða hafi verið til meðferðar*. Dæmi um slík tilvik væru t.d. upplýsingar um það hvort tiltekinn einstaklingur hafi lagt fram umsókn um leyfi til að ættleiða barn, umsókn um fjárhagsaðstoð frá félagsmálastofnun eða umsókn um fóstureyðingu.

Óheimilt er að veita almenningi aðgang að gögnum um fjárhagsmálefni einstaklinga. Þannig er t.d. almennt óheimilt að veita upplýsingar um tekjur og fjárhagsstöðu einstaklinga nema það byggist á sérstakri lagaheimild. Að því er snertir laun opinberra starfsmanna þá eru upplýsingar um föst laun og önnur föst kjör opinberra starfsmanna ekki undanþegnar aðgangi almennings. Á grundvelli 5. gr. er það aftur á móti undanþegið aðgangi almennings hver heildarlaun hver opinber starfsmaður hefur haft, hvort sem laun hans eru hærri en föst laun og kjör, sem stöðu hans fylgja, sökum unninnar yfirvinnu, eða þá lægri vegna launafrádráttar sökum fjarvista eða annarra atvika.

Óheimilt er að veita almenningi aðgang að gögnum um mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækja og annarra lögaðila. Þannig er óheimilt að veita upplýsingar um atvinnu-, framleiðslu- og viðskiptaleyndarmál eða viðkvæmar upplýsingar um rekstrar- eða samkeppnisstöðu svo og aðra mikilvæga viðskiptahagsmuni.

Í vafatilvikum er stjórnvaldi rétt að leita álits þess aðila sem í hlut á. Ef hann samþykkir að umbeðnar upplýsingar séu veittar stendur 5. gr. almennt ekki í vegi fyrir upplýsingagjöf. Sama er ef slíkt samþykki er gefið fyrirfram. Í ljósi þess að samkvæmt ákvæðinu er óheimilt að veita upplýsingarnar verður þó að gera nokkuð ríkar kröfur til þess að samþykki sé skýrt og ótvírætt.

Um 6. gr.

Í 6. gr. er fjallað um þá almannahagsmuni sem réttlætt geta að aðgangur almennings að gögnum sé takmarkaður. Dönsk og norsk upplýsingalög hafa að geyma samsvarandi ákvæði og virðast þau í hvorugu landinu hafa valdið erfiðleikum í framkvæmd.

Með orðalaginu „þegar mikilvægir almannahagsmunir krefjast“ er vísað til þess að beiðni um upplýsingar verður ekki synjað, hvorki í heild né að hluta, nema aðgangur almennings að upplýsingum muni skaða einhverja af þeim almannahagsmunum sem tilgreindir eru í ákvæðinu. Þessir hagsmunir eru tæmandi taldir, en hver töluliður sætir sjálfstæðri skýringu með tilliti til eðlis þeirra upplýsinga sem um ræðir.

Heimild 6. gr. til þess að takmarka aðgang almennings og fjölmiðla að gögnum er bundin því skilyrði að gögnin sjálf hafi að geyma upplýsingar um þá hagsmuni sem njóta eiga verndar. Ef í gögnunum er jafnframt að finna upplýsingar sem ekki snerta þessa hagsmuni er stjórnvaldi almennt skylt að veita aðgang að þeim hluta þeirra, sbr. 7. gr.

Um 1. tölul.

Með upplýsingum um öryggi ríkisins er eingöngu vísað til hinna veigamestu hagsmuna sem tengjast því hlutverki ríkisvaldsins að tryggja öryggi ríkisins inn á við og út á við. Upplýsingar um skipulag löggæslu, landhelgisgæslu, almannavarna og útlendingaeftirlits geta fallið hér undir. Í þessu sambandi skal og áréttað að samkvæmt niðurlagi 1. mgr. 2. gr. er gert ráð fyrir því að lögin gildi ekki um rannsókn eða saksókn í opinberu máli.

Við túlkun á ákvæðinu verður að hafa í huga að því er ætlað að vernda mjög þýðingarmikla hagsmuni. Ef upplýsingar, þeim tengdar, berast út getur það haft afdrifaríkar afleiðingar. Þess vegna verður að skýra ákvæðið tiltölulega rúmt.

Með upplýsingum um varnarmál er m.a. átt við upplýsingar um áætlanir og samninga um varnir landsins, svo og við framkvæmdir á varnarsvæðum. Það er skilyrði fyrir því að takmarka megi aðgang að gögnum, með vísan til þessa ákvæðis, að sýnt sé fram á hættu gagnvart *íslenskum* hagsmunum. Ákvæðið tekur því aðeins til upplýsinga um innlend varnarmál, en 2. tölul. tekur til upplýsinga um alþjóðleg varnarmál og varnarmál erlendra ríkja. Oft kunna íslenskir og erlendir hagsmunir þó að falla saman að þessu leyti.

Um 2. tölul.

Ákvæðið á við samskipti íslenska ríkisins við erlend ríki og fjölþjóðastofnanir, hvort sem þau eru af pólitískum, viðskiptalegum eða annars konar toga. Þeir hagsmunir, sem hér er verið að vernda, eru tvenns konar. Annars vegar er verið að forðast að erlendir viðsemjendur fái vitneskju um samningsmarkmið og samningsstöðu okkar Íslendinga. Hins vegar er verið að tryggja góð samskipti og gagnkvæmt traust í skiptum við önnur ríki, þar á meðal innan þeirra fjölþjóðlegu stofana sem Ísland er aðili að.

Vegna fyrrgreinds skilyrðis um mikilvæga almannahagsmuni verður beiðni um upplýsingar um samskipti við erlend ríki og fjölþjóðastofnanir því ekki synjað, nema hætta sé á tjóni af þessum sökum. Í ljósi þess að hér er oft um mjög veigamikla hagsmuni að ræða kann varfærni þó að vera eðlileg við skýringu á ákvæðinu.

Með erlendum ríkjum er átt við öll erlend ríki, jafnt þau sem Ísland hefur viðurkennt sem og önnur. Með fjölþjóðlegum stofnunum er átt við stofnanir að þjóðarétti sem einstök ríki eiga aðild að. Í dæmaskyni má nefna Sameinuðu þjóðirnar (UN), Atlantshafsbandalagið (NATO), Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA), Evrópusambandið (EU), Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnun Evrópu (OECD), Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF), auk stofnana sem heyra undir þessa aðila, svo sem Mannvirkjasjóð Atlantshafsbandalagsins, Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) og Eftirlitsstofnun EFTA (ESA)

svo að nokkur dæmi séu tekin. Ef vafi leikur á því hvort fjölþjóðleg stofnun fellur undir ákvæði þessa töluliðar ber að skoða þær samþykktir sem stofnunin starfar eftir og hvernig tengslum íslenska ríkisins við hana er háttað.

Með 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins er tryggt að skuldbindingar um þagnarskyldu, sem íslenska ríkið hefur gengist undir að þjóðarétti, haldi gildi sínu þótt frumvarp þetta nái fram að ganga.

Um 3. tölul.

Markmiðið með þessu frumvarpi er meðal annars að gefa almenningi og fjölmiðlum tækifæri á að fá vitneskju um það hvernig opinberum fjármunum er varið. Óheftur réttur til upplýsinga getur á hinn bóginn skaðað samkeppnis- og rekstrarstöðu opinberra stofnana og fyrirtækja í þeim tilvikum þegar hið opinbera þarf að keppa á markaði við einkaaðila sem ekki eru skyldugir til að gefa upplýsingar um stöðu sína. Af þessum sökum er lagt til að takmarkaður verði aðgangur að upplýsingum um viðskipti hins opinbera þegar svona háttar til.

Meginsjónarmiðið að baki þessa ákvæðis er að opinber aðili eigi að standa jafnfætis öðrum samkeppnisaðilum í viðskiptum, hvorki betur né verr. Athuga verður þó í þessu sambandi að í sumum tilvikum eru fyrir hendi skýrar reglur um skyldu stjórnvalda til þess að veita upplýsingar í tengslum við viðskipti, sbr. lög nr. 65/1993, um framkvæmd útboða.

Ákvæðið er sem fyrr segir einskorðað við þá stöðu þegar opinberir aðilar eru í samkeppni við aðra aðila. Ákvæðinu verður því ekki beitt þegar hið opinbera starfar í skjóli einkaréttar né heldur ef opinber aðili er einn um rekstur þótt einkaréttar njóti ekki við.

Um 4. tölul.

Markmið þessa ákvæðis er að hindra að nokkur geti aflað sér á ótilhlýðilegan hátt vitneskju um fyrirhugaðar ráðstafanir á vegum hins opinbera. Með ráðstöfunum á vegum ríkis og sveitarfélaga er m.a. átt við fyrirhugaðar ráðstafanir í fjármálum, svo sem aðgerðir í gjaldeyrismálum, skattamálum, tollamálum og öðrum málum er varða tekjuöflun hins opinbera. Á sama hátt falla hér undir ráðstafanir sem ætlað er að tryggja öryggi, svo sem fyrirhugaðar eftirlitsaðgerðir lögreglu og annarra yfirvalda í þágu umferðaröryggis.

Enn fremur er heimilt samkvæmt þessum tölulið að takmarka aðgang almennings að gögnum sem lúta að fyrirhuguðum ráðstöfunum í kjaramálum starfsmanna ríkis og sveitarfélaga til þess að tryggja jafnræði í kjarasamningum hins opinbera og viðsemjenda þess. Undanþágunni verður einnig beitt í tengslum við hagræðingu og breytingu í rekstri opinberra stofnana og fyrirtækja.

Með prófum er átt við hvers konar prófraunir sem opinberir aðilar standa fyrir. Augljóst er að eigi próf að geta gefið óvilhalla niðurstöðu er nauðsynlegt að halda öllum prófgögnum leyndum áður en það er þreytt. Ekki er aðeins um að ræða próf í hefðbundnum menntastofnunum heldur einnig próf fyrir ökumenn, flugmenn o.s.frv.

Ákvæðið gerir ráð fyrir því að stjórnvald meti sjálfstætt í hverju tilviki hverjar afleiðingar það hefði ef ljóstrað yrði upp um fyrirhugaðar ráðstafanir. Séu líkur á því að árangur skerðist, þó ekki sé nema að litlu leyti, myndi stjórnvaldi að öllu jöfnu vera heimilt að synja um að veita umbeðnar upplýsingar á grundvelli þessa ákvæðis. Þegar þær ráðstafanir eru afstaðnar sem 4. tölul. tekur til er almenningi heimill aðgangur að gögnunum nema ákvæði 5. gr. eða 1.–3. tölul. 6. gr. eigi við, sbr. 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins.

Um 7. gr.

Greinin fjallar um það hvernig fara skuli að ef ákvæði 4.–6. gr. um undanþágur frá upplýsingarétti og takmarkanir á honum eiga aðeins við um hluta skjala eða annars konar gagna. Lagt er til að stjórnvaldi verði almennt við þær aðstæður skylt að veita aðgang að því efni skjala og annarra gagna sem 4.-6. gr. ná ekki til með beinum hætti. Í 2. mgr. 16. gr. stjórnsýslulaga er hliðstætt ákvæði varðandi upplýsingarétt aðila máls.

Reglan í 7. gr. nær til allra gagna sem falla undir upplýsingarétt almennings skv. 3. gr. Markmið ákvæðisins er að tryggja að það komi ekki í veg fyrir aðgang að upplýsingum þótt þær sé að finna í gögnum sem jafnframt hafa að geyma upplýsingar er leynt eiga að fara.

Þótt reglan sé orðuð með almennum hætti er ljóst að henni kann að verða beitt með nokkuð mismunandi hætti eftir því hvort í hlut eiga gögn sem falla undir 4. gr. eða gögn skv. 5. og 6. gr. Þannig myndu undanþágur 4. gr. í flestum tilvikum eiga við um skjöl í heild sinni en ekki hluta skjala. Nærtækara er á hinn bóginn að takmarkanir á upplýsingarétti vegna einka- eða almannahagsmuna, sbr. 5. og 6. gr., taki aðeins til hluta skjals.

Skýra verður áskilnað 7. gr. svo að í honum felist skylda fyrir stjórnvald, sem synjar að hluta beiðni um aðgang að gögnum í tilteknu máli, að gera þeim, sem upplýsinga óskar, grein fyrir því.

Um 8. gr.

Rétt þykir að hafa takmarkanirnar í 4.–6. gr. tímabundnar þannig að aðgangur að þeim verði öllum heimill að tilteknum tíma liðnum enda er það í samræmi við þá framkvæmd sem víðast er tíðkuð. Langflestar upplýsingar eru þess eðlis að hagsmunirnir að baki vernd þeirra verða ekki eins ríkir með tímanum, en þá fer hins vegar oft að vaxa áhugi sagnfræðinga á þeim málum sem til meðferðar hafa verið og varpað geta ljósi á söguna. Með hliðsjón af þessu þykir rétt að leggja til að þrenns konar tímamörk gildi gagnvart aðgangi að upplýsingum sem háðar eru takmörkunum samkvæmt 4.–6. gr.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því í 1. mgr. að veita skuli aðgang að gögnum um ráðstafanir og próf, sbr. 4. tölul. 6. gr., jafnskjótt og þeim er að fullu lokið enda er þá eðli máls samkvæmt ekki lengur fyrir hendi nein þörf til að halda þeim leyndum. Það gildir þó ekki ef gögnin eru af því tagi sem greinir í 5. gr. eða öðrum ákvæðum 6. gr.

Í öðru lagi er ráð fyrir því gert í 2. mgr. að aðgang að upplýsingum, sem varða einkamálefni einstaklinga, skuli fyrst veita að áttatíu árum liðnum. Þetta tímamark er hér tekið upp til samræmis við þá almennu framkvæmd sem tíðkast hjá Þjóðskjalasafni. Þess má geta að jafnlangur frestur gildir að dönskum rétti um einkamálefni einstaklinga.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því að öll önnur gögn, sem 4.–6. gr. taka til, verði opin almenningi þegar liðin eru þrjátíu ár frá því þau urðu til.

Um III. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um aðgang að þeim gögnum í vörslu stjórnvalda sem varða sérstaklega þann er upplýsinganna óskar.

Meginreglan um upplýsingarétt, sem fram kemur í 3. gr. frumvarpsins, gildir án þess að sá sem í hlut á þurfi að sýna fram á nokkur tengsl við málið sem upplýsinga er óskað um. Slík tengsl geta þó verið fyrir hendi og gæti hlutaðeigandi þá í mörgum tilvikum byggt rétt sinn til að fá aðgang að upplýsingum á upplýsingarétti aðila máls samkvæmt stjórnsýslulögum. Sá réttur er hins vegar takmarkaður af gildissviði stjórnsýslulaga því að þau ná aðeins til þess þegar stjórnvöld taka ákvarðanir um rétt eða skyldu

manna. Í öðrum tilvikum en þeim sem falla undir stjórnsýslulögin kunna einstaklingar og lögaðilar að eiga réttmæta hagsmuni umfram aðra af því að fá upplýsingar, sem varða þá sérstaklega, t.d. um mál þar sem engin stjórnvaldsákvörðun hefur verið eða verður nokkru sinni tekin.

Ákvæði III. kafla eru og í samræmi við dóm Mannréttindadómstóls Evrópu frá 7. júlí 1989 (í máli Gaskins gegn Bretlandi) en þar er lögð áhersla á að í löggjöf aðildarríkja að mannréttindasáttmála Evrópu eigi að vera reglur sem sérstaklega tryggi mönnum formlega úrlausn um rétt þeirra til aðgangs að upplýsingum sem varða þá sjálfa.

Hér er lagt til að regla þessa efnis verði tekin upp í upplýsingalög. Því er í 9. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir nokkru rýmri upplýsingarétti en í 3. gr. þegar sá er óskar upplýsinganna getur sýnt fram á að upplýsingarnar varði hann beint.

Leggja ber áherslu á að sú regla, sem hér um ræðir, er af nokkuð öðrum toga en sú almenna regla sem fram kemur í 3. gr. Segja má að á vissan hátt liggi þessi regla miðja vegu milli upplýsingaréttar almennings og upplýsingaréttar aðila máls samkvæmt stjórnsýslulögum. Sjónarmiðin að baki henni eru því á ýmsan hátt önnur en þau sem eiga við þau ákvæði sem mælt er fyrir um í II. kafla frumvarpsins.

Um 9. gr.

Talið hefur verið að í íslenskum rétti sé við lýði óskráð meginregla um að einstaklingar og lögaðilar eigi rétt til aðgangs að gögnum sem eru í vörslu stjórnvalda og varða þá sérstaklega enda standi reglur um þagnarskyldu því ekki í vegi. Sambærilega reglu er að finna í 9. gr. laga nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, að því er snertir aðgang aðila að persónuupplýsingum sem skráðar hafa verið um hann kerfisbundinni skráningu. Lagt er til að meginregla þessi verði tekin upp í 9. gr. upplýsingalaga.

Í 1. mgr. er upplýsingarétturinn skilgreindur á svipaðan hátt og upplýsingaréttur skv. 3. gr. en því bætt við að skjöl eða önnur gögn, sem óskað er eftir aðgangi að, skuli hafa að geyma upplýsingar um aðila sjálfan. Aðili í þessum skilningi getur verið jafnt einstaklingur sem lögaðili.

Í 2. og 3. mgr. koma fram þær takmarkanir sem gera verður á upplýsingarétti aðila vegna mikilvægra hagsmuna.

Upplýsingaréttur aðila hefur án efa mesta þýðingu að því er varðar einkamálefni. Reikna má með því að tiltölulega sjaldgæft sé að hagsmunir hins opinbera af leynd rekist á við hagsmuni einstaklings eða lögaðila af því að fá vitneskju um upplýsingar er varða hann sjálfan. Á þetta getur engu að síður reynt í einstaka tilviki og er þá talið rétt að undanþágur 4. gr. gildi fullum fetum gagnvart upplýsingarétti aðila skv. 1. tölul. 2. mgr. Þá getur það sjónarmið, að halda beri upplýsingum leyndum vegna mikilvægra almannahagsmuna, einnig gengið framar upplýsingarétti aðila, sbr. 2. tölul. 2. mgr.

Algengt er á hinn bóginn að sömu gögn hafi að geyma upplýsingar um einka-, fjárhags- eða viðskiptamálefni fleiri en eins aðila. Þegar fram kemur beiðni um aðgang að slíkum gögnum er þannig líklegt að reyni á andstæða hagsmuni, annars vegar þess sem upplýsinga óskar og hins vegar annarra þeirra sem hlut eiga að máli og kunna að eiga réttmæta hagsmuni af því að tilteknum atriðum, er þá varða, sé haldið leyndum. Kjarni reglunnar í 3. mgr. felst í því að vega skuli og meta þessa gagnstæðu hagsmuni, en síðarnefndu hagsmunirnir eru að meginstefnu hinir sömu og liggja að baki 5. gr. frumvarpsins.

Aðgangur að gögnum verður því aðeins takmarkaður ef talin er hætta á því að einkahagsmunir skaðist ef aðila yrði veittur aðgangur að upplýsingunum. Stjórnvald getur því ekki synjað aðila um aðgang að gögnum á grundvelli hugleiðinga um að aðgangur að tiltekinni tegund upplýsinga sé almennt til þess fallinn að valda einhverju tjóni, heldur verður að leggja mat á aðstæður í hverju máli fyrir sig.

Regla 3. mgr. byggist á því að við hagsmunamatið sé stjórnvaldi ljóst hverjir verndarhagsmunirnir eru. Oft verður því að leita álits þess sem á andstæðra hagsmuna að gæta, en yfirlýsing hans um að hann vilji ekki að upplýsingarnar séu veittar er þó ein og sér ekki nægjanleg ástæða til að synja beiðni um upplýsingar.

Í 4. mgr. er gengið út frá að ekki verði haggað við ákvæðum 16. gr. læknalaga um aðgang sjúklings að sjúkraskrá, heldur gildi þau ákvæði áfram. Þó er í 4. tölul. 25. gr. frumvarpsins gerð tillaga um að breyta lítillega 2. mgr. 16. gr. læknalaga til samræmis við þessa grein.

Um IV. kafla.

Sá sem fer fram á aðgang að gögnum öðlast ekki þar með aðild að því máli sem gögnin varða. Á hinn bóginn verður hann aðili að nýju sjálfstæðu stjórnsýslumáli sem hefst á því að stjórnvald fær í hendur beiðni hans um aðgang að upplýsingum. Þegar stjórnvald metur hvort veita eigi aðgang að umbeðnum gögnum verður það almennt að gæta allra þeirra reglna sem fram koma í stjórnsýslulögum, svo sem reglna um leiðbeiningarskyldu, rökstuðning o.s.frv.

Um 10. gr.

Beiðni um aðgang að gögnum er annaðhvort hægt að binda við *tiltekin skjöl eða önnur gögn*, sem aðili óskar eftir að fá að kynna sér, eða *gögn tiltekins máls*. Þegar óskað er eftir að fá aðgang að gögnum tiltekins máls á hlutaðeigandi rétt á að fá aðgang að öllum þeim gögnum sem talin eru upp í 2. mgr. 3. gr., enda standi ákvæði 4.–6. gr. því ekki í vegi.

Í beiðni verður að tilgreina gögnin eða málið með það glöggum hætti að stjórnvöldum sé fært að hafa uppi á gögnunum eða málinu.

Það leiðir af 1. mgr. að ekki er hægt að biðja um gögn í öllum málum af ákveðinni tegund eða frá tilteknu tímabili. Í frumvarpinu er gengið út frá sömu tilhögun og fram kemur í norsku og dönsku upplýsingalögunum um þetta efni, þ.e. að tilgreina verður þau gögn eða það mál sem beiðni beinist að.

Í 2. mgr. er mælt svo fyrir að stjórnvald geti sett það skilyrði að beiðni um aðgang að gögnum sé skrifleg. Til þess að koma í veg fyrir óþarfa skriffinnsku er lagt til að einungis þurfi að leggja fram skriflega beiðni ef stjórnvald telur þess þörf og þá á stöðluðu eyðublaði sem það leggur til.

Meginreglan um almennan aðgang að upplýsingum í II. kafla frumvarpsins byggist á því sjónarmiði að öllum sé tryggður réttur til aðgangs að gögnum hjá stjórnvöldum án þess að þurfa að sýna fram á *tengsl* við mál eða aðila þess og án þess að þurfa að sýna fram á *hagsmuni* af því að fá eða nota umbeðnar upplýsingar. Af þessu leiðir afdráttarlaust að stjórnvald má ekki krefjast þess af þeim sem upplýsinga óskar að hann greini frá því í hvaða tilgangi hann vill fá þær eða til hvers hann ætlar að nota þær. Þetta horfir á annan veg þegar aðili óskar eftir aðgangi að gögnum á grundvelli 9. gr. frumvarpsins. Gögn, sem óskað er aðgangs að, geta haft að geyma upplýsingar um einka- eða fjárhagsmálefni annarra og skv. 3. mgr. 9. gr. skal í slíkum tilvikum meta þá andstæðu hags-

muni sem vegast á þegar tekin er afstaða til beiðni. Af þeim sökum getur verið nauðsynlegt að aðili upplýsi í hvaða tilgangi hann óskar upplýsinganna.

Þá geymir 3. mgr. ákvæði um það til hvaða stjórnvalds á að beina beiðni um aðgang að gögnum og þar með hvaða stjórnvald sé bært að lögum til að taka ákvörðun um það hvort aðgangur skuli leyfður.

Ákvörðun um aðgang að gögnum máls, þar sem taka á eða tekin hefur verið stjórnvaldsákvörðun, sbr. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, heyrir undir það stjórnvald sem tekið hefur ákvörðun í máli eða hefur mál til ákvörðunar. Þessi regla hefur þýðingu þegar skjal hefur verið sent til annarra stjórnvalda, t.d. til umsagnar. Þó að skjal megi þannig finna í vörslum fleiri en eins stjórnvalds er einungis það stjórnvald, sem taka mun eða tekið hefur ákvörðun í málinu, bært til þess að taka ákvörðun um aðgang að gögnum þess. Að öðrum kosti skal beiðni borin fram við það stjórnvald sem hefur gögnin í sínum vörslum nema annað leiði af lögum.

Ef stjórnvaldi berst skrifleg beiðni um aðgang að gögnum sem á undir úrlausn annars stjórnvalds ber því að framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem unnt er, í samræmi við 2. mgr. 7. gr. stjórnsýslulaga.

Um 11. gr.

Mjög mikilsvert er að beiðni almennings um aðgang að gögnum hjá stjórnvöldum verði ávallt afgreidd fljótt og án ástæðulausra tafa. Ætla má að réttur til aðgangs að upplýsingum gæti stundum orðið þýðingarlaus ef verulegar tafir yrðu á afgreiðslu slíkra erinda þar sem sá sem í hlut ætti gæti misst færis á að nýta sér upplýsingarnar við meðferð mála á öðrum vettvangi.

Í 2. mgr. er ákvæði um það hvernig stjórnvald skuli bregðast við ef beiðni um upplýsingar hefur ekki verið afgreidd innan sjö daga frá móttöku hennar. Er þá lagt fyrir stjórnvaldið að skýra aðila frá ástæðum tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta.

Stjórnvöldum ber af fremst megni að reyna að afgreiða beiðnir í samræmi við 1. mgr. þannig að ekki reyni á ákvæði 2. mgr. Fyrirsjáanlegt er á hinn bóginn að fleiri en ein ástæða geta valdið því að farið sé fram yfir þau tímamörk. Í fyrsta lagi kann að vera flókið að leysa úr máli þar sem vega þarf og meta andstæð sjónarmið. Í öðru lagi getur verið rétt að leita álits þess sem mál snertir áður en afstaða er tekin til hennar. Á það einkum við ef til greina kemur að takmarka upplýsingarétt á grundvelli 5. gr. Í þriðja lagi er rétt að taka fram að önnur verkefni stjórnvalds kunna að hafa forgang þannig að úrlausn um beiðni verði að bíða.

Í 3. mgr. er vísað til stjórnsýslulaga varðandi reglur um málsmeðferð að svo miklu leyti sem reglur er ekki að finna í IV. kafla. Sem fyrr segir er gengið út frá því að ákvarðanir um aðgang að upplýsingum séu stjórnvaldsákvarðanir þannig að í hvert sinn, sem beiðni um upplýsingar kemur fram, hefst sjálfstætt stjórnsýslumál og taka ákvæði stjórnsýslulaga til meðferðar þess.

Um 12. gr.

Þessi grein kveður á um hvað felst í *aðgangi að* upplýsingum samkvæmt frumvarpinu. Samkvæmt meginreglu 1. mgr. tekur stjórnvald ákvörðun um það á hvern hátt aðgangur verður veittur, þ.e. hvort umbeðin gögn verði sýnd eða ljósrit eða afrit veitt af þeim ef þess er kostur.

Ákvæði 1. mgr. ber þó að skoða með hliðsjón af ákvæði 2. mgr. þar sem fram kemur að almennt skuli orðið við beiðni um ljósrit eða afrit af gögnum nema þau séu þess eðlis eða fjöldi þeirra svo mikill að það sé vandkvæðum bundið.

Við vissar aðstæður er heimilt að synja um ljósrit eða afrit af gögnum. Skjöl geta t.d. verið þannig útlits að ógerlegt sé að ljósrita þau. Stjórnvald getur einnig verið vanbúið til að veita umbeðin ljósrit eða önnur afrit, t.d. þegar um mikinn fjölda er að ræða eða tækjabúnaður til afritunar, t.d. af hljóðupptökum, er ekki fyrir hendi. Við þær aðstæður kann að reyna á ákvæði 3. mgr. þar sem stjórnvaldi er heimilað að fela öðrum að annast ljósritun skjala ef fjöldi þeirra er töluverður eða stjórnvald hefur ekki aðstöðu til að ljósrita. Hið sama á við um aðra afritun gagna. Kostnað við aðkeypta þjónustu greiðir sá sem um ljósrit eða afrit hefur beðið.

Í 4. mgr. er forsætisráðherra veitt heimild til að setja gjaldskrá fyrir ljósrit eða afrit sem veitt verða samkvæmt ákvæðum frumvarps þessa ef að lögum verður. Samsvarandi heimild er í 1. mgr. 15. gr. stjórnsýslulaga fyrir afrit eða ljósrit sem afhent eru á grundvelli IV. kafla þeirra laga og er gildandi gjaldskrá nr. 186/1994.

Athygli skal vakin á því að heimildarákvæði 4. mgr. nær einungis til ljósrita eða afrita af gögnum sem liggja fyrir þegar þeirra er beiðst. Sú heimild breytir því ekki fyrirmælum 7. gr. laga nr. 21/1993, um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál, um gjaldtöku fyrir upplýsingar sem ekki liggja fyrir en talið er rétt að afla og láta í té.

Um 13. gr.

Þetta ákvæði er til fyllingar ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga sem mælir almennt fyrir um það hvernig birta skuli ákvörðun og hvaða leiðbeiningar stjórnvald skuli gefa í því sambandi. Sá háttur, sem 13. gr. tiltekur, er nokkru strangari en 20. gr. stjórnsýslulaga gerir ráð fyrir því að sú skylda er lögð á stjórnvald að tilkynna skriflega um synjun á beiðni um upplýsingar hafi beiðnin verið skrifleg. Þetta er í samræmi við þá meginreglu að hver sá sem ber upp skriflegt erindi við stjórnvald eigi almennt rétt á því að fá skriflegt svar.

Synjun um ljósrit eða annars konar afrit af gögnum er lögð að jöfnu við synjun um aðgang enda má segja að í slíkri synjun geti falist veigamikil takmörkun á upplýsingarétti.

Um V. kafla.

Í V. kafla frumvarpsins er lagt til að sjálfstæðri stjórnsýslunefnd, úrskurðarnefnd um upplýsingamál, verði falið að leysa úr ágreiningsmálum um aðgang almennings að upplýsingum hjá stjórnvöldum. Þessi háttur er fallinn til að auka réttaröryggi og skilvirkni á þessu sviði þar sem almenningi gefst þá færi á að skjóta synjun um aðgang að upplýsingum með einföldum og skjótum hætti til úrskurðar sjálfstæðrar og óháðrar nefndar, auk þess sem vænta má að þetta fyrirkomulag sé til þess fallið að tryggja samræmi í framkvæmd laganna.

Um 14. gr.

Í 14. gr. er að finna almenna heimild fyrir þann sem synjað er um aðgang að gögnum til að bera synjunina undir úrskurðarnefnd um upplýsingamál. Heimildin nær einnig til ágreinings um það hvort stjórnvald skuli veita ljósrit af skjölum eða afrit af öðrum gögnum.

Kæruheimildin er bundin því skilyrði að ágreiningur sé uppi um annað tveggja, skyldu stjórnvalds til þess að veita aðgang að gögnum eða skyldu þess til að veita aðgang í formi ljósrits af skjölum eða afrits af öðrum gögnum. Þetta þýðir að ákvörðun stjórnvalds um að fallast í öllu á beiðni um aðgang að upplýsingum sætir ekki kæru til úrskurðarnefndarinnar.

Sá einn sem synjað er um aðgang að gögnum getur verið aðili að kærumáli til úrskurðarnefndarinnar. Heimilt er að bera bæði synjun að hluta og synjun að öllu leyti undir nefndina. Hins vegar verður að liggja fyrir formleg ákvörðun stjórnvalds um að synja beiðni áður en nefndin tekur kæru til meðferðar. Ef stjórnvald féllist t.d. strax á að veita hluta af umbeðnum upplýsingum en tæki sér svo tíma til að skoða hvort við beiðni yrði orðið að öðru leyti væri ekki fyrir hendi kæruheimild fyrr en formleg ákvörðun lægi fyrir og fæli í sér synjun.

Í samræmi við meginregluna í 1. mgr. 29. gr. stjórnsýslulaga frestar kæra til úrskurðarnefndarinnar ekki réttaráhrifum synjunar. Stjórnvaldi er því ekki skylt að afhenda hin umdeildu gögn fyrr en úrskurður nefndarinnar þess efnis liggur fyrir. Í því tilviki getur stjórnvald óskað eftir því við nefndina að réttaráhrifum úrskurðar hennar verði frestað meðan ágreiningurinn er borinn undir dómstóla, sbr. 18. gr.

Skv. 2. mgr. er úrskurðarnefnd um upplýsingamál sjálfstæð stjórnsýslunefnd sem skipað er til hliðar við hið almenna stjórnkerfi ríkis og sveitarfélaga. Úrskurðum nefndarinnar verður því ekki skotið til ráðherra né nokkurs annars stjórnvalds. Ráðherra getur því síður gefið nefndinni bindandi fyrirmæli um úrlausn mála. Úrskurðir nefndarinnar verða hins vegar bornir undir dómstóla skv. 60. gr. stjórnarskrárinnar, auk þess sem bera má úrlausnir hennar undir umboðsmann Alþingis.

Um 15. gr.

Í 15. gr. er gert ráð fyrir því að þrír menn skipi úrskurðarnefnd upplýsingamála. Miðað er við að nefndarmenn séu skipaðir til fjögurra ára í senn og varamenn séu skipaðir með sama hætti og aðalmenn.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um almennt hæfi nefndarmanna. Í því skyni að tryggja hlutlægni nefndarmanna við meðferð kærumála er að auki lagt til að þeir megi ekki vera fastir starfsmenn í Stjórnarráði Íslands.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki frekari skýringa.

Um 16. gr.

Í 16. gr. er að finna ákvæði um meðferð kærumála hjá úrskurðarnefnd um upplýsingamál, en eins og fram kemur í 4. mgr. gilda ákvæði VII. kafla stjórnsýslulaga almennt um málsmeðferðina.

Í 1. mgr. er tilskilið að kæra til nefndarinnar skuli vera skrifleg og jafnframt er ákveðinn 30 daga kærufrestur. Þessi frestur er mun styttri en sá þriggja mánaða frestur sem mælt er fyrir um í stjórnsýslulögum. Þykir það sjálfsagt vegna þess að yfirleitt er það hagur þess sem upplýsinga óskar að fá eins skjóta úrlausn og kostur er.

Í 2. mgr. er að finna heimild til handa úrskurðarnefndinni til að veita því stjórnvaldi, sem í hlut á, stuttan frest til þess að láta uppi rökstutt álit sitt á málinu. Nefndinni er því ekki skylt að leita slíks álits, en augljóst er að í ýmsum tilvikum getur verið þörf á því, sérstaklega ef hinni kærðu synjun hefur ekki fylgt rökstuðningur. Nefndinni er á hinn bóginn ekki skylt að bíða eftir því að stjórnvald gefi álit sitt dragist það úr hömlu.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að meirihluti nefndarinnar ráði niðurstöðu hennar ef nefndin er ekki einhuga í afstöðu sinni. Meginreglan er sú að allir nefndarmenn skuli sitja fund. Forfallist aðalmaður, án þess að ráðrúm gefist til að boða varamann í hans stað, er nefndin engu að síður ályktunarhæf þegar meirihluti nefndarmanna situr fund, sbr. 1. mgr. 34. gr. stjórnsýslulaga. Við þær aðstæður er gert ráð fyrir að atkvæði formanns ráði úrslitum þegar atkvæði falla eitt á móti einu.

Um 17. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um birtingu á úrskurðum sem úrskurðarnefnd um upplýsingamál kveður upp.

Í 2. mgr. er kveðið á um réttaráhrif úrskurðar. Meginreglan er sú að um leið og úrskurður hefur verið birtur því stjórnvaldi, sem í hlut á, skal afhenda umbeðin gögn eða veita aðgang að þeim á annan hátt, þ.e. ef beiðni er tekin til greina. Frá þessu er þó gerð undantekning ef stjórnvald krefst þess að réttaráhrifum úrskurðarins verði frestað skv. 18. gr.

Um 18. gr.

Í 1. mgr. 18. gr. er lagt til að lögfest verði heimild til handa úrskurðarnefnd um upplýsingamál til þess að fresta réttaráhrifum úrskurðar þegar nefndin hefur úrskurðað að aðgang skuli veita að upplýsingum. Stjórnvald getur þá gert kröfu þess efnis með það fyrir augum að bera ágreiningsefnið undir dómstóla. Líta ber á þetta heimildarákvæði sem undantekningu sem aðeins verði beitt þegar sérstaklega stendur á.

Í 2. mgr. eru sett formleg skilyrði fyrir því að réttaráhrifum úrskurðar verði frestað. Skal krafa stjórnvalds gerð ekki síðar en þremur dögum frá birtingu úrskurðar, en um útreikning þessa frests fer eftir 8. gr. stjórnsýslulaga. Þá er það skilyrði að stjórnvald beri málið undir dómstóla innan sjö daga frá birtingu úrskurðar. Loks er áskilið að óskað verði eftir því að málið sæti flýtimeðferð einkamáls skv. XIX. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Um 19. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um VI. kafla.

Í VI. kafla frumvarpsins er mælt fyrir um aðgang að gögnum hjá Þjóðskjalasafni Íslands og öðrum opinberum söfnum eftir að skilaskyld gögn hafa verið afhent safni. Heimild til aðgangs að gögnum skv. II. og III. kafla laganna breytist ekki við að þau eru afhent safni. Eftir afhendingu gagna til safns færist aftur á móti ákvörðunarvaldið um rétt til aðgangs að gögnum til safnsins.

Um 20. gr.

Eftir að gögn hafa verið afhent Þjóðskjalasafni Íslands eða öðru opinberu safni fellur það í hlut safnsins að taka ákvörðun um hvort umbeðinn aðgangur verður veittur að gögnunum. Ef vafi er um rétt til aðgangs að þeim getur safnið aflað rökstuddrar umsagnar þess stjórnvalds sem afhenti safninu gögnin áður en ákvörðun er tekin. Umsögn stjórnvalds er þó ekki bindandi. Að öðru leyti fer um málsmeðferð hjá safni eftir IV. kafla frumvarpsins og ákvæðum stjórnsýslulaga.

Um 21. gr.

Með 21. gr. er lagt til að synjun skjalasafns um að veita aðgang að gögnum samkvæmt lögum þessum, svo og synjun skjalasafns um að veita ljósrit af skjölum eða afrit af öðrum gögnum, verði kærð til úrskurðarnefndar um upplýsingamál með sama hætti og mælt er fyrir um í 14. gr. frumvarpsins.

Um VII. kafla.

Í VII. kafla frumvarpsins er að finna ákvæði sem eru nauðsynleg svo að upplýsingalög geti náð markmiði sínu. Það er óskráð meginregla í stjórnsýslurétti að stjórnvöldum ber að sjá til þess að jafnan liggi fyrir í gögnum þeirra hvaða afgreiðslu erindi, sem þeim berast, hafi fengið hjá þeim. Frumvarp þetta er byggt á þeirri forsendu að *niðurstaða mála*, sem komið hafa til afgreiðslu hjá stjórnvöldum, liggi ávallt fyrir hjá þeim samkvæmt þessari meginreglu.

Til þess að tryggja að ávallt liggi fyrir *upplýsingar um þau málsatvik* sem verulega þýðingu hafa haft fyrir úrlausn máls er lagt til að lögfest verði ákveðin lágmarksregla um skráningu upplýsinga um málsatvik í 23. gr. frumvarpsins. Með ákvæði 23. gr. og framangreindri grundvallarreglu, ætti almenningur því að lágmarki að geta fengið upplýsingar um niðurstöðu og helstu málavexti þeirra mála sem eru eða hafa verið til meðferðar hjá stjórnvöldum standi 4.–6. gr. frumvarpsins því ekki í vegi.

Til þess að tryggja að stjórnvöld geti ávallt fundið umbeðin gögn og afhent ljósrit af þeim án mikilla tafa er lagt til að lögfestar verði reglur um skyldu til að skrá mál á kerfisbundinn hátt og haga geymslu gagna þannig að þau séu aðgengileg. Í þessu sambandi má einnig minna á að um skyldu stjórnvalda til að varðveita gögn er mælt fyrir í 7. gr. laga nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands, en þar kemur fram að afhendingarskyldum aðilum er óheimilt að ónýta nokkurt skjal í skjalasöfnum sínum nema með heimild Þjóðskjalasafns eða samkvæmt sérstökum reglum sem settar verða um ónýtingu skjala. Skv. 2. mgr. 6. gr. sömu laga bera forstöðumenn skilaskyldra stofnana ábyrgð á skjalavörslu stofnana.

Um 22. gr.

Í 1. mgr. 22. gr. er mælt fyrir um skyldu til kerfisbundinnar skráningar þeirra mála sem koma til meðferðar og afgreiðslu hjá stjórnvöldum. Slík skráning er yfirleitt við lýði í einhvers konar formi hjá flestum stjórnvöldum. Þá ber stjórnvöldum að haga geymslu gagna á þann hátt að þau séu aðgengileg.

Með 2. mgr. 22. gr. er að finna heimild til að samræma skjalastjórn hjá stjórnsýslu ríkisins með fyrirmælum í reglugerð þar sem unnt væri að kveða á um samræmda skjalastjórn á tilteknum sviðum stjórnsýslunnar. Í því skyni er forsætisráðherra, í samræmi við 1. tölul. 2. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu um staðfestingu hennar nr. 96/1969, heimilað að samræma þann hugbúnað sem notaður er og mæla svo fyrir hvers konar hugbúnað skuli nota. Til samræmis við 6. gr. laga nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands, segir að forsætisráðherra skuli leita álits þjóðskjalavarðar áður en slík reglugerð er gefin út.

Á meðan ekki hefur verið sett reglugerð um skjalastjórn skv. 2. mgr. 22. gr. ber stjórnvöldum að leita eftir samþykkt Þjóðskjalasafns á nýjum skjalavistunarkefum áður en þau eru tekin í notkun, sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands.

Um 23. gr.

Í 23. gr. er mælt fyrir um skyldu stjórnvalds til þess að skrá upplýsingar um málsatvik. Regla þessi er í eðli sínu málsmeðferðarregla og vísar einkum til þess þegar stjórnvöld afla upplýsinga og rannsaka mál, en það getur oft gerst með óformlegum hætti, í viðtölum og jafnvel símtölum. Við lögfestingu stjórnsýslulaga var á því byggt að stjórnvöldum væri í slíkum tilvikum skylt að rita minnisblað um upplýsingar sem fram kæmu hjá aðila máls og ekki væri að finna í öðrum gögnum þess, að því tilskildu að þær hefðu verulega þýðingu fyrir úrlausn þess (Alþt. 1992, A-deild, bls. 3296). Þessi regla er árétttuð hér enda hefur hún verulega þýðingu ef tryggja á að upplýsingalög hafi tilætluð áhrif.

Eins og fram kemur í 23. gr. gildir reglan eingöngu við meðferð mála þar sem taka á ákvörðun um rétt eða skyldu manna skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga. Ákvæðið tekur því eingöngu til mála þar sem taka á svonefnda *stjórnvaldsákvörðun*, en á t.d. ekki við um þjónustu eins og umönnun sjúkra, fatlaðra og aldraða, kennslu og fræðslustarfsemi, svo að nokkur dæmi séu nefnd.

Ákvæðið tekur til *munnlegra upplýsinga* um málsatvik sem hafa verulega þýðingu fyrir úrlausn máls. Ekki skiptir máli í því sambandi hvernig upplýsingar berast stjórnvaldi.

Ákvæðið nær aðeins til munnlegra upplýsinga *um málsatvik*. Þannig þarf t.d. ekki að skrá niður vangaveltur um túlkun réttarreglna. Þá þarf heldur ekki að skrá niður aðrar upplýsingar um málsatvik en þær sem hafa *verulega þýðingu* fyrir úrlausn málsins. Með þessu móti á að vera tryggt að þær staðreyndir, sem úrlausn máls byggist á, liggi ávallt fyrir í gögnum þess. Af þessum sökum er skyldan til að skrá upplýsingar takmörkuð við þær upplýsingar sem *ekki er að finna í öðrum gögnum máls*.

Almennt verður að telja mikilvægt að upplýsingar þær, sem 23. gr. tekur til, séu skráðar eins fljótt og unnt er svo að skráning upplýsinganna verði bæði nákvæm og rétt.

Í 23. gr. er ekki tekin afstaða til þess hvort upplýsingarnar skuli skráðar á sérstakt skjal. Rétt er þó að hafa í huga að séu slíkar upplýsingar aðeins skráðar í vinnuskjöl sem stjórnvald hefur ritað til eigin afnota ber engu að síður að veita aðgang að þeim ef upplýsingar er ekki að finna í öðrum gögnum málsins, sbr. 3. tölul. 4. gr. frumvarpsins. Sambærilega reglu er að finna í 3. tölul. 16. gr. stjórnsýslulaga.

Um VIII. kafla.

Í kaflanum er mælt fyrir gildistöku laganna og lagaskil, auk þess sem þar er að finna ákvæði um breytingar á öðrum lögum sem rétt þykir að gerðar verði samhliða setningu upplýsingalaga.

Um 24. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin taki fyrst gildi um næstu áramót, þ.e. 1. janúar 1997, svo að nokkurt svigrúm gefist til að kynna lögin fyrir almenningi og þeim er starfa við stjórnsýslu hins opinbera.

Í frumvarpi því til laga um upplýsingaskyldu stjórnvalda, sem síðast var lagt fram 1990, var lagt til að heimild til aðgangs almennings að gögnum yrði takmörkuð við þau gögn sem orðið hefðu til eða borist stjórnvöldum *eftir* gildistöku laganna. Hér er hins vegar gerð tillaga um það að aðgangur að gögnum verði ekki takmarkaður með þessum hætti, heldur gildi ákvæði laganna um öll gögn, hvort sem þau hafa orðið til eða borist stjórnvöldum *fyrir* eða *eftir* gildistöku þeirra. Þetta er einföld regla vegna þess að hún útheimtir ekki eins og fyrrgreinda reglan að gögn séu flokkuð í tvennt eftir aldri. Að auki búa að baki henni þau rök að skjöl og önnur gögn í vörslu íslenskra stjórnvalda hafi, með

fáeinum undantekningum, aldrei verið nein leyndarskjöl þótt ekki hafi verið fyrir hendi neinar almennar lagareglur er hafi gert stjórnvöldum skylt að veita almenningi aðgang að þeim.

Um 25. gr.

Í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, er kveðið á um sams konar rétt aðila til aðgangs að persónuupplýsingum sem færðar hafa verið um hann á skipulagsbundna skrá og mælt er fyrir um í 9. gr. frumvarpsins um aðrar upplýsingar. Til þess að tryggja að nánast sama efnisregla felist í 9. gr. frumvarpsins og í 9. gr. fyrrnefndra laga er í 1. tölul. 25. gr. frumvarpsins lagt til að gerðar verði breytingar á fyrrgreindu ákvæði í lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

Í 2. og 3. tölul. er lagt til að gerðar verði breytingar á lögum nr. 21/1993, um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál, til þess að tryggja að upplýsingalög gildi að meginstefnu til um allar upplýsingar sem finna má í gögnum stjórnvalda, með þeim undantekningum sem mælt er fyrir um í 3.–6. gr. frumvarpsins. Lög nr. 21/1993 munu þó gilda áfram um upplýsingamiðlun um umhverfismál, sbr. 8. gr. laganna, og um öflun upplýsinga um umhverfismál sem ekki eru fyrirliggjandi hjá stjórnvöldum en engu að síður er talið rétt að afla og láta í té, sbr. 7. gr. laganna. Í fylgiskjali IV eru lög nr. 21/1993 birt í heild eins og þau hljóða með þeim breytingum sem 2. og 3. tölul. gera ráð fyrir.

Í 4. tölul. er lagt til að gerðar verði nauðsynlegar breytingar á 2. mgr. 16. gr. læknalaga nr. 53/1988, sbr. 3. gr. laga nr. 50/1990. Þessar breytingar eru m.a. nauðsynlegar vegna lögfestingar mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. alþt. 1992–93, A-deild, bls. 5931–5932. Þá horfir þessi breyting einnig til samræmingar, en með henni færist 16. gr. læknalaga nær 9. gr. frumvarpsins sem verður meginregla íslensks réttar um aðgang aðila að upplýsingum um hann sjálfan.

Í 5. tölul. er gerð sú tillaga að tekið verði upp nýtt ákvæði í höfundalög nr. 73/1972 þar sem skýrt er kveðið á um að fyrirmæli laganna um höfundarvernd girði ekki fyrir að upplýsingar séu látnar í té, hvort sem er samkvæmt upplýsingalögum eða öðrum lögum, t.d. stjórnsýslulögum. Hins vegar er skýrt tekið fram að þeim, sem upplýsingar fær, sé óheimilt að hagnýta sér þær þannig að það fari í bága við almenn fyrirmæli höfundalaga um rétt höfunda yfir verkum sínum. Ákvæði þetta, sem á sér fyrirmynd í 27. gr. dönsku höfundalaganna frá 1995, hefði það t.d. í för með sér að unnt væri að afhenda eintök af teikningum af opinberum byggingum þótt tiltekinn arkitekt ætti höfundarrétt að þeim. Þó mætti ekki birta teikningarnar opinberlega, gera eða dreifa eintökum af þeim eða hagnýta þær með öðrum hætti í hagnaðarskyni, svo sem með því að byggja eða teikna eftir þeim, nema með samþykki höfundar eða annarra rétthafa.

Í 6. tölul. er lagt til að gerð verði breyting á lögum nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands, til samræmis við ákvæði VI. kafla frumvarpsins. Þegar skjöl og gögn, sem upplýsingalögin taka til, hafa verið afhent Þjóðskjalasafni tekur safnið ákvörðun um hvort umbeðin gögn skuli sýnd eða hvort ljósrit skuli veitt af þeim. Um rétt til aðgangs að þessum skjölum og gögnum fer þá samkvæmt ákvæðum upplýsingalaga. Um aðgang að skjölum og öðrum gögnum, sem upplýsingalögin taka ekki til, svo sem gögnum frá dómstólum landsins, skal aftur á móti mælt fyrir um í reglugerð eins og núgildandi 9. gr. laga nr. 66/1985 mælir fyrir um.

Fylgiskjal I.

Dæmi um ákvæði laga um aðgang að upplýsingum hjá stjórnvöldum.

Lög nr. 54/1962 um þjóðskrá og almannaskráningu.

1. mgr. 19. gr. „Þjóðskráin veitir hverjum sem er upplýsingar um aðsetur manna og önnur atriði samkvæmt skrám sínum og gögnum, eftir reglum, sem Hagstofan setur."

Orkulög nr. 58/1967.

6. gr. „Orkustofnun lætur sveitarfélögum og öðrum aðilum í té leiðbeiningar og upplýsingar um orkumál, þegar þess er óskað og eftir því sem við verður komið, gegn hæfilegu endurgjaldi."

Lög nr. 96/1980 um biskupskosningu.

3. mgr. 3. gr. „Kjörstjórn semur kjörskrá fyrir biskupskosningu, og skal hún liggja frammi á biskupsstofu eða öðrum stað eða stöðum, sem kjörstjórn ákveður, í 4 vikur, eftir því sem nánar segir í auglýsingu kjörstjórnar."

Lög nr. 48/1982 um kirkjuþing og kirkjuráð íslensku þjóðkirkjunnar.

7. gr. „Kosið skal til kirkjuþings á árinu 1982 og síðan á 4 ára fresti, sbr. 10. gr.

Kjörstjórn semur kjörskrá í byrjun þess árs, sem kjósa skal. Á hún að liggja frammi í 4 vikur á biskupsstofu eða öðrum stað eða stöðum, sem kjörstjórn ákveður, eftir því sem nánar segir í auglýsingu kjörstjórnar. Hún úrskurðar kærur út af kjörskrá og gengur endanlega frá henni."

Lög nr. 31/1985 um Landmælingar Íslands.

8. gr. „Landmælingar Íslands veita þeim aðilum, sem þess þurfa, upplýsingar og aðgang að gögnum í vörslu stofnunarinnar eftir reglum sem um það verða settar."

Lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

3. mgr. 3. gr. „Ríkisendurskoðun skal halda skrá yfir heildartekjur og gjöld svo og eignir og skuldir allra skráðra sjóða og stofnana, svo og athugasemdir sínar við framlagða reikninga. Skal færa nýjar upplýsingar í skrána eftir því sem þær berast. Aðgangur að upplýsingum í skránni er öllum frjáls og skal láta í té afrit af henni til þeirra sem eftir því leita."

Lög nr. 90/1989 um aðför.

32. gr. „Aðfararbeiðni og gögn um aðfararheimild skulu lögð fram við gerðina og merkt með áframhaldandi númeraröð. Einnig skulu lögð fram þau gögn, sem máli geta skipt um réttindi aðilanna og um framgang gerðarinnar að öðru leyti.

Um varðveislu sýslumanns á framlögðum gögnum og heimildir til aðgangs að þeim eða til afhendingar þeirra skal farið eftir reglum um dómskjöl í einkamálum, eftir því sem við getur átt."

Lög nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

2. mgr. 19. gr. „Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um gerð og varðveislu sakaskrár, aðgang að henni og sakavottorð. Þar er heimilt að ákveða hvað skuli skráð í sakaskrá, þar á meðal niðurstöður mála sem lögreglustjóri lýkur með sátt."

Lög nr. 22/1991 um samvinnufélög.

10. gr. „Ráðherra annast skráningu samvinnufélaga og heldur sérstaka skrá yfir samvinnufélög í landinu. Setur ráðherra nánari reglur um skipulag samvinnufélagaskrár og innheimtir skráningargjöld samkvæmt reglum um gjöld til ríkissjóðs.

Aðgangur að samvinnufélagaskrá er öllum heimill."

Lög nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrufræðistofur.

6. gr. „Náttúrufræðistofnun skal eiga aðgang að vísindalegum upplýsingum sem opinberar stofnanir geta í té látið og varða starfssvið hennar. Skýrslur íslenskra og erlendra vísindamanna um rannsóknir á náttúru landsins skulu varðveittar í heimildasafni Náttúrufræðistofnunar.

Skylt er Náttúrufræðistofnun að varðveita vísindalegar upplýsingar og niðurstöður rannsókna í aðgengilegu formi og veita aðgang að þeim samkvæmt nánari reglum."

Lög nr. 21/1993 um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál.

1. gr. „Lögum þessum er ætlað að tryggja almenningi aðgang að upplýsingum um umhverfismál hjá stjórnvöldum og að þau annist miðlun upplýsinga um umhverfismál til almennings."

2. gr. „Lög þessi gilda um aðgang almennings að upplýsingum um umhverfismál hjá ríki, sveitarfélögum og stofnunum þeirra.

Með upplýsingum um umhverfismál er einkum átt við upplýsingar sem varða umhverfi og náttúruauðlindir. Enn fremur er átt við upplýsingar um starfsemi eða ráðstafanir sem hafa, eða líklegt er að hafi, óæskileg áhrif á fyrrgreind atriði."

Lög nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum.

3. mgr. 11. gr. „Almenningur skal eiga greiðan aðgang að úrskurði skipulagsstjóra, svo og niðurstöðum matsins."

Lög nr. 33/1994 um slysavarnaráð.

4. gr. „Samræmd slysaskrá, sbr. a-lið 2. gr., skal varðveitt hjá landlækni. Ráðið mótar reglur um framkvæmd skráningar og aðgang að upplýsingum úr skránni."

Lög nr. 60/1994 um vátryggingastarfsemi.

1. mgr. 28. gr. „Halda skal vátryggingafélagaskrá um öll félög sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi og skal hún vera í vörslu Vátryggingaeftirlitsins. Einnig skal skrá útibú sem hér hafa starfsleyfi og þá sem veita hér þjónustu án starfsstöðvar. Almenningi skal heimill aðgangur að vátryggingafélagaskrá."

5. mgr. 60. gr. „Almenningi skal heimill aðgangur að upplýsingum um þann grundvöll sem útreikningur líftryggingaskuldar og ágóðahlutar er reistur á."

Lög nr. 61/1994 um Rannsóknarráð Íslands.

18. gr. „Niðurstöður rannsókna, sem kostaðar eru með styrkjum úr Vísindasjóði og Tæknisjóði, skulu birtar opinberlega og vera öllum opnar nema um annað sé samið. Heimilt er að fjalla um skilmála fyrir styrkveitingum í reglugerð."

Lög nr. 72/1994 um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl.

1. gr. „Tilgangur laga þessara er að stuðla að því að orka sé notuð með skynsamlegum og hagkvæmum hætti með því að tryggja að neytendur hafi greiðan aðgang að samræmdum upplýsingum um orkunotkun og hávaðamengun heimilistækja og annað er varðar rekstur þeirra."

Lög nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

121. gr. „Ráðherra setur nánari reglur um skipulag hlutafélagaskrár og má þar ákveða sektir fyrir brot á reglunum. Veita skal almennan aðgang að skránni. Um skil á ársreikningum og aðgang að þeim gilda ákvæði laga um ársreikninga."

Lög nr. 144/1994 um ársreikninga.

69. gr. „Eigi síðar en mánuði eftir samþykkt ársreiknings, þó eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsárs, skal senda félagaskrá ársreikning eða samstæðureikning ásamt skýrslu stjórnar, áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna og upplýsingar um hvenær ársreikningurinn var samþykktur. Ársreikninga félaga, sem hafa hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á opinberu verðbréfaþingi, skal þó senda þegar í stað eftir samþykkt þeirra og eigi síðar en sex mánuðum eftir lok reikningsárs. Ef samþykkt á ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps kemur ekki fram í ársreikningnum eða skýrslu stjórnar skal enn fremur senda staðfest endurrit úr gerðabók aðalfundarins þar sem greint er frá ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er félögum, sem fara ekki fram úr stærðarmörkunum í 1. mgr. 6. gr., heimilt að senda félagaskrá samandregna útáfu af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og skýringum. Heimild þessi nær þó ekki til félaga sem hafa hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á opinberu verðbréfaþingi og heldur ekki til félaga sem leggja ekki hömlur á viðskipti með eignarhluta sína.

Félagaskrá skal veita aðgang að þeim gögnum sem skilaskyld eru samkvæmt þessari grein."

73. gr. „Útibússtjórar í útibúum erlendra félaga, sem skráð eru hjá félagaskrá, skulu í síðasta lagi átta mánuðum eftir lok reikningsárs senda staðfest endurrit ársreiknings eða samstæðureiknings félagsins til félagaskrár ásamt reikningsskilum útibúsins.

Reikningar, sem sendir eru félagaskrá skv. 1. mgr., skulu vera í sama formi og ber að birta þá samkvæmt gildandi reglum í heimaríki félagsins.

Ársreikninga fyrir erlent félag, sem lýtur löggjöf EES-ríkis, má senda félagaskrá óendurskoðaða ef slíkt samræmist löggjöf í heimaríki félagsins.

Félagaskrá skal veita aðgang að þeim gögnum sem skilaskyld eru samkvæmt þessari grein."

Lög nr. 2/1995 um hlutafélög.

147. gr. „Hlutafélagaskrá annast skráningu allra íslenskra hlutafélaga og útibúa erlendra hlutafélaga.

Ráðherra setur nánari reglur um skipulag hlutafélagaskrár og má þar ákveða sektir fyrir brot á reglunum. Veita skal almennan aðgang að skránni, sbr. þó ákvæði laga um ársreikninga um skil á ársreikningum og aðgang að þeim.“

Lög nr. 47/1995 um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum.

4. mgr. 3. gr. „Úrskurðir Kvikmyndaskoðunar skulu vera skriflegir og skal fylgja þeim rökstuðningur. Þeir skulu kynntir aðilum sem hlut eiga að máli og vera almenningi aðgengilegir. Úrskurðir Kvikmyndaskoðunar um efni kvikmynda eru endanlegir. Þó er Kvikmyndaskoðun heimilt, ef sérstök ástæða þykir til, að meta að nýju án endurgjalds sýningarhæfni kvikmynda sem áður hafa verið metnar.“

Fylgiskjal II.

Dæmi um almenn ákvæði laga um þagnarskyldu.

Almenn hegningarlög nr. 19/1940.

136. gr. „Opinber starfsmaður, sem segir frá nokkru, er leynt á að fara og hann hefur fengið vitneksju um í starfi sínu eða varðar embætti hans eða sýslan, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári. Hafi hann gert það til þess að afla sér eða öðrum óréttmæts ávinnings, eða noti hann slíka vitneskju í því skyni, má beita fangelsi allt að 3 árum.

Sömu refsingu skal sá sæta, sem látið hefur af opinberu starfi og eftir það segir frá eða misnotar á ofangreindan hátt vitneskju, sem hann hafði fengið í stöðu sinni og leynt á að fara.“

Lög nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

32. gr. „Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagmælsku um atriði, er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkv. lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst, þótt látið sé af starfi.“

Lög nr. 58/1976 um sjúkraþjálfun.

9. gr. „Sérhverjum sjúkraþjálfara er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkv. lögum eða eðli málsins. Sama þagnarskylda hvílir á öllu aðstoðarfólki sjúkraþjálfara og helst þagnarskyldan þótt viðkomandi láti af starfi.“

Lög nr. 40/1976 um sálfræðinga.

3. gr. „Sálfræðingi er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda nær einnig til samstarfsmanna sálfræðings, þ. á m. til fræðimanna sem fá aðgang að gögnum í vísindalegum tilgangi. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi láti af starfi.“

Lög nr. 75/1977 um iðjuþjálfun.

9. gr. „Sérhverjum iðjuþjálfa er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara skv. lögum eða eðli málsins. Sama þagnarskylda hvílir á öllu aðstoðarfólki iðjuþjálfa og helst þagnarskyldan þótt viðkomandi láti af starfi.“

Lög nr. 18/1978 um þroskaþjálfa.

6. gr. „Þroskaþjálfa er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara skv. lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi láti af störfum.“

Lög nr. 99/1980 um meinatækna.

7. gr. „Meinatækni er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara skv. lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi láti af störfum.“

Lög nr. 58/1984 um sjúkraliða.

6. gr. „Sjúkraliða er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara skv. lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi hafi látið af störfum.“

Ljósmæðralög nr. 67/1984.

7. gr. „Ljósmóður er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem hún fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara að lögum eða skv. eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi hafi látið af störfum.“

Lög nr. 38/1985 um tannlækningar.

10. gr. „Sérhverjum tannlækni er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins.

Sama þagnarskylda hvílir á öllu aðstoðarfólki tannlækna og helst þagnarskyldan þótt viðkomandi láti af starfi.“

Lög nr. 64/1985 um Byggðastofnun, sbr. 3.–4. gr. laga nr. 39/1991.

22. gr. „Stjórnarmenn og allir starfsmenn Byggðastofnunar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.“

Sveitarstjórnarlög nr. 8/1986.

42. gr. „Sveitarstjórnarmenn skulu gæta þagnarskyldu um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara skv. lögum, eðli máls eða skv. sérstakri ákvörðun sem samþykkt er með a.m.k. 2/3 hlutum atkvæða í sveitarstjórn eða nefnd.“

Lög nr. 50/1986 um Rannsóknadeild fisksjúkdóma.

1. og 3. mgr. 12. gr. „Deildarstjóri Rannsóknadeildar fisksjúkdóma, dýralæknir fisksjúkdóma, svo og héraðsdýralæknar eða fulltrúar þeirra, skulu hafa frjálsan aðgang að fiskeldisstöðvum og skulu þeim veittar allar nauðsynlegar upplýsingar.

...

Eigi er þó heimilt að krefjast annarra upplýsinga en þeirra sem eru nauðsynlegar eða kunna að vera nauðsynlegar vegna eftirlitsins. Ekki er heimilt að láta öðrum í té upplýsingar sem ætla má að fara eigi leynt.“

Lög nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

26. gr. „Starfsmenn í þjónustu starfsleyfishafa skv. 25. gr. eru þagnarskyldir um atriði sem þeir komast að við störf sín og skulu þeir undirrita þagnarheit áður en þeir taka til starfa.“

Lög nr. 95/1990 um félagsráðgjöf.

6. gr. „Félagsráðgjafa er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst þótt viðkomandi láti af starfi.“

Lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðra.

54. gr. „Sérhverjum, er starfar samkvæmt lögum þessum, ber að gæta fyllstu þagmælsku um það sem hann kemst að í starfi sínu.“

Lög nr. 95/1992 um hópuppsagnir.

3. mgr. 4. gr. „Fulltrúar starfsmanna og atvinnurekandi eða fulltrúar hans skulu gæta þagnarskyldu varðandi upplýsingar sem gefnar eru samkvæmt ákvæðum þessara laga.“

Samkeppnislög nr. 8/1993.

50. gr. „Þeim sem starfa af hálfu stjórnvalda að framkvæmd laga þessara er óheimilt að skýra frá þeim atriðum sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.“

Lög nr. 83/1994 um umboðsmann barna.

6. gr. „Umboðsmanni barna ber að gæta þagnarskyldu um þau atvik sem honum verða kunn í starfi og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna. Sama gildir um starfsmenn umboðsmanns barna. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Að öðru leyti fer um þagnarskyldu umboðsmanns barna og starfsmanna hans samkvæmt almennum reglum um starfsmenn ríkisins.“

Fylgiskjal III.

Dæmi um sérákvæði laga um þagnarskyldu.

Lög nr. 32/1933 um tilbúning og verslun með smjörlíki o.fl.

3. mgr. 10. gr. „Eftirlitsmaður hefur þagnarskyldu um allt, sem lýtur að framleiðslu og rekstri smörlíkisgerða, og má ekki sjálfur notfæra sér eða láta öðrum í té upplýsingar, sem hann kann að fá um sérstakan útbúnað eða aðgerðir hverrar verksmiðju.“

Lög nr. 16/1938 um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt.

8. gr. „Allir þeir, sem starfa á einn eða annan hátt að framkvæmd laga þessara, eru bundnir þagnarskyldu um öll persónuleg málefni, er þeir í því sambandi kunna að fá vitneskju um.“

Lög nr. 9/1940 um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna að veita upplýsingar um ferðir skipa.

1. gr. „Ríkisstjórnin getur, er hún telur nauðsynlegt vegna yfirvofandi eða yfirstandandi ófriðar eða hliðstæðs ástands, fyrirskipað, að enginn megi láta neitt uppi við óviðkomandi menn um ferðir íslenskra eða erlendra skipa.

Nú notar ríkisstjórnin heimild þá, sem henni er veitt í lögum þessum, og taka þá bannfyrirmæli hennar til allra upplýsinga um burtför skips úr höfn, um ferð þess frá einni höfn til annarrar, um það hvar skipið er statt á hverjum tíma, um ákvörðunarstað þess og komu í höfn í ferð eða að lokinni ferð, svo og til allra upplýsinga um farm skips og farþega.“

2. gr. „Ríkisstjórninni er heimilt að gera allar þær ráðstafanir, sem henni þykir þurfa, til þess að bannfyrirmæli þau, sem um ræðir í 1. gr., komi að haldi, þar á meðal að láta stöðva símskeyti um ferðir skipa, ef þurfa þykir.“

Almenn hegningarlög nr. 19/1940.

91. gr. „Hver, sem kunngerir, skýrir frá eða lætur á annan hátt uppi við óviðkomandi menn leynilega samninga, ráðagerðir eða ályktanir ríkisins um málefni, sem heill þess eða réttindi gagnvart öðrum ríkjum eru undir komin, eða hafa mikilvæga fjárhagsþýðingu eða viðskipta fyrir íslensku þjóðina gagnvart útlöndum, skal sæta fangelsi allt að 16 árum.

Sömu refsingu skal hver sá sæta, sem falsar, ónýtir eða kemur undan skjali eða öðrum munum, sem heill ríkisins eða réttindi gagnvart öðrum ríkjum eru undir komin.

Sömu refsingu skal enn fremur hver sá sæta, sem falið hefur verið á hendur af íslenska ríkinu að semja eða gera út um eitthvað við annað ríki, ef hann ber fyrir borð hag íslenska ríkisins í þeim erindrekstri.

Hafi verknaður sá, sem í 1. og 2. málsgrein hér á undan getur, verið framinn af gáleysi, skal refsað með varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef sérstakar málsbætur eru fyrir hendi.“

115. gr. „Hver, sem opinberlega skýrir heimildarlaust eða vísvitandi rangt frá því, sem fram hefur farið við kosningar þær og atkvæðagreiðslur, sem í 102. gr. getur, eða því, sem gerst hefur á fundum eða starfi opinberra samkomna, nefnda, stjórnvalda eða dómstóla, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum.“

230. gr. „Ef maður, sem hefur eða haft hefur með höndum starf, sem opinbera skipun, leyfi eða viðurkenningu þarf til að rækja, segir frá einhverjum einkamálefnum, sem leynt eiga að fara og hann hefur fengið vitneskju um í starfi sínu, þá varðar það sektum eða varðhaldi. Sömu refsingu varðar einnig sams konar verknaður þeirra manna, sem aðstoðað hafa ofangreinda menn í starfi þeirra.“

Lög nr. 90/1943 um reikningaskrifstofu sjávarútvegsins.

4. gr. „Forstöðumanni reikningaskrifstofu sjávarútvegsins og öðrum starfsmönnum hennar er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í starfi sínu um efnahag eða tekjur einstakra manna eða fyrirtækja.“

Lög nr. 34/1964 um loftferðir.

151. gr. „Eigandi eða notandi loftfars og réttur umráðandi viðurkennds flugvallar eða annars loftferðavirkis er skyldur að láta í té þá vitneskju, sem flugmálastjórnin krefst til að geta rækt störf sín. Sömu skyldu hefur forráðandi viðurkenndrar starfsemi samkvæmt 33. gr. eða annarrar starfsemi, sem rekin er samkvæmt viðurkenningu eftir lögum þessum eða reglum, settum samkvæmt þeim.

Rétt er flugmálastjórninni að skýra þriðja aðilja frá vitneskju, sem hún hefur fengið með framangreindum hætti, að því leyti sem það er nauðsynlegt samkvæmt alþjóðasamningi. Að öðru leyti er rétt að skýra frá slíkri vitneskju eða birta hana almenningi, enda sé eigi um að tefla trúnaðarmál. Nú hefur sá, sem telur sig eiga rétt til launungar, mótmælt því, að vitneskja fari lengra eða sé birt, og verður það einungis samkvæmt úrskurði flugmálaráðherra.

Nú hefur maður fengið greinda vitneskju í starfa sínum, og hefur hann þagnarskyldu, að því leyti sem vitneskjan eigi má fara lengra eða hana má eigi birta.“

Lög nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, sbr. 1. gr. laga nr. 107/1974.

63. gr. „Ekki er heimilt að veita upplýsingar um rannsóknir, sem kostaðar eru af einstaklingi, félagi eða stofnun, nema með samþykki hennar. Ef þagnarskylda er brotin, varðar það ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn og skaðabótaskyldu.“

Lög nr. 62/1969 um fyrirtækjaskrá.

10. gr. „Óheimilt er að skýra frá upplýsingum, sem fyrirtæki láta í té samkv. 9. gr. og eru trúnaðarmál, nema með samþykki hlutaðeiganda. Þeir, sem vinna við úrvinnslu slíkra gagna, mega ekki, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, skýra óviðkomandi aðilum frá því, sem þeir komast að um hagi einstakra fyrirtækja.“

Hjúkrunarlög nr. 8/1974, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1975.

6. gr. „Hjúkrunarfræðingum er skylt að gæta fyllstu þagmælsku um öll einkamál, er þeir fá vitneskju um í starfi sínu, nema lög bjóði annað, og helst þagnarskyldan, þótt þeir láti af starfi.

Skylda til þess að bera vitni fyrir rétti er takmörkuð í samræmi við þetta og ákvæði réttarfarslaga um vitnaskyldu embættis- og sýslunarmanna og sérákvæði slíkra laga um lækna.“

Lög nr. 25/1975 um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.

27. gr. „Allir þeir, sem starfa á einn eða annan hátt að framkvæmd laga þessara, eru bundnir þagnarskyldu um öll persónuleg málefni, sem þeir í því sambandi kunna að fá vitneskju um.“

Lög nr. 16/1978 um varnir gegn kynskjúkdómum.

7. gr. „Sérhverjum, sem starfs síns vegna kemst að nöfnum sjúklinga og heilsufari þeirra, ber að gæta þagmælsku þar um, nema lög bjóði annað eða brýn nauðsyn krefji, t.d. vegna yfirvofandi smitunar."

Lög nr. 33/1978 um sáttastörf í vinnudeilum.

1. mgr. 6. gr. „Sáttafundi skal halda fyrir luktum dyrum."

3. mgr. 6. gr. „Bannað er að skýra frá eða leiða vitni um umræður á sáttafundum og tillögur, sem fram kunna að hafa verið bornar, nema með samþykki beggja samningsaðilja."

Lög nr. 35/1978 um lyfjafræðinga.

12. gr. „Lyfjafræðingar, aðstoðarlyfjafræðingar og lyfsalar eru bundnir þagnarskyldu að viðlagðri ábyrgð samkvæmt 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um alla vitneskju eða grun um sjúkdóma eða önnur einkamál, sem þeir kunna að öðlast í starfi. Þeir skulu þó skýra landlækni og Lyfjaeftirliti ríkisins eða öðru yfirvaldi frá vitneskju sinni, ef ætla má, að einstaklings- eða almannaheill krefjist. Þeim ber skylda til að tjá sig fyrir dómi samkvæmt ákvæðum gildandi laga. Ef lyfjafræðingur eða aðstoðarlyfjafræðingur starfar á vegum lyfsala eða forstöðumanns, sbr. 9. gr., skal hann skýra lyfsalanum eða forstöðumanninum frá vitneskju sinni, en hann síðan tilkynna landlækni, lyfjaeftirliti eða öðrum yfirvöldum.

Ákvæði 1. mgr. um þagnarskyldu taka og til lyfjatækna, meinatækna, ritara og annarra samstarfsmanna lyfjafræðinga, aðstoðarlyfjafræðinga eða lyfsala, er vegna starfa sinna kunna að öðlast sömu vitneskju um sjúkdóma og einkamál manna."

Lög nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 20. gr. laga nr. 111/1992.

115. gr. „Skattstjórum, umboðsmönnum skattstjóra, ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og ríkisskattanefnd er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því er þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag skattaðila. Hið sama gildir um þá er veita þessum aðilum aðstoð við starf þeirra eða á annan hátt fjalla um skattframtöl. Þagnarskyldan helst þó menn þessir láti af störfum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu skattyfirvöld gefa Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnun skýrslur, í því formi er þeir aðilar ákveða, um framtaldar tekjur og eignir, álagða skatta og önnur atriði er varða skýrslugerð þeirra. Þá er skattyfirvöldum heimilt að veita gjaldeyriseftirliti Seðlabanka Íslands upplýsingar er nauðsylegar eru til eftirlits með gjaldeyrismálum, enda standi ákvæði milliríkjasamninga ekki í vegi fyrir því."

Lög nr. 73/1984 um fjarskipti.

15. gr. „Allir starfsmenn fjarskiptavirkja ríkisins skulu skyldir, bæði meðan þeir gegna starfinu og eftir að þeir hafa látið af því, að halda leyndu fyrir öllum út í frá efni skeyta sem koma eða fara, svo og að þau hafi komið eða farið og hver hafi fengið þau eða sent. Þeir skulu og halda leyndu fyrir öllum út í frá efni samtala um fjarskiptavirki ríkisins, svo og að samtöl hafi farið fram og hverjir hafi átt tal saman. Ekki má án undangengins dómsúrskurðar veita óviðkomandi mönnum aðgang að því að sjá skeyti eða önnur starfræksluskjöl, sem almenningi er ekki ætlað að sjá, eða aðgang að því að hlusta á fjar-

skiptasamtöl eða hljóðrita þau. Ráðherra ákveður hvort slíkum úrskurði skuli áfrýjað. Sams konar leyndarskylda skal á þeim hvíla um myndir eða merki sem flutt hafa verið um fjarskiptavirkin og ekki eru fyrir almenning. Þeim er og stranglega bannað að notfæra sér á nokkurn hátt persónulega innihald slíkra skeyta, samtala, mynda, merkja eða starfræksluskjala. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um þagnarskyldu starfsmanna fjarskiptavirkja.“

Lög nr. 18/1985 um vinnumiðlun.

2. mgr. 10. gr. „Allar upplýsingar, sem vinnumiðlun fær í starfi sínu hvort sem þær snerta einkamál eða viðskiptahagsmuni, skulu vera trúnaðarmál vinnumiðlunar og þess er upplýsingar veitir, að öðru leyti en því sem snertir bein tengsl við miðlun vinnu og starfsráðningar.“

Póstlög nr. 33/1986.

9. gr. „Starfsmönnum Póst- og símamálastofnunar er óheimilt að gefa óviðkomandi aðilum upplýsingar um það hverjir nota póstinn eða á hvern hátt hann er notaður, né heldur gefa neinum tækifæri til þess að verða sér úti um slíka vitneskju. Enn fremur er þeim óheimilt að opna eða lesa það sem látið er í póst til flutnings.

Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.“

Lög nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands.

38. gr. „Bankaráðsmenn, bankastjórar og allir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um allt það er varðar hagi viðskiptaaðila bankans, málefni bankans sjálfs, svo og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara skv. lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt.

Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er Seðlabankanum heimilt að eiga gagnkvæm upplýsingaskipti við banka og opinberar stofnanir erlendis er varða athugun eða mat á fjárhagslegu öryggi innlánsstofnana og opinberra aðila hér á landi og erlendis skv. nánari reglum er ráðherra setur í reglugerð.“

Tollalög nr. 55/1987.

141. gr. „Tollstarfsmönnum er bannað, að viðlagri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi aðilum frá því sem þeir komast að í starfi sínu um verslunarhagi einstakra manna og fyrirtækja, þar með talin hvers konar vitneskja sem ráða má af samritum af sölu- og vörureikningum sem tollyfirvöld halda eftir.“

Lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, sbr. 13. gr. laga nr. 119/1989.

44. gr. „Skatt- og tollyfirvöldum, starfsmönnum þeirra og erindrekum er bannað, að viðlagri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því er þeir komast að í starfi sínu um viðskipti einstakra manna og fyrirtækja. Þagnarskyldan helst þó að starfsmenn þessir láti af starfi sínu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu skatt- og tollyfirvöld veita Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnun upplýsingar er varða skýrslugerð þeirra.“

Læknalög nr. 53/1988.

15. gr. „Lækni ber að gæta fyllstu þagmælsku og hindra það að óviðkomandi fái upplýsingar um sjúkdóma og önnur einkamál er hann kann að komast að sem læknir.

Þetta gildir ekki bjóði lög annað eða sé rökstudd ástæða til þess að rjúfa þagnarskyldu vegna brýnnar nauðsynjar.

Samþykki sjúklings, sem orðinn er 16 ára, leysir lækni undan þagnarskyldu. Að öðrum kosti þarf samþykki forráðamanna.

Læknir verður ekki leiddur fram sem vitni í einkamálum gegn vilja sjúklings nema ætla megi að úrslit málsins velti á vitnisburði hans eða málið sé mikilvægt fyrir málsaðila eða þjóðfélagið, hvort tveggja að mati dómara. Í slíkum tilvikum ber lækni að skýra frá öllu sem hann veit og telur að hugsanlega geti haft áhrif á málið. Slíkur vitnisburður skal fara fram fyrir luktum dyrum.

Læknir getur þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar veitt öðrum heilbrigðisstéttum upplýsingar sé um að ræða rannsóknir og meðferð sjúklinga.

Sama þagnarskylda gildir fyrir aðrar heilbrigðisstéttir og aðra sem vinna með lækni.

Þagnarskylda fellur ekki niður við lát sjúklings. Mæli ríkar ástæður með því getur læknir látið í té upplýsingar með hliðsjón af vilja hins látna og hagsmunum viðkomandi. Sé læknir í vafa getur hann borið málið undir landlækni.“

Lög nr. 63/1989 um Hagþjónustu landbúnaðarins.

9. gr. „Stjórn og starfsmönnum Hagþjónustu landbúnaðarins, svo og starfsmönnum þeirra bókhaldsstofa sem sjá um uppgjör búreikninga, er bannað að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn að skýra óviðkomandi aðilum frá því er þeir komast að sökum starfa síns um efnahag, tekjur eða gjöld einstakra manna eða stofnana. Skulu þeir ætíð gæta þess að fara með upplýsingar og gögn frá bændum sem trúnaðarmál.“

Lög nr. 40/1991 félagsþjónustu sveitarfélaga.

62. gr. „Fulltrúar í félagsmálanefndum og starfsmenn skulu varðveita málsgögn, er varða persónulega hagi einstaklinga, með tryggilegum hætti þannig að óviðkomandi fái þar ekki aðgang. Hafi þeir kynnst einkamálum skjólstæðinga í starfi er þeim óheimilt að ræða þau mál við óviðkomandi aðila nema að fengnu samþykki skjólstæðings eða forráðamanna hans.“

Lög nr. 49/1991 um grunnskóla.

2. mgr. 64. gr. „Óheimilt er að veita upplýsingar um vitnisburði nemenda öðrum en þeim sjálfum og forráðamönnum þeirra, nema nauðsyn beri til vegna flutnings nemenda milli skóla. Þó skal heimilt að veita fræðsluyfirvöldum þessar upplýsingar og öðrum vegna fræðilegra rannsókna, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu.“

Lög nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

14. gr. „Umsækjendur um lán skulu láta fylgja umsókn sinni allar þær upplýsingar sem sjóðstjórn telur máli skipta við ákvörðun um veitingu námsláns.

Umsækjendur skulu tilgreina í lánsumsókn hvort þeir óski eftir fullu láni samkvæmt reglum sjóðsins eða lægri fjárhæð.

Innlendum skólum, sem lög þessi taka til, er skylt að láta Lánsjóði í té nauðsylega aðstoð við framkvæmd laganna, þar á meðal upplýsingar um framvindu náms umsækjenda.

Skattstjórum er skylt að láta Lánasjóði í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara.

Með einstaklingsbundnar upplýsingar, sem Lánasjóði eru látnar í té samkvæmt þessari grein, skal farið með sem trúnaðarmál.“

Lög nr. 30/1992 um yfirskattanefnd.

19. gr. „Starfsmönnum yfirskattanefndar er bannað að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi að skýra óviðkomandi aðilum frá því sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara, þar á meðal um tekjur og efnahag skattaðila. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Hafi óviðkomandi aðili lagaheimild til að krefja yfirskattanefnd ofangreindra upplýsinga skal sama þagnarskylda hvíla á þeim sem fær slíkar upplýsingar nema ríkari þagnarskylda hvíli á honum að lögum.“

Lög nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna, sbr. 3. gr. laga nr. 22/1995.

5. gr. „Sérstakar skyldur barnaverndaryfirvalda. Starfsmenn barnaverndarstofu, barnaverndarnefndarmenn, barnaverndarráðsmenn, fulltrúar þessara aðila og annað starfslið á vegum þeirra hljóta þá vernd sem opinberum starfsmönnum er tryggð og bera skyldur samkvæmt því. Ber þeim að sýna börnum og ungmennum, er þeir fjalla um mál þeirra, alla nærgætni og mega ekki skýra óviðkomandi mönnum frá því sem þeir verða vísir í starfa sínum um einkamál manna og heimilisháttu.“

Lög nr. 87/1992 um gjaldeyrismál.

12. gr. „Þeir sem annast framkvæmd þessara laga eru bundir þagnarskyldu um hagi einstakra viðskiptamanna og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.“

Lög nr. 93/1992 um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

15. gr. „Forsvarsmönnum fyrirtækja sem 12. gr. tekur til og útflytjendum sjávarafurða er skylt að veita Fiskistofu og samningsbundinni skoðunarstofu allar þær upplýsingar og þá aðstoð sem nauðsynleg er við framkvæmd eftirlits og skoðunar, þar með talinn aðgang að hverjum þeim stað þar sem sjávarafurðir eru unnar eða geymdar. Fiskistofa og skoðunarstofur fara með upplýsingar þær sem leynt eiga að fara sem trúnaðarmál.“

Samkeppnislög nr. 8/1993.

27. gr. „Óheimilt er í atvinnustarfsemi er lög þessi taka til að afla sér eða reyna að afla sér með ótilhlýðilegum hætti upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmálum starfseminnar.

Sá sem fengið hefur vitneskju um eða umráð yfir atvinnuleyndarmálum á réttmætan hátt í starfi sínu fyrir annan eða í félagi við annan, sbr. 1. mgr., má ekki án heimildar veita upplýsingar um eða hagnýta sér slík leyndarmál. Bann þetta gildir í þrjú ár frá því að starfi er lokið eða samningi slitið.

Þeim sem vegna starfs síns eða stöðu að öðru leyti hefur verið trúað fyrir uppdráttum, lýsingu, uppskriftum, líkönum eða þess háttar er óheimilt að hagnýta sér eða veita öðrum afnot af slíku án sérstakrar heimildar.

Nú hefur upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmáli verið aflað á þann hátt að brotið hefur verið gegn ákvæðum 1.–3. mgr. og er þá þeim sem brotlegur er eða þeim sem fengið hafa upplýsingar frá honum óheimilt að færa sér það í nyt.“

Lög nr. 93/1993 um atvinnuleysistryggingar, sbr. 5. gr. laga nr. 148/1994.

2. og 3. mgr. 39. gr. „Skattstjórum og Tryggingastofnun ríkisins er skylt að láta Atvinnuleysistryggingasjóði í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara.

Með einstaklingsbundnar upplýsingar, sem Atvinnuleysistryggingasjóði eru látnar í té samkvæmt þessari grein, skal farið með sem trúnaðarmál.“

Lög nr. 60/1994 um vátryggingastarfsemi.

51. gr. „Starfsmenn Vátryggingaeftirlitsins eru bundnir þagnarskyldu. Þeir mega ekki að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn skýra óviðkomandi aðilum frá því er þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara um viðskipti og rekstur vátryggingafélags og aðra starfsemi sem lög þessi ná til. Sama gildir um endurskoðendur, tryggingastærðfræðinga og sérfræðinga sem starfa á vegum eftirlitsstjórnvalda. Þagnarskylda helst þótt starfsmenn láti af störfum.“

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt þegar félag er gjaldþrota eða þvinguð slit fara fram að upplýsa um atriði í rekstri einkamála sem þagnarskylda er um og ekki varða þriðja aðila sem á hlut að björgunaraðgerðum vegna félags.

Vátryggingaeftirlitið má veita eftirlitsstjórnvöldum annarra ríkja upplýsingar sé það liður í samstarfi ríkjanna um eftirlit með vátryggingastarfsemi og slík upplýsingagjöf sé gagnleg til að unnt sé að framfylgja lögmæltu eftirliti. Slíkar upplýsingar má einungis veita með því skilyrði að um þær gildi þagnarskylda í hlutaðeigandi ríki. Sama gildir um upplýsingar sem vátryggingaeftirlitið fær frá eftirlitsstjórnvöldum annarra aðildarríkja.

Semja má við eftirlitsstjórnvöld þriðju ríkja um skipti á upplýsingum því aðeins að gætt sé þagnarskyldu í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

Upplýsingar, sem bundnar eru þagnarskyldu, má Vátryggingaeftirlitið eingöngu nota í eftirlitsstarfsemi til að fylgjast með því að skilyrðum til að reka vátryggingastarfsemi sé fullnægt, einkum varðandi vátryggingaskuld, gjaldþol, rekstrar- og bókhaldsleg atriði og innra eftirlit, til að leggja á kvaðir samkvæmt lögum þessum eða þegar málum er varða ákvarðanir Vátryggingaeftirlitsins er skotið til æðra stjórnvalds eða í málarekstri fyrir dómstólum vegna ákvarðana á grundvelli laga um vátryggingastarfsemi.

Ákvæði 1.–5. mgr. koma ekki í veg fyrir upplýsingaskipti milli eftirlitsaðila með vátryggingastarfsemi og þeirra sem hafa eftirlit með lánastofnunum og fjármálastarfsemi eða stjórnvalda sem fjalla um slit og gjaldþrot vátryggingafélaga og hliðstæð mál, eða aðila sem hafa með höndum endurskoðun vátryggingafélaga eða lána- eða annarra fjármálastofnana, þegar það er liður í eftirlitsstarfi eða nauðsynlegri upplýsingamiðlun vegna slita vátryggingafélaga. Upplýsingar, sem þannig eru veittar, skulu bundnar þagnarskyldu.

Upplýsingar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, svo og upplýsingar fengnar með vettvangsrannsóknum hjá vátryggingafélögum, má ekki láta í té nema með fullu samþykki þeirra eftirlitsstjórnvalda sem öfluðu þessara upplýsinga, svo og eftirlitsstjórnvalda þess aðildarríkis þar sem rannsóknin fór fram.“

Lög nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

3. mgr. 25. gr. „Þeim sem sveitarstjórn felur að annast störf þessi er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því er þeir komast að í störfum sínum og varðar hagi skattaðila."

Lög nr. 66/1995 um grunnskóla.

2. mgr. 45. gr. „Óheimilt er að veita upplýsingar um vitnisburði einstakra nemenda öðrum en þeim sjálfum og forráðamönnum þeirra nema nauðsyn beri til vegna flutnings nemenda milli skóla. Þó skal heimilt að veita fræðsluyfirvöldum þessar upplýsingar og öðrum vegna fræðilegra rannsókna enda sé krafist fullrar þagnarskyldu."

Lög nr. 92/1995 um matvæli.

2. mgr. 24. gr. „Eftirlitsaðilar eru bundnir þagnarskyldu um atriði er varða framleiðslu- og verslunarleynd er þeir kunna að komast að við leyfisveitingar, sbr. VIII. kafla, og framkvæmd eftirlits."

Lög nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

26. gr. „Starfsmenn skoðunarstofu, Löggildingarstofu og eftirlitsstjórnvalda eru bundnir þagnarskyldu um atriði er viðskiptaleynd hvílir yfir og fram koma við rannsókn og meðferð máls."

Fylgiskjal IV.

LÖG
um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál.

(Breytingar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, eru skáletraðar.)

1. gr.

Lögum þessum er ætlað að tryggja almenningi aðgang að upplýsingum um umhverfismál hjá stjórnvöldum og að þau annist miðlun upplýsinga um umhverfismál til almennings.

2. gr.

Lög þessi gilda um aðgang almennings að upplýsingum um umhverfismál hjá ríki, sveitarfélögum og stofnunum þeirra.

Með upplýsingum um umhverfismál er einkum átt við upplýsingar sem varða umhverfi og náttúruauðlindir. Enn fremur er átt við upplýsingar um starfsemi eða ráðstafanir sem hafa, eða líklegt er að hafi, óæskileg áhrif á fyrrgreind atriði.

3. gr.

Einstaklingur eða lögaðili, sem óskar upplýsinga um umhverfismál, skal senda skriflega beiðni til viðkomandi stjórnvalds þar sem greint skal með skýrum hætti hvaða upplýsinga óskað er og annað er máli skiptir.

Stjórnvald, sem í hlut á, skal afgreiða beiðni innan fjögurra vikna frá móttökudegi.

4. gr.

Um aðgang að fyrirliggjandi gögnum um umhverfismál fer eftir upplýsingalögum.

5. gr.

Grundvallarmarkmið laga þessara, sbr. 1. gr., er að tryggja rétt almennings til upplýsinga um umhverfismál en þó er heimilt að synja beiðni um slíkar upplýsingar, að öllu leyti eða hluta, ef rökstudd ástæða er til að ætla að upplýsingagjöfin geti haft skaðleg áhrif á:

a. öryggi ríkisins,
b. alþjóðasamskipti,
c. mál sem eru í rannsókn eða á undirbúningsstigi,
d. mikilvæga viðskiptahagsmuni stjórnvalda, einstaklinga og fyrirtækja, að meðtöldum hugverkarétti,
e. einkahagi manna,
f. umhverfisvernd.

Heimilt er að synja beiðni um upplýsingar sem aflað hefur verið fyrir gildistöku laga þessara.

Skylt er stjórnvaldi að rökstyðja synjun skv. 1. og 2. mgr.

6. gr.

Heimilt er að kæra ákvörðun um synjun um að afla og láta í té upplýsingar um umhverfismál skv. 7. gr. til ráðherra innan sex vikna frá því að aðila var tilkynnt um hana.

7. gr.

Nú óskar aðili upplýsinga sem ekki eru fyrirliggjandi en talið er rétt að afla og láta í té og er þá stjórnvaldi, sem í hlut á, heimilt að taka sanngjarnt og hóflegt gjald fyrir slíka þjónustu.

Stjórnvald skal gera þeim er upplýsinga óskar grein fyrir því gjaldi sem viðkomandi getur þurft að greiða.

8. gr.

Stjórnvöld sem starfa á vettvangi umhverfismála, skulu halda uppi kynningarstarfi fyrir almenning um umhverfismál og umhverfisvernd og tryggja að upplýsingar séu aðgengilegar almenningi.

9. gr.

Umhverfisráðherra skal árlega birta opinberlega skýrslu um ástand og þróun umhverfismála á Íslandi.

Enn fremur skulu stjórnvöld, sem starfa á vettvangi umhverfismála, gera grein fyrir lagasetningu, úrskurðum og ákvörðunum á sviði umhverfismála að því leyti sem þær snerta almannahagsmuni.

10. gr.

Heimilt er umhverfisráðherra að setja reglugerð um nánari framkvæmd á lögum þessum.

Fylgiskjal V.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til upplýsingalaga.

Með samþykkt þessa frumvarps er ráðgert að leiða í lög víðtækan rétt landsmanna til að krefjast og afla upplýsinga frá stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að stjórnvöldum verði skylt að láta upplýsingar og gögn um tiltekið mál í té og er þá hægt að krefjast ljósrits af skjölum og afrits af öðrum upplýsingum, þar með talið tölvugeymdum gögnum.

Auðsýnt er að þessi skylda mun auka við störf margra stofnana þótt ekki sé ljóst hversu mikið. Núverandi verklag stjórnsýslunnar er að veita aðila máls upplýsingar um tiltekin mál enda er í 15. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, kveðið á um upplýsingarétt. Sá réttur nær þó eingöngu til aðila tiltekins máls. Nú þegar hefur verið sett gjaldskrá á grundvelli þessa lagaákvæðis (sjá B-deild Stjórnartíðinda, nr. 168/1994). Í frumvarpinu er gert ráð fyrir (12. gr.) að heimilt verði að ákveða með gjaldskrá hvað greiða skuli fyrir ljósrit, en engin heimild er til að taka gjald fyrir leit að gögnum.

Í 15. gr. er gert ráð fyrir úrskurðarnefnd um upplýsingamál. Hún fer með kærur sem berast kunna sökum synjunar stjórnvalds á upplýsingum. Í henni eiga að sitja þrír menn. Gera má ráð fyrir að nefndarlaun nemi um 600 þús. kr. á ári og kostnaður við starfsaðstöðu verði um 400 þús. kr., samtals 1 m.kr. Ekki er gert ráð fyrir að nefndin hafi starfsmann.

Gert er ráð fyrir að efnt verði til kynningar á lögunum. Það verði gert með þeim hætti að lögin verði gefin út í sérprentuðu formi með þeim skýringum við hverja lagagrein sem nú er að finna í athugasemdum með frumvarpinu. Þá er gert ráð fyrir að halda kynningarnámskeið fyrir stjórnendur og starfsfólk opinberra stofnana. Heildarkostnaður við kynningu á lögunum ætti vart að fara yfir 2 m.kr.

631. Fyrirspurn [362. mál]

til dómsmálaráðherra um kjörfundi erlendis.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni.

1. Hversu margir Íslendingar búsettir erlendis til lengri eða skemmri tíma voru á kjörskrá í síðustu alþingiskosningum?
2. Hver var dvalarstaður þeirra, eftir þjóðlöndum?

3. Hversu mikil var kjörsókn þeirra í þeim kosningum, skipt eftir þjóðlöndum?
4. Hversu víða voru kjörstaðir opnir í sendiráðum, hjá fastanefndum eða hjá kjörræðismönnum?
5. Eru áform um að bæta aðgengi þessa kjósendahóps að kjörstöðum og möguleika til þátttöku, svo sem með fjölgun kjörstaða?
6. Er fyrirkomulag utankjörfundaratkvæðagreiðslu samkvæmt íslenskum kosningalögum hliðstætt hjá öðrum Evrópuþjóðum og í Bandaríkjunum?
7. Er kjósendum í einhverju Evrópuríki eða Bandaríkjunum, sem kjósa utan kjörfundar, gefinn kostur á því að fá sendan kjörseðil í ábyrgðarpósti samkvæmt beiðni þar um og endursenda seðilinn í lokuðu umslagi til viðkomandi kjörstjórnar eftir að hafa kosið heima eða hjá opinberri stofnun (á bæjarskrifstofum, hjá sýslumönnum eða lögreglustöðvum) á viðkomandi stað og fengið þar staðfestingu eða vottun?
8. Kemur til álita að mati ráðherra að skoða fyrirkomulag á borð við það sem nefnt er í 7. spurningu og gera viðeigandi breytingar á kosningalögunum?

Skriflegt svar óskast.

632. Frumvarp til laga [363. mál]

um breyting á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Hjörleifur Guttormsson, Kristinn H. Gunnarsson, Ólafur Ragnar Grímsson, Ragnar Arnalds, Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað 1.–3. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:
   Námslán skal greiða út mánaðarlega meðan námsmaður stundar nám.
   Námslán skal þó ekki greitt út fyrr en námsmaður hefur lokið einu missiri af námi sínu með tilskildum árangri. Þegar námsmaður hefur lokið einu missiri með tilskildum árangri fær hann lán fyrir það missiri og svo áfram mánaðarlega meðan hann stundar nám.
b. 7. mgr. fellur brott.

2. gr.

2. mgr. 15. gr. laganna verður svohljóðandi:
Árlegur rekstrarkostnaður sjóðsins greiðist af ráðstöfunarfé sjóðsins.

3. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Fyrir 1. september 1996 skal lokið heildarendurskoðun á lögum þessum. Menntamálaráðherra skipar nefnd með fulltrúum þingflokka og samtaka námsmanna sem geri tillögur um breytingar á lögum og reglum um námslán. Í þeirri endurskoðun skal sérstaklega tekið á eftirfarandi þáttum:

— reglum um námsframvindukröfur,
— ákvæðum um endurgreiðslubyrði,
— kröfum um ábyrgðarmenn,
— úthlutunarreglum og framsetningu þeirra.

Menntamálaráðherra leggi fram tillögur til breytinga á lögunum, sem byggist á endurskoðun þessari, eigi síðar en þegar þing kemur saman að hausti árið 1996.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp svipaðs efnis var flutt tvisvar á síðasta kjörtímabili og aftur á vorþingi 1995 en náði ekki fram að ganga.

Vorið 1992 gjörbreytti ríkisstjórn Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Þá voru teknar upp svokallaðar „eftirágreiðslur" námslána sem höfðu í för með sér stórfelldar hækkanir vaxtakostnaðar námsmanna. Þessar breytingar hafa haft alvarlegar afleiðingar fyrir íslenska námsmenn. Hluti námslána sem ætluð eru námsmönnum til framfærslu fer nú í að greiða vexti af bankalánum og dýrum þarflausum millilið hefur verið bætt inn í námslánakerfið. Námsmenn þurfa að framfleyta sér á yfirdráttarlánum í bönkum á meðan þeir bíða afgreiðslu námslána, en meðallánþegi sem nær prófum ber um 7.000 kr. kostnað vegna þessa. Nái hann ekki prófum fyrr en að hausti hækkar þessi kostnaður í 20.000 kr. Með þeim reglum sem nú gilda er ljóst að sjóðurinn gegnir ekki lengur hlutverki sínu sem er að vera:

— félagslegur jöfnunarsjóður sem stuðlar að jafnrétti til náms óháð búsetu og efnahag,
— fjárfestingarsjóður þjóðarinnar í menntun landsmanna og
— framfærslusjóður lántakenda í námi.

Ljóst er að breytingar á úthlutunarreglum sjóðsins, sem gerðar voru árið 1992, hafa haft afdrifaríkar afleiðingar og bera tölur um samsetningu námsmanna í Háskóla Íslands það glöggt með sér. Síðan breytingarnar tóku gildi hefur barnafólki í námi fækkað um 34%, einstæðum foreldrum í námi hefur fækkað um 42% og námsmönnum af Vestur- og Austurlandi hefur fækkað um 30–40%. Þess ber að geta að í kjölfar aukins atvinnuleysis hefur námsmönnum fjölgað í HÍ. Samkvæmt nýlegum könnunum, sem Stúdentaráð HÍ hefur látið gera, þurfa námsmenn, sem búa við núgildandi reglur um endurgreiðslur námslána, að hafa himinháar tekjur til að eiga möguleika á að eignast húsnæði að loknu námi.

Því er ljóst að ekki má bíða lengur með breytingar á reglum um námslán. Mikilvægast er að taka nú þegar upp samtímagreiðslur námslána en einnig er nauðsynlegt að taka fleiri reglur til endurskoðunar. Því er lagt til að við lögin um LÍN bætist bráðabirgðaákvæði sem tryggi að endurskoðun fari fram fyrir haustið 1996 og er henni einkum ætlað að beinast að tilteknum þáttum í reglum um námslán. Fyrst ber að nefna reglur um námsframvindukröfur en nú gerir stjórn sjóðsins kröfu um 100% námsárangur, óháð því hvaða kröfur viðkomandi skóli gerir til námsframvindu. Eðlilegt er að stjórn sjóðsins hafi sama mælikvarða og viðkomandi skóli og rúmist námsárangur innan þeirra marka sem skólinn setur sé skylt að veita nemandanum námslán. Þá er mikilvægt að taka endurgreiðslureglur til endurskoðunar, en núgildandi reglur gera ungu fólki sem kemur úr námi svo til ókleift að eignast húsnæði. Til greina gæti komið að gera endurgreiðslu námslána frádráttarbæra frá skatti til að auðvelda endurgreiðslubyrðina.

Þá er nauðsynlegt að endurskoða reglur um ábyrgðarmenn, en samkvæmt núgildandi lögum er þess krafist að fasteignareigandi ábyrgist með sjálfskuldarábyrgð endurgreiðslu lánsins. Ljóst er að slíkar kröfur útiloka marga frá því að taka lán úr sjóðnum. Hugsanlegt væri að veita ríkisábyrgð fyrir lánum úr sjóðnum á þeirri forsendu að sjóðurinn sé fjárfestingarsjóður í menntun námsmanna.

Einnig er í bráðabirgðaákvæðinu lagt til að úthlutunarreglur og framsetning þeirra séu teknar til skoðunar. Samkvæmt núgildandi reglum mótar stjórn sjóðsins úthlutunarreglurnar og framsetningu þeirra. Reglurnar eru óskýrar og þyrfti að kveða mun skýrar á um þær í lögum og reglugerð en nú er.

Alþýðubandalagið hefur frá upphafi lýst andstöðu sinni við herferðina gegn námsmönnum og LÍN er hófst árið 1992. Flokkarnir sem voru í stjórnarandstöðu á síðasta kjörtímabili lýstu því reyndar allir yfir fyrir síðustu alþingiskosningar að þeir hygðust gangast fyrir því að samtímagreiðslur námslána yrðu teknar upp á ný kæmust þeir til valda og tók Alþýðuflokkurinn að lokum undir þessi sjónarmið. Því er ljóst að meiri hluti ætti að vera fyrir því á Alþingi að samþykkja breytingu þá sem hér er lögð til og felur í sér afnám eftirágreiðslna.

Frumvarpið er að efni til flutt óbreytt frá síðasta ári að undanskildu bráðabirgðaákvæðinu.

633. Nefndarálit [98. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10/1993, um verðbréfasjóði.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Tryggva Axelsson frá viðskiptaráðuneytinu, Jóhann Albertsson og Þórð Ólafsson frá bankaeftirliti Seðlabanka Íslands, Finn Sveinbjörnsson frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Guðmund Hauksson og Helga Sigurðsson frá Samtökum verðbréfasjóða, Karl Jóhann Ottósson verðbréfamiðlara, Pétur Kristinsson verðbréfamiðlara, Agnar Kofoed-Hansen verðbréfamiðlara, Hrafn Magnússon frá Sambandi almennra lífeyrissjóða, Guðbjörn Marinósson og Valgarð Sverrisson frá Landssambandi lífeyrissjóða, Stefán Halldórsson frá Verðbréfaþingi Íslands og Birgi Ármannsson frá Verslunarráði Íslands. Sömu aðilar sendu nefndinni umsagnir um málið.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Þar er um tvær efnisbreytingar að ræða, báðar til samræmis við þær breytingar sem nefndin leggur til að gerðar verði á frumvarpi til laga um verðbréfaviðskipti. Annars vegar er um að ræða tillögu um breytingu á 2. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að gerðar verði ríkari kröfur til stjórnarmanna og framkvæmdastjóra verðbréfasjóða en gert er ráð fyrir í hlutafélagalöggjöfinni og hins vegar breytingu á 10. gr. þar sem lagt er til að kröfur á hendur endurskoðendum verði auknar frá því sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Síðarnefnda breytingin miðar að því að uppfylla skilyrði svokallaðrar „Post BCCI“ tilskipunar Evrópusambandsins, nr. 95/26. Breyting á 3. gr. felur einungis í sér leiðréttingu á texta frumvarpsins og breyting á 4. gr. er til samræmis við tillögur nefndarinnar við frumvarp til laga um verðbréfaviðskipti um að nota hugtakið fyrirtæki í verðbréfaþjónustu í stað fjárfestingarfyrirtækis.

Jón Baldvin Hannibalsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. febr. 1996.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm. Ágúst Einarsson. Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Pétur H. Blöndal. Einar Oddur Kristjánsson. Valgerður Sverrisdóttir.
Steingrímur J. Sigfússon. Sólveig Pétursdóttir.

634. Breytingartillögur [98. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 10/1993, um verðbréfasjóði.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „þremur árum“ komi: fimm árum.
2. Við 3. gr. Á eftir orðinu „hlutafélag“ komi: eða einkahlutafélag.
3. Við 4. gr. Í stað orðsins „fjárfestingarfyrirtækis“ komi: fyrirtækis í verðbréfaþjónustu.
4. Á eftir 10. gr. komi ný grein er orðist svo:
   3. mgr. 31. gr. laganna orðast svo:
   Verði endurskoðendur varir við slíka ágalla í rekstri verðbréfasjóðs að reikningar verði ekki áritaðir eða athugasemdir við þá gerðar, ágalla á innra eftirliti eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu sjóðsins til áframhaldandi reksturs, svo og ef endurskoðandi hefur ástæðu til að ætla að lög og reglugerðir eða reglur sem gilda um sjóðinn hafi verið brotnar, skal endurskoðandi þegar gera stjórn sjóðsins og bankaeftirliti viðvart. Þetta á einnig við um sambærileg atriði sem endurskoðandi verðbréfasjóðs fær vitneskju um og varða fyrirtæki í nánum tengslum við sjóðinn. Ákvæði þessarar greinar brjóta ekki í bága við þagnarskyldu endurskoðenda samkvæmt ákvæðum annarra laga.

635. Nefndarálit [101. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Tryggva Axelsson frá viðskiptaráðuneytinu, Jóhann Albertsson og Þórð Ólafsson frá bankaeftirliti Seðlabanka Íslands, Finn Sveinbjörnsson frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Guðmund Hauksson og Helga Sigurðsson frá Samtökum verðbréfasjóða, Karl Jóhann Ottósson verðbréfamiðlara, Pétur Kristinsson verðbréfamiðlara, Agnar Kofoed-Hansen verðbréfamiðlara, Hrafn Magnússon frá Sambandi almennra lífeyrissjóða, Guðbjörn Marinósson og Valgarð Sverrisson frá Landssambandi lífeyrissjóða, Stefán Halldórsson frá Verðbréfaþingi

Íslands og Birgi Ármannsson frá Verslunarráði Íslands. Þessir sömu aðilar sendu nefndinni umsagnir um málið.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að við frumvarpið verði bætt nýrri grein, 1. gr., til breytinga á 2. gr. laganna. Í þeim breytingum felst annars vegar að Verðbréfaþinginu verði falið að setja reglur um uppgjör viðskipta með tilliti til fjárhagsstöðu aðila. Þörfin fyrir slíkar reglur er orðin mjög brýn og frekari fjölgun þingaðila, eins og tillögurnar gera ráð fyrir, mun auka enn á nauðsyn þess að setja slíkar reglur. Hins vegar er lagt til að þingið vinni að framþróun og skilvirkni verðbréfamarkaðar. Í einkaréttinum sem þingið hefur hljóta einnig að felast ákveðnar skyldur, m.a. til að þróa markaðinn í þá átt sem íslenskar aðstæður krefjast hverju sinni.
2. Lagt er til að gerðar verði ríkari kröfur til stjórnarmanna og framkvæmdastjóra Verðbréfaþingsins en gert er ráð fyrir í hlutafélagalöggjöfinni. Breytingin er til samræmis við breytingar á frumvarpi til laga um verðbréfaviðskipti og frumvarpi til laga um breytingu á lögum um verðbréfasjóði.
3. Lagðar eru til þrjár breytingar á 3. gr. frumvarpsins (8. gr. laganna). Í fyrsta lagi er lagt til að heimild til aðildar að þinginu verði ekki takmörkuð við verðbréfafyrirtæki heldur geti verðbréfamiðlanir, sem heimilt er samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti að eiga viðskipti með verðbréf fyrir eigin reikning, einnig átt þar aðild. Í öðru lagi er lagt til að það sé gert að skilyrði fyrir aðild erlendra lögaðila að þinginu að þeir hafi sambærilegan aðgang að skipulegum verðbréfamarkaði í heimaríki sínu. Í þriðja lagi er lagt til að tekið verði inn í lagatextann ákvæði um að stjórn Verðbréfaþingsins setji nánari reglur um aðild. Stjórnin hefur sett slíkar reglur í gildistíð núverandi laga án þess að bein lagastoð væri fyrir hendi.
4. Breytingin á 4. gr. er til samræmis við breytingar á 2. gr., sbr. skýringar í 1. lið.
5. Loks er lagt til að ráðherra verði gert að skipa nefnd til að vinna að heildarendurskoðun laganna með það að markmiði að einkaréttur Verðbréfaþings Íslands verði afnuminn eigi síðar en í árslok 1997. Sambærileg þróun hefur átt sér stað í flestum nágrannalöndunum á undanförnum árum og sér efnahags- og viðskiptanefnd enga ástæðu fyrir Íslendinga til að vera með sérstöðu á þessu sviði. Brýnt er að ráðherra sjái til þess að fyrir Alþingi verði lagt fram almennt frumvarp til laga um verðbréfamarkaði, eða aðrar tillögur sem nefndin kann að koma fram með, eigi síðar en í upphafi haustþings 1997.

Jón Baldvin Hannibalsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. febr. 1996.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm. | Ágúst Einarsson. | Gunnlaugur M. Sigmundsson.

Pétur H. Blöndal. | Einar Oddur Kristjánsson. | Valgerður Sverrisdóttir.

Steingrímur J. Sigfússon. | Sólveig Pétursdóttir.

636. Breytingartillögur [101. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við bætist ný grein, er verði 1. gr., svohljóðandi:
   Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „viðskipta- og upplýsingakerfi“ í 1. tölul. kemur: viðskipta-, uppgjörs- og upplýsingakerfi.
   b. Á eftir 2. tölul. kemur nýr töluliður er orðast svo: að setja reglur um uppgjör viðskipta með tilliti til fjárhagsstöðu þingaðila.
   c. Við greinina bætist nýr töluliður er orðast svo: að vinna að framþróun og skilvirkni verðbréfamarkaðar.
2. Við 1. gr. (er verði 2. gr.). Í stað orðanna „þremur árum“ í b-lið komi: fimm árum.
3. Við 3. gr. (er verði 4. gr.). Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:
   a. Á eftir orðinu „Verðbréfafyrirtæki“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: verðbréfamiðlun sem heimilt er að eiga viðskipti með verðbréf fyrir eigin reikning.
   b. Við 3. tölul. 1. mgr. bætist: enda hafi þeir sambærilegan aðgang að skipulegum verðbréfamarkaði í heimaríki sínu.
   c. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:
      Stjórn Verðbréfaþings setur nánari reglur um aðild að Verðbréfaþingi Íslands.
4. Á eftir 4. gr. (er verði 5. gr.) komi ný grein er orðist svo:
   Í stað orðanna „viðskipta- og upplýsingakerfi“ í 13. gr. laganna kemur: viðskipta-, uppgjörs- og upplýsingakerfi.
5. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Viðskiptaráðherra skal eftir gildistöku laga þessara skipa nefnd sem vinni að heildarendurskoðun laga um Verðbréfaþing Íslands með það að meginmarkmiði að afnema einkarétt þess á verðbréfaþingsstarfsemi eigi síðar en í árslok 1997.

637. Nefndarálit [97. mál]

um frv. til l. um verðbréfaviðskipti.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Tryggva Axelsson frá viðskiptaráðuneytinu, Jóhann Albertsson og Þórð Ólafsson frá bankaeftirliti Seðlabanka Íslands, Finn Sveinbjörnsson frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Guðmund Hauksson og Helga Sigurðsson frá Samtökum verðbréfasjóða, Karl Jóhann Ottósson verðbréfamiðlara, Pétur Kristinsson verðbréfamiðlara, Agnar Kofoed-Hansen verðbréfamiðlara, Hrafn Magnússon frá Sambandi almennra lífeyrissjóða, Guðbjörn Marinósson og Valgarð Sverrisson frá Landssambandi lífeyrissjóða, Stefán Halldórsson frá Verðbréfaþingi Íslands og Birgi Ármannsson frá Verslunarráði Íslands. Sömu aðilar sendu nefndinni umsagnir um málið.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Af þeim breytingum ber fyrst að nefna að nefndin telur eiga betur við að tala um fyrirtæki í verðbréfaþjónustu en fjárfestingarfyrirtæki eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Til slíkra fyrirtækja heyra annars vegar verðbréfafyrirtæki og hins vegar verðbréfamiðlanir. Í frumvarpinu er notað orðið verðbréfamiðlunarfyrirtæki en nefndinni þykir fara betur að tala um verðbréfamiðlun. Skal nú gerð nánari grein fyrir breytingartillögum við einstakar greinar eftir því sem efni þykir til:

1. Við 1. gr. Í 8. gr. frumvarpsins er kveðið á um ýmsa viðbótarþjónustu sem verðbréfafyrirtækjum er heimilt að hafa með höndum, þar á meðal ráðgjöf til fyrirtækja um uppbyggingu eigin fjár, stefnumótun o.fl, sbr. d-lið 8. gr. Ljóst er að ýmsir aðilar aðrir en verðbréfafyrirtæki veita slíka ráðgjöf og leggur nefndin því til að afdráttarlaust verði kveðið á um það í 2. mgr. 1. gr. að slík þjónusta falli ekki undir gildissvið laganna. Aðrar breytingar á greininni eru ekki efnislegar.
2. Við 2. gr. Lagðar eru til nokkrar breytingar á ákvæðinu. Í fyrsta lagi er lögð til breyting á skýringu hugtaksins „almennt útboð“ þannig að utan slíks útboðs falla verðbréf í sama flokki sem þegar eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði. Í öðru lagi er lagt til að við greinina verði bætt skilgreiningu á hugtakinu „nánum tengslum“. Breytingin miðar að því að uppfylla skilyrði tilskipunar Evrópusambandsins nr. 95/26, svokallaðri Post-BCCI tilskipun, er breytir ýmsum tilskipunum á sviði fjármálaþjónustu, þar á meðal tilskipun um fjárfestingarfyrirtæki, nr. 93/22, sem frumvarpið byggir á. Nauðsynlegt er að fyrir liggi skilgreining á hugtakinu „náin tengsl“ vegna annarra ákvæða í frumvarpinu er mæla fyrir um sérstakar skyldur endurskoðenda. Í þriðja lagi eru lagðar til minni háttar breytingar á skilgreiningum á hugtökunum „föstum rekstrarkostnaði“ og „veltubók“. Síðari breytingin er nauðsynleg til að koma í veg fyrir misskilning um að veltubók nái eingöngu til verðbréfaeignar sem tengd er verðmunarviðskiptum (arbitrage). Aðrar breytingar á greininni þarfnast ekki sérstakra skýringa.
3. Við 3. gr. Lagðar eru til nokkrar breytingar á ákvæðinu. Þar ber fyrst að geta að lagt er til að gerðar verði ríkari kröfur til stjórnarmanna og framkvæmdastjóra fyrirtækja í verðbréfaþjónustu en gert er í hlutafélagalöggjöfinni. Þykir þetta eðlilegt með hliðsjón af þeirri miklu ábyrgð sem starf þeirra felur í sér. Í öðru lagi er lagt til að ákvæði frumvarpsins um kröfur til framkvæmdastjóra varðandi þekkingu á verðbréfaviðskiptum víki ekki frá þeirri tilhögun sem kveðið er á um í gildandi lögum. Þá er lagt til að ákvæði 4. gr. um heimildir ráðherra til að synja um starfsleyfi verði fært í 3. gr. frumvarpsins samhliða því að ákvæði greinarinnar um fyrirkomulag umsóknar, sem og um öflun umsagnar frá öðrum aðilum, verði færð yfir í 4. gr. Miða þessar síðastnefndu breytingar að því að gera uppsetningu ákvæðanna skýrari. Jafnframt þessu er lagt til að við hina nýju 2. mgr. 3. gr. verði bætt ákvæði er varðar heimild til synjunar umsókn um starfsleyfi ef um náin tengsl er að ræða, sbr. skýringu við breytingu á 2. gr.
4. Við 4. gr. Efni greinarinnar var áður í 2. og 3. mgr. 3. gr. en jafnframt er ákvæði 3. málsl. 1. mgr. 6. gr. fært yfir í þessa grein. Ekki er um neina efnisbreytingu að ræða.
5. Við 5. gr. Lögð er til sú breyting á greininni að ráðherra beri að tilkynna ákvörðun sína um veitingu eða synjun umsóknar innan þriggja mánaða, en frumvarpið gerir ráð fyrir að ráðherra geti haft allt að sex mánaða frest.

6. Við 7. gr. Lagfærð er röng tilvísun í greininni.
7. Við 8. gr. Lagt er til að 2. tölul. greinarinnar um skjöl verði felldur brott þar sem hann hefur ekki efnislega þýðingu.
8. Við 9. gr. Annars vegar er lagt til að verðbréfamiðlurum verði heimilt að veita sérfræðiráðgjöf um verðbréfaviðskipti óháð því hvort sú ráðgjöf tengist beint einstökum viðskiptum. Hins vegar er lagt til að þeim verði heimilað að eiga viðskipti með verðbréf fyrir eigin reikning að því skilyrði uppfylltu að innborgað hlutafé nemi a.m.k. 10 milljónum króna.
9. Við 10. gr. Samkvæmt texta 10. gr. frumvarpsins fellur viðbótarþjónusta skv. 3. tölul. 8. gr. undir einkarétt fyrirtækja í verðbréfaþjónustu. Nefndin leggur til að slík þjónusta verði undanskilin enda eru sum þeirra atriða, sem þar eru talin upp, það almenns eðlis að ekki er hægt að útiloka aðra frá þeim.
10. Við 12. gr. Lagt er til að sá frestur sem gert er ráð fyrir að ráðherra hafi til að synja hluthafa um að eignast hlut eða til að fara með atkvæðarétt sinn verði styttur úr þremur mánuðum í einn mánuð.
11. Við 19. gr. Lagt er til að fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu, sem bjóða upp á vörslu verðbréfa, sbr. a-lið 3. tölul. 8. gr., verði í stað þess að árita bréfin við hvert einstakt framsal heimilað að halda sérstaka framsalsskrá. Breytingin er hugsuð til hagkvæmni og sparnaðar fyrir fyrirtækin jafnt sem framseljendur verðbréfa. Nefndinni er ljóst að tillagan gengur gegn þeirri meginreglu viðskiptabréfaréttarins að framsal skuli ávallt skráð á bréfið þegar það er framselt. Með tilliti til síaukinna krafna um hraða og hagkvæmni í viðskiptalífinu og þar sem núverandi fyrirkomulag er farið að hamla þar gegn telur nefndin rétt að leyfa slíka tilhögun, þó með þeim fyrirvara að fyrir liggi samþykki bankaeftirlitsins um að fyrirkomulag vörslu og það upplýsingakerfi sem fyrirtækið hyggst nota sé í lagi. Heimildin gildir að sjálfsögðu aðeins fyrir þann tíma sem bréfin eru í vörslu fyrirtækisins. Um leið og einhver óskar eftir að taka bréf úr vörslu þess er gert ráð fyrir að röð framsalshafa, sem bæst hafa við meðan bréfið var í vörslu, verði rituð á það.
12. Lagt er til að í III. kafla frumvarpsins verði tekið nýtt ákvæði, 24. gr., sem undanþiggi verðbréfafyrirtæki frá stimpilskyldu. Sams konar heimild er að finna í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði.
13. Við 25. gr. Nefndin sér ekki ástæða til að flokka tilkynningar til Verðbréfaþings Íslands sem trúnaðarupplýsingar allt til þess tíma er þeim er miðlað frá þinginu og leggur því til að miðað verði við það tímamark er upplýsingarnar berast til þingsins.
14. Við 31. gr. Aðallega er um að ræða breytingar er lúta að formi greinarinnar. Þó er gert ráð fyrir þeirri efnisbreytingu að til að fullnægja tilskipunum Evrópusambandsins verði fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu gert að tilkynna bankaeftirlitinu ef endurgreiðsla af víkjandi láni veldur því að eiginfjárhlutfall fer niður fyrir 10%.
15. Við 33. gr. Lagt er til að kröfur um efnisinnihald ársreiknings verði samræmdar þeim kröfum sem gerðar eru í lögum um ársreikninga.
16. Við 35. gr. Lagt er til að gerðar verði auknar kröfur til endurskoðenda frá því sem frumvarpstextinn gerir ráð fyrir. Breytingin er til samræmis við framangreinda „Post BCCI“ tilskipun ESB.
17. Við 36. gr. Lagt er til að bankaeftirlitinu beri að taka meira tillit til fyrirtækja í verðbréfaþjónustu en verið hefur þegar þau eru krafin um upplýsingar vegna hagskýrslugerðar.

18. Við 37. gr. Lagt er til að lokamálsliður greinarinnar falli brott. Nefndin telur að með tilliti til jafnræðissjónarmiða sé ekki skynsamlegt að veita ráðherra heimild til að stytta þá fresti sem ákvæðið gerir annars ráð fyrir að fyrirtæki hafi til að auka eigið fé ef honum sýnist sem þær tilraunir verði árangurslausar.
19. Við 50. gr. Lögð er til sams konar breyting hvað varðar afturköllun starfsleyfa og lögð er til að gerð verði á 3. gr. varðandi veitingu leyfa. Vísast í skýringar við þá grein í þessu sambandi.
20. Við 60. gr. Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi en frumvarpið gerði ráð fyrir að þau öðluðust gildi 1. janúar sl.
21. Við ákvæði til bráðabirgða. Annars vegar er lagt til að frestur einstaklinga, sem hyggjast sækja um leyfi til verðbréfamiðlunar til að laga sig að hinum nýjum lögum, verði til 1. janúar 1997 þar sem eðlilegt þykir að miða þetta við almanaksárið. Hins vegar er lagt til að bætt verði við nýju ákvæði til bráðabirgða þar sem fram komi reglur um frest starfandi fyrirtækja til að fullnægja skilyrðum 3. gr. um innborgað hlutafé.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið er tilgangur þeirrar heildarendurskoðunar á lögum um verðbréfaviðskipti sem verið er að gera fyrst og fremst að uppfylla skuldbindingar Íslands gagnvart Evrópska efnahagssvæðinu. Sumar af þeim tillögum, sem lagðar eru fram af nefndinni, eins og breytingar á 2., 31. og 35. gr., miða einnig að þessu marki. Ekki hvað síst er þó verið að skapa góðan ramma utan um verðbréfaviðskipti almennt og hefur nefndin í því sambandi lagt sig fram um að stuðla að aukinni skilvirkni viðskiptalífsins, sbr. breytingar á 5. og 12. gr. um styttri fresti og tillögu um sérstaka framsalsskrá í 19. gr.

Jón Baldvin Hannibalsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. febr. 1996.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm. Ágúst Einarsson. Gunnlaugur M. Sigmundsson.

Pétur H. Blöndal. Einar Oddur Kristjánsson. Valgerður Sverrisdóttir.

Steingrímur J. Sigfússon. Sólveig Pétursdóttir.

638. Breytingartillögur [97. mál]

við frv. til l. um verðbréfaviðskipti.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Í stað orðanna „nánar skilgreind í lögunum“ í 1. mgr. komi: skilgreind í 2. gr.
   b. Í stað orðsins „fjárfestingarfyrirtækjum“ í 1. mgr. og í stað sama orðs í a- og c-lið 7. tölul. 2. mgr. 1. gr.; 1., 2., 5., 7. og 12. tölul. og í upphafi 2. málsl. 13. tölul. 2. gr.; í 1. málsl. og 6. málsl. 1. tölul. 3. gr.; í 1. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 6. gr.; í 7. 10., 11. og 12. gr.; í 1. mgr. og 1. og 4. málsl. 2. mgr. 13. gr.; í upphafi 1. mgr., á eftir orðunum „eignarhlut í“ í 1. mgr. og í 2. mgr. 14. gr.; í 15., 16., 17. og 18. gr.; í 1. mgr., 1. málsl. 2. mgr. og 3. og 4. mgr. 19. gr.; í upphafi 1. og 2.

mgr. 21. gr.; í 22. og 23. gr.; í upphafi 1. málsl. 1. mgr. 24. gr.; í 1. mgr., í upphafi 1. tölul. 4. mgr., á eftir orðunum „til skamms tíma sem“ í 5. mgr., 8. mgr., 1. málsl. 9. mgr. og 10. mgr. 31. gr.; í 1. og 2. málsl., 1. og 2. tölul. og 1. málsl. 3. tölul 32. gr.; í 1. og 3. mgr. 33. gr.; í 36. gr.; í 1. og 2. mgr. 37. gr.; í 38. gr.; í 1. og 4. mgr. 39. gr.; í 40., 41. og 42. gr.; í upphafi 43. gr.; í upphafi 44. gr.; í 45. gr.; í 1. mgr. 46. gr.; í 47. gr.; á eftir orðinu „fleiri“ í 1. málsl. 48. gr.; í 49. gr.; 1. málsl. 1. mgr. 50. gr.; í 51., 52. og 53. gr.; á eftir orðinu „erlendra“ í 54. gr.; í 1. málsl. 1. mgr. 55. gr. og 56. gr., svo og í fyrirsögnum III., V., VII.–X. kafla komi (í viðeigandi tölu og beygingarfalli): fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu.

c. Í stað orðanna „svo sem búskiptum eða félagsskiptum“ í lok 3. tölul. 2. mgr. komi: á starfssviði þeirra.

d. 5. tölul. 2. mgr. falli brott.

e. 6. tölul. 2. mgr. orðist svo: Seðlabanka ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins, annarra innlendra stofnana þeirra sem annast sambærilega starfsemi og annarra opinberra stofnana sem annast eða hafa afskipti af lánamálum ríkja.

f. Við 2. mgr. bætist nýr töluliður er orðist svo: Ráðgjafar um uppbyggingu eigin fjár, stefnumótun og skyld mál og ráðgjafar og þjónustu varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.

2. Við 2. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:

a. Orðin „laga þessara“ í 1. tölul. falli brott.

b. Orðin „laga þessara“ í a- og b-lið 2. tölul. falli brott.

c. Í stað orðsins „Verðbréfamiðlunarfyrirtæki“ í b-lið 2. tölul. og hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi (í viðeigandi tölu og beygingarfalli): Verðbréfamiðlun.

d. Við bætist þrír nýir töluliðir er orðist svo og raðist orðskýringar frá og með 4. tölul. í stafrófsröð:

1. *Náin tengsl*: Tengsl tveggja eða fleiri einstaklinga eða lögaðila sem fela í sér beina eða óbeina hlutdeild þessara aðila í a.m.k. 20% af eigin fé eða atkvæðisrétti fyrirtækis í verðbréfaþjónustu. Einnig er um náin tengsl að ræða ef slíkir aðilar, eða dótturfélög þeirra, hafa vegna samninga yfirráð í fyrirtæki í verðbréfaþjónstu.
2. *Verðbréfafyrirtæki*: Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skv. a-lið 2. tölul.
3. *Verðbréfamiðlun:* Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skv. b-lið 2. tölul.

e. 4. tölul. orðist svo: *Fastur rekstrarkostnaður*: Rekstrargjöld að frátöldum fjármagnsgjöldum og óreglulegum gjöldum.

f. Við 1. málsl. 5. tölul. bætist: eða öðrum verð- eða vaxtabreytingum.

g. Í stað orðsins „fyrirtæki“ í 8. tölul. komi: fyrirtæki í verðbréfaþjónustu.

h. Í stað orðanna „bankaeftirlitið hefur viðurkennt“ í lok c-liðar 9. tölul. komi: eru viðurkenndir með þeim hætti sem bankaeftirlitið metur gildan.

i. 11. tölul. orðist svo: *Almennt útboð*: Sala samkynja verðbréfa sem boðin eru almenningi til kaups í fyrsta sinn með almennri og opinberri auglýsingu eða kynningu með öðrum hætti sem jafna má til opinberrar auglýsingar, enda séu verðbréf í sama flokki ekki skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.

j. Í stað orðsins „fjárfestingarfyrirtækið“ í 13. tölul. komi: fyrirtækið.

3. Við 3. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. 1. málsl. 1. mgr. 1. tölul. 1. mgr. orðist svo: Fyrirtækið sé hlutafélag.
   b. 2. málsl. 1. mgr. 1. tölul. 1. mgr. orðist svo: Þó er heimilt að starfrækja verðbréfamiðlun skv. 9. gr. sem einkahlutafélag.
   c. Í stað orðsins „fjárfestingarfyrirtæki“ í 3. málsl. 1. mgr. 1. tölul. 1. mgr. komi: verðbréfafyrirtæki.
   d. 4. málsl. 1. mgr. 1. tölul. 1. mgr. orðist svo: Sé um að ræða verðbréfamiðlun sem stundar starfsemi skv. 9. gr. skal innborgað hlutafé nema að minnsta kosti 4,5 milljónum króna, sbr. þó 2. mgr. 9. gr.
   e. Tveir síðustu málsliðir 1. mgr. 1. tölul. 1. mgr. falli brott.
   f. 2. og 3. mgr. 1. tölul. 1. mgr. falli brott.
   g. Í stað orðsins „Fjárfestingarfyrirtækið“ í 2. tölul. 1. mgr. komi: Fyrirtækið.
   h. Í stað orðanna „þremur árum“ í 2. málsl. 3. tölul. 1. mgr. komi: fimm árum.
   i. 4. tölul. mgr. orðist svo: Framkvæmdastjóri fyrirtækisins fullnægi skilyrðum 2. og 3. málsl. 3. tölul. og hafi sótt nám í verðbréfamiðlun og lokið þar prófi samkvæmt prófkröfum sem settar eru í reglugerð eða öðru jafngildu námi að mati ráðherra.
   j. Í stað orðsins „skal“ í 5. tölul. 1. mgr. komi: sé.
   k. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein er orðist svo:

      Jafnframt þeim skilyrðum sem fram koma í 1. mgr. er ráðherra heimilt að synja umsókn um starfsleyfi ef stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri hafa sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að ætla að þeir misnoti aðstöðu sína eða ef eignarhlutur hluthafa í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, sbr. 12. gr., telst ósamrýmanlegur rekstri fyrirtækisins. Sama á við ef það er mat bankaeftirlitsins að náin tengsl fyrirtækis í verðbréfaþjónustu við einstaklinga eða lögaðila geti hindrað það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum sem og ef lög eða reglur sem um þá aðila gilda hindra eðlilegt eftirlit.
   l. 2. og 3. mgr. falli brott
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

   Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg. Henni skulu fylgja:
   1. Samþykktir fyrirtækisins.
   2. Starfsáætlun þar sem m.a. komi fram upplýsingar um eðli fyrirhugaðrar starfsemi skv. 8. og 9. gr., og skipulag viðkomandi fyrirtækis.
   3. Upplýsingar um stofnendur, hluthafa og einstaklinga eða lögaðila sem hafa yfir að ráða virkum eignarhlut í félaginu og hlut hvers þeirra um sig.
   4. Staðfesting á fjárhæð innborgaðs hlutafjár.
   5. Aðrar upplýsingar sem ráðherra ákveður.

   Áður en ákvörðun er tekin um veitingu starfsleyfis eða synjun umsóknar skal leitað umsagnar bankaeftirlits Seðlabanka Íslands. Sé fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, dótturfyrirtæki annars slíks fyrirtækis eða lánastofnunar sem hefur leyfi í öðru aðildarríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, dótturfyrirtæki móðurfyrirtækis slíkra fyrirtækja eða undir stjórn sama einstaklings eða lögaðila og stjórnar slíkum fyrirtækjum skal jafnframt leitað umsagnar lögbærra yfirvalda í hlutaðeigandi ríki.

   Óheimilt er að veita starfsleyfi sem eingöngu tekur til þjónustu skv. 2. tölul. 8. gr.

5. Við 5. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Orðin „að jafnaði“ í 1. mgr. falli brott.
   b. 1. málsl. 2. mgr. falli brott.
6. Við 6. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. 2. málsl. 1. mgr. orðist svo: Ef um verðbréfafyrirtæki er að ræða skal í leyfinu getið þeirrar þjónustu skv. 8. gr. sem starfsleyfi þess tekur til.
   b. 3. málsl. 1. mgr. falli brott.
7. Við 7. gr. Í stað tilvísunar í „44. gr.“ komi: 45. gr.
8. Við 8. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Í stað orðanna „Fjárfestingarfyrirtækjum skv. a-lið 2. tölul. 2. gr.“ komi: Verðbréfafyrirtækjum.
   b. 2. tölul. falli brott og jafnframt falli niður tilvísanir í hann innan greinarinnar.
   c. Í stað orðsins „fjárfestingarfyrirtæki“ í c-lið 3. tölul. komi: verðbréfafyrirtæki.
9. Við 9. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. 1. málsl. orðist svo: Verðbréfamiðlun er eingöngu heimilt að annast milligöngu gegn endurgjaldi um kaup eða sölu verðbréfa og sérfræðiráðgjöf um verðbréfaviðskipti.
   b. Í stað orðsins „Fyrirtækjunum“ í upphafi 2. málsl. komi: Verðbréfamiðlun.
   c. Við bætist ný málsgrein er orðist svo:
      Verðbréfamiðlun er heimilt að eiga viðskipti með verðbréf fyrir eigin reikning enda nemi innborgað hlutafé a.m.k. 10 milljónum króna og þess sé getið í starfsleyfi.
10. Við 10. gr. 2. málsl. orðist svo: Öðrum aðilum er óheimilt að annast starfsemi sem um getur í 1. tölul. 8. gr. og 9. gr. nema lög ákveði annað, sbr. þó 43. gr.
11. Við 12. gr. Í stað orðanna „þriggja mánaða“ í 2. mgr. komi: eins mánaðar.
12. Við 13. gr. Í stað orðsins „fjárfestingarfyrirtækis“ í lok 3. málsl. 2. mgr. komi: fyrirtækis.
13. Við 14. gr. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Eignist fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, eða móðurfyrirtæki þess, með starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða einstaklingur sem ræður yfir slíku fyrirtæki virkan eignarhlut í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu hér á landi skal það tilkynnt bankaeftirlitinu.
14. Við 17. gr. Í stað orðsins „þeim“ komi: því.
15. Við 19. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Í stað orðsins „fjárfestingarfyrirtæki“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: fyrirtækinu.
   b. Við 2. mgr. bætist tveir nýir málsliðir er orðist svo: Þó er verðbréfafyrirtæki, sem býður upp á vörslu skv. a-lið 2. tölul. 8. gr., heimilt að varðveita framsalsáritanir í sérstakri skrá meðan verðbréfið er í vörslu þess enda séu framsalsáritanir færðar inn á bréfið þegar það hverfur úr vörslu fyrirtækisins. Fyrirtæki, sem hyggst nýta sér þessa heimild, ber að afla sér samþykkis bankaeftirlitsins fyrir fyrirkomulagi vörslu og því upplýsingakerfi sem á að nota.
   c. Í stað orðanna „3. mgr.“ í 4. mgr. komi: 2. mgr.
16. Við 20. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Í stað orðsins „fjárfestingarfyrirtækja“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: verðbréfafyrirtækja.
   b. Í stað orðanna „koma í veg fyrir sveiflur“ í 2. mgr. komi: draga úr sveiflum.
   c. Í stað orðsins „fjárfestingarfyrirtæki“ í 1. málsl. 3. mgr. komi: verðbréfafyrirtæki.

17. Við 21. gr. Í stað orðsins „fjárfestingarfyrirtækis“ í 4. tölul. 1. mgr. komi: fyrirtækisins.
18. Við 23. gr. Í stað orðsins „fjárfestingarfyrirtækisins“ komi: fyrirtækisins.
19. Við 24. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
    a. Orðið „fjárfestingarfyrirtækisins“ í lok 1. málsl. 1. mgr. falli brott.
    b. Lokamálsliður 1. mgr. falli brott.
    c. Í stað orðsins „fjárfestingarfyrirtækis“ í 2. mgr. komi: fyrirtækisins.
20. Á eftir 24. gr. komi ný grein er orðist svo:
    Verðbréfafyrirtæki skulu undanþegin stimpilgjöldum á lánum sem þau taka.
21. Við 25. gr. Í stað orðsins „þaðan“ í lok 2. mgr. komi: þangað, sbr. lög um Verðbréfaþing Íslands.
22. Við 31. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
    a. Í stað 2. og 3. málsl. 2. mgr. komi: Eftirfarandi takmarkanir gilda um einstaka eiginfjárþætti:
        1. Eiginfjárþáttur A skal nema að lágmarki helmingi eigin fjár fyrir frádrátt skv. 33. gr.
        2. Eiginfjárþáttur B má hæst nema 50% af eiginfjárþætti A.
        3. Eiginfjárþáttur C má hæst nema 50% af eiginfjárþætti A. Jafnframt má eiginfjárþáttur C hæst nema 4,8% af reiknuðum áhættugrunni fyrirtækisins vegna markaðsáhættu liða í veltubók og gengisáhættu.
    b. Í stað orðsins „fjárfestingarfyrirtækisins“ í 4. tölul. 3. mgr. komi: fyrirtækisins.
    c. Í stað orðsins „fjárfestingarfyrirtæki“ í 1. málsl. 1. tölul. 4. mgr. komi: fyrirtækis.
    d. Í stað orðanna „Endurmatsreikningar, aðrir“ í upphafi 2. tölul. 4. mgr. komi: Endurmatsreikningur, annar.
    e. Í stað orðsins „fjárfestingarfyrirtækis“ í 1. og 2. málsl. 5. mgr. komi: fyrirtækis.
    f. Í stað 3.–5. málsl. 5. mgr. komi nýr málsliður er orðist svo: Tilkynna skal bankaeftirlitinu ef slík greiðsla veldur því að eiginfjárhlutfallið fer niður fyrir 10%.
    g. Í stað orðsins „fjárfestingarfyrirtækjum“ í lokamálslið 5. mgr. komi: fyrirtækjum.
    h. Í stað orðsins „fjárfestingarfyrirtækis“ í 6. mgr. komi: fyrirtækis.
    i. Í stað orðanna „næstliðins reikningsárs“ í 1. málsl. 7. mgr. komi: síðasta reikningsárs.
    j. Í stað orðsins „fjárfestingarfyrirtækja“ í lokamálslið 8. mgr. komi: slíkra fyrirtækja.
23. Í stað orðsins „fjárfestingarfyrirtækis“ í 2. málsl. 3. tölul. 32. gr. komi: fyrirtækisins.
24. Við 33. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
    a. Á eftir orðinu „efnahagsreikning“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: fjárstreymisyfirlit.
    b. Við 1. málsl. 3. mgr. bætist: og góða reikningsskilavenju.
    c. Í stað orðsins „fjárfestingarfyrirtækis“ í 3. og 4. mgr. 33. gr. komi: fyrirtækisins.
    d. Við 5. mgr. bætist: að höfðu samráði við reikningsskilaráð.
25. Við 34. gr. Greinin falli brott.
26. Við 35. gr. 3. mgr. orðist svo:
    Verði endurskoðendur varir við slíka ágalla í rekstri fyrirtækis í verðbréfaþjónustu að reikningar verði ekki áritaðir eða athugasemdir við þá gerðar, ágalla á innra eftirliti eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu fyrirtækisins til áframhaldandi

reksturs, svo og ef endurskoðandi hefur ástæðu til að ætla að lög og reglugerðir eða reglur, sem gilda um fyrirtækið, hafi verið brotnar, skal endurskoðandi þegar gera stjórn þess og bankaeftirliti viðvart. Þetta á einnig við um sambærileg atriði sem endurskoðandi fyrirtækis í verðbréfaþjónustu fær vitneskju um og varða fyrirtæki í nánum tengslum við það. Ákvæði þessarar greinar brjóta ekki í bága við þagnarskyldu endurskoðenda skv. 56. gr. laga þessara eða ákvæðum annarra laga.

27. Við 36. gr. Við bætist nýr málsliður er orðist svo: Upplýsingar þessar skulu vera í aðgengilegu formi og taka mið af upplýsingakerfi viðkomandi fyrirtækis eins og kostur er.
28. Við 37. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
    a. Í stað orðsins „fjárfestingarfyrirtækis“ í 1. málsl. 3. mgr. komi: fyrirtækisins.
    b. Í stað orðanna „reikningsuppgjör endurskoðanda“ í lokamálslið 3. mgr. komi: endurskoðað reikningsuppgjör.
    c. Í stað orðsins „fjárfestingarfyrirtæki“ í 1. málsl. 4. mgr. komi: fyrirtæki.
    d. Lokamálsliður 4. mgr. falli brott.
29. Við 39. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
    a. Í stað orðsins „Fjárfestingarfyrirtækis“ í 1. málsl. 3. mgr. komi: Fyrirtækisins.
    b. Í stað orðsins „fjárfestingarfyrirtæki“ í 2. málsl. 3. mgr. komi: fyrirtækinu.
30. Við 43. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
    a. Í stað orðsins „fjárfestingarfyrirtækis“ í lok 1. málsl. 1. mgr. komi: hlutaðeigandi fyrirtækis.
    b. Í stað orðanna „erlends fjárfestingarfyrirtækis“ í 2. mgr. komi: erlenda fyrirtækisins.
    c. Í stað orðsins „fjárfestingarfyrirtæki“ í 3. mgr. komi: fyrirtækið.
31. Við 44. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
    a. Í stað orðsins „fjárfestingarfyrirtækis“ í lok 1. málsl. 1. mgr. komi: fyrirtækisins.
    b. Í stað orðsins „fjárfestingarfyrirtækja“ í 2. mgr. komi: fyrirtækja.
32. Við 45. gr. Í stað orðsins „þess“ í lok 1. málsl. komi: þeirra.
33. Við 46. gr. Í stað orðsins „fjárfestingarfyrirtækja“ í 2. mgr. komi: fyrirtækja.
34. Við 48. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
    a. Í stað orðsins „fjárfestingarfyrirtækis“ í 1. málsl. komi: fyrirtækis.
    b. Í stað orðanna „1. mgr. 1. tölul.“ í 1. málsl. komi: 1. tölul. 1. mgr.
35. Við 50. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
    a. Í stað orðsins „fjárfestingarfyrirtæki“ í 2. og 3. tölul. 1. mgr. komi: fyrirtækið.
    b. Orðið „fjárfestingarfyrirtækis“ í lok 4. tölul. 1. mgr. falli brott.
    c. Í stað orðsins „fjárfestingarfyrirtækis“ í 5. tölul. 1. mgr. komi: fyrirtækisins.
    d. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður er orðist svo: sé það mat bankaeftirlits að náin tengsl fyrirtækis í verðbréfaþjónustu við einstaklinga eða lögaðila geti hindrað það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum. Sama á við ef lög eða reglur, sem um þá aðila gilda, hindra eðlilegt eftirlit. Starfsleyfi verður þó aðeins afturkallað að bankaeftirlitið hafi gert athugasemdir við hlutaðeigandi banka eða sparisjóð áður og gefið fyrirtækinu kost á að leysa úr málinu.
    e. Í stað orðsins „fjárfestingarfyrirtæki“ í 2. mgr. komi: fyrirtæki.
36. Við 54. gr. Í stað orðsins „fjárfestingarfyrirtækis“ komi: fyrirtækis.

37. Við 55. gr. Í stað orðsins „fjárfestingarfyrirtækis“ í lok 2. málsl. 1. mgr. komi: fyrirtækisins.
38. Við 57. gr. Í stað orðsins „fjárfestingarfyrirtæki“ komi: fyrirtæki.
39. Við 60. gr. 1. málsl. orðist svo: Lög þessi öðlast þegar gildi.
40. Við ákvæði til bráðabirgða II. Í stað orðanna „einu ári eftir gildistöku þeirra“ komi: 1. janúar 1997.
41. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:
    Starfandi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skal hafa frest til 1. janúar 1997 til að fullnægja skilyrðum 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. um innborgað hlutafé. Yfirtaki nýir aðilar starfsemi slíks fyrirtækis fyrir 1. október 1996 skal það þó hafa fullnægt framangreindum skilyrðum innan þriggja mánaða frá yfirtökunni.

639. Frumvarp til laga [364. mál]

um breytingu á póstlögum, nr. 33/1986.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

Í stað orðanna „Póst- og símamálastofnun“ í upphafi 4. gr. laganna komi: „Íslenska ríkið“.

Við 4. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Samgönguráðherra er heimilt að veita Pósti og síma hf. rekstrarleyfi til að annast þá póstþjónustu sem ríkið hefur einkarétt á samkvæmt þessari grein.

2. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Íslenska ríkið hefur einkarétt á uppsetningu póstkassa á almannafæri.

Notkun póstlúðurs með eða án stjarna eða örva, til auðkenningar póstþjónustu, er einungis heimil Pósti og síma hf.

3. gr.

19. gr. laganna orðast svo:

Samgönguráðherra setur, að fengnum tillögum frá Pósti og síma hf., gjaldskrá fyrir þjónustu sem lýtur einkarétti. Jafnframt getur hann ákveðið gjaldskrá fyrir flutning og dreifingu dagblaða, vikublaða og tímarita á vegum Pósts og síma hf.

4. gr.

25. gr. laganna orðast svo:

Ríkið hefur einkarétt á útgáfu frímerkja. Með orðinu frímerki er átt við gjaldmiðil sem ætlaður er til greiðslu fyrir póstþjónustu sem innt er af hendi í umboði ríkisins.

5. gr.

Í stað orðanna: „Póst- og símamálastofnun“ og „póst- og símamálastjóri“ í niðurlagi 5. gr. laganna, 1. mgr. 6. gr., 7., 9., 20., 21., 23., 26., 27., 31., 34. og 36. gr. komi „Póstur og sími hf.“ með fallbreytingum eftir því sem við á.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1996.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi til laga um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar er gert ráð fyrir að Póstur og sími hf. taki til starfa 1. október 1996. Í samgönguráðuneytinu er unnið að undirbúningi frumvarps til nýrra póstlaga sem stefnt er að að leggja fram síðla á vorþinginu til kynningar og afgreiða á komandi haustþingi. Ef ný póstlög taka gildi 1. janúar 1997 er nauðsynlegt að taka af öll tvímæli um hver annist skyldur ríkisins til póstþjónustu á ofangreindu tímabili og hver fari með einkarétt póstmála.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 4. gr. núgildandi laga er kveðið á um, að Póst- og símamálastofnun hafi einkarétt á „að safna saman, flytja og bera út" þar taldar póstsendingar. Eftir stofnun hlutafélags um reksturinn er talið rétt að ríkið fari með einkaréttinn, en samgönguráðherra er veitt heimild til að veita Pósti og síma hf. leyfi til að fara með framkvæmd einkaréttarins.

Um 2. gr.

Hér eru tekin af öll tvímæli um einkarétt ríkisins til að setja upp á almannafæri póstkassa. Í gildandi póstlögum segir að óheimilt sé „að setja upp á almannafæri neitt það er að lit, lögun og gerð líkist póstkössum Póst- og símamálastofnunar".

Enn fremur er í þessari grein skýrt kveðið á um að notkun auðkennis póstþjónustu, sem er póstlúður með eða án stjarna eða örva, er einungis heimil Pósti og síma hf.

Um 3. gr.

Í 19. gr. gildandi laga segir að ráðherra skuli setja gjaldskrá fyrir póstþjónustu, að fengnum tillögum Póst- og símamálastofnunar. Hér er lögð til sú breyting að ráðherra setji einungis gjaldskrá fyrir þá þjónustu sem lýtur einkarétti að fengnum tillögum frá Pósti og síma hf. Auk þess er lagt til að ráðherra geti ákveðið gjaldskrá fyrir flutning og dreifingu dagblaða, vikublaða og tímarita á vegum Pósts og síma hf.

Um 4. gr.

Samkvæmt 25. gr. gildandi póstlaga hefur Póst- og símamálastofnunin einkarétt á að gefa út frímerki. Eðlilegt er talið að ríkið fari með þennan einkarétt eftir að stofnað hefur verið hlutafélag um rekstur stofnunarinnar. Auk þess er orðið frímerki nánar skilgreint.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á póstlögum, nr. 33/1986.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar en þar er gert ráð fyrir að stofnuninni verði breytt í hlutafélag 1. október 1996. Í frumvarpinu er kveðið á um beytingu á póstlögum, nr. 33/1986, sem ætlað er að taka af allan vafa um hver annist skyldur ríkisins til póstþjónustu frá 1. október þar til ný póstlög taka gildi 1. janúar 1997. Ekki verður séð að samþykkt frumvarpsins hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð.

640. Tillaga til þingsályktunar [365. mál]

um flugmálaáætlun árin 1996–1999.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

Alþingi ályktar að framkvæmdum í flugmálum og rekstri flugvalla skuli hagað samkvæmt eftirfarandi flugmálaáætlun fyrir árin 1996–1999

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN
(Fjárhæðir í millj. kr.)

	1996	1997	1998	1999
1.1 Markaðar tekjur:				
1. Flugvallagjald	427	427	427	427
*2. Eldsneytisgjald	46	46	46	46
3. Lendingargjöld	50	50	50	50
4. Loftferðaeftirlitsgjöld	14	14	14	14
5. Leigugjöld	18	18	18	18
6. Þjónustugjöld	72	72	72	72
7. Aðrar tekjur	51	51	51	51
	678	678	678	678
1.2 Önnur framlög:				
1. ICAO-tekjur	400	400	400	400
2. Framlag úr ríkissjóði	406	496	496	496
3. Umframtekjur frá 1995	49	0	0	0
Samtals:	**1.533**	**1.574**	**1.574**	**1.574**

* Tekjur sem bundnar eru til framkvæmda í flugmálum samkvæmt lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

II. SKIPTING ÚTGJALDA
(Fjárhæðir í millj. kr.)

	1996	1997	1998	1999
2.1 Rekstur:				
1. Allar deildir	766	766	766	766
2. Alþjóðaflugþjónustan	435	435	435	435
	1.201	1.201	1.201	1.201

	1996	1997	1998	1999
2.2 Áætlunarflugvellir I:				
1. Flugbrautir og stæði	23	10	20	6
2. Bundið slitlag	53	167	181	190
3. Byggingar	44	25	10	5
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	10	0	10	0
5. Snjóhreinsibúnaður	42	6	9	19
6. Aðflugs- og ljósabúnaður	19	2	4	0
7. Veðurmælibúnaður	12	10	10	5
8. Varaafl	6	2	8	4
9. Til rannsókna og þróunarverkefna	0	10	10	10
10. Ýmis búnaður	13	2	2	7
	222	234	264	246
2.3 Áætlunarflugvellir II:				
1. Flugbrautir og stæði	0	0	0	0
2. Bundið slitlag	10	30	0	2
3. Byggingar	3	8	2	10
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	0	0	0	0
5. Snjóhreinsibúnaður	10	8	0	11
6. Aðflugs- og ljósabúnaður	0	0	10	6
7. Veðurmælibúnaður	0	0	0	0
8. Varaafl	.0	0	0	0
9. Ýmis búnaður	0	1	0	8
	23	47	12	37
2.4 Áætlunarflugvellir III:				
1. Flugbrautir og stæði	0	0	0	0
2. Bundið slitlag	15	0	0	0
3. Byggingar	0	0	0	0
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	0	0	0	0
5. Snjóhreinsibúnaður	0	0	0	0
6. Aðflugs- og ljósabúnaður	0	0	0	0
7. Veðurmælibúnaður	0	0	0	0
8. Varaafl	0	0	0	0
9. Ýmis búnaður	0	0	0	3
	15	0	0	3
2.5 Aðrir flugvellir og lendingarstaðir:				
1. Óskipt	6	12	12	12
2.6 Flugumferðar- og flugleiðsöguþjónusta:				
1. Flugstjórnarmiðstöð o.fl.	15	20	20	20
2. GPS-leiðréttingarst. og athuganir	15	20	15	10
3. Annað	10	10	20	15
	40	50	55	45

2.7 Til leiðréttingar og brýnna verkefna:				
1. Óskipt	20	20	20	20
2.8 Yfirstjórn:				
1. Stjórnunarkostnaður	6	10	10	10
Samtals:	**1.533**	**1.574**	**1.574**	**1.574**

III. FLOKKUN FLUGVALLA

3.1 Áætlunarflugvellir I.
Reykjavík, Akureyri, Vestmannaeyjar, Egilsstaðir, Ísafjörður, Hornafjörður, Húsavík og Sauðárkrókur.
3.2 Áætlunarflugvellir II.
Patreksfjörður, Bíldudalur, Siglufjörður, Vopnafjörður, Grímsey, Norðfjörður, Flateyri og Þingeyri.
3.3 Áætlunarflugvellir III:
Mývatn, Hólmavík, Raufarhöfn, Gjögur, Kópasker, Borgarfjörður eystri og Þórshöfn.
3.4 Aðrir flugvellir og lendingarstaðir:
A. Þjónustuflugvellir: Bakki, Blönduós, Breiðdalsvík, Ólafsfjörður, Reykhólar Reykjanes, Rif, Selfoss, Stykkishólmur og Vík.
B. Aðrir flugvellir: Álftaver, Fagurhólsmýri, Fáskrúðsfjörður, Geysir, Grímsstaðir, Herðubreiðarlindir, Hrafnseyri, Húsafell, Hveravellir, Kerlingafjöll, Kirkjubæjarklaustur, Nýidalur, Skálavatn, Sprengisandur og Þórsmörk.
C. Sportflugvellir: Borgarnes, Flúðir, Hella, Melgerðismelar og Sandskeið.
D. Lendingarstaðir: Arngerðareyri, Bakkafjörður, Búðardalur, Bær, Dagverðará, Djúpivogur, Einholtsmelar, Grundarfjörður, Hrísey, Hvammstangi, Ingjaldssandur, Kaldármelar, Króksfjarðarnes, Melanes, Sandármelar, Skógarsandur, Stórholt, Stóri- Kroppur og Tálknafjörður.
E. Lendingarstaðir í eigu og í umsjá annarra aðila en Flugmálastjórnar: Auðkúluheiði, Forsæti, Gunnarsholt, Múlakot og Þórisós.

IV. SUNDURLIÐUN FRAMKVÆMDA
(Fjárhæðir í millj. kr.)

Staður/verkefni	1996	1997	1998	1999
4.1 Reykjavík				
1. Girðing	5			
2. Endurnýjun slitlags	8	117	181	170
3. Til rannsókna og þróunarverkefna		10	10	10
4. Ýmis búnaður	5			
	18	**127**	**191**	**180**

Staður/verkefni	1996	1997	1998	1999
4.2 Akureyri				
1. Endurbætur eldri flugstöðvar	7	10		
2. Breikkun malbiks	25			
3. Nýtt slitlagsyfirlag	10	30		
4. Bílastæði og lóð	5	10		
5. Stækkun flugvélahlaðs			5	5
6. Veðurmælitæki	12			
7. Leiðarljós	4	2		
8. Ýmis búnaður	3			
	66	**52**	**5**	**5**
4.3 Vestmannaeyjar				
1. Vörubifreið/snjótönn	15			
2. Sandgeymsla			5	
3. Snjóblásari			3	3
4. Varaafl		2		
5. Veðurmælibúnaður		5		
6. Hindranalýsing			4	
7. Flugstöð, athugun	1			
8. Ýmis búnaður	1		2	
	17	**7**	**14**	**3**
4.4 Egilsstaðir				
1. Flugbraut	5			
2. Snjóblásari	7			
3. Slökkvibúnaður	10			
4. Stækkun tækjageymslu	9			
5. Flugstöð	10	5	5	
6. Ýmis búnaður	2	1		2
	43	**6**	**5**	**2**
4.5 Ísafjörður				
1. Ný tækjageymsla	1			
2. Snjóblásari	10			
3. Hindranalýsing	15			
4. Varaafl	6			
5. Bílastæði og lóð			15	
6. Nýtt slitlagsyfirlag				20
7. Veðurmælibúnaður		5		
8. Flugstöð	1			
9. Ýmis búnaður		1		
	33	**6**	**15**	**20**
4.6 Hornafjörður				
1. Lenging flugbrautar	8			
2. Breikkun bundins slitlags		20		
3. Sandgeymsla				5
4. Vörubifreið/snjótönn			6	
5. Veðurmælibúnaður				5
6. Varaafl				4
7. Ýmis búnaður	2			3
	10	**20**	**6**	**17**

Staður/verkefni	1996	1997	1998	1999
4.7 Húsavík				
1. Tækjageymsla	15	10		
2. Slökkvibifreið			10	
3. Vörubifreið				4
4. Veðurmælibúnaður			5	
5. Varaafl			4	
6. Ýmis búnaður				1
	15	**10**	**19**	**5**
4.8 Sauðárkrókur				
1. Bundið slitlag	10			
2. Snjósópur	10			
3. Snjóblásari				12
4. Vörubifreið/snjótönn		6		
5. Veðurmælibúnaður			5	
6. Varaafl			4	
7. Ýmis búnaður				1
	20	**6**	**9**	**13**
4.9 Patreksfjörður				
1. Bundið slitlag	10			
2. Snjósópur	10			
3. Tækjageymsla		6		
4. Ýmis búnaður				1
	20	**6**	**0**	**1**
4.10 Bíldudalur				
1. Snjósópur		8		
2. Tækjageymsla				10
3. Flugbrautarljós			10	
4. Aðflugshallaljós				6
5. Ýmis búnaður				1
	0	**8**	**10**	**17**
4.11 Grímsey				
1. Endurbætur flugstöðvar	3			
2. Ýmis búnaður		1		1
	3	**1**	**0**	**1**
4.12 Siglufjörður				
1. Snjóblásari				11
2. Ýmis búnaður				1
	0	**0**	**0**	**12**
4.13 Þórshöfn				
1. Farþegaskýli		2	2	
2. Ýmis búnaður				1
	0	**2**	**2**	**1**
4.14 Hólmavík				
1. Ýmis búnaður				1
	0	**0**	**0**	**1**

Staður/verkefni	1996	1997	1998	1999
4.15 Gjögur				
1. Ýmis búnaður				1
	0	**0**	**0**	**1**
4.16 Mývatn				
1. Bundið slitlag	15			
2. Ýmis búnaður				1
	15	**0**	**0**	**1**
4.17 Vopnafjörður				
1. Bundið slitlag		30		1
2. Ýmis búnaður				1
	0	**30**	**0**	**2**
4.18 Þingeyri				
1. Flugbraut/öryggissvæði				1
2. Ýmis búnaður				1
	0	**0**	**0**	**2**
4.19 Norðfjörður				
1. Bundið slitlag				1
2. Ýmis búnaður				1
	0	**0**	**0**	**2**
4.20 Aðrir flugvellir og lendingarstaðir				
1. Óskipt	6	12	12	12
	6	**12**	**12**	**12**
4.21 Flugumferðar- og flugleiðsögubúnaður				
1. Flugstjórnarmiðstöð o.fl.	15	20	20	20
2. GPS-leiðréttingarstöðvar og athuganir	15	20	15	10
3. Upplýsingakerfi	4	9	10	5
4. Flugprófunartæki	1	1	10	10
5. Selárdalur, varaafl	5			
	40	**50**	**55**	**45**
4.22 Til leiðréttinga og brýnna verkefna				
1. Óskipt	20	20	20	20
	20	**20**	**20**	**20**
4.23 Yfirstjórn				
1. Stjórnunarkostnaður	6	10	10	10
	6	**10**	**10**	**10**
Samtals:	**332**	**373**	**373**	**373**
Til reksturs flugvalla:	**190**	**100**	**100**	**100**

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. INNGANGUR

Ofangreind tillaga til þingsályktunar um flugmálaáætlun árin 1996–1999 er endurskoðun á flugmálaáætlun 1994–1997 að viðbættum árunum 1998 og 1999. Áætlunin er á verðlagi í janúar 1996.

Í lok síðasta árs var gerð sú breyting á 14. gr. laga nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, að tekjum af flugvallagjaldi skuli einnig varið til rekstrar flugvalla. Þannig er 190 millj. kr. varið til rekstrar flugvalla, sbr. 52. gr. laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996, nr. 144/1995, á þessu ári og ráðgert að 100 millj. kr. verði varið til rekstrar flugvalla 1997–1999 ár hvert.

Afkoma Flugmálastjórnar á undanförnum árum hefur verið mjög góð. Rekstrargjöld og stofnkostnaður hafa nánast verið í samræmi við fjárheimildir og eru horfur á þessu ári að svo muni verða áfram. Rekstur Flugmálastjórnar er í stöðugri endurskoðun með hagræðingu í huga sem skilað hefur töluverðum sparnaði á undanförnum árum.

Eitt stærsta framkvæmdaverkefni Flugmálastjórnar á næstu árum er endurbygging flugbrauta á Reykjavíkurflugvelli. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir að byrjað verði á þessari framkvæmd á árinu 1997 að höfðu samráði við borgaryfirvöld, en viðræður milli Flugmálastjórnar og skipulagsyfirvalda Reykjavíkurborgar eru þegar hafnar um framtíðarstarfsemi flugvallarins. Ljóst er að hér er um mjög kostnaðarsama framkvæmd að ræða, en frumáætlanir gera ráð fyrir kostnaði á bilinu 1.000–1.400 milljónir króna. Þess ber að geta að flugvöllurinn er byggður fyrir um 50 árum og mjög lítið viðhald farið fram frá byggingu hans.

Enn fremur er gert ráð fyrir fjármunum til „rannsókna og þróunarverkefna“ á Reykjavíkurflugvelli, meðal annars vegna byggingar flugstöðvar, þarfagreiningar og rýmisathugana á byggingum og flughlöðum.

2. TEKJUR

Í lögum nr. 31/1987 um flugmálaáætlun voru markaðir tveir tekjustofnar til framkvæmda í flugmálum, þ.e. flugvallagjald og eldsneytisgjald. Eins og áður er getið var lögunum breytt í desember sl. þannig að tekjum af flugvallagjaldi má einnig ráðstafa til rekstrar flugvalla. Tekjum af eldsneytisgjaldi skal samkvæmt lögunum einungis varið til framkvæmda. Aðrar tekjur Flugmálastjórnar sem eru beinar rekstrartekjur eru: Lendingargjöld, loftferðareftirlitsgjöld, leigugjöld, þjónustugjöld og „aðrar tekjur“ svo sem sala eigna og fleira. Þá eru einnig svokallaðar ICAO-tekjur sem eru þjónustugjöld fyrir stjórnun loftrýmisins í íslenska flugstjórnarsvæðinu.

Eftirfarandi myndir sýna skiptingu tekna eftir tegundum og deildum:

(Millj. kr.)





Á árinu 1995 urðu tekjur af flugvallagjaldi 12% hærri en áætlun gerði ráð fyrir, eða 49 millj. kr. sem rekja má til verulegrar aukningar farþega í utanlandsflugi frá fyrra ári, en tillagan gerir ráð fyrir 5% aukningu á árinu 1996. Þessum umframtekjum er ráðstafað til framkvæmda á þessu ári samkvæmt tillögunni.

Eftirfarandi tafla sýnir dreifingu flugvalla- og eldsneytisgjalds 1995:

Mánuðir:	(Þús. kr.)	Áætlun	Rauntekjur	Mismunur
Janúar		16.200	18.134	1.934
Febrúar		21.700	24.103	2.403
Mars		17.600	20.015	2.415
Apríl		25.800	26.883	1.083
Maí		27.500	37.661	10.161
Júní		34.500	34.876	376
Júlí		41.400	44.398	2.998
Ágúst		57.700	58.839	1.139
September		63.200	67.010	3.810
Október		38.500	46.804	8.304
Nóvember		32.600	38.681	6.081
Desember		24.800	33.558	8.758
	Samtals:	401.500	450.962	49.462

Eins og sést á töflunni myndast nærri helmingur umframteknanna á síðustu þrem mánuðum ársins.

3. ÚTGJÖLD

Heildarútgjöld Flugmálastjórnar og Alþjóðaflugþjónustunnar á árinu 1996 er áætluð 1.533 millj. kr. sem skiptist þannig:

	(Millj. kr.)
Rekstur FMS	766
Alþjóðaflugþjón.	435
Stofnkostnaður	332
Samtals:	1.533



3.1. Rekstur

Rekstrarafkoma Flugmálastjórnar undanfarin ár hefur verið innan fjárheimilda. Laun og önnur rekstrargjöld hafa aukist vegna nýrra umsvifa, eins og reksturs Flugskóla Íslands og aukinnar þjónustu á ýmsum sviðum. Þá má einnig benda á að stofnkostnaður hefur í flestum tilvikum í för með sér aukin rekstrarútgjöld samanber stóraukin uppbygging áætlunarflugvalla, nýjar flugstöðvar og tækjageymslur ásamt lengri flugbrautum og bættum öryggissvæðum. Þá ber einnig að geta þess að flugrekendur hafa á undanförnum árum óskað eftir lengri opnunartíma flugvallanna til þess að auka þjónustu sína við farþega og hefur stofnunin orðið við þeim kröfum í flestum tilfellum, en það hefur leitt til hærri rekstrarkostnaðar en jafnframt gefið auknar tekjur.

Eftirfarandi tafla og mynd sýnir skiptingu rekstrarkostnaðar Flugmálastjórnar á hinar ýmsu deildir samkvæmt fjárlögum 1996:

	(þús. kr.) Laun	Ö.rekstrargjöld	Samtals
Yfirstjórn	44.511	58.000	102.511
Loftferðaeftirlit	21.529	13.534	35.063
Flugslysarannsóknir	4.000	1.000	5.000
Flugvallaþjónusta	140.700	157.600	298.300
Flugleiðsöguþjónusta	64.364	45.952	110.316
Flugumferðarþjónusta	186.796	28.514	215.310
Alþjóðaflugþjónusta	258.800	175.800	434.600
Samtals	**720.700**	**480.400**	**1.201.100**



3.2. Framkvæmdir.

Við skiptingu útgjalda vegna framkvæmda er í meginatriðum stuðst við skýrsluna „Endurskoðuð flugmálaáætlun 1994–1999“ sem samþykkt var af flugráði 4. febrúar 1994 og birtist sem greinargerð með tillögu til þingsályktunar um flugmálaáætlun 1994–1997. Örfáar breytingar eru þó gerðar til hagræðis eins og að ljúka þeim verkefnum sem þegar er byrjað á.

Forgangsröðun framkvæmda byggist á niðurstöðu sem öryggisnefnd Félags íslenskra atvinnuflugmanna, flugráð og Flugmálastjórn urðu sammála um og flugmálanefnd ákvað að gera að sinni tillögu.

Á árinu 1994 var hætt áætlunarflugi til Bakkafjarðar og á síðasta ári var einnig hætt áætlunarflugi til Breiðdalsvíkur. Þessir flugvellir færast þannig úr flokki „áætlunarflugvellir III" í flokkinn „aðrir flugvellir og lendingarstaðir". Í þessari tillögu er lagt til að flugvellirnir á Hvolsvelli, Narfastaðamelum og Steinasandi verði lagðir niður.

3.2.1. Forgangsröðun framkvæmda.

Forgangur:	Verkefni:
1.	Flugbraut og hlað með fullgerðu malaryfirlagi, en stærð þeirra verði í samræmi við hönnunarákvæði ICAO Annex 14.
2.	Öryggissvæði verði eftir því sem unnt er hættulaus og í samræmi við hönnunarákvæði ICAO Annex 14.
3.	Hindranir verði eftir því sem unnt er fjarlægðar eða merktar. Athafnasvæði flugvalla verði girt.
4.	Flugvallabyggingar, þ.e. aðstaða fyrir flugumferðarþjónustu, tækjageymslu og farþegaskýli verði byggð í áföngum.
5.	Búnaður flugumferðarþjónustu, þ. e. símasamband, VHF-fjarskiptatæki, vindmælir, loftþrýstimælir, hitamælir og segulband, verði fyrir hendi.
6.	Slökkvi- og björgunarbúnaður verði samkvæmt ákvæðum ICAO Annex 14.
7.	Snjóhreinsibúnaður, þ.e. snjóruðningstæki, sanddreifarar og hemlunarmælar, verði fyrir hendi, eða tilsvarandi aðkeypt þjónusta.
8.	Blindaðflugsbúnaður með tilheyrandi monitorbúnaði og vararafmagni verði í samræmi við ákvæði ICAO Annex 10. Radíóviti (NDB) með markvitum og/eða fjarlægðarmæli (DME) þar sem við verður komið og réttlætanlegt getur talist. Stefnusendir (ILS eða tilsvarandi hluti MLS) þar sem við verður komið og réttlætanlegt getur talist. Aðflugshallasendir (GS eða tilsvarandi hluti MLS) þar sem æskileg eru blindflugsmörk undir 300 feta skýjahæð og 1,5 km flugskyggni og réttlætanlegt getur talist.
9.	Ljósabúnaður í samræmi við ákvæði ICAO Annex 14. PAPI- eða APAPI-aðflugshallaljós, hindranaljós, flugbrautarljós og aðflugsljós í samræmi við tilsvarandi aðflug flugvallarins.
10.	Malbik eða tilsvarandi varanlegt yfirborð á öll athafnasvæði flugvéla.

Enn fremur er áætlunarflugvöllum raðað í forgangsröð eftir því hve mikilvægu hlutverki þeir gegna í flugsamgöngukerfinu, sbr. eftirfarandi:

Verkefnaþáttur, þar sem meðal annars er tekið tillit til hlutverks vallarins sem tengipunkts í flugsamgöngukerfinu.

Flutningur um flugvöllinn sem hlutfall af heildarloftflutningum á landinu.

Einangrun svæðisins sem flugvöllurinn þjónar.

3.2.2. Flokkun flugvalla.

Í skýrslu flugmálanefndar frá 1986 er lagt til að flugvöllum verði skipt í fimm flokka, þ.e. áætlunarflugvelli I, II og III, og aðra flugvelli og lendingarstaði eins og eftir farandi tafla sýnir:

Flokkun flugvalla frá 1986

Áætlunarflugvellir I	Flugvellir með 1800 m flugrein og lengri
Áætlunarflugvellir II	Flugvellir með 1200 að 1800 m flugrein
Áætlunarflugvellir III	Flugvellir með 800 að 1200 m flugrein
Aðrir flugvellir og lendingarst.	Flugvellir með allt að 800 m flugrein

Nokkurs misskilnings hefur gætt um gildi þessarar flokkunar, sem hefur stundum verið túlkuð sem forgangsröðun vegna framkvæmda sem megi skilja þannig að uppbyggingu flugvalla í flokki I verði lokið fyrr en uppbyggingu flugvalla í flokki II og III.

Í þessari tillögu er lagt til að flokkun flugvalla verði tvíþætt. Annars vegar verði flokkað samkvæmt alþjóðlegum staðli (ICAO Annex 14) og hins vegar eftir flutningsmagni.

Eftirfarandi tafla sýnir flokkun flugvalla eftir alþjóðlegum staðli:

I		II		
Flokkur	Flugbrautarlengd	Flokkur	Vænghaf	Breidd milli aðalhjóla
1	Styttri en 800 m	A	Styttra en 15 m	Styttri en 4,5 m
2	800 m að 1200 m	B	15 m að 24 m	4,5 að 6 m
3	1200 að 1800 m	C	24 m að 36 m	6 m að 9 m
4	1800 m og lengri	D	36 m að 52 m	9 m að 14 m
		E	52 m og lengra	9 m að 14 m

Samkvæmt þessu flokkast íslenskir áætlunarflugvellir á eftirfarandi hátt:

Flokkur 2B Grímsey, Siglufjörður, Vopnafjörður, Flateyri, Bíldudalur, Norðfjörður, Þórshöfn, Gjögur, Mývatn, Borgarfjörður eystri, Raufarhöfn, Kópasker og Hólmavík.
Flokkur 2C Þingeyri.
Flokkur 3C Ísafjörður, Sauðárkrókur, Vestmannaeyjar, Húsavík, Hornafjörður og Patreksfjörður.
Flokkur 3D Reykjavík.
Flokkur 4D Akureyri og Egilsstaðir.
Flokkur 4 E Keflavík.

Við flokkun flugvalla eftir flutningsmagni er miðað við flutt tonn. Tonnflutningar eru samanlagður massi farþega, vörum og pósti. Hver farþegi er reiknaður 90 kg að meðaltali með farangri. Lagt er til grundvallar meðaltalsflutningar árin 1990–1995.

Flokkur I 1000 tonn og yfir
Flokkur II 250–999 tonn
Flokkur III allt að 249 tonnum

Eftirfarandi tafla sýnir flokkun áætlunarflugvalla og röðun samkvæmt flutningum:

	Flugvellir	Farþegar		Vörur og póstur	Samtals
		Fjöldi	Tonn	Tonn	Tonn
	Reykjavík	319.097	28.719	2.028	30.747
	Akureyri	126.194	11.357	892	12.249
Flokkur	Vestmannaeyjar	79.413	7.147	181	7.328
	Egilsstaðir	52.782	4.750	442	5.192
I	Ísafjörður	47.866	4.308	415	4.723
	Hornafjörður	18.829	1.695	117	1.812
	Húsavík	17.618	1.586	50	1.636
	Sauðárkrókur	15.050	1.355	163	1.518
	Samtals:	**676.849**	**60.917**	**4.288**	**65.205**
	Patreksfjörður	5.835	525	126	651
	Bíldudalur	5.771	519	110	629
	Flateyri	3.871	348	53	401
Flokkur	Grímsey	3.606	325	42	367
	Vopnafjörður	3.554	320	104	424
II	Þingeyri	3.547	319	37	356
	Norðfjörður	3.505	315	36	351
	Siglufjörður	3.345	301	30	331
	Samtals:	**33.034**	**2.972**	**538**	**3.510**
	Mývatn	2.659	239	6	245
	Þórshöfn	1.850	166	47	213
Flokkur	Hólmavík	1.485	134	48	182
	Raufarhöfn	889	80	30	110
III	Gjögur	767	69	21	90
	Kópasker	692	62	18	80
	Borgarfjörður e.	189	17	18	35
	Samtals:	**8.531**	**767**	**188**	**955**
	Alls:	**718.414**	**64.656**	**5.014**	**69.670**

Eins og sést á töflunni eru áætlunarflugvellir í innanlandsflugi alls 23. Í þessari tillögu eru ráðgerðar framkvæmdir á 19 flugvöllum. Flugvellirnir á Flateyri, Gjögri, Kópaskeri og Raufarhöfn eru án fjárveitinga í þessari fjögurra ára áætlun, enda mjög tvísýnt um að áætlunarflug verði varanlegt á þessa staði í framtíðinni.

Eftirfarandi tafla og mynd sýnir skiptingu fjárveitinga eftir flokkun áætlunarflugvalla:

	(Millj. kr.)
Flokkur I	**966**
Flokkur II	**119**
Flokkur III	**18**



4. FLUTNINGAR

Farþegaflutningar um flugvellina jukust nokkuð á árinu 1995 frá fyrra ári og eru mestu flutningar frá því að skráningar hófust. Farþegar sem fóru um íslenska áætlunarflugvelli, að Keflavíkurflugvelli undanskildum, voru 778.086 sem er 2,5% aukning frá fyrra ári.

Farþegar sem fóru um áætlunarflugvellina 1990–1995:

1990	1991	1992	1993	1994	1995
696.999	679.617	735.268	675.339	759.435	778.086



Farþegar sem fóru um áætlunarflugvellina á árinu 1995:

Flugvöllur	Áætlunar-flug	Leiguflug	Sjúkraflug	Viðkomu-farþegar	Samtals:
Akureyri	129.595	3.844	250	327	134.016
Bíldudalur	6.438	292	14	1.707	8.451
Borgarfjörður	173	0	6	34	213
Egilsstaðir	51.158	1.900	252	3.555	56.865
Flateyri	3.887	116	10	1.479	5.492
Gjögur	670	86	13	24	793
Grímsey	2.546	1.239	3	0	3.788
Hornafjörður	14.674	1.042	48	4.900	20.664
Hólmavík	659	409	31	409	1.508
Húsavík	13.449	1.337	48	2.542	17.376
Ísafjörður	50.907	4.379	179	0	55.465
Kópasker	371	20	6	345	742
Mývatn	1.343	2.279	0	0	3.622
Norðfjörður	2.441	335	42	704	3.522
Patreksfjörður	4.254	237	102	505	5.098
Raufarhöfn	786	246	20	3	1.055
Reykjavík	333.870	21.581	678	0	356.129
Sauðárkrókur	10.305	1.197	44	4.417	15.963
Siglufjörður	2.508	177	62	0	2.747
Vestmannaeyjar	52.584	22.912	40	0	75.536
Vopnafjörður	3.150	331	35	0	3.516
Þingeyri	2.574	76	13	858	3.521
Þórshöfn	1.675	288	21	0	1.984
Samtals:	**690.017**	**64.323**	**1.917**	**21.809**	**778.066**

641. Svar [289. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Lúðvíks Bergvinssonar um samning við Neyðarlínuna hf.

Í upphafi er rétt að rifja upp með örfáum orðum aðdraganda þessa máls. Hann er sá að ráðherra skipaði í aprílmánuði 1993 nefnd til þess að hafa frumkvæði að tillögugerð um samræmda neyðarsímsvörun sem uppfyllti skilyrði EES-samningsins um samræmt evrópskt neyðarnúmer, 112. Nefndin var skipuð fulltrúum frá Pósti og síma, Slysavarnafélagi Íslands, heilbrigðisráðuneyti, Almannavörnum, Reykjavíkurborg og sveitarfélagi af landsbyggðinni. Nefndin skilaði skýrslu þar sem lagðar voru fram tillögur og á grundvelli hennar var nefndinni falið að vinna lagafrumvarp sem fjallað var um á Alþingi og samþykkt í febrúar 1995 sem lög um samræmda neyðarsímsvörun, nr. 25/1995.

Í lögunum kemur skýrt fram að ráðherra sé heimilt að semja við opinberar stofnanir, sveitarfélög og einkaaðila um fyrirkomulag, fjármögnun og þátttöku í slíkum rekstri og það er einmitt á þeim grundvelli sem unnið hefur verið.

Frumvarpið sem byggt var á tillögum nefndarinnar fékk ítarlega umfjöllun á Alþingi. Það var samþykkt að tillögu og á grundvelli sameiginlegs nefndarálits frá allsherjarnefnd Alþingis þar sem allir flokkar sameinuðust um þann grundvöll sem unnið hefur verið á síðan, þ.e. að leita eftir samstarfi opinberra stofnana, sveitarfélaga og einkaaðila um rekstur á samræmdu neyðarsímanúmeri, 112.

Val á rekstraraðilum fór fram á grundvelli samstarfsútboðs sem Ríkiskaup sáu um. Í framhaldi af því var gerður verksamningur við Póst og síma, Reykjavíkurborg fyrir Slökkvilið Reykjavíkur, Securitas hf., Sívaka hf., Slysavarnafélag Íslands og Vara hf. Auk þess var Öryggisþjónustunni hf. heimilað að gerast hluthafi í Neyðarlínunni hf. eftir að tilboðsfrestur var útrunninn og þá heimild hefur fyrirtækið nú nýtt sér.

Þess má geta að ráðherra hefur þegar skipað sjö manna samstarfsnefnd á grundvelli laga nr. 25/1995 og veitir sýslumaðurinn í Reykjavík henni forstöðu. Samstarfsnefndinni hefur annars vegar verið falið það hlutverk að gera tillögur að reglugerð um starfsemi neyðarvaktstöðvarinnar og hins vegar að hafa faglegt eftirlit með henni, þar á meðal að gera árlega úttekt á starfseminni. Ríkisendurskoðun er ætlað að hafa eftirlit með fjárreiðum neyðarvaktstöðvarinnar.

1. *Hvaða rök liggja að baki þeirri ákvörðun ráðherra að gera þjónustusamning við einkaaðila um rekstur samræmdrar neyðarsímsvörunar fyrir landið allt? Þekkist slíkt fyrirkomulag erlendis? Hvers vegna var samningurinn gerður til átta ára í ljósi þess að um nýja starfsemi er að ræða?*

Umrædd ákvörðun var ekki byggð á mati ráðherra heldur vann ráðuneytið að málinu á grundvelli gildandi laga. Undirbúningsnefndin komst að þeirri niðurstöðu að réttast og hagkvæmast væri að bjóða út undirbúning og rekstur samræmdrar neyðarsímsvörunar þar sem opinberir aðilar og einkaaðilar gætu boðið í verkið. Ákveðið var að efna til samstarfsútboðs um verkefnið. Það þótti heppilegasti kosturinn þar sem stefnt var að því að reka samræmda neyðarsímsvörun með einu númeri á einum stað. Augljós hagræðing þótti að því að hafa alla neyðarvöktun á einum stað. Rökin fyrir því að þessi leið var valin voru í stuttu máli þau að hún þótti fjárhagslega hagkvæmust og uppfyllti ströngustu faglegu skilyrði um neyðarsímsvörun.

Ríkiskaup auglýsti eftir umsóknum þeirra sem áhuga hefðu á að taka þátt í samstarfsútboði. Securitas hf., Slysavarnafélag Íslands, Slökkvilið Reykjavíkur og Vari hf. sendu inn sameiginlegt tilboð og aðrir bjóðendur voru Sívaki hf., Nýherji hf., Rauði krossinn, Póstur og sími og Borgarspítalinn. Til þess að sátt yrði milli allra þeirra aðila sem málið varðaði og milli þéttbýlis og dreifbýlis var öllum aðilum sem tóku þátt í samstarfsútboðinu gefinn kostur á að verða þátttakendur í neyðarsímsvöruninni. Öryggisþjónustan hf. tók ekki þátt í útboðinu er var síðar boðinn hlutur í Neyðarlínunni hf.

Allir þessir aðilar, aðrir en Nýherji hf., Rauði krossinn og Borgarspítalinn, eru nú aðilar að Neyðarlínunni hf. Nýherji hf. mun hins vegar vera í samstarfi við Öryggisþjónustuna hf. og Borgarspítalinn hefur samstarf við Slökkvilið Reykjavíkur og mun verða faglegur ráðunautur Neyðarlínunnar hf. Þannig hafa nær allir þeir aðilar sem lýstu yfir áhuga á þátttöku sameinast um uppbyggingu og rekstur vaktstöðvar fyrir samræmda neyðarsímsvörun.

Ekki er vitað til þess að nákvæmlega sams konar fyrirkomulag sé á samræmdri neyðarsímsvörun í öðrum löndum, enda eru aðstæður hér um margt óvenjulegar vegna fámennis og eins vegna þess að björgunarstörf hér eru á margra hendi, bæði einkaaðila og opinberra aðila.

Staðið er að neyðarsímsvörun erlendis með margvíslegum hætti og stafar það af breytilegum aðstæðum milli landa. Í engum tveimur löndum er fyrirkomulag neyðarsímsvörunar því nákvæmlega það sama. Sérstaða Íslands liggur sem fyrr segir fyrst og fremst í því að óþekkt er erlendis að frjáls félagasamtök sjái í jafnríkum mæli um björgunarstörf og hér á landi. Landsbjörg, Slysavarnafélag Íslands og Flugbjörgunarsveitin hafa öll mikilvægu hlutverki að gegna í björgunarstörfum á Íslandi og allt eru þetta frjáls félagasamtök.

Samningurinn við Neyðarlínuna hf. var gerður til átta ára til að dreifa stofnkostnaði yfir lengra tímabil. Þegar starfsemin verður boðin út aftur eða samið um reksturinn að nýju verður unnt að stytta samningstímann. Reiknað er með að stofnbúnaðarkaup og rekstarkostnaður á þessu átta ára tímabili verði um 600 milljónir króna og þar af er stofnkostnaður um 100 milljónir. Áhætta þeirra sem taka að sér verkefnið minnkar með lengri samningstímabili þegar um svo háan stofnkostnað er að ræða og verða því árleg útgjöld ríkis og sveitarfélaga lægri en ef samið hefði verið til styttri tíma.

2. *Var gerð úttekt á því áður en gengið var til samninga við Neyðarlínuna hf. hvort koma hefði mátt á fót samræmdri neyðarsímsvörun með minni tilkostnaði er raun ber vitni? Hvaða rök mæla gegn því að samræmdri neyðarsímsvörun verði varanlega komið fyrir á vaktstöð Slökkviliðs Reykjavíkur og í umsjá þess eða annarra opinberra aðila?*

Kostnaður ríkis og sveitarfélaga af rekstri vaktstöðvarinnar er verulega lægri en gert var ráð fyrir í áætlunum nefndarinnar. Áætla má að ríki og sveitarfélög spari um 200 millj. kr. a.m.k. á átta ára samningstímabili vegna þess víðtæka samstarfs sem tekist hefur með opinberum aðilum og einkaaðilum um reksturinn, en framlag þessara aðila nemur rúmum 300 millj. kr. á tímabilinu. Slökkvilið Reykjavíkur sóttist ekki eftir því að taka að sér reksturinn eitt og sér og því hefur ekki verið haldið fram af Reykjavíkurborg að borgin gæti rekið neyðarsímsvörun með minni tilkostnaði. Óvíst er einnig hvort sátt hefði náðst um að eitt sveitarfélag sæi alfarið um neyðarsímsvörun fyrir allt landið, hvað þá einn viðbragðsaðili. Með núverandi fyrirkomulagi taka fleiri aðilar þátt í að greiða rekstrarkostnað við samræmda neyðarsímsvörun.

Ein af grundvallarforsendunum fyrir rekstri samræmds neyðarnúmers er að aðskilja neyðarsímsvörunina frá starfsemi viðbragðsaðila. Þetta hefur það hins vegar í för með sér að tryggja þarf breiða faglega samstöðu þeirra sem sinna neyðarhjálp í landinu og að sem flestir sem sinni neyðar- og öryggisþjónustu komi að málinu.

3. *Hefur verið gerð athugun á því af hálfu ráðherra hvort starfsemi eða eignaraðild þeirra einkafyrirtækja sem hlut eiga í Neyðarlínunni hf. tengist innbyrðis á einhvern hátt, og þá hvort slík tengsl geti haft skaðleg áhrif á samkeppni í öryggisþjónustu á markaði, sbr. ákvæði samkeppnislaga? Hafi athugun farið fram, hvernig var að henni staðið og hver var niðurstaða hennar?*

Ráðuneytið hefur ekki kannað eignaraðild öryggisfyrirtækja sem standa að Neyðarlínunni hf. en Samkeppnisstofnun gerði í áliti sínu athugasemdir vegna samvinnu einstakra öryggisfyrirtækja. Samkeppnisstofnun kannaði málið og taldi ekki ástæðu til frekari aðgerða eða til kanna málið nánar. Stofnunin fylgdist með málinu frá upphafi og gerði ekki athugasemdir við útboðsfyrirkomulagið. Fjögur öryggisþjónustufyrirtæki eru nú aðilar að Neyðarlínunni hf. og er það til að styrkja starfsemina og til þess fallið að auka öryggi viðskiptavina þeirra því að þeir sem þjónustu fyrirtækjanna njóta hafa nú samstarfsnefnd til að leita til ef upp kemur ágreiningur um hvort viðbrögð öryggisfyrirtækjanna hafi verið samkvæmt þeim skilmálum og reglum sem þau lofa að uppfylla gagnvart neytandanum. Varðandi samkeppni í öryggisþjónustu er rétt að taka fram að tilkoma Neyðarlínunnar hf. gerir nýjum öryggisfyrirtækjum auðveldara að komast inn á þennan markað, bæði hvað varðar fjárhagslegu hliðina og eins hvað varðar öryggisímyndina.

4. *Voru sett einhver skilyrði um fjárhagslega stöðu þeirra fyrirtækja sem aðild eiga að Neyðarlínunni hf. í ljósi þess hversu mikilvæg starfsemi hennar er? Hefur farið fram athugun á eiginfjárstöðu þeirra einkafyrirtækja sem hlut eiga í Neyðarlínunni hf.?*

Engin skilyrði voru sett um fjárhagslega stöðu fyrirtækjanna sem standa að Neyðarlínunni hf. önnur en að þau settu tryggingu fyrir því að standa við samning sinn gagnvart Neyðarlínunni hf. Dómsmálaráðuneytið gerði samning við Neyðarlínuna hf. en ekki einstök öryggisfyrirtæki. Ekki var talið nauðsyn á að fram færi sjálfstæð athugun á eiginfjárstöðu öryggisfyrirtækjanna.

5. *Hefur verið brugðist við athugasemdum samkeppnisráðs frá 13. nóvember sl. varðandi samning dómsmálaráðuneytisins og Neyðarlínunnar hf. um fyrirkomulag á rekstri hennar? Ef svo er, hvernig hefur verið brugðist við og eru þær ráðstafanir nægjanlegar að mati samkeppnisráðs?*

Öll skilyrði Samkeppnisstofnunar um inntak samningsins um starfrækslu neyðarvaktstöðvar hafa verið uppfyllt og þær ráðstafanir sem gerðar voru í kjölfar athugasemda Samkeppnisstofnunar hafa verið taldar fullnægjandi. Reglugerð um samræmda neyðarsímsvörun mun verða komin til framkvæmda á miðju sumri áður en öll starfsemin flyst í nýtt húsnæði. Í reglugerðinni verða ákvæði um þau öryggisfyrirtæki sem tengst geta vaktstöð fyrir samræmda neyðarsímsvörun og verða gerðar tilteknar kröfur til öryggisfyrirtækja hvað varðar vinnubrögð og formfestu.

6. *Er ætlunin að leggja niður sólarhringsvaktir á einhverri lögreglu- eða slökkvistöð eftir að samræmdri neyðarsímsvörum hefur verið komið á?*

Samræmd neyðarsímsvörun í símanúmerinu 112 hófst 1. janúar sl. Fyrst um sinn sjá Slökkviliðið í Reykjavík og Slysavarnafélag Íslands um símsvörunina og hefur símsvörun fyrir landið allt verið skipt milli þessara aðila. Sérstök vaktstöð fyrir samræmda neyðarsímsvörun mun taka til starfa um mitt þetta ár.

Samræmd neyðarsímsvörun frá síðustu áramótum hefur engin áhrif haft á sólarhringsvaktir á lögreglustöðvum en slíkar vaktir eru nú í Reykjavík, á Akranesi, á Ísafirði, á Akureyri, á Selfossi, í Vestmannaeyjum, í Keflavík, á Keflavíkurflugvelli, í Hafnarfirði og í Kópavogi eða á níu af 27 lögreglumbættum landsins. Á þremur af þessum lögregluembættum, á Akranesi, Ísafirði og í Vestmannaeyjum, eru stöðugildi lögreglumanna 11 eða 12 og því á mörkunum að hægt sé að halda uppi sólarhringsvöktum.

Fyrirkomulag löggæslu í landinu þarf að vera í stöðugri endurskoðun, m.a. með tilliti til þess hvernig fjárveitingar verði sem best nýttar til að tryggja öfluga löggæslu. Tilkoma samræmdrar neyðarsímsvörunar þykir ekki gefa tilefni til að leggja niður sólarhringsvaktir á þeim stöðum þar sem slíkri þjónustu er nú haldið uppi.

Um hugsanlega niðurlagningu sólarhringsvakta á slökkvistöðvum verða yfirvöld brunamála að svara.

7. *Er ætlunin að einkavæða fleiri þætti löggæslu- og öryggismála?*

Spurningin byggist á rangri fullyrðingu. Í lögum um samræmda neyðarsímsvörun, nr. 25/1995, og framkvæmd þeirra felst ekki einkavæðing þátta í löggæslu- eða öryggismálum.

Í því fyrirkomulagi sem verið er að taka upp felst að skilið er á milli svörunaraðila og viðbragðsaðila. Lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningaaðilar og öryggisfyrirtæki teljast til viðbragðsaðila og þessir aðilar munu áfram sinna því þjónustuhlutverki með nákvæmlega sama hætti og þeir hafa gert fram til þessa. Rekstur vaktstöðvar til að sinna samræmdri neyðarsímsvörun hefur verið falinn aðila með blandaðri eignaraðild opinberra stofnana og einkafyrirtækja. Neyðarvaktstöðinni er fyrst og fremst ætlað það hlutverk að koma skilaboðum frá borgurum landsins rétta boðleið til þeirra viðbragðsaðila sem nauðsynlegt er að bregðist við neyðarkalli hverju sinni. Samræmd neyðarsímsvörun er sett á stofn til samræmis við alþjóðlegar skuldbindindingar sem íslenska ríkið hefur gengist undir.

Á hinn bóginn er það staðreynd að í þjóðfélagi okkar, eins og hvarvetna á Vesturlöndum og víðar, hefur hluti af því hefðbundna hlutverki lögreglu að sjá borgurunum og eignum þeirra fyrir vernd færst til einkafyrirtækja. Þessi fyrirtæki hafa mætt sífellt meiri eftirspurn einstaklinga og fyrirtækja eftir vernd en lögregla getur veitt fyrir það fjármagn sem henni er ætlað úr sameiginlegum sjóðum.

Í þessu ljósi eru áform um samræmda neyðarsímsvörun og þátttaka öryggisfyrirtækja í rekstri neyðarvaktstöðvar fullkomlega eðlileg og með því eru stjórnvöld ekki að stuðla að einkavæðingu á þessu sviði.

8. *Fór fram útboð á undirbúningsvinnu við útboðsgögn í samræmi við útboðsstefnu ríkisins og ákvæði laga nr. 52/1987, um opinber innkaup? Hefur verkfræðistofan, sem vann verkið, unnið önnur verk fyrir dómsmálaráðuneytið eða stofnanir, sem undir það heyra, undanfarin fimm ár? Ef svo er, hvert er umfang þeirra viðskipta í krónum talið, og var til þeirra stofnað á grundvelli útboða?*

Ekki var talin þörf á að efna til útboðs á vinnu við undirbúning að lagafrumvarpi um samræmda neyðarsímsvörun, enda kostnaður við undirbúning þess undir þeim viðmiðunarmörkum sem Ríkiskaup gerir um útboðsverk á vegum ríkisins. Þau lúta að því að öll verk yfir 2 millj. kr. skuli boðin út. Verkefni sem unnin voru í tengslum við samræmda neyðarsímsvörun af Verkfræðistofu Stefáns Ólafssonar voru í raun fjögur aðskilin verkefni og námu greiðslur fyrir kostnaðarsamasta verkhlutann 1.480.650. kr. Þessi vinna var mjög sérhæfð og aðeins fáir aðilar hérlendis sem höfðu sérfræðikunnáttu á því sviði.

Verkfræðistofa Stefáns Ólafssonar hefur unnið að fáeinum hagræðingarverkefnum fyrir ráðuneytið á síðustu fimm árum. Má þar nefna undirbúning að útboði á ræstingum fyrir stofnanir á vegum ráðuneytisins 1992–93, gæðastjórnunarverkefni fyrir dómsmálaráðuneytið 1994–95 og undirbúning að útboði um samræmda neyðarsímsvörun og önnur verkefni því tengd 1994–95. Samtals nema greiðslur til verkfærðstofunnar um 10 millj. kr. eða rúmlega 2 millj. kr. á ári að meðaltali á síðustu fimm árum.

642. Frumvarp til laga [366. mál]

um náttúruvernd.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

Markmið náttúruverndar.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að stuðla að samskiptum manns og náttúru, þannig að ekki spillist að óþörfu líf eða land, né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft.

Lögin eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt.

Lögin eiga að auðvelda þjóðinni umgengni við náttúru landsins og auka kynni af henni.

2. gr.

Með náttúruverndarsvæðum er í lögum þessum átt við friðlýst svæði, þ.e. náttúruvætti, friðlönd, þjóðgarða og fólkvanga, svo og svæði sem eru á náttúruminjaskrá. Til náttúruverndarsvæða teljast einnig afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags.

Með náttúruminjum er átt við náttúruverndarsvæði, náttúruvætti, lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi sem friðlýst hafa verið eða ástæða er til að friðlýsa.

Stjórn náttúruverndarmála.

3. gr.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn náttúruverndarmála.

Við mótun stefnu í náttúruvernd og framkvæmdir og fræðslu á því sviði skal ráð-

herra hafa samráð við Náttúruvernd ríkisins, Náttúruverndarráð, Náttúrufræðistofnun Íslands, bændur og aðra landnotendur, sveitarstjórnir og samtök áhugamanna um náttúruvernd eftir því sem við á hverju sinni.

4. gr.

Náttúruvernd ríkisins er ríkisstofnun undir yfirstjórn umhverfisráðherra.

Umhverfisráðherra skipar að loknum alþingiskosningum Náttúruvernd ríkisins fimm manna stjórn. Þrír skulu skipaðir án tilnefningar, þar af formaður sérstaklega, einn samkvæmt tilnefningu Náttúruverndarráðs og einn samkvæmt tilnefningu samgönguráðherra. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Stjórnin fer með yfirstjórn Náttúruverndar ríkisins. Hún fjallar um starfs- og fjárhagsáætlanir hennar og hefur eftirlit með fjárreiðum og ráðstöfun fjár.

Umhverfisráðherra skipar forstjóra Náttúruverndar ríkisins til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar. Hann skal hafa sérþekkingu sem nýtist honum í starfi. Forstjóri fer í umboði stjórnar Náttúruverndar ríkisins með daglega stjórn stofnunarinnar og hefur yfirumsjón með rekstri hennar. Forstjóri ræður aðra starfsmenn í samráði við stjórn stofnunarinnar.

Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um hlutverk og starfsskyldur forstjóra og stjórnar, svo og um innra skipulag stofnunarinnar.

5. gr.

Hlutverk Náttúruverndar ríkisins er:

a. umsjón, rekstur og eftirlit með náttúruverndarsvæðum í samræmi við lög,
b. eftirlit með því að náttúru landsins sé ekki spillt með athöfnum, framkvæmdum eða rekstri, að svo miklu leyti sem slíkt eftirlit er ekki falið öðrum með sérstökum lögum; ráðherra skal, að höfðu samráði við aðrar stofnanir og aðila sem fara með eftirlit samkvæmt sérstökum lögum, setja í reglugerð nánari ákvæði um eftirlit stofnunarinnar,
c. eftirlit með umferð og umgengni á svæðum í óbyggðum,
d. undirbúningur að friðlýsingu svæða, umsjón með gerð verndaráætlana fyrir náttúruverndarsvæði og skráning náttúruminja,
e. umsjón með gerð skipulagsáætlana fyrir náttúruverndarsvæði í hennar umsjá í samráði við skipulagsstjóra ríkisins,
f. fræðsla á náttúruverndarsvæðum og almenn fræðsla um náttúruvernd, m.a. í fjölmiðlum,
g. rekstur gestastofa á náttúruverndarsvæðum,
h. álitsgerð vegna meiri háttar framkvæmda og rekstrar,
i. friðunar- og uppgræðsluaðgerðir á sviði gróður- og skógverndar, sbr. 18. gr.,
j. skýrslugerð til umhverfisráðherra um ástand náttúruverndarsvæða í umsjá stofnunarinnar, framkvæmdir á þeim o.fl. sem máli skiptir og varðar vörslu svæðanna,
k. önnur störf að náttúruvernd samkvæmt ákvörðun ráðherra.

Umsjón og rekstur friðlýstra svæða.

6. gr.

Náttúruvernd ríkisins hefur umsjón með náttúruverndarsvæðum. Ráðherra getur falið stofnuninni umsjón með öðrum svæðum sem sérstök þykja sakir landslags, gróðurfars eða dýralífs.

Á náttúruverndarsvæðum starfa landverðir og aðrir starfsmenn. Hlutverk landvarða er m.a. að sjá um eftirlit og fræðslu. Umhverfisráðherra setur í reglugerð, að fengnum tillögum Náttúruverndar ríkisins, fyrirmæli um menntun og starfsskyldur þeirra sem starfa á náttúruverndarsvæðum.

Náttúruvernd ríkisins getur falið einstaklingum eða lögaðilum umsjón og rekstur náttúruverndarsvæða að þjóðgörðum undanskildum. Gera skal sérstakan samning um umsjón og rekstur svæðanna sem ráðherra staðfestir. Í samningnum skal kveða á um réttindi og skyldur samningsaðila, mannvirkjagerð á svæðunum og aðrar framkvæmdir, landvörslu, menntun starfsmanna, móttöku ferðamanna, fræðslu og þjónustugjöld. Um ráðstöfun þjónustugjalda fer skv. 35. gr. Náttúruvernd ríkisins hefur eftirlit með því að umsjónar- og rekstraraðili uppfylli samningsskuldbindingar.

Rekstur þjóðgarða.

7. gr.

Í hverjum þjóðgarði starfar þjóðgarðsvörður sem stjórn Náttúruverndar ríkisins ræður til fimm ára í senn að fengnum tillögum forstjóra stofnunarinnar. Þjóðgarðsverðir skulu hafa sérþekkingu á náttúrufræðum og reynslu sem nýtist þeim í starfi.

Þjóðgarðsverðir annast daglegan rekstur þjóðgarða í umboði Náttúruverndar ríkisins. Þeir gera tillögur til stjórnar stofnunarinnar um rekstur og fyrirkomulag þjóðgarða. Náttúruvernd ríkisins getur falið þjóðgarðsvörðum eftirlit og umsjón á öðrum svæðum sem stofnunin ber ábyrgð á.

Gestastofur.

8. gr.

Náttúruvernd ríkisins er heimilt að stofna og reka gestastofur á náttúruverndarsvæðum eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni. Hafa skal samstarf við náttúrustofur sveitarfélaga, sbr. lög nr. 60/1992, um rekstur gestastofa þegar við á. Gera skal sérstakan samning um samstarfið sem umhverfisráðherra staðfestir.

Náttúruvernd ríkisins getur falið sveitarfélögum eða héraðsnefndum umsjón og rekstur gestastofa. Um slíkt skal gera sérstakan samning sem umhverfisráðherra staðfestir.

Framkvæmd eftirlits.

9. gr.

Náttúruvernd ríkisins er heimilt að fela náttúrustofum og náttúruverndarnefndum, sbr. 10. gr., að annast almennt eftirlit með náttúru landsins. Um slíkt skal gera samning sem umhverfisráðherra staðfestir. Í samningnum skal m.a. kveðið á um greiðslur fyrir eftirlitið, menntun eftirlitsmanna, skýrslugerð o.fl. sem máli skiptir.

Nú telur Náttúruvernd ríkisins eða annar eftirlitsaðili skv. 1. mgr. nauðsynlegt að haldið verði uppi sérstöku eftirliti með framkvæmdum og skal þá gera um það samkomulag við framkvæmanda. Í samkomulaginu skal áætla kostnaðarliði eins og mögulegt er hverju sinni. Framkvæmanda ber að endurgreiða Náttúruvernd ríkisins eða öðrum eftirlitsaðila útlagðan kostnað vegna eftirlitsins. Rísi ágreiningur milli eftirlitsaðila og framkvæmanda um efni samkomulagsins eða greiðslur fyrir eftirlitið sker umhverfisráðherra úr.

Að fengnum tillögum Náttúruverndar ríkisins setur ráðherra gjaldskrá um kostnað vegna eftirlits með mannvirkjagerð. Heimilt er Náttúruvernd ríkisins að innheimta útlagðan kostnað með fjárnámi.

Náttúruverndarnefndir.

10. gr.

Á vegum hvers sveitarfélags eða héraðsnefndar skal starfa þriggja til sjö manna náttúruverndarnefnd. Sveitarstjórnir og héraðsnefndir ákveða fjölda nefndarmanna, kjósa þá til fjögurra ára, ákveða formann og setja nefndinni erindisbréf. Varamenn skulu kosnir með sama hætti. Sveitarstjórnir greiða þann kostnað sem hlýst af störfum náttúruverndarnefnda.

Hlutverk náttúruverndarnefnda er að stuðla að náttúruvernd hver á sínu svæði, m.a. með fræðslu, umfjöllun um framkvæmdir og starfsemi sem líkleg er til þess að hafa áhrif á náttúruna og að gera tillögur um úrbætur til sveitarstjórna og Náttúruverndar ríkisins.

Náttúruvernd ríkisins og fulltrúar náttúruverndarnefnda skulu halda a.m.k. einn sameiginlegan fund á ári.

Náttúruverndarráð.

11. gr.

Náttúruverndarráð skal skipað níu mönnum. Umhverfisráðherra skipar sex þeirra í upphafi náttúruverndarþings, fimm að fengnum tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands, Háskóla Íslands, Bændasamtaka Íslands, Ferðamálaráðs og skipulagsstjóra ríkisins og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðsins. Þrír skulu kosnir á náttúruverndarþingi, sbr. 13. gr. Varamenn skulu skipaðir og kosnir með sama hætti.

Framlag, sbr. 3. gr. laga nr. 52/1989, rennur til rekstrar Náttúruverndarráðs. Annan kostnað, sem leiðir af starfsemi ráðsins, skal greiða úr ríkissjóði.

Hlutverk Náttúruverndarráðs.

12. gr.

Náttúruverndarráð skal stuðla að almennri náttúruvernd og fjalla um hvaðeina sem lýtur að náttúruvernd á Íslandi. Náttúruverndarráð er umhverfisráðherra til ráðgjafar um náttúruverndarmál. Ráðið gerir tillögur til ráðherra um friðlýsingar og aðrar verndunaraðgerðir, svo og um svæði á náttúruminjaskrá og skal fjalla um skrána áður en hún er gefin út.

Náttúruverndarráð skal gangast fyrir ráðstefnum og opinni umræðu um náttúruverndarmál. Ráðið tekur í störfum sínum mið af þróun náttúruverndar á alþjóðavettvangi.

Náttúruverndarráð fer með vörslur Friðlýsingarsjóðs og er jafnframt stjórn sjóðsins. Að fenginni tillögu Náttúruverndarráðs setur ráðherra reglugerð um starfsemi Friðlýsingarsjóðs, úthlutanir úr honum o.fl.

Náttúruverndarþing.

13. gr.

Umhverfisráðherra skal boða til náttúruverndarþings tvisvar á kjörtímabili, í fyrra skiptið að loknum alþingiskosningum og síðan tveimur árum síðar.

Náttúruverndarþing er vettvangur þeirra sem fjalla um náttúruverndarmál. Á náttúruverndarþingi skulu eiga sæti, auk Náttúruverndarráðs, fulltrúar setra Náttúrufræðistofnunar Íslands, náttúrustofa, náttúruverndarnefnda, hagsmunaaðila, félagasamtaka og stofnana sem vinna að náttúruvernd, svo og aðrir sem ráðið telur rétt að eigi seturétt hverju sinni. Jafnframt skulu fulltrúar ráðuneyta og þingflokka á Alþingi, forstjórar Náttúruverndar ríkisins og Náttúrufræðistofnunar Íslands, svo og þjóðgarðsverðir, eiga rétt til setu á þinginu með málfrelsi og tillögurétt.

Hlutverk náttúruverndarþings er að fjalla um náttúruvernd og kjósa fulltrúa í Náttúruverndarráð. Ráðið skal undirbúa þingið og leggja fyrir það skýrslu um störf sín.

Formaður Náttúruverndarráðs setur þingið og stýrir því uns það hefur kosið forseta. Þingið setur sér þingsköp. Náttúruverndarráð skal semja reglur fyrir hvert náttúruverndarþing þar sem kveðið er á um seturétt á þinginu, kjörgengi og kosningarrétt þingfulltrúa. Reglurnar skal auglýsa með fullnægjandi hætti fjórum vikum fyrir upphaf náttúruverndarþings. Verði ágreiningur um kjörgengi og kosningarrétt þingfulltrúa skal málum vísað til úrskurðar á þinginu sjálfu.

Seta á náttúruverndarþingi er ólaunuð, en hlutaðeigandi aðilar greiða kostnað fulltrúa. Annar nauðsynlegur kostnaður af þinghaldinu greiðist úr ríkissjóði samkvæmt úrskurði umhverfisráðherra.

Aðgangur almennings að náttúru landsins, umgengni, framkvæmdir o.fl.

14. gr.

Almenningi er heimil för um landsvæði utan landareigna lögbýla, svo og dvöl á þessum svæðum í lögmætum tilgangi.

Gangandi fólki er því aðeins heimil för um eignarlönd manna að þau séu óræktuð og ógirt og að dvöl manna þar hafi ekki í för með sér ónæði fyrir búpening né óhagræði fyrir rétthafa að landinu. Sé land girt þarf leyfi landeigenda til að ferðast um það eða dveljast á því. Sama gildir um ræktuð landsvæði.

15. gr.

Almenningi er heimilt að lesa ber, sem vaxa villt, á óræktuðu landi, til neyslu á vettvangi.

Öllum er heimil berjatínsla á landsvæðum utan landareigna lögbýla.

Umhverfisráðherra er heimilt að leggja bann við notkun tækja eða verkfæra við berjatínslu ef uggvænt þykir að af þeim hljótist spjöll á gróðri.

16. gr.

Öllum er skylt að sýna varúð svo að náttúru landsins sé ekki spillt að þarflausu. Spjöll á náttúru landsins, sem framin eru með ólögmætum hætti af ásetningi eða gáleysi, varða refsingu.

Að fenginni tillögu Náttúruverndar ríkisins setur umhverfisráðherra reglugerð um akstur utan vega, umferð hesta, umgengni í óbyggðum, merkingu bílslóða og vega og leyfilegan öxulþunga vélknúinna ökutækja sem fara um óbyggð svæði. Þar sem hætta er á náttúruspjöllum er akstur utan vega og merktra slóða óheimill.

Náttúruvernd ríkisins getur í verndarskyni tímabundið takmarkað umferð eða lokað svæðum í óbyggðum. Slíkar ákvarðanir skal umhverfisráðherra staðfesta og birta í Sjórnartíðindum.

Á víðavangi er bannað að fleygja frá sér eða skilja eftir rusl sem er til hættu eða óprýði, svo og að bera rusl eða sorp í sjó, í fjörur eða á sjávarbakka, í ár eða árbakka, í læki eða á lækjarbakka. Skylt skal að ganga frá áningarstað og tjaldsvæði er menn hafa tekið sér úti í náttúrunni þannig að ekkert sé þar eftir skilið sem lýti umhverfið.

Bannað er að safna rusli í hauga á almannafæri eða við alfaraleiðir. Skylt er að ganga svo frá sorphaugum að hvorki fjúki úr þeim né fljóti. Hreinsa má rusl á kostnað þess er sannur er að broti á þessum fyrirmælum.

17. gr.

Ekki skal að óþörfu eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt eða saurga vatnsból eða spilla vatni, hvort heldur er rennandi vatn í ám og lækjum eða í stöðuvötnum og brunnum. Nánari ákvæði um þetta skal umhverfisráðherra setja í reglugerð.

18. gr.

Umhverfisráðherra getur í samráði við landbúnaðarráðherra ákveðið friðunar- og uppgræðsluaðgerðir á sviði gróður- og skógverndar.

Náttúruvernd ríkisins skal ásamt Landgræðslu ríkisins vinna að gróðurvernd og hafa eftirlit með ástandi gróðurs. Slíkt eftirlit má þó fela gróðurverndarnefndum að fengnu samþykki umhverfisráðherra og landbúnaðarráðherra.

Náttúruvernd ríkisins skal ásamt Skógrækt ríkisins vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar.

19. gr.

Hafi byggingar, skip í fjöru, bifreiðir eða áhöld eða mannvirki, þar á meðal girðingar, verið skilin eftir í hirðuleysi og grotni þar niður svo að telja verði til lýta eða spjalla á náttúru er eiganda skylt að fjarlægja það.

Fari jörð í eyði er landeigenda skylt að ganga svo frá jarðarhúsum, girðingum, brunnum og öðrum mannvirkjum að ekki valdi hættu fyrir fólk og skepnur né valdi náttúruspjöllum eða sé til lýta.

Sveitarstjórn skal annast framkvæmdir þær, sem nauðsynlegar eru samkvæmt fyrirmælum þessum, á kostnað þess er skylt var að annast þær en hefur látið það ógert.

20. gr.

Við samkomustaði úti í náttúrunni, skemmtisvæði, garðlönd almennings og aðra þvílíka staði, sem almenningi er ætlað að safnast á, skal jafnan komið fyrir nauðsynlegum hreinlætistækjum áður en staðurinn er tekinn til afnota.

21. gr.

Malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám og vikurnám er hverjum manni heimilt í landi sínu ef ekki gengur í berhögg við 22.–30. gr. Sveitarstjórn getur, að fenginni umsögn náttúruverndarnefndar, bannað jarðrask af þessum sökum ef hún telur hættu á að með því verði sérkennilegu landslagi eða merkum náttúruminjum raskað. Skjóta má ákvörðun sveitarstjórnar til umhverfisráðherra sem úrskurðar um málið að fenginni umsögn Náttúruverndar ríkisins.

Í almenningum er bannað allt nám jarðefna er um getur í 1. mgr., nema til komi samþykki umhverfisráðherra eftir að hann hefur leitað umsagnar Náttúruverndar ríkisins.

Um jarðefni til vega fer eftir vegalögum.

22. gr.

Hafi jarðrask orðið við mannvirkjagerð, malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám, eða á annan hátt af mannavöldum, skal þeim er valdið hefur skylt að ganga frá því á snyrtilegan hátt. Náttúruvernd ríkisins getur sett fyrirmæli um hvernig við skal skilið og m.a. sett mönnum ákveðinn frest til að ljúka frágangi.

23. gr.

Valdi fyrirhuguð mannvirkjagerð eða jarðrask hættu á því að landið breyti varanlega um svip eða að merkum náttúruminjum verði spillt er skylt að leita álits Náttúruverndar ríkisins áður en framkvæmdir hefjast.

Ef það er vanrækt getur Náttúruvernd ríkisins krafist atbeina lögreglustjóra til varna því að verk verði hafið eða því fram haldið.

Virkjanir, verksmiðjur og önnur stór mannvirki skulu hönnuð í samráði við Náttúruvernd ríkisins. Sama gildir um vegalagningu til slíkra mannvirkja.

Nánari fyrirmæli samkvæmt þessari grein setur umhverfisráðherra í reglugerð.

24. gr.

Óheimilt er að setja upp auglýsingar meðfram vegum eða annars staðar utan þéttbýlis. Þó er heimilt að setja upp látlausar auglýsingar um atvinnurekstur eða þjónustu eða vörur á eign þar sem slík starfsemi eða framleiðsla fer fram.

Hvers konar áletranir á náttúrumyndanir eru óheimilar. Spjöld með leiðbeiningum fyrir vegfarendur, svo sem um leiðir, nöfn bæja, áningarstaði, þjóðgarða og friðunarsvæði, falla ekki undir ákvæði þessi.

Umhverfisráðherra setur reglur um auglýsingar og leiðbeiningar samkvæmt þessari grein og úrskurðar um vafaatriði.

25. gr.

Eigi má setja byggingar, girðingar né önnur mannvirki á sjávarströnd né á vatnsbakka og árbakka þannig að hindri frjálsa umferð fótgangandi manna. Ákvæði þessarar greinar eiga þó ekki við um þær byggingar eða þau mannvirki sem nauðsynleg eru vegna atvinnurekstrar, þar með talin íbúðarhús bænda, né þau sem reist eru með leyfi réttra yfirvalda á skipulögðum svæðum eða mannvirki sem reist hafa verið fyrir samþykkt þessara laga.

Friðlýsing náttúrumyndana.

26. gr.

Umhverfisráðherra getur, að fengnum tillögum eða áliti Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruverndarráðs, friðlýst sérstæðar náttúrumyndanir, svo sem fossa, eldstöðvar, hella og dranga, svo og fundarstaði steingervinga og sjaldgæfra steintegunda, ef telja verður mikilvægt að varðveita þær sakir fræðilegs gildis þeirra, fegurðar eða sérkenna. Náttúrumyndanir, sem friðlýstar eru samkvæmt þessu ákvæði, nefnast náttúruvætti.

Friðlýsa skal svæði í kringum náttúruvætti, svo sem nauðsynlegt er, til þess að þau fái notið sín, og skal þess greinilega getið í friðlýsingu og markað á staðnum.

Friðlýstum náttúruvættum má enginn granda, spilla né breyta.

Friðlýsing lífvera, búsvæða þeirra og vistkerfa.

27. gr.

Umhverfisráðherra getur, að fengnum tillögum eða áliti Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruverndarráðs, friðlýst lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi sem miklu skiptir frá náttúrufræðilegu eða öðru menningarlegu sjónarmiði að ekki sé raskað, fækkað eða útrýmt.

Friðun getur ýmist verið staðbundin eða tekið til landsins alls.

Ef ætla má að fyrirhugaðar framkvæmdir raski svo náttúrulegu umhverfi að hætta sé á að ákveðnar lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi eyðist eða verði fyrir verulegum skaða getur umhverfisráðherra látið friðlýsingu sína taka til banns við slíkum framkvæmdum, enda sé áður fengin umsögn Náttúruverndar ríkisins og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Friðlýsing landsvæða.

28. gr.

Umhverfisráðherra getur, að fengnum tillögum eða áliti Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruverndarráðs, friðað í heild landsvæði sem mikilvægt er að varðveita sakir sérstaks landslags, gróðurfars eða dýralífs, og nefnast þau landsvæði friðlönd. Má þar ekki raska náttúrufari né gera mannvirki sem spilla svip landsins. Í friðlýsingu skal nánar kveðið á um hversu víðtæk friðunin er, að hve miklu leyti framkvæmdir á landinu eru takmarkaðar umferð og umferðarrétt almennings og notkun veiðiréttar. Þá mega og fylgja friðlýsingu fyrirmæli um nauðsynlegar aðgerðir til þess að almenningur njóti svæðisins, svo sem um lagningu göngustíga, girðingar og þess háttar.

Friðlöndum má enginn, hvorki landeigendur, ábúendur né aðrir, raska að því leyti sem fyrirmæli friðlýsingarinnar taka til.

Umhverfisráðherra getur veitt undanþágu frá settum fyrirmælum í friðlýsingu ef ástæður eru fyrir hendi.

Stofnun þjóðgarða.

29. gr.

Umhverfisráðherra getur, að fengnum tillögum eða áliti Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruverndarráðs, lýst landsvæði þjóðgarð, enda sé það sérstætt um landslag, gróðurfar eða dýralíf eða á því hvílir söguleg helgi þannig að ástæða sé til að varðveita það með náttúrufari sínu og leyfa almenningi aðgang að því eftir tilteknum reglum.

Landsvæði þjóðgarða skulu vera í ríkiseign nema sérstakar ástæður mæli með öðru og um það náist samkomulag milli umhverfisráðherra og landeigenda.

Ráðherra er heimilt að stofna ráðgjafarnefnd með þátttöku hlutaðeigandi sveitarstjórna til að fjalla um rekstur og skipulag þjóðgarða.

Umhverfisráðherra setur, að fenginni tillögu Náttúruverndar ríkisins, reglugerð um meðferð og rekstur þjóðgarða og umgengni almennings.

Stofnun og rekstur fólkvanga.

30. gr.

Nú óskar eitt sveitarfélag eða fleiri að tiltekið svæði verði lýst fólkvangur, og skal það eða þau þá bera fram ósk til Náttúruverndar ríkisins um slíkt. Skal gerð grein fyrir mörkum fólkvangsins og hvaða takmarkanir ákvörðun um fólkvang kunni að setja umráðarétti eigenda lands sem um er að ræða og annað er máli skiptir.

Ef Náttúruvernd ríkisins getur á tillöguna fallist skal það tilkynnt í Lögbirtingablaði, svo og með þeim hætti sem venja er að birta stjórnvaldaauglýsingar á viðkomandi stað, að fyrirhuguð sé stofnun fólkvangs með tilteknum mörkum. Þar skal og nánar gerð grein fyrir hugsanlegum takmörkunum á umráðarétti landeigenda. Jafnframt skal tekið fram að þeir sem geri ekki athugasemdir við stofnun fólkvangs innan tiltekins frests, sem má ekki

vera skemmri en átta vikur, teljist samþykkja þá ákvörðun og fyrirgeri þar með hugsanlegum rétti til bóta.

Þegar frestur skv. 2. mgr. er liðinn skal Náttúruvernd ríkisins ákveða hvort athugasemdir, er kunna að hafa borist, séu svo veigamiklar að ástæða sé til að breyta upphaflegri fyrirætlun eða hverfa frá henni. Gefa skal fulltrúum sveitarfélaga, sem um ræðir í 1. mgr., kost á að vera viðstaddir þegar um þessi mál verður fjallað.

Ef Náttúruvernd ríkisins og fulltrúar sveitarfélaga, sem í hlut eiga, verða sammála um að haldið verði fast við ákvörðun um stofnun fólkvangs, breytta eða óbreytta, skal umhverfisráðherra hlutast til um að dómkvaddir verði matsmenn til meta bætur fyrir tjón er aðilar, sem athugasemdir gera, sbr. 2. mgr., kunna að verða fyrir við stofnun fólkvangs. Um framkvæmd mats fer samkvæmt lögum nr. 11/1973.

Þegar endanlegt mat liggur fyrir skal kannað hvort hlutaðeigandi sveitarfélög óska eftir að formleg ákvörðun verði tekin um stofnun fólkvangs. Ef þau óska slíks og umhverfisráðherra samþykkir skal hann birta ákvörðun um stofnun fólkvangsins í Stjórnartíðindum.

Sveitarfélög, sem hlut eiga að máli, bera allan kostnað sem beinlínis leiðir af stofnun og rekstri fólkvangs að því leyti sem ekki koma til framlög úr ríkissjóði, og skal þeim kostnaði skipt í hlutfalli við íbúatölu sveitarfélaganna næsta ár á undan. Ef sveitarfélag hættir þátttöku í undirbúningi að stofnun fólkvangs er því skylt að greiða áfallinn kostnað hlutfallslega.

Sveitarfélög, sem standa að rekstri fólkvangs, stofna með sér samvinnunefnd er starfar í samráði við Náttúruvernd ríkisins. Í samvinnusamningi skal kveðið á um fjölda nefndarmanna og starfshætti nefndarinnar. Ef ekki er öðruvísi ákveðið ræður afl atkvæða. Þegar um er að ræða atriði sem hafa sérstakan kostnað í för með sér fer þó um atkvæðisrétt eftir greiðsluhlutföllum aðila.

Nú rís ágreiningur um skilning á grein þessari eða upp koma sérstök vafaatriði sem snerta rekstur fólkvangs, og sker þá umhverfisráðherra úr.

Önnur útivistarsvæði.

31. gr.

Til stuðnings við útivist getur Náttúruvernd ríkisins eða náttúruverndarnefndir gengist fyrir að halda opnum göngustígum, strandsvæðum til sjóbaða, vatnsbökkum og öðrum stígum og svæðum sem ástæða er til að halda opnum til að greiða fyrir því að almenningur fái notið náttúrunnar; enn fremur sett upp göngubrýr og girðingarstiga og afmarkað tjaldsvæði og gert annað það er þurfa þykir í þessu skyni.

Framkvæmdir samkvæmt þessari grein skulu einungis gerðar með samþykki landeigenda.

Náttúruminjaskrá.

32. gr.

Umhverfisráðherra gefur út náttúruminjaskrá fjórða hvert ár og auglýsir hana í Stjórnartíðindum.

Náttúruvernd ríkisins skal í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands sjá um öflun gagna og skráningu í náttúruminjaskrá og undirbúa útgáfu hennar. Í skránni skulu vera upplýsingar um öll náttúruverndarsvæði landsins, náttúrumyndanir, lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi sem friðlýst hafa verið samkvæmt lögum þessum. Jafnframt skal skrá

náttúrumyndanir, lönd og lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi sem æskilegt er að friðlýsa.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um skráningu náttúruminja.

Framkvæmd friðlýsingar.

33. gr.

Ef umhverfisráðherra telur ástæðu til friðlýsingar eða annarra náttúruverndaraðgerða samkvæmt lögum þessum skal hann fela Náttúruvernd ríkisins að freista þess að komast að samkomulagi við landeigendur, sveitarstjórnir og aðra er hagsmuna eiga að gæta. Verði samkomulag skal það fært til bókar og staðfest af hlutaðeigandi aðilum.

Ákveði umhverfisráðherra friðlýsingu og liggi ekki þegar fyrir samþykki eigenda eða annarra rétthafa eða sveitarfélags þess er hlut á að máli skal Náttúruvernd ríkisins semja tillögu að friðlýsingunni.

Tillagan skal send landeigendum, ábúendum og öðrum rétthöfum er friðlýsing snertir, svo og sveitarfélögum. Skal þeim gefinn kostur á að gera athugasemdir við friðlýsinguna, koma að mótmælum eða gera bótakröfur til umhverfisráðherra innan fjögurrra mánaða. Jafnframt skal í tillögunni tekið fram að berist kröfur ekki innan þess tíma verði þær ekki teknar til greina í friðlýsingunni.

Berist mótmæli gegn friðlýsingu eða bótakröfur vegna hennar getur umhverfisráðherra reynt samninga á ný um bótakröfurnar og breytt friðlýsingunni í samræmi við mótmælin, enda skerði breytingin í engu rétt annarra.

Þegar tekin hefur verið fullnaðarákvörðun um friðlýsingar og friðunarákvæði birtir umhverfisráðherra þau í Stjórnartíðindum og taka þau gildi frá þeim degi sem þau eru birt. Þau skulu og fest upp á staðnum eftir því sem við verður komið og nauðsynlegt er að mati Náttúruverndar ríkisins.

Ýmis ákvæði.

34. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara skal greiddur úr ríkissjóði eftir því sem fé er til þess veitt á fjárlögum.

35. gr.

Náttúruvernd ríkisins getur ákveðið gjald fyrir veitta þjónustu stofnunarinnar. Þá getur Náttúruvernd ríkisins enn fremur ákveðið gjald fyrir aðgang að náttúruverndarsvæðum þar sem spjöll hafa orðið af völdum ferðamanna eða hætta er á slíkum spjöllum.

Tekjum skv. 1. mgr. skal varið til eftirlits, lagfæringar eða uppbyggingar á sama svæði og þeirra var aflað.

36. gr.

Um sölu jarðar, sem öll eða að hluta hefur verið sett á náttúruminjaskrá skv. 32. gr., fer eftir ákvæðum laga nr. 65/1976 en þó þannig að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt að þeim aðilum frágengnum sem hann er veittur með þeim lögum.

37. gr.

Umhverfisráðherra er heimilt að taka eignarnámi lönd, mannvirki og réttindi til þess að framkvæma friðlýsingu er í lögum þessum greinir.

38. gr.

Hver sá er fyrir fjártjóni verður vegna framkvæmdar á framangreindum ákvæðum á rétt til skaðabóta úr ríkissjóði. Ef samkomulag næst ekki um bætur skulu þær ákveðnar í samræmi við ákvæði laga nr. 11/1973.

39. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, er settar eru samkvæmt þeim, varða sektum eða varðhaldi. Sektir renna í ríkissjóð.

Beita má dagsektum er renna í ríkissjóð til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögunum eða til þess að láta af atferli sem er ólögmætt. Hámark dagsekta skal ákveða í reglugerð.

Umhverfisráðherra skal setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

40. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 47/1971, um náttúruvernd.

Lög nr. 59/1928, um friðun Þingvalla, halda gildi sínu þrátt fyrir gildistöku laga þessara.

Breyting á öðrum lögum.

41. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

a. *Lög um bann gegn jarðraski, nr. 123/1940, ásamt síðari breytingum:* Í stað orðsins „náttúruverndarráðs“ í 2. gr. laganna kemur: Náttúruverndar ríkisins.

b. *Lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 36/1974, með síðari breytingum:*

1. Í stað orðsins „Náttúruverndarráðs“ í 1., 2. og 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: Náttúruverndar ríkisins.
2. 4. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:
   Þá eru heimilar án sérstaks leyfis Náttúruverndar ríkisins byggingar samkvæmt staðfestu skipulagi, enda hafi stofnunin fallist á skipulagsáætlun þá sem um er að ræða.
3. 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Umhverfisráðherra skipar stjórn stöðvarinnar samkvæmt tilnefningum Náttúrufræðistofnunar Íslands, raunvísindadeildar Háskóla Íslands, hreppsnefndar Skútustaðahrepps, Landeigendafélags Laxár og Mývatns og Náttúruverndar ríkisins og skal fulltrúi hennar vera formaður stjórnar.
4. Í stað orðanna „umhverfisráðuneytið setur, að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs“ í 3. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: umhverfisráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar náttúrurannsóknastöðvarinnar.
5. Í stað orðanna „Umhverfisráðuneytið setur, að fengnum tillögum heilbrigðisráðuneytisins og Náttúruverndarráðs“ í 1. málsl. 5. gr. laganna kemur: Umhverfisráðherra setur, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins og Náttúruverndar ríkisins.

6. Í stað orðsins „Náttúruverndarráð“ í 6. gr. laganna kemur: Náttúruvernd ríkisins.

c. *Lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992:* Í stað orðsins „Náttúruverndarráð“ í 5. mgr. 3. gr. laganna kemur: Náttúruvernd ríkisins.

d. *Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994:*
   1. Í stað orðsins „Náttúruverndarráði“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: Náttúruvernd ríkisins.
   2. Í stað orðsins „Náttúruverndarráðs“ í 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: Náttúruverndar ríkisins.

e. *Lög um skipulag ferðamála, nr. 117/1994:*
   1. Í stað orðsins „Náttúruverndarráð“ í 9. tölul. 7. gr. laganna kemur: Náttúruvernd ríkisins.
   2. Í stað orðanna „Náttúruverndarráðs nema samþykki þess komi til“ í 2. mgr. 30. gr. laganna kemur: Náttúruverndar ríkisins nema samþykki hennar komi til.

f. *Lög um vernd Breiðafjarðar, nr. 54/1995:* Í stað orðsins „Náttúruverndarráð“ í 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: Náttúruvernd ríkisins.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 40. gr. skal umhverfisráðherra þegar skipa stjórn Náttúruverndar ríkisins og skal hún undirbúa starfsemi stofnunarinnar.

Reglugerð skv. b-lið 5. gr. skal öðlast gildi um leið og lög þessi.

Ráðherra skal boða til fyrsta náttúruverndarþings, sbr. 13. gr., í janúar 1997. Náttúruverndarráð það sem lætur af störfum við gildistöku laga þessara skal undirbúa þingið.

Lög þessi skal endurskoða í heild sinni innan tveggja ára frá gildistöku.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af starfshópi sem umhverfisráðherra fól að endurskoða stjórnskipan náttúruverndarmála. Í starfshópnum áttu sæti Guðjón Ólafur Jónsson, aðstoðarmaður umhverfisráðherra, formaður, Ingimar Sigurðsson, skrifstofustjóri í umhverfisráðuneytinu, og alþingismennirnir Árni M. Mathiesen og Valgerður Sverrisdóttir. Við vinnu sína studdist hópurinn m.a. við fyrri frumvörp um sama efni sem lögð voru fram á 117. og 118. löggjafarþingi og þær athugasemdir sem við þau voru gerðar.

Lengi hefur verið talið brýnt að endurskoða lög um náttúruvernd. Umhverfisráðherra ákvað að skipta endurskoðuninni í tvennt, þ.e. að endurskoða annars vegar eingöngu stjórnskipulag náttúruverndarmála og hins vegar í síðari áfanga lögin í heild sinni og þar með efnisatriði þeirra.

Frumvarp þetta felur í sér verulegar breytingar á stjórn náttúruverndarmála og örfáar efnisbreytingar á lögum um náttúruvernd. Þar sem um mjög viðamiklar breytingar er að ræða, sem snerta flestar greinar gildandi laga, þykir horfa til skilningsauka og einföldunar að leggja fram heildstætt frumvarp til nýrra náttúruverndarlaga.

Allt frá stofnun umhverfisráðuneytis, sbr. lög nr. 3/1990, um breytingu á lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, hefur verið ljóst að nauðsynlegt væri að breyta stjórnunarþætti laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, og aðlaga yfirstjórn og frumkvæði mála sem tilheyra málaflokknum að hlutverki umhverfisráðuneytis.

Gildandi lög um náttúruvernd, nr. 47/1971, eru að stofni til frá árinu 1956, sbr. lög nr. 48/1956, um náttúruvernd, en það voru fyrstu almennu lögin um náttúruvernd hér á landi. Samkvæmt þeim var hlutverk Náttúruverndarráðs að mörgu leyti sambærilegt við hlutverk ráðsins samkvæmt núgildandi lögum þótt skipan þess væri með öðrum hætti. Hins vegar var hlutverk náttúruverndarnefnda töluvert annað og meira en lög nr. 47/1971 gera ráð fyrir og var nefndunum m.a. ætlað að undirbúa friðlýsingu landsvæða, hafa eftirlit með framkvæmdum o.fl.

Stærsta breytingin á stjórn náttúruverndarmála með gildistöku laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, var stofnun náttúruverndarþings, en með því var tryggður umræðu- og samstarfsvettvangur áhugamanna um náttúruvernd og sérfræðinga á því sviði. Í ljósi þeirrar reynslu, sem þá var fengin af lögum nr. 48/1956, var dregið úr frumkvæðishlutverki náttúruverndarnefnda og það ýmist fengið sveitarstjórnum eða Náttúruverndarráði.

Unnið hefur verið að endurskoðun laga um náttúruvernd um langt skeið. Menntamálaráðherra lagði t.d. fram á Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984–85 frumvarp til laga um náttúruvernd sem samið var að tilstuðlan náttúruverndarþings og Náttúruverndarráðs. Það frumvarp varð ekki útrætt á því þingi og var ekki endurflutt. Náttúruverndarráð fjallaði á næstu árum þar á eftir ítarlega um framtíðarskipan náttúruverndarmála og varð sammála um að breytingar væru óumflýjanlegar í ljósi þeirrar þróunar sem átt hafði sér stað frá því að náttúruverndarlögin voru samþykkt árið 1971. Elín Pálmadóttir, þáverandi varaformaður Náttúruverndarráðs, kynnti tillögur ráðsins um breytingar á 6. náttúruverndarþingi 1987 fyrir hönd ráðsins og sagði þá m.a.:

„Miðað við þau verkefni sem Náttúruverndarráð hefur lögum samkvæmt, sýnist tilurð þess orðin óeðlileg, þ.e. þetta blandaða kjör þar sem ráðherra skipar formann og varaformann og frjáls félög, sín úr hverri áttinni, auk náttúruverndarnefndanna, kjósa sex fulltrúa sína. Þegar til daglegra vinnubragða kemur er ráðinu svo ætlað að starfa á ábyrgð ráðherra. Það hefur vissa ábyrgð gagnvart stefnu ríkisstjórnarinnar og framkvæmd hennar, eins og hún er hjá ríkisstjórn hverju sinni. Náttúruverndarráð er rekið í umboði ráðherra og fyrir fé úr ríkissjóði. Það getur ekki eðli sínu samkvæmt starfað sem frjálst félag þótt meiri hluti ráðsmanna taki umboð sitt úr þeirri átt og við höfum orðið vör við þennan tvískinnung, t.d. í hvalamálinu. Stjórnskipulega er Náttúruverndarráð því hálfgerður bastarður. Raunar voru strax skiptar skoðanir um þetta fyrirkomulag 1971, enda hvergi verið tekið upp síðan. Við teljum farsælla að greina þarna á milli. Rekstur verði skilvirkari með því að vera ráðuneytisdeild er veiti um leið meira svigrúm fyrir frjálsu félögin sem eðlilega hafa tilhneigingu til að telja málin alfarið í verkahring Náttúruverndarráðs og það dregið kraftinn úr þeim. Auk þess sem sífellt er verið að rugla þessum aðilum og störfum þeirra saman. Uppstokkun á verktilhögun og vinnubrögðum er því að okkar dómi löngu tímabær."

Á tímabilinu 1988–90 var lítið rætt um endurskoðun náttúruverndarlaga vegna umræðu um stofnun umhverfisráðuneytis. Eftir stofnun þess var þráðurinn tekinn upp að nýju og snemma árs 1991 ákvað Náttúruverndarráð að endurskoða verksvið sitt í ljósi breyttra aðstæðna og semja tillögu um nýja náttúruverndarstefnu. Í framhaldi af því kynnti Náttúruverndarráð drög að stefnu í náttúruvernd á 8. náttúruverndarþingi í október 1993 ásamt ítarlegri greinargerð.

Á 117. löggjafarþingi 1993–94 var lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 47/1971, með síðari breytingum. Samkvæmt frumvarpinu var yfirstjórn náttúruverndarmála löguð að stofnun umhverfisráðuneytis og frumkvæði ýmissa verkefna færð frá Náttúruverndarráði til ráðuneytisins. Einnig voru nokkrar breytingar

gerðar á hinum eiginlegu náttúruverndarreglum. Í frumvarpinu var lagt til að sérstök stofnun, Landvarsla ríkisins, yrði sett á laggirnar og átti hún að taka við rekstrarhlutverki Náttúruverndarráðs. Helsta hlutverk stofnarinnar samkvæmt frumvarpinu var að sjá um þjóðgarða og önnur friðlýst svæði og náttúruminjar, almennt eftirlit með náttúru landsins, svo og að hafa forgöngu um fræðslu. Náttúruverndarþing skyldi haldið annað hvert ár og átti það að kjósa fulltrúa í Náttúruverndarráð. Ráðið átti m.a. að vera stefnumarkandi í náttúruverndarmálum, stuðla að almennri náttúruvernd í landinu og vera stjórnvöldum til ráðgjafar um þau mál. Jafnframt skyldi Náttúruverndarráð hafa eftirlitshlutverki að gegna. Ekki voru lagðar til breytingar á hlutverki náttúruverndarnefnda. Frumvarp þetta varð ekki að lögum.

Á 118. löggjafarþingi 1994 var framangreint frumvarp lagt fram að nýju að mestu óbreytt. Þó voru gerðar veigamiklar breytingar á hlutverki Náttúruverndarráðs og m.a. byggt á þeirri forsendu að Náttúruverndarráð sinnti ekki stjórnsýslu á vegum ríkisins þótt það yrði áfram á fjárlögum. Frumvarp þetta hlaut sömu örlög og það sem lagt var fram á 117. löggjafarþingi.

Eins og fyrr greinir þykir löngu tímabært að endurskoða núgildandi lög vegna þeirra breytinga sem orðið hafa á skipan náttúruverndarmála í stjórnkerfinu. Enn fremur hafa orðið verulegar breytingar á viðhorfi fólks til náttúruverndar og ný löggjöf verið sett á undanförnum árum sem áhrif hefur á framkvæmd náttúruverndarmála. Má þar t.d. nefna lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, lög nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, lög nr. 21/1993, um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál, lög nr. 63/1993, um mat á um hverfisáhrifum, og lög nr. 54/1995, um vernd Breiðafjarðar.

Í því frumvarpi, sem hér er lagt fram, er lögð áhersla á að laga stjórn náttúruverndarmála að stofnun umhverfisráðuneytisins. Kveðið er skýrt á um yfirstjórn umhverfisráðherra og stofnun Náttúruverndar ríkisins sem verður undir yfirstjórn hans. Verkefni Náttúruverndarráðs færast til ráðherra og Náttúruverndar ríkisins, en ráðið verður til ráðgjafar og mun fjalla um hvaðeina er lýtur að náttúruvernd hér á landi.

Umhverfisráðherra mun eins og áður sagði fara með yfirstjórn málaflokksins. Náttúruvernd ríkisins mun starfa undir yfirstjórn hans. Ráðherra mun skipa stofnuninni fimm manna stjórn, svo og forstjóra hennar til fimm ára í senn. Þá mun umhverfisráðherra skipa sex af níu mönnum í Náttúruverndarráð. Hann mun og boða til náttúruverndarþings í stað Náttúruverndarráðs eins og nú er. Í samræmi við eðlilega stjórnsýslu verður heimild til setningar reglugerða færð frá Náttúruverndarráði til ráðherra. Þá er enn fremur í frumvarpinu kveðið á um staðfestingu ráðherra á ýmiss konar samningum á sviði náttúruverndar. Heimild til friðlýsingar flyst frá Náttúruverndarráði til umhverfisráðherra. Þá mun ráðherra og gefa út náttúruminjaskrá fjórða hvert ár. Fullnaðarákvörðun um stofnun fólkvangs verður og á hendi ráðherra.

Samkvæmt frumvarpinu verður sett á fót ný ríkisstofnun, Náttúruvernd ríkisins, sem mun að öðru leyti taka við daglegum rekstri og verkefnum Náttúruvermdarráðs. Náttúruvernd ríkisins verður þó byggð á gömlum grunni þar sem í raun er um að ræða skrifstofu Náttúruverndarráðs, sem nú er kostuð af ríkissjóði en verður nú aðskilin frá ráðinu og fær betur skilgreinda stöðu innan ríkiskerfisins. Stofnunin mun lúta stjórn fimm manna sem umhverfisráðherra skipar, þar af tilnefna Náttúruverndarráð og samgönguráðherra hvort sinn. Í frumvarpinu eru hlutverk stofnunarinnar og verkefni skilgreind rækilega. Náttúruvernd ríkisins mun hafa eftirlit með að náttúru landsins verði ekki spillt, taka við rekstri og eftirliti með friðlýstum svæðum, sjá um undirbúning friðlýsingar, gera

verndaráætlanir fyrir náttúruverndarsvæði og skrá náttúruminjar. Þá mun stofnunin enn fremur sjá um að gerðar verði skipulagsáætlanir fyrir náttúruverndarsvæði og annast fræðslu um náttúruvernd, rekstur gestastofa á náttúruverndarsvæðum og álitsgerð um meiri háttar framkvæmdir eða rekstur. Náttúruvernd ríkisins mun og vinna að gróðurvernd og hafa eftirlit með ástandi gróðurs og náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar. Loks mun stofnunin annast skýrslugerð til ráðherra um ástand náttúruverndarsvæða.

Hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands er nú allt annað en var við setningu laga um náttúruvernd, nr. 47/1971, sbr. lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992. Því þykir rétt að stofnunin taki meiri þátt í undirbúningi friðlýsingar og geti gert tillögur til ráðherra og veiti umsagnir um friðlýsingu. Þá skal gætt samráðs við stofnunina við öflun gagna og skráningu á náttúruminjaskrá.

Með frumvarpinu breytist hlutverk Náttúruverndarráðs. Ráðið verður skipað níu mönnum, sex skipuðum af ráðherra í upphafi hvers náttúruverndarþings, þar af fimm samkvæmt tilnefningu fag- og hagsmunaaðila, og þremur kosnum á náttúruverndarþingi. Ráðið verður því bæði skipað sérfræðingum og áhugamönnum um náttúruvernd. Náttúruverndarráð mun ekki annast stjórnsýslu á vegum ríkisins eða bera ábyrgð á ríkisrekstri. Meginhlutverk ráðsins er að stuðla að almennri náttúruvernd með ráðgjöf og stefnumótun. Ráðið skal vera ráðherra til ráðgjafar um náttúruverndarmál. Því er falið að gangast fyrir ráðstefnum og opinni umræðu um náttúruverndarmál og getur gert tillögur til ráðherra um friðlýsingar og aðrar verndunaraðgerðir. Náttúruverndarráð skal fjalla um náttúruminjaskrá áður en hún er gefin út. Þá fer ráðið enn fremur með vörslur og úthlutanir úr Friðlýsingarsjóði eins og verið hefur.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að náttúruverndarþing sé haldið tvisvar á kjörtímabili, að loknum alþingiskosningum og aftur tveimur árum síðar. Náttúruverndarráð situr því milli náttúruverndarþinga og fylgir skipunartíma ráðherra.

Í samræmi við stefnu umhverfisráðherra um að flytja ábyrgð á náttúruverndarmálum í auknum mæli heim í hérað er í frumvarpinu m.a. kveðið á um heimild til að fela náttúrustofum og náttúruverndarnefndum sveitarfélaga almennt eftirlit með náttúru landsins. Þá er enn fremur heimilt að fela einstaklingum eða lögaðilum umsjón og rekstur annarra náttúruverndarsvæða en þjóðgarða og sveitarfélögum eða héraðsnefndum umsjón og rekstur gestastofa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 2. gr.

Í greininni er að finna skilgreiningar á náttúruverndarsvæðum og náttúruminjum. Með náttúruverndarsvæðum er átt við friðlýst svæði, þ.e. náttúruvætti, friðlönd, þjóðgarða og fólkvanga, auk svæða á náttúruminjaskrá og afmarkaðra svæða sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum. Til náttúruminja teljast náttúruverndarsvæði, lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi sem hafa verið friðlýst eða ástæða er til að friðlýsa.

Um 3. gr.

Í greininni er kveðið á um yfirstjórn umhverfisráðherra í náttúruverndarmálum. Kveðið er á um samráð ráðherra við Náttúruvernd ríkisins, Náttúruverndarráð, Náttúrufræðistofnun Íslands, bændur og aðra landnotendur, sveitarstjórnir og samtök áhugamanna, allt eftir því sem við á hverju sinni.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að sett verði á fót sérstök ríkisstofnun undir yfirstjórn umhverfisráðherra sem beri heitið Náttúruvernd ríkisins. Að loknum hverjum alþingiskosningum skal ráðherra skipa stofnuninni fimm manna stjórn sem fer með yfirstjórn hennar. Þrír skulu skipaðir án tilnefningar, þar af formaður sérstaklega, einn samkvæmt tilnefningu Náttúruverndarráðs og einn samkvæmt tilnefningu samgönguráðherra, en undir hann heyra öll samgöngumál, m.a. öll vegagerð, auk ferðamála. Er því eðlilegt að hann tilnefni einn stjórnarmann stofnunarinnar. Þá er mælt fyrir um að ráðherra skipi forstjóra Náttúruverndar ríkisins til fimm ára að fengnum tillögum stjórnar. Hann skal fara með daglegan rekstur stofnunarinnar í umboði stjórnar og ráða til hennar starfsmenn í samráði við stjórn.

Starfshópur sá, er samdi frumvarpið, ákvað að velja Náttúruvernd ríkisins sem heiti á þá ríkisstofnun er hér um ræðir. Áður höfðu komið upp hugmyndir, m.a. um Friðlönd ríkisins og Landvörslu ríkisins, sem notaðar voru í frumvarpi því er lagt var fyrir 118. löggjafarþing. Náttúruvernd ríkisins þykir hins vegar lýsa best starfsemi stofnunarinnar og þeim verkefnum sem henni er ætlað að taka við af Náttúruverndarráði. Með því er og gætt samræmis í heitum undirstofnana umhverfisráðuneytisins, sbr. Hollustuvernd ríkisins.

Um 5. gr.

Í greininni er ítarlega kveðið á um hlutverk Náttúruverndar ríkisins, m.a á náttúruverndarsvæðum og svæðum í óbyggðum, við eftirlit, friðlýsingar, skráningu náttúruminja, skipulagsáætlanir, fræðslu, álitsgerð í sérstökum tilvikum, gróðurvernd og skýrslugerð til ráðherra.

Það verður eitt aðalhlutverk Náttúruverndar ríkisins að annast eftirlit með því að náttúru landsins sé ekki spillt með athöfnum, framkvæmdum eða rekstri, að svo miklu leyti sem slíkt eftirlit er falið öðrum með sérstökum lögum. Sérstök lög um eftirlit eru lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, þar sem kveðið er á um heilbrigðiseftirlit og mengunareftirlit og hlutverk heilbrigðisnefnda sveitarfélaga og Hollustuverndar ríkisins, lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, með síðari breytingum, þar sem m.a. er kveðið á um hlutverk Hollustuverndar ríkisins varðandi eftirlitið, lög nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, þar sem m.a. er að finna ákvæði um matsskyldar framkvæmdir og hlutverk Skipulags ríkisins varðandi framkvæmd laganna, lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, þar sem m.a. er kveðið á um eftirlit með vinnustöðum og hlutverk Vinnueftirlits ríkisins, skipulagslög, nr. 19/1964, með síðari breytingum, þar sem m.a. er kveðið á um að landið allt sé skipulagsskylt og um hlutverk skipulagsstjórnar ríkisins og skipulagsstjóra ríkisins, og byggingarlög, nr. 54/1978, með síðari breytingum, sem hafa m.a. að geyma ákvæði um byggingar og önnur mannvirki er hafa áhrif á útlit umhverfisins og eftirlit byggingarnefnda sveitarfélaganna og skipulagsstjórnar ríkisins.

Að svo miklu leyti sem eftirlit með því að náttúru landsins sé ekki spillt er ekki í höndum framangreindra aðila félli það í hlut Náttúruverndar ríkisins þannig að öllum eftirlitsþáttum ætti að vera sinnt. Til þess að ekkert fari milli mála er gert ráð fyrir að umhverfisráðherra setji, að höfðu samráði við framangreinda aðila, reglugerð um eftirlit Náttúruverndar ríkisins. Í ákvæðum til bráðabirgða er að finna fyrirmæli um að reglugerðin öðlist gildi um leið og lögin, þ.e. 1. janúar 1997. Það yrði m.a. hlutverk stjórnar stofnunarinnar, sem ætlunin er samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða að skipa þegar frá og með samþykkt laganna, að vinna drög að slíkri reglugerð.

Um 6. gr.

Samkvæmt greininni er Náttúruvernd ríkisins falin umsjón með náttúruverndarsvæðum. Jafnframt er kveðið á um störf landvarða og annara starfsmanna, en gert er ráð fyrir að ráðherra setji í reglugerð fyrirmæli um menntun og starfsskyldur þeirra.

Í 3. mgr. er ákvæði þess efnis að Náttúruvernd ríkisins geti falið einstaklingum eða lögaðilum umsjón og rekstur náttúruverndarsvæða ef frá eru taldir þjóðgarðar. Í slíkum tilvikum skal gera sérstakan samning sem háður er staðfestingu ráðherra.

Um 7. gr.

Í greininni er fjallað um rekstur þjóðgarða. Í hverjum þjóðgarði skal starfa þjóðgarðsvörður sem stjórn Náttúruverndar ríkisins ræður til fimm ára í senn. Hann skal hafa sérþekkingu á náttúrufræðum. Þjóðgarðsverðir sjá um daglegan rekstur þjóðgarða, en hægt er að fela þeim eftirlit og umsjón með öðrum svæðum á vegum Náttúruverndar ríkisins.

Um 8. gr.

Náttúruvernd ríkisins er með greininni veitt heimild til að reka gestastofur á náttúruverndarsvæðum. Í slíkum stofum er einkum ætlunin að veita gestum upplýsingar um náttúru staðarins, jarðmyndanir og lífríki, reglur sem gilda á svæðinu, náttúruvernd, sögu byggðar og landnýtingu. Ákvæðið er nýmæli og tekur mið af þeirri þróun sem orðið hefur og stefnumörkun Náttúruverndarráðs um þjónustu við ferðamenn á friðlýstum svæðum. Nú þegar eru reknar gestastofur við Gullfoss og Mývatn og gerðar hafa verið áætlanir um gestastofur í þjóðgörðunum í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum. Gert er ráð fyrir að Náttúruvernd ríkisins geti rekið gestastofu í samstarfi við náttúrustofur sveitarfélaga samkvæmt samningi þar um sem umhverfisráðherra skal staðfesta. Þá er enn fremur gert ráð fyrir að stofnunin geti falið sveitarfélögum eða héraðsnefndum umsjón og rekstur gestastofa.

Um 9. gr.

Samkvæmt frumvarpinu er Náttúruvernd ríkisins falið almennt eftirlit með náttúru landsins. Stofnunin getur þó með samningi, sem ráðherra skal staðfesta, falið náttúrustofum eða náttúruverndarnefndum sveitarfélaga eða héraðsnefnda að annast slíkt eftirlit. Með þessu er leitað leiða til að færa náttúruvernd í auknum mæli til heimamanna sjálfra og efla þar með ábyrgð og vitund þeirra manna sem gerst þekkja til og mest eiga undir öflugri náttúruvernd.

Í 2. mgr. er nánar kveðið á um sérstakt eftirlit með framkvæmdum. Ef nauðsynlegt er að mati Náttúruverndar ríkisins eða annars eftirlitsaðila að halda uppi sérstöku eftirliti skal gera samkomulag þar um við framkvæmanda og ber honum að endurgreiða útlagðan kostnað stofnunarinnar eða eftirlitsaðila vegna eftirlitsins.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ráðherra skuli setja gjaldskrá vegna eftirlits með mannvirkjagerð og fjárnámsheimild Náttúruverndar ríksins vegna útlagðs kostnaðar.

Um 10. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 3. gr. gildandi laga að því viðbættu að kveðið er á um að Náttúruvernd ríkisins og náttúruverndarnefndir haldi sameiginlegan fund að minnsta kosti einu sinni á ári.

Um 11. gr.

Í greininni er kveðið á um nýja skipan Náttúruverndarráðs. Í því skulu eiga sæti níu manns í stað sjö eins og nú er. Umhverfisráðherra skal skipa sex þeirra í upphafi náttúruverndarþings, fimm samkvæmt tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands, Háskóla Íslands, Bændasamtaka Íslands, Ferðamálaráðs og skipulagsstjóra ríkisins og þann sjötta án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðsins. Þrír skulu kosnir á náttúruverndarþingi. Gert er ráð fyrir að varamenn verði tilnefndir og kosnir á sama hátt.

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52/1989, renna 5% af árlegum tekjuafgangi Endurvinnslunnar hf. til Náttúruverndarráðs. Rétt þykir að árétta það í frumvarpi þessu. Annar kostnaður af starfsemi ráðsins greiðist úr ríkissjóði.

Um 12. gr.

Í greininni er kveðið á um hlutverk Náttúruverndarráðs. Ráðið skal stuðla að almennri náttúruvernd og fjalla um hvaðeina sem að henni lýtur. Þá er gert ráð fyrir að Náttúruverndarráð verði umhverfisráðherra til ráðgjafar og geri jafnframt tillögur til ráðherra um friðlýsingar og aðrar verndunaraðgerðir. Þá skal ráðið fjalla um náttúruminjaskrá áður en hún er gefin út.

Í 3. mgr. er kveðið á um Náttúruverndarráð skuli fara með vörslur Friðlýsingarsjóðs og jafnframt vera stjórn sjóðsins. Er það í samræmi við ákvæði 3. gr. skipulagsskrár fyrir Þjóðhátíðarsjóð, nr. 361/1977. Ráðherra skal samkvæmt frumvarpinu setja reglugerð um starfsemi sjóðsins og úthlutanir úr honum.

Um 13. gr.

Í greininni er fjallað um náttúruverndarþing sem umhverfisráðherra skal boða til tvisvar á kjörtímabili, fyrst að loknum alþingiskosningum og síðan tveimur árum síðar. Þingið er vettvangur þeirra er fjalla um náttúruverndarmál og er nánar kveðið á um í greininni hverjir eigi rétt til setu á því, hlutverk þingsins og annað er máli skiptir. Seta á náttúruverndarþingi er ólaunuð en annan kostnaður skal greiðast úr ríkissjóði.

Um 14. gr.

Greinin er samhljóða 11. gr. gildandi laga.

Um 15. gr.

Greinin er samhljóða 12. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að umhverfisráðherra er í 3. mgr. veitt heimild til að leggja bann við notkun tækja og verkfæra við berjatínslu í stað Náttúruverndarráðs.

Um 16. gr.

Greinin er efnislega svo til samhljóða 13. gr. gildandi laga. Gert er ráð fyrir í 2. mgr. að umhverfisráðherra setji, að fenginni tillögu Náttúruverndar ríkisins, reglugerð um akstur utan vega, umferð hesta, umgengni í óbyggðum, merkingu bílslóða og vega og leyfilegan öxulþunga vélknúinna ökutækja sem fara um óbyggð svæði.

Í 3. mgr. er mælt svo fyrir að Náttúruvernd ríkisins geti í verndarskyni tímabundið takmarkað umferð eða lokað svæðum í óbyggðum. Umhverfisráðherra verður þó að staðfesta þær ákvarðanir og birta í Stjórnartíðindum.

Um 17. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 14. gr. gildandi laga.

Um 18. gr.

Grein þessi kemur í stað 5.–7. mgr. 7. gr. gildandi laga og er efnislega í samræmi við þær að breyttu breytanda.

Um 19. gr.

Greinin er samhljóða 15. gr. gildandi laga.

Um 20. gr.

Greinin er samhljóða 16. gr. gildandi laga.

Um 21. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 17. gr. gildandi laga. Gert er ráð fyrir að ráðherra leiti umsagnar Náttúruverndar ríkisins, sbr. 1. og 2. mgr., í stað Náttúruverndarráðs eins og nú er.

Um 22. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 18. gr. gildandi laga. Gert er ráð fyrir að Náttúruvernd ríkisins geti sett fyrirmæli um frágang vegna jarðrasks í stað Náttúruverndarráðs eins og nú er.

Um 23. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 29. gr. gildandi laga. Náttúruvernd ríkisins tekur við hlutverki Náttúruverndarráðs samkvæmt greininni.

Um 24. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 19. gr. gildandi laga. Heimild til setningar reglna skv. 3. mgr. verður hjá umhverfisráðherra í stað Náttúruverndarráðs.

Um 25. gr.

Greinin er samhljóða 20. gr. gildandi laga.

Um 26. gr.

Greinin fjallar um friðlýsingar sérstæðra náttúrumyndana, sbr. 22. gr. gildandi laga. Í greininni er kveðið á um að umhverfisráðherra geti friðlýst sérstæðar náttúrumyndanir sem þá nefnast náttúruvætti. Samkvæmt gildandi lögum hefur Náttúruverndarráð þessa heimild. Eðlilegt þykir eftir stofnun ráðuneytis umhverfismála að umhverfisráðherra fari með heimildina. Ráðherra skal leita tillagna eða álits Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruverndarráðs áður en ákvörðun um friðlýsingu er tekin.

Þá er felld niður heimild Náttúruverndarráðs skv. 3. mgr. til að gefa fyrirmæli um að breyta, spilla eða eyða friðlýstum náttúruvættum, enda verður að telja þá heimild óeðlilega.

Um 27. gr.

Greinin fjallar um sama efni og 23. gr. gildandi laga. Í 1. mgr. er kveðið á um heimild umhverfisráðherra til að friðlýsa, að fengnum tillögum eða áliti Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruverndarráðs, lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi, enda skipti miklu út frá náttúrufræðilegu eða öðru menningarlegu sjónarmiði að þeim sé ekki raskað, fækkað eða útrýmt.

Um 28. gr.

Í greininni er kveðið á um að umhverfisráðherra geti, að fengnum tillögum eða áliti Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruverndarráðs, friðlýst sérstök landsvæði, en samkvæmt gildandi lögum er sú heimild á hendi Náttúruverndarráðs. Ráðherra fær að sama skapi heimild til að veita undanþágu frá settum fyrirmælum í friðlýsingu í stað Náttúruverndarráðs.

Um 29. gr.

Á sama hátt og áður greinir þykir rétt að umhverfisráðherra hafi heimild til að lýsa landsvæði þjóðgarð í stað Náttúruverndarráðs eins og nú er. Áður skal ráðherra leita tillagna eða álits Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruverndarráðs. Samkvæmt gildandi lögum er það skilyrði að umrætt landsvæði sé í ríkiseign. Áfram þykir eðlilegt að það sé meginreglan, en í 2. mgr. er heimilað í undantekningartilvikum að landsvæði þjóðgarða sé í eigu annarra, enda náist samkomulag þar að lútandi milli umhverfisráðherra og landeigenda.

Í 3. mgr. er ráðherra veitt heimild til að stofna ráðgjafarnefnd með þátttöku hlutaðeigandi sveitarstjórna um rekstur og skipulag þjóðgarða. Um rekstur þjóðgarða er nánar fjallað í 7. gr.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir að umhverfisráðherra setji reglugerð um meðferð og rekstur þjóðgarða og umgengni almennings.

Um 30. gr.

Í grein þessari er rætt um stofnun fólkvanga, sbr. 26. gr. gildandi laga. Lagt er til að Náttúruvernd ríkisins taki við verkefnum Náttúruverndarráðs á þessu sviði, þó þannig að umhverfisráðherra tekur ákvörðun um stofnun fólkvangs og birtir hana í Stjórnartíðindum, sbr. 6. mgr. Þá þykir enn fremur rétt að hann hafi einn úrskurðarvald það sem kveðið er á um í 8. mgr. Að öðru leyti er ekki um breytingar að ræða á efni greinarinnar.

Um 31. gr.

Greinin er samhljóða 27. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að Náttúruvernd ríkisins tekur við hlutverki Náttúruverndarráðs.

Um 32. gr.

Í greininni er að finna skýrari ákvæði um náttúruminjaskrá en í gildandi lögum. Umhverfisráðherra skal samkvæmt greininni gefa skrána út fjórða hvert ár og auglýsa í Stjórnartíðindum. Náttúruvernd ríkisins skal í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands sjá um öflun gagna og skráningu í náttúruminjaskrá og annast útgáfu hennar.

Um 33. gr.

Greinin kemur í stað 30.–33. gr. gildandi laga og fjallar um framkvæmd friðlýsingar. Rétt þykir til einföldunar og samræmis að hafa ákvæði þessi í einni lagagrein.

Telji umhverfisráðherra ástæðu til friðlýsingar eða annarra náttúruverndaraðgerða á að hann að fela Náttúruvernd ríkisins að ná samkomulagi við landeigendur, sveitarstjórnir og aðra hagsmunaaðila. Liggi ekki fyrir samkomulag um friðlýsingu skal ráðherra fela Náttúruvernd ríkisins að semja tillögu að friðlýsingu og skal hún send hlutaðeigandi aðilum. Mótmælum og bótakröfum á samkvæmt greininni að koma á framfæri við ráðherra. Hann birtir og fullnaðarákvörðun um friðlýsingar og friðunarákvæði í Stjórnartíðindum.

Um 34. gr.

Grein þessi er samhljóða 10. gr. gildandi laga.

Um 35. gr.

Hér er um nýmæli að ræða og varðar heimild Náttúruverndar ríkisins til gjaldtöku fyrir veitta þjónustu og aðgang að náttúruverndarsvæðum. Nauðsynlegt þykir að lögfesta heimild til slíkrar gjaldtöku. Tekjum, sem þannig aflast, skal Náttúruvernd ríkisins verja til eftirlits, lagfæringar eða uppbyggingar á sama svæði og þeirra er aflað.

Um 36. gr.

Grein þessi er samhljóða 34. gr. gildandi laga, þó þannig að nú er vísað til gildandi jarðalaga, nr. 65/1976.

Um 37. gr.

Greinin svarar til 35. gr. gildandi laga.

Um 38. gr.

Grein þessi er samhljóða 36. gr. gildandi laga, þó þannig að nú er vísað til gildandi laga um framkvæmd eignarnáms, nr. 11/1973.

Um 39. gr.

Greinin svarar til 37. gr. gildandi laga.

Um 40. gr.

Í greininni er mælt fyrir um að lög þessi skuli öðlast gildi 1. janúar 1997. Frá sama tíma falli niður gildandi lög um náttúruvernd, nr. 47/1971. Lög nr. 59/1928, um friðun Þingvalla, halda eftir sem áður gildi sínu.

Um 41. gr.

Samfara breytingum á stjórnskipan náttúruverndarmála er nauðsynlegt að leggja til breytingar á öðrum lögum sem tengjast málaflokknum.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um bann gegn jarðraski, nr. 123/1940, lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 36/1974, lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992, lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, lögum um skipulag ferðamála, nr. 117/1994, og lögum um vernd Breiðafjarðar, nr. 54/1995.

Við samþykkt frumvarpsins færast daglegur rekstur og verkefni Náttúruverndarráðs í öllum meginatriðum til nýrrar ríkisstofnunar, Náttúruverndar ríkisins. Í samræmi við þær breytingar þykir einnig rétt að Náttúruvernd ríkisins taki við hlutverki Náttúruverndarráðs samkvæmt lögum um bann gegn jarðraski, lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu og lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, svo og, eðli máls samkvæmt, að stofnunin sé samstarfs- og samráðsaðili samkvæmt öðrum lögum þar sem mælt er fyrir um samstarf eða samráð við Náttúruverndarráð. Með þessu er gætt samræmis við þá meginstefnu sem frumvarp þetta byggist á.

Um a-lið:

Samkvæmt 1. málsl. 1. mgr. 2. gr. laga um bann gegn jarðraski, nr. 123/1940, er samþykki Náttúruverndarráðs áskilið til efnistöku, þ.e. í fjörum kaupstaða, kauptúna og sjávarþorpa, og má skjóta ákvörðun ráðsins til ráðherra. Í samræmi við stofnun Náttúruverndar ríkisins og breytt hlutverk Náttúruverndarráðs þykir rétt að Náttúruvernd ríkisins taki við þessu verkefni ráðsins.

Um b-lið:

Með þeim rökum er fyrr greinir er gert ráð fyrir að Náttúruvernd ríkisins veiti leyfi og taki við hlutverki Náttúruverndarráðs samkvæmt lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Verði frumvarpið samþykkt mun Náttúruvernd ríkisins tilnefna mann í stjórn náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn í stað Náttúruverndarráðs og skal hann vera formaður stjórnarinnar, sbr. 4. gr. laganna. Verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands hefur verið skipt í tvær deildir og er orðalag greinarinnar lagfært til samræmis við það.

Lögð er til lítils háttar breyting á 1. málsl. 5. gr. laganna í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa eða ráðgerðar eru á skipan mála og mælt svo fyrir að ráðherra skuli fyrir útgáfu reglugerðar um mengun á svæði því, sem lögin taka til, afla tillagna Náttúruverndar ríkisins og Hollustuverndar ríkisins sem er sú ríkisstofnun sem fer með mengunarmál.

Um d-lið:

Lagt er til að Náttúruvernd ríkisins taki við hlutverki Náttúruverndarráðs samkvæmt lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Annars vegar er um að ræða að Náttúruvernd ríkisins tilnefni mann til setu í ráðgjafarnefnd um villt dýr, sbr. 2. mgr. 3. gr. laganna, og hins vegar að stofnunin veiti samþykki fyrir því að friðun sé aflétt eða rift á svæðum sem friðlýst eru vegna dýralífs, sbr. 1. mgr. 10. gr.

Um e-lið:

Gert er ráð fyrir að sú breyting verði á lögum um skipulag ferðamála að Náttúruvernd ríkisins komi í stað Náttúruverndarráðs, enda verða þjóðgarðar og önnur náttúruverndarsvæði, sem minnst er á í 2. mgr. 30. gr. laganna, í umsjá stofnunarinnar verði frumvarpið samþykkt.

Um ákvæði til bráðabirgða

Í ákvæðinu er kveðið á um að umhverfisráðherra skuli, þrátt fyrir ákvæði um að lögin taki ekki gildi fyrr en 1. janúar 1997, þegar skipa stjórn Náttúruverndar ríkisins. Eðlilegt þykir að stjórninni gefist nokkurt ráðrúm til að undirbúa starfsemi stofnunarinnar. Þá er ráðherra og falið að boða til náttúruverndarþings í janúar 1997. Undirbúningur þess yrði í höndum þess Náttúruverndarráðs sem láta mundi af störfum við gildistöku laga þessara.

Varðandi setningu og gildistöku reglugerðar skv. b-lið 5. gr. vísast til athugasemda með 5. gr.

Í samræmi við stefnu umhverfisráðherra um heildarendurskoðun laga um náttúruvernd á kjörtímabilinu er mælt fyrir um að hún skuli fara fram innan tveggja ára frá gildistöku laganna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um náttúruvernd.

Frumvarp þetta er samið af starfshópi sem umhverfisráðherra fól að endurskoða stjórnskipan náttúruverndarmála og eru lagðar til verulegar breytingar á stjórn þessa málaflokks. Að auki eru gerðar breytingar á ýmsum lögum á þann veg að þar sem vísað er til Náttúruverndarráðs verði framvegis vísað til Náttúruverndar ríkisins.

Umsögn þessi hefur verið unnin í samráði við umhverfisráðuneyti en að mati fjármálaráðuneytis munu eftirfarandi þættir helst hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs:

1. Náttúruvernd ríkisins (NVRR) er ný stofnun sem tekur að mestu yfir hlutverk Náttúruverndarráðs eins og það er skilgreint í núgildandi lögum. Að auki eru lögfest ákvæði um framkvæmd ýmissa þátta í starfsemi Náttúruverndarráðs eins og hún er nú. NVRR verður skipuð fimm manna stjórn og áætlað er að árlegur kostnaður við hana geti numið 1-1,5 m.kr. Ekki liggur fyrir starfs- og rekstraráætlun fyrir hina nýju stofnun þar sem fjallað er um deildarskipulag, fjölda starfsmanna o.s.frv. en að mati fjármálaráðuneytis hefði gerð slíkrar áætlunar verið nauðsynlegur þáttur í undirbúningi lagasetningarinnar. Það er markmið umhverfisráðuneytisins að heildarkostnaður við stjórn og rekstur NVRR rúmist innan núverandi fjárhagsramma Náttúruverndarráðs. Hægt er að nýta núverandi húsnæði Náttúruverndarráðs á Hlemmi fyrir stofnunina og á ekki að þurfa að koma til útgjaldaauka vegna stofnkostnaðar eða tækja- og húsbúnaðarkaupa.

2. Starfsemi og hlutverk Náttúruverndarráðs breytist. Heildarframlag til ráðsins er 61,2 m.kr. í fjárlögum 1996 og verði frumvarpið óbreytt að lögum flyst fjárveitingin til NVRR að frátöldum kostnaði við Náttúruverndarráð, sbr. b-lið hér á eftir.
   a. Einungis er gert ráð fyrir kostnaði af Náttúruverndarráði sjálfu sem verður ráðgefandi aðili. Hjá Náttúruverndarráði starfa nú 12 fastir starfsmenn að framkvæmdastjóra meðtöldum, en í greinargerð með frumvarpinu kemur ekki fram hvort gert er ráð fyrir að núverandi starfsmenn flytjist allir til NVRR eða hvort breytt skipulag leiði til biðlaunaréttinda einhverra starfsmanna. Því er ekki hægt að áætla hugsanleg útgjöld við þennan þátt en ef margir starfsmenn öðlast rétt á biðlaunum getur verið um verulegan kostnaðarauka að ræða.
   b. Samkvæmt núgildandi lögum er Náttúruverndarráð skipað sjö mönnum og hittist ráðið 11-13 sinnum á ári. Það hafa yfirleitt verið tveggja daga fundir og að auki verið unnið að undirbúningi þessara funda í undirnefndum. Kostnaður af starfi ráðsins var um 3 m.kr. á síðasta ári en gert er ráð fyrir að hann lækki. Hið nýja Náttúruverndarráð verður samkvæmt frumvarpinu skipað níu mönnum en hlutverk þess breytist og talið er að ráðið muni hittast mun sjaldnar, fundir verði styttri og ekki sé þörf á vinnu undirbúningsnefnda. Ætla má að kostnaður verði 1,5-2 m.kr. og að þannig sparist um 1-1,5 m.kr. Rétt er að benda á að skv. 3. gr. laga nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, fær Náttúruverndarráð ákveðið framlag af skilagjaldi einnota umbúða og er gert ráð fyrir að svo verði áfram. Fjárhæð þessi hefur verið tiltölulega lág en á síðasta ári var hún rúmlega 0,5 m.kr. og er talið að hún muni hækka á þessu ári. Dregur þetta úr kostnaði ríkissjóðs við ráðið.
3. Náttúruverndarþing skal halda þriðja hvert ár samkvæmt núgildandi lögum en í frumvarpinu er lagt til að þau verði haldin annað hvert ár. Á móti er gert ráð fyrir að þingin verði styttri og umfangsminni og er því ekki áætlaður kostnaðarauki af þessu fyrir ríkissjóð. Geta má þess að síðasta náttúruverndarþing kostaði um 0,7 m.kr.
4. Ákvæði frumvarpsins um umsjón og rekstur friðlýstra svæða (6. gr.) eru sambærileg við núgildandi lög og framkvæmd. Gert er ráð fyrir að heimilt sé að fela einstaklingum eða lögaðilum umsjón og rekstur náttúruverndarsvæða að frátöldum þjóðgörðum. Miðað er við þá meginreglu að svæðin standi undir sér en rétt er að benda á að á undanförnum árum hafa nokkur svæði verið rekin í samvinnu Náttúruverndarráðs og annarra, svo sem ferðafélaganna. Á fjárlagalið Náttúruverndarráðs í fjárlögum 1996 eru ætlaðar 23,7 m.kr. til reksturs þjóðgarða og friðlýstra svæða og er þessi kostnaður greiddur af þeim lið. Frumvarpið leiðir ekki til breytinga á því fyrirkomulagi.
5. Ákvæði um gestastofur (fræðslustofur) í 8. gr. frumvarpsins er nýtt og tekur mið af þróun undanfarinna ára. Ríkissjóður ber nú kostnað af rekstri tveggja gestastofa við Gullfoss og Mývatn. Umsýsla er höfð í lágmarki en rekstrarkostnaður beggja stofa nam u.b.þ. 0,5 m.kr. á síðasta ári. Lögfesting ákvæðis um gestastofur getur leitt til aukins þrýstings á rekstur fleiri stofa og umfangsmeiri en ákvörðun um hugsanlega fjölgun þeirra verður væntanlega tekin í ljósi fjárhagssvigrúms NVRR.

6. Í 9. gr. er kveðið á um framkvæmd eftirlits með náttúru landsins og er það tvískipt. Annars vegar er um að ræða almennt eftirlit og hefur því verið sinnt af Náttúruverndarráði eftir því sem fjárveitingar hafa leyft. Telja verður eðlilegt að almennt eftirlit greiðist úr ríkissjóði og tekur NVRR við þessu hlutverki en að öðru leyti verður ekki breyting á þessu fyrirkomulagi. Hins vegar er um að ræða eftirlit með framkvæmdum og hafa framkvæmdaraðilar borið kostnað af því. Gert er ráð fyrir að svo verði áfram en til að taka af allan vafa um heimild til þess er hér lagt til nýtt ákvæði þar að lútandi. Einnig er kveðið á um heimild til fjárnáms og ætla má að skýrari heimildir til aðgerða leiði til betri skila á útlögðum kostnaði. Ekki er lagt talnalegt mat á hugsanleg áhrif þess.
7. Í ákvæðum núgildandi laga um stofnun þjóðgarða er kveðið á um að landsvæði skuli skilyrðislaust vera í ríkiseign. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þetta verði almenna reglan en að heimilt verði að víkja frá henni náist um það samkomulag milli umhverfisráðherra og landeiganda. Hér gæti t.d. verið um að ræða leigugreiðslur eða bætur vegna skerðingar á landnotum.
8. Í 35. gr. frumvarpsins er kveðið á um heimild til handa Náttúruvernd ríkisins til gjaldtöku og er heimild þessi tvíþætt. Annars vegar er stofnuninni heimilt að taka ákveðið gjald fyrir veitta þjónustu og er þetta ákvæði staðfesting á núverandi framkvæmd. Hins vegar er heimild til gjaldtöku á náttúruverndarsvæðum þar sem spjöll hafa orðið af völdum ferðamanna eða hætta er á slíkum spjöllum. Tekjunum skal varið til eftirlits, lagfæringar eða uppbyggingar á því svæði.

Erfitt er að leggja mat á áhrif frumvarpsins á útgjöld ríkissjóðs þar sem ekki liggur fyrir starfs- og rekstraráætlun fyrir hina nýju stofnun, Náttúruvernd ríkisins. Í ljósi stefnu umhverfisráðuneytis að heildarkostnaður við Náttúruvernd ríkisins eigi að rúmast innan fjárhagsramma Náttúruverndarráðs, sbr. umfjöllun í 1. og 2. lið umsagnarinnar, er það mat fjármálaráðuneytis að frumvarp þetta þurfi ekki að leiða til kostnaðarauka fyrir ríkissjóð, verði það óbreytt að lögum. Hér verður þó að leggja áherslu á óvissu varðandi hugsanleg biðlaunaréttindi starfsmanna Náttúruverndarráðs, sbr. umfjöllun í lið 2.a. Að öðru leyti felur frumvarpið í sér skýrari ákvæði um náttúruvernd en núgildandi lög og er að miklu leyti staðfesting á núverandi framkvæmd eins og hún hefur þróast frá setningu laganna.

643. Svar [305. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Ragnars Arnalds um óbyggt skólahúsnæði.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hve mikið er óbyggt af skólahúsnæði svo að fullnægt verði ákvæðum grunnskólalaga um samfelldan skóladag og einsetinn skóla? Óskað er eftir sundurliðuðu svari þar sem gerð er grein fyrir þörf á almennum skólastofum, mötuneytum, félagsaðstöðu nemenda, vinnuaðstöðu kennara, sérgreinastofum og skólasöfnum.

Bygging grunnskólahúsnæðis er á verksviði sveitarfélaga og því leitaði menntamálaráðuneytið eftir upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga (sjá fylgiskjal) um áætlaða þörf fyrir byggingu grunnskólahúsnæðis vegna ákvæða grunnskólalaga um einsetningu og samfelldan skóladag.

Nú eru 128 grunnskólar einsetnir eða tæp 65% skóla. Áætlað er að 376 bekkjardeildir séu eftir hádegi í tvísetnum skólum og þarf því að byggja 376 skólastofur til að einsetja skólana ef sú forsenda er notuð. Samband íslenskra sveitarfélaga kannaði á síðasta ári hversu margar skólastofur þyrfti að mati sveitarstjórna að byggja til að einsetja alla skóla. Samkvæmt svörum sveitarstjórna þarf að byggja 537 kennslustofur til að einsetningaráform nái fram að ganga. Þar af yrðu um ⅔ í Reykjavík og á Reykjanesi. Samkvæmt framansögðu má ætla að byggja þurfi 376 til 537 almennar kennslustofur til að einsetja alla grunnskóla landsins.

Ekki liggur fyrir nægjanleg sundurliðun á þörf á öðru rými í grunnskólum en kennslurými, en könnun Sambands íslenskra sveitarfélaga hjá grunnskólum utan Reykjavíkur gefur vísbendingu um að í 54% þeirra vanti aukið stjórnunarrými, í 43% vanti aukið félags- og samkomurými og í 27% aukið íþróttarými. Ekki fengust upplýsingar um þörf fyrir mötuneytisrými.

Fylgiskjal.

Könnun Sambands íslenskra sveitarfélaga á húsnæði grunnskóla.

(19. febrúar 1996.)

Sumarið 1995 sendi Samband íslenskra sveitarfélaga könnunarblað til sveitarfélaga þar sem eru starfræktir grunnskólar með fyrirspurn um húsrými í skólunum. Könnunin beindist aðallega að því hversu margar almennar kennslustofur vantaði til að einsetja skólana og hvort aðstaða væri fyrir nemendur til að neyta matar. Einnig var spurt um annað rými í skólunum. Sama sumar lét byggingarnefnd skóla í Reykjavík hefja úttekt á rými í skólum borgarinnar, svo og gera heildarmat á húsnæðisþörf þeirra. Stefnt er að því að kynna niðurstöður þessarar vinnu eftir 4 til 6 vikur. Beðið er eftir niðurstöðum úttektarinnar á stöðu grunnskóla í Reykjavík og hefur sambandið ekki metið húsrými í skólum í Reykjavík. Upplýsingar um þörf á kennslustofum í borginni eru því frá skólaskrifstofu Reykjavíkurborgar.

Úr öðrum landshlutum bárust upplýsingar um húsnæðisþörf í 108 grunnskólum.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit unnið úr svörum sem bárust. Í fremsta dálki er sýndur fjöldi ríkisrekinna grunnskóla í viðkomandi landshluta og í öðrum dálki kemur fram fjöldi tvísetinna skóla. Þriðji dálkur sýnir hversu mörg svör bárust úr viðkomandi landshluta og sá fjórði hve margar kennslustofur vantar miðað við svörin sem bárust. Í fimmta dálki er gefinn upp fjöldi bekkjardeilda sem mæta í skólann eftir hádegi samkvæmt upplýsingum frá tvísetnum skólum.

	Grunnskólar	Tvísetnir skólar	Fjöldi svara	Kennslustofur sem vantar	Bekkjardeildir eftir hádegi
Reykjavík	29	19	—	190	105
Reykjanes	30	19	26	144	142
Vesturland	15	3	13	41	15
Vestfirðir	19	6	10	27	25
Norðurland vestra	17	5	10	13	22
Norðurland eystra	30	7	13	23	29
Austurland	27	6	13	37	22
Suðurland	31	5	23	62	16
Samtals	**198**	**70**	**125**	**537**	**376**

Í könnuninni var gefin upp skipting rýmis í skólanum samkvæmt tillögum að normum frá árinu 1982. Var beðið um mat viðkomandi á því hvort nægilegt rými væri í skólanum eða ekki. Niðurstöður svara, sem bárust frá grunnskólum utan Reykjavíkur, eru eftirfarandi:

	Nægilegt rými	Ekki nægilegt rými
Stjórnun	46%	54%
Kennslurými	32%	68%
Félags- og samkomurými	57%	43%
Ýmislegt	54%	46%
Íþróttarými	73%	27%

Athygli vekur að í um helmingi skólanna er nægjanleg stjórnunar-, félags- og samkomuaðstaða, svo og sú aðstaða sem fellur undir ýmislegt. Hins vegar er það mat manna að kennslurými vanti í tæp 70% skóla sem könnunin nær til. Einnig er athyglisvert að íþróttarými vantar í aðeins tæp 30% þeirra.

644. Frumvarp til laga [367. mál]

um breytingu á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Eigendur dýra og erfðaefnis greiða gjöld fyrir þjónustu sóttvarnastöðvar samkvæmt gjaldskrá er landbúnaðarráðherra setur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis. Við ákvörðun um gjaldskrá skal við það miðað að tekjur sóttvarnastöðvar standi undir útgjöldum hennar.

2. gr.

Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í 1. og 2. mgr. 12. gr. og 1. mgr. 20. gr. laganna kemur: Bændasamtaka Íslands.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt lögum um innflutning dýra, nr. 54 16. maí 1990, er óheimilt að flytja til landsins hvers konar dýr, tamin eða villt, svo og erfðaefni þeirra. Skv. 2. mgr. 2. gr. laganna getur landbúnaðarráðherra, að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, vikið frá banni þessu og leyft innflutning dýra. Í 1. mgr. 9. gr. laganna er gert ráð fyrir því að öll innflutt dýr skuli einangruð svo lengi sem yfirdýralæknir telur þörf á. Innflutt dýr má ekki flytja úr sóttvarnastöð skv. 10. gr. laganna, en landbúnaðarráðherra er þó heimilt, ef fyrir liggja meðmæli yfirdýralæknis, að víkja frá ákvæðum 10. gr. og veita leyfi til þess að heimilisdýr sem ekki eru af ætt hóf- og klaufdýra séu flutt úr sóttvarnastöð. Slíkur flutningur skal ekki fara fram fyrr en dýrin hafa verið svo lengi í einangrun að tryggt þyki, að mati yfirdýralæknis, að dýrin séu ekki haldin neinum smitsjúkdómum.

Í 7. gr. laganna er gert ráð fyrir því að til staðar sé sóttvarnastöð vegna innflutnings á dýrum og erfðaefni. Öll aðstaða til einangrunar og sóttvarna skal fullnægja þeim kröfum sem yfirdýralæknir telur nauðsynlegar. Frá gildistöku laganna um innflutning dýra hefur átt sér stað allnokkur innflutningur á gæludýrum, einkum hundum og köttum, og hafa dýrin verið vistuð í einangrunarstöðinni í Hrísey í tiltekinn tíma og gegn greiðslu gjalds fyrir einangrunina. Í lögum um innflutning dýra skortir heimild til þeirrar gjaldtöku sem hér um ræðir. Í áliti umboðsmanns Alþingis frá 22. ágúst 1995 er þeim tilmælum beint til landbúnaðarráðuneytisins að það beiti sér fyrir breytingum á lögum nr. 54/1990 í þá veru að tekin verði í lög ótvíræð heimild til gjaldtöku vegna einangrunar dýra og er frumvarp þetta flutt vegna þessara tilmæla.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að kveðið verði á um gjöld sem greiða þarf fyrir einangrun dýra í sérstakri gjaldskrá sem ráðherra setur að fengnum tillögum yfirdýralæknis.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að Bændasamtök Íslands taki við verkefnum Búnaðarfélags Íslands sem því eru fengin í lögunum. Er það gert vegna ákvæða í 4. gr. laga nr. 130/1994, um sameiningu Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í ein heildarsamtök bænda, en þar er svo fyrir mælt að endurskoða skuli öll lagaákvæði þar sem vísað er til Búnaðarfélags Íslands eða Stéttarsambands bænda.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990.

Með frumvarpinu er verið að færa í lög framkvæmd undanfarinna ára um að taka gjald af eigendum dýra og erfðaefnis fyrir þjónustu sóttvarnastöðvar. Gert er ráð fyrir að landbúnaðarráðherra setji gjaldskrá þessa efnis að fengnum tillögum yfirdýralæknis. Í samræmi við 4. gr. laga nr. 130/1994, um sameiningu Búnaðarfélags Íslands og Stétt-

arsambands bænda í ein heildarsamtök bænda, er í frumvarpinu einnig lagt til að Bændasamtök Íslands taki við þeim verkefnum sem Búnaðarfélag Íslands hafði samkvæmt lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990. Ekki verður séð að samþykkt frumvarpsins hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð.

645. Frumvarp til laga [368. mál]

um áhættu- og nýsköpunarlánasjóð

Flm.: Svavar Gestsson, Margrét Frímannsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Hjörleifur Guttormsson, Kristinn H. Gunnarsson, Ólafur Ragnar Grímsson, Ragnar Arnalds, Steingrímur J. Sigfússon, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

Lög þessi kveða á um áhættu- og nýsköpunarlánasjóð sem tekur til starfa 1. janúar 1997 og er starfræktur til loka ársins 2000. Sjóðurinn er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins og er vistaður í forætisráðuneytinu. Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við banka eða lánastofnanir um vistun sjóðsins og annast stjórnsýslu fyrir hann.

Fyrir lok ársins 2000 tekur Alþingi ákvörðun um framlengingu eða breytingu á starfseminni með hliðsjón af þeirri reynslu sem þá liggur fyrir.

2. gr.

Sjóðurinn er undir stjórn fimm manna sem eru tilnefndir sem hér segir: Einn er tilnefndur af samtökum launafólks sameiginlega, annar af stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, sá þriðji af samtökum atvinnurekenda sameiginlega, en forsætisráðherra skipar tvo án tilnefningar og er annar þeirra formaður stjórnrinnar. Varamenn eru tilnefndir og skipaðir á sama hátt.

Við skipan stjórnarinnar skal þess gætt að valdir séu menn sem hafa sérstaka þekkingu og/eða reynslu af nýsköpun í atvinnulífi.

Forsætisráðherra skipar stjórnina og heyrir starfsemi sjóðsins undir forsætisráðuneytið.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að hvers konar nýsköpun í atvinnulífi, en einnig þróunar- og tilraunastarfi og nýjum verkefnum sem virðast geta orðið arðsöm. Sjóðurinn skal sérstaklega sinna þörfum þeirra sem ekki hafa fullnægjandi aðgang að öðrum sjóðum né hefðbundnum lánastofnunum sem þó starfa í þágu atvinnulífsins. Sjóðurinn beinist ekki síst að því að styrkja þá einstaklinga og þau fyrirtæki sem ekki geta uppfyllt hefðbundar kröfur um venjulega veðsetningu fyrir lánum eða skortir áhættufé í formi hlutafjár til að ráðast í ný verkefni.

Til þess að fundur sé lögmætur þarf meiri hluti stjórnar að sitja hann og ræður einfaldur meiri hluti fundarins ákvörðun stjórnar. Ákvæði 3. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, um vanhæfi gilda um meðferð mála hjá sjóðstjórn.

4. gr.

Tekjustofnar sjóðsins eru þessir:

a. stofnfé sjóðsins greiðist úr ríkissjóði og er 1.000 millj. kr. á ári meðan sjóðurinn starfar,
b. aðrar tekjur sem eignir sjóðsins skila í formi vaxta eða með öðrum þeim hætti sem sjóðstjórnin tekur ákvörðun um.

5. gr.

Stjórn áhættu- og nýsköpunarlánasjóðsins getur ráðstafað fjármunum sjóðsins sem hér segir:

1. Til að kaupa hlut eða hluta í nýjum fyrirtækjum eða í eldri fyrirtækjum vegna nýrra verkefna sem efnt er til innan lands eða erlendis, enda selji sjóðurinn hlut sinn strax og viðkomandi fyrirtæki ræður eitt við verkefnið að mati sjóðstjórnar. Við frágang á kaupum sjóðsins á hluta í fyrirtæki skal frá því gengið hvenær sjóðurinn hverfur úr rekstri þess.
2. Til að veita endurkræfan styrk, víkjandi lán eða vaxtalaus lán úr sjóðnum, enda séu gerðar strangar faglegar kröfur til fyrirtækisins.
3. Til að veita lán úr sjóðnum, jafnvel þótt fyrirtækið geti ekki veðsett eignir á móti lánunum með hefðbundnum hætti.
4. Til að kosta sérfræðiaðstoð við markaðssetningu og þróunarstarfsemi fyrir fyrirtæki.
5. Til að veita lán á venjulegum kjörum til viðbótar annarri fyrirgreiðslu annarra lánastofnana.

Ráðherra setur í reglugerð, að fenginni tillögu stjórnar, nánari ákvæði um útfærslu þessarar greinar, svo og um úthlutun, umsóknarfresti og önnur skilyrði eftir því sem þörf krefur, sérstaklega þó um þau skilyrði sem það fyrirtæki verður að uppfylla sem fær lán án heðfbundinna veða eða hlýtur styrk úr sjóðnum.

Í reglugerðinni skal miða við að 40–70 aðilar geti fengið styrk úr sjóðnum á ári hverju, að hámarki þó 20 millj. kr. hvert fyrirtæki. Nái fyrirtæki verulegum tekjuauka má gera ráð fyrir því í reglum sjóðsins að styrkur verði endurgreiddur eða innheimta hafin á víkjandi láni.

6. gr.

Stjórn sjóðsins er skylt að gera strangar faglegar kröfur til stjórnenda fyrirtækis sem fær lán eða stuðning frá sjóðnum. Óheimilt er að veita stuðning úr sjóðnum til fyrirtækja sem sérstaklega tengjast stjórnarmönnum.

7. gr.

Ríkisendurskoðun annast endurskoðun á starfsemi, rekstri og stjórnsýslu sjóðsins á sama hátt og tíðkast með önnur fyrirtæki í eigu ríkisins.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997 en falla úr gildi 31. desember árið 2000 nema Alþingi hafi áður tekið ákvörðun um að framlengja þau. Alþingi skal fyrir 31. desember 2000 taka ákvörðun um hvernig farið verður með eignir og skuldir áhættulánasjóðsins eftir þann tíma.

Greinargerð.

Enn einn sjóðurinn — til hvers? Eru ekki nægilega margir sjóðir til? Og bankar? Svarið er bæði já og nei. Vissulega eru til nægilega margir sjóðir til þess að sinna margvíslegum verkefnum. Hins vegar er ekki til nein stofnun sem getur veitt fyrirtækjum og einstaklingum áhættulán — jafnvel án þess að venjuleg veðsetning sé fyrir hendi. Þingmenn Alþýðubandalagsins heimsóttu í jólaleyfi Alþingis nokkur fyrirtæki sem glíma við nýjungar. Hér er um að ræða fyrirtæki sem hafa sprottið af hugviti en ekki eignum. Forráðamenn þeirra hafa ekki fengið fjárhagslegan stuðning, en samt hefur þessum fyrirtækjum tekist á undraverðum hraða að rífa sig upp. Dæmi um slík fyrirtæki eru Tæknival og Oz en það síðarnefnda hefur vakið athygli víða um heim og hefur reyndar þegar stofnað útibú í tveimur öðrum heimsálfum.

Þær þjóðir, sem hafa náð mestum árangri í efnahagsmálum á síðustu árum, hafa einmitt lagt áherslu á fyrirtæki sem byggjast á hugviti og það er athyglisvert að nokkur þeirra landa sem fátækust eru af auðlindum hafa náð einna lengst í því að byggja upp hagvöxt. Margt bendir til þess að möguleikar Íslendinga liggi einnig þarna; auk þess að leggja áherslu á nýtingu hefðbundinna auðlinda til lands og sjávar.

Um þessi mál var fjallað á fundi miðstjórnar Alþýðubandalagsins 17. og 18. febrúar í tengslum við umræður um kjaramál. Þar var bent á hróplegan mun á launum fólks á Íslandi og í grannlöndunum og jafnframt minnt á nauðsyn þess að efla Lánasjóð íslenskra námsmanna. Þá var minnt á áhættulánasjóðinn sem gerðar hafa verið samþykktir um á vegum Alþýðubandalagsins.

Miklar umræður hafa verið um áhættulánasjóð á undanförum árum. Hafa þær ekki farið fram á Alþingi heldur fremur í fjölmiðlum. Á aðalfundi SF fjallaði Einar Svansson framkvæmdastjóri um þessi mál og benti meðal annars á stórfellda styrki innan Evrópusambandsins. Þá kom fram að styrkir næmu 3% af veltu sjávarútvegsins í Noregi. Því er þetta nefnt að þarna kom fram að um er að ræða margvíslega starfsemi hins opinbera í grannlöndum okkar og samkeppnislöndum sem auðvelda atvinnulífinu að þróa nýjungar á hverjum tíma. Íslendingar hafa hins vegar í seinni tíð hafnað hvers konar stuðningsstarfsemi við atvinnulífið sem aftur hefur það í för með sér að íslenskt atvinnulíf býr að þessu leytinu við lakari skilyrði en sambærileg fyrirtæki erlendis.

Íslensk stjórnvöld hafa reyndar verið ótrúlega treg til að skapa aðstæður í þjóðfélaginu sem styrkja nýsköpunarstarf. Endalausar kröfur um steinsteypuveð hafa dregið mátt úr hugvitsmönnum sem hafa viljað þróa nýjungar í atvinnulífinu hér á landi. Aðrar þjóðir, svo sem aðrar Norðurlandaþjóðir, verja til dæmis miklu fé til hugvitsmanna, t.d. Danir. Fullyrða þeir sem til þekkja að hver króna sem þeir verja til þessa skili sér sjötugföld til baka! Hugvitsmenn á Íslandi hafa stofnað með sér félag og hefur það haldið fram nauðsyn þess að hér á landi yrði stofnaður áhættulánasjóður.

Alþýðubandalagið fjallaði sérstaklega um áhættulánasjóð í útflutningsleið sinni. Útflutningsleiðin byggðist á samþykktum landsfundar 1993 og varð hún undirstaða kosningastefnuskrár Alþýðubandalagsins 1995. Í útflutningsleiðinni er fjallað um fjölmarga þætti atvinnumála, auk velferðarmála og efnahagsmála almennt. Þar sagði m.a. á bls. 82:

„5. Áhættufjármagn fyrir hugvits- og hæfileikafólk.

Nýsköpun í hagkerfinu verður aldrei án þess að opnaður sé aðgangur að verulegu áhættufjármagni fyrir einstaklinga og fyrirtæki sem vilja fara inn á nýjar brautir. Skortur á slíku áhættufjármagni hindrar verulega þróunarmöguleika íslensks atvinnulífs.

Þess vegna er nauðsynlegt að koma á fót sérstökum áhættulánasjóði sem fjármagnaður yrði með árlegum greiðslum frá bönkum, stórfyrirtækjum, ríki og sveitarfélögum. Með starfsemi slíks sérstaks áhættulánasjóðs mundi staða bankanna styrkjast og því væri eðlilegt að þeir tækju þátt í því að koma honum á fót.

Áhættulánasjóðurinn fæli í sér:

5.1 Árlega yrðu veittar 500–700 millj. kr. til fyrirtækja og einstaklinga til að greiða fyrir nýjungum í atvinnulífi.

5.2 Hámark yrði á hverri lánveitingu, t.d. 20 millj. kr. Leitast yrði við að sem flestir fengju aðgang að áhættufjármagni. Miðað yrði við að 40–100 aðilar fengju árlega aðstoð til nýrra verkefna.

5.3 Hugvit, nýjar hugmyndir, hæfileikar einstaklinga, frumleiki og aðrir slíkir eiginleikar nýsköpunar yrðu ráðandi þættir við ákvarðanir sjóðstjórnar.

5.4 Fagleg og sjálfstæð vinnubrögð settu svip á störf sjóðsins. Árlega yrði birt skrá yfir ákvarðanir sjóðstjórnar og jafnframt birt lýsing á þeim árangri sem fyrri ákvarðanir hefðu skilað.

5.5 Engra veða yrði krafist því hér yrði um áhættufjármagn en ekki venjuleg lán að ræða.

5.6 Nái einstaklingar og fyrirtæki árangri og hljóti verulegan tekjuauka verði áhættustyrkurinn greiddur til baka á tíu árum.

5.7 Þeir sem einu sinni hafa fengið áhættufjármagn úr sjóðnum en ekki náð árangri gætu ekki komið til greina aftur fyrr en að tíu árum liðnum."

Frumvarpið um áhættu- og nýsköpunarlánasjóð er því flutt í beinu framhaldi af fyrri samþykktum Alþýðubandlagsins, auk þess sem sókn í atvinnumálum er undirstaðan fyrir bættum kjörum og því að kjörin hér verði sambærileg við það sem gerist í grannlöndum okkar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

1. gr. kveður á um stofnun sjóðsins frá og með næstu áramótum. Gert er ráð fyrir að hann starfi í fjögur ár og er því hugsaður sem eins konar tilraun til skemmri tíma. Stefna frumvarpsins byggist á því að sjóðurinn verði eins konar viðbót við það sjóðaumhverfi sem atvinnulífinu er búið á Íslandi. Í frumvarpinu er miðað við að Alþingi taki fyrir árslok árið 2000 ákvörðun um að leggja sjóðinn niður og sameina starfsemi hans öðrum aðilum eða að framlengja starfsemi hans, enda verði hún talin réttlætanleg að fenginni reynslu.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um skipan stjórnarinnar. Gert er ráð fyrir að stjórnin verði undir forustu annars þess fulltrúa sem skipaður verði af forsætisráðherra. Lögð er áhersla á að allir stjórnarmenn búi yfir þekkingu á atvinnulífinu.

Þá er gert ráð fyrir að sjóðurinn verði vistaður hjá forsætisráðuneytinu. Meðan ekki er til sérstakt atvinnuvegaráðuneyti er eðlilegt að sjóðurinn sé í forsætisráðuneytinu.

Um 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að því að tekin verði upp ný verkefni í atvinnulífi jafnvel þó að eigendur fyrirtækjanna eigi ekki aðgang að öðrum sjóðum sem starfa í þágu atvinnulífsins og geti ekki uppfyllt hefðbundnar kröfur um veðsetningu fyrir lán-

um. Hér er vissulega ekki hvatt til þess að „hver sem er“ geti fengið stuðning úr sjóðnum. Þvert á móti ber að gæta aðhalds og vandvirkni við val á lántaka. En hér er lögð áhersla á að þeir sem ekki geta veðsett steinsteypu geti samt lagt af stað í nýsköpun í atvinnulífinu.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að ríkið geti lagt fram allmikið fjármagn eða alls 4 milljarða kr. til sjóðsins. Það kann að virðast mikið fjármagn. Til samanburðar skal það nefnt að ríkið leggur til atvinnulífsins um hálfan milljarð króna á ári í formi skattafrádráttar við hlutabréfakaup. Heildarvaxtatekjur í þjóðfélaginu árið 1994 voru um 33 milljarðar kr. Talið er að 10% nafnvaxtaskattur á vexti, eins og nú er reiknað með í sérstakri skýrslu, geti skilað ríkissjóði um 1.100 millj. kr. Fyrirtæki borga um 4,7 milljarða kr. í tekjuskatt á þessu ári og auðvitað mætti hugsa sér að tekjuskattur félaga yrði hækkaður til þess að standa undir framlögum í áhættulánasjóðinn að einhverju leyti. Verður ekki sagt að mati flutningsmanna að hér sé um gríðarlega há framlög að ræða í þetta mikilvæga verkefni. Þá er mögulegt að taka til þess sérsakt gjald að standa undir sjóði þessum. Má í því sambandi minna á iðnrekstrarsjóð sem hafði verkefni sem voru keimlík þeim sem hér er flutt tillaga um. Hann var fjármagnaður með aðlögunargjaldi á innfluttar iðnaðarvörur og var sá skattur viðurkenndur af bandalagsþjóðum okkar í EFTA.

Verður loks á það minnst til samanburðar að hvert eitt prósent í hagvexti skilar þjóðarbúinu 4 milljörðum kr. Því ekki að taka hluta af hagvextinum til þess að borga niður skuldir ríkisins með jákvæðum hætti, þ.e. þeim hætti að auka verðmætasköpun í atvinnulífinu verulega? Með því móti er unnt að rífa efnahagslífið út úr þeim vítahring stöðnunar og stóriðjuvona sem hafa einkennt það á undanförnum árum.

Flutningsmenn telja einnig að til greina komi að taka sérstaka ákvörðun um tekjustofna fyrir sjóðinn eða að einhver þeirra sjóða sem nú eru starfræktir renni að hluta til eða að öllu leyti inn í áhættulánasjóðinn. Þá má benda á að þegar ríkið selur fyrirtæki væri eðlilegt að þeir fjármunir rynnu beint í sjóð eins og þann sem hér er gerð tillaga um.

Í b-lið er gert ráð fyrir vaxtatekjum og e.t.v. tekjum af verðbréfum eða hlutafjáreignum. Þá má hugsa sér að stjórn sjóðsins hafi samband við sveitarstjórnir og forráðamenn lífeyrissjóða til þess að beina fjármunum þessara aðila í svipaðan farveg þegar það á við.

Um 5. gr.

Í greininni er kveðið á um helstu stuðningsleiðir sjóðsins við starfsemi fyrirtækja. Þar er gert ráð fyrir:

a. að kaupa megi hlutafé eða hluta í nýjum fyrirtækjum eða í eldri fyrirtækjum sem kjósa að glíma við ný verkefni — þá er jafnframt miðað við að um leið og gengið er frá kaupum á hlut í fyrirtæki verði ákveðið hvenær sjóðurinn hættir þátttöku í fyrirtækinu þannig að það verði frá upphafi að reikna með því að standa á eigin fótum,
b. að veita vaxtalaus lán úr sjóðnum, endurkræfan styrk eða víkjandi lán enda séu gerðar strangar faglegar kröfur til verkefnisins,
c. að veita lán úr sjóðnum jafnvel þó að fyrirtæki geti ekki veðsett eignir fyrir lánunum með hefðbundnum hætti,
d. að kosta sérfræðiaðstoð við markaðssetningu og þróunarstarfsemi fyrir fyrirtæki,
e. að veita lán á venjulegum kjörum til viðbótar annarri fyrirgreiðslu annarra lánastofnana.

Ekki er þó um tæmandi upptalningu að ræða þar sem gera verður ráð fyrir að stjórnin þurfi að hafa allmikið svigrúm í starfsemi sinni. Engu að síður eru sett inn stefnumarkandi ákvæði eins og þau að leitast skuli við að styðja tiltekinn fjölda fyrirtækja á ári hverju, að heimilt verði að krefjast endurgreiðslu á fé eftir fimm til tíu ár og að styrkurinn í hvert skipti megi ekki fara yfir 20 millj. kr. til eins fyrirtækis.

Um 6. gr.

Stjórn sjóðsins er skylt að gera strangar faglegar kröfur til stjórnenda fyrirtækis sem fær lán eða stuðning frá sjóðnum. Óheimilt er að veita stuðning úr sjóðnum til fyrirtækja sem sérstaklega tengjast stjórnarmönnum. Hér er kveðið á um nauðsyn þess að stjórnin vandi verk sín að öllu leyti eins og framast er kostur.

Um 7. gr

Gert er ráð fyrir að Ríkisendurskoðun annist endurskoðun á starfsemi, rekstri og stjórnsýslu sjóðsins, á sama hátt og tíðkast með önnur fyrirtæki í eigu ríkisins.

Um 8. gr.

Hér er kveðið á um gildistöku og þá skyldu Alþingis að hafa fyrir lok ársins 2000 tekið ákvörðun um það sem á að koma í staðinn fyrir starfsemi sjóðsins og hvernig fara á með eigur hans framvegis.

646. Beiðni um skýrslu [369. mál]

frá forsætisráðherra um muninn á launum og lífskjörum á Íslandi og í Danmörku.

Frá Margréti Frímannsdóttur, Bryndísi Hlöðversdóttur, Hjörleifi Guttormssyni, Kristni H. Gunnarssyni, Ólafi Ragnari Grímssyni, Ragnari Arnalds, Steingrími J. Sigfússyni, Svavari Gestssyni og Ögmundi Jónassyni.

Með vísun til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að forsætisráðherra flytji Alþingi skýrslu um muninn á launum og lífskjörum á Íslandi annars vegar og í Danmörku hins vegar. Í skýrslunni komi m.a. fram upplýsingar um eftirfarandi atriði:

1. Hver er munurinn á dagvinnulaunum á Íslandi og Danmörku? Miðað skal við nokkrar atvinnustéttir opinberra starfsmanna og almenns verkafólks.
2. Hve stór hluti dagvinnulauna má ætla að fari til lífsframfæris meðalfjölskyldna af eftirfarandi gerð:
   a. einstæðir foreldrar,
   b. báðir makar í fullri vinnu,
   c. annar maki í fullri vinnu, hinn heimavinnandi?
3. Hverjir eru meðalskattar og jaðarskattar framannefndra fjölskyldugerða miðað við mismunandi tekjur?
4. Hver er munurinn á barnabótum, vaxtabótum og húsaleigubótum?

5. Hver er meðalvinnutími og hversu algeng er yfirvinna? Hvernig er staðið að greiðslum fyrir yfirvinnu?
6. Hve mikið fá aldraðir og öryrkjar frá ríki og úr lífeyrissjóðum? Hvaða afslátt fá þeir af þjónustugjöldum og fyrir hvaða þjónustu þurfa þeir að greiða?
7. Hver er réttur foreldra í veikindum barna í skamman eða langan tíma? Hver er réttur þeirra gagnvart:
   a. atvinnurekendum,
   b. ríki?
8. Hver er munurinn á þjónustugjöldum fyrir:
   a. mismunandi tekjuhópa,
   b. börn?
9. Hverjir eru möguleikar á orlofi, svo sem fæðingarorlofi, foreldraorlofi og menntunarorlofi?

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu þegar henni hefur verið dreift meðal þingmanna.

Greinargerð.

Á kjaramálaráðstefnu, sem Alþýðubandalagið stóð fyrir 17. febrúar sl., kom fram að samanburður á launum og lífskjörum á Íslandi og í nágrannalöndunum er Íslendingum mjög óhagstæður og dæmi eru um allt að 170% mun á dagvinnulaunum verkafólks innan sömu starfsgreina. Þar sem vinnumarkaðurinn er orðinn opnari og alþjóðlegri en áður var mótmæla stöðugt fleiri Íslendingar lágum launum og lélegum lífskjörum með því að flytja til annarra landa. Mikilvægt er að tryggja sambærileg lífskjör hér og í nálægum löndum. Undirstaða þess er að skoða í hverju munurinn er fólginn og leita síðan leiða til úrbóta. Því fer þingflokkur Alþýðubandalagsins fram á að forsætisráðherra flytji Alþingi skýrslu um þetta efni. Könnunin, sem farið er fram á að gerð verði, er viðamikil og kostnaðarsöm. Því verður að gera ráð fyrir að ráðuneytið fái til þessarar vinnu sérstakt framlag. Þingflokkur Alþýðubandalagsins leggur áherslu á að skýrsla þessi liggi fyrir og verði rædd á Alþingi fyrir lok þessa þings.

647. Svar [306. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar um fjárveitingar til sýsluvega.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu háar hafa fjárveitingar til sýsluvega, eða sambærilegs hluta vegakerfisins nú, verið á ári hverju frá því að ríkið yfirtók hlut sveitarfélaganna í kjölfar breyttrar verkaskiptingar?*
2. *Hve miklu munar á fjárveitingum á hverju ári og í heild borið saman við upphæðina sem lögð var til grundvallar verkaskiptingunni á sínum tíma?*

Óskað er eftir að allar tölur séu uppfærðar til núgildandi verðlags.

1. Frá og með árinu 1990 féllu heimaframlög til sýsluvega niður og eru þeir síðan eingöngu fjármagnaðir með ríkisframlagi. Framlagið skiptist eftir árum sem hér segir:

Á verðlagi ársins 1995:	Millj. kr.	Sýsluvegir, km
1990	190	3.124
1991	205	3.172
1992	175	3.135
1993	168	3.129
1994	179	3.264
1995	186	2.350*
Meðaltal 1990–95	184	

*Safnvegir, samkvæmt nýjum vegalögum.

2. Ekki eru handbærar upplýsingar um þá upphæð sem lögð var til grundvallar verkaskiptingunni á sínum tíma. Til að gefa mynd af fjárhag sýsluvega fyrir breytinguna verða í staðinn tilgreind framlög til þeirra árin 1981–89, bæði heimaframlag og ríkisframlag.

Á verðlagi ársins 1995 (í millj. kr.):	Heimaframlag	Ríkisframlag	Samtals	Sýsluvegir
1981	112	183	295	3.311
1982	101	174	275	3.285
1983	66	135	201	3.343
1984	78	157	235	3.324
1985	75	148	223	3.324
1986	86	165	251	3.346
1987	104	155	259	3.166
1988	92	229	321	3.104
1989	83	189	272	3.128
Meðaltal 1981–89	89	171	259	3.259

Við samanburð þessara tveggja tímabila sést að ríkisframlag eftir breytinguna 1990 mætir heimaframlaginu sem áður var í gildi einungis að litlu leyti. Samkvæmt tölunum hefur að meðaltali vantað 75 millj. kr. á ári til að sýsluvegir byggju við jafngóðan hag árin 1990–95 og 1981–89.

Með nýjum vegalögum, sem samþykkt voru á Alþingi í apríl 1994, varð veruleg breyting á flokkun vega og tók sú breyting gildi við afgreiðslu vegáætlunar 1995–98 í febrúar 1995. Þeir vegir, sem töldust til sýsluvega, fóru flestir í flokk safnvega en þó ekki allir. Í ársbyrjun 1992 töldust sýsluvegir alls 3.134 km að lengd. Safnvegir voru hins vegar taldir um 2.350 km í ársbyrjun 1995. Hér munar miklu og hefur það áhrif á framangreindan samanburð þegar litið er til ársins 1995 og næstu ára. Flestir sýsluvega, sem ekki fóru í flokk safnvega, teljast til svokallaðra styrkvega, þ.e. almennra vega, sem heimilt er að veita fé til í vegáætlun.

648. Fyrirspurn [370. mál]

til félagsmálaráðherra um neyðarhjálp vegna fátæktar.

Frá Gísla S. Einarssyni.

1. Hversu margir Íslendingar fengu neyðarhjálp vegna fátæktar árin 1994 og 1995?
2. Í hvaða formi var sú aðstoð og hverjir veittu hana?

649. Frumvarp til laga [371. mál]

um breyting á lögum um sálfræðinga, nr. 40/1976, sbr. lög nr. 68/1988.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðuneytisins“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.

2. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðuneytisins“ í 1. mgr. 7. gr. laganna, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 68/1988, kemur: heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.

3. gr.

Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ í 9. gr. laganna, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 68/1988, kemur: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram í þeim tilgangi að flytja löggildingu á starfsréttindum sálfræðinga frá menntamálaráðuneyti til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.

Vorið 1993 skipaði þáv. menntamálaráðherra nefnd til að athuga nauðsyn þess að endurskoða lög um sálfræðinga og gera tillögur til breytinga ef þörf krefði. Á vordögum 1995 kom formaður nefndarinnar í menntamálaráðuneytið til viðræðna um bréf, dags. 30. maí 1995, er borist hafði frá Sálfræðingafélagi Íslands. Í bréfi þessu var greint frá því að í könnun, sem stjórn félagsins gekkst fyrir í árslok 1994, hafi komið fram að 96 af hundraði félagsmanna telji æskilegt að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti fari með starfsréttindi sálfræðinga í stað menntamálaráðuneytis. Á stjórnarfundi Sálfræðingafélagsins hafi verið samþykkt að fara þess á leit við nefndina að hún annaðhvort skili umboði sínu eða felli niður störf þar til yfirstandandi heildarendurskoðun á löggildingarmálum heilbrigðisstétta, sem fram fer á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, sé lokið. Ástæðan sé sú að Sálfræðingafélagið leggi svo mikla áherslu á að sálfræðingar teljist til heilbrigðisstétta að ekki sé talið æskilegt að vinna að endurskoðun laganna án þess að málefni sálfræðinga verði flutt frá menntamálaráðuneyti til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Fram kom hjá formanni hinnar stjórnskipuðu nefndar að óskir Sálfræðingafélagsins væru í fullu samræmi við hugmyndir nefndarmanna um framgang málsins.

Hlutaðeigandi stjórnvöld hafa fjallað um og fallist á þessi sjónarmið sálfræðinga. Viðfangsefni og starfsvettvangur þeirra er í mörgum tilvikum innan heilbrigðisþjónustunnar þar sem þeir gegna margvíslegu og mikilvægu hlutverki, bæði á vegum opinberra aðila og einkaaðila. Sálfræðingar starfa einnig innan menntakerfisins en verkefnin þar tengjast oft viðfangsefnum sem fjallað er um í heilbrigðisþjónustunni. Eftir að starfsheiti í sérgreinum innan sálarfræði voru einnig lögvernduð með lögum nr. 68/1988, um breyting á lögum um sálfræðinga, hefur hluti sérleyfa, þ.e. í klíniskri sálfræði, aðeins verið veittur að fengnu áliti heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Er talinn ávinningur af því að meðferð umsókna um sérfræðileyfi og leyfi til þess að kalla sig sálfræðing verði framvegis á hendi eins ráðuneytis. Efnisleg endurskoðun á lögum um sálfræðinga getur síðan farið fram samhliða framangreindri heildarendurskoðun á löggildingarmálum heilbrigðisstétta.

Með vísan til framanritaðs þarfnast einstakar greinar frumvarpsins ekki nánari skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneytið,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um sálfræðinga, nr. 40/1976, sbr. lög nr. 68/1988.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að leyfisveitingar til sálfræðinga flytjist frá menntamálaráðuneyti til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Gert er ráð fyrir að þetta hafi engin áhrif á kostnað ríkisins þegar á heildina er litið en að kostnaður á bilinu 140–170 þús. kr. færist á milli ráðuneyta.

650. Frumvarp til laga [372. mál]

um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

I. hluti.

Almenn ákvæði.

1. KAFLI

Gildissvið laganna.

1. gr.

Lög þessi taka til hvers manns sem er skipaður settur eða ráðinn í þjónustu ríkisins til lengri tíma en eins mánaðar, án tillits til þess hvort og þá hvaða stéttarfélagi hann tilheyrir, enda verði starf hans talið aðalstarf.

Ákvæði II. hluta laganna taka þó einvörðungu til embættismanna, sbr. 22. gr., og ákvæði III. hluta einvörðungu til annarra starfsmanna ríkisins.

Ef ekki er annað tekið fram er með hugtakinu „starf“ átt við sérhvert starf í þjónustu ríkisins sem lögin ná til, en með hugtakinu „embætti“ er einungis átt við starf sem maður er skipaður til að gegna, sbr. 22. gr.

2. gr.

Lög þessi taka ekki til forseta Íslands, ráðherra eða alþingismanna.

Þá taka lögin heldur ekki til eftirgreindra starfsmanna:

1. Starfsmanna hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, jafnvel þótt þau sé að öllu leyti í eigu ríkisins.
2. Starfsmanna stofnana sem að einhverju eða öllu leyti eru í eigu annarra en ríkisins, þar á meðal sjálfseignarstofnana, jafnvel þótt þær séu einvörðungu reknar fyrir framlög frá ríkinu.

3. gr.

Sérákvæði í lögum, sem öðruvísi mæla um réttindi og skyldur einstakra flokka starfsmanna, skulu haldast.

4. gr.

Nú verður ágreiningur um gildissvið laga þessara og sker fjármálaráðherra þá úr. Ef starfsmaður eða annar sá, sem í hlut á, vill ekki hlíta úrskurði ráðherra getur hann borið málið undir dómstóla.

2. KAFLI

Veiting starfs.

5. gr.

Það fer eftir ákvæðum laga hvaða stjórnvald veitir starf og hvort skipa skuli eða ráða í starfið.

Séu ekki fyrirmæli um það í lögum skal sá ráðherra er stofnun lýtur skipa forstöðumann stofnunar og, eftir atvikum, aðra embættismenn er starfa við stofnunina, en forstöðumaður ræður í önnur störf hjá henni.

6. gr.

Almenn skilyrði til þess að fá skipun eða ráðningu í starf eru þessi:

1. Átján ára aldur. Þó má víkja frá þessu aldurslágmarki um störf samkvæmt námssamningi, ræstingastörf, sendilsstörf eða önnur svipuð störf. Einstök ákvæði í lögum, þar sem annað aldurstakmark er sett, skulu haldast.
2. Lögræði. Þó gildir lögræðiskrafan ekki þegar undanþága er gerð skv. 1. tölulið.
3. Nauðsynleg heilbrigði, andleg og líkamleg, til þess að gegna þeim starfa sem hverju sinni er um að ræða.
4. Íslenskur ríkisborgararéttur. Þó má ráða ríkisborgara frá öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins til starfa með sömu kjörum og íslenska ríkisborgara. Einnig má víkja frá þessu ákvæði þegar um er að ræða aðra erlenda ríkisborgara ef sérstaklega stendur á.
5. Almenn menntun og þar að auki sú sérmenntun sem lögum samkvæmt er krafist eða eðli málsins samkvæmt verður að heimta til óaðfinnanlegrar rækslu starfans.
6. Fjárforræði, ef starfi fylgja fjárreiður, svo sem gjaldkera- eða innheimtustörf, eða ef svo er fyrir mælt í lögum eða sérstök ástæða þykir til að gera þá kröfu.

Nú hefur umsækjandi um starf hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, og telst hann þá ekki fullnægja starfsskilyrðum.

Konur og karlar hafa jafnan rétt til opinberra starfa og til sömu launa fyrir sambærileg störf.

7. gr.

Laust embætti skal auglýsa í Lögbirtingablaði og skal umsóknarfrestur ekki vera skemmri en tvær vikur frá útgáfudegi blaðsins. Þó er heimilt að skipa mann eða setja í embætti skv. 2. mgr. 23. gr. eða 24. gr. eða flytja hann til í embætti skv. 36. gr. án þess að embættið sé auglýst laust til umsóknar.

Önnur störf skulu auglýst opinberlega samkvæmt reglum sem settar skulu af fjármálaráðherra. Forstöðumanni stofnunar er heimilt að setja sérreglur um það hvernig auglýsa skuli störf hjá stofnuninni enda sé það gert opinberlega og reglurnar hljóti staðfestingu fjármálaráðherra. Í reglum samkvæmt þessari málsgrein má mæla svo fyrir að störf þar sem ekki er krafist tiltekinnar sérmenntunar eða sérhæfingar, svo sem minni háttar skrifstofustörf, störf samkvæmt námssamningi, ræstingastörf, sendilsstörf eða önnur svipuð störf þurfi ekki að auglýsa opinberlega.

Skylt er, sé þess óskað, að veita almenningi aðgang að upplýsingum um nöfn og starfsheiti umsækjenda þegar umsóknarfrestur er liðinn.

3. KAFLI
Réttindi.

8. gr.

Veita skal starfsmanni upplýsingar um skipunar- eða ráðningarkjör þegar hann er skipaður eða ráðinn til starfa. Fjármálaráðherra skal setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Hver sá, er starf veitir, getur sett starfsmanni erindisbréf, enda skal að jafnaði setja starfsmanni slík fyrirmæli, ef hann óskar þess, hvort sem það varðar starf hans almennt eða einstaka grein þess eða greinar.

9. gr.

Starfsmenn eiga rétt á launum fyrir störf sín samkvæmt ákvörðun kjaranefndar, sbr. 39. gr., eða samkvæmt kjarasamningum, sbr. 47.

Forstöðumenn stofnana geta ákveðið að greiða einstökum starfsmönnum laun til viðbótar grunnlaunum, sem ákvörðuð eru eða samið er um skv. 1. mgr., vegna sérstakrar hæfni er nýtist í starfi, eða sérstaks álags í starfi, svo og fyrir árangur í starfi. Ráðherrar geta enn fremur ákveðið að greiða forstöðumönnum einstakra stofnana, sem undir þá heyra, laun fyrir árangur í starfi til viðbótar þeim launum sem ákvörðuð eru skv. 1. mgr. Þessum ákvörðunum má breyta hvenær sem er, en sé breytingin starfsmanni í óhag tekur hún ekki gildi fyrr en að liðnum uppsagnarfresti þess starfsmanns sem hún varðar, sbr. 37. og 46. gr.

Ákvarðanir forstöðumanna skv. 2. mgr. skulu fara eftir reglum, sem fjármálaráðherra setur, þar sem meðal annars skal kveðið á um það að karlar og konur hafi sömu möguleika á að fá viðbótarlaun. Fjármálaráðherra hefur eftirlit með framkvæmd þessara reglna.

10. gr.

Föst laun skulu greidd eftir á fyrsta virkan dag hvers mánaðar. Með hugtakinu „föst laun“ er átt við föst laun fyrir dagvinnu, ásamt viðbótarlaunum skv. 2. mgr. 9. gr.

Nú tekur maður við starfi eftir fyrsta dag mánaðar, og fær hann þá laun í réttu hlutfalli við tölu þeirra daga sem eftir eru af þeim mánuði.

11. gr.

Starfsmenn skulu eiga rétt á orlofi eftir því sem fyrir er mælt í lögum og, eftir atvikum, ákveðið eða um samið með sama hætti og laun, sbr. 1. mgr. 9. gr.

Forstöðumaður stofnunar ákveður í samráði við starfsmenn hvenær þeir taki orlof.

Nú tekur starfsmaður ekki orlof tiltekið orlofsár, og er honum þá rétt, með samþykki forstöðumanns, að leggja saman orlof þess árs og hins næsta til orlofstöku síðara árið.

Nú tekur starfsmaður ekki orlof, sem ákveðið hefur verið skv. 2. mgr., að beiðni forstöðumanns, og geymist þá orlofið til næsta orlofsárs. Ef starfsmaður lýkur ekki töku þessa orlofs síðara árið skal hann fá það sem eftir stendur greitt eins og um yfirvinnu væri að ræða.

Skylt er starfsmanni að taka orlof.

12. gr.

Starfsmenn skulu eiga rétt til launa í veikindaforföllum og fæðingarorlofi eftir því sem fyrir er mælt í lögum og, eftir atvikum, ákveðið eða um samið með sama hætti og laun, sbr. 1. mgr. 9. gr.

13. gr.

Starfsmenn eiga rétt á sveigjanlegum vinnutíma samkvæmt ákvörðun forstöðumanns stofnunar enda verði slíku við komið að skaðlausu.

Ef forstöðumaður hafnar beiðni starfsmanns skv. 1. mgr. er heimilt að bera þá ákvörðun undir hlutaðeigandi ráðherra.

4. KAFLI
Skyldur.

14. gr.

Starfsmanni er skylt að rækja starf sitt með alúð og samviskusemi í hvívetna. Hann skal gæta kurteisi, lipurðar og réttsýni í starfi sínu. Hann skal forðast að hafast nokkuð það að í starfi sínu eða utan þess sem er honum til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á það starf eða starfsgrein er hann vinnur við.

Starfsmanni er skylt að veita þeim sem til hans leita nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar, þar á meðal að benda þeim á það, ef svo ber undir, hvert þeir skuli leita með erindi sín.

15. gr.

Skylt er starfsmanni að hlýða löglegum fyrirskipunum yfirmanna um starf sitt.

16. gr.

Starfsmenn skulu koma stundvíslega til starfa, hvort heldur er að morgni eða eftir hlé. Heimilt er að setja upp tímaskráningarkerfi til að fylgjast með því hvenær starfsmenn mæta til vinnu.

Starfsmanni sem verið hefur frá starfi án gildra forfalla er skylt að hlíta því að dregið sé af launum allt að tvöföldum þeim tíma sem hann var frá starfi.

17. gr.

Forstöðumaður ákveður vinnutíma þeirra starfsmanna sem starfa hjá stofnun að því marki sem lög og kjarasamningar leyfa.

Skylt er starfsmönnum að vinna yfirvinnu sem forstöðumaður telur nauðsynlega. Þó er engum starfsmanni, nema þeim er gegnir lögreglustörfum eða annarri öryggisþjónustu, skylt að vinna meiri yfirvinnu í viku hverri en nemur fimmtungi af lögmæltum vikulegum vinnutíma.

18. gr.

Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

19. gr.

Skylt er starfsmanni að hlíta breytingum á störfum sínum og verksviði frá því er hann tók við starfi. Ef breytingarnar hafa í för með sér skert launakjör starfsmanns eða réttindi skal hann þó halda óbreyttum launakjörum og réttindum þann tíma sem eftir er af skipunartíma hans í embætti eða jafn langan tíma og réttur hans til uppsagnarfrests er samkvæmt ráðningarsamningi, sbr. 46. gr.

20. gr.

Áður en starfsmaður hyggst, samhliða starfi sínu, taka við launuðu starfi í þjónustu annars aðila, ganga í stjórn atvinnufyrirtækis eða stofna til atvinnurekstrar ber honum að skýra því stjórnvaldi, er veitti starfið, frá því. Innan tveggja vikna skal starfsmanni skýrt frá því, ef áðurnefnd starfsemi telst ósamrýmanleg starfi hans, og honum bannað að hafa hana með höndum. Bera má slíkt bann undir hlutaðeigandi ráðherra.

Rétt er að banna starfsmanni slíka starfsemi sem í 1. mgr. segir ef það er síðar leitt í ljós að hún megi ekki saman fara starfi hans í þjónustu ríkisins.

21. gr.

Ef starfsmaður hefur sýnt í starfi sínu óstundvísi eða aðra vanrækslu, óhlýðni við löglegt boð eða bann yfirmanns síns, vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi, hefur ekki náð fullnægjandi árangri í starfi, hefur verið ölvaður að starfi eða framkoma hans eða athafnir í því eða utan þess þykja að öðru leyti ósæmilegar, óhæfilegar eða ósamrýmanlegar starfinu, getur forstöðumaður stofnunar veitt honum skriflega áminningu. Áður skal þó gefa starfsmanni kost á að tala máli sínu ef það er unnt.

II. hluti.

Sérstök ákvæði um embættismenn.

5. KAFLI

Skipun eða setning í embætti.

22. gr.

Embættismenn teljast samkvæmt lögum þessum einvörðungu þeir starfsmenn ríkisins sem taldir eru upp hér á eftir og skipaðir eru í starf skv. 23. gr.:

1. Starfsmenn Alþingis og stofnana þess.
2. Starfsmenn skrifstofu forseta Íslands.
3. Starfsmenn stjórnarráðs, þar með taldir starfsmenn utanríkisþjónustunnar.
4. Hæstaréttardómarar og héraðsdómarar, svo og aðrir starfsmenn Hæstaréttar og héraðsdómstóla.
5. Biskup Íslands og vígslubiskupar.
6. Ríkissaksóknari, ríkislögmaður, ríkissáttasemjari og umboðsmaður barna, svo og aðrir starfsmenn við embætti þeirra.
7. Sýslumenn og aðrir starfsmenn sýslumannsembætta, svo og rannsóknarlögreglustjóri ríkisins, lögreglustjórinn í Reykjavík og tollstjórinn í Reykjavík og aðrir starfsmenn rannsóknarlögreglu ríkisins, lögreglustjóra- og tollstjóraembættanna.
8. Forstöðumenn stofnana og fyrirtækja ríkisins.
9. Starfsmenn Almannavarna ríkisins, Fangelsismálastofnunar og Landhelgisgæslu.
10. Þeir aðrir, sem skipaðir eru í störf af forseta Íslands samkvæmt öðrum lögum, svo og þeir er gegna störfum sem öldungis verður jafnað til embætta þeirra manna sem getið er í 1.–9. tölulið.

Fjármálaráðherra sker úr því hvaða starfsmenn falla undir 8. og 10. tölulið þessarar greinar og skal hann fyrir 1. febrúar ár hvert birta lista í Lögbirtingablaði yfir þá starfsmenn.

23. gr.

Embættismenn skulu skipaðir tímabundið, til fimm ára í senn, nema annað sé tekið fram í lögum.

Ef maður hefur verið skipaður í embætti skv. 1. mgr. skal honum tilkynnt eigi síðar en þremur mánuðum áður en skipunartími hans rennur út hvort embættið verði auglýst laust til umsóknar. Sé það ekki gert framlengist skipunartími hans í embætti sjálfkrafa um fimm ár.

24. gr.

Nú fellur maður frá sem skipaður hefur verið í embætti, eða er fjarverandi um lengri tíma vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, og getur þá það stjórnvald sem veitir embættið sett annan mann til að gegna því um stundarsakir, þó aldrei lengur en í eitt ár. Sá sem settur er í embætti nýtur réttinda og ber skyldur skv. 6. og 7. kafla eftir því sem við á.

25. gr.

Nú er maður skipaður eða settur í embætti og ber þá að líta svo á að hann skuli gegna því þar til eitthvert eftirgreindra atriða kemur til:

1. að hann brýtur af sér í starfinu, svo að honum beri að víkja úr því;
2. að hann fullnægir ekki lengur skilyrðum 6. gr.;
3. að hann fær lausn samkvæmt eigin beiðni, sbr. 37. gr.;
4. að hann fær lausn vegna heilsubrests, sbr. 30. gr.;
5. að hann hefur náð hámarksaldri, sbr. 33. gr.;
6. að skipunartími hans skv. 23. gr. er runninn út nema ákvæði 2. mgr. eigi við;
7. að setningartími hans skv. 24. gr. er runninn út;
8. að hann flyst í annað embætti, sbr. 36. gr.;
9. að embættið er lagt niður, sbr. 34. gr.

6. KAFLI
Lausn frá embætti.

26. gr.

Stjórnvald er skipar í embætti veitir og lausn frá því um stundarsakir.

Rétt er að veita embættismanni lausn um stundarsakir, ef hann hefur sýnt í starfi sínu óstundvísi eða aðra vanrækslu, óhlýðni við löglegt boð eða bann yfirmanns síns, vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi, hefur ekki náð fullnægjandi árangri í starfi, sbr. meðal annars 38. gr., hefur verið ölvaður að starfi eða framkoma hans eða athafnir í því eða utan þess þykja að öðru leyti ósæmilegar, óhæfilegar eða ósamrýmanlegar því embætti sem hann gegnir.

Nú hefur embættismaður fjárreiður eða bókhald með höndum og má þá veita honum lausn um stundarsakir ef ætla má eða víst þykir að óreiða sé á bókhaldi eða fjárreiðum, bú hans tekið til gjaldþrotaskipta eða hann leitar nauðasamninga. Sama er, ef embættismaður er grunaður um háttsemi sem hefði í för með sér sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga.

Lausn um stundarsakir skal jafnan vera skrifleg með tilgreindum ástæðum. Ekki er skylt að veita embættismanni áminningu skv. 21. gr. áður en honum er veitt lausn um stundarsakir, en hins vegar skal gefa honum kost á að tala máli sínu ef það er unnt.

27. gr.

Nú hefur embættismanni verið veitt lausn um stundarsakir fyrir meintar misfellur í starfi og skal mál hans þá þegar rannsakað af nefnd sérfróðra manna eða að hætti opinberra mála, ef ástæða þykir til, svo að upplýst verði hvort rétt er að veita honum lausn að fullu eða láta hann taka aftur við embætti sínu.

Í nefnd, sem rannsaka skal mál embættismanns skv. 1. mgr., skulu eiga sæti þrír menn, sérfróðir um stjórnsýslu. Fjármálaráðherra skipar nefndina, þar af formann hennar og varamann hans til fjögurra ára í senn. Aðrir nefndarmenn taka sæti í nefndinni í

hvert sinn og skal annar þeirra tilnefndur af þeim ráðherra sem í hlut á en hinn af samtökum ríkisstarfsmanna sameiginlega. Ef samtökin koma sér ekki saman skal fjármálaráðherra skipa nefndarmanninn án tilnefningar. Nefndin skal láta í ljós rökstutt álit á því hvort rétt hafi verið að víkja embættismanni frá störfum um stundarsakir.

28. gr.

Meðan lausn um stundarsakir stendur nýtur embættismaður helmings af föstum launum sem embætti hans fylgja. Embættishúsnæði og jarðnæði, ef um er að ræða, heldur hann, enda komi þau fríðindi til reiknings samkvæmt mati í þeim launum, er hann fær.

Nú tekur sá aftur við embætti sínu sem lausn hefur fengið um stundarsakir og skal hann þá fá greiddan þann helming hinna föstu launa er hann hefur verið sviptur og skal auk þess líta svo á um starfsaldur sem hann hafi gegnt starfanum óslitið.

29. gr.

Embættismanni skal víkja úr embætti að fullu ef hann hefur verið sviptur með fullnaðardómi rétti til að gegna því embætti. Nú hefur starfsmaður verið sviptur þeim rétti með dómi í héraði, og skal þá í þeim dómi kveða á um hvort það ákvæði hans skuli þegar koma til framkvæmdar eða fresta því, þar til ráðið verður hvort honum skuli skjóta til æðra dóms, eða þar til úrlausn æðra dóms er fengin.

Embættismanni skal víkja úr embætti að fullu ef meiri hluti nefndar skv. 27. gr. kemst að þeirri niðurstöðu að rétt hafi verið að víkja honum frá störfum um stundarsakir.

Embættismanni skal og víkja úr embætti að fullu, án fyrirvara, ef hann hefur játað að hafa gerst sekur um refsiverða háttsemi sem ætla má að hefði í för með sér sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga.

30. gr.

Ef embættismaður hefur verið frá störfum vegna sjúkdóma eða slysa samfellt í eitt ár eða sem svarar 1/18 af samfelldum starfstíma hans hjá ríkinu, ef sá tími er lengri en eitt ár, skal veita honum lausn frá störfum vegna heilsubrests. Þetta gildir þó ekki ef læknir vottar að líkur séu til fulls bata innan næstu þriggja mánaða enda sé honum þá veitt lausn að liðnum þessum þremur mánuðum ef hann er enn óvinnufær.

Ef embættismaður veikist og læknir vottar að heilsu hans sé svo farið að ekki þyki gerlegt að láta hann starfa lengur er heimilt að veita honum lausn frá störfum vegna heilsubrests þegar launagreiðslum vegna veikinda lýkur, en þeirri ákvörðun má skjóta til hlutaðeigandi ráðherra.

Ef embættismaður er leystur frá störfum samkvæmt þessari grein ber að greiða honum föst laun í þrjá mánuði. Sama regla gildir um greiðslu til maka látins embættismanns.

31. gr.

Stjórnvald er skipar mann í embætti veitir og lausn frá því, nema öðruvísi sé sérstaklega fyrir mælt í lögum. Lausn skal veita skriflega og jafnan greindar orsakir, svo sem vegna heilsubrests, tiltekinna ávirðinga o.s.frv. Í lausnarbréfi skal jafnan kveðið á um frá hvaða degi embættismaður skuli lausn taka og með hvaða kjörum, svo sem um eftirlaun, sé um þau að ræða, lífeyri, hvenær embættismaðurinn skuli sleppa íbúð, jarðnæði o.s.frv., eftir því sem við á.

Embættismanni, sem víkja skal úr embætti, skal veittur kostur á að tala máli sínu áður en ákvörðun er tekin, ef þess er kostur.

32. gr.

Rétt er þeim, er vikið er úr embætti, að bera málið undir úrlausn dómstóla.

Nú er embættismissir dæmdur óréttmætur og fer þá um bætur til aðila eftir úrskurði dómstóla, nema hlutaðeigendur hafi komið sér saman um annað. Þegar bætur eru metnar skal hafa til hliðsjónar ástæður embættismanns, svo sem aldur og atvinnumöguleika, svo og fram komnar málsbætur þess stjórnvalds sem leysti hann frá embætti.

33. gr.

Embættismanni skal veita lausn frá og með næstu mánaðamótum eftir að hann nær 70 ára aldri.

Sé maður orðinn 65 ára, þegar hann er skipaður tímabundið í embætti skv. 23. gr., skal skipunartími hans miðaður við að hann láti af störfum frá og með næstu mánaðamótum eftir að hann nær 70 ára að aldri.

34. gr.

Nú er embætti lagt niður og skal þá embættismaður jafnan fá föst laun, er embættinu fylgdu, greidd í 6 mánuði frá því að hann lét af starfi, ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en 15 ár, en ella í 12 mánuði, enda hafi hann þá ekki hafnað öðru sambærilegu starfi, óháð því hvort það er á vegum ríkisins eða annars aðila.

Nú tekur maður, er launagreiðslna nýtur skv. 1. mgr., við starfi í þjónustu ríkisins eða annars aðila, áður en liðinn er 6 eða 12 mánaða tíminn, og skulu þá launagreiðslur samkvæmt þessari grein falla niður ef laun þau er nýja starfinu fylgja eru jöfn eða hærri en þau, er hann naut í fyrra embætti. Ef launin í nýja starfinu eru lægri skal greiða honum launamismuninn til loka 6 eða 12 mánaða tímabilsins.

35. gr.

Nú er maður, sem skipaður hefur verið tímabundið í embætti skv. 23. gr., ekki skipaður að nýju í embættið, og skal hann þá fá föst laun, er embættinu fylgdu, greidd í 3 mánuði frá því að hann lét af starfi ef hann hefur gegnt embættinu skemur en 15 ár, en ella í 6 mánuði, enda hafi hann þá ekki hafnað öðru sambærilegu starfi, óháð því hvort það er á vegum ríkisins eða annars aðila.

Nú tekur maður, er launagreiðslna nýtur skv. 1. mgr., við starfi í þjónustu ríkisins eða annars aðila áður en liðinn er 3 eða 6 mánaða tíminn, og skulu þá launagreiðslur samkvæmt þessari grein falla niður ef laun er nýja starfinu fylgja eru jöfn eða hærri en þau er hann naut í fyrra embætti. Ef launin í nýja starfinu eru lægri skal greiða honum launamismuninn til loka 3 eða 6 mánaða tímabilsins.

Á meðan maður nýtur launa skv. 1. mgr. er honum skylt að starfa áfram, sé þess óskað, og veita eftirmanni sínum aðstoð svo að sem minnst röskun verði á starfsemi þeirri sem hann hafði með höndum.

36. gr.

Stjórnvald, sem skipað hefur mann í embætti, getur flutt hann úr einu embætti í annað, enda heyri bæði embættin undir það. Enn fremur getur stjórnvald, sem skipað hefur mann í embætti samþykkt að hann flytjist í annað embætti, er lýtur öðru stjórnvaldi, enda óski það stjórnvald eftir því.

Flytjist maður í annað embætti skv. 1. mgr., sem er lægra launað en fyrra embættið, skal greiða honum launamismuninn þann tíma sem eftir er af skipunartíma hans í fyrra embættinu.

37. gr.

Nú vill embættismaður biðjast lausnar, og skal hann þá gera það skriflega og með þriggja mánaða fyrirvara, nema ófyrirsjáanleg atvik hafi gert hann ófæran um að gegna embættinu eða stjórnvald sem lausn á að veita, samþykki skemmri frest.

Skylt er að veita lausn ef hennar er löglega beiðst. Þó er óskylt að veita lausn frá þeim tíma sem beiðst er ef svo margir leita lausnar samtímis eða um líkt leyti í sömu starfsgrein að til auðnar um starfrækslu þar myndi horfa ef beiðni hvers um sig væri veitt. Getur stjórnvald þá áskilið lengri uppsagnarfrest, allt að sex mánuðum, en á meðan heldur embættismaðurinn óbreyttum launakjörum og réttindum, þar á meðal viðbótarlaunum skv. 2. mgr. 9. gr.

7. KAFLI

Sérstakar skyldur.

38. gr.

Ráðherra setur sérhverjum forstöðumanni stofnunar erindisbréf þar sem tilgreind skulu helstu markmið í rekstri stofnunar og verkefni hennar, bæði til lengri og skemmri tíma litið.

Forstöðumaður ber ábyrgð á að stofnun, sem hann stýrir, starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf skv. 1. mgr. Forstöðumaður ber og ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstarafkoma stofnunarinnar sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt. Ef útgjöld fara fram úr fjárlagaheimildum, verkefnum stofnunar er ekki sinnt sem skyldi eða þjónusta hennar telst óviðunandi getur ráðherra veitt forstöðumanni áminningu skv. 21. gr. eða veitt honum lausn frá embætti skv. 6. kafla ef hann hefur gerst sekur um ítrekaða eða stórfellda vanrækslu í starfi með þeim hætti sem að framan er lýst.

39. gr.

Laun og önnur launakjör embættismanna skulu ákveðin af kjaranefnd samkvæmt þeim lögum sem um hana gilda.

40. gr.

Embættismönnum er óheimilt að efna til, stuðla að eða taka þátt í verkfalli eða öðrum sambærilegum aðgerðum.

III. hluti.

Sérstök ákvæði um aðra starfsmenn ríkisins en embættismenn.

8. KAFLI

Ráðning í starf.

41. gr.

Starfsmenn ríkisins, aðrir en embættismenn, skulu ráðnir til starfa ótímabundið með gagnkvæmum uppsagnarfresti.

Heimilt er að ráða starfsmann til starfa tímabundið og er unnt að taka fram í ráðningarsamningi að segja megi slíkum samningi upp af hálfu annars hvors aðila áður en ráðning fellur sjálfkrafa úr gildi við lok samningstíma. Tímabundin ráðning skal þó aldrei vara samfellt lengur en í tvö ár.

42. gr.

Gerður skal skriflegur ráðningarsamningur milli forstöðumanns stofnunar og starfsmanns þar sem meðal annars komi fram ráðningarkjör.

Fjármálaráðherra skal setja reglur um form ráðningarsamninga skv. 1. mgr.

9. KAFLI
Starfslok.

43. gr.

Forstöðumaður stofnunar hefur rétt til að segja starfsmanni upp störfum eftir því sem fyrir er mælt í ráðningarsamningi. Ráðning starfsmanns, sem ráðinn er tímabundið skv. 2. mgr. 41. gr., fellur úr gildi við lok samningstíma án uppsagnar.

Starfsmanni skal þó jafnan segja upp störfum frá og með næstu mánaðamótum eftir að hann nær 70 ára aldri.

44. gr.

Ekki er skylt að veita starfsmanni áminningu áður en honum er sagt upp störfum. Ef uppsögn á rætur að rekja til ástæðna, sem tilgreindar eru í 21. gr., skal gefa starfsmanni kost á að tjá sig um ástæður uppsagnar áður en hún tekur gildi, en það er hins vegar ekki skylt ef uppsögn stafar af öðrum ástæðum, svo sem þeirri að verið sé að fækka starfsmönnum vegna hagræðingar í rekstri stofnunar.

Ef starfsmaður óskar skal rökstyðja uppsögn skriflega.

45. gr.

Starfsmanni skal víkja úr starfi fyrirvaralaust ef hann hefur verið sviptur með fullnaðardómi rétti til að gegna því starfi. Nú hefur starfsmaður verið sviptur þeim rétti með dómi í héraði, og skal þá í þeim dómi kveða á um hvort það ákvæði hans skuli þegar koma til framkvæmdar eða fresta því, þar til ráðið verður hvort honum skuli skjóta til æðra dóms, eða þar til úrlausn æðra dóms er fengin.

Starfsmanni skal og víkja úr starfi fyrirvaralaust ef hann hefur játað að hafa gerst sekur um refsiverða háttsemi sem ætla má að hefði í för með sér sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga.

46. gr.

Starfsmaður hefur rétt til að segja upp störfum eftir því sem fyrir er mælt í ráðningarsamningi.

Þó er forstöðumanni stofnunar heimilt að lengja uppsagnarfrest í allt að sex mánuði ef svo margir leita lausnar samtímis eða um líkt leyti hjá stofnun að til auðnar um starfrækslu þar myndi horfa ef beiðni hvers um sig væri veitt. Á meðan heldur starfsmaðurinn óbreyttum launakjörum og réttindum, þar á meðal viðbótarlaunum skv. 2. mgr. 9. gr.

10. KAFLI
Sérstök réttindi.
47. gr.

Stéttarfélög eða samtök þeirra gera kjarasamninga við ríkið um laun félagsmanna sinna og launakjör eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum.

Nú kýs starfsmaður að standa utan stéttarfélaga og skal hann þá njóta sömu launa og launakjara og samið hefur verið um í kjarasamningum fyrir sambærileg störf. Sé ekki um það að ræða skal fjármálaráðherra ákveða laun og launakjör þeirra starfsmanna sem standa utan stéttarfélaga.

48. gr.

Stéttarfélagi er heimilt að gera verkfall hjá ríkinu í þeim tilgangi að stuðla að framgangi krafna sinna í deilu um kjarasamning með þeim skilyrðum og takmörkunum sem sett eru í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, lögum um stéttarfélög og vinnudeilur og öðrum lögum.

IV. hluti.
Önnur ákvæði.
11. KAFLI
Ýmis sérákvæði.
49. gr.

Ákvörðunum stjórnvalda samkvæmt lögum þessum verður ekki skotið til æðri stjórnvalda nema öðruvísi sé fyrir mælt í einstökum ákvæðum laganna.

50. gr.

Forstöðumenn geta framselt vald, sem þeim er veitt í þessum lögum, til annarra stjórnenda í stofnun enda sé það gert skriflega og tilkynnt starfsmönnum stofnunar.

Forstöðumenn ríkisfyrirtækja njóta í hvívetna sömu réttarstöðu og forstöðumenn stofnana samkvæmt lögum þessum þótt það sé ekki sérstaklega tekið fram.

51. gr.

Forseti Alþingis er í fyrirsvari gagnvart starfsmönnum þingsins og tekur ákvarðanir um réttindi þeirra og skyldur á sama hátt og ráðherra og forstöðumenn stofnana samkvæmt lögum þessum.

Ráðuneytisstjórar eru í fyrirsvari gagnvart starfsmönnum ráðuneyta og taka ákvarðanir um réttindi þeirra og skyldur á sama hátt og forstöðumenn stofnana skv. 9., 11., 13., 17. og 21. gr.

52. gr.

Við samningu stjórnvaldsfyrirmæla samkvæmt lögum þessum, annarra en verklagsreglna, svo og við endurskoðun þeirra skal jafnan gefa Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bandalagi háskólamanna og Alþýðusambandi Íslands kost á að fylgjast með og fjalla fyrir hönd félaga sinna um ágreiningsatriði þau sem upp kunna að koma.

53. gr.

Brot á 40. gr. varða fésektum nema mælt sé fyrir um þyngri refsingu í öðrum lögum.

12. KAFLI
Gildistaka og lagaskil.

54. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1996.

55. gr.

Við gildistöku laganna falla brott eftirgreind lög og ákvæði laga:

1. Lög nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
2. Lög nr. 27/1935, um aldurshámark opinberra embættismanna og starfsmanna.
3. Lög nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana.

56. gr.

Við gildistöku laganna breytast eftirtalin ákvæði laga sem hér segir:

1. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, orðast svo:

   Ákvæði laganna taka ekki til:

   1. Þeirra embættismanna sem heyra undir lög um Kjaradóm og kjaranefnd.
   2. Starfsmanna ríkisbanka eða lánastofnana ríkisins.
   3. Starfsmanna stofnana og fyrirtækja ríkis og sveitarfélaga þegar kaup þeirra og kjör fara eftir kjarasamningum stéttarfélaga þeirra og vinnuveitenda, sbr. lög nr. 80/1938 og lög nr. 19/1979.
   4. Þeirra sem skipa samninganefndir ríkis og sveitarfélaga.
   5. Þeirra starfsmanna sveitarfélaga sem getið er í 3.–5. tölul. 19 . gr. þessara laga og eru utan samningsumboðs stéttarfélags samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar sem ákveður þeim starfskjör án samnings.

   1. mgr. 19. gr. sömu laga orðast svo:

   Heimild til verkfalls skv. 14. gr. nær eigi til eftirtalinna starfsmanna:

   1. Þeirra embættismanna sem heyra undir lög um Kjaradóm og kjaranefnd.
   2. Starfsmanna Alþingis og stofnana þess, svo og starfsmanna á skrifstofu forseta Íslands og í stjórnarráði, þar með talinna starfsmanna utanríkisþjónustunnar.
   3. Starfsmanna Hæstaréttar og héraðsdómstóla.
   4. Starfsmanna við embætti ríkissaksóknara, ríkislögmanns, ríkissáttasemjara og umboðsmanns barna.
   5. Þeirra sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu.
   6. Framkvæmdastjóra sveitarfélaga, borgar- og bæjarlögmanna, borgar- og bæjarritara, borgar- og bæjarverkfræðinga, skrifstofustjóra borgarstjórnar og starfsmanna launadeilda.
   7. Forstöðumanna stærri atvinnu- og þjónustustofnana sveitarfélaga og staðgengla þeirra.
   8. Annarra þeirra er gegna störfum sem öldungis verður jafnað til þeirra starfa sem getið er í 6. og 7. tölul.

Í 2. mgr. 19. gr. sömu laga falla niður orðin „3.–6. tölul.“, en í staðinn komi: 5.–8. tölul.

2. 2. gr. laga nr. 120/1992 um Kjaradóm og kjaranefnd orðast svo:

Kjaradómur ákvarðar laun forseta Íslands skv. 1. gr. laga nr. 10/1990, um laun forseta Íslands, þingfararkaup og önnur starfskjör alþingismanna samkvæmt lögum nr. 88/1995, um þingfararkaup alþingismanna, svo og laun og starfskjör ráðherra.

3. mgr. 6. gr. sömu laga orðast svo:

Enn fremur skal Kjaradómur hafa hliðsjón af þeim hlunnindum og réttindum sem tengjast embætti og launum, svo sem lífeyrisréttindum.

2. mgr. 8. gr. sömu laga orðast svo:

Kjaranefnd ákveður laun og starfskjör embættismanna, sbr. ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

9. gr. sömu laga falla brott. Greinatala breytist samkvæmt þessu.

Við 3. mgr. 11. gr. (áður 3. mgr. 12. gr.) sömu laga bætist: Þá getur hún við ákvörðun sína tekið tillit til sérstakrar hæfni, er nýtist í starfi, og sérstaks álags sem starfinu fylgir.

Ákvæði til bráðabirgða.

Starfsmenn ríkisins, sem fá laun greidd fyrir fram við gildistöku laga þessara, halda þeim rétti þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 10. gr. laga þessara.

Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. laganna skulu reglugerðir nr. 410/1989, um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins, og nr. 411/1989, um veikindaforföll starfsmanna ríkisins, gilda um starfsmenn ríkisins, sem skipaðir hafa verið eða ráðnir í þjónustu ríkisins fyrir gildistöku laga þessara og fallið hafa undir lög nr. 38/1954, uns laun í veikindaforföllum og fæðingarorlofi hafa verið ákveðin eða um þau samið, sbr. 1. mgr. 9. gr. Sama á við um þá sem ráðnir verða í sömu eða sambærileg störf á þessu tímabili á grundvelli þessara laga. Þar til um annað hefur verið samið gilda enn fremur ákvæði 21. gr. laga nr. 38/1954 um umrædda starfsmenn, þó ekki embættismenn skv. 22. gr. laga þessara.

Um starfslok þeirra starfsmanna ríkisins, sem skipaðir hafa verið eða ráðnir í störf ótímabundið fyrir gildistöku laga þessara, án gagnkvæms uppsagnarfrests, gilda ákvæði 25. gr. og 6. kafla laga þessara eftir því sem við á, sbr. þó 4. og 5. mgr.

Þegar í hlut eiga þeir starfsmenn ríkisins, sem 3. mgr. tekur til og ekki teljast embættismenn skv. 22. gr. laga þessara, gilda ákvæði í kjarasamningum um lausn frá störfum vegna heilsubrests í stað 30. gr. laganna.

Sé starf lagt niður á starfsmaður, sem skipaður hefur verið eða ráðinn í þjónustu ríkisins fyrir gildistöku laga þessara og fallið hefur undir lög nr. 38/1954, en telst ekki embættismaður skv. 22. gr. laga þessara, rétt til bóta er nemi föstum launum í 3 mánuði, ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en í 15 ár, en ella í 6 mánuði. Að öðru leyti gilda um bótarétt og bótafjárhæð ákvæði 34. gr.

Ef starf hefur verið lagt niður fyrir gildistöku laga þessara halda þeir starfsmenn, sem starfinu gegndu og féllu undir lög nr. 38/1954, forgangsrétti til starfa skv. 2. og 3. mgr. 14. gr. þeirra laga í 5 ár frá því starfið var lagt niður.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem skipuð var af fjármálaráðherra 23. ágúst 1995 til þess að endurskoða í heild stefnu ríkisins í starfsmannamálum þess. Í nefndinni eiga sæti Eiríkur Tómasson prófessor, formaður, Inga Dóra Sigfúsdóttir stjórnmálafræðingur og Þórður S. Óskarsson vinnusálfræðingur. Ritari nefndarinnar er Stefán Stefánsson, starfsmaður Hagsýslu ríkisins. Við samningu frumvarpsins hefur nefndin notið aðstoðar þeirra Birgis Guðjónssonar skrifstofustjóra, Gunnars Björnssonar deildarstjóra og Önnu Sigríðar Örlygsdóttur lögfræðings, sem öll starfa á starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, auk Hauks Ingibergssonar, forstöðumanns Hagsýslu ríkisins og Einars Farestveit lögfræðings.

Hinn 12. desember 1995 var samtökum ríkisstarfsmanna, þ.e. Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), Bandalagi háskólamanna — BHMR og Kennarasambandi Íslands (KÍ), sent bréf þar sem m.a. var skýrt frá því að heildarendurskoðun á lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, stæði fyrir dyrum. Tekið var fram að ætlunin væri að hraða endurskoðun á lögunum og var af þeim sökum óskað eftir hugmyndum samtakanna um breytingar á lögunum sem fyrst, auk þess sem þeim var boðið upp á viðræður um málið. Svarbréf barst frá BSRB en engin viðbrögð bárust við bréfinu frá hinum samtökunum tveimur. Í byrjun febrúarmánaðar 1996 var samtökunum þremur kynnt efni þess frumvarps, sem hér er lagt fram, og þeim skömmu síðar send drög að frumvarpinu til skoðunar. Í kjölfar þess hafa átt sér stað viðræður við fyrirsvarsmenn samtakanna og hefur verið höfð hliðsjón af athugasemdum þeirra við endanlega gerð frumvarpsins.

II.

Fljótlega eftir að nefnd sú, sem samið hefur frumvarp þetta, tók til starfa sendi hún ríkisstjórninni tillögu að nýrri stefnu í starfsmannamálum ríkisins. Í tillögunni segir m.a.:

„1. Nokkrar staðreyndir um starfsmannahald ríkisins.

Það verkefni, að endurskoða starfsmannastefnu ríkisins í heild, er í sjálfu sér risavaxið ef þess er gætt að starfsmenn ríkisins, sem munu alls vera u.þ.b. 25.000 talsins, starfa hjá embættum, stofnunum og fyrirtækjum sem eru mjög ólík innbyrðis. Sem dæmi um það hversu fjölbreyttur hópur það er sem starfar hjá ríkinu má nefna að sem stendur greiðir ríkið laun samkvæmt 140 kjarasamningum til einstaklinga í 175 mismunandi stéttarfélögum.

Ríkisstarfsmönnum hefur fjölgað mjög ört á undanförnum áratugum. Þannig er áætlað að þeir hafi verið um 8% af vinnuafli í landinu árið 1955 miðað við 20% á þessu ári. Ríkið greiddi alls 36 milljarða króna í laun á árinu 1994 þannig að launagreiðslur námu í fyrra nálægt þriðjungi af ríkisútgjöldum. Það er því ljóst að laun og launatengd gjöld eru mjög stór hluti af rekstrarútgjöldum ríkisins.

2. Markmið nýrrar starfsmannastefnu og leiðir til að ná þeim markmiðum.

Það er alkunna að fólk gerir sífellt kröfur um aukna og bætta þjónustu hins opinbera, sér til handa. Sumum þessum kröfum verður að mæta, m.a. vegna síbreytilegra aðstæðna í þjóðfélaginu. Öllum sem láta sig fjármál ríkisins einhverju skipta er það hins vegar ljóst að eina leiðin til að ná jafnvægi í ríkisfjármálunum, án þess að hækka skatta, er að lækka ríkisútgjöld og það verður ekki gert að neinu ráði nema með því að draga úr kostnaði við

starfsmannahald á vegum ríkisins, eins og ofangreindar upplýsingar sýna.

Að dómi okkar nefndarmanna er eina ráðið til að bregðast við þessum vanda að breyta núverandi starfsmannastefnu hins opinbera, a.m.k. eins og sú stefna hefur birst í framkvæmd. Hér á Íslandi verður, á sama hátt og gert hefur verið í nær öllum öðrum aðildarríkjum OECD, að ráðast gegn þeim hugsunarhætti sem endurspeglast í setningum á borð við: „Þjónustan verður ekki aukin eða hún bætt nema með fleira starfsfólki.“ Einkafyrirtæki, ekki aðeins framleiðslufyrirtæki heldur einnig þjónustufyrirtæki, hafa þurft að bregðast við vaxandi samkeppni með því að draga úr kostnaði við starfsmannahald og jafnframt að bæta þjónustu við viðskiptavini sína. Þannig hefur sumum fyrirtækjum tekist að standast samkeppnina með því að gjörbreyta skipulagi sínu og starfsháttum meðan önnur hafa setið eftir í sama gamla farinu og þar af leiðandi orðið undir á markaðinum.

Ríkið minnir að ýmsu leyti á fyrirtæki sem hefur orðið undir í samkeppni á frjálsum markaði. Rekstrarútgjöldin eru meiri en tekjurnar, þjónustu við „viðskiptavinina“, þ.e. fólkið í landinu, þyrfti að bæta á mörgum sviðum, en svigrúmið til að breyta skipulagi og starfsháttum er harla lítið. Þessu verður að breyta, ekki með neikvæðum, heldur jákvæðum formerkjum, þar sem höfuðáherslan er lögð á að skapa möguleika til að mæta nýjum þörfum í rekstri hins opinbera og bæta opinbera þjónustu um leið og gripið er til hagræðingar til að tryggja jafnvægi í ríkisfjármálunum, án þess að skattar eða aðrar álögur verði hækkaðar.

Meginmarkmiðin með þeirri endurskoðun á starfsmannastefnu ríkisins, sem nú stendur fyrir dyrum, eru, eins og fram kemur í skipunarbréfi nefndarinnar, „að auka hagkvæmni í ríkisrekstrinum, stuðla að bættri þjónustu hins opinbera og gera starfsmannastefnu ríkisins skýrari en nú er“. Hér á eftir verða, í stuttu máli, reifaðar nokkrar leiðir sem að áliti okkar nefndarmanna stefna að þessum markmiðum:

1) Valddreifing samfara aukinni ábyrgð stjórnenda.

Vald til að taka ákvarðanir sem varða starfsmenn, aðra en æðstu stjórnendur ríkisins og stjórnendur ríkisstofnana, verði fært frá ráðherrum/ráðuneytum, þar á meðal fjármálaráðuneyti, til stjórnenda einstakra stofnana. Samhliða verði gerð kjarasamninga við opinbera starfsmenn færð í svipað horf og tíðkast á hinum almenna vinnumarkaði, t.d. með því að stofna vinnuveitendasamband ríkisins með þátttöku ráðuneyta og einstakra ríkisstofnana, sem gæti orðið í fyrirsvari fyrir ríkið við kjarasamningagerð. Slíkt verður ekki gert nema með breytingum á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, en æskilegast væri að þær yrðu gerðar samhliða breytingum á hinni almennu vinnulöggjöf sem nú er unnið að.

2) Aukinn sveigjanleiki í starfsmannahaldi.

Stjórnendum ríkisstofnana verði gert það auðveldara en nú er að miða fjölda starfsmanna við raunverulega starfsmannaþörf stofnunar. Það verður tæpast gert nema með því að gera réttarstöðu opinberra starfsmanna sem líkasta réttarstöðu starfsmanna hjá einkafyrirtækjum. Slíkt kallar m.a. á endurskoðun á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þá verði stuðlað að aukinni tilfærslu á fólki í störfum, bæði á milli einstakra stofnana ríkisins og á milli ríkisins, sveitarfélaga og einkafyrirtækja.

3) Einföldun á launakerfi og aukinn sveigjanleiki í launakjörum.

Launakerfi ríkisins verði einfaldað, t.d. á þann hátt að aðeins verði samið um tiltekin grunnlaun og lágmarksréttindi starfsmanna í kjarasamningum, jafnframt því sem afnumdar verði sumar þær uppbætur á laun er nú tíðkast, svo sem laun fyrir „ómælda yfirvinnu“. Í staðinn fái stjórnendur ríkisstofnana svigrúm til að ákvarða einstökum starfs-

mönnum laun eftir sérhæfni og menntun sem nýtist í starfi, svo og eftir ábyrgð og frammistöðu hvers og eins. Þessar ákvarðanir styðjist við almennar reglur og málefnaleg sjónarmið þannig að fyllsta jafnræðis verði gætt, t.d. milli karla og kvenna, við ákvörðun slíkra viðbótarlauna.

4) Auknar kröfur um menntun og starfsreynslu.

Gerðar verði auknar kröfur til menntunar og starfsreynslu ríkisstarfsmanna með því t.d. að gera markvissari kröfur til þeirra, sem ráðnir eru í störf á vegum ríkisins, og vanda betur til ráðninga í þau störf. Samhliða þarf að efla og samhæfa endurmenntun og -þjálfun ríkisstarfsmanna til að hún nýtist sem best í starfi.

5) Aukið jafnrétti milli karla og kvenna.

Jafnrétti milli karla og kvenna sem starfa hjá ríkinu verði aukið með því m.a. að jafna launakjör þeirra. Nauðsynlegt er og að tryggja að breytingar þær, sem lýst er hér að framan, bitni ekki á konum fremur en körlum, t.d. með því að fæðingarorlof skerði ekki réttindi er byggja á starfsreynslu. Jafnframt verði stefnt að því að vinnutími verði sveigjanlegri en nú er og dregið verði úr óhóflegri yfirvinnu, en þetta hvort tveggja tengist liðum 2 og 3 hér að framan. Þá verði mörkuð sú stefna af hálfu ríkisins að ráðnir verði hæfustu einstaklingarnir til starfa, án tillits til kynferðis, sbr. lið 4 hér að framan.

6) Ríkið og stofnanir þess verði „fyrsta flokks" vinnuveitendur.

Skilgreina þarf betur almenna stefnu ríkisins í starfsmannamálum er byggi m.a. á því að auka jafnrétti milli karla og kvenna, sbr. lið 5 hér að framan, og að gera ríkisstarfsmönnum betri grein fyrir því til hvers er ætlast af þeim, ekki síst í skiptum við það fólk sem skipti á við hlutaðeigandi stofnun Nánari útfærsla verði í höndum stjórnenda einstakra ríkisstofnana."

Þessi tillaga að nýrri starfsmannastefnu fyrir ríkið var samþykkt í ríkisstjórninni í nóvembermánuði 1995 og er frumvarp þetta flutt í framhaldi af þeirri stefnumótun.

III.

Með lögum nr. 38/1954 voru sett heildarlög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þar er þó ekki að finna ákvæði um hvernig laun starfsmanna ríkisins eru ákvörðuð og verður því þróun lagasetningar um það atriði rakin sérstaklega hér á eftir. Fram til þess tíma, er lög nr. 38/1954 tóku gildi, var ekki fyrir hendi heildarlöggjöf um opinbera starfsmenn og íslensk löggjöf um réttindi þeirra og skyldur því harla ófullkomin. Aðeins voru til staðar dreifð og sundurleit lagafyrirmæli um einstök atriði varðandi réttarstöðu ríkisstarfsmanna. Við samningu frumvarps til laga nr. 38/1954 var það sjónarmið látið ráða að heppilegra væri fyrir þróun mála að kveða ekki í upphafi mjög ítarlega á um einstök atriði þessa viðkvæma og þýðingarmikla réttarsambands, heldur láta reynsluna skera úr. Í því var talið felast nokkurt frjálsræði til þess að skipti valdhafa og starfsmanna féllu í hentugan farveg og rúm yrði fyrir myndun dómvenju og réttarvenju.[1]

Við setningu laganna voru ríkisstarfsmenn að stórum hluta embættismenn. Af þeim sökum var talið að réttarsamband þeirra og ríkisins væri svo frábrugðið réttarsambandi vinnuveitenda og launþega á hinum almenna vinnumarkaði, að hugmyndir um samningsrétt opinberra starfsmanna væru ekki raunhæfar. Ríkisstarfsmönnum voru þess í stað tryggð sérstök réttindi með lögunum, umfram launþega á hinum almenna vinnumarkaði,

---

[1]Gunnar Thoroddsen. Löggjöfin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Úlfljótur 3. tbl. 1954, bls. 5.

og vógu þar þungt ákvæði eru tryggðu ríkisstarfsmönnum mikið öryggi í starfi eða það sem nefnt hefur verið „æviráðning".

Þróunin eftir setningu laga nr. 38/1954 varð sú að starfræksla hins opinbera varð æ víðtækari og því fjölgaði smám saman í starfsliði opinberrar stjórnsýslu. Reynt var að stýra fjölgun á starfsmönnum ríkisins með ýmsum ráðum og voru m.a. í því skyni sett lög nr. 48/1958 um ráðstafanir til að draga úr kostnaði við rekstur ríkisins. Með þeim lögum var sett á stofn sérstök nefnd sem ætlað var að fjalla um allar ráðningar starfsmanna í þjónustu ríkisins. Framkvæmd laganna varð hins vegar sú að nefndin fjallaði aðeins um heimildir stofnana og ráðuneyta til að fastráða starfsmenn. Þetta leiddi til þess að starfsmenn ríkisins urðu í auknum mæli lausráðnir. Hvergi var skilgreint í lögum hver teljast skyldi fastráðinn starfsmaður eða lausráðinn og af þeim sökum gætti mikillar óvissu um réttarstöðu þeirra starfsmanna sem ráðnir voru án afskipta nefndarinnar.

Svo fór að Hæstiréttur dæmdi starfsmanni bætur vegna brottvikningar úr starfi sem hann hafði verið ráðinn í án heimildar frá umræddri nefnd. Ekkert var upplýst um ráðningarkjör starfsmannsins og var hann því talinn njóta réttarstöðu æviráðins starfsmanns, sbr. Hrd. 1972, bls. 920. Í upphafi þings 1974 var lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um eftirlit með ráðningum starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnanna. Frumvarpið hafði það að meginmarkmiði að tryggja að starfsmannahald ríkisins réðist hverju sinni af fjárveitingu og að Alþingi gæti fylgst með starfsmannafjölda ríkisins og umfangi ríkisstofnana. Frumvarpið varð að lögum nr. 97/1974 sem enn eru í gildi. Með lögunum var m.a. lögfest heimild til að ráða ríkisstarfsmenn til starfa með gagnkvæmum uppsagnarfresti og má segja að frá gildistöku þeirra laga hafi slík ráðning verið ríkjandi ráðningarform hjá hinu opinbera.

Mikil breyting hefur orðið síðustu áratugi í lagasetningu er varðar ákvörðun á launum ríkisstarfsmanna. Við setningu laga nr. 38/1954 giltu launalög frá 1919 um tilhögun launagreiðslna til ríkistarfsmanna. Hvorki einstakir ríkisstarfsmenn né samtök þeirra höfðu samningsrétt um laun sín eða önnur starfskjör. Með lögum nr. 33/1915 hafði opinberum starfsmönnum verið bannað, að viðlagðri refsingu, að gera verkfall. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), sem stofnað var árið 1942, hafði því á árinu 1954 hvorki samningsrétt um kaup og kjör ríkisstarfsmanna né heimild til að beita þvingunarráðum til að knýja fram kjarabætur þeim til handa.

BSRB hafði lengi barist fyrir samnings- og verkfallsrétti opinberra starfsmanna og urðu því þáttaskil í réttindabaráttu bandalagsins þegar launalög voru afnumin á árinu 1962, með setningu laga nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Lögfesting þeirra hafði það í för með sér að launakjörin voru eftirleiðis ákveðin með kjarasamningum milli ríkisins og BSRB. Samningsréttur BSRB sætti þó takmörkunum því einungis var heimilt að semja um föst laun, vinnutíma og laun fyrir yfirvinnu í kjarasamningum. Kjararáð, kosið af stjórn BSRB, fór með fullt og ótakmarkað umboð til kjarasamningsgerðar af hálfu ríkisstarfsmanna, en lögskipuðum gerðardómi, Kjaradómi, var falin lokaákvörðun um launakjör ríkisstarfsmanna í því tilviki að ekki tækist að semja. Kjaradómur hafði einnig það hlutverk að ákveða launakjör þeirra sem ekki var fenginn samningsréttur, en á þeim tíma voru það aðeins ráðherrar og hæstaréttardómarar.

Með lagabreytingu á árinu 1973 voru gerðar tvær meginbreytingar á samningsrétti. Annars vegar var fleirum heimilað að semja um kaup og kjör sinna félagsmanna og hins vegar var samningsrétturinn látinn ná til fleiri atriða en áður. Með þessum breytingum öðlaðist Bandalag háskólamanna — BHMR einnig samningsrétt. Með lögum nr. 46/1973 var heildarsamtökum stéttarfélaga sem fjármálaráðherra samþykkti veitt samningsaðild

að aðalkjarasamningum þar sem semja skyldi um öll aðalatriði í launakjörum ríkisstarfsmanna, að undanskildum þeim sem voru lögbundin. Einstök stéttarfélög innan viðkomandi heildarsamtaka fengu svo samningsrétt til þess að gera sérkjarasamninga þar sem fram komu nánari útfærslur á aðalkjarasamningi, svo sem skipan starfsheita í launaflokka.

Með lögum nr. 29/1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, var BSRB heimilað að gera allsherjarverkfall í þeim tilgangi að stuðla að framgangi krafna sinna í deilu um aðalkjarasamning. Verkfallsrétturinn var þó takmarkaður á ýmsan hátt og mælt fyrir um aðdraganda verkfalls með öðrum hætti en á hinum almenna vinnumarkaði. Kjaradómur hafði engin afskipti af kjarasamningsgerðinni, en kjaranefnd hafði endanlegt úrskurðarvald um þau atriði sérkjarasamninga sem ekki náðust samningar um.

Eftir setningu laga nr. 29/1976 og allt til ársins 1986 voru í gildi tvenn lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Lögin frá 1976 giltu aðeins um BSRB, en um önnur heildarsamtök, (BHMR, Bandalag kennara og Læknafélag Íslands) giltu lögin frá 1973 með síðari breytingum. Þessi aðgreining hafði m.a. í för með sér að BSRB hafði eitt heimild til verkfalls, en síðarnefndu samtökin féllu alfarið undir lög nr. 33/1915 og höfðu því ekki verkfallsrétt.

Með setningu núgildandi laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, voru sett heildarlög sem ná til allra stéttarfélaga ríkisstarfsmanna. Með lögunum voru aðalkjarasamningar lagðir niður og samningsaðild einstakra stéttarfélaga ríkisstarfsmanna var viðurkennd, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Lögin heimila einstökum stéttarfélögum að gera verkfall þrátt fyrir lög nr. 33/1915 sem enn halda þó gildi sínu.

Samfara nýjum lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna voru sett sérstök lög um Kjaradóm, nr. 92/1986. Frá árinu 1962 hafði fjölgað mjög þeim einstaklingum sem tóku laun samkvæmt ákvörðun Kjaradóms og varð enn um aukningu að ræða með lögunum frá 1986. Á árinu 1992 voru sett ný lög um Kjaradóm og kjaranefnd, nr. 120/1992. Í þeim lögum er kveðið á um að ákvarðanir um launakjör þeirra sem ekki taka laun samkvæmt lögum um kjarasamninga séu teknar annars vegar af Kjaradómi og hins vegar af kjaranefnd. Með lögunum var fækkað þeim starfsmönnum sem hlíta úrskurði Kjaradóms um launakjör og honum aðeins gert að úrskurða launakjör þeirra sem eðlilegt er talið að framkvæmdarvaldið fjalli ekki um, þ.e. dómara. Þá úrskurðar Kjaradómur einnig um launakjör forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna, biskups Íslands, ríkisendurskoðanda, ríkissáttasemjara, ríkissaksóknara, umboðsmanns Alþingis og umboðsmanns barna. Kjaranefnd hefur það hlutverk að ákvarða starfskjör forstöðumanna stofnana og fyrirtækja ríkisins svo og nokkurra annarra embættismanna.

Mismunandi reglur gilda nú um starfsmannahópa ríkisins, bæði hvað varðar laun, kjör og ýmis réttindi. Aðalaðgreiningin grundvallast á því að lög nr. 38/1954 ná aðeins til hluta starfsmanna ríkisins og stór hópur starfsmanna í þjónustu ríkisins nýtur réttarstöðu samkvæmt lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Þessi aðgreining hefur m.a. í för með sér að viðsemjendur fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs byggja heimild sína til kjarasamningsgerðar ýmist á lögum nr. 94/1986 eða lögum nr. 80/1938.

Sú þróun, sem að framan er rakin í lagasetningu um ráðningarsamband ríkisins og starfsmanna þess, hefur leitt til þess að reglur hins almenna vinnumarkaðar hafa sett æ meiri svip á samskipti aðila, bæði að því er varðar samningsaðild, verkfallsrétt og ráðningarform. Þrátt fyrir þessa þróun hafa litlar breytingar verið gerðar á lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Það hefur óhjákvæmilega leitt til þess að mörg ákvæði þeirra laga teljast nú úrelt og í litlu samræmi við þær breytingar sem orð-

ið hafa á starfsmannahaldi ríkisins síðustu áratugi.

IV.

Það þykir rétt að gera nokkra grein fyrir því með hvaða hætti þróun á þessu sviði hefur orðið meðal annarra þjóða, einkum granna okkar á Norðurlöndum. Ekki er um tæmandi úttekt að ræða heldur er aðeins stiklað á helstu atriðum.

Þróunin hefur hvarvetna verið sú að hverfa frá einhliða ákvörðun ríkisins sem vinnuveitanda á öllum þáttum varðandi réttarstöðu starfsmanna til þess að starfsmenn hafi rétt til íhlutunar og í sumum tilvikum úrræði, eins og heimild til verkfalls, til að knýja á um að tekið sé mið af þeim kröfum sem þeir setja fram. Þá hefur þróunin verið sú að færa réttarstöðu þeirra sem starfa hjá ríkinu í átt til þess sem gildir á hinum almenna vinnumarkaði. Af Norðurlandaþjóðum eru Svíar komnir einna lengst á þeirri braut að láta sams konar reglur gilda um samskipti starfsmanna og vinnuveitenda, hvort heldur þeir vinna hjá ríkinu eða einkaaðila.

Hér á eftir verður í örstuttu máli farið yfir þróunina í hverju Norðurlandanna fyrir sig.

Danmörk.

Í Danmörku hefur þróunin verið sú að þeim starfsmönnum við stjórnsýslu, sem skipaðir eru til starfa á grundvelli lagareglna, hefur farið fækkandi, en að sama skapi hefur sú tilhögun orðið algengari að ráða menn samkvæmt ákvæðum kjarasamninga.

Munurinn á þessum tveimur flokkum starfsmanna felst einkum í því að þeir, sem eru í fyrri flokknum eiga rétt til sérstaks lögbundins lífeyris en mega hvorki fara í verkfall né þurfa þeir að sæta verkbanni af hálfu vinnuveitanda. Þeir eiga rétt til biðlauna og/eða lífeyris ef staða þeirra er lögð niður og þeim er ekki gefinn kostur á annarri sambærilegri stöðu. Þeir, sem falla í síðari flokkinn njóta á hinn bóginn sambærilegrar réttarstöðu og starfsmenn á hinum almenna vinnumarkaði.

Það eru fyrst og fremst þeir sem eru í stjórnunarstöðum í efstu þrepum stjórnkerfisins sem skipaðir eru á fyrrnefndu forsendunum, en allir aðrir eru ráðnir á hinum síðarnefndu. Er nú svo komið að af u.þ.b. 700.000 opinberum starfsmönnum eru rétt rúm 32% í fyrri flokknum, en tæp 68% í hinum síðari. Af heildarfjöldanum eru svo tæp 500.000 í starfi hjá sveitarfélögum og tæp 15% þeirra eru í efstu stjórnunarþrepum eða teljast handhafar opinbers valds. Hjá þeim u.þ.b. 200.000 sem eru í starfi hjá ríkinu eru liðlega helmingur í fyrri flokknum og tæpur helmingur starfsmanna er ráðinn á grundvelli kjarasamninga.

Þau lög sem byggt er á eru að stofni til frá 1986.

Noregur.

Í Noregi hafa þær breytingar, sem gerðar hafa verið á opinberri stjórnsýslu, fyrst og fremst miðað að því að taka upp markmiðsbundna stjórnun, en þeirri umgjörð, sem opinberir starfsmenn búa við, hefur lítið verið breytt. Í upphafi þessa áratugar var birt greinargerð á vegum norsku ríkisstjórnarinnar um stefnumörkun í stjórnsýslu og starfsmannamálum (St.meld. nr. 35 (1991–92)). Þar er mörkuð sú stefna að gera réttarstöðu starfsmanna ríkisins sem líkasta því sem er á hinum almenna vinnumarkaði, en þó verði haldið ákveðinni sérstöðu hjá þeim starfsmönnum sem eru í efstu þrepum stjórnkerfisins. Ekki hafa verið gerðar formlegar breytingar á lögum enn sem komið er, en undirbúningur er vel á veg kominn.

Opinberir starfsmenn eru u.þ.b. 600.000. Þar af eru um 180.000 starfi hjá ríkinu og

eru þeir allir skipaðir á grundvelli lagareglna.

Þau lög sem byggt er á eru að stofni til frá 1983.

Svíþjóð.

Þær umbætur, sem unnið hefur verið að í Svíþjóð á undaförnum árum, hafa fyrst og fremst beinst að því að efla og styrkja sjálfstæði og ábyrgð stofnana og forstöðumanna þeirra þannig að staða þeirra verði svipuð og staða fyrirtækja á hinum almenna vinnumarkaði.

Svíar hafa ekki þurft að leggja jafnmikla áherslu á að breyta starfsmannaumhverfinu og aðrar þjóðir þar sem allt frá árinu 1976 hafa, að meginstefnu til, gilt sömu reglur um starfsmenn hins opinbera og starfsmenn á hinum almenna vinnumarkaði. Ekki var þó að öllu leyti samræmi á milli þessara reglna og haustið 1989 var stofnuð nefnd til að endurskoða löggjöf um störf hjá hinu opinbera með það fyrir augum að samræma löggjöf á þessu sviði eins og kostur væri. Nefndin skilaði tillögum sínum síðsumars 1992 og í júlí 1994 tóku gildi lög sem byggð voru á tillögum nefndarinnar.

Finnland.

Í Finnlandi hefur nýlega farið fram endurskoðun á þeim lögum er varða réttarstöðu opinberra starfsmanna. Sú endurskoðun er hluti af heildarendurskoðun á hlutverki og verkefnum ríkisins sem finnska ríkisstjórnin samþykkti að hefjast handa um í byrjun þessa áratugar. Með þessu er stefnt að því að réttarstaða starfsmanna ríkisins verði sem líkust því sem er á hinum almenna vinnumarkaði, en þó haldið ákveðinni sérstöðu hjá þeim starfsmönnum sem eru í efstu þrepum stjórnkerfisins.

Fyrir þessa breytingu voru opinberir starfsmenn u.þ.b. 600.000. Þar af voru rúm 60% sem féllu undir lög og reglur um ríkisstarfsmenn, en tæp 40% sem féllu undir samningsumhverfi almenna markaðarins. Af þeim u.þ.b. 200.000 sem eru í starfi hjá ríkinu eru 68% í fyrri flokknum en 32% eru ráðnir á grundvelli kjarasamninga.

Þau lög sem byggt er á eru að stofni til frá 1994.

V.

Í samræmi við þá nýju stefnu í starfsmannamálum ríkisins, sem mótuð hefur verið og gerð er grein fyrir í kafla II hér að framan, er tilgangur frumvarps þess sem hér er lagt fram einkum þríþættur:

1) Í fyrsta lagi að jafna réttarstöðu ríkisstarfsmanna og starfsmanna á hinum almenna vinnumarkaði, m.a. í ljósi þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað á síðustu fjórum áratugum.
2) Í öðru lagi að auka sjálfstæði forstöðumanna ríkisstofnana og möguleika þeirra til að taka ákvarðanir er varða stjórnun og starfsmannahald, jafnframt því sem gerðar eru auknar kröfur til þeirra og ábyrgð þeirra aukin.
3) Í þriðja lagi að fella brott ýmis úrelt ákvæði í lögum nr. 38/1954 og færa önnur ákvæði þeirra til nútímalegra horfs.

Þótt miklar breytingar hafi átt sér stað í íslensku þjóðfélagi á þeim liðlega 40 árum, sem liðin eru frá því lög nr. 38/1954 voru sett, ekki síst á réttarstöðu þeirra sem starfa hjá ríkinu og hafa verið taldir falla undir lögin, hefur lögunum nánast ekkert verið breytt, svo sem lýst er í kafla III hér að framan. Glöggt dæmi um það hversu úrelt lögin eru orðin, er að þau ganga enn út frá því sem nánast ófrávíkjanlegri reglu að starfsmenn ríkisins séu skipaðir eða ráðnir til starfa ótímabundið, án gagnkvæms uppsagnarfrests, séu

m.ö.o. „æviráðnir“ eins og það hefur verið nefnt í daglegu tali. Engu síður er stór hluti ríkisstarfsmanna nú ráðinn til starfa með gagnkvæmum uppsagnarfresti með heimild í lögum nr. 97/1974.

Þegar lög nr. 38/1954 voru sett, var sem fyrr var sagt mikill munur á réttarstöðu flestra þeirra sem störfuðu hjá ríkinu og annarra launþega. Á meðan þeir fyrrnefndu höfðu hvorki rétt til að semja um kaup og kjör né verkfallsrétt nutu þeir síðarnefndu hvors tveggja. Af þessari ástæðu var eðlilegt að fyrrnefnda hópnum væri tryggður betri réttur í lögum, þar á meðal meira starfsöryggi. Þetta skýrir það og að þrátt fyrir víðtækt orðalag í 1. gr. laga nr. 38/1954 er tekið fram í greinargerð með frumvarpi til laganna að þau nái ekki „til þeirra, er starfa samkvæmt samningum stéttarfélaga fyrir tímakaup, dagkaup eða vikukaup, t.d. vegavinnumenn, iðnaðarmenn“, eins og það er orðað í greinargerðinni. Réttarstaða starfsmanna ríkisins hefur hins vegar gjörbreyst á þeim tíma sem liðinn er frá því lög nr. 38/1954 voru sett. Ríkisstarfsmenn hafa nú flestir fengið samnings- og verkfallsrétt, auk þess sem margir þeirra eru sem fyrr segir ráðnir samkvæmt ráðningarsamningum með gagnkvæmum fresti til uppsagnar. Þrátt fyrir þetta er enn á því byggt að lögin taki einvörðungu til þeirra sem eru félagsmenn í félögum innan vébanda BSRB og BHMR. Sá skilningur samrýmist tæplega ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar um jafnrétti né heldur ákvæði 74. gr. hennar um félagafrelsi, sbr. stjórnskipunarlög nr. 97/1995.

Frumvarpinu er ætlað að ráða bót á þessu misrétti, auk þess sem stefnt er að því að réttindi hvers og eins starfsmanns samsvari þeim skyldum, sem honum eru lagðar á herðar, á sama hátt og gert var á sínum tíma þegar lög nr. 38/1954 voru sett. Samkvæmt því gerir frumvarpið ráð fyrir að mismunandi reglur gildi um starfsmenn ríkisins eftir því hver réttarstaða þeirra er. Þannig er lagt til að starfsöryggi þeirra starfsmanna, er njóta hvorki samnings- né verkfallsréttar, verði tryggt nokkru betur en venja er meðan aðrir starfsmenn ríkisins, er njóta almennt samnings- og verkfallsréttar, búi við svipað öryggi í starfi og launþegar á hinum almenna vinnumarkaði. Þó er rétt að leggja áherslu á að samkvæmt frumvarpinu er ríkisstarfsmönnum tryggt meira réttaröryggi í samskiptum sínum við ríkið en launþegar búa við almennt í skiptum við vinnuveitendur á almennum vinnumarkaði.

Frumvarpið skiptist í fjóra hluta:

Í fyrsta hluta þess er mælt fyrir um gildissvið laganna og þar er enn fremur að finna reglur um veitingu starfs, réttindi starfsmanna og skyldur sem ætlað er að gilda um alla ríkisstarfsmenn.

Í öðrum hluta frumvarpsins, sem aðeins tekur til embættismanna, er skilgreint hverjir af starfsmönnum ríkisins teljist embættismenn í skilningi laganna. Hugtakið „embættismaður“ er fyrst og fremst notað í frumvarpinu vegna þess að það kemur fyrir í 20. gr. stjórnarskrárinnar, auk þess sem stefnt er að því að embættismenn teljist þeir einir sem fást við æðstu stjórn ríkisins og sinna öryggisgæslu, svo sem lýst er nánar í athugasemdum með 22. gr. frumvarpsins. Í öðrum hluta er að finna reglur um það þegar embættismenn eru skipaðir eða settir í starf og þeim veitt lausn úr starfi og þar er einnig að finna fyrirmæli um sérstakar skyldur embættismanna umfram aðra ríkisstarfsmenn.

Þriðji hluti frumvarpsins tekur til annarra starfsmanna ríkisins en embættismanna. Þar er að finna reglur um ráðningu þeirra til starfa og starfslok auk þess sem kveðið er á um sérstök réttindi þeirra starfsmanna sem undir þriðja hluta falla, þ.e. samnings- og verkfallsrétt.

Fjórði hluti frumvarpsins hefur að geyma ýmsar sérreglur auk fyrirmæla um gildistöku laganna og lagaskil. Í ákvæðum til bráðabirgða kemur fram að þeir starfsmenn, sem skipaðir hafa verið eða ráðnir til starfa hjá ríkinu á grundvelli laga nr. 38/1954, haldi áunnum stjórnarskrárvörðum réttindum sínum.

Ef frumvarp þetta verður að lögum þarf að breyta fjölmörgum sérákvæðum sem gilda um einstaka hópa ríkisstarfsmanna til samræmis við efni frumvarpsins. Vegna þess að um er að ræða ákvæði í lögum sem heyra undir öll ráðuneyti, þykir rétt að forsætisráðherra flytji sérstakt frumvarp um breytingu á umræddum sérákvæðum þannig að í frumvarpi því sem hér er lagt fram eru einungis gerðar í 55. og 56. gr. tillögur um að fella niður og breyta almennum lagaákvæðum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem öll heyra undir fjármálaráðherra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. hluta.

Eins og segir í almennum athugasemdum hér að framan skiptist frumvarpið í fjóra hluta. Í þessum fyrsta hluta er mælt fyrir um gildissvið laganna og að auki er þar að finna almenn ákvæði sem taka til allra starfsmanna ríkisins.

Um 1. gr.

Upphaf 1. mgr. er sótt til núgildandi laga nr. 38/1954, en í stað þess að einskorða gildissvið laganna við það að starfsmaður fái „föst laun“ er lagt til að tekin verði upp önnur viðmiðun, þ.e. að hann sé skipaður, settur eða ráðinn „til lengri tíma en eins mánaðar“. Þá er tilskilið eins og í lögum nr. 38/1954 að starf hans sé „aðalstarf“, en með því er átt við að starfið sé a.m.k. hálft starf, miðað við dagvinnu, þó þannig að fái maður meginhluta af launatekjum sínum frá ríkinu, t.d. ef hann gegnir engu öðru starfi eða fleiri en einu hlutastarfi, falli hann undir lögin. Orðalagið „í þjónustu ríkisins“ ber að skýra rúmt, svo sem fram kemur í athugasemdum um 2. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum er, með hliðsjón af 65. og 74. gr. stjórnarskrárinnar, gert ráð fyrir að lögin taki til ríkisstarfsmanns „án tillits til þess hvort og þá hvaða stéttarfélagi hann tilheyrir“. Þetta þýðir t.d. að þeir starfsmenn ríkisins, sem eru félagar í verkalýðsfélögum innan vébanda Alþýðusambands Íslands og fengið hafa greidd laun á grundvelli kjarasamninga við þau félög, myndu falla undir lögin, öfugt við lög nr. 38/1954 eins og þau hafa verið skýrð.

Lagt er til að I. og IV. hluti laganna taki almennt til allra ríkisstarfsmanna. Hins vegar nái II. hluti eingöngu til þeirra starfsmanna, sem teljast embættismenn skv. 22. gr., en III. hluti til annarra starfsmanna ríkisins en embættismanna.

Í 3. mgr. eru hugtökin „starf“ og „embætti“ skilgreind, en þau koma bæði fyrir á mörgum stöðum í frumvarpinu. Yfirleitt er með hugtakinu „starf“ átt við starf í þjónustu ríkisins, en þó er það á stöku stað notað í rýmri merkingu, t.d. í 34. gr. þar sem það vísar jöfnum höndum til starfs hjá ríkinu og öðrum aðilum. Hugtakið „staða“, sem kemur víða fyrir í lögum nr. 38/1954, er af ásettu ráði afnumið, ekki síst vegna þess, sem lýst er í almennum athugasemdum, að stefnt er að því að starfsmannafjöldi hjá stofnunum ríkisins verði framvegis miðaður við raunverulega starfsmannaþörf á hverjum tíma en ekki við fyrir fram ákveðin stöðugildi.

Um 2. gr.

Segja má að forseti Íslands og alþingismenn, sem kjörnir eru í lýðræðislegum kosningum, falli ekki undir skilgreiningu 1. mgr.1. gr. á því hverjir falli undir lögin. Engu að síður að lagt til í 1. mgr. 2. gr. að það verði tekið fram, berum orðum, að lögin taki ekki til forseta og alþingismanna. Jafnframt er gerð tillaga um að lögin taki heldur ekki til ráðherra því að þótt þeir séu skipaðir í embætti þá hafa þeir að mörgu leyti sérstöðu meðal embættismanna, t.d. gilda sérstök lög um ábyrgð þeirra í starfi, þ.e. lög nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð.

Skilgreining 1. mgr. 1. gr. er sem fyrr segir rúmt orðuð á sama hátt og í lögum nr. 38/1954. Í 2. mgr. 2. gr. er gerð undantekning að því er varðar nokkra flokka starfsmanna sem lögin tækju ella til, fyrst og fremst vegna þess að þessir starfsmenn eiga í mörgum tilvikum meiri samleið með starfsmönnum á hinum almenna vinnumarkaði auk þess sem nauðsynlegt er að afmarka gildissvið laganna með almennum og skýrum hætti. Ekkert væri því hins vegar til fyrirstöðu að samið yrði við starfsmenn hjá tilteknu hlutafélagi eða sameignarstofnun, sem féllu undir 1. eða 2. tölul. 2. mgr., um að réttindi þeirra og skyldur færu eftir meginreglum þessara laga.

Um 3. gr.

Þetta ákvæði er að finna í niðurlagi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 38/1954. Samkvæmt því er það skýrt og ótvírætt að öll sérákvæði í öðrum lögum ganga framar hinum almennu ákvæðum laganna. Þótt svo sé til orða tekið, eins og t.d. í 5. gr., að fara skuli eftir viðeigandi ákvæði ef ekki er öðruvísi fyrir mælt eða kveðið á um í öðrum lögum er það einungis gert til að árétta fyrrgreinda reglu, en að sjálfsögðu er með öllu óheimilt að gagnálykta frá slíku orðalagi.

Um 4. gr.

Þetta ákvæði svarar til 2. mgr. 1. gr. laga nr. 38/1954 og hefur verið lagað að venjulegum réttarfarsreglum. Það þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 5. gr.

Ákvæði 1. mgr. er sama efnis og upphaf 2. gr. laga nr. 38/1954, en að auki er þar sett fram sú meginregla að í lögum skuli ákvarða hvort skipa skuli eða ráða í starf.

Í 2. mgr. kemur fram sú meginregla að hlutaðeigandi ráðherra skipi forstöðumann stofnunar og aðra þá starfsmenn viðkomandi stofnunar sem falla undir 22. gr. frumvarps þessa. Forstöðumaður ræður alla aðra starfsmenn. Þetta er gert með það fyrir augum að auka sjálfstæði forstöðumannanna eins og markvisst er stefnt að með frumvarpinu. Ákvæði þetta tengist eins og áður sagði 22. gr. frumvarpsins, en þar er gengið út frá því að einungis sumir af starfsmönnum hjá þeim stofnunum, sem falla undir þá grein, verði embættismenn, svo sem nánar er gerð grein fyrir í athugasemdum um greinina. Stefnt er að því að það verði a.m.k. í sumum tilvikum ákveðið í viðeigandi lögum hverjir teljist embættismenn hjá þeim stofnunum sem taldar eru upp í 22. gr., en verði það ekki gert er það hlutaðeigandi ráðherra eða forstöðumaður stofnunar sem ákveður það í hverju tilviki.

Um 6. gr.

Hér er mælt fyrir um almenn hæfisskilyrði til að fá skipun eða ráðningu í starf á vegum ríkisins, en 3. gr. laga nr. 38/1954 fjallar um almenn hæfisskilyrði. Greinin er í megindráttum óbreytt, en vikið skal að helstu breytingum.

Í 1. mgr. er lagt til að hugtakið „starf“ verði tekið upp í stað orðsins „staða“ í samræmi við 1. gr. frumvarpsins.

Í 1. tölul. er lagt til að aldurslágmark verði fært úr 21 ári niður í 18 ár enda verður að telja eðlilegt að færa aldurslágmark niður til samræmis við lögræðisaldur. Einnig er lagt til að undanþáguheimild verði fyrir hendi, svo sem er í lögum nr. 38/1954, þegar um hin ábyrgðarminni störf er að ræða. Sendilsstörf, ræstingastörf og störf samkvæmt námssamningi eru talin upp í dæmaskyni, en að öðru leyti er ekki um efnisbreytingu að ræða.

2. tölul. þarfnast ekki skýringa.

Í 3. tölul. er eingöngu um orðalagsbreytingu að ræða.

Í 4. tölul. er sem fyrr gert ráð fyrir, í samræmi við 20. gr. stjórnarskrárinnar, að íslenskur ríkisborgararéttur sé skilyrði þess að fá skipun í embætti. Hins vegar má ráða ríkisborgara frá öðrum ríkjum til annarra starfa, þó ríkisborgara utan Evrópska efnahagssvæðisins aðeins ef sérstaklega stendur á.

Í 5. tölul. er sem áður kveðið á um menntunarskilyrði, en ákvæðið er óbreytt að efni til. Umboðsmaður Alþingis hefur talið að veitingarvaldið skuli sjálfstætt meta hæfi umsækjenda m.t.t. menntunar nema öðrum aðilum verði falið slíkt mat með lögum eða að lögmælt séu sérstök hæfisskilyrði, sbr. SUA 90/158.

6. tölul. og 2. mgr. eru óbreytt.

Í 3. mgr. er orðalagi breytt til samræmis við jafnréttislög. Nægilegt er að störf teljist sambærileg eftir almennum efnislegum mælikvarða, en í lögum nr. 38/1954 er notað orðalagið „sömu störf“.

Almennt verður að telja að veitingarvaldshafi hafi heimild til að veita hverjum þeim manni sem uppfyllir skilyrði 6. gr. starf að gættum grundvallarreglum stjórnsýsluréttarins, sbr. t.d. SUA 94/1986.

Um 7. gr.

Í 5. gr. laga nr. 38/1954 segir að lausa stöðu hjá ríkinu skuli auglýsa í Lögbirtingablaði. Eins og fram kemur í nýlegu áliti umboðsmanns Alþingis, dags. 2. febrúar 1996, er mikill misbrestur á því að eftir þessum lagafyrirmælum sé farið.

Við samningu þessarar greinar hefur verið tekið mið af fyrrgreindu áliti umboðsmanns. Í 1. mgr. er lagt til að laus embætti verði almennt auglýst í Lögbirtingablaði, þó með þeim undantekningum sem þar eru greindar, en í 2. mgr. er gert ráð fyrir að önnur störf hjá ríkinu skuli auglýst opinberlega, t.d. í dagblöðum, samkvæmt reglum sem fjármálaráðherra setur. Í 2. mgr. er forstöðumanni stofnunar veitt heimild til að setja sérreglur um það hvernig auglýsa skuli störf hjá stofnuninni og er tilskilið að þær hljóti staðfestingu fjármálaráðherra, fyrst og fremst til þess að nokkurs samræmis verði gætt á milli einstakra ríkisstofnana. Í því skyni að gera reglur um auglýsingu á störfum einfaldari í framkvæmd er gerð tillaga um að þar sem ekki er krafist sérmenntunar eða sambærilegrar sérhæfingar þurfi ekki að auglýsa störfin opinberlega, en það mun tíðkast í mörgum tilvikum að í slík störf sé ráðið gegnum ráðningarstofur, án auglýsingar.

Ákvæði 3. mgr. eru í samræmi við reglur, sem forsætisráðherra setti Stjórnarráðinu 16. janúar 1996, en ákvæði sama efnis er og að finna í frumvarpi til upplýsingalaga sem nýlega hefur verið lagt fram á Alþingi.

Um 8. gr.

Ákvæði 1. mgr. er efnislega samhljóða 3. gr. laga nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningum starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana, nema nú nær ákvæðið til allra starfsmanna ríkisins en ekki einungis þeirra sem falla undir lög nr. 94/1986. Ákvæði þetta er í samræmi við þá stefnu sem sett er fram í tilskipum 91/533/EBE, um skyldu vinnuveitanda að skýra launþegum frá samningsskilmálum eða ráðningarfyrirkomulagi svo sem vikið er að í 8. gr. þessa frumvarps.

Í 2. mgr. er fjallað um heimild veitingarvaldshafa til að setja starfsmanni erindisbréf og um rétt starfsmanns til að fá slíkt bréf, en sambærilegt ákvæði að finna í 6. gr. laga nr. 38/1954. Árétta verður að mjög mikilvægt er að fyrirmæli um störf og starfsskyldur starfsmanna séu skýr og glögg, sbr. m.a. SUA 89/104. Ekki er um efnisbreytingu að ræða, en orðalag er fært til samræmis við 1. gr. frumvarpsins.

Um 9. gr.

Í 1. mgr. segir að starfsmenn eigi rétt á launum fyrir störf sín samkvæmt ákvörðun kjaranefndar þegar um embættismenn er að ræða, sbr. 39. gr. frumvarpsins, eða samkvæmt kjarasamningum þegar í hlut eiga aðrir ríkisstarfsmenn, sbr. 47. gr. frumvarpsins.

Það hefur sem kunnugt er tíðkast hjá ríkinu að greiða einstökum starfsmönnum uppbætur á laun, þar á meðal í formi ómældrar yfirvinnu sem svo hefur verið nefnd, vegna sérstaks álags á þá í starfi. Þetta hefur ekki síst verið gert af hálfu ríkisins til þess að tryggja sér hæfa starfsmenn í samkeppni við hinn almenna vinnumarkað.

Í 2. mgr. er forstöðumönnum stofnana veitt heimild til að greiða einstökum starfsmönnum laun til viðbótar grunnlaunum sem ákvörðuð eru af kjaranefnd eða samið er um í kjarasamningum, ekki aðeins vegna sérstakrar hæfni eða sérstaks álags í starfi, heldur fyrir árangur í starfi. Með þessu móti er lögð áhersla á það sem er einn mikilvægasti hlekkurinn í nýrri starfsmannastefnu ríkisins, að ríkið og stofnanir þess geti veitt almenningi sem til þeirra leitar bætta þjónustu, svo sem fram kemur í almennum athugasemdum hér að framan. Lögð er áhersla á að ákvörðunum um viðbótarlaun megi breyta með stuttum fyrirvara, en þó er gert ráð fyrir að slíka breytingu verði að tilkynna starfsmanni með a.m.k. jafnlöngum fyrirvara og lögbundnum eða samningsbundnum uppsagnarfresti hans nemur svo að hann eigi þess kost að segja starfi sínu lausu sætti hann sig ekki við breytinguna, sbr. 37. og 46. gr. frumvarpsins.

Ákvarðanir um launauppbætur af þessu tagi hafa hins vegar verið ósamræmdar og tilviljanakenndar og því m.a. haldið fram að konur hafi ekki haft sömu möguleika til að fá uppbætur á laun og karlar. Af þessum sökum er í 3. mgr. lagt til að ákvarðanir um slík viðbótarlaun skuli fara eftir reglum sem fjármálaráðherra setur þar sem m.a. skuli kveðið á um það að karlar og konur hafi sömu möguleika á að fá slík viðbótarlaun.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að tekin verði upp sú meginregla að greiða skuli út föst laun eftir á, fyrsta virkan dag hvers mánaðar. Jafnframt er skilgreint hvað felist í hugtakinu „föst laun“. Hjá langflestum hópum launþega á íslenskum vinnumarkaði er þessi meginregla

við lýði. Hjá starfsmönnum ríkisins hafa verið tvær undantekningar frá henni. Önnur varðar þá starfsmenn, sem hafa fallið undir lög nr. 38/1954, en föst mánaðarlaun þeirra fyrir dagvinnu hafa verið greidd fyrir fram fyrsta virkan dag hvers mánaðar. Á því yrði breyting samkvæmt þessari tillögu. Í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða er ákvæði um að þeir sem fái laun greidd fyrir fram við gildistöku laganna haldi þeim rétti. Engin breyting yrði á greiðslu yfirvinnu þessara starfsmanna því samkvæmt ákvæðum núgildandi kjarasamninga eru þau greidd eftir á fyrir hvern mánuð, eða 30 daga tímabil. Hið venjulega er að yfirvinnutímabil teljist frá 15. fyrri mánaðar til 14. næsta mánaðar á eftir og greiðslan sé innt af hendi næstu mánaðamót á eftir. Hin undantekningin frá fyrrnefndri meginreglu varðar starfsmenn sem hafa verið á vikukaupi og fengið útborgað eftir á vikulega. Í kjarasamningum þeirra starfshópa er gert ráð fyrir mánaðargreiðslum og yrði, innan hverrar stofnunar, að laga launagreiðslur til þessara starfsmanna að breytingunni.

Ákvæði 2. mgr. er óbreytt frá lögum nr. 38/1954.

Um 11. gr.

Um orlof almennt gilda lög nr. 30/1987. Þar er aðeins tiltekinn lágmarksréttur til orlofs og aðilum heimilað að semja um betri rétt. Því er gert ráð fyrir því í 1. mgr. að sömu aðilar og fjalla um laun og önnur kjör geti breytt frá þessum lágmarksrétti.

Í 2. mgr. er áréttað það sem segir í 5. gr. laga nr. 30/1987 og útfært hver teljist vinnuveitandi, þ.e. forstöðumaður stofnunar.

Í 3. mgr. er fjallað um það ef starfsmaður óskar af persónulegum ástæðum eftir því að taka ekki allt orlof sitt á tilteknu orlofsári getur forstöðumaður heimilað viðkomandi starfsmanni að leggja saman orlof þess árs og hins næsta til orlofstöku síðara árið. Aðeins er heimilt að flytja sama orlof einu sinni milli ára þannig að taki starfsmaður orlofið ekki út næsta orlofsár þá fyrnist það við lok þess.

Í 4. mgr. er tekið á því ef starfsmaður er fyrirvaralítið beðinn að fresta þegar ákveðnu orlofi að beiðni forstöðumanns. Þá flyst það milli ára en ef hann nær ekki að taka það á síðara árinu þá er skylt að greiða honum það á því yfirvinnukaupi sem þá er í gildi.

5. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Nú byggist rétturinn til greiðslu launa í veikindaforföllum og fæðingarorlofi á mismunandi forsendum. Hvað varðar þá starfsmenn, sem falla undir lög nr. 38/1954, þá er í 17. gr. þeirra laga gert ráð fyrir að slíkar greiðslur séu ákveðnar með reglugerð og eru í gildi annars vegar reglugerð nr. 410/1989, um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins, og hins vegar reglugerð nr. 411/1989, um veikindaforföll starfsmanna ríkisins. Hvað aðra starfsmenn ríkisins varðar þá er þeim tryggður lágmarksréttur með lögum nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, auk þess sem í kjarasamningum hefur yfirleitt verið samið um rýmri rétt. Um greiðslur til þeirra í fæðingarorlofi gilda ákvæði 15. og 16. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar.

Í 1. mgr. segir að sömu aðilar og fjalla um laun og önnur kjör skuli fjalla um rétt starfsmanna til launa í veikindaforföllum og fæðingarorlofi. Fyrir þá starfsmenn, sem nú falla undir lög nr. 38/1954 og ekki eru skilgreindir sem embættismenn samkvæmt þessu frumvarpi, myndi þetta þýða að um réttindi þeirra færi með sama hætti og annarra starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði, þ.e. að þeim væri tryggður lágmarksréttur til greiðslna í veikindaforföllum, en um frekari rétt yrði viðkomandi stéttarfélag að semja. Hvað varð-

ar greiðslur í fæðingarorlofi þá færi það eftir 15. og 16. gr. laga nr. 117/1993. Hér er um töluverða breytingu að ræða en í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða er gert ráð fyrir að þeir sem falli undir núgildandi reglur haldi þeim réttindum eins og í ákvæðinu greinir.

Um 13. gr.

Í 1. mgr. er nýmæli en þar er mælt fyrir um rétt starfsmanna til sveigjanlegs vinnutíma. Ákvæðið tekur samkvæmt efni sínu til hlutastarfa jafnt og fulls starfs. Að baki búa þau rök, að starfsmönnum verði gert kleift að samræma svo vel sé fjölskylduábyrgð og þátttöku í atvinnulífi. Réttur til sveigjanlegs vinnutíma er háður samþykki forstöðumanns stofnunar því að þess verður að gæta að þessi tilhögun bitni ekki á starfsemi stofnunar og þjónustu hennar við almenning.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir málskotsrétti starfsmanns þegar beiðni hans skv. 1. mgr. er hafnað.

Um 14. gr.

Í 1. mgr., sem er að orði og efni óbreytt frá lögum nr. 38/1954, er fjallað um hina almennu skyldu sérhvers starfsmanns til að rækja starf sitt af alúð og samviskusemi.

Í 2. mgr. er um nýmæli að ræða sem á sér hliðstæðu í 7. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, um leiðbeiningarskyldu stjórnvalds. Ákvæðið leggur þær skyldur á sérhvern ríkisstarfsmann að aðstoða þá sem til hans leita eftir fremsta megni. Form leiðbeininga verður að fara eftir atvikum hverju sinni, en algengast mun vera að veita munnlegar leiðbeiningar þótt eftir atvikum geti talist rétt að gefa leiðbeiningar skriflega.

Hversu víðtæk leiðbeiningarskyldan er verður að fara eftir atvikum hverju sinni en takmarkast þó við svið stofnunar sem starfsmaður starfar hjá. Ef málefni heyrir ekki undir starfsmann eða ef starfsmaður getur af einhverjum ástæðum ekki liðsinnt þeim sem leitar til hans, ber honum að leiðbeina honum um hvert hann skuli leita með erindi sitt. Leiðbeiningarskyldan takmarkast þó ávallt við þær upplýsingar sem starfsmaður býr yfir eða getur aflað með aðgengilegum hætti.

Um 15. gr.

Hér er um að ræða samsvarandi ákvæði og er að finna í 1. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954.

Um 16. gr.

Ákvæði þessarar greinar samsvarar 30. gr. laga nr. 38/1954. Í 1. mgr. er fyrst og fremst um orðalagsbreytingu að ræða, en lagt er til að orðið „tímaskráningarkerfi“ verði tekið upp í stað orðsins „stimpilklukka“. Hér er um heimildarákvæði að ræða, en ekki þarf að fara mörgum orðum um hversu mikilvæg stundvísi starfsmanna er.

2. mgr. er efnislega svipuð en lagt er til að felld verði út heimild til að láta starfsmann vinna yfirvinnu vegna óheimillar fjarveru. Ákvæðið er að því leyti frábrugðið að ekki er lengur tekið sérstaklega fram um skyldu forstjóra eða yfirmanna að fylgjast með stundvísi starfsmanna en eðlilega er það eitt af hlutverkum forstöðumanna að stofnun sé rekin á sem hagkvæmastan hátt.

Um 17. gr.

Þessi grein samsvarar 31. gr. laga nr. 38/1954. Í 1. mgr. er nýmæli þar sem kveðið er á um það að forstöðumaður stofnunar skuli ákveða upphaf, lok og lengd vinnutíma starfsmanna. Heimildin takmarkast þó af öðrum lögum og kjarasamningum.

Í 2. mgr er lagt til að hugtakið „forstöðumaður“ komi í stað „yfirboðari“ í samræmi við önnur ákvæði frumvarpsins. Jafnframt er lagt til að yfirvinnuskylda verði takmörkuð við fimmtung lögmælts vikulegs vinnutíma í stað þriðjungs, eins og gildir í dag. Ákvæðið er sett í samræmi við tilskipun nr. 93/104/EB um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma. Í henni er gert ráð fyrir að starfsmenn í fullu starfi megi ekki vinna lengur en 48 klst. í viku hverri.

Um 18. gr.

Hér er aðeins um eina orðalagsbreytingu frá 32. gr. laga nr. 38/1954 að ræða en lagt er til að í stað orðsins „yfirboðari“ komi „yfirmanna“ í samræmi við önnur ákvæði frumvarpsins.

Um 19. gr.

Fyrri málsliður samvarar efnislega 33. gr. laga nr. 38/1954. Síðari málsliðurinn samsvarar 2. mgr. 18. gr. laganna og styðst að auki við almennar reglur vinnuréttar sem staðfestar hafa verið í dómaframkvæmd, sbr. Hrd. 1980, 813 og 1987, 1339 svo og Félagsdóm nr. 2/1992. Breyting á viðbótarlaunum skv. 2. mgr. 9. gr. telst ekki breyting á starfi í skilningi þessa ákvæðis.

Um 20. gr.

Hér er fjallað um aukastörf ríkisstarfsmanna samhliða aðalstarfi eins og það er skilgreint í 1. gr., en hliðstætt ákvæði er að finna í 34. gr. laga nr. 38/1954. Gert er ráð fyrir að ákvæðið verði þrengt frá því sem hingað til hefur gilt á þann hátt að ríkisstarfsmanni verði í öllum tilfellum skylt að leita samþykkis veitingarvaldshafa fyrir tilteknu aukastarfi, hvort sem um er að ræða starf í þágu ríkisins eða einkaaðila.

Rétt er að ítreka að hér er eingöngu átt við launuð aukastörf, en af því leiðir að ákvæðið tekur t.d. ekki til venjulegra félagsstarfa, starfa sjálfboðaliða eða nefndarstarfa.

Við ákvarðanatöku ber forstöðumanni að gæta reglna stjórnsýsluréttarins, m.a. 12. gr. laga nr. 37/1993, sbr. álit umboðsmanns Alþingis frá 9. maí 1995, mál nr. 858/1993.

Um 21. gr.

Í þessu ákvæði felst heimild til að veita starfsmanni áminningu vegna starfa hans. Nýmæli er að heimilt sé að áminna starfsmann hafi hann ekki náð fullnægjandi árangri í starfi sínu í þágu ríkisins. Hvenær árangur telst ófullnægjandi verður að meta heildstætt í hverju tilfelli, en túlka ber ákvæðið rúmt þannig að mörg tilvik geti komið til skoðunar þegar árangur í starfi er metinn. Afköst starfsmanns eru ekki einhlítur mælikvarði heldur verður einnig að líta til atriða eins og gæða þeirrar þjónustu sem látin er í té.

Við matið ber að hafa hliðsjón af reglum 14. gr. frumvarpsins, en þar eru talin upp atriði sem telja verður að hver góður og gegn ríkisstarfsmaður skuli hafa að leiðarljósi í öllum störfum sínum. Þá ber að taka mið af helstu markmiðum í rekstri stofnunar og verkefna hennar, sbr. 1. mgr. 38. gr. frumvarpsins, en gera verður þær kröfur til starfs-

manna að þeir geti unnið saman að þeim markmiðum sem stofnun er ætlað að ná. Af þeim orsökum geta samstarfsörðugleikar haft verulegt vægi við mat á starfsárangri.

Undir umrætt orðalag getur t.d. flokkast að þær væntingar sem gerðar voru til starfsmannsins við ráðningu hafi ekki verið uppfylltar, enda hafi honum verið slíkar væntingar ljósar eða mátt vera þær ljósar, eða að starfsmaður teljist að öðru leyti ekki uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til starfsins án þess að um vanrækslu eða óvandvirkni sé að ræða. Sem dæmi um hið síðastgreinda má nefna ef starfsmaður virðist ekki valda því starfi sem hann er ráðinn til að gegna.

Leggja verður sérstaka áherslu á að við matið má eingöngu leggja til grundvallar málefnalegar ástæður.

Tekið er af skarið um það að það heyri undir forstöðumann stofnunar að veita starfsmanni áminningu, en skylt er að hafa áminningu í skriflegu formi, einkum til að tryggja sönnun fyrir tilvist og efni áminningar.

Almennt ber að gefa starfsmanni kost á að tjá sig um málið áður en áminning er veitt í samræmi við reglur stjórnsýslulaga. Það athugast hér að ekki er nægilegt að gefa aðila kost á að koma að athugasemdum eftir að ákvörðun hefur verið tekin. Samkvæmt orðalagi ákvæðisins er andmælarétturinn þó ekki skilyrðislaus, enda verður að telja að í ákveðnum tilfellum sé óskylt að gefa aðila kost á að tjá sig um málið, t.d. ef öll gögn og upplýsingar liggja fyrir í málinu eða ef afstaða starfsmannsins liggur þegar fyrir. Í vafatilfellum ber þó að gefa starfsmanni kost á að tjá sig, enda er meginreglan sú að andmælaréttar skuli gætt.

Um II. hluta

Annar hluti frumvarpsins á einvörðungu við embættismenn, sbr. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Lagt er til að réttarstaða embættismanna verði önnur en réttarstaða annarra ríkisstarfsmanna. Þannig njóta þeir nokkru meira öryggis í starfi, sbr. 25. gr. og 6. kafla frumvarpsins, en á móti bera þeir aðrar og meiri skyldur, sbr. 7. kafla þess.

Um 22. gr.

Í þessari grein er kveðið á um það hverjir teljist embættismenn samkvæmt lögunum.

Gert er ráð fyrir að það séu annars vegar æðstu stjórnendur ríkisins, þar á meðal forstöðumenn stofnana og fyrirtækja þess, og hins vegar þeir sem sjá um að halda uppi lögum og reglu í þjóðfélaginu og sinna öryggisgæslu, svo sem lögreglumenn, fangaverðir, tollverðir og starfsmenn almannavarna. Tekið skal fram að ekki er ætlunin að allir starfsmenn þeirra stofnana, sem taldar eru upp í greininni, verði embættismenn í skilningi laganna, heldur aðeins þeir sem skipaðir eru í embætti skv. 23. gr.

Við samningu þessarar greinar hefur verið höfð hliðsjón af 29. gr. laga nr. 38/1954 Vegna þess að gengið er út frá að embættismenn einir verði skipaðir í störf er lagt til í 10. tölul. að þeir sem skipaðir eru í störf af forseta Íslands samkvæmt öðrum lögum teljist embættismenn í skilningi laganna þótt þeirra sé ekki getið í 1.–9. tölul.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra skeri úr því hverjir teljist forstöðumenn stofnana og fyrirtækja skv. 8. tölul. og hvaða starfsmenn gegni störfum sem öldungis verður jafnað til embætta þeirra manna sem getið er í 1.–9. tölul.

Um 23. gr.

Í 1. mgr. er orðuð sú meginregla að embættismenn skuli hér eftir ekki skipaðir ótímabundið, heldur tímabundið til fimm ára í senn. Í öðrum lögum kann að vera svo fyrir mælt að skipun embættismanna skuli hagað með öðrum hætti. Má þar fyrst og fremst nefna 61. gr. stjórnarskrárinnar sem tekur til hæstaréttardómara og héraðsdómara, en þar virðist vera út frá því gengið sem meginreglu að dómendur skuli skipaðir í embætti ótímabundið enda verður þeim ekki vikið að fullu úr embætti nema með dómi. Ákvæði þetta, sem byggir á þrískiptingu ríkisvaldsins í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald, er ætlað að tryggja sjálfstæði dómstólanna gagnvart öðrum handhöfum ríkisvaldsins, fyrst og fremst handhöfum framkvæmdarvaldsins.

Í 2. mgr. er ráð fyrir því gert að maður sem gegnt hefur embætti tímabundið skv. 1. mgr. skuli fá að vita það í tæka tíð hvort ætlunin sé að auglýsa embættið í samræmi við 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins. Sé honum ekki tilkynnt það framlengist skipunartími hans í embætti um fimm ár. Þessu ákvæði er ætlað að stuðla að stöðugleika í röðum embættismanna sem hlýtur að teljast æskilegur, a.m.k. að vissu marki.

Um 24. gr.

Í lögum nr. 38/1954 er ekki að finna ákvæði um setningu í embætti á vegum ríkisins. Hér er því um nýmæli að ræða. Gert er ráð fyrir að setning í embætti geti aldrei varað lengur en í eitt ár.

Sá sem settur er í embætti verður ekki sjálfkrafa embættismaður en nýtur þó réttinda og ber skyldur skv. 6. og 7. kafla eftir því sem við á svo sem fram kemur í niðurlagi greinarinnar.

Um 25. gr.

Hér er um samsvarandi ákvæði að ræða og fram kemur í 4. gr. laga nr. 38/1954. Um skýringar einstakra töluliða vísast til athugasemda um þær greinar sem vísað er til.

Um 26. gr.

Hér er fjallað um lausn embættismanna frá embætti um stundarsakir og er sambærilegt ákvæði í 7. gr. laga nr. 38/1954.

Í 1. mgr. er tekið fram að veitingarvaldshafi skv. 5. gr. sé einn bær til að víkja embættismanni frá um stundarsakir.

Í 2. mgr. er að finna sams konar nýmæli og greinir í 21. gr. um ófullnægjandi árangur í starfi en þó er sérstaklega vísað til 38. gr. frumvarpsins er geymir nýmæli um sérstaka ábyrgð forstöðumanna ríkisstofnana.

Rétt er að vekja athygli á þeirri breytingu sem gerð hefur verið í 4. mgr. en lagt er til að óskylt sé að veita embættismanni áminningu áður en lausn um stundarsakir er veitt en hins vegar ber að gefa honum kost á að tjá sig ef unnt er að koma því við áður en ákvörðun er tekin.

Um 27. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að mál embættismanns skuli rannsakað af nefnd sérfróðra manna sem fjármálaráðherra skipar í hverju tilfelli, sbr. 2. mgr. eða að hætti opinberra mála, sbr. 8. gr. laga nr. 38/1954.

Um 28. gr.

Greinin samsvarar 9. gr. laga nr. 38/1954 en er einfölduð og efnislega óbreytt.

Um 29. gr.

Ákvæði 1. mgr. eru þau sömu og 12. gr. laga nr. 38/1954 og þarfnast ekki skýringa.

2. mgr. er í samræmi við þá framkvæmd sem hefur tíðkast þegar mál hafa verið rannsökuð af kunnáttumönnum skv. III. kafla laga nr. 38/1954.

3. mgr. er nýmæli sem skyldar veitingarvaldshafa til að víkja embættismanni frá embætti að fullu ef hann hefur játað þá háttsemi sem í ákvæðinu greinir. Nægilegt telst að embættismaður hafi játað háttsemina, en opinbert mál þarf ekki að hafa verið höfðað á hendur honum eða dómur gengið til að ákvæði þetta eigi við.

Um 30. gr.

Í 1. mgr. er tekið efnislega upp ákvæði sem nú er að finna í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 411/1989, um veikindaforföll starfsmanna ríkisins. Í ákvæði reglugerðarinnar er það skilyrði sett að starfsmaður hafi verið fjarverandi svo mánuðum skipti á hverju ári um fimm ára tímabil. Hér er aftur á móti um að ræða um embættismenn sem hafa fimm ára skipunartíma og því ekki hægt að byggja á sömu forsendum. Í stað þessa er því lagt til að miðað sé við að sá sem er fjarverandi fimmtung eða meira af skipunartíma sínum verði leystur frá störfum vegna heilsubrests.

Í 2. mgr. er tekið efnislega upp ákvæði 3. mgr. 7. gr. laga nr. 38/1954 með þeirri breytingu annars vegar að ekki verði um lausn um stundarsakir að ræða og hins vegar að ákvörðun um lausn úr starfi megi skjóta til hlutaðeigandi ráðherra. Eins er þar tekið fram að lausn á þessari forsendu skuli ekki taka gildi fyrr en starfsmaður hafi nýtt sér veikindarétt sinn að fullu.

Í 3. mgr. er tekið að mestu óbreytt upp ákvæði 21. gr. laga nr. 38/1954.

Um 31. gr.

Greinin samsvarar 10. gr. laga nr. 38/1954 og er að efni til óbreytt. Mikilvægt er að gengið sé formlega frá lausn og höfð til hliðsjónar þau atriði sem greind eru í lokamálslið 1. mgr., sbr. m.a. Hrd. 1991,14.

Í 2. mgr. er tekið upp ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 38/1954.

Um 32. gr.

Greinin svarar að mestu til 2.–3. mgr. 11. gr. laga nr. 38/1954. Hér er kveðið á um heimild embættismanns til að leita dóms um lögmæti frávikningar og hugsanlegan bótarétt hans. Um málshöfðun fer eftir almennum reglum réttarfars og um skaðabætur eftir almennum reglum skaðabótaréttarins.

Um 33. gr.

Ákvæði um aldurshámark er að finna í 1. mgr. 13. gr. laga nr. 38/1954. Ákvæðið hafði verið túlkað svo að starfsmanni bæri að láta af störfum næstu áramót eftir 70 ára afmælisdaginn. Hér er lagt til að starfsmaður skuli láta af störfum næstu mánaðamót eftir 70 ára afmælisdag hans.

Í 2. mgr. er að finna undantekningu frá 1. mgr. 23. gr. frumvarpsins og takmarkar hún skipunartíma embættismanna ávallt við 70 ára aldurshámark. Eftir að 65 ára aldri er náð verður maður aðeins skipaður í embætti til skemmri tíma en 5 ára.

Um 34. gr.

Þetta ákvæði svarar til 14. gr. laga nr. 38/1954. Lagt er til að þau ákvæði 2. og 3. mgr. 14. gr., sem ætlað er að tryggja starfsmanni forgangsrétt til starfa hjá ríkinu, verði afnumin, en þessi ákvæði hafa haft litla þýðingu í raun.

Ákvæði 14. gr. um biðlaun var á sínum tíma rökstutt með því að rétt væri að tryggja starfsmanni laun sem svöruðu ríflegum uppsagnarfresti ef starf hans yrði lagt niður. Sama sjónarmið býr að baki þessu ákvæði, en skýrt er kveðið á um það í 2. mgr. að þau laun, sem embættismaður fær greidd meðan á biðlaunagreiðslum stendur, skuli koma til frádráttar biðlaunum, hvort sem launin eru innt af hendi af ríkinu eða öðrum aðilum. Sá háttur að maður fái biðlaun greidd ofan á venjuleg laun, t.d. við það eitt að ríkisstofnun er gerð að hlutafélagi eða starf er fært frá ríki til sveitarfélags, svo sem 14. gr. laga nr. 38/1954 hefur verið skýrð, samrýmist engan veginn nútímaviðhorfum.

Um 35. gr.

Eðlilegt er að maður sem skipaður hefur verið tímabundið í embætti skv. 23. gr. frumvarpsins, en ekki er skipaður að nýju í embættið, fái laun sem svari ríflegum uppsagnarfresti. Byggir þetta ákvæði því að nokkru leyti á sömu sjónarmiðum og 34. gr., en þó er hér ekki um biðlaun að ræða þar sem í 3. mgr. er gert ráð fyrir að maður inni vinnuskyldu af hendi meðan hann nýtur launa skv. 1. mgr. Engin slík vinnuskylda hvílir á hinn bóginn á manni ef embætti hans hefur verið lagt niður og hann nýtur þar af leiðandi biðlauna skv. 34. gr.

Um 36. gr.

Ákvæðið er byggt á 4. mgr. 20. gr. stjórnarskrárinnar sem veitir forseta Íslands, eða í raun réttri hlutaðeigandi ráðherra, heimild til að flytja mann úr einu embætti í annað. Í síðari málslið 1. mgr. er tekið af skarið um það að heimilt sé að flytja mann úr einu embætti í annað þótt embættin heyri undir tvo ráðherra. Í því tilviki þyrfti sá ráðherra sem skipar í embættið að sjálfsögðu að óska eftir því að embættismaður er lyti öðrum ráðherra flyttist í það embætti og síðarnefndi ráðherrann að samþykkja þá ráðstöfun. Ekki væri skylt að auglýsa embættið í því tilviki, sbr. 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins, en um skipun í það giltu að öðru leyti almennar reglur.

Sá möguleiki að flytja embættismenn þannig til í störfum er í samræmi við það sjónarmið, sem lýst er í almennum athugasemdum hér að framan, að æskilegt sé að auka tilfærslu á fólki í störfum, ekki aðeins á milli ríkisins og annarra aðila, svo sem sveitarfélaga og einkaaðila, heldur einnig innbyrðis í ríkiskerfinu, þ.e. á milli einstakra ríkisstofnana.

Ákvæði 2. mgr. er í samræmi við 4. mgr. 20. gr. stjórnarskrárinnar og 19. gr. frumvarps þessa. Sem dæmi má nefna ef embættismaður er fluttur í annað lægra launað embætti eftir þrjú ár í starfi, yrði hann skipaður til fimm ára í hið nýja embætti en fengi laun greidd í tvö ár samkvæmt launakerfi fyrra embættisins.

Um 37. gr.

Samsvarandi ákvæði er að finna í 15. gr. laga nr. 38/1954 og er ekki um efnisbreytingu að ræða. Hér er embættismanni veittur réttur til að fá lausn úr embætti með þriggja mánaða fyrirvara. Veitingarvaldshafi getur þó lengt frestinn í allt að sex mánuði ef sérstaklega stendur á.

Um 38. gr.

Svo sem lýst er í almennum athugasemdum hér að framan er að því stefnt með frumvarpinu að auka sjálfstæði forstöðumanna ríkisstofnana og möguleika þeirra til að taka ákvarðanir er varða stjórnun og starfsmannahald. Samhliða þessu er eðlilegt að gerðar verði auknar kröfur til forstöðumanna og ábyrgð þeirra aukin. Að því er stefnt í þessari grein, en samsvarandi ákvæði er ekki að finna í núgildandi lögum.

Í 1. mgr. er sú skylda lögð á herðar hlutaðeigandi ráðherra að setja sérhverjum forstöðumanni erindisbréf, þar sem skilgreind skulu helstu markmið í rekstri stofnunar og verkefni hennar, á meðan í 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins er aðeins að finna heimild til að setja öðrum starfsmönnum erindisbréf. Með erindisbréfi skv. 1. mgr. 38. gr. á að gera forstöðumanni ljóst hvaða markmiðum stefnt skuli að í rekstri stofnunar og hvaða verkefnum sé ætlast til að hún sinni. Gert er ráð fyrir að tilgreind verði markmið og verkefni bæði til lengri og skemmri tíma litið.

Í 2. mgr. er forstöðumanni ekki aðeins gert að sjá til þess að stofnun sem hann stýrir starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf skv. 1. mgr., heldur ber hann og ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunarinnar sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt. Með þessu orðalagi er einkum átt við þrjá þætti í starfsemi stofnunar, þ.e. þjónustu hennar við almenning, úrlausn verkefna að öðru leyti og fjárhagslegan rekstur. Í niðurlagi 2. mgr. er mælt svo fyrir að fari útgjöld fram úr fjárlagaheimildum, sé verkefnum stofnunarinnar ekki sinnt sem skyldi eða þjónusta hennar teljist óviðunandi geti ráðherra veitt forstöðumanni áminningu skv. 21. gr. frumvarpsins eða, ef um ítrekaða eða stórfellda vanrækslu er að ræða, veitt honum lausn frá embætti skv. 6. kafla frumvarpsins.

Um 39. gr.

Gert er ráð fyrir að laun embættismanna skuli ákveðin af kjaranefnd enda njóta þeir ekki verkfallsréttar skv. 40. gr. frumvarpsins. Ákvörðun launa og starfskjara hjá nokkrum embættismönnum, svo sem dómurum, mundi við þetta færast frá Kjaradómi til kjaranefndar.

Um 40. gr.

Ákvæðið er í samræmi við lög nr. 33/1915 og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um III. hluta.

Þriðji hluti frumvarpsins á einvörðungu við aðra starfsmenn ríkisins en embættismenn, sbr. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Um 41. gr.

Í 1. mgr. er sett fram sú meginregla að ráða skuli aðra starfsmenn en embættismenn ótímabundið en með gagnkvæmum uppsagnarfresti. Þessi meginregla er í samræmi við þá stefnu sem samið var um í kjarasamningum við stéttarfélög opinberra starfsmanna árið 1989 þar sem því var lýst yfir af hálfu beggja samningsaðila að ráðning með gagnkvæmum uppsagnarfresti yrði ríkjandi ráðningarform hjá ríkinu.

Í 2. mgr. er að finna reglur um tímabundna ráðningu sem verið hafa við lýði hjá ríkinu og voru m.a. hluti af kjarasamningum ríkisstarfsmanna 1989.

Um 42. gr.

Ákvæði 1. mgr er efnislega samhljóða 3. gr. laga nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana. Ákvæði þetta er í samræmi við þá stefnu sem sett er fram í tilskipun 91/533/EBE, um skyldu vinnuveitanda að skýra launþegum frá samningsskilmálum eða ráðningarfyrirkomulagi, svo sem vikið er að í 8. gr. þessa frumvarps.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra setji reglur um form ráðningarsamninga. Það fyrirkomulag tíðkast nú að fjármálaráðherra sér um að gera eyðublöð sem stofnunum er skylt að nota við ráðningar starfsmanna. Með nútíma tölvutækni er hægur vandi fyrir stofnanir að hanna og nota eigin eyðublöð og hafa margar þeirra óskað eftir heimild til slíks. Ákvæði 2. mgr. gerir slíkt mögulegt án þess að það samræmi sem nú gildir glatist.

Um 43. gr.

Í fyrri málslið 1. mgr. er áréttað að forstöðumaður hafi rétt til að segja starfsmanni upp í samræmi við ákvæði í ráðningarsamningi. Í síðari málslið er áréttað það sem segir í 2. mgr. 41. gr. þessa frumvarps, að ekki þurfi að segja sérstaklega upp tímabundinni ráðningu þegar tíma þeim sem henni var markaður lýkur.

Í 2. mgr. er að finna þá meginreglu sem tekin hefur verið upp í 33. gr. frumvarpsins að segja skuli starfsmanni upp störfum frá og með næstu mánaðamótum eftir að hann nær 70 ára aldri. Þessi regla hefur að meginstefnu gilt um þá sem nú falla undir lög nr. 38/1954, en óljóst hefur verið hvaða regla gilti um aðra starfsmenn ríkisins. Hér er lagt til að sama regla skuli gilda um alla.

Um 44. gr.

Í 1. mgr. er staðfest að ekki sé skylt að veita manni áminningu áður en honum er sagt upp störfum án tillits til þess hver ástæðan fyrir uppsögn er. Sé uppsögn hins vegar byggð á ástæðum þeim sem 21. gr. þessa frumvarps tilgreinir, t.d. óstundvísi eða vanrækslu, skal gefa starfsmanni kost á að tjá sig um þessar ástæður áður en uppsögnin tekur gildi. Með því er átt við að heimilt sé að segja starfsmanni upp störfum áður en honum hefur verið gefinn kostur á að tjá sig ef honum gefst kostur á að tjá sig á uppsagnarfrestinum, þ.e. svo snemma að forstöðumanni gefist tækifæri til að meta andmælin og endurskoða afstöðu sína til uppsagnarinnar áður en hún tekur gildi. Gert er ráð fyrir að starfsmaður eigi hins vegar ekki rétt til andmæla ef uppsögnin stafar af öðrum ástæðum en þeim sem tilgreindar eru í 21. gr. þessa frumvarps, svo sem ef verið er að fækka starfsmönnum vegna hagræðingar í rekstri stofnunar. Rökin eru þau að þá sé um að ræða aðrar ástæður en þær sem varða starfsmanninn sérstaklega og því eigi andmæli ekki sama rétt á sér í þvílíkum tilvikum.

Í 2. mgr. er tekin upp sú regla, sem er að finna í 21. gr. stjórnsýslulaga, að skylt sé að rökstyðja stjórnvaldsákvörðun ef þess er óskað.

Um 45. gr.

Hér er um sömu reglu að ræða og er að finna í 29. gr. frumvarpsins og vísast til þess sem þar segir.

Um 46. gr.

Í 1. mgr. er staðfestur réttur starfsmanns til að segja upp störfum í samræmi við ákvæði ráðningarsamnings.

Í 2. mgr. er að finna sambærilegt ákvæði og er í 3. og 4. málsl.1. mgr. 15. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Á því hefur verið gerð sú breyting að í stað þess að miða við að til auðnar horfi í starfsgrein er horft til hverrar stofnunar fyrir sig. Er það til samræmis við aukna áherslu á sjálfstæði stofnana og aukna ábyrgð forstöðumanna sem fyrir er mælt í frumvarpinu.

Um 47. gr.

Í 1. mgr. er einungis verið að staðfesta að stéttarfélög eða samtök þeirra skuli vera sá aðili sem semji um laun og starfskjör félagsmanna sinna eftir því sem lög á hverjum tíma mæla fyrir um.

Í 2. mgr. er kveðið á um með hvaða hætti ákvarða skuli laun þeirra sem kjósa að standa utan stéttarfélaga. Að meginstefnu til er gert ráð fyrir að laun þeirra starfsmanna verði þau sömu og annarra sem gegna sambærilegum störfum, en ef starf það sem hlutaðeigandi gegnir fellur ekki innan samningssviðs einhvers ákveðins félags þá skal fjármálaráðherra ákveða honum laun.

Um 48. gr.

Í greininni er kveðið á um rétt stéttarfélaga til að gera verkfall til að stuðla að framgangi krafna sinna í deilu um kjarasamning. Slíkt er þó bundið þeim skilyrðum og takmörkunum sem sett eru, meðal annars í lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, sbr. og lög nr. 33/1915, um verkfall opinberra starfsmanna, lög nr. 34/1977, um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins og fleiri sérákvæði í lögum.

Um IV. hluta.

Fjórði hluti frumvarpsins hefur, eins og heiti hans ber með sér, að geyma ýmis sérákvæði auk þess sem þar er að finna fyrirmæli um gildistöku laganna og lagaskil.

Um 49. gr.

Ef ekki væri öðruvísi fyrir mælt væri heimilt að kæra sérhverja ákvörðun, sem tekin er á grundvelli laganna til æðra stjórnvalds með stjórnsýslukæru skv. 26. gr. stjórnsýslulaga. Slíkt myndi hins vegar draga úr sjálfstæði því sem ætlunin er að veita einstökum forstöðumönnum ríkisstofnana samkvæmt frumvarpinu. Af þeim sökum er lagt til í þessari grein að ákvörðunum stjórnvalda samkvæmt lögunum verði ekki skotið til æðri stjórnvalda, þar á meðal ráðherra, nema öðruvísi sé fyrir mælt í einstökum ákvæðum laganna, svo sem t.d. er gert í 2. mgr. 13. gr., 1. mgr. 20. gr. og 3. mgr. 30. gr. frumvarpsins. Að sjálfsögðu væri unnt að bera ákvarðanir samkvæmt lögunum undir umboðsmann Alþingis og dómstóla með venjulegum hætti.

Um 50. gr.

Nýmæli er að kveðið sé á um framsalsheimildir í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Almennt mun viðurkennt í framkvæmd að forstöðumenn stofnana hafi heimild til framsals á valdi sínu, en rétt þykir að lögfesta þá reglu og binda framsal þeim skilyrðum að það sé skriflegt og tilkynnt starfsmönnum. Er það einkum gert í því augna-

miði að taka af allan vafa um hverjir séu bærir til að taka ákvarðanir samkvæmt lögunum.

2. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 51. gr.

Í 1. mgr. er að finna hliðstætt ákvæði og nú er í 35. gr. laga nr. 38/1954.

Ráðherrar eru að sjálfsögðu forstöðumenn hvers ráðuneytis í skilningi laganna, en í 2. mgr. er gert ráð fyrir að ráðuneytisstjórar komi í þeirra stað þegar um er að ræða ýmsar minni háttar ákvarðanir er varða starfsmenn ráðuneyta.

Um 52. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 36. gr. laga nr. 38/1954. Sú breyting ein hefur átt sér stað að Alþýðusambandi Íslands hefur verið bætt inn í ákvæðið sem umsagnaraðila en það er í samræmi við 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Þá eru tekin af tvímæli um það að óskylt sé að gefa hagsmunasamtökum kost á að tjá sig um setningu hreinna verklagsreglna í stjórnsýslunni.

Um 53. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 54. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 55. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 56. gr.

Gert er ráð fyrir að lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og lögum nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd verði breytt til samræmis við ákvæði þessa frumvarps. Miðað er við að takmarkanir á verkfallsrétti ríkisstarfsmanna verði í megindráttum þær sömu og samkvæmt núgildandi lögum. Þannig gildi lög nr. 33/1915 áfram, en til þess að takmarkanirnar verði þær sömu er óhjákvæmilegt að breyta 19. gr. laga nr. 94/1986 þar sem 29. gr. laga nr. 38/1954 fellur brott.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæðinu er mælt svo fyrir að þeir starfsmenn ríkisins, sem skipaðir hafa verið eða ráðnir í þjónustu ríkisins fyrir gildistöku laganna, haldi áunnum, stjórnarskrárvörðum réttindum sínum. Í 2. og 4. mgr. er tekið af skarið um það að réttur til launa í veikindaforföllum og fæðingarorlofi verði sá sami og verið hefur hjá þeim starfsmönnum sem skipaðir hafa verið eða ráðnir í þjónustu ríkisins fyrir gildistöku laganna, þar á meðal reglur 21. gr. laga nr. 38/1954 um svonefnd lausnar- og makalaun, þó að því undanskildu að 30. gr. um lausn úr starfi vegna heilsubrests á við þá starfsmenn sem teljast embættismenn skv. 22. gr. frumvarpsins.

Réttur til biðlauna skv. 14. gr. laga nr. 38/1954 hefur ekki verið talinn til stjórnarskrárbundinna eignarréttinda, sbr. nú 72. gr. stjórnarskrárinnar, a.m.k. hlýtur löggjafanum að vera heimilt að breyta þeim reglum, sem gilda um fjárhæð slíkra bóta fram í tímann, svo sem lagt er til að gert verði í 5. mgr. Ef starf hefur verið lagt niður fyrir gildistöku lag-

anna á starfsmaður hins vegar rétt til bóta á grundvelli 14. gr. laga nr. 38/1954 þar er hið bótaskylda atvik hefur þá átt sér stað áður en lögin taka gildi. Í 6. mgr. er og tekið fram, til þess að taka af allan vafa, að í slíku tilviki haldi starfsmaður, sem starfi gegndi og féll undir lög nr. 38/1954, forgangsrétti til starfs skv. 2. og 3. mgr. 14. gr. þeirra laga í fimm ár, talið frá því starfið var lagt niður.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Tilgangur lagafrumvarps þessa er að endurnýja heildarlöggjöf um réttarsamband ríkisins og starfsmanna þess og að laga forsendur starfsmannahalds ríkisins að breyttum skilyrðum, en núverandi löggjöf er að stofni til orðin um 40 ára gömul. Frumvarpið er flutt í framhaldi af stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um nýja starfsmannastefnu fyrir ríkið. Meginmarkmið hennar er að auka hagkvæmni í ríkisrekstrinum, stuðla að bættri þjónustu hins opinbera og gera starfsmannastefnu ríkisins skýrari en nú. Ákvæði frumvarpsins taka til vissra þátta í þeirri endurskoðun, einkum er þeim ætlað að draga úr misræmi milli réttarstöðu opinberra starfsmanna og starfmanna á almennum vinnumarkaði, að skapa betri skilyrði fyrir stjórnendur ríkisstofnana til að umbuna starfsmönnum í launum eftir hæfni og ábyrgð miðað við almennar reglur og málefnaleg sjónarmið, að gera auknar faglegar kröfur um menntun og starfsreynslu þeirra sem ráðnir eru til starfa hjá ríkinu og loks að gera skýrari grein fyrir þeim kröfum sem gerðar eru til ríkisstarfsmanna. Frumvarpið tekur hins vegar ekki til þeirra þátta starfsmannahalds ríkisins sem snúa að ákvörðun launa með gerð kjarasamninga við opinbera starfsmenn.

Þótt frumvarpið breyti þannig í nokkru almennum skilyrðum fyrir starfsmannahaldinu er ekki er unnt að segja fyrir um kostnaðaráhrifin fyrir ríkissjóð með nokkurri vissu. Auknar kröfur yrðu gerðar um ábyrgð forstöðumanna á nýtingu opinberra fjármuna um leið og þeir fengju skýrari heimildir til að gera breytingar í starfsmannahaldi og launakjörum. Til lengri tíma litið má ætla að aukið svigrúm fyrir stjórnendur til að veita starfsmönnum bæði hvatningu og aðhald muni líkt og í fyrirtækjum á einkamarkaði leiða til aukinnar framleiðni og hagræðingar í samsetningu vinnuaflsins með tilliti til verkefna á hverjum tíma. Langtímaáhrifin af frumvarpinu munu því líklega fela í sér aukna viðleitni til hagræðingar í ríkisstarfseminni.

Ef litið er til einstakra ákvæða frumvarpsins er helst að nefna að heimildir í 9. gr. til að umbuna starfsmönnum umfram grunnlaun kjarasamninga gætu hugsanlega smám saman orðið til þess að hækka greidd meðallaun. Hins vegar er líklegt að framleiðni í starfsemi ríkisins muni aukast í sama mæli þannig að færri vinnustundir þurfi til að leysa verkefnin af hendi og launaútgjöldin í heild verði með þeim hætti jafnvel minni en ella. Fyrst um sinn munu slík viðbótarlaun líklega einkum koma í stað svipaðra þóknana og nú eru greiddar í annarri mynd, t.d. sem föst yfirvinna.

Orlofsréttur er ekki tilgreindur í frumvarpinu líkt og í núverandi lögum um réttindi

og skyldur starfsmanna ríkisins, heldur mundi hann fylgja lögum nr. 30/1987, um orlof, sem nú gilda um starfsfólk á almennum vinnumarkaði. Ákvæði þeirra laga tryggja lágmarksrétt. Gert er ráð fyrir að viðbótarréttindi verði sömu og áður og að þau verði tilgreind í kjarasamningum eins og verið hefur. Samkvæmt frumvarpinu verður réttur til fæðingarorlofs eftir sem áður ákveðinn með reglugerð.

Varðandi veikindarétt ríkisstarfsmanna gerir frumvarpið ráð fyrir að hann verði ekki lengur ákveðinn einhliða af fjármálaráðherra með reglugerð, heldur verði sami lágmarksréttur og á almennum vinnumarkaði. Viðbótarréttindi verði ákveðin í kjarasamningum og er gert ráð fyrir að þau verði með sama hætti og verið hefur.

Réttur til biðlauna verður sá sami og í núverandi lögum en þó gerð sú breyting að frá þeim dragast önnur laun sem starfsmaðurinn kann að hafa á biðlaunatímanum. Þessi breyting kann að leiða til nokkurs sparnaðar í framtíðinni ef ríkisfyrirtæki eða stofnun er breytt í hlutafélag eða færð til sveitarfélaga.

Í 27. gr. laganna er ákvæði um að sérstakri nefnd verði falið að kanna mál embættismanna sem veitt hefur verið lausn frá störfum um stundarsakir. Einungis formaður og varaformaður nefndarinnar eiga fast sæti í henni en tveir aðrir nefndarmenn verða skipaðir í hana hverju sinni. Sambærilegt ákvæði er í gildandi lögum og nær það raunar til allra ríkisstarfsmanna. Er því ekki ástæða til að ætlað að kostnaður aukist í tengslum við slík mál.

Loks má nefna að skv. 22. gr. laganna mun fjölga talsvert í þeim hópi ríkisstarfsmanna sem telst til embættismanna. Þeim starfsmönnum verður tryggt sérstakt starfsöryggi með skipun í embætti í fimm ár í senn. Á móti munu þeir ekki hafa samnings- og verkfallsrétt, heldur taka laun að ákvörðun kjaranefndar. Ekki er talið að sú breyting hafi mikil áhrif á launakjör þessara starfsmanna þar sem kjaranefnd ber að miða úrskurði sína m.a. við laun hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga.

651. Lög [284. mál]

um breytingu á lögum nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

(Afgreidd frá Alþingi 6. mars.)

Samhljóða þskj. 523.

652. Lög [283. mál]

um flutninga á skipgengum vatnaleiðum vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.

(Afgreidd frá Alþingi 6. mars.)

Samhljóða þskj. 522.

653. Tillaga til þingsályktunar [373. mál]

um friðlýsingu Hvítár/Ölfusár og Jökulsár á Fjöllum.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir,
Svavar Gestsson, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að undirbúa lagasetningu um friðlýsingu Hvítár/Ölfusár frá upptökum í Langjökli til Ölfusárósa og Jökulsár á Fjöllum frá upptökum í Vatnajökli til ósa í Öxarfirði.

Greinargerð.

„Því er nú mjög á lofti haldið, og vissulega með veigamiklum rökum, að í fossum landsins búi nokkuð af framtíð okkar þjóðar, er byggist á þeim verðmætum, sem mæld eru í kílówattstundum. En þar við liggur einnig brot af framtíðarhamingju þjóðarinnar, að hún gleymi því ekki, að í fossum landsins búa einnig verðmæti, sem ekki verða metin til fjár, en mælast í unaðsstundum." (Sigurður Þórarinsson, Fossar á Íslandi, Fjölrit Náttúruverndarráðs, 1978.)

Það heyrist nú æ oftar að Íslendingar ættu að gerast forustuþjóð á sviði umhverfismála. M.a. kemur það glöggt fram í skýrslu umhverfisráðherra um ástand og þróun umhverfismála á Íslandi í febrúar 1995. Þar segir í kafla um viðfangsefni og framtíðaráherslur á bls. 77: „Lögð er áhersla á að Ísland verði um næstu aldamót fyrirmynd annarra vestrænna ríkja í umhverfismálum eða með öðrum orðum að Ísland verði þá án nokkurs vafa hreinasta land hins vestræna heims og ímynd hreinleika og sjálfbærrar þróunar tengist allri atvinnustarfsemi í landinu." Á bls. 78–79 eru svo taldar upp leiðir að því marki og ein leiðin er: „Að unnið verði að því að fjölga þjóðgörðum, friðlýstum svæðum og náttúruminjum."

Of lítið hefur gerst í því efni á undanförnum árum. Þó ber að geta laga um vernd Breiðafjarðar, sem sett voru í mars 1995, en samkvæmt þeim er nú unnið að verndaráætlun fyrir allt það svæði. Þá vinnur samvinnunefnd héraðsnefnda um þessar mundir að svæðisskipulagi fyrir miðhálendi Íslands og samkvæmt upplýsingum skipulagsstjóra ríkisins má vænta fyrstu tillagna að landnotkun á hálendinu síðar á þessu ári. Vonandi verður þar að finna tillögur um friðun og varðveislu lands sem er að sjálfsögðu ein leið landnýtingar. Þessi tillaga gerir ráð fyrir mikilvægu skrefi í því efni sem er að tvær ár fái að renna í friði um byggð og óbyggð frá upptökum til ósa.

Sú kynslóð, sem nú lifir í þessu landi, hefur verið virkjanaglöð. Hver stóráin á fætur annarri hefur verið fjötruð í viðjar steinsteypu og sérstæð og einstök landsvæði eyðilögð um aldur og ævi eða stórskemmd. Á teiknibörðum verkfræðinga hafa báðar þær ár, sem hér um ræðir, fengið sömu örlög. Í kílóvattstundum talið býr að öllum líkindum í þeim um ⅙ þeirrar vatnsorku sem sumir telja nú að hagkvæmt geti orðið að virkja. Þannig bíða fullmótaðar áætlanir um virkjun fjölmargra orkulinda landsins, en minna fer fyrir áætlunum um verndun þeirra. Þó hefur verið gerð tilraun í þá átt. 24. apríl 1989 samþykkti Alþingi svofellda ályktun:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa á vegum Náttúruverndarráðs í samráði við yfirvöld orkumála áætlun um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða, fossa og hvera. Drög að slíkri áætlun verði lögð fyrir Alþingi til kynningar fyrir árslok 1990 og áætlunin fullbúin til staðfestingar síðar."

Framkvæmd ályktunar Alþingis, sem samþykkt var að frumkvæði Hjörleifs Guttormssonar, hefur gengið hægar en til stóð. Náttúruverndarráð skilaði skýrslu um málið til umhverfisráðuneytis í nóvember 1994, en af frekari úrvinnslu hefur enn ekki orðið.

Í heiminum hefur á undanförnum áratugum mjög litlu fé verið varið til rannsókna á annars konar orkugjöfum en olíu og kjarnorku. Á þessu hlýtur að verða breyting og hver veit nema finnist leiðir til að virkja bæði föll sjávar og vinda himinsins. Vafasamt er að afkomendur okkar yrðu okkur þakklátir fyrir virkjanagleðina ef á landinu væri ekki eftir eitt einasta eintak af óraskaðri á eða allar þær dýrmætustu, í unaðsstundum talið, eyðilagðar.

Hvítá/Ölfusá og Jökulsá á Fjöllum eru án efa merkilegustu stórár sem enn fá að renna ótruflaðar um land okkar. Í báðum ánum eru miklir fossar, sem laða að fjölda ferðamanna, Gullfoss í Hvítá og Dettifoss ásamt þremur öðrum fossum í Jökulsá á Fjöllum, en um þá fossa sagði Sigurður Þórarinsson í fossaskrá sinni: „Fossarnir 3–5 eru samstæða, sem ekki á víða sinn líka á jarðarkringlunni.“ Umhverfi ánna er mjög fjölbreytt og sérstætt, bæði hvað varðar náttúrufar og þá sögu þjóðarinnar, sem lesa má úr umhverfi þeirra. Hvítá/Ölfusá rennur að miklu leyti um blómlegar byggðir, sem löngum hafa hýst biskupa og höfðingja, og meðfram henni eru mikilvæg votlendissvæði. Jökulsá rennur um óbyggðir, þar sem hírðust útlagar fyrr á öldum en eru nú ýmist friðlýstar eða á náttúruminjaskrá, og á láglendi rennur áin um einhvern fegursta stað landsins, Jökulsárgljúfur, sem eru að hálfu leyti friðlýst sem þjóðgarður. Óbætanlegt tjón yrði á náttúru Íslands ef ár þessar fengju ekki að njóta friðar um ókomin ár, enda nóg til af annarri orku til að virkja, bæði í vatnsföllum og á jarðhitasvæðum.

Í friðlýsingum ánna þarf að felast:

1. Vatnsmagni ánna verði ekki breytt af mannavöldum, t.d. með því að veita vatni sem til þeirra fellur inn á vatnasvið annarra áa.
2. Vatnsyfirborði eða farvegum ánna verði ekki breytt af mannavöldum með uppistöðulónum, stíflum eða öðrum framkvæmdum eða mannvirkjum.
3. Mannvirkjagerð og jarðraski meðfram ánum verði haldið í lágmarki og í óbyggðum verði ekki komið fyrir mannvirkjum sem áberandi eru frá árbökkunum.
4. Losun mengandi úrgangsefna í árnar eða í ár sem til þeirra falla verði ekki leyfð.
5. Náttúrulegt lífríki í og við árnar njóti verndar.
6. Umferðarréttur almennings meðfram ánum verði tryggður.
7. Aðstöðu til handa ferðamönnum verði komið upp meðfram ánum en þess jafnframt gætt við skipulag og stjórnun ferðamennsku að svæðunum sé ekki spillt.

Tillaga sama efnis var lögð fram á 113. löggjafarþingi en dagaði þá uppi í nefnd. Þáverandi þingkonur Kvennalistans fluttu tillöguna undir forustu Sigrúnar Helgadóttur líf- og umhverfisfræðings. Eins og að framan segir er margt til marks um aukinn skilning og áhuga á verndun umhverfis og sérstæðrar náttúru landsins. Má því ætla að efni tillögunnar eigi nú hljómgrunn.

654. Nefndarálit [99. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Þorkel Helgason og Tryggva Axelsson frá viðskiptaráðuneytinu og Þórð Ólafsson og Jóhann Albertsson frá bankaeftirliti Seðlabanka Íslands. Þá fékk nefndin umsagnir um málið frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Fiskveiðasjóði Íslands, Iðnþróunarsjóði, Iðnlánasjóði, Ferðamálasjóði, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Verslunarráði Íslands og Seðlabanka Íslands.

Nefndin telur rétt að taka tillit til ábendingar sem fram kemur í umsögn Iðnlánasjóðs þess efnis að tekin verði af öll tvímæli um að heimildir þeirra lánastofnana sem voru starfandi fyrir gildistöku laga nr. 123/1993 og kveðið var á um í sérlögum komi til viðbótar starfsemi sem er heimiluð í 8. gr. laga nr. 123/1993. Nefndin leggur því til að frumvarpið verði samþykkt sem svofelldri

BREYTINGU:

Á eftir 9. gr. komi ný grein er orðist svo:

Við ákvæði til bráðabirgða I í lögunum bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Starfsheimildir 8. gr. laga þessara koma til viðbótar heimildum sérlaga um starfandi lánastofnanir.

Valgerður Sverrisdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. mars 1996.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Ágúst Einarsson.
Pétur H. Blöndal.	Einar Oddur Kristjánsson.	Sólveig Pétursdóttir.
Jón Baldvin Hannibalsson.		Margrét Frímannsdóttir.

655. Fyrirspurn [374. mál]

til heilbrigðisráðherra um viðbrögð við vaxandi tanneyðingu hjá börnum og unglingum.

Frá Guðna Ágústssyni.

Eru áformaðar aðgerðir af hálfu heilbrigðisyfirvalda til að bregðast við upplýsingum um vaxandi tanneyðingu hjá börnum og unglingum?

656. Svar [327. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Magnúsar Stefánssonar um útlánatöp ríkisbanka og opinberra sjóða árin 1990–1995.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver voru útlánatöp ríkisbanka og opinberra sjóða á tímabilinu 1990–1995? Svar óskast sundurliðað eftir einstökum bönkum og sjóðum á hverju ári fyrir sig.

Endanleg útlánatöp ríkisviðskiptabanka og opinberra sjóða á árunum 1990–1994 voru samtals 21.744 millj. kr. Á sama tímabili voru 29.622 millj. kr. lagðar á afskriftareikning ríkisviðskiptabanka og opinberra sjóða. Þannig jukust framlög í afskriftareikning um 7.878 millj. kr. umfram endanleg útlánatöp. Staða afskriftareikninga var 3.555 millj. kr. í ársbyrjun 1990 en 11.433 millj. kr. í árslok 1994. Upplýsingar um útlánatöp ársins 1995 liggja ekki fyrir.

Útlánatöp áranna 1990–1994 skiptast þannig:

Fjármálastofnanir	**Tap, millj. kr.**
Landsbanki Íslands	7.352
Framkvæmdasjóður	2.746
Byggðastofnun	2.471
Búnaðarbanki Íslands	2.262
Iðnlánasjóður	1.722
Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina	1.509
Fiskveiðasjóður Íslands	1.097
Iðnþróunarsjóður	936
Hlutafjársjóður	733
Stofnlánadeild landbúnaðarins	722
Ferðamálasjóður	123
Byggingarsjóður verkamanna	33
Byggingarsjóður ríkisins	32
Landflutningasjóður	8

Ekki eru bókfærð nein útlánatöp hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna, Hafnabótasjóði, Orkusjóði, Útflutningslánasjóði og húsbréfadeild Húsnæðisstofnunar.

Útlánatöp skrifast þannig á milli ára hjá framangreindum sjóðum:

Endanleg útlánatöp	1990	1991	1992	1993	1994	Samtals
Ríkisviðskiptabankar						
Landsbanki Íslands*	87	1.141	1.326	2.306	2.492	7.352
Búnaðarbanki Íslands*	141	130	271	877	843	2.262
Samtals	**228**	**1.271**	**1.597**	**3.183**	**3.335**	**9.614**
*Fjárfestingarlánasjóðir í eigu ríkisins sem falla undir lög nr. 123/1993***						
Byggðastofnun	224	1.064	939	242	2	2.471
Iðnlánasjóður	105	157	373	857	229	1.722
Fiskveiðasjóður Íslands	273	7	413	364	40	1.097
Stofnlánadeild landbúnaðarins	8	105	74	430	106	722
Ferðamálasjóður	72	1	24	8	18	123
Landflutningasjóður	2	0	0	0	6	8
Samtals	**684**	**1.333**	**1.823**	**1.901**	**400**	**6.141**
Aðrir helstu fjárfestingarlánasjóðir						
Framkvæmdasjóður	122	1.383	470	315	456	2.746
Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina	89	506	722	193	**	1.509
Hlutafjársjóður	170	207	207	149	**	733
Byggingarsjóður ríkisins	0	0	0	0	32	32
Byggingarsjóður verkamanna	0	0	0	21	12	33
Húsbréfadeild	0	0	0	0	0	0
Iðnþróunarsjóður	134	18	195	287	302	936
Samtals	**516**	**2.113**	**1.594**	**966**	**801**	**5.989**
Samtals	**1.427**	**4.717**	**5.013**	**6.050**	**4.536**	**21.744**

* Gjaldfærð framlög á tímabilinu eru lægri en tilgreind framlög í afskriftareikningi sem nemur 96 millj. kr. hjá Landsbanka og 33 millj. kr. hjá Búnaðarbanka vegna innheimtra, áður afskrifaðra útlána.
** Ótaldir eru Lánasjóður íslenskra námsmanna, Hafnabótasjóður, Orkusjóður og Útflutningslánasjóður en ekki er um að ræða bókfærð útlánatöp hjá þessum sjóðum.

657. Nefndarálit [73. mál]

um frv. til l. um mannanöfn.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Drífu Pálsdóttur, skrifstofustjóra í dómsmálaráðuneytinu, Halldór Ármann Sigurðsson prófessor, Pál Sigurðsson prófessor, Erlend Jónsson dósent, Hallgrím Snorrason hagstofustjóra og Skúla Guðmundsson, skrifstofustjóra Hagstofu Íslands. Þá fékk nefndin sendar umsagnir um málið frá Íslenskri málnefnd, heimspekideild Háskóla Íslands, Hagstofu Íslands, Félagi nýrra Íslendinga, mannanafnanefnd, Cecil Haraldssyni, safnaðarpresti Fríkirkjunnar, Páli Sigurðssyni og Erlendi Jónssyni, Þorbjörgu Hilbertsdóttur, Inger Önnu Aikman og Andra Þór Gunnarssyni og Sigríði Halldórsdóttur.

Frumvarpið gerir almennt ráð fyrir meira frelsi í nafngiftum en samkvæmt gildandi lögum, einkum með því að heimila aðlöguð erlend eiginnöfn, jafnvel þótt þau styðjist ekki við hefð í íslensku máli, og með því að heimila millinöfn.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið er það samið vegna mikillar gagnrýni á gildandi lög. Sú gagnrýni hefur einkum beinst að þröngum eiginnafnaheimildum laganna og því að þau heimila ekki millinöfn. Enn fremur hefur komið fram veruleg gagnrýni á það ákvæði laganna er skyldar þá er öðlast íslenskt ríkisfang með lögum og heita erlendu nafni til að taka sér íslenskt eiginnafn sem börn þeirra verða síðan að taka sem kenninafn. Nöfn manna eru einn mikilvægasti þáttur sjálfsmyndar þeirra og þessi þröngu skilyrði laganna hafa valdið miklum sárindum í mörgum fjölskyldum. Frumvarpið gerir ráð fyrir að þeir sem í hlut eiga geti haldið fullu nafni óbreyttu og að niðjum þeirra verði heimil notkun ættarnafns.

Íslensk nafnahefð er stór þáttur í menningu Íslendinga. Þróunin á þessari öld hefur þó verið sú að sífellt fleiri taka upp ættarnöfn. Ljóst virðist að ættarnöfnum á eftir að fjölga hratt. Í frumvarpinu er lagt til að tekinn verði upp nýr flokkur nafna, svokölluð millinöfn. Með því er meðal annars stefnt að því að ættarnöfn verði fremur notuð sem millinöfn en kenninöfn.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með nokkrum breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Breytingartillögur við 6. gr. tengjast breytingartillögum sem nefndin leggur til að gerðar verði við 8. gr. frumvarpsins. Breytingin hefur það í för með sér að heimilt er að nota eignarfall eiginnafns sem millinafn þegar um er að ræða eiginnafn annars foreldris. Dæmi: Pétur Guðrúnar Jónsson eða Guðrún Steinunnar Briem.
2. Lagt er til að lokamálsgrein 7. gr. falli brott. Breytingin hefur það í för með sér að þeim sem bera ættarnöfn verður heimilt að bera millinöfn engu síður en öðrum.
3. Lagðar eru til þrjár breytingar á 8. gr. Í fyrsta lagi er lagt til að heimilt verði að maður kenni sig til beggja foreldra eða beri ættarnafn sem hann á rétt á til viðbótar því að kenna sig til föður eða móður. Dæmi: Pétur Guðrúnarson Jónsson, Guðrún Steinunnardóttir Briem eða Guðjón Jónsson Stephensen. Bent skal á að þarna er aðeins um heimildarákvæði að ræða. Einnig skal tekið fram að ekki er gert ráð fyrir samtengingunni „og“ eða bandstriki á milli nafna. Í öðru lagi er til samræmis lagt til að breyta lítillega orðalagi 2. málsl. Þriðju breytingartillögunni er ætlað að koma í veg fyrir að niðjar þeirra sem báru ættarnöfn samkvæmt Þjóðskrá og fallið hafa frá í gildistíð núgildandi laga um mannanöfn, nr. 37/1991, glati rétti til að taka upp ættarnafn sem þeir annars ættu rétt á.
4. Breytingartillögu við 11. gr. er ætlað að tryggja að niðjar þeirra einstaklinga sem fengið hafa ríkisfang án þess að þurfa sjálfir að breyta nöfnum sínum njóti sama réttar og niðjar þeirra sem fengið hafa íslenskan ríkisborgararétt og þurftu að breyta nöfnum sínum. Taka má ímyndað dæmi um sænskan mann að nafni Gunnar Nyström sem fékk íslenskt ríkisfang á síðasta ári og þurfti ekki að breyta nafni sínu þar sem Gunnar er íslenskt nafn. Börn hans, yngri en 16 ára, máttu hins vegar ekki bera ættarnafnið Nyström heldur urðu Gunnarsbörn. Með þessari breytingu verður þeim heimilt að taka upp ættarnafn forfeðra sinna eins og niðjum þeirra einstaklinga sem fengið hafa íslenskt ríkisfang með því skilyrði að þeir breyttu nafni sínu.
5. Nefndin telur of langt gengið í frumvarpinu að fella niður rétt útlendinga til að taka upp kenninafn maka og leggur því til að sú breyting verði gerð á 12. gr. að þeim verði það áfram heimilt jafnhliða þeirri breytingu sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

6. Lögð er til breyting á 13. gr. sem veldur því að allar millinafnabreytingar skv. 6. gr. falla undir dómsmálaráðuneytið. Breytingar á millinöfnum skv. 7. gr. heyra hins vegar undir Hagstofu Íslands.
7. Breytingartillaga við 14. gr. snýr að kenninöfnum barna. Ef óskað er breytingar á kenninafni barns þannig að það fái ættarnafn sem það á rétt á eða verði kennt til móður í stað föður eða öfugt er meginreglan sú að slík breyting skuli tilkynnt Þjóðskrá, sbr. 2. mgr. 18. gr. frumvarpsins. Sá háttur verður ávallt hafður á ef foreldrar eru sammála um nafnbreytingu. Sé hins vegar óskað eftir slíkri breytingu og það foreldri, sem barnið hefur verið kennt til, er andvígt breytingunni leggur nefndin til að ráðherra fjalli um málið og leyfi breytinguna því aðeins að sérstaklega standi á og telja verði að hún verði barninu til verulegs hagræðis.
8. Frumvarpshöfundar lögðu til, að fram komnum athugasemdum Íslenskrar málnefndar, að hún ætti einn fulltrúa í mannanafnanefnd. Allsherjarnefnd telur tillöguna til bóta og leggur því til að 21. gr. verði breytt til samræmis við það. Heimspekideild HÍ, Íslensk málnefnd og lagadeild HÍ tilnefna því einn mann hver.
9. Við 22. gr. Endregin ósk hefur komið frá Hagstofu Íslands um þessa breytingu og leggur nefndin því til að hún verði gerð.
10. Við 25. gr. Lögð er til leiðrétting á greininni þannig að vísað verði í vísitölu neysluverðs í stað lánskjaravísitölu eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, sbr. lög nr. 12/1995, og jafnframt þykir nú réttara, þar sem komið er fram á árið 1996, að miða við fyrsta mánuð þessa árs.
11. Við ákvæði til bráðabirgða. Lagt er til að skýrt komi fram í ákvæðinu að Hagstofan skuli ávallt leitast við að semja um skráningu nafna. Nöfn skulu einungis skráð samkvæmt reglum sem Hagstofunni ber að setja sér við gildistöku laganna þegar svo stendur á að ekki næst samkomulag um skráningu nafna.

Alþingi, 6. febr. 1996.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Hjálmar Jónsson.	Valgerður Sverrisdóttir.
Árni R. Árnason.	Guðný Guðbjörnsdóttir.	Sighvatur Björgvinsson.
Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.	Kristján Pálsson.	Jón Kristjánsson.

658. Breytingartillögur [73. mál]

við frv. til l. um mannanöfn.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 6. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. 3. málsl. 2. mgr. orðist svo: Þó er eiginnafn foreldris í eignarfalli heimilt sem millinafn.
   b. Orðið „einnig“ í 4. málsl. falli brott.
2. Við 7. gr. Lokamálsgrein falli brott.

3. Við 8. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Á eftir 1. málsl. 2. mgr. komi nýr málsliður er orðist svo: Manni er enn fremur heimilt að kenna sig til beggja foreldra sinna eða bera ættarnafn sem hann á rétt á til viðbótar því að kenna sig til föður eða móður.
   b. Orðið „þó“ í síðari málslið 2. mgr. falli brott.
   c. Á eftir orðunum „þessara laga“ í 1. málsl. 5. mgr. komi: eða bar ættarnafn í gildistíð laga nr. 37/1991.
4. Við 11. gr. Í stað orðanna „því skilyrði að þeir breyttu nöfnum sínum“ í 1. málsl. 4. mgr. komi: nafnbreytingarskilyrðum.
5. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   Erlendur ríkisborgari sem stofnar til hjúskapar við Íslending má taka upp kenninafn maka síns. Enn fremur má hann kenna sig til föður maka síns eða móður þannig að við eignarfallsmynd eiginnafns komi dóttir ef kvenmaður á í hlut en son ef um karlmann er að ræða.
6. Við 13. gr. Orðin „2. mgr.“ í 1. mgr. falli brott.
7. Við 14. gr. Á eftir 4. mgr. komi ný málsgrein er orðist svo:
   Ef óskað er breytingar á kenninafni barns þannig að það fái ættarnafn sem það á rétt á eða verði kennt til móður í stað föður eða öfugt og foreldrið, sem barnið hefur verið kennt til, er andvígt breytingunni getur dómsmálaráðherra leyft hana ef sérstaklega stendur á og telja verður að hún verði barninu til verulegs hagræðis.
8. Við 21. gr. 3. málsl. orðist svo: Skal einn nefndarmaður skipaður að fenginni tillögu heimspekideildar Háskóla Íslands, einn að fenginni tillögu lagadeildar Háskóla Íslands og einn að fenginni tillögu Íslenskrar málnefndar.
9. Við 22. gr. Í stað orðanna „Hagstofa Íslands“ í 1. tölul. 1. mgr. komi: Nefndin.
10. Við 25. gr. Í stað „lánskjaravísitölu í janúar 1995“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: vísitölu neysluverðs í janúar 1996.
11. Ákvæði til bráðabirgða I orðist svo:
   Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, skal við gildistöku laga þessara setja reglur um skráningu nafna þegar ekki er unnt að skrá nafn manns að fullu í þjóðskrá og ekki næst samkomulag um hvernig með skuli fara.

659. Fyrirspurn [375. mál]

til utanríkisráðherra um framtíðarsamvinnu Íslands og Vestur-Evrópusambandsins.

Frá Kristjáni Pálssyni.

Hvernig telur ráðherra að framtíðarsamvinnu Íslands og Vestur-Evrópusambandsins verði best háttað?

660. Frumvarp til laga [173. mál]

um Siglingastofnun Íslands.

(Eftir 2. umr., 7. mars.)

1. gr.

Yfirstjórn.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn siglinga-, hafna- og vitamála, nema annað sé ákveðið í öðrum lögum.

2. gr.

Siglingastofnun Íslands.

Siglingastofnun Íslands fer með framkvæmd siglinga-, hafna- og vitamála samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum sem um þau mál fjalla.

Forstjóri Siglingastofnunar Íslands skal að fenginni umsögn hafnaráðs og siglingaráðs skipaður af samgönguráðherra til fimm ára í senn. Forstjóri Siglingastofnunar ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

3. gr.

Verkefni Siglingastofnunar Íslands.

Verkefni Siglingastofnunar Íslands eru:

1. Að annast þátt ríkisins í framkvæmd hafnalaga.
2. Að hafa umsjón með ríkisstyrktum framkvæmdum við sjóvarnargarða og lendingarbætur.
3. Að annast framkvæmd laga um eftirlit með skipum, laga um mælingu skipa og laga um skráningu skipa.
4. Að annast framkvæmd laga um vitamál, laga um leiðsögu skipa og laga um kafarastörf.
5. Að annast mál er varða lög um varnir gegn mengun sjávar og reglugerðir samkvæmt þeim að því leyti sem þau varða skip og búnað þeirra samkvæmt reglum sem umhverfisráðherra setur.
6. Að annast samstarf við alþjóðastofnanir og framkvæmd alþjóðasamþykkta sem Ísland er aðili að og varða siglinga-, hafna- og vitamál.
7. Að fylgjast með rannsókn sjóslysa og veita aðstoð við rannsókn þeirra og rita umsögn um sjópróf til ríkissaksóknara.
8. Að annast mál er varða siglinga- og sjómannalög að því leyti sem þau tengjast skipum, skráningu þeirra og búnaði, siglingaöryggi og öðrum málum sem ráðuneytið kann að fela stofnuninni varðandi siglingar og áhafnir skipa.
9. Að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um mál sem eru í verkahring stofnunarinnar.

Siglingastofnun Íslands er heimilt með samþykki samgönguráðherra að fela öðrum að annast ákveðin verkefni.

Siglingastofnun Íslands er heimilt með samþykki samgönguráðherra að kaupa og fara með hlut ríkisins í rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum, m.a. til þess að stuðla að útflutningi á íslenskri þekkingu á starfssviði stofnunarinnar.

Samgönguráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um hlutverk og starfshætti Siglingastofnunar Íslands og einstök verkefni hennar.

4. gr.

Hafnaráð.

Samgönguráðherra skipar hafnaráð sér til ráðuneytis um hafnamál. Í hafnaráði skulu eiga sæti fimm fulltrúar og jafnmargir varamenn. Þar af skulu tveir tilnefndir af Hafnasambandi sveitarfélaga til fjögurra ára í senn að loknum sveitarstjórnarkosningum. Þrír fulltrúar skulu skipaðir án tilnefningar að loknum alþingiskosningum og skal einn þeirra vera formaður ráðsins. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

5. gr.

Verkefni hafnaráðs.

Hafnaráð skal vera ráðgefandi aðili fyrir ráðherra og forstjóra Siglingastofnunar í hafnamálum. Hafnaráð skal fjalla um breytingar á lögum og reglum er varða hafnamál og framkvæmdaáætlanir fyrir einstök ár og til lengri tíma, svo og fjármál hafna, þar á meðal gjaldskrárbreytingar.

Hafnaráð skal halda fundi með fulltrúum sjómanna og útgerðarmanna a.m.k. einu sinni á ári.

Forstjóri Siglingastofnunar Íslands situr fundi ráðsins, með málfrelsi og tillögurétti, ásamt þeim starfsmönnum stofnunarinnar sem hann telur ástæðu til eða ráðið óskar eftir. Skal hann leggja þar fyrir þau mál sem falla undir verksvið ráðsins samkvæmt framansögðu eða ráðið óskar eftir.

6. gr.

Siglingaráð.

Samgönguráðherra skipar siglingaráð sér til ráðuneytis um siglinga- og vitamál. Í siglingaráði skulu eiga sæti ellefu fulltrúar og jafnmargir varamenn. Þar af skulu þrír fulltrúar skipaðir án tilnefningar að loknum alþingiskosningum og skal einn þeirra vera formaður ráðsins. Átta fulltrúar skulu skipaðir til allt að fjögurra ára samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila sem tilnefna einn fulltrúa hver: Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Málmur, samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Landssamband smábátaeigenda, Samband íslenskra kaupskipaútgerða, Sjómannasamband Íslands, Slysavarnafélag Íslands og Vélstjórafélag Íslands. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

7. gr.

Verkefni siglingaráðs.

Siglingaráð skal vera ráðgefandi aðili fyrir ráðherra og forstjóra Siglingastofnunar Íslands í siglinga- og vitamálum. Siglingaráð skal fjalla um breytingar á lögum og reglum er varða siglinga- og vitamál.

Siglingaráð skal fjalla um öryggismál skipa og sjófarenda, svo og meiri háttar endurbætur og breytingar vitakerfisins. Forstjóri Siglingastofnunar Íslands situr fundi ráðsins, með málfrelsi og tillögurétti, ásamt þeim starfsmönnum stofnunarinnar sem hann tel-

ur ástæðu til eða ráðið óskar eftir. Skal hann leggja þar fyrir þau mál sem falla undir verksvið ráðsins samkvæmt framansögðu eða ráðið óskar eftir.

8. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi en koma ekki til framkvæmda fyrr en 1. október 1996. Þá falla jafnframt úr gildi lög um Siglingamálastofnun ríkisins, nr. 20/1986, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. skal skipa hafna- og siglingaráð svo fljótt sem því verður við komið eftir gildistöku laganna og hefja undirbúning að framkvæmd laganna.

Öll störf hjá Siglingamálastofnun ríkisins og Vita- og hafnamálastofnun ríkisins (Hafnamálastofnun ríkisins og Vitastofnun Íslands) verða lögð niður frá 30. september 1996. Um rétt starfsmanna fer skv. 14. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, með síðari breytingum.

661. Frumvarp til laga [97. mál]

um verðbréfaviðskipti.

(Eftir 2. umr., 7. mars.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi taka til verðbréfaviðskipta, eins og þau eru skilgreind í 2. gr., sem stunduð eru af fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu sem hlotið hafa starfsleyfi viðskiptaráðherra.

Lög þessi, að undanskildum ákvæðum IV. kafla um meðferð trúnaðarupplýsinga, taka ekki til:

1. Vátryggingafélaga eða fyrirtækja sem annast endurtryggingarstarfsemi samkvæmt lögum.
2. Lögaðila sem veita aðeins þjónustu sem lög þessi taka til fyrir móðurfélög sín, dótturfélög sín eða fyrir önnur dótturfélög móðurfélags síns.
3. Þjónustu héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna og löggiltra endurskoðenda sem samkvæmt lögum þessum telst til verðbréfaviðskipta, enda sé þjónustan veitt sem eðlilegur þáttur í víðtækara viðfangsefni á starfssviði þeirra.
4. Lögaðila sem veita aðeins þjónustu sem lög þessi taka til í tengslum við stjórnun á fjárfestingarsjóðum starfsmanna.
5. Seðlabanka ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins, annarra innlendra stofnana þeirra sem annast sambærilega starfsemi og annarra opinberra stofnana sem annast eða hafa afskipti af lánamálum ríkja.
6. Lögaðila sem innlend lagaákvæði eða siðareglur taka til sem mega ekki taka til vörslu fjármuni eða verðbréf viðskiptamanna og sem af þeim ástæðum mega aldrei setja sig í skuldastöðu gagnvart viðskiptamönnum sínum, mega aðeins veita þjónustu á sviði verðbréfaviðskipta sem felst í móttöku og miðlun fyrirmæla varðandi

verðbréf og hlutdeildarskírteini í fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu og er eingöngu heimilt að miðla fyrirmælum til:

a. fyrirtækja í verðbréfaþjónustu sem eru með starfsleyfi samkvæmt lögum þessum;
b. lánastofnana sem eru með starfsleyfi samkvæmt lögum um viðskiptabanka og sparisjóði eða lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði;
c. útibúa fyrirtækja í verðbréfaþjónustu eða lánastofnana sem eru með starfsleyfi í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins og eru háð og fylgja varfærnisreglum sem lögbær yfirvöld telja að minnsta kosti jafnstrangar og varfærnisreglur samkvæmt þessum lögum, lögum um viðskiptabanka og sparisjóði eða lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði;
d. verðbréfasjóða sem eru með starfsleyfi samkvæmt lögum ríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins til að bjóða hlutdeildarskírteini sín út á almennum markaði og til stjórnenda slíkra sjóða;
e. fjárfestingarfélaga með fastan höfuðstól sem gefa út verðbréf sem skráð eru eða ganga kaupum og sölum á skipulegum markaði innan Evrópska efnahagssvæðisins.

7. Verðbréfasjóða og annarra fyrirtækja sem falla undir lög um verðbréfasjóði.
8. Aðila sem hafa aðallega þá starfsemi með höndum að versla með hrávöru sín á milli eða við framleiðendur eða aðila sem nota þessar vörur í atvinnuskyni og veita eingöngu slíkum framleiðendum eða aðilum þjónustu á verðbréfasviði og aðeins í þeim mæli sem nauðsynlegt er vegna meginstarfsemi þeirra.
9. Fyrirtækja sem veita þjónustu á sviði verðbréfaviðskipta sem felst eingöngu í viðskiptum fyrir eigin reikning á markaði fyrir kaupskuldbindingar eða kauprétt eða viðskiptum fyrir reikning annarra sem eiga aðild að þessum mörkuðum eða fyrirtækja sem gefa upp verð til annarra sem eiga aðild að sömu mörkuðum og sem uppgjörsaðilar á sömu mörkuðum ábyrgjast. Uppgjörsaðilar á sömu mörkuðum verða að ábyrgjast að staðið sé við samninga sem slík fyrirtæki gera.
10. Ráðgjafar um uppbyggingu eigin fjár, stefnumótun og skyld mál og ráðgjafar og þjónustu varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.

2. gr.

Í lögum þessum merkir:

1. *Verðbréfaviðskipti:* Starfsemi skv. 8. og 9. gr. sem stunduð er af fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu sem til þess hafa starfsleyfi viðskiptaráðherra.
2. *Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu:*
   a. Verðbréfafyrirtæki sem fengið hefur leyfi viðskiptaráðherra til að stunda starfsemi skv. 8. gr., svo og þeir sem hafa rétt til að stunda slíka starfsemi hér á landi samkvæmt lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
   b. Verðbréfamiðlun sem fengið hefur leyfi viðskiptaráðherra til að stunda starfsemi skv. 9. gr., svo og þeir sem hafa rétt til að stunda slíka starfsemi hér á landi samkvæmt lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Ákvæði III. kafla eiga við um verðbréfamiðlun eftir því sem við getur átt.
3. *Verðbréf:*
   a. Hvers konar framseljanleg kröfuréttindi til peningagreiðslu eða ígildis hennar, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðru en fasteign eða einstökum lausafjármunum.

b. Skilyrt skilríki til peningagreiðslu á grundvelli tiltekins verðbréfs eða verðbréfa skv. a-lið.

4. *Almennt útboð*: Sala samkynja verðbréfa sem boðin eru almenningi til kaups í fyrsta sinn með almennri og opinberri auglýsingu eða kynningu með öðrum hætti sem jafna má til opinberrar auglýsingar, enda séu verðbréf í sama flokki ekki skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.
5. *Fastur rekstrarkostnaður*: Rekstrargjöld að frátöldum fjármagnsgjöldum og óreglulegum gjöldum.
6. *Fjárvarsla:* Þjónusta, veitt samkvæmt sérstökum samningi gegn endurgjaldi sem felur í sér að taka við fjármunum til fjárfestingar í verðbréfum eða öðrum verðmætum fyrir eigin reikning viðskiptamanns.
7. *Gistiríki:* Ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem innlent fyrirtæki í verðbréfaþjónustu starfrækir útibú eða veitir þjónustu.
8. *Heimaríki:*
   a. Ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem lögaðili, sem hefur heimild til að stunda verðbréfaviðskipti hér á landi, hefur skráða skrifstofu eða, hafi hann enga skráða skrifstofu í samræmi við eigin landslög, það ríki þar sem hann hefur aðalskrifstofu.
   b. Ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem skipulegur verðbréfamarkaður hefur skráða skrifstofu eða, hafi markaðurinn enga skráða skrifstofu í samræmi við eigin landslög, það ríki þar sem hann hefur aðalskrifstofu.
9. *Náin tengsl:* Tengsl tveggja eða fleiri einstaklinga eða lögaðila sem fela í sér beina eða óbeina hlutdeild þessara aðila í a.m.k. 20% af eigin fé eða atkvæðisrétti fyrirtækis í verðbréfaþjónustu. Einnig er um náin tengsl að ræða ef slíkir aðilar, eða dótturfélög þeirra, hafa vegna samninga yfirráð í fyrirtæki í verðbréfaþjónstu.
10. *Skipulegur verðbréfamarkaður:*
    a. Verðbréfaþing Íslands og hliðstæðar kauphallir innan Evrópska efnahagssvæðisins.
    b. Aðrir verðbréfamarkaðir innan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem verðbréf ganga kaupum og sölum og sem eru opnir almenningi, starfa reglulega og eru viðurkenndir með þeim hætti sem bankaeftirlit Seðlabanka Íslands metur gildan.
    c. Markaðir skv. a- og b-lið sem staðsettir eru í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins og eru viðurkenndir með þeim hætti sem bankaeftirlitið metur gildan.
11. *Sölutrygging:* Samningur milli fyrirtækis í verðbréfaþjónustu skv. 8. gr. og útgefanda eða eiganda verðbréfa þar sem fyrirtækið skuldbindur sig til þess að kaupa ákveðinn hluta eða öll verðbréf í tilteknu útboði innan fyrir fram ákveðinna tímamarka og á fyrir fram ákveðnu verði.
12. *Veltubók:* Verðbréf sem fyrirtæki í verðbréfaþjónustu hefur eignast eða heldur eftir með endursölu í huga og/eða í því skyni að hagnast á skammtímabreytingum á markaðsvirði þessara skjala eða öðrum verð- eða vaxtabreytingum. Jafnframt teljast til veltubókar stöður í fjármálaskjölum sem verða til við samtímis skipti á höfuðstólsfjárhæðum, svo og fjármálasamningar sem fyrirtæki í verðbréfaþjónustu er aðili að í því skyni að baktryggja aðra þætti veltubókar. Til veltubókar teljast enn fremur áhættuþættir tengdir óuppgerðum og ófrágengnum viðskiptum og afleiddum skjölum sem verslað er með innan og utan verðbréfamarkaðar, svo og áhættuþættir er tengjast skuldbindingum fyrirtækis í verðbréfaþjónustu sem myndast vegna viðskipta með verðbréf í veltubók.

13. *Verðbréfafyrirtæki*: Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skv. a-lið 2. tölul.
14. *Verðbréfamiðlun:* Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skv. b-lið 2. tölul.
15. *Viðskiptavaki:* Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skv. 8. gr. eða annar aðili sem til þess hefur heimild samkvæmt lögum og hefur skuldbundið sig formlega til að kaupa og selja fyrir eigin reikning tiltekin verðbréf, í því skyni að greiða fyrir því að markaðsverð skapist á verðbréfunum, og tilkynnt það opinberlega.
16. *Virkur eignarhluti:* Bein eða óbein eignarhlutdeild í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem nemur 10% eða meira af eigin fé þess eða atkvæðisrétti eða önnur hlutdeild sem gerir það kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun fyrirtækis sem eignarhlutdeild er í.

II. KAFLI
Leyfi til verðbréfaviðskipta.

3. gr.

Fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu er óheimilt að hefja starfsemi nema þau uppfylli skilyrði laga þessara og hafi fengið starfsleyfi viðskiptaráðherra. Skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis eru sem hér segir:

1. Fyrirtækið sé hlutafélag. Þó er heimilt að starfrækja verðbréfamiðlun skv. 9. gr. sem einkahlutafélag. Sé um að ræða verðbréfafyrirtæki sem stundar starfsemi skv. 8. gr. skal innborgað hlutafé nema að minnsta kosti 65 milljónum króna. Sé um að ræða verðbréfamiðlun sem stundar starfsemi skv. 9. gr. skal innborgað hlutafé nema að minnsta kosti 4,5 milljónum króna, sbr. þó 2. mgr. 9. gr. Fjárhæðir þessar skulu bundnar gengi evrópsku mynteiningarinnar ECU miðað við opinbert kaupgengi hennar við gildistöku laga þessara. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu er óheimilt að hefja starfsemi fyrr en hlutafé hefur verið greitt að fullu í reiðufé.
2. Fyrirtækið hafi aðalskrifstofu hér á landi.
3. Stjórnarmenn í verðbréfafyrirtæki skulu vera að minnsta kosti þrír en í verðbréfamiðlun að minnsta kosti tveir. Þeir skulu vera búsettir hér á landi, vera lögráða, hafa óflekkað mannorð, vera fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld. Ríkisborgarar þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eru undanþegnir búsetuskilyrðinu, enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki. Ráðherra er heimilt að veita þeim sem búsettir eru í öðrum ríkjum sömu undanþágu.
4. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins fullnægi skilyrðum 2. og 3. málsl. 3. tölul. og hafi sótt nám í verðbréfamiðlun og lokið þar prófi samkvæmt prófkröfum sem settar eru í reglugerð eða öðru jafngildu námi að mati ráðherra.
5. Endurskoðun á reikningum fyrirtækisins sé framkvæmd af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu.
6. Fyrirtækið setji tryggingu fyrir tjóni sem það kann að baka viðskiptavinum sínum í starfsemi sinni. Nánari ákvæði um fjárhæð tryggingar og lágmarksskilmála að öðru leyti skulu sett með reglugerð.

Jafnframt þeim skilyrðum sem fram koma í 1. mgr. er ráðherra heimilt að synja umsókn um starfsleyfi ef stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri hafa sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að ætla að þeir misnoti aðstöðu sína eða ef eignarhlutur hluthafa í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, sbr. 12. gr., telst ósamrýmanlegur rekstri fyrirtækisins. Sama á við ef það er mat bankaeftirlitsins að náin tengsl fyrirtækis í verðbréfaþjónustu við ein-

staklinga eða lögaðila geti hindrað það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum sem og ef lög eða reglur, sem um þá aðila gilda, hindra eðlilegt eftirlit.

4. gr.

Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg. Henni skulu fylgja:

1. Samþykktir fyrirtækisins.
2. Starfsáætlun þar sem m.a. komi fram upplýsingar um eðli fyrirhugaðrar starfsemi skv. 8. og 9. gr. og skipulag viðkomandi fyrirtækis.
3. Upplýsingar um stofnendur, hluthafa og einstaklinga eða lögaðila sem hafa yfir að ráða virkum eignarhlut í félaginu og hlut hvers þeirra um sig.
4. Staðfesting á fjárhæð innborgaðs hlutafjár.
5. Aðrar upplýsingar sem ráðherra ákveður.

Áður en ákvörðun er tekin um veitingu starfsleyfis eða synjun umsóknar skal leitað umsagnar bankaeftirlits Seðlabanka Íslands. Sé fyrirtæki í verðbréfaþjónustu dótturfyrirtæki annars slíks fyrirtækis eða lánastofnunar sem hefur leyfi í öðru aðildarríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, dótturfyrirtæki móðurfyrirtækis slíkra fyrirtækja eða undir stjórn sama einstaklings eða lögaðila og stjórnar slíkum fyrirtækjum skal jafnframt leitað umsagnar lögbærra yfirvalda í hlutaðeigandi ríki.

Óheimilt er að veita starfsleyfi sem eingöngu tekur til þjónustu skv. 2. tölul. 8. gr.

5. gr.

Ákvörðun ráðherra um umsókn um starfsleyfi skal tilkynna umsækjanda skriflega svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst ráðherra.

Synjun ráðherra á umsókn skal rökstudd.

6. gr.

Heimilt er fyrirtæki í verðbréfaþjónustu að hefja starfsemi þegar í stað eftir að ráðherra hefur veitt því starfsleyfi. Ef um verðbréfafyrirtæki er að ræða skal í leyfinu getið þeirrar þjónustu skv. 8. gr. sem starfsleyfi þess tekur til.

Hefji leyfishafi ekki starfsemi innan tólf mánaða frá því að tilkynnt er um veitingu starfsleyfis fellur leyfið niður. Starfsleyfi fellur jafnframt niður hafi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu ekki veitt þjónustu sem því er heimilt samkvæmt lögum þessum í samfellt sex mánuði.

III. KAFLI
Réttindi og skyldur fyrirtækja í verðbréfaþjónustu.

7. gr.

Fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu er skylt og einum heimilt, nema lög ákveði annað, að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðin „verðbréfafyrirtæki“ eða „verðbréfamiðlun“ ein sér eða samtengd öðrum orðum, sbr. þó 45. gr.

8. gr.

Verðbréfafyrirtækjum er heimilt að hafa með höndum eftirfarandi starfsemi í tengslum við viðskipti með verðbréf:

1. *Þjónusta:*
   a. Móttaka og miðlun fyrirmæla frá viðskiptavinum um eitt eða fleiri verðbréf og framkvæmd slíkra fyrirmæla fyrir reikning þriðja aðila.
   b. Viðskipti með verðbréf fyrir eigin reikning.
   c. Stjórnun fjárfestingarsamvals, samkvæmt umboði fjárfesta, sem miðast við einstaka viðskiptamenn, svo fremi um sé að ræða eitt eða fleiri verðbréf.
   d. Sölutrygging í tengslum við útgáfur eins eða fleiri verðbréfa eða markaðssetning slíkra útgáfna.
2. *Viðbótarþjónusta:*
   a. Varsla og stjórnun í tengslum við eitt eða fleiri verðbréf.
   b. Öryggisvarsla fjár.
   c. Veiting lánsheimilda, ábyrgða eða lána til fjárfestis þannig að hann geti átt viðskipti með eitt eða fleiri verðbréf ef verðbréfafyrirtæki sem veitir lánsheimildina eða lánið annast viðskiptin.
   d. Ráðgjöf til fyrirtækja um uppbyggingu eigin fjár, stefnumótun og skyld mál og ráðgjöf og þjónusta varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.
   e. Þjónusta í tengslum við sölutryggingu.
   f. Fjárfestingarráðgjöf varðandi eitt eða fleiri verðbréf.
   g. Gjaldeyrisþjónusta ef umrædd viðskipti eru liður í fjárfestingarþjónustu.
   h. Fræðsla og kynning á verðbréfaviðskiptum.

9. gr.

Verðbréfamiðlun er eingöngu heimilt að annast milligöngu gegn endurgjaldi um kaup eða sölu verðbréfa og sérfræðiráðgjöf um verðbréfaviðskipti. Verðbréfamiðlun er einungis heimilt að taka við fjármunum eða verðbréfum viðskiptavina í starfsemi sinni um skamman tíma enda sé slíkt nauðsynlegt til að ljúka viðskiptum sem fyrirtækið hefur annast milligöngu um.

Verðbréfamiðlun er heimilt að eiga viðskipti með verðbréf fyrir eigin reikning enda nemi innborgað hlutafé a.m.k. 10 milljónum króna og þess sé getið í starfsleyfi.

10. gr.

Fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu er óheimilt að annast aðra starfsemi en um getur í 8. eða 9. gr. Öðrum aðilum er óheimilt að annast starfsemi sem um getur í 1. tölul. 8. gr. og 9. gr. nema lög ákveði annað, sbr. þó 43. gr.

11. gr.

Fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu er heimilt að starfrækja útibú, enda uppfylli daglegur stjórnandi þess skilyrði 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. Tilkynna skal bankaeftirliti Seðlabanka Íslands fyrir fram um stofnun útibús.

12. gr.

Hluthafar í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem eiga eða hyggjast eignast virkan eignarhlut í viðkomandi félagi skulu tilkynna bankaeftirlitinu það fyrir fram og greina frá hver eignarhlutur þeirra muni verða. Einnig skulu þeir tilkynna það bankaeftirlitinu hyggist þeir auka hlutafjáreign sína svo mikið að eignarhlutir þeirra í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, eða samsvarandi réttur til meðferðar atkvæða, nemi 20%, 33% eða 50% eða svo stórum hluta að viðkomandi félag verði talið dótturfyrirtæki fyrirtækis í verðbréfaþjónustu.

Ráðherra getur, að fenginni tillögu bankaeftirlitsins, synjað hluthafa um að eignast hlut eða um rétt til meðferðar atkvæða skv. 1. mgr. telji hann viðkomandi ekki hæfan til þess með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs fyrirtækis í verðbréfaþjónustu. Rökstudd synjun ráðherra skal hafa borist fyrirtækinu innan eins mánaðar frá þeim degi sem tilkynning skv. 1. mgr. barst bankaeftirlitinu.

Sé um að ræða aukningu á eignarhlut skv. 1. mgr. er ráðherra heimilt að kveða á um hvenær henni skuli í síðasta lagi hafa verið hrint í framkvæmd, enda hafi aukningu ekki verið hafnað.

Hyggist hluthafi, sem á virkan eignarhluta í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, draga úr hlutafjáreign sinni skal hann tilkynna bankaeftirlitinu það fyrir fram og einnig hver eignarhlutur hans muni verða. Fari eignarhlutur niður fyrir 20%, 33%, 50% eða minnki svo mikið að fyrirtæki í verðbréfaþjónustu hætti að vera dótturfyrirtæki viðkomandi, sbr. 1. mgr., skal það einnig tilkynnt.

Fái fyrirtæki í verðbréfaþjónustu vitneskju um öflun eða ráðstöfun eignarhluta í hlutaðeigandi félagi sem veldur því að eignarhlutar fara yfir eða undir mörk sem tilgreind eru í 1. og 4. mgr. skal það tilkynnt bankaeftirlitinu án ástæðulauss dráttar. Einnig skal bankaeftirlitinu tilkynnt eigi sjaldnar en einu sinni á ári um þá hluthafa sem eiga virkan eignarhlut í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og hve stór eignarhlutur hvers um sig er.

13. gr.

Fari hluthafi, sem á svo stóran hlut í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem segir í 1. mgr. 12. gr., þannig með hlut sinn að skaði heilbrigðan eða traustan rekstur fyrirtækisins getur ráðherra, að fenginni tillögu bankaeftirlitsins, ákveðið að hlut þessum fylgi ekki atkvæðisréttur eða lagt fyrir fyrirtækið að grípa til viðeigandi ráðstafana.

Ráðherra getur, að fenginni tillögu bankaeftirlitsins, ákveðið að eignarhlutum í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, sem ekki hafa verið tilkynntir fyrir fram skv. 1. mgr. 12. gr., fylgi ekki atkvæðisréttur. Synji ráðherra ekki viðkomandi hluthafa um að eignast hlut eða auka við hann fá hlutir atkvæðisrétt að nýju. Ákvörðun ráðherra um að eignarhlut fylgi ekki atkvæðisréttur skal tilkynnt hlutaskrá viðkomandi fyrirtækis. Jafnframt skal tilkynna hlutaskrá fyrirtækis í verðbréfaþjónustu verði atkvæðisréttur eignarhluta virkur að nýju.

Hafi ráðherra ákveðið skv. 1. eða 2. mgr. að hlutum fylgi ekki atkvæðisréttur skulu þeir hlutir ekki teknir með við útreikning á því fyrir hve mikinn hluta atkvæða mætt hafi verið á hluthafafundum.

14. gr.

Eignist fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, eða móðurfyrirtæki þess, með starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða einstaklingur sem ræður yfir slíku fyrirtæki virkan eignarhlut í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu hér á landi skal það tilkynnt bankaeftirlitinu. Verði síðastnefnda fyrirtækið dótturfyrirtæki hlutaðeigandi eða undir hans stjórn

skal mat á eignarhlut framkvæmt í samráði við lögbær yfirvöld í heimaríki hlutaðeigandi aðila.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við ef aðilar sem þar getur auka virkan eignarhlut sinn í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu þannig að eignarhlutur þeirra nemi 20%, 33% eða 50% eða svo miklu að fyrirtækið yrði dótturfyrirtæki þeirra.

15. gr.

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu kappkosta að gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart viðskiptamönnum sínum í starfsemi sinni og ber þeim ávallt að haga störfum sínum þannig að viðskiptamenn njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör í verðbréfaviðskiptum. Skulu viðskiptamönnum, að teknu tilliti til þekkingar þeirra, veittar greinargóðar upplýsingar um þá kosti sem þeim standa til boða.

Í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi fyrirtækja í verðbréfaþjónustu skal þess gætt að fram komi réttar og nákvæmar upplýsingar um starfsemi og þjónustu fyrirtækjanna.

16. gr.

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu kunngera viðskiptamönnum sínum fyrir fram hvaða þóknun þau muni áskilja sér fyrir þjónustu sína. Breytingar á þóknun skal tilkynna viðskiptavinum með nægum fyrirvara.

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu hafa aðgengilegar á starfsstöð sinni upplýsingar um hvaða rétt viðskiptamenn þeirra kunni að eiga til bóta vegna tjóns sem þeir verða fyrir vegna viðskipta á vegum fyrirtækjanna.

17. gr.

Taki fyrirtæki í verðbréfaþjónustu að sér þjónustu sem því er heimilt samkvæmt lögum þessum skal, eftir því sem við á, gerður sérstakur samningur milli fyrirtækisins og viðskiptamanns þess þar sem meðal annars skal kveðið á um réttindi og skyldur samningsaðila.

18. gr.

Fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu er óheimilt að annast milligöngu um verðbréfaviðskipti hafi starfsmenn þeirra vitneskju um eða ástæðu til að ætla að viðskiptin grundvallist á upplýsingum skv. 2. mgr. 26. gr., sbr. þó 2. tölul. 1. mgr. og 2. mgr. 27. gr.

19. gr.

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skal halda fjármunum viðskiptamanna tryggilega aðgreindum frá eignum fyrirtækisins. Skulu fjármunir viðskiptamanns varðveittir á sérstökum nafnskráðum reikningi og verðbréf í hans eigu varðveitt með tryggilegum hætti.

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu er heimilt að framselja verðbréf í nafni viðskiptamanns síns hafi fyrirtækið fengið til þess skriflegt umboð. Í framsalsáritun ber að geta þess að verðbréf sé framselt samkvæmt varðveittu umboði og ber fyrirtækinu að varðveita umboð svo lengi sem réttindi eru byggð á verðbréfi sem framselt hefur verið með þessum hætti. Skylt er að láta kaupanda verðbréfs í té samrit umboðsins krefjist hann þess. Þó er verðbréfafyrirtæki, sem býður upp á vörslu skv. a-lið 2. tölul. 8. gr., heimilt að varðveita framsalsáritanir í sérstakri skrá meðan verðbréfið er í vörslu þess, enda séu framsalsáritanir færðar inn á bréfið þegar það hverfur úr vörslu fyrirtækisins. Fyrirtæki, sem

hyggst nýta sér þessa heimild, ber að afla sér samþykkis bankaeftirlitsins fyrir fyrirkomulagi vörslu og því upplýsingakerfi sem á að nota.

Sá sem veitt hefur fyrirtæki í verðbréfaþjónustu umboð skv. 2. mgr. getur ekki beint kröfum að framsalshafa með stoð í heimildarskorti fyrirtækisins nema umboð þess til framsals hafi sýnilega verið ófullnægjandi.

Framsalsáritun fyrirtækis í verðbréfaþjónustu skv. 2. mgr. telst ekki slíta framsalsröð þótt umboð til fyrirtækisins fylgi ekki verðbréfinu.

20. gr.

Almennt útboð verðbréfa, annarra en ríkisskuldabréfa, skuldabréfa með ríkisábyrgð og ríkisvíxla, skal fara fram fyrir milligöngu verðbréfafyrirtækja skv. 8. gr. eða annarra aðila sem til þess hafa heimild í lögum. Almennt útboð verðbréfa skal tilkynna til Verðbréfaþings Íslands eigi síðar en viku fyrir upphaf sölu ásamt upplýsingum um öll helstu einkenni útboðsins í samræmi við reglur sem stjórn Verðbréfaþingsins setur um gerð útboðsgagna og aðdraganda útboðs.

Seðlabanki Íslands getur sett nánari reglur um fyrsta söludag einstakra almennra útboða í því skyni að draga úr sveiflum í framboði nýrra verðbréfa á verðbréfamarkaðinum.

Við lok sölu eða í lok hvers ársfjórðungs, sé hann fyrr, skal verðbréfafyrirtæki eða annar aðili, sem hefur milligöngu um almennt útboð, tilkynna Verðbréfaþinginu um heildarsölu verðbréfa í almennu útboði á nafnverði og markaðsverði samkvæmt bestu fáanlegum upplýsingum og í lok hvers árs skal enn fremur tilkynna um útistandandi eftirstöðvar almenns útboðs. Verðbréfaþingið skal birta reglulega upplýsingar um verðbréf samkvæmt þessari grein.

21. gr.

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skal vegna eigin viðskipta með verðbréf sem því eru falin til sölu og vegna viðskipta eigenda þess, stjórnenda, starfsmanna og maka þeirra gæta eftirtalinna atriða:

1. að ýtrustu hagsmuna ótengdra viðskiptavina sé gætt,
2. að fullur trúnaður ríki gagnvart ótengdum viðskiptavinum,
3. að viðskiptin séu sérstaklega skráð,
4. að stjórn fyrirtækisins fái kerfisbundnar upplýsingar um viðskiptin og staðfesti þau.

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu setja sér verklagsreglur um viðskipti skv. 1. mgr. og skulu þær staðfestar af bankaeftirlitinu.

22. gr.

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu geta veitt viðskiptaaðila lán og gengið í ábyrgðir vegna verðbréfaviðskipta sem þeim er heimilt að annast samkvæmt lögum þessum.

Heildarskuldbindingar fyrirtækja í verðbréfaþjónustu skv. 1. mgr. skulu vera innan þeirra marka sem um getur í reglum er ráðherra setur að fengnum tillögum bankaeftirlitsins um hámark lána og ábyrgða til einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila.

23. gr.

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu er því aðeins heimilt að vera meðeigandi eða þátttakandi í annarri atvinnustarfsemi að slík þátttaka sé í eðlilegum tengslum við starfsemi fyrirtækisins og hafi ekki áhrif á óhlutdrægni þess, sbr. 1. mgr. 15. gr.

24. gr.

Framkvæmdastjóra fyrirtækis í verðbréfaþjónustu er óheimilt að sitja í stjórn atvinnufyrirtækja eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema að fengnu leyfi stjórnar. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórnun þess.

Um heimildir annarra starfsmanna fyrirtækisins varðandi þau atriði sem í 1. mgr. greinir fer eftir reglum sem stjórn fyrirtækisins setur og bankaeftirlitið staðfestir.

25. gr.

Verðbréfafyrirtæki skulu undanþegin stimpilgjöldum á lánum sem þau taka.

IV. KAFLI
Meðferð trúnaðarupplýsinga.

26. gr.

Ákvæði þessa kafla taka til verðbréfa sem eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.

Með trúnaðarupplýsingum er átt við upplýsingar um útgefanda verðbréfa, verðbréfin sjálf eða önnur atriði sem ekki hafa verið gerð opinber en eru líkleg til að hafa áhrif á markaðsverð verðbréfanna ef opinber væru. Upplýsingar teljast opinberar þegar þeim hefur verið miðlað á verðbréfamarkaðinum með almennum og viðurkenndum hætti. Tilkynningar til Verðbréfaþings Íslands teljast opinberar þegar þeim hefur verið miðlað þangað, sbr. lög um Verðbréfaþing Íslands.

27. gr.

Aðila, sem býr yfir eða hefur aðgang að trúnaðarupplýsingum skv. 2. mgr. 26. gr. vegna eignaraðildar, aðildar að stjórn, rekstri eða eftirliti á vegum útgefanda verðbréfa eða vegna starfs síns, stöðu eða skyldna, er óheimilt að:

1. nýta sér upplýsingarnar, beint eða óbeint, til öflunar eða ráðstöfunar verðbréfanna sjálfum sér eða öðrum til hagsbóta,
2. láta þriðja aðila upplýsingarnar í té nema það sé gert í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur þess sem upplýsingarnar veitir,
3. ráðleggja þriðja aðila á grundvelli upplýsinganna að afla verðbréfa eða ráðstafa þeim eða hvetja að öðru leyti til viðskipta með verðbréfin.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um viðskipti fullvalda ríkis, seðlabanka þess eða aðila sem annast viðskipti fyrir þeirra hönd, enda séu viðskiptin liður í stefnu hlutaðeigandi ríkis í peningamálum, gengismálum eða lánasýslu.

28. gr.

Öðrum aðilum en um getur í 1. mgr. 27. gr., sem hlotið hafa vitneskju um trúnaðarupplýsingar, er óheimilt að nýta þær með þeim hætti sem þar segir, enda hafi þeir vitað eða mátt vita hvers eðlis upplýsingarnar voru.

29. gr.

Ákvæði 27. og 28. gr. ná einnig til lögaðila og taka til þeirra einstaklinga sem taka þátt í ákvörðun um að fara með viðskipti fyrir reikning lögaðilans.

30. gr.

Óheimilt er einstaklingum eða lögaðilum að taka þátt í, stuðla að eða hvetja til viðskipta með verðbréf eða annarra aðgerða í því skyni að gefa ranga mynd af umfangi viðskipta með tiltekin verðbréf eða hafa óeðlileg eða óhæfileg áhrif á verðmyndun í verðbréfaviðskiptum.

31. gr.

Útgefendur verðbréfa skulu setja eigin reglur í því skyni að hindra að trúnaðarupplýsingar berist til annarra en þeirra sem þarfnast þeirra vegna starfa sinna.

Stjórnvöld og aðrir aðilar, sem fá reglulega trúnaðarupplýsingar í starfsemi sinni, skulu setja sér reglur skv. 1. mgr.

V. KAFLI
Eigið fé fyrirtækja í verðbréfaþjónustu.

32. gr.

Eigið fé fyrirtækis í verðbréfaþjónustu, eins og það er skilgreint skv. 2. mgr., skal á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar til 8% af áhættugrunni. Áhættugrunnur skal metinn með tilliti til heildareigna, liða utan efnahagsreiknings, gengisáhættu og áhættu annarra liða með markaðsáhættu samkvæmt nánari reglum um mat á áhættugrunni til útreiknings á eiginfjárhlutfalli fyrirtækja í verðbréfaþjónustu sem Seðlabanki Íslands setur. Eiginfjárkrafan skv. 1. málsl. skal einnig gilda um samstæðureikning nema bankaeftirlitið heimili undanþágu frá því.

Við útreikning á eiginfjárhlutfalli skv. 1. mgr. skal eigið fé samsett af þremur þáttum, eiginfjárþætti A, eiginfjárþætti B og eiginfjárþætti C, og frádráttarliðum skv. 33. gr. Eftirfarandi takmarkanir gilda um einstaka eiginfjárþætti:

1. Eiginfjárþáttur A skal nema að lágmarki helmingi eigin fjár fyrir frádrátt skv. 33. gr.
2. Eiginfjárþáttur B má hæst nema 50% af eiginfjárþætti A.
3. Eiginfjárþáttur C má hæst nema 50% af eiginfjárþætti A. Jafnframt má eiginfjárþáttur C hæst nema 4,8% af reiknuðum áhættugrunni fyrirtækisins vegna markaðsáhættu liða í veltubók og gengisáhættu.

Eiginfjárþáttur A telst vera:

1. Innborgað hlutafé.
2. Varasjóðir, yfirverðsreikningur hlutafjár og óráðstafað eigið fé að frádregnu tapi ársins.
3. Endurmatsreikningur samkvæmt verðbólgureikningsskilum.
4. Frá eiginfjárþætti A skal draga eigin hlutabréf, viðskiptavild og aðrar óáþreifanlegar eignir, svo og áfallnar ófærðar skattskuldbindingar sem rýra möguleika fyrirtækisins til að mæta tapi.

Eiginfjárþáttur B telst vera:

1. Víkjandi lán sem fyrirtæki í verðbréfaþjónustu tekur gegn útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en fimm ár og að við gjaldþrot hlutaðeigandi fyrirtækis eða slit þess fáist það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur fyrirtækinu en endurgreiðslu hlutafjár. Þegar fimm ár eru eftir af lánstímanum skal lánið reiknast niður um 20% fyrir hvert ár sem líður af þessum fimm árum. Sé um að ræða lán sem greiðist niður með afborgunum á lánstímanum skal reikna eftirstöðvar hvers árs niður á sambærilegan hátt.
2. Endurmatsreikningur, annar en gert er ráð fyrir í eiginfjárþætti A.

Eiginfjárþáttur C telst vera víkjandi lán til skamms tíma sem fyrirtæki í verðbréfaþjónustu tekur gegn útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en tvö ár og að við gjaldþrot hlutaðeigandi fyrirtækis eða slit þess fáist það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur fyrirtækinu en endurgreiðslu hlutafjár. Jafnframt skal kveðið á um að óheimilt sé að greiða af láninu eða greiða af því vexti ef eiginfjárhlutfall hlutaðeigandi fyrirtækis er lægra en 8% eða ef endurgreiðsla höfuðstóls eða greiðsla vaxta veldur því að eiginfjárhlutfallið fer niður fyrir 8%. Tilkynna skal bankaeftirlitinu ef slík greiðsla veldur því að eiginfjárhlutfallið fer niður fyrir 10%. Við mat á eiginfjárþætti C getur bankaeftirlitið jafnframt heimilað einstökum fyrirtækjum að tekið sé tillit til hagnaðar af veltubókarviðskiptum að frádreginni fyrirsjáanlegri gjaldfærslu eða arði og að frádregnu nettótapi af annarri starfsemi enda sé engin þessara fjárhæða meðtalin í eiginfjárþætti A.

Bankaeftirlitið getur veitt heimild til að flýta endurgreiðslu víkjandi lána æski lánveitandi þess enda hafi slíkt ekki áhrif á viðunandi eiginfjárstöðu hlutaðeigandi fyrirtækis.

Þrátt fyrir ákvæði 1.–5. mgr. skal eigið fé fyrirtækis í verðbréfaþjónustu aldrei nema lægri fjárhæð en sem svarar til 25% af föstum rekstrarkostnaði síðasta reikningsárs. Bankaeftirlitið getur heimilað undanþágu frá þessari kröfu ef grundvallarbreyting hefur orðið á starfsemi félagsins milli ára. Á fyrsta starfsári fyrirtækis í verðbréfaþjónustu skal eigið fé þess ekki nema lægri fjárhæð en sem svarar til 25% af föstum rekstrarkostnaði samkvæmt rekstraráætlun starfsársins. Bankaeftirlitið getur krafist þess að gerð sé breyting á rekstraráætluninni ef það telur að hún gefi ekki rétta mynd af þeirri starfsemi sem fyrirhuguð er.

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skal á hverjum tíma hafa yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættum, þar með talinni vaxtaáhættu, í tengslum við öll viðskipti sín. Bankaeftirlitið getur sett leiðbeinandi reglur um eftirlitskerfi vegna áhættuþátta í starfsemi slíkra fyrirtækja.

Ráðherra er heimilt að fengnum tillögum bankaeftirlitsins að ákveða í reglugerð að aðrir liðir en greindir eru í 3.–5. mgr. teljist með eigin fé fyrirtækis í verðbréfaþjónustu.

33. gr.

Frá eigin fé skv. 2. mgr. 32. gr. skal draga bókfært virði á eignarhlutum fyrirtækis í verðbréfaþjónustu í félögum og fyrirtækjum sem það kann að eignast með heimild í 23. gr. Jafnframt skal draga frá víkjandi lán sem fyrirtæki í verðbréfaþjónustu hefur veitt slíkum félögum eða fyrirtækjum. Frádráttur skal vera í samræmi við eftirfarandi ákvæði í 1.–3. tölul.:

1. Eignarhlutur í félögum þar sem eignarhlutir hlutaðeigandi fyrirtækis í verðbréfaþjónustu nema meira en 10% af hlutafé viðkomandi félaga. Enn fremur víkjandi lán hjá sömu félögum.
2. Eignarhlutur í félagi sem fyrirtæki í verðbréfaþjónustu hefur eignast tímabundið vegna endurskipulagningar þess félags skal ekki dragast frá.
3. Eignarhlutur í félögum þar sem eignarhlutur fyrirtækis í verðbréfaþjónustu nemur allt að 10% af hlutafé viðkomandi félaga. Frádrátturinn takmarkast við þá heildarfjárhæð eignarhluta og víkjandi lána sem er umfram 10% af eigin fé fyrirtækisins eins og það er reiknað skv. 2. mgr. 32. gr. fyrir frádrátt samkvæmt þessari grein.

VI. KAFLI
Ársreikningar og endurskoðun.

34. gr.

Stjórn og framkvæmdastjóri fyrirtækis í verðbréfaþjónustu skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár í samræmi við ákvæði laga og samþykkta. Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, fjárstreymisyfirlit og skýringar. Enn fremur skal semja skýrslu stjórnar. Ársreikningur og skýrsla stjórnar mynda eina heild. Reikningsár fyrirtækjanna er almanaksárið.

Ársreikningur skal undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra. Telji stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri að ekki skuli samþykkja ársreikning eða hefur mótbárur fram að færa gegn ársreikningi skal hann gera grein fyrir því í áritun sinni.

Framsetning ársreiknings skal vera með skýrum hætti og í samræmi við ákvæði laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim og góða reikningsskilavenju. Ársreikningur skal gefa glögga mynd af eignum, skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu fyrirtækisins.

Í skýrslu stjórnar skal koma fram yfirlit yfir starfsemi fyrirtækisins á árinu, svo og upplýsingar um atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu hlutaðeigandi fyrirtækis og afkomu þess á rekstrarárinu og ekki koma fram í ársreikningnum.

Bankaeftirliti Seðlabanka Íslands er heimilt að setja nánari reglur um gerð ársreiknings að höfðu samráði við reikningsskilaráð.

35. gr.

Endurskoðandi skal árita ársreikning og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar. Hann skal gefa yfirlýsingu um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður og að hann hafi verið saminn í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykkta. Endurskoðandi skal láta í ljós álit sitt á ársreikningnum og greina frá niðurstöðum að öðru leyti.

Telji endurskoðandi að í ársreikningi séu ekki þær upplýsingar sem þar eiga að koma fram skal hann geta þess í áritun sinni og veita viðbótarupplýsingar ef þess er kostur. Ef skýrsla stjórnar hefur ekki að geyma þær upplýsingar sem ber að veita eða er ekki í samræmi við ársreikning skal endurskoðandi vekja athygli á því í áritun sinni. Að öðru leyti getur endurskoðandi greint frá þeim atriðum í áritun sinni sem hann telur eðlilegt að fram komi í ársreikningi.

Verði endurskoðendur varir við slíka ágalla í rekstri fyrirtækis í verðbréfaþjónustu að reikningar verði ekki áritaðir eða athugasemdir við þá gerðar, ágalla á innra eftirliti eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu fyrirtækisins til áframhaldandi reksturs, svo og ef endurskoðandi hefur ástæðu til að ætla að lög og reglugerðir eða reglur sem gilda um fyrirtækið hafi verið brotnar, skal endurskoðandi þegar gera stjórn þess og bankaeftirliti viðvart. Þetta á einnig við um sambærileg atriði sem endurskoðandi fyrirtækis í verð-

bréfaþjónustu fær vitneskju um og varða fyrirtæki í nánum tengslum við það. Ákvæði þessarar greinar brjóta ekki í bága við þagnarskyldu endurskoðenda skv. 56. gr. laga þessara eða ákvæðum annarra laga.

36. gr.

Endurskoðaður ársreikningur fyrirtækis í verðbréfaþjónustu ásamt skýrslu stjórnar skal sendur bankaeftirlitinu innan tíu daga frá undirritun stjórnar og framkvæmdastjóra en eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs. Jafnframt er fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skylt að láta Seðlabanka Íslands í té þær upplýsingar sem hann þarf á að halda vegna hagskýrslugerðar, sbr. ákvæði laga um Seðlabanka Íslands. Upplýsingar þessar skulu vera í aðgengilegu formi og taka mið af upplýsingakerfi viðkomandi fyrirtækis eins og kostur er.

37. gr.

Hafi stjórn eða framkvæmdastjóri fyrirtækis í verðbréfaþjónustu ástæðu til að ætla að eigið fé þess sé undir því lágmarki sem kveðið er á um í 32. gr. ber þeim að tilkynna það bankaeftirlitinu. Sambærileg skylda hvílir á endurskoðanda hlutaðeigandi fyrirtækis hafi hann ástæðu til að ætla að stjórnendur þess hafi ekki rækt skyldu sína skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar.

Ef bankaeftirlitinu berst tilkynning skv. 1. mgr. eða telur af öðru tilefni ástæðu til að ætla að eigið fé fyrirtækis í verðbréfaþjónustu sé undir því lágmarki sem kveðið er á um í 32. gr. skal það krefja stjórn fyrirtækisins þegar í stað um reikningsuppgjör sem henni ber að afhenda innan hæfilegs frests.

Komi fram í reikningsuppgjöri að hætti 2. mgr. að eigið fé fyrirtækisins fullnægi ekki ákvæðum 32. gr. skal stjórn þess án tafar boða til fundar hluthafa til ákvörðunar og afhenda síðan bankaeftirlitinu greinargerð þar sem fram kemur til hverra ráðstafana hún hyggst grípa af þessu tilefni. Skal bankaeftirlitið þegar afhenda ráðherra endurskoðað reikningsuppgjör og greinargerð stjórnar fyrirtækisins ásamt umsögn sinni.

Þegar ráðherra hafa borist gögn skv. 3. mgr. er honum heimilt að veita hlutaðeigandi fyrirtæki frest í allt að sex mánuði til þess að auka eigið fé að lágmarki skv. 32. gr. Séu til þess ríkar ástæður að mati ráðherra er honum heimilt að framlengja þennan frest í allt að sex mánuði til viðbótar.

38. gr.

Bankaeftirlitið getur látið framkvæma sérstaka endurskoðun hjá fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og ráðið til þess löggiltan endurskoðanda. Bankaeftirlitinu er heimilt að láta hlutaðeigandi fyrirtæki bera kostnaðinn af slíkri endurskoðun.

VII. KAFLI
Starfsemi innlendra fyrirtækja í verðbréfaþjónustu erlendis.

39. gr.

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, sem hlotið hafa starfsleyfi viðskiptaráðherra skv. 3. gr. og hyggjast starfrækja útibú í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, skulu tilkynna það bankaeftirliti Seðlabanka Íslands. Tilkynningu skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:

1. í hvaða ríki fyrirhugað sé að stofna útibú,
2. lýsing á skipulagi útibúsins og fyrirhugaðri starfsemi,
3. heimilisfang útibúsins,
4. nöfn stjórnenda þess.

Eigi síðar en þremur mánuðum eftir að bankaeftirlitið hefur móttekið upplýsingar skv. 1. mgr. skal það senda staðfestingu til lögbærra yfirvalda gistiríkis á að fyrirhuguð starfsemi sé í samræmi við starfsleyfi fyrirtækisins. Jafnframt skal bankaeftirlitið senda lögbærum yfirvöldum gistiríkis nákvæmar upplýsingar um bótakerfi sem verndar viðskiptavini útibúsins. Hlutaðeigandi fyrirtæki skal samtímis tilkynnt að framangreindar upplýsingar hafi verið sendar.

Bankaeftirlitið getur hafnað beiðni um að senda upplýsingar skv. 2. mgr. telji það ástæðu til að efast um að stjórnunarleg uppbygging og fjárhagsstaða fyrirtækisins sé nægilega traust til að réttlæta stofnun útibús skv. 1. mgr. Fyrirtækinu skal tilkynnt afstaða bankaeftirlitsins svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en þremur mánuðum frá móttöku upplýsinga skv. 1. mgr.

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skal tilkynna bankaeftirlitinu og lögbærum yfirvöldum þess ríkis þar sem það starfrækir útibú um hverjar þær breytingar sem verða kunna á áður veittum upplýsingum skv. 1. mgr. eigi síðar en einum mánuði áður en fyrirhugaðar breytingar koma til framkvæmda.

40. gr.

Hyggist fyrirtæki í verðbréfaþjónustu veita þjónustu samkvæmt lögum þessum í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins án þess að stofna þar útibú skal tilkynna það bankaeftirlitinu. Í tilkynningu skal koma fram hvaða ríki eigi í hlut og í hverju fyrirhuguð starfsemi sé fólgin.

Eigi síðar en einum mánuði frá því að bankaeftirlitið hefur móttekið tilkynningu skv. 1. mgr. framsendir það upplýsingar til lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki ásamt staðfestingu á því að starfsleyfi fyrirtækisins heimili fyrirhugaða starfsemi.

Breytingar á áður tilkynntum atriðum samkvæmt þessari grein skulu tilkynntar bankaeftirlitinu og lögbærum yfirvöldum viðkomandi ríkis eigi síðar en einum mánuði áður en þær koma til framkvæmda.

41. gr.

Hyggist fyrirtæki í verðbréfaþjónustu hefja starfsemi í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins skal það tilkynnt bankaeftirlitinu. Sé um að ræða stofnun útibús skulu fylgja tilkynningu upplýsingar skv. 1.–4. tölul. 1. mgr. 39. gr. Sé um að ræða fyrirhugaða starfsemi án stofnunar útibús skulu upplýsingar skv. 1. mgr. 40. gr. fylgja tilkynningu. Um málsmeðferð að öðru leyti fer skv. 2.–4. mgr. 39. gr. eða 2.–3. mgr. 40. gr. eftir því sem við á.

Bankaeftirlitinu er heimilt að óska frekari upplýsinga samkvæmt þessari grein.

42. gr.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um starfsemi innlendra fyrirtækja í verðbréfaþjónustu erlendis.

VIII. KAFLI
Starfsemi erlendra fyrirtækja í verbréfaþjónustu hér á landi.

43. gr.

Erlend fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, sem hafa staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, geta stofnsett útibú hér á landi tveimur mánuðum eftir að bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur fengið tilkynningu þess efnis frá lögbærum yfirvöldum í heimaríki hlutaðeigandi fyrirtækis. Útibúi er heimilt að stunda hverja þá starfsemi sem lög þessi taka til enda sé hún fyrirtækinu heimil í heimaríki þess.

Bankaeftirlitið aflar upplýsinga frá lögbærum yfirvöldum í heimaríki erlenda fyrirtækisins um:

1. lýsingu á skipulagi fyrirtækisins og fyrirhugaðri starfsemi þess hér á landi,
2. staðfestingu á að fyrirhuguð starfsemi sé heimiluð í heimaríki,
3. heimilisfang útibúsins,
4. nöfn stjórnenda,
5. bótakerfi sem ætlað er að vernda viðskiptamenn útibúsins.

Verði breytingar á áður tilkynntum upplýsingum skv. 2. mgr. skal fyrirtækið tilkynna þær til bankaeftirlitsins eigi síðar en einum mánuði áður en breytingarnar koma til framkvæmda.

Ákvæði laga um hlutafélög varðandi útibú erlendra hlutafélaga eiga ekki við um útibú skv. 1. mgr.

44. gr.

Erlendum fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu sem hafa staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, er heimilt að veita þjónustu samkvæmt lögum þessum hér á landi án stofnunar útibús þegar bankaeftirlitið hefur fengið tilkynningu þar að lútandi frá lögbærum yfirvöldum í heimaríki fyrirtækisins. Heimildir til að veita þjónustu hér á landi samkvæmt þessu ákvæði verða þó aldrei víðtækari en starfsheimildir fyrirtækis í heimaríki þess.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um starfsemi fyrirtækja sem um getur í 1. mgr.

45. gr.

Erlend fyrirtæki í verðbréfaþjónustu geta notað sama heiti og notað er í heimaríki þeirra. Sé hætta á að villst verði á nöfnum innlendra og erlendra fyrirtækja í verðbréfaþjónustu sem starfa hér á landi getur bankaeftirlitið farið fram á að nöfn hinna síðarnefndu verði auðkennd sérstaklega.

46. gr.

Ráðherra getur, að fenginni tillögu bankaeftirlitsins, heimilað fyrirtæki í verðbréfaþjónustu með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins að opna útibú hér á landi eða veita þjónustu hér á landi án stofnunar útibús. Skilyrði fyrir veitingu slíks leyfis er að fyrirtækið hafi leyfi til að stunda hliðstæða starfsemi í heimaríki sínu við þá sem það hyggst stunda hér á landi, sbr. 8. og 9. gr., og að starfsemi þess í heimaríkinu sé háð eftirliti.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um starfsemi fyrirtækja sem um getur í 1. mgr.

IX. KAFLI
Samruni fyrirtækja í verðbréfaþjónustu.

47. gr.

Um samruna fyrirtækja í verðbréfaþjónustu fer samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög eða einkahlutafélög eftir því sem við á. Jafnframt skal liggja fyrir samþykki ráðherra að fenginni umsögn bankaeftirlitsins.

Starfi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu erlendis skal tilkynna lögbærum yfirvöldum hlutaðeigandi ríkis um samruna.

48. gr.

Við sérstakar aðstæður og að fengnu samþykki bankaeftirlits Seðlabanka Íslands er heimilt að við samruna tveggja eða fleiri fyrirtækja í verðbréfaþjónustu verði eigið fé hins sameinaða fyrirtækis lægra en kveðið er á um í 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. Eigið fé má þó ekki lækka frá því sem það er við samruna. Fari eigið fé niður fyrir þá fjárhæð er bankaeftirlitinu heimilt að veita hlutaðeigandi fyrirtæki hæfilegan frest til úrbóta. Uppfylli fyrirtækið ekki skilyrði um eigið fé að þeim fresti liðnum skal starfsleyfi þess afturkallað skv. XI. kafla og því slitið skv. X. kafla.

X. KAFLI
Slit fyrirtækja í verðbréfaþjónustu.

49. gr.

Um slit fyrirtækja í verðbréfaþjónustu fer samkvæmt lögum um gjaldþrot o.fl. og lögum um hlutafélög eða einkahlutafélög eftir því sem við á.

Slíta ber fyrirtæki í verðbréfaþjónustu ef ráðherra synjar fyrirtækinu um frest skv. 4. mgr. 37. gr. eða frestur samkvæmt því ákvæði er á enda án þess að fyrirtækinu hafi tekist að auka eigið fé fram yfir það lágmark sem kveðið er á um í 32. gr.

Þegar skylt er að slíta fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skv. 1. mgr. skal ráðherra senda héraðsdómara á varnarþingi hlutaðeigandi fyrirtækis kröfu um að bú þess verði tekið til skipta. Þegar héraðsdómari hefur kannað hvort fullnægt sé skilyrðum fyrir kröfunni skal hann kveða upp úrskurð um hvort orðið skuli við henni.

Sé krafa skv. 3. mgr. tekin til greina skal farið með búið eftir fyrirmælum laga um skipti á dánarbúum o.fl. um meðferð dánarbús þar sem erfingjar taka ekki á sig ábyrgð á skuldbindingum hins látna að öðru leyti en því að hluthafar njóta ekki þeirrar stöðu sem erfingjar njóta við slík skipti fyrr en leitt er í ljós eftir lok kröfulýsingarfrests að eignir búsins muni hrökkva fyrir skuldum.

XI. KAFLI
Afturköllun starfsleyfa.

50. gr.

Ráðherra skal afturkalla starfsleyfi fyrirtækis í verðbréfaþjónustu að fengnum tillögum bankaeftirlits Seðlabanka Íslands:

1. hafi leyfisveiting byggst á röngum skýrslum eða upplýsingum frá leyfishafa eða verið aflað með öðrum ólögmætum hætti,
2. uppfylli fyrirtækið ekki ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. um hlutafé eða eigið fé eða skilyrði 1. mgr. 32. gr., enda hafi eigið fé ekki verið fært í lögmælt horf innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í 4. mgr. 37. gr.,

3. brjóti fyrirtækið með alvarlegum hætti eða ítrekað gegn lögum þessum, reglum, samþykktum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim,
4. séu aðstæður með þeim hætti sem greinir í 2. mgr. 12. gr. um hæfi hluthafa eða 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. um hæfi stjórnarmanna,
5. hafi bú fyrirtækisins verið tekið til gjaldþrotaskipta eða fyrirtækinu slitið af öðrum ástæðum,
6. sé það mat bankaeftirlits að náin tengsl fyrirtækis í verðbréfaþjónustu við einstaklinga eða lögaðila geti hindrað það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum. Sama á við ef lög eða reglur, sem um þá aðila gilda, hindra eðlilegt eftirlit. Starfsleyfi verður þó aðeins afturkallað að bankaeftirlitið hafi gert athugasemdir við hlutaðeigandi banka eða sparisjóð áður og gefið fyrirtækinu kost á að leysa úr málinu.

Áður en til afturköllunar kemur skv. 1. mgr. skal hlutaðeigandi fyrirtæki veittur hæfilegur frestur til úrbóta sé þess kostur.

51. gr.

Standi yfir opinber rannsókn vegna meints brots fyrirtækis í verðbréfaþjónustu á ákvæðum laga þessara, reglugerðum, reglum eða samþykktum er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum bankaeftirlitsins, að svipta hlutaðeigandi fyrirtæki starfsleyfi um stundarsakir. Skal þá ráðherra skipa fyrirtækinu umsjónaraðila til bráðabirgða sem gera skal ráðstafanir sem miða að því að tryggja hag viðskiptavina þess.

52. gr.

Afturköllun á starfsleyfi fyrirtækis í verðbréfaþjónustu skal tilkynnt stjórn hlutaðeigandi fyrirtækis og rökstudd skriflega. Birta skal tilkynningu um afturköllun í Lögbirtingablaði og auglýsa hana í fjölmiðlum. Hafi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu starfað erlendis, sbr. ákvæði VII. kafla, skal afturköllun einnig tilkynnt lögbærum yfirvöldum í viðkomandi ríki.

Afturkalli ráðherra starfsleyfi fyrirtækis í verðbréfaþjónustu endanlega skal fyrirtækinu slitið.

XII. KAFLI
Eftirlit.

53. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með starfsemi fyrirtækja í verðbréfaþjónustu hér á landi, svo og starfsemi innlendra fyrirtækja í verðbréfaþjónustu erlendis, nema annað leiði af lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Skal bankaeftirlitið eiga aðgang að öllum gögnum og upplýsingum hjá þessum aðilum sem, að þess mati, eru nauðsynleg vegna eftirlitsins. Að öðru leyti gilda um eftirlitið ákvæði laga um Seðlabanka Íslands eftir því sem við getur átt. Telji bankaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa skal það eiga sambærilegan aðgang að upplýsingum og gögnum hjá viðkomandi aðilum.

Telji bankaeftirlitið að starfsemi fyrirtækis í verðbréfaþjónustu brjóti gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða eða reglna settra samkvæmt þeim eða sé að öðru leyti óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust getur það veitt hlutaðeigandi hæfilegan frest til úrbóta nema brot séu alvarleg.

Hafi bankaeftirlitið rökstudda ástæðu til að ætla að brotið hafi verið gegn ákvæðum IV. kafla laga þessara skal því heimilt að krefja einstaklinga og lögaðila, þar á meðal opinberar stofnanir, um allar upplýsingar og gögn sem það telur nauðsynleg til rannsóknar málsins.

54. gr.

Við framkvæmd eftirlits með starfsemi erlendra fyrirtækja í verðbréfaþjónustu hér á landi skal bankaeftirlitið hafa samráð við lögbær yfirvöld í heimaríki viðkomandi fyrirtækis í samræmi við lög og alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.

XIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

55. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal halda sérstaka skrá yfir fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem hlotið hafa starfsleyfi hér á landi, svo og erlend fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem starfa eða veita þjónustu hér á landi. Í skránni skulu koma fram nöfn stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og endurskoðenda fyrirtækisins. Jafnframt skulu koma fram upplýsingar um starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækis.

Bankaeftirlitinu er heimilt að kveða nánar á um upplýsingar sem veittar skulu samkvæmt 1. mgr. Breytingar á áður tilkynntum atriðum skulu þegar tilkynntar bankaeftirlitinu.

56. gr.

Eigendur, stjórnendur, framkvæmdastjórar, endurskoðendur og aðrir starfsmenn fyrirtækja í verðbréfaþjónustu eru bundnir þagnarskyldu um öll viðskipti sem fyrirtækin annast eða hafa milligöngu um, svo og allt það er varðar hagi viðskiptamanna fyrirtækjanna og þeir öðlast vitneskju um í starfi sínu og leynt skal fara samkvæmt lögum eða eðli máls nema dómari úrskurði að skylt sé að veita upplýsingar fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

57. gr.

Kostnaður við birtingu tilkynninga samkvæmt lögum þessum skal greiddur af hlutaðeigandi fyrirtæki.

58. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Honum er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þeirra með reglugerð, þar á meðal um viðurlög í formi dagsekta.

XIV. KAFLI
Viðurlög.

59. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða fangelsi allt að einu ári nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig er heimilt að gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda.

Brot gegn ákvæðum IV. kafla varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Jafnframt er heimilt að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur með broti gegn ákvæðum IV. kafla.

Tilraun til og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

XV. KAFLI

Gildistaka og brottfallin lög.

60. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 9/1993, um verðbréfaviðskipti.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Starfandi verðbréfafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 9/1993 skulu tilkynna viðskiptaráðherra þegar við gildistöku laga þessara hvaða þjónustu skv. 8. gr. þau hyggist veita.

II.

Einstaklingar, sem hlotið hafa leyfi viðskiptaráðherra til verðbréfamiðlunar samkvæmt lögum nr. 9/1993 og stunda starfsemi samkvæmt því leyfi, skulu hafa aðlagað starfsemi sína að ákvæðum laga þessara eigi síðar en 1. janúar 1997.

III.

Starfandi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu hafa frest til 1. janúar 1997 til að fullnægja skilyrðum 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. um innborgað hlutafé. Yfirtaki nýir aðilar starfsemi slíks fyrirtækis fyrir 1. október 1996 skal það þó hafa fullnægt framangreindum skilyrðum innan þriggja mánaða frá yfirtökunni.

662. Frumvarp til laga [98. mál]

um breytingu á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði.

(Eftir 2. umr., 7. mars.)

1. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna hljóðar svo:

Verðbréfasjóður verður eingöngu stofnaður sem hlutafélag.

2. gr.

Í stað 2. og 3. mgr. 11. gr. laganna kemur ný málsgrein er hljóðar svo:

Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi. Þeir skulu vera lögráða, hafa óflekkað mannorð, vera fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld. Ríkisborgarar þeirra ríkja, sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eru undanþegnir búsetuskilyrðinu, enda séu viðkomandi ríkisborgarar bú-

settir í EES-ríki. Ráðherra er heimilt að veita þeim sem búsettir eru í öðrum ríkjum sömu undanþágu.

3. gr.

2. málsl. 1. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Rekstrarfélag verður eingöngu stofnað sem hlutafélag eða einkahlutafélag og skal hafa aðsetur hér á landi.

4. gr.

1. málsl. 13. gr. laganna orðast svo: Daglegur stjórnandi rekstrarfélags skal uppfylla sömu skilyrði og framkvæmdastjóri fyrirtækis í verðbréfaþjónustu samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti.

5. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein er hljóðar svo:

Vörslufyrirtæki ber ábyrgð gagnvart rekstrarfélagi og eigendum hlutdeildarskírteina vegna tjóns sem þeir kunna að verða fyrir og rekja má til ásetnings eða gáleysis starfsmanna vörslufyrirtækis við framkvæmd verkefna þess skv. 1. mgr.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðast svo: Gefa skal út verðbréf í formi hlutdeildarskírteina til þeirra sem fá verðbréfasjóði fjármuni til ávöxtunar og óska eftir því.
b. Við bætist ný málsgrein er hljóðar svo:
   Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða eru undanþegin stimpilgjöldum.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Verðbréfasjóði eða einstökum deildum hans er eingöngu heimilt að fjárfesta með eftirfarandi hætti:
   1. Í framseljanlegum verðbréfum sem skráð hafa verið á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfaviðskipti.
   2. Í nýútgefnum, framseljanlegum verðbréfum, enda sé í skilmálum vegna útgáfu þeirra skuldbinding um að sótt verði um skráningu verðbréfanna á skipulegum verðbréfamarkaði skv. 1. tölul. Skráning verðbréfa samkvæmt þessu ákvæði skal fara fram eigi síðar en einu ári frá útgáfu þeirra.
b. Ný málsgrein bætist við, svohljóðandi:
   Verðbréfasjóði er óheimilt að selja verðbréf sem ekki eru í eigu hans á þeim tíma sem sala þeirra fer fram.

8. gr.

1. mgr. 23. gr. laganna orðast svo:

Verðbréfasjóði eða einstökum deildum hans er óheimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða en þeirra sem uppfylla skilyrði laga þessara. Fjárfesting verðbréfasjóðs í öðrum verðbréfasjóðum má þó ekki fara yfir 5% af eignum hans eða einstakra deilda hans.

9. gr.

1. mgr. 26. gr. laganna orðast svo:
Verðbréfasjóði er óheimilt að fjárfesta í fasteignum eða lausafé.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
Verðbréfasjóði er óheimilt að taka önnur lán en skammtímalán til að standa straum af innlausn hlutdeildarskírteina. Slík lán mega ekki nema meiru en sem svarar 10% af eignum sjóðsins eða einstakra deilda innan hans.

b. 2. mgr. fellur brott.

11. gr.

3. mgr. 31. gr. laganna orðast svo:
Verði endurskoðendur varir við slíka ágalla í rekstri verðbréfasjóðs að reikningar verði ekki áritaðir eða athugasemdir við þá gerðar, ágalla á innra eftirliti eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu sjóðsins til áframhaldandi reksturs, svo og ef endurskoðandi hefur ástæðu til að ætla að lög og reglugerðir eða reglur sem gilda um sjóðinn hafi verið brotnar, skal endurskoðandi þegar gera stjórn sjóðsins og bankaeftirliti viðvart. Þetta á einnig við um sambærileg atriði sem endurskoðandi verðbréfasjóðs fær vitneskju um og varða fyrirtæki í nánum tengslum við sjóðinn. Ákvæði þessarar greinar brjóta ekki í bága við þagnarskyldu endurskoðenda samkvæmt ákvæðum annarra laga.

12. gr.

Á eftir 37. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist númeraröð annarra greina samkvæmt því:
Rekstrarfélag skal gefa út útboðslýsingu fyrir hvern verðbréfasjóð sem það annast rekstur á samkvæmt lögum þessum. Í útboðslýsingu skulu koma fram nauðsynlegar upplýsingar til að viðskiptavinum sé kleift að meta kosti fjárfestinga í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóðs.
Nánar skal kveðið á um útboðslýsingar verðbréfasjóða skv. 1. mgr. í reglum sem bankaeftirlitið setur.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

663. Frumvarp til laga [101. mál]

um breytingu á lögum nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands.

(Eftir 2. umr., 7. mars.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „viðskipta- og upplýsingakerfi“ í 1. tölul. kemur: viðskipta-, uppgjörs- og upplýsingakerfi.

b. Á eftir 2. tölul. kemur nýr töluliður er orðast svo: að setja reglur um uppgjör viðskipta með tilliti til fjárhagsstöðu þingaðila.
c. Við greinina bætist nýr töluliður er orðast svo: að vinna að framþróun og skilvirkni verðbréfamarkaðar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:
a. Í stað orðsins „febrúarmánaðar“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: aprílmánaðar.
b. Við bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og hljóðar svo:
Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, vera lögráða, hafa óflekkað mannorð og vera fjár síns ráðandi. Þeir mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld.
c. Í stað orðins „febrúarmánaðar“ í 2. mgr. kemur: aprílmánaðar.

3. gr.

Í stað orðsins „febrúarlok“ í 1. málsl. 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: apríllok.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:
a. Á eftir orðinu „Verðbréfafyrirtæki“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: verðbréfamiðlun sem heimilt er að eiga viðskipti með verðbréf fyrir eigin reikning.
b. Við 3. tölul. 1. mgr. bætist: enda hafi þeir sambærilegan aðgang að skipulegum verðbréfamarkaði í heimaríki sínu.
c. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:
Stjórn Verðbréfaþings setur nánari reglur um aðild að Verðbréfaþingi Íslands.

5. gr.

Við 9. gr. laganna bætist nýr töluliður, 1. tölul., svohljóðandi, og breytist röð annarra töluliða samkvæmt því: að uppfylla kröfur um eigið fé sem gerðar eru til hlutaðeigandi lögum samkvæmt.

6. gr.

Í stað orðanna „viðskipta- og upplýsingakerfi“ í 13. gr. laganna kemur: viðskipta-, uppgjörs- og upplýsingakerfi.

7. gr.

5. mgr. 17. gr. laganna hljóðar svo:
Birta skal endurskoðaðan ársreikning í B-deild Stjórnartíðinda.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Viðskiptaráðherra skal eftir gildistöku laga þessara skipa nefnd sem vinni að heildarendurskoðun laga um Verðbréfaþing Íslands með það að meginmarkmiði að afnema einkarétt þess á verðbréfaþingsstarfsemi eigi síðar en í árslok 1997.

664. Frumvarp til laga [376. mál]

um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

Til að auðvelda einstaklingi, sem á í verulegum fjárhagsörðugleikum, að leita nauðasamnings er ríkinu heimilt að veita réttaraðstoð eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

2. gr.

Sá sem leita vill réttaraðstoðar samkvæmt lögum þessum skal beina skriflegri umsókn til dómsmálaráðherra þar sem fram komi fullt nafn umsækjanda, kennitala og lögheimili, auk þess sem greint skal nákvæmlega frá efnahag hans, tekjum og fjölskylduaðstæðum, svo og efnahag og tekjum maka ef því er að skipta. Í greinargerð umsækjanda um efnahag skulu koma fram upplýsingar um eignir hans og andvirði þeirra annars vegar og skuldir hins vegar þannig að greint sé frá höfuðstól hverrar skuldar ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, gjalddaga og hvort trygging hafi verið sett fyrir greiðslu skuldar. Þá skal og gera grein fyrir ástæðum fjárhagsörðugleika umsækjanda.

Með umsókn skulu fylgja gögn um efnahag umsækjanda, síðasta skattframtal hans og önnur nauðsynleg gögn til að unnt sé að leggja mat á hvort réttaraðstoð verði veitt skv. 4. gr.

3. gr.

Dómsmálaráðherra skipar nefnd þriggja manna til fjögurra ára í senn til að veita umsögn um umsóknir skv. 2. gr. Skal einn nefndarmaður skipaður samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra, annar samkvæmt tilnefningu félagsmálaráðherra, en þann þriðja skipar dómsmálaráðherra án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir með sama hætti.

4. gr.

Telji nefndin líkur á að umsækjandi geti ráðið bót á fjárhagsörðugleikum sínum með nauðasamningi, þar á meðal að samningurinn muni fást staðfestur, getur hún lagt til við dómsmálaráðherra að réttaraðstoð verði veitt.

Dómsmálaráðherra getur því aðeins veitt réttaraðstoð að nefndin mæli með því.

Í þágu þess sem veitt er réttaraðstoð skal greiða úr ríkissjóði kostnað af aðstoð við að leita nauðasamnings ásamt tryggingu fyrir kostnaði við undirbúning og gerð nauðasamnings. Í þessu skyni getur réttaraðstoð þó ekki numið hærri fjárhæð samanlagt en 250.000 kr. handa hverjum umsækjanda miðað við vísitölu neysluverðs 1. febrúar 1996, 174,9 stig.

5. gr.

Dómsmálaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Getur hann sett nánari ákvæði í þeim efnum með reglugerð.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1996.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á undanförnum árum hefur greiðsluvandi heimilanna farið vaxandi og er brýnt að gripið verði til aðgerða af því tilefni. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. apríl 1995 segir svo hvað þetta varðar: *„Stuðla verður að því að einstaklingar sem eiga í alvarlegum greiðsluerfiðleikum, hafi möguleika á því að ná tökum á fjármálum sínum.“* Þetta frumvarp miðar að því að ráða bót á þessum vanda, en samhliða er í sama skyni lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, og frumvarp til laga um breytingu á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971.

Samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, geta skuldarar sótt um heimild til greiðslustöðvunar eða til þess að leita nauðasamnings. Þessi úrræði laganna eru tæk einstaklingum, sbr. 1. gr. þeirra. Ef greiðslustöðvun eða nauðasamningur fyrir skuldara ber árangur hefur hann komið nýrri skipan á fjármál sín og forðað því að bú hans verði tekið til gjaldþrotaskipta. Greiðslustöðvun hefur fyrst og fremst komið þeim til góða sem leggja stund á atvinnurekstur, en nauðasamningur er raunhæfara úrræði fyrir einstaklinga utan atvinnurekstrar.

Í almennum athugasemdum með frumvarpi, sem varð að lögum nr. 21/1991, segir að leitast hafi verið við að gera reglur um nauðasamninga einfaldari og aðgengilegri en ákvæði fyrri laga um nauðasamninga, nr. 19/1924, og að þess sé vænst að það geti leitt til nokkurrar aukningar á beitingu þessa úrræðis, bæði fyrir félög eða menn í atvinnurekstri og fyrir menn sem eiga í fjárhagsörðugleikum af öðrum sökum. Síðan segir orðrétt: *„Þess má geta í þessu sambandi að hugað var sérstaklega að því við gerð frumvarpsins hvort ástæða væri til að gera tillögur um að taka upp sambærilegar reglur og fram koma í 4. þætti dönsku löggjafarinnar um gjaldþrotaskipti, þar sem mælt er fyrir um svokallað „gældssanering“. Þar er um úrræði að tefla sem svipar mjög til nauðasamninga og er fyrst og fremst ætlað mönnum sem hafa ekki með höndum atvinnurekstur, en ákvæði danskrar löggjafar um nauðasamninga eru á hinn bóginn þá fremur ætluð félögum og mönnum í atvinnurekstri. Varð niðurstaðan sú að sérreglur eftir þessari dönsku fyrirmynd yrðu óþarfar, einkum með því að ákvæði frumvarpsins um nauðasamninga hafa verið gerð þannig úr garði að þau geti jöfnum höndum tekið til þeirra sem leggi stund á atvinnurekstur og þeirra sem geri það ekki.“*

Frá því lög nr. 21/1991 tóku gildi hafa sárafáir nauðasamningar komist á fyrir einstaklinga sem ekki stunda atvinnurekstur. Það verður ekki rakið til þess að einhverjir meinbugir séu á lögunum, heldur miklu fremur að skuldari þarfnast yfirleitt aðstoðar lögmanns til að leggja grundvöll að nauðasamningsumleitunum og setja fram slíka beiðni. Það er kostnaðarsamt fyrir einstakling sem glímir við fjárhagsörðugleika, auk þess sem hann þarf að leggja fram tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar við undirbúning og gerð nauðasamnings, þar með talið fyrir þóknun umsjónarmanns með nauðasamningsumleitunum. Þetta hefur reynst einstaklingum ofviða og komið í veg fyrir að nauðasamningar

hafi reynst þeim það úrræði sem til var ætlast. Verði frumvarp þetta að lögum er ráðin bót á þessu. Þá hefur það einnig komið í veg fyrir nauðasamninga fyrir einstaklinga að stór hluti skulda þeirra eru skattar og opinber gjöld. Því getur synjun innheimtumanns ríkissjóðs við nauðasamningi gert út um slíka viðleitni. Í framkvæmd hafa innheimtumenn ríkissjóðs nær undantekningarlaust tekið þá afstöðu vegna nauðasamninga. Samhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, en með því eru innheimtumönnum ríkissjóðs veittar rýmri heimildir til að fallast á nauðasamninga. Í sama skyni er lagt fram hliðstætt frumvarp til breytinga á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, varðandi meðlagsskuldir.

Vegna greiðsluvanda heimilanna hefur því verið hreyft á ný hvort ekki ætti að lögleiða sérstakt úrræði fyrir einstaklinga utan atvinnurekstrar, svokallaða greiðsluaðlögun, samkvæmt fyrirmynd eftir danskri löggjöf þar sem úrræðið er nefnt „gældssanering“ eða norskri, en þar nefnist það „gjeldsordning“. Úrræði af þessu tagi þykir ekki henta íslenskum aðstæðum. Hætt er við að greiðsluaðlögun yrði kostnaðarsöm fyrir ríkissjóð og legði miklar byrðar á þau stjórnvöld sem færu með þetta verkefni. Að auki er úrræði sem þetta með öllu óþarft í ljósi þess að reglur um nauðasamninga taka mið af þörfum einstaklinga, hvort sem þeir leggja stund á atvinnurekstur eða ekki. Því ætti að vera unnt að ná sama markmiði á bæði hagkvæmari og einfaldari hátt með því einu að ryðja burt þeim hindrunum sem hafa staðið því í vegi að nauðasamningar komist á fyrir einstaklinga sem ekki hafa atvinnurekstur með höndum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um heimild ríkisins til að veita þá réttaraðstoð sem mælt er fyrir um í lögunum. Heimildin tekur einvörðungu til réttaraðstoðar fyrir einstaklinga sem leitast við að koma á nauðasamningi til að ráða bót á fjárhagsörðugleikum sínum.

Um 2. gr.

Í greininni er mælt fyrir um hvað koma skuli fram í umsókn um réttaraðstoð. Ákvæðið miðar að því að nauðsynlegar upplýsingar liggi fyrir til að mat verði lagt á umsókn og unnt sé að taka ákvörðun um hvort hún verði tekin til greina. Hins vegar er ákvæðinu hagað þannig að flestir séu í stakk búnir að setja fram slíka beiðni án sérstakrar aðstoðar. Ef þörf er á slíku hvílir leiðbeiningarskylda á dómsmálaráðuneytinu skv. 7. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Sú aðstoð ætti ekki að þurfa að vera umfangsmikil, en í því skyni væri hentugt að búa til staðlað umsóknareyðublað með leiðbeiningum. Þar ætti að geta helstu gagna sem nauðsynlegt er að fylgi umsókn.

Um 3. gr.

Ákvæði þetta gerir ráð fyrir að sérstök nefnd verði skipuð til að fjalla um umsóknir um réttaraðstoð. Hér er höfð hliðsjón af fyrirkomulagi því sem gildir um gjafsókn samkvæmt XX. kafla laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, en það úrræði felur einnig í sér réttaraðstoð. Með hliðsjón af málefni því, sem frumvarp þetta varðar, þykir eðlilegast að nefndin sé skipuð og tilnefnd á þennan veg.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. koma fram þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi til að nefndin geti lagt til að réttaraðstoð verði veitt. Líklegt verður að vera að umsækjandi geti ráðið bót á fjárhagsörðugleikum sínum með nauðasamningi og að raunhæft sé að slíkur samningur muni fást staðfestur. Í sumum tilvikum getur umsækjandi þurft að veita sérstakar upplýsingar eða leggja fram gögn hvað þetta varðar.

Regla 2. mgr. er hliðstæð 4. mgr. 125. gr. laga nr. 91/1991 varðandi gjafsókn.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um þann kostnað sem réttaraðstoðin tekur til. Annars vegar er um að ræða kostnað af aðstoð við að undirbúa og taka saman beiðni um heimild til að leita nauðasamnings. Hér kemur fyrst og fremst til álita lögmannsþóknun. Hins vegar er um að ræða tryggingu skv. 4. tölul. 1. mgr. 35. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, sem leggja verður fram með slíkri beiðni, en henni er einkum ætlað að taka til útgjalda vegna starfa umsjónarmanns með nauðasamningsumleitunum. Ekki ætti að greiða þann hluta réttaraðstoðar sem varðar þá tryggingu, nema beiðni um heimild til að leita nauðasamnings verði lögð fram. Í ákvæðinu er mælt fyrir um hámark réttaraðstoðar sem ætti að vera ríflegt í allflestum tilvikum.

Um 5. gr.

Í greininni er mælt fyrir um að dómsmálaráðherra fari með framkvæmd laganna, enda málefnið á sviði réttarfars. Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. júlí 1996. Það ætti að vera hæfilegur tími til að undirbúa gildistöku laganna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga.

Í frumvarpinu er lagt til að veita einstaklingum fjárhagsaðstoð til að leita nauðasamninga en fram að þessu hefur sú leið reynst mörgum einstaklingum í greiðsluerfiðleikum ofviða þar sem þeir hafa ekki haft fjárhagslegt bolmagn til að kaupa aðstoð sérfræðings við gerð samnings eða greiða tryggingu fyrir kostnaði við undirbúning nauðasamningsgerðarinnar.

Tveir þættir frumvarpsins hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Annars vegar er í 3. gr. kveðið á um að dómsmálaráðherra skipi þriggja manna nefnd til fjögurra ára til að veita umsögn um umsóknir um réttaraðstoð. Að mati fjármálaráðuneytis má ætla að kostnaður við nefndina geti numið 0,3–0,5 m.kr. Hins vegar er kveðið á um fjárhagsaðstoð til einstaklinga en réttaraðstoð getur þó ekki numið hærri fjárhæð samanlagt en 250 þús. kr.

handa hverjum umsækjanda. Ógerlegt er að meta hversu margir einstaklingar mundu nýta sér þessa aðstoð en sé miðað við að þeir verði 20–40 yrði kostnaðaraukinn 4–10 m.kr.

665. Frumvarp til laga [377. mál]

um breyting á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

4. mgr. 2. gr. laganna hljóðar svo:

Búvörur teljast í lögum þessum afurðir búfjár, þar með taldar afurðir nautgripa, sauðfjár, hrossa, svína og loðdýra, afurðir nytjajurta og afurðir hlunninda. Lög þessi taka hvorki til afurða alifiska né alifugla.

2. gr.

Orðin „Félag eggjaframleiðenda“ og „Félag kjúklingabænda“ 2. mgr. 5. gr. laganna falla brott.

3. gr.

1. mgr. 18. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Orðið „egg“ í 1. mgr. 54. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Föstudaginn 16. febrúar sl. sendi samkeppnisráð frá sér ákvörðun nr. 3/1996 sem fjallaði um samkeppnishindranir Félags eggjaframleiðenda, viðskiptakjör við sölu eggja.

Niðurstaða ráðsins var þessi: „Sannað þykir að Félag eggjaframleiðenda hafi á árunum 1994 og 1995 ítrekað gerst brotlegt við b-lið 10. gr. og 12. gr. samkeppnislaga. Samkeppnisráð krefst þess að Félag eggjaframleiðenda láti af hvers konar athöfnum sem brjóta í bága við bannákvæði samkeppnislaga og hindra virka samkeppni í viðskiptum með egg. Jafnframt er Félagi eggjaframleiðenda, með vísan til 17. gr. samkeppnislaga, sbr. 1. gr. samkeppnislaga, óheimilt að grípa til hvers konar aðgerða sem takmarkað geta möguleika nýrra aðila á því að hefja eggjaframleiðslu.“

Frumvarpið er lagt fram í framhaldi af þessari niðurstöðu samkeppnisráðs, sem er mjög alvarleg, og Alþingi verður að láta til sín taka og breyta þeim lögum sem um þetta gilda.

Meginefni þessa frumvarps er að fella framleiðslu og sölu alifuglaafurða undan ákvæðum búvörulaga. Samhliða þessu þurfa stjórnvöld að láta af framleiðslustýringu í alifuglarækt og þá þarf einnig að fella niður innheimtu kjarnfóðurgjaldsins.

Verðlagning og framleiðslustýring á alifuglaafurðum hafa oft komið til umræðu við gerð kjarasamninga, enda verðlag á þessum afurðum með eindæmum hátt. Í tengslum við endurskoðun kjarasamninga í lok nóvember gaf ríkisstjórnin fyrirheit um endurskoðun á þeim reglum sem giltu um þessa framleiðslu. Af efndum hefur ekki orðið.

Það er alvarlegt mál þegar samtök á borð við Félag eggjabænda verða uppvís að lögbrotum og það ítrekað. Því eru eðlileg viðbrögð að fella framleiðslu á afurðum þeirra, sem þar að auki er um margt líkari iðnaðarframleiðslu en hefðbundnum landbúnaði, undan ákvæðum búvörulaga og fella hana að öllu leyti undir samkeppnislög.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í lagagreininni er orðið „búvara“ skýrt og til hvaða afurða búfjárlögin taka. Með breytingu á þeirri grein eru afurðir alifugla undanskildar gildissviðum búvörulaganna, en áður voru afurðir alifiska undanþegnar lögunum. Með breytingunni eru alifuglaafurðir settar undir ákvæði samkeppnislaga eins og aðrar skyldar iðnaðarvörur.

Um 2. gr.

Fulltrúar framleiðenda alifuglaafurða eru hér undanþegnir setu í Framleiðsluráði landbúnaðarins. Það er gert í framhaldi af ákvæðum 1. gr. frumvarpsins þar sem afurðir þeirra hafa verið undanskildar ákvæðum búvörulaga.

Um 3. gr.

Breyting á 18. gr. er ekki endilega afleiðing af úrskurði samkeppnisráðs heldur verður að skoða hana í samhengi við vandamál sem úrskurðurinn fjallar um. Lagagreinin er tímaskekkja nú á tímum mikillar vöruþróunar og vaxandi samkeppni. Núgildandi ákvæði bannar að búvara sé seld á öðru verði en samkvæmt lögunum.

Um 4. gr.

Einnig þessi grein er eðlileg leiðrétting vegna þeirra breytinga sem gerðar eru í 1. gr. og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMKEPPNISRÁÐS NR. 3/1996.

Samkeppnishindranir Félags eggjaframleiðenda, viðskiptakjör við sölu eggja.
(69. fundur, 16. febrúar 1996.)

I.
Málavextir.
1.

Í lok árs 1994 kvartaði Borgarbakarí undan verðsamráði eggjaframleiðenda. Málavextir voru þeir að Borgarbakarí óskaði í auglýsingu eftir verðtilboði í tiltekið magn af eggjum. Félag eggjaframleiðenda gerði tilboð þar sem boðinn var 3% staðgreiðsluafsláttur af skráðu heildsöluverði. Í tilefni kvörtunarinnar áttu starfsmenn Samkeppnisstofnunar fund með stjórn Félags eggjaframleiðenda þar sem vakin var athygli á að samráð um verðtilboð stríddi gegn markmiði samkeppnislaga. Kom fram í máli eggjaframleiðenda að tilboð sem þetta yrði ekki endurtekið.

Samkeppnisstofnun birti í apríl 1995 fréttatilkynningu um verðsamanburð á landbúnaðarvörum og fleiri vörum í Reykjavík, Kaupmannahöfn og Ósló. Könnun þessi var gerð í lok árs 1994. Ein af niðurstöðum könnunarinnar var að verðmunur á landbúnaðarvörum hér á landi og í nágrannalöndum hefði farið minnkandi á síðustu fimm árum. Í könnuninni kom hins vegar fram að verðmunur á eggjum í Reykjavík og Kaupmannahöfn var svipaður og fyrir fimm árum. Fyrir fimm árum var verð á eggjum u.þ.b. 115% hærra í Reykjavík en í Kaupmannahöfn og samkvæmt könnuninni í lok árs 1994 voru egg allt að 110% dýrari í Reykjavík en í Kaupmannahöfn.

Í framhaldi af verðkönnuninni hóf Samkeppnisstofnunin athugun á verðmyndun og viðskiptaháttum á þessum markaði auk þess sem ósk barst frá Alþýðusambandi Íslands þess efnis. Nokkru síðar barst Samkeppnisstofnun frá óþekktum aðila fundargerð frá fundi stjórnar Félags eggjaframleiðenda þann 13. maí 1994 þar sem atriði sem virtust varða við samkeppnislög komu fram.

Í október sl. óskuðu Ríkisspítalarnir eftir tilboðum í verð á eggjum. Þeir fengu tilboð þar sem veittur var afsláttur frá skráðu heildsöluverði. Vegna tilboðsins skrifaði Félag eggjabænda Ríkisspítölunum bréf þar sem bent var á að samkvæmt búvörulögum mætti ekki selja egg á lægra verði en skráðu heildsöluverði.

2.

Með hliðsjón af þeim atriðum sem nefnd eru hér að framan ákvað Samkeppnisstofnun, að eigin frumkvæði, að gera athugun á því hvort ýmsir starfshættir Félags eggjaframleiðenda stríði gegn ákvæðum samkeppnislaga. Jafnframt var ákveðið að athuga nánar verðmyndun á eggjum frá heildsölustigi til smásölustigs.

Í júní 1995 óskaði Samkeppnisstofnun eftir því við Félag eggjaframleiðenda að fá fundargerðir stjórnar félagsins frá árinu 1994 og það sem af var árinu 1995. Beiðni þessa efnis var ítrekuð með bréfi, dags. 9. nóvember 1995. Fundargerðir félagsins ásamt bréfaskriftum frá árunum 1994 og 1995 bárust Samkeppnisstofnun í lok ársins 1995. Auk þess að afla framangreindra gagna hefur Samkeppnisstofnun aflað upplýsinga um verð á eggj-

um og hvaða afsláttarkjör viðgangast í viðskiptum framleiðenda og verslana.

II.
Athugun Samkeppnisstofnunar.
1.

Í fundargerðum stjórnar Félags eggjaframleiðenda frá 7. janúar 1994 til 14. október 1995 og dreifibréfum til félagsmanna á sama tímabili kemur fram að stjórnin hefur m.a. fjallað um mál er varða afslætti á eggjum, eggjaverð, markaðsskiptingu, framleiðslustýringu, eggjamiðlun, kvótakaup og takmörkun á ungasölu til þeirra sem ekki fá endurgreitt kjarnfóðurgjald. Ýmis atriði sem fram koma í fundargerðum benda til samráðs um samkeppnishindrandi athæfi Félags eggjaframleiðenda og er vitnað til þeirra hér á eftir.

Í fundargerð frá 7. janúar 1994 var fjallað um eggjaverð og afslætti. Þar var m.a. bókað undir kaflanum verðlagsmál.: „*... reifaði málið og greindi síðan frá því að hann hefði hækkað verð hjá sér og lækkað afslætti jafnframt því ... Menn tjáðu sig um málið almennt og fram kom að menn hefðu víðast hvar hækkað en misjafnt væri hvort tekist hefði að lækka afslætti.*“ Á öðrum stað er bókað: „*... hefur ekki enn afnumið kassaafslátt á eggjum og útsöluverð er því enn fyrir neðan heildsöluverð með vsk. Lagði hann áherslu á að hér eftir hækkuðu menn verðið þegar verðlagsgrundvöllur hækkaði í stað þess að fresta hækkunum og láta þær koma fram seinna.*“ Enn fremur var bókað: „*... lagði áherslu á að lækka afslætti og í framhaldi af því leitaði ... álits manna á því hvort þeir væru reiðubúnir að skrifa undir samkomulag um að virða markað hver annars.*“

Á stjórnarfundi þann 26. janúar 1994 var bókað: „*... flutti tölu um stöðuna á eggjamarkaðnum. Hann hvatti til samstöðu um eggjaverð og mikilvægi þess fyrir félagsskapinn.*“

Á stjórnarfundi þann 4. mars 1994 var rætt um lækkun á verðlagsgrundvelli og hugmyndir um eggjamiðlun. Þar var m.a. bókað: „*Að ósk ... tjáðu menn sig um möguleika á breytingum á afsláttum í tengslum við þessa verðbreytingu. ... áleit að draga þyrfti úr framleiðslu þótt uppkaup hefðu skilað sér. ... tók undir fyrra atriðið en ekki það síðara. Hann sagði verðið of lágt. ... taldi að menn þyrftu að vera jákvæðir, sýna vilja og standa saman. ... fagnaði viðhorfsbreytingu í þá átt að menn teldu verðið of lágt og tók undir þá skoðun. Það gerði ... einnig. Hann vildi að hænur yrðu teknar úr varpi og félagið útvegaði mönnum, sem það gerðu, egg frá þeim sem ættu miklar birgðir.*“

Á stjórnarfundi þann 25. mars og 11. apríl 1994 var nánar rætt um hugmyndir um eggjamiðlun. Eftirfarandi var bókað varðandi fundinn þann 25. mars: „*Lagt var fram plagg um eggjamiðlun frá ... Hann skýrði það. Þar er gert ráð fyrir að menn miðli eggjum sín í milli með milligöngu félagsins. Með því sé komið í veg fyrir að einstakir framleiðendur séu með miklar birgðir á meðan aðrir eru ekki með neinar.*“ Þann 11. apríl var m.a. eftirfarandi bókað: „*... kynnti nýja útgáfu af samningi ... um eggjamiðlun. Menn lýstu skoðunum sínum á málinu og stöðunni í verðlagsmálum almennt. Helst var rætt um heimild í samningum um að nota sérstaka fóðurgjaldið til að fjármagna miðlunina ef þörf krefði.*“

Á stjórnarfundi þann 13. maí 1994 var rætt um kvótakaup og fleira tengt því. Þar var m.a. bókað: „*... ræddi plagg um eggjamiðlun. ... og ... ræddu um kvótakaup. Allir fundarmenn voru því meðmæltir gegn því að verðlagsmálin yrðu lagfærð um leið. ... undirstrikaði þetta sérstaklega. ... lagði áherslu á að ungar frá Hvanneyri yrðu aðeins seldir endurgreiðsluhöfum. ... Tillaga kom um það að afhenda ekki fleiri en 50 unga til þeirra sem ekki hafa rétt. ... Munnleg tillaga um að kaupa kvóta og taka samhliða á af-*

sláttarmálum frá 1. júní nk. m.a. með plaggi um eggjamiðlun, var borin upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. . . . falið að tala við . . . og . . . um að kaupa kvóta þeirra.“

Í framhaldi af þessum fundi var gerður samningur sem gilda átti á milli Félags eggjaframleiðenda annars vegar og einstakra eggjaframleiðenda hins vegar. Samningurinn hefur enn ekki tekið gildi þar sem ákvæði 7. gr. um að *„samningur þessi öðlast gildi þegar framleiðendur sem ráða yfir að minnsta kosti 90% endurgreiðsluréttar hafa gert samhljóða samninga“* hefur ekki verið uppfyllt. Í samningnum kemur m.a. fram að Félag eggjaframleiðenda skuli aðstoða þá eggjabændur sem ekki geta selt egg á sínu markaðssvæði svo fremi sem framleiðslumagn sé innan skráðs endurgreiðsluréttar. Einnig kemur fram að ef eggjaframleiðsla eggjabónda er minni en sala á hans venjulega markaðssvæði skuldbindur hann sig til að kaupa egg af öðrum framleiðendum í samráði við Félag eggjaframleiðenda.

Eftir að stjórn Félags eggjaframleiðenda hafði keypt framleiðslurétt af tveimur bændum var haldinn stjórnarfundur þann 10. júní 1994. Þar var m.a. eftirfarandi bókað: *„. . . kynnti málið og ræddi niðurstöður fundar með . . ., aðstoðarráðherra og . . ., deildarstjóra í landbúnaðarráðuneytinu fyrr um daginn. Þar heimilaði ráðuneytið fyrir sitt leyti ráðstöfun á sérstöku fóðurgjaldi til kvótakaupa en hver og einn framleiðandi þarf að afsala sér endurgreiðslum á gjaldinu til þess að hægt sé að nota endurgreiðslur viðkomandi í verkefnið. . . . minnti á að samkomulag um kvótakaup hefði verið háð því að afsláttur yrði lækkaður og lagði áherslu á að menn tímasettu það hvenær slíkt samkomulag tæki gildi. Las hann samning þann sem hefur verið til umfjöllunar hjá stjórninni um miðlun og kjör við hana. Þá bað hann menn einnig að tjá sig um það við hvaða afslátt ætti að miða. Málið var rætt lengi vel. Að lokum voru menn sammála um það að miða hámarksafslátt við 12% og stefna bæri að því að ná því í síðasta lagi hinn 1. júlí nk. Mikil áhersla var lögð á að menn virtu markað hver annars.“*

Í framhaldi af þessum fundi skrifaði framkvæmdastjóri Félags eggjaframleiðenda bréf til eggjabænda þar sem sagt var frá framangreindum niðurstöðum. Í bréfinu segir m.a.: *„Af hálfu F.E. var það skilyrði sett fyrir þessum kvótakaupum að samstaða næðist í markaðsmálum. Á stjórnarfundi félagsins þann 10. júní sl. náðist slík samstaða. Á þeim grundvelli og með vísan í bréf landbúnaðarráðuneytisins frá 10 júní sl., er þessi yfirlýsing send. Hvað varðar markað þann sem losnar þegar . . . og . . . hætta framleiðslu, þá mun félagið sjá alfarið um að ráðstafa honum. Félagið mun fá lista yfir þennan markað og ganga hart eftir því að enginn fari inn á hann nema með milligöngu félagsins.“*

Á stjórnarfundi 28. júlí 1994 var rætt um markaðsmál og þetta bókað: *„Menn sammála að almennt hafi gengið vel að ná upp verðum“.*

Hinn 9. nóvember 1994 var m.a. fært til bókar: *„. . . skýrði frá fundi með . . . um skiptingu á markaði . . . sem nú hefur hætt framleiðslu. Sú skipting sem þar var samið um hefur skilað sér að mestu.“* Á sama fundi var rætt um bréf frá Framleiðsluráði landbúnaðarins um öflun upplýsinga um raunverulegt heildsöluverð eggja. Síðan segir: *„. . . falið að athuga málið í því skyni að samræma svör manna við bréfinu“.*

Á fundi 8. desember 1994 var greint frá lækkun á skráðu heildsöluverði. Í tengslum við það er bókað: *„Menn voru sammála um að lækka verð sem þessu næmi. . . . falið að koma þessu á framfæri til bænda“.*

Á stjórnarfundi 26. janúar 1995 var sem oftar rætt um markaðsmál: „... *sagðist ekki trúa því að staða neins gæfi tilefni til undirboða eftir allan þann kvóta sem keyptur hefur verið en nokkur ólga hefur verið á markaði norðanlands. ... vísaði til aukinnar markaðshlutdeildar flest allra eggjabænda síðustu ár og hvatti menn til að nota miðlunarsamning félagsins frá síðasta ári ef losna þyrfti við egg.*"

Á stjórnarfundi þann 14. september 1995 var enn rætt um markaðsmál. Þar er m.a. bókað: „... *greindi frá því að afsláttur á eggjum hefði aukist undanfarið. Fram kom að undirboð hafa átt sér stað á markaði Nesbúsmanna. Menn lýstu áhyggjum vegna þessa máls og ítrekuðu nauðsyn þess að standa saman, ekki síst með tilliti til aukinnar samkeppni.*"

Á stjórnarfundi þann 19. október 1995 var rætt um útboð Ríkisspítalanna á eggjum. Framkvæmdastjóri Félags eggjaframleiðenda hafði skrifað Ríkisspítölunum bréf þar sem hann óskaði eftir því að að Ríkisspítalarnir færu eftir skráðu verði á eggjum. Í fundargerðum var m.a. bókað: „*Forsaga málsins er sú að ... ritaði Ríkisspítölum bréf þar sem hann óskaði eftir því að þeir færu eftir skráðu verði á eggjum og lét fylgja lögfræðiálit þar að lútandi. Ríkisspítalarnir hafa nýlega auglýst útboð og fengið tilboð sem er langt undir skráðu verði. Þeir fóru með bréfið í blöðin og birtist frétt um það í Morgunblaðinu í dag. Fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar og neytenda í sexmannanefnd eru í uppnámi vegna máls þeirra. ... Lagt var til að ..., sem bauð í þetta, byði Ríkisspítölunum sambærileg kjör og aðrir viðlíka viðskiptavinir búsins nytu.*"

2.

Eins og fram hefur komið gerði Samkeppnisstofnun verðkönnun í þremur höfuðborgum á Norðurlöndunum í lok árs 1994. Tafla 1 sýnir hvert smásöluverð á eggjum var í þessari könnun.

Tafla 1.

Verðkönnun á eggjum í desember 1994 (kr./kg).

	Lægsta verð	*Hæsta verð*
Reykjavík	345 kr	369 kr
Ósló	259 kr	335 kr
Kaupmannahöfn	165 kr	292 kr

Könnunin náði aðeins til stórmarkaða og svokallaðra afsláttarverslana í viðkomandi borgum. Verð á eggjum var hæst í Reykjavík, bæði í þeim verslunum sem voru með lægsta verðið og það hæsta. Í Kaupmannahöfn var verðið á eggjum lægst. Tafla 2 sýnir hvað verð á eggjum í Reykjavík var mikið hærra í prósentum samanborið við verðið í Ósló og Kaupmannahöfn. Einnig er samanburður gerður á milli Óslóar og Kaupmannahafnar.

Tafla 2.

Verðmunur á eggjum í desember 1994.
(Verðmunur í prósentum.)

	Verðmunur á lægsta verði	*Verðmunur á hæsta verði*
Kaupmannahöfn — Reykjavík	110%	26%
Ósló — Reykjavík	33%	10%
Kaupmannahöfn — Ósló	57%	15%

Í töflu 2 kemur fram að verð á eggjum þar sem það var lægst var 110% hærra í Reykjavík en í Kaupmannahöfn og 33% hærra Reykjavík en í Ósló. Verð á eggjum var 26% hærra í Reykjavík en í Kaupmannahöfn í þeim verslunum þar sem verð var hæst.

Þar sem könnunin í desember 1994 náði aðeins til sex verslana í Reykjavík, afsláttarverslana og stórmarkaða, er fróðlegt að bera niðurstöður hennar saman við könnun Samkeppnisstofnunar sem var gerð hjá 21 matvöruverslun í desember 1995. Helstu niðurstöður úr þeirri könnun um verð á eggjum sjást í töflu 3.

Tafla 3.

Verðkönnun á eggjum í desember 1995 (kr./kg).

Lægsta verð	315
Hæsta verð	385
Algengt verð	365
Mismunur á lægsta og hæsta verði	22%

Ein verslunin í könnuninni var með tilboðsverð á eggjum fyrir jólin og seldi hvert kg á 315 kr. Sú verslun sem var með lægsta verðið án tilboðs seldi egg á 341 kr. hvert kg.

3.

Skráð heildsöluverð á eggjum fyrir 1. desember sl. var 291 kr. hvert kg. Eggjaframleiðendur hafa veitt verslunum 5–20% afslátt af heildsöluverði samkvæmt upplýsingum sem Samkeppnisstofnun hefur aflað og fer afsláttur eftir greiðsluskilmálum og magni. Greiðslufrestur er allt að 45 dögum eftir útskriftarmánuð reiknings. Tafla 4 sýnir hversu há smásöluálagning er í prósentum miðað við smásöluverðið í könnun Samkeppnisstofnunar í desember 1995.

Tafla 4.

		Smásöluálagning á eggjum.			
Afsláttur	0%	5%	10%	15%	20%
Heildsöluverð með afslætti	291	277	262	247	233

Smásöluverð án vsk.		Smásöluálagning í prósentum miðað við mismunandi afslátt.				
Lægsta verð (skv. tilb.)	276 kr.	–5%	0%	6%	12%	19%
Lægsta verð (án tilb.)	299 kr.	3%	8%	14%	21%	29%
Algengt verð	320 kr.	10%	16%	22%	30%	37%
Hæsta verð	338 kr.	16%	22%	29%	37%	45%

Algengt verð í verslunum var samkvæmt könnun Samkeppnisstofnunar 320 kr. hvert kg án virðisaukaskatts. Ef miðað er við 5–20% afslátt framleiðenda frá skráðu heildsöluverði, eins og það var, er raunveruleg smásöluálagning þeirra verslana sem eru með algengasta smásöluverðið frá 16% til 37%. Samkvæmt athugun Samkeppnisstofnunar má ætla að stærstu matvöruverslanir séu með allt að 40% smásöluálagningu á eggjum þar sem afsláttur þeirra er að öllu jöfnu mestur.

4.

Verðkannanir Samkeppnisstofnunar sýna að verðdreifing á eggjum í matvöruverslunum er alla jafna lítil. Í síðustu tveimur könnunum þar sem verð var annars vegar kannað í 21 verslun og hins vegar í 48 verslunum var sama verð á eggjum (365 kr. á kg með vsk.) í 65–70% verslananna. Í þessu samhengi skal bent á að eggjaframleiðendur verðmerkja að sögn þau egg sem þeir selja til endurseljenda með smásöluverði hvers smásala samkvæmt ósk hverrar verslunar.

Auk þess að vigta hvern eggjabakka og verðmerkja fyrir verslanir flytja framleiðendur eggin til verslananna og koma þeim fyrir í afgreiðslukælum þeirra.

5.

Hinn 24. janúar sl. ritaði Samkeppnisstofnun Félagi eggjaframleiðenda bréf þar sem greint var frá því að gögn þau sem borist hefðu frá félaginu virtust gefa til kynna að félagið hafi gerst brotlegt við 10. og 12. gr. samkeppnislaga og gripið til samkeppnishamlandi aðgerða í skilningi 17. gr. laganna. Þessu til stuðnings var vísað til fundargerðar frá 10. júní 1994, bréfs félagsins dags. 20. júní 1994 og til samninga um „eggjamiðlun“ auk þess sem vísað var til fundargerðar frá 13. maí 1994. Jafnframt var greint frá þeirri skoðun Samkeppnisstofnunar að ákvæði búvörulaga veiti Félagi eggjaframleiðenda ekki heimild til þess að skipta mörkuðum eða takmarka aðgang nýrra keppinauta að markaðnum. Í bréfinu var einnig bent á að kannanir sem gerðar hafa verið á vegum Samkeppnisstofnunar sýni að ekki ríkir virk verðsamkeppni í smásölu á eggjum og að mati stofnunarinnar. Ein meginástæða þessa sé sá háttur eggjaframleiðenda að afhenda verslunum egg í verðmerktum umbúðum. Því komi til greina af hálfu samkeppniyfirvalda að

banna eggjaframleiðendum að afhenda egg í verðmerktum umbúðum.

Félagi eggjaframleiðenda var í fyrrgreindu bréfi gefinn kostur á að tjá sig um efni þessa máls. Umsögn félagsins barst með bréfi, dags. 30. janúar sl.

Varðandi brot á 10. og 12. gr. samkeppnislaga segir orðrétt í bréfi Félags eggjaframleiðenda: *„Í fundargerð frá 10. júní er rætt um að ná þurfi samkomulagi um afslátt og hvenær það samkomulag taki gildi. Slíkt samkomulag náðist aldrei meðal allra framleiðenda og var þar af leiðandi aldrei tímasett.*

Í sömu fundargerð er rætt um samning um eggjamiðlun. Í þeim samningi kemur fram að hann öðlist ekki gildi fyrr en a.m.k. 90% endurgreiðsluréttar liggi að baki undirskriftum samningsins. Það er skemmst frá því að segja að aðeins einn framleiðandi skrifaði undir samninginn og öðlaðist hann því aldrei gildi. Miðlun með egg á milli manna hefur því farið fram eins og áður, þ.e. manna í milli án milligöngu félagsins samkvæmt samningnum. Hins vegar hefur félagið reynt að aðstoða einstaka bændur við að útvega egg þegar þeir hafa leitað eftir því.

Þá telur Samkeppnisstofnun að bréf félagsins frá 20. júní 1994 brjóti í bága við nefndar greinar samkeppnislaga. Sjálfsagt er það rétt hjá stofnuninni. En hér fór svo sem oft vill verða að sitt er hvað, orð og gerðir. Það sem fram kemur í bréfinu um samstöðu í markaðsmálum og að F.E. muni ganga hart eftir að ráðstafa markaði reyndust orðin tóm. Samstaðan, sem reynd var, brást og félagið hefur vitaskuld engin tök á að ganga eftir því að enginn fari inn á annars markað."

Um það hvort Félag eggjaframleiðenda hafi gripið til samkeppnishamlandi aðgerða í skilningi 17. gr. samkeppnislaga kemur eftirfarandi fram í bréfi félagsins: *„Í öðru lagi telur Samkeppnisstofnun að tilvitnun í fundargerð frá 13. maí brjóti í bága við 17. gr. samkeppnislaga. Þar er vitnað í skoðun eins stjórnarmanna um að ungar frá Hvanneyri skyldu aðeins seldir rétthöfum. Enn fremur að rætt hafi verið að takmarka sölu unga til þeirra sem ekki hafa endurgreiðslurétt. Þetta kallar Samkeppnisstofnun „tilraunir félagsins til þess að takmarka möguleika nýrra eggjaframleiðenda til þess að afla sér unga."*

Þessi ályktun Samkeppnisstofnunar er hreinn skáldskapur enda náði þessi umræða um ungasölu aldrei lengra en á þetta stig. Stofnunin hefur ekki haft uppi minnstu tilburði til að kanna það frekar en annað en hún vitnar í og kallar bæði samkeppnishamlandi og brot á samkeppnislögum. Þessi skáldskapur leiðir stofnunina til ályktana um skörun búvörulaga og samkeppnislaga. Þær ályktanir eru vitaskuld með öllu tilhæfulausar í ljósi þess sem hér var sagt að ofan."

Síðan segir í umsögn Félags eggjaframleiðenda: *„Samkeppnisstofnun telur „meginástæðu" fyrir meintum skorti á virkri samkeppni vera þann „hátt" eggjaframleiðenda að „afhenda verslunum egg í verðmerktum umbúðum". Og ályktunin lætur ekki á sér standa, þ.e. að þetta þýði að það geti komið til greina að „banna eggjaframleiðendum að afhenda egg í verðmerktum umbúðum".*

Ef þessu framferði er beint gegn eggjabændum skal það upplýst að bændur gera þetta að kröfu verslana. Bændur hafa fjárfest í dýrum búnaði til að mæta þessari kröfu. Ef á svo að saka þá um að draga úr samkeppni með þessu móti, er það algjörlega fráleitt.

Ef Samkeppnisstofnun telur hins vegar að verslunin eigi sinn þátt í meintum „skorti" á virkri samkeppni í smásölu á eggjum, eins og sá starfsmaður stofnunarinnar sem skrifaði undir bréfið útilokaði ekki í samtali við undirritaðan, þá fagnar F.E. því mjög. Ef svo er, ætti stofnunin að kanna það hið fyrsta ásamt ýmsu öðru í viðskiptaháttum og viðskiptasiðferði smásöluverslunar með egg og aðrar vörur.

Það er annars mikið gert af því að bera saman eggjaverð hérlendis og erlendis og ekkert að því ef sanngjarnt er haldið á málum. Þessar kannanir hafa yfirleitt sýnt að eggjaverð er lægra erlendis en hér. Þar eru alls staðar reknar eggjadreifingarstöðvar en þær virðast ekki hækka verðið. Þegar minnst hefur verið á dreifingarstöð/-stöðvar hérlendis hafa fulltrúar neytenda og smásölu ekki mátt heyra minnst á slíkt. Þeir hafa talið það hina verstu einokun og til þess eins fallið að hækka verðið. Gaman væri að heyra álit Samkeppnisstofnunar á þessu.

En þeir sem til þekkja vita auðvitað að það er fyrst og fremst munur á stærð framleiðslueininganna sem skýrir muninn á eggjaverði hér og erlendis. Við ættum e.t.v. að fækka eggjabúunum í u.þ.b. 3–5 til að ná hagræðingu í krafti stærðar. Verst að þá væri um einokun eða fáokun að ræða, eða hvað?"

Samkeppnisstofnun óskaði eftir umsögn Framleiðsluráðs landbúnaðarins um efni þessa máls. Í umsögn Framleiðsluráðs kemur fram að: *„Búgreinafélögin í alifuglarækt eiga að reka innflutnings- og dreifingarstöð á Hvanneyri í Borgarfirði til endurnýjunar á erfðaefni. Það getur varla talist ósanngjarnt að eigendurnir, í þessu tilviki félagar í Félagi eggjaframleiðenda, njóti ávaxtar þessa starfs umfram aðra."*

Síðan segir: *„Smásöluverðmerking hjá heildsölum er ekkert sérístenskt fyrirbæri hjá eggjaframleiðendum, heldur víða notuð til hægðarauka fyrir verslunina. Þetta verðmerkingarform á ekki að trufla eðlilega verðsamkeppni í smásölu, þar sem breyta má verði í stimpilvél með einu handtaki. Einnig er þekktur svokallaður kassaafsláttur sem ýmsar verslanir veita á vörum sem verðmerktar eru hjá heildsala."*

III.
Niðurstöður.

1.

Efni þeirra gagna sem reifuð voru hér að framan gefa ótvírætt til kynna að Félag eggjaframleiðenda hefur haft skýran og einbeittan vilja til þess að ræða, stuðla að og framkvæma aðgerðir sem hvað alvarlegastar þykja jafnt í íslenskum sem í erlendum samkeppnisrétti. Félagið hefur þannig hvatt til samráðs um verð og afslætti á eggjum, haft forgöngu um skiptingu markaða eftir svæðum eða viðskiptavinum og reynt að takmarka aðgang nýrra aðila að markaðnum.

Hins vegar verður að horfa til þess að egg teljast til búvara í skilningi laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum (búvörulög) og falla því undir gildissvið þeirra laga. Ljóst er að ýmis ákvæði búvörulaga geta falið í sér önnur markmið og annan tilgang en samkeppnislög og því geta ákvæði þessara laga stangast á. Því kann að vera að fyrrgreindar aðgerðir Félags eggjaframleiðenda skýrist að einhverju leyti af ákvæðum búvörulaga. Nauðsynlegt er því að taka til athugunar á hvaða hátt ákvæði búvörulaga taka til þeirra athafna Félags eggjaframleiðenda sem mál þetta fjallar um.

2.

Eins og áður hefur komið fram hefur stjórn Félags eggjaframleiðanda talsvert fjallað um verð og afslætti á eggjum með það að markmiði að tryggja framleiðendum sem hæst verð. Nægir í því sambandi að skírskota til þess að á stjórnarfundi 28. júlí 1994 voru stjórnarmenn sammála um *„að almennt hafi gengið vel að ná upp verðum"*. Samkvæmt 10. gr. samkeppnislaga eru allar aðgerðir fyrirtækja á sama sölustigi sem lúta að eða ætlað er að hafa áhrif m.a. á verð, afslætti eða álagningu bannaðar.

Félag eggjaframleiðenda eru landssamtök framleiðenda búvara í skilningi 2. mgr. 4. gr. búvörulaga. Komi ósk fram um það frá slíkum samtökum og Stéttarsambandi bænda skal verðlagsnefnd búvara, sem skipuð er sex mönnum tilnefndum af samtökum framleiðenda og neytenda, ákveða afurðaverð til búvöruframleiðenda, sbr. 7. og 8. gr. nefndra laga. Til ákvörðunar á verði búvöru til framleiðenda skal verðlagsnefnd semja um verðlagsgrundvöll er sýni áætlaða vinnuþörf, fjármagnskostnað, rekstrargjöld, launakostnað og afurðir bús sem er næst meðalbúi að stærð í nautgripa- og sauðfjárrækt, sbr. 1. mgr. 8. gr. laganna. Fyrir liggur að verðlagsnefnd búvara hefur ákvarðað afurðaverð til eggjaframleiðenda.

Samkvæmt 13. gr. búvörulaga skal heildsöluverð búvara ákveðið af nefnd fimm manna. Fimmmannanefnd skal leitast við að ná samkomulagi um heildsöluverð búvara þar sem gengið er út frá því afurðaverði til framleiðenda sem ákveðið hefur verið skv. 7.–12. gr. laganna. Í 16. gr. kemur fram að fimmmannanefnd getur að fenginni umsögn Framleiðsluráðs landbúnaðarins ákveðið að undanskilja einstakar vörutegundir verðákvörðun nefndarinnar ef samkeppni er að hennar mati næg til þess að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag. Frá 1. desember 1995 gaf fimmmannanefnd heildsöluverð á eggjum frjálst.

Á því tímabili sem mál þetta tekur til, þ.e. árið 1994 og fram til 1. desember 1995, hefur afurða- og heildsöluverð á eggjum verið ákveðið samkvæmt ákvæðum búvörulaga. Í 18. gr. þeirra laga segir:

„Enginn má kaupa eða selja búvöru innan lands á öðru verði en ákveðið hefur verið samkvæmt ákvæðum þessara laga.“

Samkeppnislög eru almenn lög og ganga sérákvæði búvörulaga því framar ákvæðum samkeppnislaga. Ljóst má því vera að á umræddu tímabili hafa ákvæði samkeppnislaga um bann við verðsamráði ekki átt við um heildsöluviðskipti á eggjum þar sem búvörulög bönnuðu alla verðsamkeppni í þessum viðskiptum. Á hinn bóginn er ljóst samkvæmt gögnum málsins að a.m.k. á þessu tímabili hafa eggjaframleiðendur og verslanir ekki farið eftir hinu opinbera verði og þannig brotið gegn skýru ákvæði 18. gr. búvörulaga.

Athyglisvert er að Félag eggjaframleiðenda skýrir 18. gr. búvörulaga með mismunandi hætti eftir atvikum. Á ýmsum stjórnarfundum félagsins er fjallað um afslætti sem rétt sé að veita frá hinu opinbera verði. Sem dæmi má nefna að á fundi 10. júní 1994 er samþykkt að miða hámarksafslátt við 12%. Þann 2. október sl. voru af hálfu Ríkisspítalanna opnuð tilboð í egg og reyndust tilboð 21% undir skráðu heildsöluverði eggja. Í kjölfar þess hafði félagið samband við Ríkisspítalana og beindi þeim tilmælum til þeirra að Ríkisspítalarnir færu eftir skráðu verði á eggjum í innkaupum sínum.

Samkvæmt 9. gr. reglugerðar nr. 96/1969 um Stjórnarráð Íslands og 3. gr. búvörulaga fer landbúnaðarráðherra með framkvæmd búvörulaga. Á landbúnaðarráðherra hvílir því sú skylda að sjá til þess að ákvæðum búvörulaga sé fylgt. Ekki er að sjá að viðkomandi stjórnvald hafi haft virkt eftirlit með því að farið sé eftir 18. gr. búvörulaga í viðskiptum með egg. Vegna þessa athafnaleysis stjórnvalda hefur skapast það ástand að verð á eggjum hefur í reynd verið frjálst. Undir þessum kringumstæðum er með öllu óviðunandi að Félag eggjaframleiðenda hafi komist upp með að grípa til aðgerða sem hamla gegn verðsamkeppni.

Framangreint ástand hefur leitt til þess að öll verðmyndun á eggjamarkaði er mjög óeðlileg og í skýrri andstöðu við markmið samkeppnislaga þar sem eggjaframleiðendur hafa samráð um verð og afslætti. Þetta virðist einnig hafa haft í för með sér að afslættir á heildsöluverði eggja koma að mjög takmörkuðu leyti fram í lægra smásöluverði. Jafn-

framt stríðir þetta fyrirkomulag gegn markmiðum VII. kafla samkeppnislaga um gagnsæi markaðarins.

Samkeppnisráð telur að þessi hluti málsins snúi fyrst og fremst að framkvæmd búvörulaga og mun því beina áliti á grundvelli 19. og 5. gr. samkeppnislaga til landbúnaðarráðherra um þessar og aðrar samkeppnishömlur í framleiðslu og viðskiptum með egg. Eins og áður sagði var heildsöluverð á eggjum gefið frjálst í desember sl. Ljóst má því vera að ákvæði samkeppnislaga gilda nú um þau viðskipti og því er allt samráð um verð og aflsætti nú bannað skv. a-lið 10. gr. og 12. gr. laganna.

3.

Hvað varðar aðgerðir Félags eggjaframleiðenda sem lúta að skiptingu markaða þá er það mat samkeppnisráðs að hvorki ákvæði búvörulaga né stjórnvaldsreglur sem settar hafa verið á grundvelli þeirra veiti félaginu heimild eða skuldbindi það til að skipta mörkuðum milli einstakra félagsmanna Félags eggjaframleiðenda. Á fundi sem starfsmenn Samkeppnisstofnunar áttu með starfsmönnum landbúnaðarráðuneytisins þann 24. janúar sl. kom sami skilningur á nefndum réttarheimildum fram hjá starfsmönnum ráðuneytisins.

Á því er byggt af hálfu samkeppnisráðs að þegar sérákvæðum búvörulaga sleppir eigi ákvæði samkeppnislaga að fullu við um framleiðendur búvara og viðskipti með þær vörur. Ákvæði 2. mgr. 17. gr. búvörulaga styrkir þessa túlkun en þar segir:

„Ákvæði IV. til og með IX. kafla laga nr. 56 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, með síðari breytingum, skulu gilda um viðskipti með búvörur, að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum, reglugerðum eða öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim. . . .“

Í 2. mgr. 17. gr. er vísað til laga nr. 56/1978 sem samkeppnislög felldu úr gildi. Núgildandi búvörulög eru að stofni til frá 1985, lög nr. 46/1985. Lögin voru hins vegar endurútgefin, með áorðnum breytingum, með lögum nr. 99/1993, en ákvæði 2. mgr. 17. gr. er óbreytt. Í lögskýringargögnum kemur fram að tilgangur nefndrar greinar sé að taka af öll tvímæli um að þegar hinum sérstöku reglum búvörulaga sleppir gildi um viðskipti með búvörur ákvæði laga nr. 56/1978 sem lúti að markaðsráðandi fyrirtækjum, samkeppnishömlum, óréttmætum viðskiptaháttum og neytendavernd. Þegar þessi vilji löggjafans er virtur verður að telja að skírskotun 2. mgr. 17. gr. taki að þessu leyti til ákvæða samkeppnislaga.

Í ljósi þessa alls er það skoðun samkeppnisráðs að ákvæði samkeppnislaga taki til þeirrar háttsemi Félags eggjaframleiðenda að skipta mörkuðum.

Í 10. gr. samkeppnislaga segir:

„Samningar og samþykktir, hvort heldur þær eru bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltar aðgerðir milli fyrirtækja á sama sölustigi eru bannaðar þegar þær lúta að eða er ætlað að hafa áhrif á:

. . . b. skiptingu markaða eftir svæðum, eftir viðskiptavinum eða eftir sölu og magni.“

Í 12. gr. samkeppnislaga segir:

„Samtökum fyrirtækja er óheimilt að ákveða samkeppnishömlur eða hvetja til hindrana sem bannaðar eru samkvæmt lögum þessum eða brjóta í bága við ákvarðanir skv. 17.– 19. gr.

Bann þetta nær einnig til stjórnarmanna samtaka, starfsmanna þeirra og manna sem valdir eru til trúnaðarstarfa í þágu samtakanna.“

Samkeppnisráð telur sannað að á eftirfarandi stjórnarfundum Félags eggjaframleiðenda hafi félagið, stjórnarmenn og starfsmaður félagsins ákveðið eða hvatt til aðgerða sem miðuðu að því að skipta mörkuðum eggjaframleiðenda eftir svæðum og þannig brotið ítrekað gegn 10. og 12. gr. samkeppnislaga:

1. Stjórnarfundur 7. janúar 1994 þar sem hvatt var til að eggjaframleiðendur skrifuðu undir samkomulag um að virða markað hver annars.
2. Stjórnarfundur 4. mars 1994 þar sem fjallað var um *„að hænur yrðu teknar úr varpi og félagið útvegaði mönnum, sem það gerðu, egg frá þeim sem ættu miklar birgðir“*.
3. Stjórnarfundur 13. maí 1994 þar sem samþykkt var áætlun um eggjamiðlun.
4. Stjórnarfundur 10. júní 1994 þar sem hvatt var til að eggjaframleiðendur virtu markað hver annars.
5. Stjórnarfundur 9. nóvember þar sem bókað var: *„... skýrði frá fundi með ... um skiptingu á markaði ... sem nú hefur hætt framleiðslu. Sú skipting sem þar var samið um hefur skilað sér að mestu.“*
6. Stjórnarfundur 26. janúar 1995 þar sem hvatt var til þess að nota *„eggjamiðlunarsamning félagsins“* ef losna þyrfti við egg.

Samkeppnisráð telur að með *„samningum um eggjamiðlun“* sem Félag eggjaframleiðenda útbjó og lagði fyrir sína félagsmenn til samþykktar hafi félagið gerst brotlegt við 10. og 12. gr. samkeppnislaga. Samningar þessir tóku ekki gildi þar sem ekki var uppfyllt það skilyrði þeirra að þeir væru undirritaðir af framleiðendum sem réðu yfir a.m.k. 90% endurgreiðsluréttar á sérstöku fóðurgjaldi. Þetta atriði skiptir hins vegar ekki máli þar sem brot Félags eggjaframleiðenda á samkeppnislögum felst í því að hafa undirbúið, útbúið og lagt þessa samninga fyrir félagsmenn sína, sbr. 10. og 12. gr. laganna. Tilgangur þessara samninga var að styrkja markaðsskiptingu eggjaframleiðenda í sessi. Samkvæmt samningunum skuldbatt félagið sig til þess að aðstoða viðkomandi eggjaframleiðanda við að selja vöru sína ef hann næði ekki að selja hana á *„sínu venjulega markaðssvæði“*. Á móti var það ætlunin með samningnum að eggjaframleiðendur mundu skuldbinda sig til þess að kaupa egg hver af öðrum þegar þeim tækist ekki að anna eftirspurn á sínu markaðssvæði. Auðsýnt er að fyrirkomulag af þessum toga er vel til þess fallið að njörva niður markaði og því í beinni andstöðu við b-lið 10. gr. samkeppnislaga.

Í bréfi Félags eggjaframleiðenda, dags. 20. júní 1994, til félagsmanna segir m.a. orðrétt:

„Hvað varðar markað þann sem losnar þegar ... og ... hætta framleiðslu, þá mun félagið sjá alfarið um að ráðstafa honum. Félagið mun fá lista yfir þennan markað og ganga hart eftir því að enginn fari inn á hann nema með milligöngu félagsins.“

Af bréfi þessu má ráða skýran og einbeittan vilja félagsins til að fara gegn bannákvæði samkeppnislaga og felst í því enn frekari sönnun á lögbroti félagsins.

Fundargerð stjórnarfundar Félags eggjaframleiðenda þann 13. maí 1994 ber með sér að rætt hefur verið um aðgerðir til þess að takmarka möguleika nýrra aðila á því að hefja eggjaframleiðslu. Lögð var áhersla á að *„ungar frá Hvanneyri yrðu aðeins seldir endurgreiðsluhöfum. ... Tillaga kom um að afhenda ekki fleiri en 50 unga til þeirra sem ekki hafa rétt.“* Samkeppnisráð telur að allar aðgerðir félagsins af þessum toga séu samkeppnishamlandi í skilningi 17. gr. samkeppnislaga, sbr. 1. gr., og beinir þeim fyrirmælum til

Félags eggjaframleiðenda að grípa ekki til neinna aðgerða sem takmarkað geta aðgang nýrra aðila að markaðnum.

4.

Brot Félags eggjaframleiðenda á samkeppnislögum á árunum 1994 og 1995 eru að mati samkeppnisráðs alvarleg og ámælisverð. Félag sem að vissu leyti starfar í skjóli búvörulaga og hefur ákveðnu hlutverki að gegna við framkvæmd þeirra, sbr. 4. og. 5. gr. búvörulaga, hefur á þessu tímabili ítrekað fjallað um, skipulagt og framkvæmt samkeppnishamlandi aðgerðir sem fara þvert gegn markmiðum samkeppnislaga.

Samkvæmt 52. gr. samkeppnislaga er samkeppnisráði heimilt að leggja stjórnvaldssektir á samtök fyrirtækja sem brjóta gegn bannákvæðum laganna. Sektir geta numið frá 50 þúsundum til 40 milljóna króna, en þó allt að 10% af veltu sl. almanaksárs af þeirri starfsemi sem í hlut á hjá hverju því fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja sem aðild eiga að samkeppnishömlum ef sannanlegur ábati þeirra af broti gegn samkeppnisreglum hefur numið hærri fjárhæð en 40 milljónum króna. Almennt má segja að í jafn alvarlegum tilvikum sem þessum komi til álita að leggja á stjórnvaldssektir því almenn og sérstök varnaðaráhrif slíkra sekta geta verið umtalsverð og þannig haft áhrif til aukinnar samkeppni.

Á hinn bóginn verður að horfa til þess að álagning sekta af hálfu stjórnvalda er viðurhlutamikil ákvörðun sem ríkar kröfur verður að gera til. Í þessu sambandi skiptir máli að tengsl samkeppnislaga og búvörulaga geta virst óljós og því ekki hægt að útiloka að um hafi verið að ræða afsakanlega vanþekkingu eða misskilning á viðkomandi réttarreglum. Einnig ber að hafa hugfast að Félag eggjaframleiðenda naut í vissum skilningi samþykkis landbúnaðarráðuneytis fyrir hluta af þeim aðgerðum félagsins sem lutu að markaðsskiptingu. Félagið fékk vilyrði ráðuneytisins til þess að nota endurgreiðslur til eggjaframleiðenda á sérstöku fóðurgjaldi til þess að kaupa tiltekna framleiðendur út úr rekstri og skipti síðan mörkuðum þeirra, sbr. fundargerð frá 10. júní 1994. Jafnframt hefur hér áhrif að félagið hefur reynst samvinnufúst við rannsókn þessa máls. Í ljósi þessa og með hliðsjón af meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga mun samkeppnisráð ekki leggja að svo stöddu stjórnvaldssekt á Félag eggjaframleiðenda. Byggist þessi ákvörðun á þeirri forsendu að umfjöllun samkeppnisráðs og úrlausn þessa máls muni hafa réttarskýrandi áhrif og því duga til þess að efla virka samkeppni á eggjamarkaði.

Samkeppnisráð mun fylgjast grannt með aðstæðum á eggjamarkaðnum. Verði ráðið þess áskynja að Félag eggjaframleiðenda ástundi enn samkeppnishamlandi aðgerðir verður fyrrgreind ákvörðun tekin til endurskoðunar. Í því sambandi verður að gæta að því að sú ástæða sem mestu skiptir varðandi þá ákvörðun samkeppnisráðs að leggja ekki á sekt í máli þessu, þ.e. að um hugsanlega afsakanlega vanþekkingu á réttarreglum hafi verið að ræða, getur ekki haft nokkra þýðingu í framtíðinni við mat á beitingu viðurlaga verði Félag eggjaframleiðenda uppvíst að frekari samkeppnishamlandi aðgerðum.

5.

Kannanir Samkeppnisstofnunar á eggjaverði hafa leitt í ljós að verðlag á eggjum er hátt hér á landi í samanburði við það sem gerist í nágrannalöndum. Ýmsar ástæður kunna að liggja því til grundvallar. Með almennri skírskotun til áhrifa samkeppnishamlandi aðgerða fyrirtækja á verðlag má ætla að aðgerðir Félags eggjaframleiðenda hafi leitt til hærra eggjaverðs en ella á Íslandi. Þess eru víða dæmi að félagið hefur reynt að sporna gegn verðsamkeppni á eggjamarkaðnum. Það er mat samkeppnisráðs að sú þjónusta

eggjaframleiðenda að verðmerkja egg með smásöluverði valdi því að lítil verðdreifing er í smásölu eggja og hún sé til þess fallin að halda uppi hárri smásöluálagningu og draga úr verðsamkeppni verslana á eggjum. Samkvæmt 11. gr. samkeppnislaga er eggjaframleiðendum óheimilt að hafa áhrif á verð, afslætti eða álagningu er gilda skal í smásölu á eggjum.

IV.

Ákvörðunarorð.

„Sannað þykir að Félag eggjaframleiðenda hafi á árunum 1994 og 1995 ítrekað gerst brotlegt við b-lið 10. gr. og 12. gr. samkeppnislaga. Samkeppnisráð krefst þess að Félag eggjaframleiðenda láti af hvers konar athöfnum sem brjóta í bága við bannákvæði samkeppnislaga og hindra virka samkeppni í viðskiptum með egg. Jafnframt er Félagi eggjaframleiðenda, með vísan til 17. gr. samkeppnislaga, sbr. 1. gr. samkeppnislaga, óheimilt að grípa til hvers konar aðgerða sem takmarkað geta möguleika nýrra aðila á því að hefja eggjaframleiðslu.“

Fylgiskjal II.

Greinargerð VSÍ um verðmyndun í eggja- og kjúklingaframleiðslu.

(26. febrúar 1996.)

Í október sl. beindi Vinnuveitendasamband Íslands því til stjórnvalda að þau hlutuðust tafarlaust til um breytingu á löggjöf um framleiðslu og sölu alifuglaafurða. Tilefni þessa voru upplýsingar um fullkomlega óeðlilega viðskiptahætti, bæði í eggja- og kjúklingaframleiðslu sem skýrir að mestu fjarstæðukenndan mun á verði þessara afurða hér á landi við það sem annars staðar gerist.

VSÍ vekur enn athygli á því að eggja- og kjúklingaframleiðsla byggist ekki á innlendri landnýtingu umfram aðra iðnaðarframleiðslu heldur á innfluttu kjarnfóðri og er því eðlisólík hefðbundnum landbúnaði. Því er fullkomlega óeðlilegt að telja þessa matvælaframleiðslu til hefðbundinnar búvöruframleiðslu fremur en aðra framleiðslu úr innfluttri kornvöru, svo sem brauð og kökur. Enn fráleitara er að tryggja framleiðendum þessara matvæla rétt á ákveðnu lögboðnu lágmarksverði og að gefa starfandi framleiðendum færi á að skipta með sér markaði og halda öðrum utan greinarinnar í krafti álagningar og kvótabundinna endurgreiðslna á svonefndum fóðurtolli. Þar sem framleiðsla á eggjum byggist mest á innfluttu kjarnfóðri er eðlilegt að innlend framleiðsla fái hæfilega verðsamkeppni af innflutningi. Til þess þarf að lækka gildandi verndartolla umtalsvert.

VSÍ telur afar mikilvægt að verðlag á matvælum verði sem fyrst samkeppnisfært við það sem gerist í nálægum löndum. Til þess þarf virk verðsamkeppni að ríkja á matvælamarkaði. Engin sérstök byggðarök eða hefðbundin viðhorf um verndun innlends landbúnaðar réttlæta að iðnaðarframleiðsla á borð við egg og kjúklinga lúti áfram sérstökum lögum um lögbundið lágmarksverð eða heimilda til að takmarka framleiðslu til að hindra að neytendur fái notið lækkandi verðlags.

Könnun Samkeppnisstofnunar sýnir ótvírætt að eggjaframleiðendur hafa stundað ólögmætt samráð um verð og lagt á ráðin um það hvernig hægt sé að koma í veg fyrir samkeppni og halda uppi verði. Þeir hafa með tilstyrk landbúnaðarráðuneytisins lagt fjárhagslegar hindranir í veg aukinnar samkeppni þar sem nýir framleiðendur hafa ekki átt kost á endurgreiðslu kjarnfóðurskatta. Með þessum hætti hafa stjórnvöld skapað örfáum aðilum fullkomin tök á markaðnum og aðstæður til þess að ráða verðlagi og viðskiptakjörum án eðlilegs markaðsaðhalds. Afleiðingin er sú að egg eru langtum dýrari hér á landi en í öllum nálægum ríkjum.

Í tengslum við endurskoðun á forsendum kjarasamninga hétu stjórnvöld endurskoðun á þessum reglum, en nú fullum fjórum mánuðum eftir að VSÍ vakti fyrst athygli á málinu hefur landbúnaðarráðuneytið í engu breytt áður gildandi framkvæmd. Landbúnaðarráðherra hefur raunar sagt opinberlega að ekki komi til breytinga nema að undangengnum samningum við hlutaðeigandi hagsmunasamtök. Þessi afstaða er ámælisverð því að engin rök standa til þess að þeir sem fengið hafa færi á að misnota markaðsstöðu eigi kröfu á að halda því áfram eða séu yfirleitt spurðir álits þegar bundinn er endi á lagabrot þeirra. Samtök eggjaframleiðenda sýnast hafa fullnýtt samráðskvóta svo að tímabært er að landbúnaðarráðherra taki upp samráð við atvinnurekendur og launþega um það hvernig endi verði bundinn á óeðlilega viðskiptahætti í alifuglarækt.

Til þess þarf þegar að hrinda í framkvæmd tillögum VSÍ frá því sl. haust:

1. Að framleiðsla og sala afurða alifugla verði skilyrðislaust felld undan ákvæðum búvörulaga, þannig að almenn ákvæði samkeppnislaga gildi um þessa matvælaframleiðslu.
2. Að álagningu endurgreiðanlegra fóðurtolla verði þegar hætt.
3. Að tollur á egg verði þegar lækkaður og verði ekki hærri en 150 kr. á kg.

666. Svar [216. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um bifreiðagjald.

1. *Hverjar voru tekjur ríkisins af bifreiðagjaldi árin 1993 og 1994?*
   Árið 1993 voru tekjur af bifreiðagjaldi 1.830 millj. kr. og 1.784 millj. kr. árið 1994.

2. *Af hve mörgum ökutækjum voru tekin skráningarmerki árin 1993 og 1994 vegna vangoldins bifreiðagjalds?*
   Fjármálaráðuneytið sendi út fyrirspurn til innheimtumanna ríkissjóðs til þess að afla gagna um fjölda þeirra bifreiða sem skráningarnúmerin voru tekin af vegna vanskila á bifreiðagjaldi árin 1993 og 1994. Samkvæmt svörum innheimtumanna ríkissjóðs voru númer tekin af 3.734 bifreiðum árið 1993 og 2.912 bifreiðum árið 1994. Ástæða þess að tilfellum fer fækkandi er m.a. að á síðustu árum hefur verið lögð rík áhersla á að lögbundnum viðurlögum sé beitt þegar bifreiðagjöld og/eða þungaskattur eru í vanskilum. Innheimtumenn hafa ýmsa fyrirvara á framangreindum tölum. Skráningarnúmer bifreiða eru klippt af fyrir ýmiss konar vanrækslu eigenda þeirra, svo sem ef bifreið hefur ekki verið færð til aðalskoðunar, að tryggingagjöld eru ógreidd og loks ef gjaldandi er í vanskilum með bifreiðagjöld eða þungaskatt. Oft fara tveir eða fleiri þættir saman. Það fer eftir skráningu þessara mála hjá lögreglunni hvort hægt er að einangra sérstaklega þau

tilfelli þar sem skráningarmerkin hafa verið fjarlægð vegna vangoldinna bifreiðagjalda. Í sumum tilfellum er fjöldinn áætlaður af viðkomandi lögregluembætti.

3. *Hve margar bifreiðar voru seldar á opinberu uppboði vegna vanskila á bifreiðagjaldi árin 1993 og 1994?*

Samkvæmt svörum innheimtumanna ríkissjóðs fóru 139 bifreiðar á uppboð einvörðungu vegna vanskila á bifreiðagjaldi árið 1993 og 139 árið 1994. Fyrirvari er einnig hafður á þessum tölum. Ef gjaldandinn sinnir ekki greiðslu bifreiðagjalds og ekki hefst upp á bifreiðinni þannig að hægt sé að klippa af henni skráningarmerkin tryggir innheimtumaður kröfuna með fjárnámi. Við fjárnámsgerðina eru allar vangoldnar skattskuldir viðkomandi gjaldanda hjá innheimtuembættinu teknar saman í eina fjárnámsgerð. Þetta er m.a. gert til þess að spara gjaldandanum innheimtukostnað. Það fer síðan eftir eignastöðu viðkomandi gjaldanda hvert andlag fjárnámsins verður. Því geta veðkröfur á bifreiðum verið vegna hvaða gjalda sem er. Innheimtumenn ríkissjóðs hafa því áætlað fjölda þeirra bifreiða sem seldar eru vegna vangoldinna bifreiðagjalda. Þótt fjöldi bifreiða sé árlega seldur á uppboðum er það í flestum tilfellum vegna annarra krafna en bifreiðagjalda. Ráðuneytið hefur á undanförnum árum lagt áherslu á að innheimtumenn ríkissjóðs fái lögregluna til þess að klippa skráningarmerki af strax og til vanskila kemur.

4. *Hver var áætlaður kostnaður við innheimtu bifreiðagjalds árin 1993 og 1994?*

Rekstrarkostnaður innheimtuembætta er ekki sundurliðaður eftir þeim gjaldflokkum sem til innheimtu eru og verður því að áætla hlutdeild innheimtu bifreiðagjalds. Þau embætti sem annast innheimtu bifreiðagjalds eru tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur. Heildarkostnaður embættanna samkvæmt ríkisreikningi ársins 1993 var 1.970 millj. kr. og árið 1994 1.993 millj. kr. Þessar upphæðir fela í sér allar greiðslur til þessara embætta en auk innheimtu annast sýslumannsembættin fjölþættari starfsemi, svo sem löggæslu, aðfararaðgerðir, nauðungarsölur o.fl.

Ráðuneytið óskaði eftir að innheimtumenn ríkissjóðs áætluðu kostnað við innheimtu bifreiðagjalds árin 1993 og 1994. Samkvæmt þeim áætlunum sem bárust ráðuneytinu var kostnaður þessi 1,22% af heildarkostnaði árið 1993 og 1,3% af honum árið 1994. Ef þessi hlutföll eru notuð til að áætla kostnað allra innheimtuembætta sem annast innheimtu bifreiðagjalds er áætlaður kostnaður við innheimtu þeirra fyrir árið 1993 u.þ.b. 24 millj. kr. og fyrir árið 1994 er áætlaður kostnaður u.þ.b. 26 millj. kr.

Auk þess fá skoðunarstöðvar greidda þóknun fyrir að taka við bifreiðagjöldum og þungasköttum þegar komið er með bifreiðar til aðalskoðunar. Þóknun til Bifreiðaskoðunar Íslands hf. fyrir innheimtu á bifreiðagjöldum nam á árinu 1994 u.þ.b. 8 millj. kr.

5. *Hversu mikið þyrfti verð á bensínlítra og lítra af dísilolíu að hækka til að ríkissjóður fengi sömu tekjur og hann hefur af bifreiðagjaldi nú?*

Áætlað er að tekjur af bifreiðagjaldi árið 1996 verði 1.880 millj. kr. Sala á bensíni er áætluð 182 milljónir lítra og er áætlað að um 60 þúsund lítrar af dísilolíu séu notaðir til að knýja ökutæki. Ef gjaldið yrði lagt jafnt á bensín og olíu mundi það þurfa að nema 7,77 kr. á lítra. Þess er að geta að slíkt gjald mundi bitna tiltölulega harkalega á atvinnubifreiðum.

6. *Hver væri áætlaður innheimtukostnaður ef farin væri sú leið sem getið er um í 5. lið?*

Ef farin væri sú leið sem getið er um í 5. lið gæti innheimtukostnaðurinn lækkað verulega með því að leggja gjald þetta á við innflutning, eins og gert er við bensíngjald nú.

667. Svar [277. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um gjaldtöku og skattlagningu skulda einstaklinga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hverjar voru árlegar innheimtar tekjur ríkissjóðs sl. þrjú ár af gjaldtöku og skattlagningu skulda einstaklinga, sundurliðaðar samkvæmt eftirfarandi:

a. *stimpilgjöldum af skuldabréfum og víxlum annars vegar og fjárnámsendurritum hins vegar,*
b. *þinglýsingargjöldum af skuldabréfum, víxlum og fjárnámsendurritum,*
c. *gjöldum af fjárnámi og nauðungarsölu,*
d. *virðisaukaskatti af gjaldtöku lögmanna hjá skuldurum í innheimtumálum?*

Óskað er eftir að fram komi fjöldi gjaldenda undir hverjum staflið fyrir sig.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs af stimpilgjöldum og þinglýsingum undanfarin þrjú ár voru (upphæðir í millj. kr.):

Innheimt af einstaklingum og lögaðilum	1995	1994	1993
Stimpilgjald	2.232	2.251	2.027
Þinglýsingar	111	107	98

Samkvæmt upplýsingum frá ríkisbókhaldi eru tekjur ríkissjóðs af stimpilgjöldum ekki aðgreindar í bókhaldi eftir því til hvers er greitt. Þannig er með öllu ómögulegt að sjá hvort gjaldandinn er einstaklingur eða lögaðili. Þær tölur sem birtar eru hér að framan eru því heildartölur án tillits til þess hver gjaldandinn er.

Á sama hátt og í a–lið fyrirspurnarinnar eru tekjur ríkissjóðs af þinglýsingum ekki sundurgreindar í bókhaldi. Því er ómögulegt að sjá hvort gjaldandinn er einstaklingur eða lögaðili. Þær tölur sem birtar eru hér að ofan eru því heildartölur án tillits til þess hver gjaldandinn er.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á gjöldum af fjárnámum og nauðungarsölum undanfarin þrjú ár voru (upphæðir í millj. kr.):

Innheimt af einstaklingum og lögaðilum	1995	1994	1993
Aðfarargjald	168	171	146
Gjald af beiðni um nauðungarsölu	210	216	189
Samtals	**378**	**387**	**335**

Ekki er fremur en í a- og b–lið unnt að greina á milli þess hvort gjaldandinn er einstaklingur eða lögaðili. Þær tölur sem birtar eru hér að framan eru því heildartölur án tillits til þess hver gjaldandinn er.

Óskað er eftir upplýsingum um virðisaukaskatt af einum þætti í starfsemi lögmanna. Eins og virðisaukaskattkerfi ríkisskattstjóra er byggt upp er mögulegt að kalla fram upplýsingar um virðisaukaskattskylda veltu einstakra atvinnugreina, en ekki um umfang einstakra þátta í starfsemi innan viðkomandi atvinnugreinar. Því er ekki með nokkru móti hægt að veita umbeðnar upplýsingar.

668. Fyrirspurn [378. mál]

til umhverfisráðherra um nýtingu innlendra plantna til iðnaðarframleiðslu.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

Hvernig hyggst ráðherra koma í veg fyrir að vaxandi ásókn í innlendar plöntur til iðnaðarframleiðslu leiði til rányrkju einstakra stofna og tegunda?

669. Fyrirspurn [379. mál]

til menntamálaráðherra um kennara og leiðbeinendur í grunn- og framhaldsskólum.

Frá Bryndísi Guðmundsdóttur.

1. Hvert er hlutfallið milli grunnskólakennara og leiðbeinenda í fræðsluumdæmum landsins miðað við fullt stöðugildi annars vegar og fjölda kennara hins vegar?
2. Hvert er hlutfallið milli framhaldsskólakennara og leiðbeinenda í fræðsluumdæmum landsins miðað við fullt stöðugildi annars vegar og fjölda kennara hins vegar?
3. Hve margir leiðbeinendur á hvoru skólastigi fyrir sig starfa við stundakennslu?
4. Hve hátt hlutfall af sérkennslu á grunnskólastigi er í höndum sérkennara, sundurliðað eftir fræðsluumdæmum?
5. Er í einhverjum tilvikum um það að ræða að leiðbeinendur stundi sérkennslu? Ef svo er, hve hátt hlutfall sérkennslunnar í hverju fræðsluumdæmi hafa leiðbeinendur með höndum?
6. Hvert er lægsta hlutfall leiðbeinenda annars vegar í grunnskóla og hins vegar í framhaldsskóla?

Skriflegt svar óskast.

670. Fyrirspurn [380. mál]

til félagsmálaráðherra um húsbréfalán.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hver er skipting afgreiddra umsókna um húsbréfalán hjá húsbréfadeild Húsnæðisstofnunar ríkisins milli þeirra sem eru að eignast sína fyrstu íbúð og þeirra er áttu íbúð fyrir? Óskað er eftir að tilgreind sé hlutfallsleg skipting afgreiddra umsókna fyrir og eftir gildistöku reglugerðar nr. 351/1995, sundurgreind eftir mánuðum.

Skriflegt svar óskast.

671. Fyrirspurn [381. mál]

til utanríkisráðherra um Umsýslustofnun varnarmála.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hvað líður framkvæmd þeirrar ákvörðunar sem tekin var fyrir um ári að leggja Sölu varnarliðseigna niður en setja á laggirnar sérstaka stofnun, Umsýslustofnun varnarmála, sem m.a. hefði á hendi verkefni sem áður voru hjá Sölu varnarliðseigna og hefði aðsetur á Suðurnesjum?

672. Fyrirspurn [382. mál]

til utanríkisráðherra um útboð þjónustuverkefna, starfsmannafjölda og réttindi starfsmanna varnarliðsins.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Liggja fyrir áætlanir um áhrif aukinna útboða þjónustuverkefna á starfsmannafjölda varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli? Fela þær í sér fækkun bandarískra starfsmanna sem sinna borgaralegum störfum hjá varnarliðinu?
2. Njóta núverandi starfsmenn forgangs við ráðningar í störf sem þeir sinna sem starfsmenn varnarliðsins þegar verkefni eru boðin út?
3. Fela starfslokasamningar þeirra starfsmanna, sem sæta því að störf þeirra færast á útboðsmarkað, í sér biðlaunaréttindi eða önnur réttindi sem miðast við starfsaldur hjá varnarliðinu? Er munur á réttindum íslenskra starfsmanna að þessu leyti og bandarískra þegar störf eru lögð niður hjá hernum við lokanir og fækkun starfsliðs?

4. Hver er aldursskipting og starfsaldursskipting íslenskra starfsmanna varnarliðsins sem nú nálgast starfslok, skipt eftir kynjum?
5. Hverjar eru áætlanir varnarliðsins fyrir næstu ár um heildarfjölda íslenskra starfsmanna?

Skriflegt svar óskast.

673. Fyrirspurn [383. mál]

til heilbrigðisráðherra um niðurskurð á fé til heilsugæslu og forvarnarstarfs.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

Hvernig hyggst ráðherra bregðast við þeirri stöðu sem upp er komin að heilsugæslustöðvar geta ekki lengur hagrætt eða skorið niður almennan rekstur, þar með taldar forvarnir, til að mæta niðurskurði ríkisins og neyðast til að leggja alveg niður suma þætti forvarnarstarfs, sbr. fréttir frá Akureyri þar sem verið er að leggja niður reglubundna krabbameinsleit?

674. Fyrirspurn [384. mál]

til heilbrigðisráðherra um þróunarverkefni í heilsugæsluforvörnum.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hverjar eru ástæður þess að ákveðið var við fjárlagagerð fyrir árið 1996 að hætta stuðningi við þróunarverkefnið „nýja barnið“ sem farið hefur fram á vegum fjölskylduráðgjafar heilsugæslunnar á Akureyri undanfarin tvö ár, nú þegar verkefnið er rétt hálfnað og sýnt að forvarnirnar sem í því felast skila árangri?
2. Hve miklar hafa fjárveitingar til verkefnisins verið undanfarin tvö ár?

675. Nefndarálit [106. mál]

um frv. til l. um gatnagerðargjald.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Húnboga Þorsteinsson skrifstofustjóra og Sesselju Árnadóttur deildarstjóra frá félagsmálaráðuneyti. Þá komu til fundar við nefndina Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Ágúst Jónsson, skrifstofustjóri frá embætti borgarverkfræðings í Reykjavík, Guðmundur Baldursson, bæjartæknifræðingur í Hveragerði, og Gísli Norðdahl, byggingarfulltrúi frá Kópavogsbæ.

Skriflegar umsagnir bárust nefndinni frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, SSNV – Sambandi sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum og Sambandi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að ákvæði um skyldu ráðherra til að setja reglugerð um endurgreiðslu gatnagerðargjalds verði fellt brott úr 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins og þess í stað vísað til þess í 1. mgr. 6. gr. að ráðherra skuli setja slíka reglugerð.
2. Með breytingum á 2. gr. frumvarpsins er skilgreint nánar til hvers skuli verja gatnagerðargjaldi sem innheimt er samkvæmt lögunum og meðal annars tekin af tvímæli um að lagnir vegna götulýsingar geti heyrt þar undir. Með þessu er þó ekki stefnt að því að breyta því fyrirkomulagi sem verið hefur í einstaka sveitarfélögum, sem eiga sjálf rafveitur eða hitaveitur, að slíkar stofnanir standi straum af kostnaði við lagnir vegna götulýsingar og lýsinguna sjálfa. Í þessu samhengi er síðan lagt til að í sérstakri gjaldskrá, sem hverju sveitarfélagi ber að setja skv. 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins, skuli koma fram hvað sé innifalið í gjaldinu í hverju sveitarfélagi.
3. Þá er lagt til að lögin taki gildi 1. janúar 1997 þar sem heppilegast er að miða við áramót vegna áætlanagerðar sveitarfélaga. Þá er og lagt til að aðlögunartími samkvæmt fyrri tölulið ákvæðis til bráðabirgða verði lengdur úr fimm árum í tíu ár þar sem sveitarfélögin eru misjafnlega vel á vegi stödd til þess að mæta þeim tímamörkum sem sett eru. Lög um gatnagerðargjöld, nr. 51/1974, með síðari breytingum, munu því gilda um innheimtu og álagningu gatnagerðargjalda vegna framkvæmda á grundvelli 3. og 4. gr. þeirra laga sem lokið er við innan tíu ára frá gildistöku laga þessara með nánari skilyrðum sem kveðið er á um í fyrri tölulið ákvæðis til bráðabirgða.

Rannveig Guðmundsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Svanfríður Jónasdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 11. mars 1996.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm.	Siv Friðleifsdóttir.	Kristján Pálsson.
Einar K. Guðfinnsson.	Magnús Stefánsson.	Pétur H. Blöndal.
Bryndís Hlöðversdóttir.		Arnbjörg Sveinsdóttir.

676. Breytingartillögur [106. mál]

við frv. til l. um gatnagerðargjald.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 1. gr. Orðin „eftir nánari ákvæðum reglugerðar sem félagsmálaráðherra setur“ í 2. mgr. falli brott.

2. Við 2. gr. Greinin verði svohljóðandi:
   Gatnagerðargjaldi skv. 1. gr. skal varið til gatnagerðar í sveitarfélaginu, svo sem til að undirbyggja götur með tilheyrandi lögnum, meðal annars vegna götulýsingar, og leggja bundið slitlag, gangstéttir, umferðareyjar og þess háttar þar sem gert er ráð fyrir því í skipulagi.
3. Við 6. gr.
   a. Í stað „o.fl.“ í 1. mgr. komi: og endurgreiðslu þess skv. 1. gr.
   b. Í stað orðanna „og innheimtu gjalds“ í fyrri málslið 2. mgr. komi: gjaldsins, innheimtu þess og hvað er innifalið í gjaldinu.
4. Við 7. gr. 1. málsl. orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997.
5. Við ákvæði til bráðabirgða. Í stað orðanna „hafnar eru fyrir gildistöku laga þessara, enda verði þeim framkvæmdum lokið innan fimm ára“ í fyrri málslið fyrri töluliðar komi: lokið er við innan tíu ára.

677. Frumvarp til laga [385. mál]

um breyting á lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Lögin gilda einnig um starfsemi íslenskra skipa utan íslenskrar efnahagslögsögu eftir því sem Ísland hefur skuldbundið sig til í alþjóðasamningum.

2. gr.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnunar ríkisins“ í 3. mgr. 10. gr., 1. mgr. 14. gr., 22. gr. og 24. gr. laganna kemur: Hollustuverndar ríkisins.

3. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Allt úrkast efna og hluta í hafið er óheimilt, sbr. þó 2. mgr. þessarar greinar.

Hollustuvernd ríkisins getur heimilað að eftirtöldum efnum og hlutum sé varpað í hafið:

a. dýpkunarefnum;
b. náttúrulegum, óvirkum efnum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa hlotið efnafræðilega vinnslu og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið;
c. fiskúrgangi frá fiskverkunarstöðvum;
d. skipum eða loftförum fram til 31. desember 2004 í síðasta lagi.

Við veitingu leyfis skv. 2. mgr. skal taka mið af eðli efnanna og hlutanna, magni þeirra og aðstöðu á losunarstað.

Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um úrkast dýpkunarefna að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins og Hafnamálastofnunar. Þar skal sérstaklega kveðið á um magn þeirra mengunarefna sem vísað er til í fylgiskjali 2.

Kostnaður við eftirlit með úrkasti í hafið greiðist af leyfishafa.

4. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Nú er sýnt að mengunarvaldi takist ekki að koma í veg fyrir fyrirsjáanlegan skaða af völdum mengunarinnar og skulu þá hafnayfirvöld tafarlaust hefja aðgerðir til að koma í veg fyrir eða draga úr mengun á viðkomandi hafnarsvæði og Hollustuvernd ríkisins, í samvinnu við Landhelgisgæslu Íslands og Siglingamálastofnun ríkisins og Hafnamálastofnun, utan hafnasvæða.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ kemur: Hollustuvernd ríkisins.
b. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Ráðherra er heimilt að fenginni tillögu Hollustuverndar ríkisins og að höfðu samráði við sveitarstjórnir að setja nánari reglur um framkvæmd þessara mála, svo sem um skiptingu landsins í svæði, skipan í svæðisráð, notkun mengunarvarnabúnaðar og stjórn á mengunarstað.

Ráðherra getur að fenginni tillögu Hollustuverndar ríkisins og að höfðu samráði við sveitarstjórnir sett samræmda gjaldskrá vegna notkunar mengunarvarnabúnaðar.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ kemur: Hollustuvernd ríkisins.
b. Í stað orðanna „Hollustuverndar ríkisins“ kemur: Siglingamálastofnunar ríkisins.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. 2. mgr. fellur brott.
b. Orðin „að höfðu samráði við heilbrigðismálaráðherra og menntamálaráðherra“ í 3. mgr. falla brott.
c. Orðin „að höfðu samráði við heilbrigðisráðherra“ í 4. mgr. falla brott.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, ásamt síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Árið 1979 voru sett lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, sbr. lög nr. 41/1979. Lög þessi tengdust staðfestingu hafréttarsáttmálans og var ætlað að tryggja réttindi og hagsmuni Íslendinga varðandi yfirráðarétt yfir hafsvæðinu í kringum Ísland. Í lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, er að finna frekari útfærslu á lögum nr. 41/1979 hvað snertir þann þátt málsins.

Lögin mörkuðu tímamót á sínum tíma, en á þeim árum sem liðin eru frá því að þau voru sett hefur mikið vatn runnið til sjávar auk þess sem viðhorf hafa breyst til nýtingar auðlindarinnar. Reynslan hefur einnig leitt í ljós að á sumum atriðum þarf að skerpa betur. Umhverfisráðherra hefur í ljósi þessa ákveðið að stefna að heildarendurskoðun laga um varnir gegn mengun sjávar á næstu tveimur árum. Hins vegar eru nokkur atriði sem þarf að taka á hið fyrsta og geta ekki beðið eftir heildarendurskoðun laganna en þau eru:

1. Gildissvið laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, takmarkast við íslenska efnahagslögsögu. Samkvæmt svokölluðum MARPOL-samningi, sem er alþjóðasamningur frá 2. nóvember 1973 um varnir gegn mengun frá skipum og íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, hafa Íslendingar skuldbundið sig til að íslensk lög á þessu sviði nái einnig yfir starfsemi íslenskra skipa utan íslenskrar efnahagslögsögu. Taka þarf af öll tvímæli um það í lögunum.
2. Íslendingar hafa undirritað alþjóðasamning um varnir gegn mengun hafrýmis Norður-Atlantshafsins, svokallaðan OSPAR-samning. Ísland er aðili að gildandi samningum á þessu hafsvæði, en stefnt er að því að OSPAR leysi eldri samninga, þ.e. Óslóarsamninginn frá 1972 og Parísarsamninginn frá 1974, af hólmi. Það er hagur Íslands að OSPAR taki gildi hið fyrsta þar sem í honum eru ákvæði sem ætlað er að sporna enn frekar gegn því að mengunarefni berist út í umhverfið. Samningurinn tekur ekki gildi fyrr en öll aðildarlönd Óslóar- og Parísarsamninganna hafa staðfest hinn nýja OSPAR-samning. Í honum eru nokkur ákvæði, einkum er varða losun úrgangsefna í hafið, sem þarf að taka á í íslenskri löggjöf áður en hann verður staðfestur.
3. Lagfæra þarf lög um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986, sbr. lög nr. 57/1995, með tilliti til breytinga sem urðu á árinu 1995 þegar starfsemi mengunardeildar Siglingamálastofnunar ríkisins var færð yfir til Hollustuverndar ríkisins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér eru tekin af öll tvímæli um að ákvæði MARPOL-samningsins gildi fyrir íslensk skip sem eru utan íslenskrar efnahagslögsögu.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 3. gr.

Hér kemur fram sú meginregla að allt úrkast efna og hluta í hafið sé óheimilt, sbr. þó upptalningu í 2. mgr. greinarinnar. Við gerð OSPAR-samningsins ákváðu samningsaðilar að víkja frá svokölluðum bannlistum þar sem talin eru upp þau efni sem bannað er að varpa í hafið. Það hefur sýnt sig vera afar erfitt að ganga úr skugga um að slík efni sé ekki að finna í margs konar hlutum. Þess í stað er farin sú leið að telja upp þau efni sem til greina kemur að varpa í hafið. Þrátt fyrir að þessi efni séu talin upp þarf að ganga úr skugga um það í hvert skipti að þau innihaldi ekki mengandi efni.

Í 2. mgr. greinarinnar er að finna „leyfislistann“ eins og hann er samkvæmt OSPAR-samningnum. Í henni er einnig að finna heimildarákvæði til að setja reglur um með hvaða hætti standa skuli að losun úrgangsefna í hafið. Þetta er gert til að geta sett fram nánari reglur er taki mið af samþykktum vinnureglum OSPAR-samningsins. Fyrirhugað er að gefa út leiðbeiningar um losun dýpkunarefna í sjó.

Um 4. gr.

Um er að ræða lagfæringu í samræmi við að verkefni mengunardeildar Siglingamálastofnunar voru flutt til Hollustuverndar ríkisins 1. júní 1995.

Um 5. gr.

Í fyrri málsgreininni, sem lagt er til að bætt verði við 18. gr. laganna, er kveðið á um að Hollustuvernd ríkisins skuli sjá um að skipuleggja og samræma viðbrögð við mengunaróhöppum á sjó og þann búnað sem nauðsynlegur er. Tryggja þarf samræmingu í notkun þess mengunarvarnabúnaðar sem þegar hefur verið tekinn í notkun og tekinn verður í notkun í framtíðinni. Enn fremur er nauðsynlegt að svonefnt svæðisráð fái formlegan bakgrunn.

Í síðari málsgreininni er sett inn heimild fyrir ráðherra til að setja samræmda gjaldskrá fyrir notkun á mengunarvarnabúnaðinum. Þetta ákvæði er sett inn að ósk hafnanna þar sem erfitt getur verið fyrir einstök sveitarfélög að ákveða gjald fyrir notkun á þessum búnaði.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 7. gr.

Þar til umhverfisráðuneytið var stofnað árið 1990 fór samgönguráðuneytið með mál er tengdust mengun sjávar. Þurfti ráðuneytið því að hafa samráð við heilbrigðisráðuneytið, sem fór þá með hollustuháttamál, og menntamálaráðuneytið, sem fór með náttúruverndarmál, við setningu reglna um olíumengun frá landstöðvum og um flokkun eiturefna og hættulegra efna. Þessir málaflokkar heyra nú allir undir umhverfisráðuneytið og þarf að laga lögin að þeirri staðreynd.

8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, með síðari breytingum.

Frumvarpið felur í sér breytingar á lögum vegna aðildar Íslands að tveimur alþjóðasamningum um mengun sjávar. Einnig eru lagðar til breytingar til að auðvelda framkvæmd laganna, sérstaklega hvað varðar varnar- og hreinsunaraðgerðir. Að lokum miðar frumvarpið að því að laga lögin að breyttu stjórnkerfi með tilkomu umhverfisráðuneytisins 1990 og með yfirfærslu mengunarvarna sjávar til Hollustuverndar ríkisins frá Siglingamálastofnun.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

678. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [386. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Hjálmar Árnason, Bryndís Hlöðversdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson,
Ísólfur Gylfi Pálmason, Magnús Stefánsson,
Ólafur Örn Haraldsson, Vilhjálmur Egilsson.

1. gr.

1. málsl. 1. mgr. 28. gr. stjórnarskrárinnar verður svohljóðandi: Ef ekki er unnt að kalla Alþingi saman getur forsetinn, ef brýna nauðsyn ber til, gefið út bráðabirgðalög.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar getur forseti, þegar brýna nauðsyn ber til, gefið út bráðabirgðalög þegar Alþingi er ekki að störfum, en þau skulu þó lögð fyrir Alþingi þegar það kemur saman á ný. Sambærilegt ákvæði var í fyrstu stjórnarskránni frá 1874 og stóð nánast óbreytt allt til ársins 1991. Það ár var með stjórnarskrárbreytingu gerð sú veigamikla breyting á störfum Alþingis að það stendur nú að formi til allt árið. Eftir breytinguna getur Alþingi komið saman til framhaldsfunda eftir að því hefur verið frestað að vori án þess að til þurfi að koma formleg þingsetning.

Aðstæður í þjóðfélaginu voru með allt öðrum hætti þegar Ísland öðlaðist sína fyrstu stjórnarskrá árið 1874. Vegna erfiðra samgangna var helst reynt að stefna þingi saman á sumrin og framan af ekki nema annað hvert ár. Oft gátu skapast þannig aðstæður að brýnt væri að leysa tiltekin mál með lögum en illfært að stefna þingi saman. Inn í stjórnarskrána var því að fyrirmynd dönsku stjórnarskrárinnar tekin upp heimild til setningar bráðabirgðalaga ef brýna nauðsyn bæri til. Nú eru aðstæður allt aðrar. Þing situr allt árið, reglulegt Alþingi stendur að jafnaði yfir í 7–8 mánuði á ári og samgöngur hamla því almennt ekki lengur að hægt sé að kalla þing saman með litlum fyrirvara.

Frá stofnun lýðveldisins til ársins 1991 var heimildin til setningar bráðabirgðalaga mikið nýtt, ef undan er skilið árið 1989. Á áratugnum 1951–60 voru þannig gefin út 54 bráðabirgðalög, 46 á áratugnum 1961–70, 66 á áratugnum 1971–80 og 43 á áratugnum 1981–90. Frá og með árinu 1991 hefur forseti Íslands hins vegar einungis fjórum sinnum nýtt heimildina. Stundum hefur verið erfitt að sjá að brýna nauðsyn hafi borið til setningar bráðabirgðalaga, sérstaklega þegar þau hafa verið gefin út skömmu áður en Alþingi var kallað saman eða meðan jólahlé þingsins stóð yfir.

Ef litið er til annarra norrænna landa þá er útgáfa bráðabirgðalaga heimiluð í Danmörku og Noregi en ekki í Finnlandi og Svíþjóð. Í Danmörku er þessi heimild þó bundin því skilyrði að ekki sé hægt að kalla þing saman. Heimild til útgáfu bráðabirgðalaga hefur verið nýtt margfalt meira hér á landi en t.d. í Danmörku þar sem ákvæðinu hefur ekki verið beitt í marga áratugi.

Ef horft er til framkvæmdarinnar í Danmörku og skoðana fræðimanna fyrr á öldinni er margt sem bendir til að upphaflega hafi heimild 28. gr. stjórnarskrárinnar átt að einskorðast við ýmiss konar ófyrirsjáanlega atburði og stuðst við nokkurs konar neyðarréttarsjónarmið. Framkvæmdin varð hins vegar á annan veg og ljóst að bráðabirgðalagasetningu hefur stundum verið beitt til að sneiða hjá venjulegri málsmeðferð á Alþingi.

Með hliðsjón af breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu og breyttum starfsháttum Alþingis er ekki lengur grundvöllur fyrir að hafa ákvæði 28. gr. í stjórnarskránni í núverandi mynd. Því er lagt til að því verði breytt á þann veg að forsetinn geti einungis gefið út bráðabirgðalög ef brýna nauðsyn ber til og Alþingi getur ekki komið saman. Með síðastnefnda atriðinu er átt við að upp komi aðstæður þar sem ekki er hægt að kalla Alþingi saman um langan tíma, t.d. vegna styrjaldar eða náttúruhamfara.

Að lokum skal bent á að mál þetta snýst um hornstein lýðræðisins, þ.e. að efla sjálfstæði löggjafans gagnvart framkvæmdarvaldinu.

679. Frumvarp til laga [117. mál]

um erfðabreyttar lífverur.

(Eftir 2. umr., 11. mars.)

I. KAFLI
Markmið, gildissvið o.fl.

1. gr.

Markmið laga þessara er að vernda náttúru landsins, vistkerfi, plöntur og heilsu manna og dýra gegn skaðlegum og óæskilegum áhrifum erfðabreyttra lífvera. Tryggja skal að framleiðsla og notkun erfðabreyttra lífvera fari fram á siðferðilega og samfélagslega ábyrgan hátt í samræmi við grundvallarregluna um sjálfbæra þróun.

2. gr.

Lögin taka til allrar notkunar og starfsemi með erfðabreyttar lífverur, þar með eru taldar rannsóknir, framleiðsla, geymsla, meðhöndlun úrgangs, slepping og dreifing, auk eftirlits með athafnasvæðum. Jafnframt taka lögin til innflutnings, markaðssetningar, sölu og annarrar afhendingar erfðabreyttra lífvera, svo og til vöru sem inniheldur þær að einhverju leyti. Enn fremur taka lögin til flutnings á erfðabreyttum lífverum og vöru sem inniheldur þær, á landi, sjó og í lofti.

Lögin gilda ekki um lífverur sem verða til með hefðbundnum kynbótum eða náttúrulegu erfðabreytingaferli.

Lög þessi gilda ekki um afurðir erfðabreyttra lífvera.

Við framkvæmd laganna skal höfð í huga sérstaða landsins á norðurslóð.

3. gr.

Lögin gilda á Íslandi, í landhelginni og efnahagslögsögunni.

II. KAFLI
Orðaskýringar.
4. gr.

Í lögum þessum er merking eftirtalinna orða og orðasambanda eins og hér segir:

Afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera táknar alla þá starfsemi þar sem litningum í lífverum er breytt eða þegar erfðabreyttar lífverur eru ræktaðar, geymdar, notaðar, fluttar eða þeim fargað, enda sé beitt tálmunum af hvaða toga sem er til að hindra að erfðabreyttar lífverur komist í snertingu við fólk, umhverfi eða aðrar lífverur.

Afurðir erfðabreyttra lífvera eru afurðir sem framleiddar eru með erfðabreyttum lífverum en innihalda ekki lifandi erfðabreyttar lífverur.

Greinargerð um hugsanlegar afleiðingar er úttekt á hugsanlegum afleiðingum fyrir heilsu manna, annarra lífvera og umhverfi vegna afmarkaðrar notkunar, losunar og sleppingar og dreifingar erfðabreyttra lífvera, svo og vöru sem hefur erfðabreyttar lífverur að geyma.

Erfðabreyttar lífverur eru allar lífverur þar sem erfðaefninu hefur verið breytt á annan hátt en gerist í náttúrunni við pörun og/eða náttúrulega endurröðun.

Erfðatækni er tækni sem notuð er til þess að einangra, greina og umbreyta erfðaefni og flytja það inn í lifandi frumur eða veirur.

Lífvera er líffræðileg eining þar sem fram getur farið eftirmyndun eða yfirfærsla erfðaefnis.

Lögbært yfirvald er það stjórnvald sem aðildarríki EES-samningsins tilnefna til að fara með leyfisveitingar í hverju landi og hafa umsjón og eftirlit með notkun erfðabreyttra lífvera.

Markaðssetning er hvers kyns afhending erfðabreyttra lífvera eða vöru sem hefur þær að geyma, hvort sem afhendingin er gegn gjaldi eða ekki.

Slepping eða dreifing merkir það þegar erfðabreyttum lífverum er sleppt út í umhverfið án þess að beitt sé tálmunum til að hindra að þær geti haft áhrif á fólk, aðrar lífverur eða umhverfi.

Slys er sérhvert það tilvik kallað þegar erfðabreyttar lífverur sleppa út og geta stefnt heilsu manna, annarra lífvera eða umhverfinu í hættu, þegar í stað eða síðar.

Vara er tilbúið efni eða framleiðsluvara sem sett er á markað og er að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum eða samsetningum þeirra.

III. KAFLI
Stjórnsýsla.
5. gr.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

Hollustuvernd ríkisins hefur yfirumsjón með framkvæmd laganna, veitir leyfi og stjórnar eftirliti með starfsemi samkvæmt lögum þessum.

Umhverfisráðherra getur með reglugerð, að fenginni umsögn félagsmála-, heilbrigðis-, menntamála- og landbúnaðarráðherra, falið öðrum stjórnvöldum að fara með hluta eftirlitsins í samræmi við lög sem um þau stjórnvöld gilda undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins.

Hollustuvernd ríkisins getur afturkallað leyfi sem hún hefur veitt samkvæmt lögum þessum ef áhætta af leyfðri starfsemi eykst, flokkun erfðabreyttra lífvera breytist, nýjar upplýsingar liggja fyrir um að áhætta af starfseminni hafi verið vanmetin, ný tækni gerir það að verkum að mögulegt er að takmarka frekar en gert er áhættu fyrir heilsu manna og umhverfi eða ef brotið er gegn lögum og reglum sem um starfsemina gilda.

Hollustuvernd ríkisins er óheimilt að veita leyfi ef slík leyfisveiting samræmist ekki markmiðum laga þessara.

6. gr.

Umhverfisráðherra skal skipa níu manna ráðgjafanefnd sem hefur sérfræðiþekkingu á þessu sviði. Skipa skal með sama hætti jafnmarga til vara. Nefndin skal veita umsagnir samkvæmt lögum þessum auk þess sem hún skal veita eftirlits- og framkvæmdaraðilum ráðgjöf um framkvæmd laganna og beita sér fyrir fræðslu um erfðabreytingar. Þá ber nefndinni að gera tillögur til ráðherra um allt það sem horfir til betri vegar í málaflokki þessum. Við skipan í nefndina skulu m.a. höfð í huga tengsl við sérfræðistofnanir í náttúrufræði og siðfræði. Umhverfisráðherra setur nefndinni starfsreglur í reglugerð auk þess sem þar skal kveðið á um það hvenær skylt sé að leita umsagnar nefndarinnar áður en endanleg ákvörðun er tekin eða leyfi veitt. Kostnaður sem hlýst af starfsemi nefndarinnar skal greiddur úr ríkissjóði.

7. gr.

Umhverfisráðherra setur í reglugerðir á grundvelli laga þessara, að fenginni umsögn ráðgjafanefndar, sbr. 6. gr., m.a. nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara að því er varðar eftirtalin atriði:

1. flokkun erfðabreyttra lífvera í áhættuflokka;
2. einangrunarráðstafanir í samræmi við flokkun erfðabreyttra lífvera í áhættuflokka;
3. ákvæði, í samráði við félagsmálaráðherra, um aðbúnað starfsfólks, aðstöðu, búnað og tæki sem notuð eru við starfsemi með erfðabreyttar lífverur;
4. greinargerð um hugsanlegar afleiðingar;
5. skrár sem skylt er að halda vegna notkunar á erfðabreyttum lífverum;
6. skilyrði fyrir sleppingu og dreifingu erfðabreyttra lífvera;
7. flutning erfðabreyttra lífvera og vöru sem inniheldur þær;
8. markaðssetningu erfðabreyttra lífvera og vöru sem inniheldur þær;
9. mengunarvarnir, geymslu, losun og meðferð úrgangsefna;
10. rannsóknarsvæði;
11. efni umsókna og meðferð þeirra, tilkynningar til lögbærra yfirvalda á Evrópska efnahagssvæðinu og leyfisveitingar samkvæmt lögum þessum;
12. merkingar og vöruumbúðir;
13. neyðaráætlanir um slysavarnir;
14. fræðslu fyrir almenning;
15. ábyrgðartryggingar;
16. önnur atriði sem nauðsynlegt er að setja reglur um í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland hefur gerst aðili að, viðbætur eða breytingar á þeim.

IV. KAFLI
Afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera.

8. gr.

Óheimilt er að hefja starfsemi þar sem fram á að fara afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera, nema að fengnu leyfi Hollustuverndar ríkisins. Sækja ber um leyfi til Hollustuverndar ríkisins fyrir hverja tegund erfðabreyttra lífvera sem fyrirhugað er að nota eða framleiða.

Í umsókn skal gerð grein fyrir hugsanlegum afleiðingum afmarkaðrar notkunar hinnar erfðabreyttu lífveru fyrir heilsu manna og umhverfi og fyrirhuguðum öryggisráðstöfunum, auk almennra upplýsinga um tegund starfsemi og flokkun erfðabreyttra lífvera. Einnig skulu fylgja umsagnir eftirlitsaðila um aðstöðu, búnað og tæki, eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.

Hollustuvernd getur krafist þess að umsækjandi veiti frekari upplýsingar en fram koma í umsókn um aðstöðu og fyrirhugaða starfsemi.

Hollustuvernd ríkisins tilkynnir umsækjanda skriflega um móttöku umsóknar.

9. gr.

Afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera skal einungis fara fram á rannsóknarstofum eða athafnasvæðum sem Hollustuvernd ríkisins og aðrir eftirlitsaðilar hafa samþykkt til slíkrar notkunar. Þá getur starfsemi með erfðabreyttar lífverur ekki hafist fyrr en eftirlitsaðilar hafa samþykkt þann búnað sem fyrirhugað er að nota við starfsemina og að farið sé að viðeigandi reglum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Þegar unnið er með erfðabreyttar lífverur þar sem sérstakrar varúðar er þörf skulu einangrunarráðstafanir og mengunarvarnir viðhafðar í samræmi við flokkun á erfðabreyttum lífverum og tegund starfsemi. Þeir sem bera ábyrgð á starfsemi skv. 1. mgr. skulu taka einangrunarráðstafanir og mengunarvarnir reglulega til endurskoðunar og hafa til hliðsjónar nýjungar á sviði vísinda og tækni.

10. gr.

Hollustuvernd ríkisins leggur mat á hverja umsókn á grundvelli framkominna gagna og umsagna og tekur afstöðu til þess hvort leyfi skuli veitt. Stofnuninni er heimilt að takmarka þann tíma sem starfsemi er heimil og binda leyfi öðrum skilyrðum. Þá getur Hollustuvernd ríkisins krafist þess að umsækjandi breyti aðstöðu sinni í samræmi við ákvæði laga og reglugerða áður en leyfi er veitt.

Aðeins skal veita leyfi til afmarkaðrar notkunar að ekki sé talin hætta á skaðsemi út frá umhverfisverndar- og heilsufarssjónarmiðum og siðferðilega sé réttlætanlegt.

Hollustuvernd ríkisins skal tilkynna umsækjanda skriflega hvort fallist hafi verið á umsókn.

Tilkynna skal Hollustuvernd ríkisins þegar notkun eða framleiðsla erfðabreyttra lífvera hefst og halda dagbók um starfsemina.

Hollustuvernd skal hafa eftirlit með og skrásetja þær tegundir erfðabreyttra lífvera sem unnið er með hverju sinni.

11. gr.

Ef afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera er fyrirhuguð sem þáttur í kennslu í skólum á háskólastigi er heimilt að víkja frá ákvæðum 8., 9. og 10. gr., enda hafi umhverfisráðherra gefið út sérstakt leyfi þar að lútandi að fenginni umsögn eftirlitsaðila. Umhverfisráðherra getur afturkallað leyfi sem hann hefur veitt samkvæmt þessari grein.

12. gr.

Tilkynna skal Hollustuvernd ríkisins án tafar ef breytt er aðstöðu þar sem fram fer afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera. Hið sama á við ef flokkun erfðabreyttra lífvera breytist. Skal Hollustuvernd tilkynna leyfishafa skriflega svo skjótt sem auðið er hvort breytingarnar séu svo veigamiklar að afturkalla verði áður útgefið leyfi eða hvort leyfishafi skuli breyta starfsaðstöðu sinni að boði stofnunarinnar.

V. KAFLI
Slepping eða dreifing erfðabreyttra lífvera.

13. gr.

Óheimilt er að sleppa eða dreifa erfðabreyttum lífverum nema að fengnu leyfi Hollustuverndar ríkisins. Sækja skal um leyfi til Hollustuverndar ríkisins fyrir hverja einstaka sleppingu eða dreifingu. Sækja má um leyfi fyrir fleiri en eina sleppingu eða dreifingu í sömu umsókn, enda sé um að ræða samsetningu eða blöndu erfðabreyttra lífvera á einum stað eða sömu tegund þeirra er sleppt á fleiri stöðum í sama skyni og á afmörkuðu tímabili. Stofnunin skal staðfesta móttöku umsókna skriflega.

Umsókn skulu fylgja nauðsynlegar upplýsingar um eiginleika og einkenni hinnar erfðabreyttu lífveru, greinargerð um hugsanlegar afleiðingar af sleppingu og dreifingu, fyrirhugaðar öryggisráðstafanir og siðferðileg álitaefni ásamt öðrum gögnum sem ráðherra kveður á um í reglugerð.

Umsóknir um leyfi skulu vera þannig úr garði gerðar að þær séu fallnar til almennrar kynningar eftir því sem ákveðið kann að verða og samrýmist ákvæðum um upplýsingaskyldu og trúnað.

Hollustuvernd ríkisins skal leita umsagna Náttúruverndarráðs og rannsóknastofnana eftir því sem við á og hjá aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.

14. gr.

Hollustuvernd ríkisins leggur mat á hverja umsókn á grundvelli framkominna gagna og umsagna og tekur afstöðu til þess hvort leyfi skuli veitt. Aðeins skal veita leyfi til sleppingar eða dreifingar að ekki sé talin hætta á skaðsemi út frá umhverfisverndar- og heilsufarssjónarmiðum og siðferðilega sé réttlætanlegt. Hollustuvernd ríkisins skal tilkynna umsækjanda skriflega hvort fallist hafi verið á umsókn og hvaða skilyrðum leyfi sé bundið hafi það verið veitt. Stofnunin getur ákveðið áður en leyfi er veitt að framkvæmdar verði sérstakar prófanir og rannsóknir.

15. gr.

Telji leyfishafi nauðsynlegt að breyta áður heimiluðri tilhögun við sleppingu eða dreifingu erfðabreyttra lífvera ber honum að tilkynna Hollustuvernd ríkisins það án tafar. Sama gildir komi fram nýjar upplýsingar um hættu sem fylgir sleppingu eða dreifingu erfðabreyttra lífvera. Ákvæði þetta gildir þó að leyfi hafi verið gefið út. Skal stofnunin

taka afstöðu til fyrirhugaðra breytinga og ráðstafana svo fljótt sem auðið er og tilkynna leyfishafa ákvörðun sína án tafar.

VI. KAFLI
Markaðssetning erfðabreyttra lífvera eða vöru sem inniheldur þær.

16. gr.

Óheimilt er að markaðssetja hér á landi erfðabreyttar lífverur eða vöru sem inniheldur þær nema að fengnu leyfi Hollustuverndar ríkisins. Umhverfisráðherra getur í reglugerð, að fengnum tillögum ráðgjafanefndar eða Hollustuverndar ríkisins, ákveðið að tilteknar afhendingar erfðabreyttra lífvera teljist ekki til markaðssetningar í skilningi laga þessara.

17. gr.

Umsókn um markaðssetningu skal beina til Hollustuverndar ríkisins sem staðfestir móttöku hennar skriflega. Áður en stofnunin gefur út leyfi skal hún leita umsagna um efni umsóknar eins og kveðið er á um í reglugerð. Hollustuvernd ríkisins leggur mat á hverja umsókn á grundvelli framkominna gagna og umsagna og tekur afstöðu til þess hvort leyfi skuli veitt.

Ef umsókn fær jákvæða afgreiðslu skal Hollustuvernd ríkisins senda útdrátt úr umsókn ásamt umsögn sinni til lögbærra yfirvalda á EES-svæðinu eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.

18. gr.

Komi fram nýjar upplýsingar um áhættu vegna markaðssetningar erfðabreyttra lífvera eða vöru sem inniheldur þær ber umsækjanda eða leyfishafa að tilkynna það án tafar til Hollustuverndar ríkisins. Hið sama á við ef flokkun erfðabreyttra lífvera breytist. Umsækjandi eða leyfishafi skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að vernda heilsu manna og umhverfi sé þess þörf með tilliti til þessara nýju upplýsinga.

Berist Hollustuvernd ríkisins tilkynning skv. 1. mgr. eða eftir öðrum leiðum skal hún svo skjótt sem auðið er taka afstöðu til þess hvort nauðsynlegt sé að endurskoða eða breyta áður útgefnu leyfi eða afturkalla það. Ákvörðun sína skal stofnunin tilkynna leyfishafa án tafar.

19. gr.

Ef fyrir liggur leyfi útgefið af lögbæru yfirvaldi í öðru landi á EES-svæðinu til markaðssetningar erfðabreyttra lífvera eða vöru sem inniheldur þær jafngildir sú leyfisveiting leyfi til markaðssetningar hér á landi.

Umhverfisráðherra getur, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins og umsögn ráðgjafanefndar, bannað eða takmarkað hér á landi markaðssetningu tiltekinna erfðabreyttra lífvera eða vöru sem inniheldur þær ef hætta er á að markaðssetningin hafi í för með sér skaðleg áhrif á heilsu manna eða umhverfi. Það sama á við ef leyfisveiting samræmist ekki markmiðum laga þessara að öðru leyti eða samræmist ekki íslenskum lögum.

Hollustuvernd ríkisins skal tilkynna án tafar öðrum lögbærum yfirvöldum á EES-svæðinu ákvörðun umhverfisráðherra skv. 2. mgr.

VII. KAFLI
Almenn ákvæði.

20. gr.

Hollustuvernd ríkisins eða öðrum eftirlitsaðilum er heimill óhindraður aðgangur að rannsóknarstofum eða svæðum þar sem notaðar eru, eða unnið er með, erfðabreyttar lífverur. Jafnframt geta eftirlitsaðilar krafist þess að fá aðgang að öllum skjölum og efni sem máli skiptir vegna eftirlitsins.

21. gr.

Sérhverjum þeim sem notar, framleiðir eða markaðssetur erfðabreyttar lífverur er skylt, án tillits til trúnaðarskyldu, að afhenda Hollustuvernd ríkisins eða öðrum opinberum eftirlitsaðilum nauðsynlegar upplýsingar svo að þeir geti sinnt verkefnum sem þeim eru falin samkvæmt lögum þessum. Öðrum opinberum stofnunum er einnig skylt, sé þess óskað, að afhenda eftirlitsaðilum sömu upplýsingar, án tillits til trúnaðarskyldu sem annars hvílir á stofnuninni og starfsmönnum hennar.

Starfsmönnum Hollustuverndar ríkisins, ráðgjafanefnd eða öðrum sem fjalla um umsóknir og tilkynningar samkvæmt lögum þessum er óheimilt að greina frá trúnaðarupplýsingum sem þeir kunna að komast að í starfi sínu. Óheimilt er að greina frá umsóknum sem dregnar hafa verið til baka. Trúnaðarskyldan helst þó að látið sé af starfi.

Umhverfisráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð, í samræmi við gildandi lög um upplýsingaskyldu, um meðferð upplýsinga og hvaða upplýsingar skuli ætíð undanþegnar trúnaðarskyldu.

22. gr.

Greiða skal sérstakt gjald vegna meðferðar umsókna samkvæmt lögum þessum og skal greiðsla innt af hendi við afhendingu umsóknar. Hollustuvernd ríkisins skal gera tillögu að gjaldskrá sem ráðherra staðfestir og birtir í Stjórnartíðindum. Þá er Hollustuvernd ríkisins heimilt að krefja umsækjanda um endurgreiðslu alls kostnaðar sem fellur til vegna sérstakra rannsókna eða úttekta, enda hafi verið haft samráð við umsækjanda um fyrirhugaðar rannsóknir eða úttektir og umsækjanda gefinn kostur á að draga umsókn sína til baka áður en til slíks kostnaðar er stofnað.

23. gr.

Ef slys verður, sbr. 4. gr., þ.e. ef erfðabreyttar lífverur sleppa út í umhverfið skal sá sem ábyrgð ber á starfseminni grípa til nauðsynlegra ráðstafana svo að koma megi í veg fyrir eða takmarka eins og kostur er tjón eða óþægindi sem af slysinu kunna að hljótast. Þá skal sá sem ábyrgð ber á starfsemi tilkynna um slysið án tafar til Hollustuverndar ríkisins og eftirlitsaðila sem málið varðar. Í tilkynningu skulu koma fram upplýsingar um tildrög slyss, tegund og magn erfðabreyttra lífvera sem sloppið hafa út í umhverfið, ásamt nauðsynlegum upplýsingum svo að unnt sé að meta áhrif slyssins. Jafnframt skulu fylgja upplýsingar um til hvaða ráðstafana hafi verið gripið vegna slyssins.

24. gr.

Sá sem ábyrgð ber á afmarkaðri notkun, sleppingu og dreifingu eða markaðssetningu erfðabreyttra lífvera samkvæmt lögum þessum er skaðabótaskyldur vegna tjóns sem af hlýst berist þær út í umhverfið, án tillits til þess hvort tjón verði rakið til saknæms hátternis eða ekki.

25. gr.

Umsækjandi, leyfishafi eða aðrir sem telja á rétt sinn hallað vegna ákvörðunar sem tekin hefur verið samkvæmt lögum þessum geta kært hana til umhverfisráðherra innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun var tilkynnt.

26. gr.

Að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins og umsögn ráðgjafanefndar er umhverfisráðherra heimilt að ákveða með reglugerð að nánar skilgreind starfsemi með tilteknar erfðabreyttar lífverur hér á landi sé undanþegin ákvæðum IV., V. og VI. kafla laga þessara. Það skal þó ekki ákveðið fyrr en reynsla hefur fengist af starfsemi með erfðabreyttu lífverurnar og tryggt er að ekki stafi af þeim hætta fyrir heilsu manna, vistkerfið eða umhverfið. Þessa ákvörðun skal tilkynna lögbærum yfirvöldum á EES-svæðinu.

27. gr.

Umhverfisráðherra getur ákveðið með reglugerð að Hollustuvernd ríkisins skuli leita umsagna áður en leyfi fyrir starfsemi samkvæmt lögum þessum er veitt.

Ef umsókn er þess eðlis að leyfi fyrir starfsemi með erfðabreyttar lífverur getur haft veruleg áhrif á starfsemi og hagsmuni margra aðila er Hollustuvernd ríkisins heimilt að efna til opins áheyrnarfundar áður en endanleg ákvörðun um leyfisveitingu er tekin. Ákvörðun um að halda opinn áheyrnarfund skal auglýsa sérstaklega.

VIII. KAFLI
Þvingunarúrræði stjórnvalda, málsmeðferð og viðurlög.

28. gr.

Til þess að knýja á um framkvæmd ráðstafana sem eftirlitsaðilar hafa ákveðið á grundvelli laga þessara getur Hollustuvernd ríkisins eða önnur stjórnvöld sem falið hefur verið sérstakt eftirlit, í samráði við Hollustuvernd ríkisins, beitt eftirfarandi aðgerðum:

1. veitt áminningu,
2. veitt áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta,
3. stöðvað starfsemi eða notkun búnaðar að öllu leyti eða að hluta til, með aðstoð lögreglu ef með þarf.

Starfsemi skal því aðeins stöðvuð að um alvarlegt tilvik eða ítrekuð brot sé að ræða, eða ef aðilar sinna ekki kröfum um úrbætur innan tilskilins frests. Ef aðili vanrækir að vinna verk sem Hollustuvernd ríkisins eða önnur stjórnvöld hafa fyrirskipað honum að framkvæma á grundvelli laga þessara eða reglna settra samkvæmt þeim, innan tilskilins frests, er stjórnvöldum heimilt að láta vinna verkið á kostnað umrædds aðila. Kostnaður vegna slíkra aðgerða greiðist til bráðabirgða úr ríkissjóði sem innheimtir hann síðar hjá umræddum aðila.

Hollustuvernd ríkisins er heimilt að ákveða dagsektir, allt að 50.000 kr. á dag, til þess að knýja á um framkvæmdir. Ákvarðanir um greiðslu gjalda, kostnaðar og dagsekta samkvæmt þessari grein eru aðfararhæfar.

29. gr.

Með rannsókn á brotum samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim skal fara að hætti opinberra mála.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, ef sakir eru miklar. Hlutdeild í brotum á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, eða tilraun til slíkra brota, er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

30. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

680. Lög [173. mál]

um Siglingastofnun Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 11. mars.)

Samhljóða þskj. 660.

681. Frumvarp til laga [99. mál]

um breytingu á lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

(Eftir 2. umr., 11. mars.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Lokamálsliður 1. mgr. fellur brott.
b. 2. mgr. orðast svo:

Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg. Henni skulu fylgja samþykktir fyrir lánastofnunina, lýsing á starfseminni þar sem fram kemur, meðal annars, hvaða starfsemi ætlunin er að stunda og lýsing á innra skipulagi lánastofnunarinnar. Jafnframt skulu fylgja upplýsingar um stofnendur, hlutafé, hluthafa og hlut hvers um sig, auk annarra upplýsinga og gagna sem viðskiptaráðherra ákveður.

c. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvörðun um umsókn um starfsleyfi skal ávallt liggja fyrir innan sex mánaða frá því að fullbúin umsókn barst ráðherra.

2. gr.

Í stað orðanna „11. maí 1993“ í 5. gr. laganna kemur: 27. maí 1993.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Eigið fé lánastofnunar skal á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar til 8% af áhættugrunni. Áhættugrunnur stofnunar skal metinn með tilliti til heildareigna, liða utan efnahagsreiknings, gengisáhættu og áhættu annarra liða með mark-

aðsáhættu samkvæmt nánari reglum um mat á áhættugrunni til útreiknings á eiginfjárhlutfalli lánastofnana sem Seðlabankinn setur. Eiginfjárkrafan skv. 1. málsl. skal einnig gilda um samstæðureikning.

b. Ný málsgrein bætist við, svohljóðandi:

Ákvæði laga um Seðlabanka Íslands, svo og reglur settar samkvæmt þeim um laust fé, bindiskyldu og gengisbundnar eignir og skuldir innlánsstofnana, skulu einnig gilda fyrir aðrar lánastofnanir, eftir því sem við getur átt.

4. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Ársreikningur lánastofnunar skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Þó skal ársreikningur lánastofnunar, sem rekin er á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkissjóður á að hálfu eða meira, endurskoðaður af Ríkisendurskoðun, sbr. lög um Ríkisendurskoðun. Ráðherra sá, sem fer með málefni lánastofnunar í eigu ríkissjóðs, staðfestir ársreikning hennar.

Um ársreikning og endurskoðun að öðru leyti, svo og samstæðureikningsskil, fer samkvæmt ákvæðum VII. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

5. gr.

Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Um heimildir dótturfyrirtækja erlendra lánastofnana til starfsemi hér á landi fer samkvæmt ákvæðum XII. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

6. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Um heimildir dótturfyrirtækja innlendra lánastofnana til starfsemi erlendis fer samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

7. gr.

Við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú gerist hérlend lánastofnun, sem stundar starfsemi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, brotleg við lög þess ríkis, og lögbær yfirvöld þess ríkis grípa til ráðstafana sambærilegra þeim sem greinir í 1. mgr., og skal þá bankaeftirlitið aðstoða þarlend lögbær yfirvöld við samskipti þeirra við yfirstjórn hlutaðeigandi lánastofnunar.

8. gr.

Á eftir 18. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist greinatala samkvæmt því:

Ákvæði 96. gr. A laga um viðskiptabanka og sparisjóði um rétt til að leita til dómstóla gilda einnig um lánastofnanir.

9. gr.

a. Orðin „2. mgr. 3. gr.“ í 2. tölul. 24. gr. laganna falla brott.

b. 3. gr. laga nr. 48/1966, um Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja (verslunarlánasjóð), orðast svo:

Fjáröflun stofnlánadeildarinnar er sem hér segir:

1. Fé sem fengið er með útgáfu vaxtabréfa, að fengnu samþykki Seðlabanka Íslands.
2. Vextir.
3. Fé sem fengið kann að vera að láni til endurlána.

10. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða I í lögunum bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Starfsheimildir 8. gr. laga þessara koma til viðbótar heimildum sérlaga um starfandi lánastofnanir.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 45/1972, um Stofnlánadeild samvinnufélaga, með áorðnum breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Víkjandi lán, sem lánastofnun hefur tekið fyrir gildistöku laga þessara og greiðast skal niður með afborgunum, er undanþegið ákvæði um endurgreiðslu víkjandi lána sem teljast til eiginfjárþáttar B í 3. málsl. 4. mgr. 54. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

682. Frumvarp til laga [387. mál]

um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr. 118/1993.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir.

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Maki eða sá sem heldur heimili með og annast elli- eða örorkulífeyrisþega og getur af þeim sökum ekki stundað nema takmarkaða vinnu utan heimilis á rétt á umönnunarbótum er nemi allt að 50.212 kr. á mánuði. Bæturnar eru heimildarbætur og því háðar öðrum tekjum bótaþega.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt 5. gr. gildandi laga getur aðeins maki elli- eða örorkulífeyrisþega fengið umönnunarbætur leggi hann niður störf vegna hjúkrunar hans. Foreldrar fatlaðra og alvarlega sjúkra barna geta fengið umönnunarbætur þar til þau verða 16 ára, sbr. 4. gr. gildandi laga. Börnin fá sjálf örorkubætur þegar þau verða 16 ára og umönnunarbætur falla niður þótt umönnunar sé áfram þörf.

Mun fleiri en makar lífeyrisþega vinna umönnunarstörf á heimilum og geta ekki stundað vinnu utan heimilis vegna þess. Nú þegar legurúmum á sjúkrahúsum fækkar og erfiðara er að fá vistun fyrir þá sem þurfa á henni að halda verða heimilismenn og aðrir aðstandendur sjúkra og fatlaðra að taka að sér þessi störf og því er úrelt að miða aðeins við greiðslu til maka þess sem er umönnunar þurfi.

Fólk annast uppkomin börn sín, foreldra, tengdafólk eða aðra ættingja en á ekki rétt á neinum greiðslum frá hinu opinbera samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Það samræmist ekki anda laganna að fólki sé mismunað eftir tengslum við þann sem það annast.

Breyttar áherslur í heilbrigðisþjónustu, þar sem lögð er áhersla á að sjúkir geti verið eins lengi heima og unnt er og fái þjónustu þar, eru einnig rök fyrir því að umönnunarbætur greiðist fleirum en maka. Margir sjúkir og fatlaðir sem þurfa umönnun heima eiga ekki maka, en e.t.v. er einhver sem býr með þeim sem vill annast þá. Þessar bætur gera þeim sem eru umönnunar þurfi kleift að vera lengur heima sem sparar hinu opinbera dýra sjúkrahúslegu. Hámarksupphæðin er miðuð við hámarksgreiðslur vegna umönnunar fatlaðra og sjúkra barna.

Þessi lagabreyting er samhljóða grein í frumvarpi til almannatryggingalaga sem Guðmundur Bjarnason þáverandi heilbrigðisráðherra lagði fram á Alþingi til kynningar vorið 1991 eftir heildarendurskoðun á þeim lögum.

Einnig lagði flutningsmaður fram samhljóða frumvarp á 115. löggjafarþingi árið 1992. Það var sent til umsagnar og voru umsagnir undantekningarlaust í þá veru að þetta væru nauðsynlegar réttarbætur fyrir sjúka og fatlaða, og mikilvægt væri að frumvarp í þessa veru yrði að lögum.

683. Frumvarp til laga [388. mál]

um réttindi sjúklinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

I. KAFLI
Inngangur.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja sjúklingum tiltekin réttindi í samræmi við almenn mannréttindi og mannhelgi og styrkja þannig réttarstöðu þeirra gagnvart heilbrigðisþjónustunni og styðja trúnaðarsambandið sem ríkja ber milli sjúklinga og heilbrigðisstarfsmanna.

Óheimilt er að mismuna sjúklingum á grundvelli kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Skilgreiningar.

2. gr.

Sjúklingur: Notandi heilbrigðisþjónustu, heilbrigður eða sjúkur.

Heilbrigðisstarfsmaður: Einstaklingur sem starfar í heilbrigðisþjónustu og hefur hlotið löggildingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til slíkra starfa.

Meðferð: Rannsókn, aðgerð eða önnur þjónusta sem læknir eða annar heilbrigðisstarfsmaður veitir til að greina, lækna, endurhæfa, hjúkra eða annast sjúkling.

Vísindarannsókn: Rannsókn sem gerð er til að auka við þekkingu sem gerir kleift að bæta heilsu og lækna sjúkdóma. Mat á rannsókninni verður að hafa leitt í ljós að engin vísindaleg og siðfræðileg sjónarmið mæli gegn framkvæmd hennar.

Gæði heilbrigðisþjónustu.

3. gr.

Tryggja skal sjúklingum sem sambærilegasta heilbrigðisþjónustu.

Sjúklingur á rétt á fullkomnustu meðferð sem á hverjum tíma er völ á að veita innan þess fjárhagsramma sem heilbrigðisþjónustunni er sniðinn á hverjum tíma.

Sjúklingur á rétt á meðferð og aðbúnaði sem miðast við ástand hans, aldur og horfur á hverjum tíma og bestu þekkingu sem völ er á. Þjónusta við sjúkling skal einkennast af traustu sambandi milli hans og heilbrigðisstarfsmanns.

Sjúklingur á rétt á samfelldri meðferð og að samstarf ríki milli allra heilbrigðisstarfsmanna og stofnana sem koma að meðferðinni.

Aðgangur að upplýsingum um réttindi sjúklinga.

4. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið skal sjá til þess að til séu upplýsingar um réttindi sjúklinga, sjúklingafélög og almannatryggingar. Heilbrigðisstofnanir og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn skulu hafa þessar upplýsingar aðgengilegar sjúklingum í húsakynnum sínum og á starfsstofum.

II. KAFLI

Upplýsingar og samþykki.

Upplýsingar um heilsufar og meðferð.

5. gr.

Sjúklingur á rétt á upplýsingum um heilsufar sitt og meðferð.

Læknar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn skulu, eftir því sem við á, gefa sjúklingi upplýsingar um:

a. heilsufar, þar á meðal læknisfræðilegar upplýsingar um ástand og batahorfur,
b. fyrirhugaða meðferð ásamt upplýsingum um framgang hennar, áhættu og gagnsemi,
c. önnur hugsanleg úrræði en fyrirhugaða meðferð og afleiðingar þess ef ekkert verður aðhafst,
d. möguleika á að leita álits annars læknis eða annarra heilbrigðisstarfsmanna eftir því sem við á um meðferð, ástand og batahorfur.

Þess skal getið í sjúkraskrá sjúklings að upplýsingar samkvæmt þessari grein hafi verið gefnar.

Upplýsingar samkvæmt þessari grein skulu gefnar jafnóðum og tilefni skapast og á þann hátt og við þau skilyrði að sjúklingur geti skilið þær.

Eigi í hlut sjúklingur sem ekki talar íslensku eða notar táknmál skal honum tryggð túlkun á upplýsingum samkvæmt þessari grein.

Undanþágur frá meginreglunni um upplýsingar um heilsufar og meðferð.

6. gr.

Upplýsingar skv. 5. gr. skal ekki gefa fari sjúklingur fram á að það sé látið ógert. Sjúklingur getur tilnefnt annan til að taka við upplýsingunum í sinn stað.

Þess skal getið í sjúkraskrá ef sjúklingur neitar að fá upplýsingar um heilsufar og batahorfur eða tilnefnir annan í sinn stað. Jafnframt skal skrá þar hverjum voru gefnar upplýsingarnar, sbr. 1. mgr. þessarar greinar og 7. og 25. gr.

Eigi í hlut sjúklingur sem ekki getur tileinkað sér upplýsingar skv. 5. gr. skulu þær veittar nánasta vandamanni eða lögráðamanni hafi sjúklingur verið sviptur lögræði.

7. gr.

Virða skal rétt sjúklings til að ákveða sjálfur hvort hann þiggur meðferð.

Ákvæði lögræðislaga gilda um samþykki fyrir meðferð sjúklinga sem vegna greindarskorts, eða af öðrum ástæðum sem þau lög tilgreina, eru ófærir um að taka ákvörðun um meðferð. Í þessum tilvikum skal þó hafa sjúkling með í ráðum eftir því sem kostur er.

Enga meðferð má framkvæma án samþykkis sjúklings, sbr. 1. og 2. mgr., sbr. þó 9. gr. Samþykkið skal eftir því sem kostur er vera skriflegt þar sem fram kemur hvaða upplýsingar voru gefnar sjúklingi og að hann hafi skilið upplýsingarnar.

Sýni úr sjúklingi, þ.e. líkamsvökva, vefi, líffæri og önnur lífræn efni sem tekin eru til greiningar, er óheimilt að varðveita til annarra nota nema hann samþykki það sérstaklega.

Meðferð hafnað.

8. gr.

Nú hafnar sjúklingur meðferð og skal heilbrigðisstarfsmaður þá upplýsa hann um afleiðingar þeirrar ákvörðunar.

Sjúklingur getur stöðvað meðferð hvenær sem er. Í því tilviki skal heilbrigðisstarfsmaður útskýra nákvæmlega fyrir honum hvaða afleiðingar það getur haft að stöðva meðferðina. Um höfnun á meðferð sjúkra barna gildir 26. gr.

Í sjúkraskrá skal skrá ákvörðun sjúklings um að hafna meðferð eða stöðva og staðfest að hann hafi fengið upplýsingar um afleiðingar ákvörðunarinnar.

Undanþága frá meginreglu um samþykki fyrir meðferð.

9. gr.

Nú er sjúklingur meðvitundarlaus eða ástand hans að öðru leyti þannig að hann er ófær um að gefa til kynna vilja sinn varðandi meðferð sem telst bráðnauðsynleg. Í því tilviki skal taka samþykki hans sem gefið nema fyrir liggi örugg vitneskja um að hann hefði hafnað meðferðinni.

Samþykki fyrir vísindarannsóknum.

10. gr.

Sjúklingur skal fyrir fram samþykkja með formlegum hætti þátttöku í vísindarannsókn. Áður en slíkt samþykki er veitt skal gefa honum ítarlegar upplýsingar um vísindarannsóknina, áhættu sem henni kann að fylgja og hugsanlegan ávinning og í hverju þátttakan er fólgin. Sjúklingi skal gerð grein fyrir því að hann geti hafnað þátttöku í vísindarannsókn og hann geti hvenær sem er hætt þátttöku eftir að hún er hafin.

Óheimilt er að framkvæma á sjúklingi vísindarannsókn sem uppfyllir ekki skilyrði 4. mgr. 2. gr.

Þátttaka í þjálfun og kennslu nemenda.

11. gr.

Sjúklingur getur neitað að taka þátt í þjálfun og kennslu nemenda á heilbrigðissviði.

III. KAFLI

Trúnaðar- og þagnarskylda.

Þagnarskylda starfsmanna í heilbrigðisþjónustu.

12. gr.

Starfsmaður í heilbrigðisþjónustu skal gæta fyllstu þagmælsku um allt það sem hann kemst að í starfi sínu um heilsufar sjúklings, ástand, sjúkdómsgreiningu, horfur og meðferð ásamt öðrum persónulegum upplýsingum. Þagnarskyldan helst þó að sjúklingur andist og þó að starfsmaður láti af störfum. Mæli ríkar ástæður með því getur starfsmaður látið í té upplýsingar með hliðsjón af vilja hins látna og hagsmunum hlutaðeigandi. Sé starfsmaður í vafa getur hann borið málið undir landlækni.

Undanþágur frá þagnarskyldu.

13. gr.

Þagnarskylda skv. 12. gr. nær ekki til atvika sem starfsmanni í heilbrigðisþjónustu ber að tilkynna um samkvæmt öðrum lagaákvæðum, t.d. ákvæðum barnaverndarlaga. Í þeim tilvikum ber starfsmanni skylda til að koma upplýsingum um atvikið á framfæri við þar til bær yfirvöld.

Samþykki sjúklings eða forráðamanns leysir starfsmann undan þagnarskyldu.

Um vitnaskyldu starfsmanna í heilbrigðisþjónustu gilda ákvæði læknalaga.

IV. KAFLI

Meðferð upplýsinga í sjúkraskrá.

Aðgangur að sjúkraskrá.

14. gr.

Sjúkraskrá er eign heilbrigðisstofnunar þar sem hún er færð eða læknis eða annarra heilbrigðisstarfsmanna sem hana færa á eigin starfsstofum.

Skylt er lækni og öðrum sem færa sjúkraskrá að sýna hana sjúklingi eða umboðsmanni, í heild eða að hluta, og afhenda þessum aðilum ljósrit skrárinnar sé þess óskað. Sama gildir gagnvart opinberum aðilum sem lögum samkvæmt fjalla um athugasemdir eða kvartanir sjúklings eða umboðsmanns vegna meðferðar. Ákvæði þetta nær til allra sjúkraskráa án tillits til þess hvenær þær voru færðar.

Upplýsingar í sjúkraskrá, sem hafðar eru eftir öðrum en sjúklingi sjálfum eða heilbrigðisstarfsmönnum, skal ekki sýna honum nema með samþykki þess sem upplýsingarnar gaf.

Um aðgang að sjúkraskrám gilda að öðru leyti ákvæði læknalaga eftir því sem við á.

15. gr.

Þess skal gætt við aðgang að sjúkraskrám að upplýsingar í þeim eru trúnaðarmál.

Nú krefst framkvæmd vísindarannsóknar aðgangs að sjúkraskrám og er þá þeim sem að rannsókn standa heimill aðgangur að skránum, enda uppfylli rannsóknin skilyrði vísindarannsóknar, sbr. 4. mgr. 2 gr.

Í hvert sinn sem sjúkraskrá er skoðuð vegna vísindarannsóknar skal það skráð í hana og ákvæða 1. mgr. gætt.

Athugasemdir við upplýsingar í sjúkraskrá.
16. gr.

Nú telur sjúklingur eða forráðamaður hans að upplýsingar í sjúkraskrá séu rangar eða villandi og skulu þá athugasemdir hans lagðar með skránni.

V. KAFLI
Meðferð.

Virðing fyrir mannhelgi sjúklings.
17. gr.

Heilbrigðisstarfsmenn og aðrir sem starfs síns vegna hafa samskipti við sjúkling skulu koma fram við hann af virðingu.

Að meðferð sjúklings skulu ekki koma aðrir en þeir sem nauðsynlega þurfa. Heilbrigðisstarfsmaður skal gæta þess að framkvæma nauðsynlega meðferð með þeim hætti að utanaðkomandi aðilar sjái ekki til og að upplýsingar um meðferð einstaklinga séu ekki aðgengilegar öðrum en viðkomandi heilbrigðisstarfsmönnum.

Bið eftir meðferð.
18. gr.

Þurfi sjúklingur að bíða eftir meðferð skal heilbrigðisstarfsmaður, sem hann leitar til, gefa skýringar á biðinni ásamt upplýsingum um áætlaðan biðtíma.

Ef unnt er að fá meðferð sem sjúklingur þarfnast fyrr hjá annarri heilbrigðisstofnun eða öðrum heilbrigðisstarfsmanni er skylt að gera honum grein fyrir því.

Forgangsröðun.
19. gr.

Ef nauðsynlegt reynist að forgangsraða sjúklingum vegna meðferðar skal fyrst og fremst byggt á læknisfræðilegum sjónarmiðum og eftir atvikum öðrum faglegum forsendum.

Val á heilbrigðisstarfsmanni.
20. gr.

Þrátt fyrir að byggt sé á skiptingu landsins í heilsugæsluumdæmi samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu getur sjúklingur leitað til þess heilsugæslu- eða heimilislæknis sem honum hentar best. Sjúklingur velur sérfræðing þegar slíkrar þjónustu er þörf. Sjúklingur getur leitað álits annars heilbrigðisstarfsmanns á meðferð, ástandi og batahorfum.

Ábyrgð sjúklings á eigin heilsu.
21. gr.

Sjúklingur ber ábyrgð á heilsu sinni eftir því sem það er á hans færi og ástand hans leyfir. Honum ber eftir atvikum að vera virkur þátttakandi í meðferð sem hann hefur samþykkt.

Sjúklingur skal reyna eftir megni að fylgja fyrirmælum læknis og annarra heilbrigðisstarfsmanna um atriði er snerta meðferðina, t.d. um lyfjagjöf, mataræði, þjálfun og hreyfingu.

Reglur um innlögn og útskrift.

22. gr.

Við komu sjúklings á heilbrigðisstofnun skulu heilbrigðisstarfsmenn sem annast hann kynna sig og starfssvið sitt. Jafnframt skal kynna fyrir honum reglur og venjur sem gilda á stofnuninni og máli skipta.

Sjúklingi skal gerð grein fyrir hvaða heilbrigðisstarfsmaður beri meginábyrgð á meðferð hans á heilbrigðisstofnun.

Áður en að útskrift sjúklings kemur skulu aðstæður hans kannaðar og honum tryggð fullnægjandi heimaþjónusta eða önnur vistunarúrræði eftir því sem unnt er.

Við útskrift af heilbrigðisstofnun skal sjúklingur fá, eftir því sem þörf krefur, leiðbeiningar um þýðingarmikil atriði er varða eftirmeðferð, svo sem lyfjagjöf, mataræði, þjálfun og hreyfingu. Ef þess er óskað skulu leiðbeiningarnar gefnar skriflega.

Læknabréf og vottorð vegna veikinda, slysa, sjúkrahúslegu og þess háttar skulu afgreidd án ástæðulauss dráttar.

Linun þjáninga og nærvera fjölskyldu og vina.

23. gr.

Lina skal þjáningar sjúklings eins og þekking á hverjum tíma frekast leyfir.

Sjúklingur á rétt á að njóta stuðnings fjölskyldu sinnar, ættmenna og vina meðan á meðferð og dvöl stendur. Hann á enn fremur rétt á að njóta andlegs og trúarlegs stuðnings.

Meðferð dauðvona sjúklings.

24. gr.

Dauðvona sjúklingur á rétt á að deyja með reisn. Gefi dauðvona sjúklingur ótvírætt til kynna að hann óski ekki eftir meðferð sem lengir líf hans eða tilraunum til endurlífgunar skal virða þá ákvörðun.

VI. KAFLI

Sérreglur um sjúk börn.

Upplýsingar um heilsufar og meðferð sjúkra barna.

25. gr.

Ef sjúklingur er yngri en 16 ára skulu upplýsingar skv. 5. gr., svo og aðrar upplýsingar samkvæmt lögum þessum, veittar foreldri eða forráðamanni.

Eftir því sem kostur er skulu sjúk börn höfð með í ráðum og alltaf ef þau eru 12 ára eða eldri. Þau eiga þó sama rétt og aðrir á að hafna því að fá upplýsingar, sbr. 6. gr.

Samþykki fyrir meðferð sjúkra barna.

26. gr.

Foreldri eða forráðamaður skulu veita samþykki fyrir nauðsynlegri meðferð á sjúklingi yngri en 16 ára.

Nú neitar foreldri eða forráðamaður að samþykkja nauðsynlega meðferð, sbr. 1. mgr. og skal heilbrigðisstarfsmaður þá snúa sér til barnaverndaryfirvalda, sbr. ákvæði barnaverndarlaga.

Ef ekki vinnst tími til að leita liðsinnis barnaverndaryfirvalda, sbr. 2. mgr., vegna lífsnauðsynlegrar bráðameðferðar á sjúku barni er heilbrigðisstarfsmanni skylt að hafa heilbrigði þess að leiðarljósi og grípa tafarlaust til meðferðar sem hann telur nauðsynlega.

Ýmsar reglur um sjúk börn.

27. gr.

Skylt er að gera allt sem unnt er til að sjúkt barn fái að þroskast og njóta lífsgæða þrátt fyrir veikindi og meðferð eftir því sem ástand þess leyfir.

Sjúk börn eiga rétt á því að hafa foreldra eða aðra nána vandamenn hjá sér þó að þau dvelji á heilbrigðisstofnun.

Systkini og vinir mega eftir því sem kostur er heimsækja sjúkt barn sem dvelst á heilbrigðisstofnun.

Sjúk börn á skólaskyldualdri, sem dveljast á heilbrigðisstofnunum, skulu hafa aðgang að kennslu sem hæfir aldri þeirra og ástandi.

Umhverfi og aðbúnaður sjúkra barna á heilbrigðisstofnunum skal hæfa aldri þeirra, þroska og ástandi.

VII. KAFLI
Réttur til að kvarta.

Athugasemdir og kvartanir vegna meðferðar.

28. gr.

Sjúklingur getur gert athugasemdir við meðferð sem hann hefur fengið á heilbrigðisstofnun eða hjá heilbrigðisstarfsmanni. Athugasemdum skal beina að yfirstjórn viðkomandi stofnunar.

Vilji sjúklingur kvarta yfir meðferð getur hann beint kvörtun sinni til landlæknis eða kvörtunarnefndar, sbr. ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu.

Starfsmönnum heilbrigðisstofnunar er skylt að liðsinna og styðja sjúkling eða vandamann sem vill koma á framfæri athugasemd eða bera fram kvörtun. Enn fremur er stjórn heilbrigðisstofnunar skylt að taka til athugunar ábendingar starfsmanna sem telja að réttur sjúklinga sé brotinn.

Sjúklingur skal fá skrifleg svör við athugasemdum sínum og kvörtunum eins fljótt og auðið er.

VIII. KAFLI
Gildistökuákvæði o.fl.

Heimild ráðherra til að setja reglugerðir.

29. gr.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerðir um réttindi sjúklinga samkvæmt lögum þessum.

Gildistaka.

30. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1996.

Brottfall lagaákvæða.

31. gr.

Við gildistöku laga þessara fellur úr gildi lokamálsliður 2. mgr. 16. gr. læknalaga, nr. 53/1988, eins og ákvæðinu var breytt með lögum nr. 50/1990.

Breyting á öðrum lögum.

32. gr.

Við gildistöku laga þessara bætist ný grein við lög um brottnám líffæra og krufningar, nr. 16/1991, 5. gr. a, svohljóðandi:

Óheimilt er án samþykkis nánasta vandamanns, sbr. 2. gr., að fjarlægja úr líkinu sýni, þ.e. vefi, líffæri og þess háttar, til annarra nota en greiningar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp um réttindi sjúklinga er samið af nefnd sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipaði 21. apríl 1995. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti gerði lítils háttar breytingar á frumvarpinu við lokafrágang þess.

Í nefndina voru skipaðar Dögg Pálsdóttir skrifstofustjóri, formaður, Ragnheiður Haraldsdóttir deildarstjóri og Ragnhildur Arnljótsdóttir deildarstjóri, ritari nefndarinnar, frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Vilborg Ingólfsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur, tilnefnd af embætti landlæknis, Lovísa Baldursdóttur hjúkrunarfræðingur, tilnefnd af Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Ástríður Stefánsdóttir læknir, tilnefnd af Læknafélagi Íslands, Rannveig Gunnarsdóttir félagsráðgjafi, tilnefnd af Samtökum heilbrigðisstétta, og Ingveldur Fjeldsted, tilnefnd af Neytendasamtökunum.

Samkvæmt skipunarbréfi var nefndinni falið að gera tillögur til ráðherra um það með hvaða hætti best væri að kynna heilbrigðisstéttum og sjúklingum rétt sjúklinga. Nefndin skyldi ræða ítarlega við fulltrúa sjúklingahópa til að kynnast viðhorfum þeirra til réttinda sjúklinga og hvernig þau yrðu best tryggð. Nefndin fékk því á sinn fund fulltrúa 45 sjúklingahópa og vandamanna- og stuðningshópa sjúklinga. Loks var nefndinni falið að meta hvort æskilegt væri að sett yrðu sérstök lög um réttindi sjúklinga hér á landi. Yrði það niðurstaðan skyldi hún vinna drög að frumvarpi til laga um réttindi sjúklinga.

Fljótlega eftir að nýr heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra tók til starfa vorið 1995 óskaði hann eftir því að nefndin semdi frumvarp til laga um réttindi sjúklinga.

Réttindi þau, sem lagt er til að verði lögfest, eru í ýmsum atriðum hin sömu og sjúklingar eru þegar taldir njóta samkvæmt dreifðum laga- og reglugerðaákvæðum. Nýmæli eiga rætur að rekja til atriða sem fram komu í máli sjúklingahópa er komu á fund nefndarinnar auk þess sem ýmsar erlendar reglur á þessu sviði voru hafðar til hliðsjónar, ekki síst yfirlýsing Evrópuskrifstofu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um réttindi sjúklinga sem samþykkt var vorið 1994. Einnig var horft til yfirlýsingar Alþjóðafélags lækna um þetta efni, finnskra laga frá árinu 1992 og nýlegs dansks lagafrumvarps.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er skilgreint markmiðið með setningu laga um réttindi sjúklinga.

Réttindi sjúklinga eru meðal almennra mannréttinda. Í 1. mgr. er því stuðst við hefðbundið orðalag í ýmsum alþjóðasamningum á sviði mannréttinda. Í samskiptum sínum við heilbrigðisþjónustuna eru sjúklingar oft í hlutverki hins veikburða og því hætt við að réttur þeirra sé brotinn. Tilgangur lagasetningar um réttindi sjúklinga er að tryggja þeim tiltekin mannréttindi og mannhelgi og styrkja þannig réttarstöðu þeirra gagnvart heilbrigðisþjónustunni og styðja það trúnaðarsamband sem ríkja ber milli sjúklinga og starfsmanna heilbrigðisþjónustunnar.

Í 2. mgr. er ítrekuð jafnræðisregla stjórnarskrár Íslands og því lýst að ekki megi mismuna sjúklingum á grundvelli kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Sambærilegt ákvæði er í 65. gr. stjórnarskrárinnar eins og henni var breytt með lögum nr. 97/1995. Þar segir að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án mismununar á grundvelli þeirra atriða sem hér eru talin upp. Til greina kom að tilgreina sérstaklega aldur og fötlun í þessari málsgrein. Sama álitamál var uppi við umfjöllun jafnræðisákvæðis stjórnarskrárinnar vorið 1995. Löggjafinn taldi óþarft að lengja upptalninguna í ákvæðinu enda væri hún ekki tæmandi og endaði á orðunum „og stöðu að öðru leyti". Í því var talið felast að jafnræðisreglan næði til allra þjóðfélagshópa án tillits til aldurs eða fötlunar.

Um 2. gr.

Rétt þykir að skilgreina þau hugtök sem mest eru notuð í frumvarpinu. Hugtökin sjúklingur, meðferð, heilbrigðisstarfsmaður og vísindarannsókn eru þannig skilgreind.

Með sjúklingi er átt við hvern þann einstakling, heilbrigðan eða sjúkan, sem notar heilbrigðisþjónustu. Þegar sjúklingur hefur samskipti við starfsmenn heilbrigðisþjónustunnar verða virk réttindin sem frumvarpið fjallar um. Gert er ráð fyrir því sem meginreglu að sjúklingur sé sjálfráða, en í einstökum ákvæðum frumvarpsins er vísað til þess hvað gildi þegar um er að ræða sjúklinga sem eru það ekki.

Með heilbrigðisstarfsmanni er átt við einstakling sem starfar í heilbrigðisþjónustu og hefur hlotið löggildingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til þeirra starfa.

Með meðferð er átt við rannsóknir, aðgerð eða þjónustu sem læknir eða aðrar heilbrigðisstéttir veita til að greina, lækna, endurhæfa, hjúkra eða annast sjúkling.

Með vísindarannsókn er átt við rannsókn sem gerð er í því skyni að auka við þekkingu sem muni gera kleift að bæta heilsu og lækna sjúkdóma. Rannsókn getur falist í íhlutun, t.d. viðtölum, prófun, þar með talin spurningaeyðublöð, eða tilraunum. Gert er að skilyrði að vísindarannsókn hafi hlotið fullnægjandi vísindalegt og siðfræðilegt mat og hún verður að vera þess eðlis að engin slík sjónarmið mæli gegn framkvæmd hennar. Vísindarannsókn verður að styðjast við viðteknar og hefðbundnar rannsóknaraðferðir raun- eða félagsvísinda. Skilgreiningin byggist einkum á skilgreiningu á vísindarannsókn í tillögum Evrópuráðsins að reglum um siðfræðilegt mat á áætlunum um læknisfræðilegar, líffræðilegar og aðrar skyldar vísindarannsóknir á mönnum frá árinu 1993. Samkvæmt þeim tillögum skal fylgja ráðleggingum ráðherranefndar Evrópuráðsins og Helsinki-yfirlýsingu Alþjóðafélags lækna við framkvæmd læknisfræðilegra vísindarannsókna.

Gert er ráð fyrir að eftir gildistöku laganna verði með stoð í þeim sett reglugerð um vísindarannsóknir þar sem nánar verður fjallað um hvaða aðilar eru bærir til að meta fyrirhugaðar vísindarannsóknir og með hvaða hætti skuli meta þær.

Um 3. gr.

Í greininni eru ákvæði um þau réttindi sjúklinga sem stundum eru kölluð samfélagsleg réttindi, þ.e. aðgangur að sem sambærilegastri heilbrigðisþjónustu, réttur á fullkomnustu meðferð sem unnt er að veita innan fjárhagsramma þjónustunnar og réttur á meðferð og aðbúnaði sem miðast við ástand sjúklings, aldur og horfur.

Í 2. mgr. eru ítrekuð ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu um að sjúklingur eigi rétt á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma er kostur á að veita en jafnframt vísað til þess fjárhagsramma sem ákveður hverju sinni umfang heilbrigðisþjónustunnar.

Í 3. mgr. er um það fjallað að þjónustan, sem sjúklingur fær, skuli annars vegar einkennast af bestu þekkingu sem völ er á hverju sinni en jafnframt því skuli hún taka mið af ástandi hans og horfum. Einkenni þjónustunnar skal vera traust samband milli sjúklings og heilbrigðisstarfsmanns. Heilbrigðisstarfsmenn bera ábyrgð á að þjónustan sem sjúklingur fær uppfylli ákvæði greinarinnar.

Í 4. mgr. er um það fjallað að sjúklingur eigi rétt á samfelldri meðferð og að samstarf ríki milli heilbrigðisstarfsmanna og stofnana sem koma að meðferðinni.

Um 4. gr.

Mikilvægt er að fyrirliggjandi séu upplýsingar um réttindi sjúklinga, rétt til almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar og um félög sem starfa í þágu sjúklinga, hvort sem það eru sjúklingafélög, félög vandamanna eða styrktarfélög þeirra. Hér er gert ráð fyrir að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sjái til þess að til séu upplýsingar um þessi atriði. Ráðuneytið getur hvort sem er annast verkið sjálft eða falið það embætti landlæknis. Enn fremur er sú skylda lögð á heilbrigðisstofnanir og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn að þeir hafi þessar upplýsingar aðgengilegar sjúklingum í húsakynnum sínum og á starfsstofum.

Í ábendingum sjúklingafélaga kom fram að þau telja að nokkuð skorti á að sjúklingum sé nægilega skýr réttur þeirra til almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar og annar réttur sem þeir njóta. Bent var á að aðgangur að upplýsingum um þetta efni væri ekki nægilega greiður.

Um 5. og 6. gr.

Í 5. gr. er mælt fyrir um að sjúklingur skuli fá upplýsingar um heilsufar sitt og meðferð. Skyldan til að gefa upplýsingar er aðallega lögð á herðar læknum en einnig öðrum heilbrigðisstarfsmönnum eftir því sem við á. Upplýsingaskyldan nær til upplýsinga um:

a. heilsufar, þar á meðal læknisfræðilegar upplýsingar um ástand og batahorfur,
b. fyrirhugaða meðferð ásamt upplýsingum um framgang hennar, áhættu og gagnsemi,
c. önnur hugsanleg úrræði en fyrirhugaða meðferð og afleiðingar þess ef ekkert verður aðhafst,
d. möguleika á að leita álits annars læknis eða annarra heilbrigðisstarfsmanna eftir því sem við á um meðferð, ástand og horfur.

Þess skal getið í sjúkraskrá sjúklings að upplýsingar hafi verið veittar.

Upplýsingar skulu veittar jafnóðum til sjúklinga og á þann hátt og við þau skilyrði að sjúklingur geti skilið þær.

Meti heilbrigðisstarfsmaður sjúkling ófæran á þeirri stundu um að taka við upplýsingum um ástand sitt skal hann bíða með upplýsingagjöf uns ástand sjúklings breytist til batnaðar. Ákvörðun um frestun upplýsingagjafar af þessari ástæðu er nauðsynlegt að skrá í sjúkraskrá. Verði ástand sjúklings viðvarandi þannig að hann sé ófær um að taka við upplýsingum gilda ákvæði 3. mgr. 6. gr.

Þar sem upplýsingagjöfin er ein meginstoð réttinda sjúklinga er nauðsynlegt að tryggja að eigi í hlut sjúklingur sem ekki talar íslensku eða sjúklingur sem notar táknmál sé honum tryggð túlkun á upplýsingum um heilsufar og meðferð. Vitaskuld getur oft reynst erfitt að tryggja túlkun fyrir útlendinga sem koma frá fjarlægum löndum. Með sama hætti

er túlkaþjónusta fyrir heyrnarlausa enn af skornum skammti. Engu að síður þykir nauðsynlegt að undirstrika þennan rétt og ábyrgð á að hann sé tryggður hvílir á heilbrigðisstofnunum.

Frá meginreglunni um upplýsingagjöf til sjúklings um heilsufar og meðferð eru nokkrar undantekningar. Um þessar undantekningar er fjallað í 6. gr. Sjúklingur getur alltaf farið fram á að upplýsingarnar séu ekki gefnar eða bent á annan til að taka við þeim í sinn stað. Þá getur ástand hans verið með þeim hætti að hann geti ekki tileinkað sér upplýsingar. Í þeim tilvikum skal veita nánasta vandamanni upplýsingarnar eða lögráðamanni hafi sjúklingur verið sviptur lögræði.

Kjósi sjúklingur að fá engar upplýsingar um heilsufar og horfur eða tilnefni hann annan í sinn stað til að taka við þeim upplýsingum skal þess getið í sjúkraskrá auk þess sem þar skal skrá hverjum upplýsingarnar voru veittar. Sama gildir um þau tilvik þegar ástand hans er með þeim hætti að hann getur ekki tileinkað sér þær.

Um 7. gr.

Samþykki fyrir meðferð er ein meginreglna um réttindi sjúklinga. Í lögræðislögum hefur lengi verið ákvæði um að engan megi leggja á sjúkrahús til meðferðar gegn vilja sínum. Hér er mælt fyrir um að virða skuli rétt sjúklings til að ákveða sjálfur hvort hann þiggi meðferð. Vísað er til ákvæða lögræðislaga um samþykki fyrir meðferð hjá sjúklingum sem vegna greindarskorts, eða af öðrum ástæðum sem þau lög tilgreina, eru ófærir um að taka ákvörðun um meðferð. Sérstaklega er þó tekið fram að í þessum tilvikum skuli hafa sjúkling með í ráðum eftir því sem kostur er.

Meginreglan er því sú að meðferð megi ekki framkvæma nema með samþykki sjúklings. Frá því eru þó undanþágur sem fjallað er um í 9. gr. Samþykki getur verið bundið því skilyrði að tiltekinn heilbrigðisstarfsmaður framkvæmi meðferð. Sé svo verður að virða það og því sé öðrum heilbrigðisstarfsmönnum óheimilt að framkvæma hana. Skilyrt samþykki af þessu tagi á ekki alltaf við, heldur fyrst og fremst þegar um er að ræða valkvæðar (e. elective) aðgerðir sem fjöldi heilbrigðisstarfsmanna framkvæmir.

Hér er sett það skilyrði að samþykkið skuli vera skriflegt ef kostur er og komi þar fram að sjúklingur hafi skilið þær upplýsingar sem honum voru gefnar. Um nokkurt skeið hefur reglum um skriflegt samþykki verið framfylgt á nokkrum deildum Landspítala og gefist vel. Skriflegt samþykki er ekki gert að fortakslausu skilyrði hér enda atvik oft með þeim hætti að augljóst er af framferði sjúklings að hann hefur samþykkt meðferðina. Æskilegt væri að skriflegt samþykki yrði meginregla þegar um er að ræða skurðaðgerðir eða aðra meiri háttar meðferð. Nánari reglur um skriflegt samþykki er eðlilegt að setja með stoð í 29. gr. frumvarpsins.

Í lokamálsgreininni eru sérákvæði um að sýni úr sjúklingum, svo sem vefi, líffæri og þess háttar sem fjarlægð eru í greiningartilgangi, sé óheimilt að varðveita í öðrum tilgangi nema til komi sérstakt samþykki sjúklingsins.

Um 8. gr.

Sjúklingur getur hafnað því að gangast undir meðferð, enda þótt hún sé talin nauðsynleg. Í þeim tilvikum er heilbrigðisstarfsmanni skylt að upplýsa hann um hugsanlegar afleiðingar þeirrar ákvörðunar.

Sömuleiðis getur sjúklingur hvenær sem er stöðvað meðferð. Í þessum tilvikum skal heilbrigðisstarfsmaður með sama hætti útskýra fyrir honum hvaða afleiðingar það getur haft að stöðva meðferðina. Um höfnun á meðferð sjúkra barna gildir 26. gr.

Ákvörðun sjúklings um að hafna eða stöðva meðferð skal skrá í sjúkraskrá og að hann hafi fengið upplýsingar um hugsanlegar afleiðingar ákvörðunarinnar.

Um 9. gr.

Þótt samþykki fyrir meðferð sé meginreglan getur háttað svo til að sjúklingur sé vegna meðvitundarleysis eða ástands að öðru leyti ófær um að gefa til kynna vilja sinn varðandi meðferð sem telst bráðnauðsynleg. Í því tilviki skal taka samþykki sjúklings sem gefið nema fyrir liggi vitneskja um að hann hefði hafnað meðferðinni. Vitneskja um annað verður að vera örugg eða liggja fyrir með þeim hætti að vandamaður eða annar nákominn aðili sé tilbúinn að bera ábyrgð á að ekki sé gripið til bráðnauðsynlegrar meðferðar.

Um 10. gr.

Með sama hætti og sjúklingi ber að samþykkja meðferð skal sjúklingur fyrir fram samþykkja með formlegum hætti þátttöku í vísindarannsókn. Áður en slíkt samþykki er veitt skulu sjúklingi gefnar ítarlegar upplýsingar um rannsóknina og í hverju þátttakan er fólgin. Jafnframt skal skýra honum frá áhættu sem kann að fylgja þátttöku í vísindarannsókn ásamt hugsanlegum ávinningi. Enn fremur skal gera honum grein fyrir að hann geti hafnað eða hætt þátttöku í vísindarannsókn. Rétt þykir að banna framkvæmd vísindarannsókna sem ekki uppfylla skilyrði sem sett eru fyrir slíkum rannsóknum í 4. mgr. 2. gr.

Um 11. gr.

Hluti af starfi heilbrigðisstofnana er þjálfun og kennsla nemenda á heilbrigðissviði. Sjúklingur getur neitað að taka þátt í slíkri þjálfun eða kennslu og er skylt að virða slíka ákvörðun. Gert er ráð fyrir að sjúklingi sé skýrt frá því þegar fyrirhugað er að nemendur á heilbrigðissviði verði viðstaddir meðferð. Geri hann engar athugasemdir er eðlilegt að líta svo á að hann samþykki nærveru nemendanna. Geri hann hins vegar athugasemd er óheimilt að hafa nemendur viðstadda. Ekki er gert ráð fyrir að reynt sé að telja sjúklingi hughvarf sem ótvírætt hefur gert grein fyrir að hann óski ekki eftir nærveru nemenda á heilbrigðissviði við meðferð.

Um 12.–13. gr.

Hér er að finna nýmæli um þagnarskyldu, en þegar gilda slík ákvæði um lækna og aðra heilbrigðisstarfsmenn. Kveðið er á um að þagnarskyldan taki til allra starfsmanna í heilbrigðisþjónustu, en ekki einungis þeirra sem hlotið hafa löggildingu, sbr. orðskýringu í 2. gr. Ekki er síður talin rík ástæða til að leggja áherslu á þagnarskyldu annarra starfsmanna. Að öðru leyti er byggt á meginreglum sem fram koma í ákvæðum læknalaga og eru undanþágurnar hinar sömu. Sérstaklega er undirstrikað að þagnarskyldan geti vikið fyrir lögbundinni tilkynningaskyldu. Sem dæmi má nefna ákvæði barnaverndarlaga, nr. 58/1992. Í 12. gr. laganna er almenn tilkynningarskylda lögð á þá sem verða þess vísir að barni sé misboðið eða uppeldi þess vanrækt eða aðbúnaði þess svo áfátt að barninu geti stafað hætta af. Í 13. gr. laganna er lögð tilkynningarskylda á þá sem afskipti hafa af börnum og ungmennum. Þar er í 2. mgr. sérstaklega fjallað um lækna, ljósmæður, hjúkrunarfræðinga og félagsráðgjafa og þessum aðilum gert að tilkynna barnaverndarnefnd ef ætla má að málefnum barns sé þannig komið að nefndin ætti

að hafa afskipti af því. Í lagaákvæðinu er sérstaklega tekið fram að þagnarskylda viðkomandi starfsstétta víki fyrir tilkynningarskyldunni.

Um 14.–16. gr.

Hér eru ítrekuð ákvæði læknalaga um aðgang að sjúkraskrám. Sjúklingur eða umboðsmaður hans á rétt á að sjá sjúkraskrá eða fá af henni ljósrit. Nýmæli er að tekin eru af tvímæli um að aðgangur að sjúkraskrá er ekki takmarkaður við hvenær skráin er færð eins og nú er gert samkvæmt læknalögum. Er það gert í kjölfar nýlegar dómsniðurstöðu Hæstaréttar. Sömuleiðis er sett inn heimild sjúklings til að gera athugasemdir við færslu í sjúkraskrá sem hann telur ranga. Loks er um að ræða nýmæli varðandi aðgang sjúkraskráa vegna framkvæmdar vísindarannsókna.

Um 17. gr.

Fyrir kemur að sjúklingar kvarta yfir framkomu heilbrigðisstarfsmanna í sinn garð. Þykir sjúklingum hún oft einkennast af því að litið sé á þá sem tilfelli fremur en einstakling eins og stundum er komist að orði. Einnig er bent á að á það skorti að heilbrigðisstarfsmenn hlusti á kvartanir sjúklinga eða vandamanna þeirra um líðan sjúklingsins.

Rétt þykir að taka það fram í frumvarpinu að sjúklingur á rétt á að heilbrigðisstarfsmenn komi fram við hann af virðingu í öllum samskiptum innan heilbrigðisþjónustunnar. Þetta á ekki eingöngu við um starfsmenn í heilbrigðisþjónustu heldur ýmsa aðra, t.d. starfsmenn almannatrygginga, fjölmiðla og lögreglu.

Nauðsynlegt er að gæta þess að óviðkomandi aðilar fái ekki aðgang að heilbrigðisstofnunum. Þá þykir rétt að benda á að óeðlilegt er að heilbrigðisstarfsmenn beiti sjúklingum fyrir sig í kjarabaráttu eða mótmælum gegn ákvörðunum fjárveitingavalds eða yfirstjórnar stofnunar. Sjúklingar skulu varðir gegn slíku. Sömuleiðis er siðlaust að ónáða sjúklinga með skoðunum heilbrigðisstarfsmanna á kjaramálum eða ákvörðunum fjárveitingavaldsins um framlög til heilbrigðismála.

Þá þykir þörf á að taka fram að heilbrigðisstarfsmenn skuli gæta þess að framkvæma nauðsynlega meðferð með þeim hætti að utanaðkomandi aðilar sjái ekki til. Virða skal þannig trúnað við sjúkling og ræða við hann um mál hans í einrúmi eða framkvæma skoðun þannig að utanaðkomandi eigi ekki aðgang að. Jafnframt þykir þörf á að taka fram að upplýsingar um meðferð liggi ekki frammi þar sem margir fara um. Má þar nefna sem dæmi svonefnda aðgerðalista.

Um 18. gr.

Hér er kveðið á um að þurfi sjúklingu að bíða eftir meðferð skuli heilbrigðisstarfsmaður, sem sjúklingur leitar til, gefa skýringar á biðinni ásamt upplýsingum um áætlaðan biðtíma. Áhersla skal lögð á að sjúklingi sé sagt frá því geti hann fengið án tafar meðferð sem hann þarfnast hjá annarri heilbrigðisstofnun eða heilbrigðisstarfsmanni. Þess eru dæmi að bið eftir meðferð er eingöngu bundin við tiltekinn heilbrigðisstarfsmann eða tiltekna stofnun. Í þeim tilvikum ber að skýra sjúklingi frá því að meðferðina sé hægt að fá fyrr annars staðar.

Um 19. gr.

Rétt þykir að setja ákvæði um forgangsröðun komi til slíkrar röðunar vegna þjónustu. Í þeim tilvikum verður röðunin að byggjast fyrst og fremst á læknisfræðilegum sjónarmiðum og eftir atvikum öðrum faglegum forsendum.

Um 20. gr.

Rétt þykir að ítreka reglu laga um heilbrigðisþjónustu um rétt sjúklings til að velja sér lækni. Jafnframt er ítrekuð sú almenna regla að sjúklingur getur valið sér sérfræðing sé slíkrar aðstoðar þörf. Loks er undirstrikuð heimild sjúklinga til að leita álits annars heilbrigðisstarfsmanns á meðferð, ástandi og batahorfum.

Um 21. gr.

Hér er vikið að ábyrgð sjúklinga gagnvart meðferð sem hann hefur samþykkt og ábyrgð hans gagnvart eigin heilsu. Sjúklingur ber ábyrgð á heilsu sinni eftir því sem það er á hans færi og ástand hans leyfir. Auk þess eru ákvæði um að sjúklingur sé virkur þátttakandi í meðferð sem hann hefur samþykkt. Því fylgir að sjúklingur reynir eftir megni að fylgja fyrirmælum læknis og annarra heilbrigðisstarfsmanna um atriði er snerta meðferðina, t.d. um lyfjagjöf, mataræði, hreyfingu og þjálfun.

Um 22. gr.

Hér eru sett ákvæði um upplýsingar sem gefa skal sjúklingi við komu á heilbrigðisstofnun. Kynna skal fyrir honum reglur og venjur sem gilda á stofnun og máli skipta. Heilbrigðisstarfsmenn skulu eftir því sem kostur er kynna sig og starfssvið sitt fyrir sjúklingi og sjúklingur skal fá að vita hvaða starfsmaður ber meginábyrgð á meðferð hans á stofnuninni.

Er líður að útskrift skal kanna aðstæður sjúklings og útvega honum fullnægjandi heimaþjónustu þurfi hann á henni að halda eftir að heim kemur eða annað vistunarúrræði eftir því sem unnt er.

Við útskrift skal hann fá, eftir því sem þörf krefur, leiðbeiningar um þýðingarmikil atriði er varða eftirmeðferð, svo sem lyfjagjöf, mataræði, þjálfun og hreyfingu, og skulu þessar upplýsingar vera skriflegar ef þess er óskað.

Það getur skipt miklu máli að læknabréf og vottorð vegna veikinda, slyss, sjúkrahúslegu og þess háttar berist greiðlega og því er sú skylda lögð á heilbrigðisstarfsmenn sem slík plögg útbúa fyrir sjúkling að senda þau án ástæðulauss dráttar.

Um 23. gr.

Hér er fjallað um rétt sjúklings til að þjáningar hans séu linaðar í samræmi við þekkingu hvers tíma. Nærvera fjölskyldu og vina, sem og andlegur og trúarlegur stuðningur, skipta hann miklu máli í meðferð og geta haft áhrif á árangur hennar. Þess vegna er sérstaklega um það fjallað í greininni að sjúklingur eigi rétt á að njóta stuðnings fjölskyldu sinnar og vina og andlegs og trúarlegs stuðnings meðan á meðferð og dvöl stendur. Í því felst m.a. að gefa skal sjúklingi kost á fundi með presti sé þess kostur.

Um 24. gr.

Hluti af réttindum sjúklinga er að deyja með reisn. Hér er fjallað um þennan rétt og rétt til mannúðlegrar umönnunar á dánarbeði. Það leiðir af meginreglunni um samþykki sjúklings fyrir meðferð að ef dauðvona sjúklingur gefur ótvírætt til kynna að hann óski

hvorki eftir meðferð sem lengir líf hans né tilrauna til endurlífgunar ber að virða þá ákvörðun. Ýmis sjúkrahús hafa þegar sett leiðbeinandi reglur um meðferð sjúklings við lok lífs.

Um 25.–27. gr.

Rétt þykir að setja sérstök ákvæði um sjúklinga undir 16 ára aldri og er reglur sem um þennan aldurshóp skulu gilda að finna í 25.–27. gr. frumvarpsins.

Upplýsingar um heilsufar og batahorfur skv. 5. gr., svo og aðrar upplýsingar samkvæmt lögunum skal veita foreldri eða forráðamanni barns. Eftir því sem kostur er skulu börnin höfð með í ráðum og alltaf ef þau eru 12 ára eða eldri. Börn eiga þó sama rétt og aðrir til að neita því að fá upplýsingar, sbr. 6. gr. Afla skal samþykkis foreldris eða forráðamanns fyrir nauðsynlegri meðferð á sjúklingi yngri en 16 ára. Í 26. gr. eru þó sérákvæði ef þessir aðilar neita að samþykkja nauðsynlega meðferð. Í þeim tilvikum ber heilbrigðisstarfsmanni að gera barnaverndaryfirvöldum viðvart. Barnaverndaryfirvöld mundu í þessum tilvikum taka málin í sínar hendur og jafnvel svipta foreldri eða forráðamann forsjá barns svo að unnt sé að samþykkja meðferðina. Ef um er að ræða lífsnauðsynlega bráðameðferð getur þannig háttað að enginn tími sé til að leita til barnaverndaryfirvalda. Í þeim tilvikum er ákvörðunin sett í hendur heilbrigðisstarfsmanni og honum gert skylt, með heilbrigði barnsins að leiðarljósi, að taka ákvörðun og ef nauðsyn krefur grípa tafarlaust til meðferðar sem hann telur nauðsynlega, þrátt fyrir andstöðu foreldra eða forráðamanns.

Í 27. gr. er að finna ýmis ákvæði er varða sjúk börn og er þar stuðst við norrænar leiðbeiningarreglur um þetta efni. Þar kemur fram að börn skuli fá að þroskast og njóta lífsgæða þrátt fyrir veikindi og meðferð eftir því sem ástand þeirra leyfir. Þau eiga rétt á að hafa foreldra eða aðra nána vandamenn hjá sér þótt þau dveljist á heilbrigðisstofnun, auk þess sem systkini og vinir skulu hafa leyfi til heimsókna eftir því sem kostur er. Sjúk börn á skólaskyldualdri, sem dveljast á heilbrigðisstofnunum, skulu hafa aðgang að kennslu sem hæfir aldri þeirra og ástandi. Umhverfi og aðbúnaður barna á heilbrigðisstofnunum skal hæfa aldri þeirra, þroska og ástandi.

Um 28. gr.

Rétturinn til að kvarta yfir meðferð er ítrekaður í þessari grein. Gerður er greinarmunur á athugasemdum og kvörtunum. Ef um er að ræða athugasemdir við meðferð sem sjúklingur hefur fengið á heilbrigðisstofnun eða hjá heilbrigðisstarfsmanni skal beina þeim til yfirstjórnar viðkomandi stofnunar.

Um kvartanir yfir meðferð gilda ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu. Samkvæmt þeim lögum skal beina kvörtunum til embættis landlæknis eða sérstakrar þriggja manna kvörtunarnefndar. Sú skylda er lögð á starfsmenn heilbrigðisstofnana að þær liðsinni sjúklingi sem vill koma með athugasemd eða bera fram kvörtun. Sjúklingur skal fá skrifleg svör við athugasemdum sínum og kvörtunum eins fljótt og auðið er. Heilbrigðisstofnanir skulu liðsinna sjúklingum eða vandamönnum þeirra sem vilja bera fram athugasemdir eða kvörtun. Sömuleiðis skulu stjórnir heilbrigðisstofnana taka til athugunar ábendingar heilbrigðisstarfsmanna um að réttur sjúklinga sé brotinn.

Um 29. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 30. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. júlí 1996. Með því gefst heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti ráðrúm til að kynna löggjöfina ítarlega meðal sjúklinga, vandamanna þeirra, fagfélaga og á heilbrigðisstofnunum.

Um 31. gr.

Vegna ákvæðis frumvarpsins um að aðgangur sjúklinga að sjúkraskrám skuli ekki takmarkast við hvenær þær eru færðar er nauðsynlegt að fella úr gildi lokamálslið 2. mgr. 16. gr. læknalaga, nr. 53/1988, sbr. breytingu í lögum nr. 50/1990, því samkvæmt því ákvæði takmarkast aðgangur við þær sjúkraskrár sem færðar eru frá gildistöku laga nr. 50/1990.

Um 32. gr.

Verði frumvarpið að lögum taka gildi reglur um að óheimilt sé að varðveita sýni úr sjúklingum í öðrum tilgangi en greiningartilgangi nema til komi sérstakt samþykki sjúklings. Til samræmis er rétt að gera breytingu á lögum um brottnám líffæra og krufningar, nr. 16/1991, þannig að sama gildi um líffræðileg sýni sem fjarlægð eru úr líki. Eigi að fjarlægja slík sýni úr líki í öðrum tilgangi en greiningartilgangi þarf að koma til samþykki nánasta vandamanns. Með nánasta vandamanni er átt við maka (sambýlismann eða sambýliskonu), börn ef hinn látni átti ekki maka, foreldra ef hinn látni var barnlaus eða systkini ef foreldrar hins látna eru einnig látnir, sbr. 2. gr. laga um brottnám líffæra og krufningar. Þetta nýja ákvæði kæmi inn í lögin sem ný 5. gr. a.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um réttindi sjúklinga.

Í frumvarpinu eru lögfest á einum stað þau réttindi sem sjúklingar eru þegar taldir njóta samkvæmt ýmsum laga- og reglugerðarákvæðum. Þau atriði í frumvarpinu sem geta haft áhrif á útgjöld ríkissjóðs eru einkum þrjú:

1. Ákvæði síðustu málsgreinar 5. gr. um að sjúklingi skuli tryggð túlkun á erlent tungumál eða táknmál. Framkvæmdin á túlkun á táknmál hefur í meginatriðum verið þannig að sjúkrastofnanir hafa séð um túlkun fyrir skjólstæðinga sína. Túlkun vegna þjónustu utan sjúkrahúsa var árið 1995 greidd af félagsmálaráðuneytinu og hefur réttur til túlkunar verið byggður á mati Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og viðkomandi sveðisskrifstofu í málefnum fatlaðra. Staða þessara mála hefur verið óljós og er nú að störfum nefnd sem ætlað er að gera tillögur um framtíðarskipan táknmálstúlkunar. Túlk-

un á erlend tungumál er fyrir þá sem eru sjúkratryggðir á Íslandi og er þar ekki um að ræða breytingu á þeirri framkvæmd sem verið hefur að öðru leyti en því að nú er réttur sjúklings fortakslaus.

Ef tryggja á öllum fortakslausa túlkun á erlend tungumál og táknmál getur orðið um nokkurn kostnaðarauka að ræða. Í greinargerð með frumvarpinu segir: „Með sama hætti er túlkaþjónusta fyrir heyrnarlausa enn af skornum skammti. Engu að síður þykir nauðsynlegt að undirstrika þennan rétt og ábyrgð á að hann sé tryggður hvílir á heilbrigðisstofnunum.“ Ekki verður því annað séð en að með frumvarpinu sé ætlan heilbrigðisyfirvalda að taka yfir þann kostnað sem var á síðasta ári greiddur af félagsmálayfirvöldum og veita sjúklingum aukna þjónustu. Kostnaðarauki er vandmetinn þar sem táknmálstúlka hefur skort, en fjölgun þeirra er í sjónmáli. Einnig hefur áhrif að tryggður réttur til túlkunar á táknmál og erlend mál mun eflaust auka eftirspurn eftir þjónustunni. Er hér gert ráð fyrir að kostnaðarauki gæti numið um 4–8 m.kr. árlega. Er þá miðað við að skipulag verði á fyrirkomulagi túlkunar og að sjúkrahúsin beri áfram kostnað af túlkun fyrir skjólstæðinga sína.

2. Í 22. gr. er kveðið á um að áður en að útskrift sjúklings kemur skuli aðstæður hans kannaðar og honum tryggð fullnægjandi heimaþjónusta eða önnur vistunarúrræði eftir því sem við á. Í raun hefur framkvæmdin verið eins og kveðið er á um í frumvarpinu þótt ekki hafi í öllum tilvikum verið hægt að tryggja sjúklingi nægilega þjónustu utan stofnunar og útskrift því dregist. Undanfarin ár hefur verið unnið að því að byggja upp þjónustu við sjúklinga í heimahúsum og einnig hefur rýmum á hjúkrunarheimilum verið fjölgað. Ekki verður séð að í frumvarpinu felist breyting á núverandi fyrirkomulagi og á því greinin ekki á hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

3. Fjórða málsgrein 27. gr. kveður á um að börn, sem dvelja á heilbrigðisstofnunum og eru á skólaskyldualdri, skuli fá kennslu sem hæfir aldri þeirra og þroska. Samkvæmt grunnskólalögum er börnum á skólaskyldualdri tryggð menntun og í drögum að reglugerð í tengslum við flutning grunnskólans til sveitarfélaga er gert ráð fyrir að grunnskólinn standi áfram undir slíkri þjónustu fyrir sjúk börn. Ekki virðist að með frumvarpinu sé ætlunin að breyta núverandi fyrirkomulagi. Að mati fjárlagaskrifstofu þarf því að kveða skýrt á um að ákvæðið sé í samræmi við gildandi grunnskólalög. Með því móti á að vera tryggt að greinin feli ekki í sér kostnaðarauka.

Ekki verður séð að önnur atriði frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs frá því sem nú er. Samtals verður því kostnaðarauki ríkissjóðs sem af frumvarpinu leiðir um 4–8 m.kr., verði það að lögum.

684. Frumvarp til laga [389. mál]

um breytingu á ýmsum lögum vegna sameiningar Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í Bændasamtök Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

Breyting á lögum nr. 56 19. júní 1933, um viðauka við og breyting á lögum nr. 68/1917, um áveitu á Flóann.

Í stað orðanna „Búnaðarfélagi Íslands“ í 11. gr. laganna kemur: Bændasamtökum Íslands.

2. gr.

Breyting á lögum nr. 117 30. desember 1943, um viðauka við lög nr. 56/1933, um viðauka við og breyting á lögum nr. 68/1917, um áveitu á Flóann.

Í stað orðanna „Búnaðarfélag Íslands“ í 1. gr. laganna og „Búnaðarfélags Íslands“ í 2. gr. kemur: Bændasamtök Íslands og Bændasamtaka Íslands.

3. gr.

Breyting á lögum nr. 77 23. júní 1936, um viðauka við og breyting á lögum nr. 43 19. maí 1930, um greiðslu kostnaðar af Skeiðaáveitunni o.fl.

Í stað orðanna „Búnaðarfélagi Íslands“ í 11. gr. laganna kemur: Bændasamtökum Íslands.

4. gr.

Breyting á lögum um eignarnámsheimild á nokkrum löndum og á afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Grindavíkurhreppi og um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar, nr. 11/1936.

a. 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. laganna fellur brott.

b. Í stað orðanna „Búnaðarfélag Íslands“ í 3. gr. laganna kemur: Bændasamtök Íslands.

5. gr.

Breyting á lögum nr. 101/1940, um breyting á lögum nr. 11/1936 (Eignarnámsheimild á nokkrum löndum o.fl.).

Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Bændasamtaka Íslands.

6. gr.

Breyting á landskiptalögum, nr. 46/1941, með síðari breytingum.

Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í 2. mgr. 11. gr. og í 2. málsl. 1. mgr. 16. gr. laganna kemur: Bændasamtaka Íslands.

7. gr.

Breyting á lögum um skógrækt, nr. 3/1955, með síðari breytingum.

Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í b-lið 28. gr. laganna kemur: Bændasamtaka Íslands.

8. gr.

Breyting á girðingarlögum, nr. 10/1965, með síðari breytingum.

Í stað orðanna „stjórn Búnaðarfélags Íslands tilnefnir einn af jarðræktarráðunautum félagsins“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: stjórn Bændasamtaka Íslands tilnefnir einn mann.

9. gr.

Breyting á lögum um landgræðslu, nr. 17/1965, með síðari breytingum.

a. Síðari málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.
b. Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í 2. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: Bændasamtaka Íslands.
c. Orðin „í samvinnu við landnýtingarráðunaut Búnaðarfélags Íslands“ í 1. mgr. 20. gr. laganna falla brott.

10. gr.

Breyting á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum.

a. Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í 30. gr. laganna kemur: Bændasamtaka Íslands.
b. Í stað 4.–8. málsl. 1. mgr. 34. gr. laganna koma fjórir málsliðir, svohljóðandi: Bændasamtök Íslands tvo menn og sé annar þeirra ráðunautur í jarðrækt en hinn í búfjárrækt. Framleiðsluráð landbúnaðarins einn mann. Bændaskólarnir tvo menn. Garðyrkjuskóli ríkisins einn mann.

11. gr.

Breyting á lögum um Framleiðnisjóð landbúnaðarins, nr. 89/1966, með síðari breytingum.

a. 2. gr. laganna orðast svo:
Stjórn Framleiðnisjóðs skal skipuð fimm mönnum sem landbúnaðarráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Tveir skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Bændasamtaka Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Rannsóknarráðs Íslands og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður stjórnarinnar. Varamenn skal skipa með sama hætti.
b. 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. laganna falla brott.

12. gr.

Breyting á lögum um gæðamat á æðardún, nr. 39/1970, með síðari breytingu.

Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í 5. gr. laganna kemur: Bændasamtaka Íslands.

13. gr.

Breyting á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum.

a. Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í 1. mgr. 88. gr. laganna kemur: Bændasamtaka Íslands.

b. 2. málsl. 3. mgr. 95. gr. laganna orðast svo: Í yfirmati eiga sæti þrír menn sem ráðherra skipar, þar af einn samkvæmt tilnefningu veiðimálanefndar.

14. gr.

Breyting á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, nr. 45/1971, með síðari breytingum.

Í stað orðanna „skulu fulltrúi frá stéttarsambandi bænda og fulltrúi frá Búnaðarfélagi Íslands“ í 2. gr. laganna kemur: skulu tveir fulltrúar frá Bændasamtökum Íslands.

15. gr.

Breyting á lögum um náttúruvernd, nr. 47/1971, með síðari breytingum.

Í stað orðanna „Búnaðarfélag Íslands“ í 2. tölul. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: Bændasamtök Íslands. Orðin „Stéttarsamband bænda“ í sama tölulið falla brott.

16. gr.

Breyting á lögum um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna, nr. 43/1975, með síðari breytingum.

Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Bændasamtaka Íslands.

17. gr.

Breyting á ábúðarlögum, nr. 64/1976, með síðari breytingum.

Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í 4. mgr. 11. gr., 2. mgr. 17. gr. og 3. mgr. 24. gr. laganna kemur: Bændasamtaka Íslands.

18. gr.

Breyting á jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

a. Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í 3. mgr. 6. gr. laganna og í stað sömu orða í 1. og 3. mgr. 12. gr., 13.–15. gr., 3. mgr. 22. gr., 3. mgr. 29. gr., 2. mgr. 38. gr., a-lið 1. mgr. 47. gr., 2., 4. og 5. mgr. 49. gr. og 69. gr. kemur (í viðeigandi beygingarföllum): Bændasamtök Íslands.
b. Í stað orðanna „Búnaðarfélagið lætur“ í 3. mgr. 22. gr. laganna kemur: Bændasamtök Íslands láta.
c. Í stað orðsins „sýslunefnd“ í 69. gr. laganna kemur: héraðsnefnd.

19. gr.

Breyting á lögum um tekju- og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Orðin „og Búnaðarfélag Íslands“ í 2. tölul. 4. gr. laganna falla brott.

20. gr.

Breyting á lögum um Lífeyrissjóð bænda, nr. 50/1984, með síðari breytingum.

a. 4. málsl. 3. gr. laganna orðast svo: Tveir skulu tilnefndir af stjórn Bændasamtaka Íslands en einn skipaður án tilnefningar.

b. 4. gr. laganna orðast svo:
Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggildum endurskoðanda er sjóðstjórn ræður og að auki af tveimur endurskoðendum sem skipaðir eru til fjögurra ára í senn af ráðherra sem fer með lífeyrismál. Skulu þeir tilnefndir af stjórn Bændasamtaka Íslands.

21. gr.

Breyting á jarðræktarlögum, nr. 56/1987, með síðari breytingum.

a. 2. gr. laganna orðast svo:
Bændasamtök Íslands hafa á hendi umsjón með framkvæmd ræktunarmála og jarðabóta samkvæmt lögum þessum, enda sé skipulag þeirra og starfsreglur í samræmi við ákvæði laganna.

b. Í stað orðanna „Búnaðarfélag Íslands“ í 3.–7. gr. laganna og í stað sömu orða í 10.–19. gr. og orðanna „Stéttarsambands bænda“ í 11. gr. kemur (í viðeigandi beygingarföllum): Bændasamtök Íslands.

22. gr.

Breyting á lögum um Hagþjónustu landbúnaðarins, nr. 63/1989.

Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í 3. gr. laganna og í stað sömu orða í ákvæði til bráðabirgða kemur í (viðeigandi beygingarföllum): Bændasamtök Íslands.

23. gr.

Breyting á lögum um búfjárrækt, nr. 84/1989, með síðari breytingu.

Í stað orðanna „Búnaðarfélag Íslands“ í 4. gr. laganna og í stað sömu orða í 5., 8., 9. og 11.–17. gr. kemur (í viðeigandi beygingarföllum): Bændasamtök Íslands.

24. gr.

Breyting á lögum um Búnaðarmálasjóð, nr. 41/1990, með síðari breytingum.

a. Í stað orðanna „Stéttarsambands bænda“ í 3. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna og í stað sömu orða í 2. mgr. 4. gr. og 5. og 6. gr. kemur (í viðeigandi beygingarföllum): Bændasamtök Íslands.

b. 1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:
Tekjum af búnaðarmálasjóðsgjaldi, sem innheimt er skv. 1. gr. og A- og B-liðum 2. gr., skal skipt þannig:

	Greiðsla af A-flokki skv. 2. gr.	Greiðsla af B-flokki skv. 2. gr.
Til Bændasamtaka Íslands	0,125%	0,325%
Til búnaðarsambanda	0,250%	0,500%
Til búgreinafélaga	0,075%	0,075%
Til Stofnlánadeildar landbúnaðarins	0,100%	0,200%

c. Í stað orðanna „Stéttarsambands bænda, Búnaðarfélags Íslands“ í 7. gr. laganna kemur: Bændasamtaka Íslands.

25. gr.

Breyting á lögum um flokkun og mat á gærum og ull, nr. 57/1990, með síðari breytingum.

Í stað orðanna „Stéttarsambandi bænda“ í 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: Bændasamtökum Íslands.

26. gr.

Breyting á lögum um búfjárhald, nr. 46/1991, með síðari breytingum.

Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í 3. gr. laganna og í stað sömu orða í fyrri málslið 8. gr. og 3. mgr. 10. gr. kemur (í viðeigandi beygingarföllum): Bændasamtök Íslands.

27. gr.

Breyting á lögum um Jarðasjóð, nr. 34/1992, með síðari breytingu.

Í stað orðanna „stjórnum Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: stjórnar Bændasamtaka Íslands.

28. gr.

Breyting á lögum um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, nr. 61/1992.

Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í 4. gr. laganna kemur: Bændasamtaka Íslands.

29. gr.

Breyting á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993, með síðari breytingum.

Í stað orðanna „Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda tilnefna sinn manninn hvor“ í 27. gr. laganna kemur: Bændasamtök Íslands tilnefna tvo menn.

30. gr.

Breyting á lögum um dýravernd, nr. 15/1994.

Í stað orðanna „Einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands“ í 2. mgr. 17. gr. laganna kemur: Einn tilnefndur af Bændasamtökum Íslands.

31. gr.

Breyting á lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994.

a. Í stað orðanna „einum tilnefndum af Búnaðarfélagi Íslands“ í 1. og 2. tölul. 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: einum tilnefndum af Bændasamtökum Íslands.
b. Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: Bændasamtaka Íslands.

32. gr.

Breyting á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

Í stað orðanna „einum af Búnaðarfélagi Íslands“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: einum af Bændasamtökum Íslands.

33. gr.

Breyting á lögum um útflutning hrossa, nr. 161/1994.

a. Í stað orðanna „Búnaðarfélagi Íslands“ í 1. mgr. 4. gr. laganna og í stað sömu orða í 6. gr. kemur (í viðeigandi beygingarföllum): Bændasamtök Íslands.
b. Í stað orðanna „Búnaðarfélag Íslands getur“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: Bændasamtök Íslands geta.

34. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi eftirtalin lög og lagaákvæði:

a. Lög um mótak, nr. 16/1940.
b. Lög nr. 7/1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.
c. II. kafli laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.
d. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 40/1972, um sameiningu Borgarfjarðarhrepps og Loðmundarfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu í einn hrepp.
e. Lög nr. 12/1984, um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 130 20. desember 1994 voru Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda sameinuð í ein heildarsamtök bænda og tóku hin nýju samtök við réttindum og skyldum Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda.

Í 4. gr. laga nr. 130/1994 segir m.a. að tekin skuli til endurskoðunar öll þau lagaákvæði þar sem vísað er til Búnaðarfélags Íslands eða Stéttarsambands bænda. Frumvarp þetta er samið á grundvelli þeirra fyrirmæla. Hin nýju samtök hafa kosið sér stjórn, sett sér samþykktir og gefið samtökunum nafnið Bændasamtök Íslands.

Í samræmi við þetta eru í frumvarpinu talin upp lög þar sem Búnaðarfélagi Íslands eða Stéttarsambandi bænda eru ætluð tiltekin hlutverk og lagt til að þau hlutverk verði falin Bændasamtökunum. Að öðru leyti er vísað til einstakra greina og skýringa með þeim.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 11. gr. laga nr. 56/1933 er Búnaðarfélagi Íslands falið að annast framkvæmd laga um áveitu á Flóann. Lögin geyma ákvæði um ráðstafanir á löndum sem tekin hafa verið upp í áveitukostnað, bæði leigu og sölu. Lagt er til að Bændasamtök Íslands taki við þessu verkefni Búnaðarfélags Íslands.

Um 2. gr.

Lög nr. 117/1943 heimila sölu landspildna sem teknar hafa verið upp í áveitukostnað á Flóaáveitusvæðinu. Lagt er til að Bændasamtök Íslands taki við hlutverki Búnaðarfélags Íslands samkvæmt lögunum.

Um 3. gr.

Búnaðarfélagi Íslands er í 11. gr. laga nr. 77/1936 falið að annast framkvæmd laganna, m.a. ráðstöfun lands sem ríkisjóður hefur eignast samkvæmt lögunum. Lagt er til að Bændasamtök Íslands taki við þessu hlutverki Búnaðarfélags Íslands.

Um 4. gr.

Í 3. gr. laga um eignarnámsheimild á nokkrum löndum og á afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Grindavíkurhreppi og um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar, nr. 11/1936, er gert ráð fyrir að lönd þau sem Hafnarfjörður kann að eignast eða fá á leigu samkvæmt lögunum sé skylt að leigja bæjarmönnum eða ráðstafa á annan hátt til ræktunar í samráði við Búnaðarfélag Íslands. Hér er lagt til að samráð verði haft við Bændasamtök Íslands. Þá er lagt til að 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. falli brott, en þar er kveðið á um að búnaðarmálastjóri, einn fulltrúi Hæstaréttar Íslands og einn fulltrúi atvinnumálaráðherra eigi sæti í sérstökum gerðardómi er hafi það hlutverk að meta bætur fyrir þau lönd sem tekin eru eignarnámi á grundvelli laganna.

Um 5. gr.

Í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 101/1940 er kveðið á um að Hafnafjarðarkaupstað sé skylt að haga ræktun og úthlutun lands jarðanna samkvæmt fyrirmælum Búnaðarfélags Íslands. Hér er lagt til að Bændasamtök Íslands taki við hlutverki Búnaðarfélags Íslands í þessu efni.

Um 6. gr.

Í 2. mgr. 11. gr. landskiptalaga, nr. 46/1941, er kveðið á um að þegar ágreiningur verður um samanburð ræktunarlanda úr óskiptri sameign eða hvar land skuli ræktað til endurgreiðslu, eftir að landskiptum er lokið, skuli hlíta úrskurði viðkomandi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands. Hér er lagt til að Bændasamtök Íslands taki við hlutverki Búnaðarfélags Íslands í þessu efni.

Í 16. gr. landskiptalaga, nr. 46/1941, er kveðið á um að landeigendum sé rétt að skipta sjálfir landi á milli sín ef samkomulag er um það. Hins vegar er landeigendum skylt, ef skiptin eru sérstaklega vandasöm, að fá hreppstjóra, úttektarmann eða trúnaðarmann Búnaðarfélags Íslands til aðstoðar. Hér er lagt til að Bændasamtök Íslands taki við hlutverki Búnaðarfélags Íslands í þessu efni.

Um 7. gr.

Í 28. gr. laga um skógrækt, nr. 3/1955, með síðari breytingum, er kveðið á um heimildir Skógræktar ríkisins ef ítrekaðar vanefndir eru af hálfu landeigenda eða ábúanda á samningi um ræktun nytjaskóga á bújörðum. Þar er gert ráð fyrir að þegar átta ár líða frá því að landið er tekið í vörslu Skógræktar ríkisins, án þess að landeigandi eða ábúandi hafi bætt úr vanefndum, sé Skógrækt ríkisins heimilt að leysa til sín skógræktarlandið, m.a. að fengnum meðmælum viðkomandi sveitarstjórnar, jarðanefndar og stjórnar Búnaðarfélags Íslands. Hér er lagt til að stjórn Bændasamtaka Íslands taki við hlutverki stjórnar Búnaðarfélags Íslands í þessu efni.

Um 8. gr.

Í 6. gr. girðingalaga, nr. 10/1965, með síðari breytingum, er kveðið á um að þegar eigendur eða ábúendur jarða verða ekki sammála um hvers konar girðingu skuli setja milli jarða sem eru á mörkum lögsagnarumdæma skuli hluteigandi lögreglustjórar eða sýslumenn tilnefna sinn manninn hvor, en stjórn Búnaðarfélags Íslands tilnefna einn af jarðræktarráðunautum félagsins. Hér er lagt til að stjórn Bændasamtaka Íslands taki við hlutverki stjórnar Búnaðarfélags Íslands í þessu efni og að stjórnin sé frjáls að því hvern hún velur.

Um 9. gr.

Búnaðarfélag Íslands hefur um langt árabil ekki haft umsjón með landgræðslumálum fyrir hönd ráðherra eins og þó er mælt fyrir um í lögum nr. 17/1965. Yfirstjórn Landgræðslu ríkisins hefur á þessum tíma unnið í beinu og nánu samráði við landbúnaðarráðherra og landbúnaðarráðuneyti. Við breytingar á skipan yfirstjórnar hagsmunasamtaka bænda er því gerð tillaga um að fella ákvæðið úr lögum. Í 7. gr. landgræðslulaga segir að Landgræðsla ríkisins skuli afla sér fullkomins umráðaréttar yfir því landi sem hún tekur til heftingar á jarð- og sandfoki eða endurgræðslu. Slíks umráðaréttar skal aflað með samningi eða eignarnámi ef umráðaréttur fæst ekki á annnan hátt. Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 7. gr. skal þó ekki framkvæma eignarnám nema Rannsóknastofnun landbúnaðarins sýni að þess sé þörf og að fengnu áliti stjórnar Búnaðarfélags Íslands. Lagt er til að stjórn Bændasamtaka Íslands taki við því hlutverki Búnaðarfélags Íslands.

Í 1. mgr. 20. gr. laganna er kveðið á um að gróðurverndarnefndir skuli í samvinnu við landnýtingarráðunaut Búnaðarfélags Íslands fylgjast með notkun afrétta og heimalanda í sýslum landsins og vera ráðgefandi fyrir stjórnendur fjallskilamála í umdæminu um notkun og meðferð beitilanda og aðstoða Landgræðslu ríkisins við verndun og eflingu gróðurs. Eftir að framangreind ákvæði voru lögfest hafa Landgræðslu ríkisins bæst sérfræðingar um landnýtingu sem m.a. vinna í samvinnu við gróðurverndarnefndir og þykir því ekki ástæða til að kveða lengur á um samvinnu við landnýtingarráðunaut Búnaðarfélags Íslands.

Um 10. gr.

Í 30. gr. laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum, er kveðið á um að í stjórn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins skuli vera þrír menn skipaðir af landbúnaðarráðherra til fjögurra ára í senn. Einn skal skipaður án tilnefningar, einn tilnefndur af stjórn Búnaðarfélags Íslands og einn tilnefndur af tilraunaráði stofnunarinnar. Hér er lagt til að stjórn Bændasamtaka Íslands taki við hlutverki stjórnar Búnaðarfélags Íslands í þessu efni.

Í 34. gr. laganna er kveðið á um skipan tilraunaráðs Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Tilraunaráðið á að vera tengiliður milli stofnunarinnar og hinna ýmsu greina landbúnaðarins. Það er forstjóra og stjórn til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun stofnunarinnar. Meðal þeirra sem tilnefna eiga í ráðið eru Stéttarsamband bænda sem á að tilnefna tvo menn og jafnframt Búnaðarfélag Íslands og skal annar vera ráðunautur í jarðrækt og hinn í búfjárrækt. Hér er lagt til að Bændasamtök Íslands taki við þessu hlutverki Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda og tilnefni tvo menn í tilraunaráði í stað fjögurra áður.

Um 11. gr.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 89/1966 er stjórn Framleiðnisjóðs skipuð fimm mönnum. Búnaðarfélag Íslands, Stéttarsamband bænda, stjórn Búnaðarbanka Íslands og stjórn Framkvæmdastofnunar eiga að tilnefna hver sinn mann. Formaður skal skipaður án tilnefningar. Eftir að Framkvæmdastofnun var lögð niður hefur forsætisráðherra tilnefnt einn mann í stjórnina. Rétt þykir við sameiningu Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda að ætla hinum nýju samtökum að tilnefna tvo menn. Þá þykir ekki ástæða til að stjórn Búnaðarbanka Íslands tilnefni áfram mann í stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Undanfarin ár hefur einn af bankastjórum bankans setið í stjórninni. Ekki

er talið rétt að fulltrúar annarra fjármálastofnana sitji í stjórn Framleiðnisjóðs. Slíkt er til þess fallið að valda hagsmunaárekstrum. Því er lagt til að Rannsóknarráð Íslands tilnefni einn mann í stjórn Framleiðnisjóðs, en það samræmist vel lögmæltu hlutverki sjóðsins. Þá er lagt til að ráðherra skipi tvo menn í stjórn sjóðsins án tilnefningar.

Samkvæmt þeirri breytingu á skipan stjórnar Framleiðnisjóðs sem lögð er til með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að 5. gr. laganna svo og 1. mgr. 6. gr. verði felldar brott, en þau ákvæði gera ráð fyrir að Búnaðarbanki Íslands hafi umsjón með Framleiðnisjóði gegn þóknun og að um endurskoðun og bókhald sjóðsins fari eftir lögum nr. 115/1941, um Búnaðarbanka Íslands (nú lögum nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði).

Um 12. gr.

Í 5. gr. laga um gæðamat á æðardún, nr. 39/1970, er gert ráð fyrir að lögreglustjóri skipi dúnmatsmenn á þeim stöðum sem landbúnaðarráðuneytið telur þörf á, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands. Hér er lagt til að Bændasamtök Íslands taki við hlutverki Búnaðarfélags Íslands í þessu efni.

Um 13. gr.

Í 88. gr. laganna er kveðið á um skipun stjórnar Veiðimálastofnunar. Í henni eiga sæti fimm menn. Stjórn Veiðimálastofnunar hefur á hendi yfirstjórn stofnunarinnar og deilda hennar og markar meginatriði um stefnu og starf hennar. Stjórnin gerir tillögur til ráðherra um starfs- og fjárhagsáætlun og staðfestir reikninga stofnunarinnar að loknu ársuppgjöri. Einn stjórnarmanna skal skipaður samkvæmt tilnefningu Búnaðarfélags Íslands. Hér er lagt til að Bændasamtök Íslands tilnefni einn mann í stað Búnaðarfélags Íslands.

Samkvæmt 3. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, er kveðið á um að einn nefndarmanna í yfirnefnd skuli vera „meðal dómara Hæstaréttar". Hér er lagt til að sú skylda ráðherra að skipa hæstaréttardómara í yfirnefnd verði felld brott, enda verður að telja óeðlilegt að dómarar Hæstaréttar sinni slíkum matsstörfum.

Um 14. gr.

Í 2. gr. laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins o.fl. er gert ráð fyrir að þegar bankaráð Búnaðarbanka Íslands tekur til meðferðar og ákvörðunar málefni Stofnlánadeildar eða Byggingarstofnunar landbúnaðarins skuli fulltrúi frá Stéttarsambandi bænda og fulltrúi frá Búnaðarfélagi Íslands taka sæti í bankaráði Búnaðarbanka Íslands sem fullgildir bankaráðsmenn. Hér er lagt til að Bændasamtök Íslands taki við þessu hlutverki Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda.

Um 15. gr.

Í 2. tölul. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, kemur fram að fulltrúi frá Búnaðarfélagi Íslands og frá Stéttarsambandi bænda eigi sæti á náttúruverndarþingi. Hér er lagt til að Bændasamtök Íslands eigi einn fulltrúa á náttúruverndarþingi.

Um 16. gr.

Hér er lagt til að Bændasamtök Íslands taki við hlutverki Búnaðarfélags Íslands í matsnefndum samkvæmt lögum nr. 43/1975, um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatns.

Um 17. gr.

Í 4. mgr. 11. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, er kveðið á um undanþágu frá þeim ákvæðum 1. mgr. 11. gr. laganna sem kveða á um að þegar jörð er byggð til ákveðins árabils sé landsdrottni skylt að láta íbúðarhús og peningshús í nothæfu ástandi fylgja jörðinni. Undanþágan tekur til þeirra jarða sem ekki eru taldar búhæfar að mati jarðanefndar vegna kostarýrðar, skorts á ræktunarskilyrðum eða annarri aðstöðu til búrekstrar. Jafnframt tekur undanþágan til jarða innan takmarka kaupstaða og sjávar- og sveitaþorpa er rétt þykir að dómi landbúnaðarráðuneytisins, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, að skipta í ræktunarlóðir. Hér er lagt til að Bændasamtök Íslands taki við hlutverki Búnaðarfélags Íslands í þessu efni.

Í 2. mgr. 17. gr. ábúðarlaga segir að landbúnaðarráðherra setji reglur um viðhald húsa á leigujörðum að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og Byggingarstofnunar landbúnaðarins. Hér er lagt til að Bændasamtök Íslands taki við hlutverki Búnaðarfélags Íslands í þessu efni.

Í 3. mgr. 24. gr. ábúðarlaga er fjallað um heimildir leiguliða til að nýta hlunnindi jarðarinnar. Þar er kveðið á um að leiguliði skuli hafa not hlunninda það vor sem hann flytur á jörð, nema um annað sé samið. Hins vegar er í greininni byggt á því að landsdrottinn megi leigja lóðir undir hús eða land til uppsáturs og fiskverkunarreita og spildur til ræktunar í óyrktu landi leigujarðar ef hlutaðeigandi héraðsráðunautur eða trúnaðarmaður Búnaðarfélags Íslands telur það ekki valda leiguliða verulegum skaða eða að það takmarki ekki aðstöðu hans til ræktunar á jörðinni. Hér er lagt til að Bændasamtök Íslands taki við hlutverki Búnaðarfélags Íslands í þessu efni.

Um 18. gr.

Hér er lagt til að Bændasamtök Íslands taki við verkefnum Búnaðarfélags Íslands sem því eru fengin í jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum. Meðal þeirra verkefna eru:

1. Að veita umsögn til landbúnaðarráðherra vegna úrskurðar hans í tilefni af því að sveitarstjórn og jarðanefnd eru ekki sammála varðandi ráðstöfun fasteignar í sveitarfélaginu, sbr. 3. mgr. 6. gr. laganna.
2. Ef ekki er heimild í lögum til að taka land til annarra nota en landbúnaðarnota þarf samþykki ráðherra, enda hafi það áður verið samþykkt af viðkomandi jarðanefnd og sveitarstjórn og fyrir liggi umsögn Skipulags ríkisins og Búnaðarfélags Íslands, sbr. 1. mgr. 12. gr. laganna. Þá er Búnaðarfélagi Íslands ætlað að gefa umsögn um fyrirhuguð landskipti áður en landbúnaðarráðherra staðfestir þau, sbr. 3. mgr. 12. gr.
3. Ráðherra getur, ef hagsmunir sveitarfélags krefjast, leyft sameiganda sem rekur bú á jörð og hefur þar fasta búsetu að leysa til sín eignarhluta sameigenda sinna, enda hafi jarðanefnd og stjórn Búnaðarfélags Íslands mælt með því, sbr. 14. gr. laganna.
4. Landbúnaðarráðherra getur heimilað sveitarstjórnum eignarnám á jörðum ef meðferð þeirra, lands eða landsnytja er ekki í samræmi við ákvæði jarða- eða ábúðarlaga og þörf er á landinu til bættrar aðstöðu viðkomandi byggðarlags, enda hafi jarðanefnd og stjórn Búnaðarfélags Íslands mælt með eignarnámi, sbr. 15. gr. laganna.
5. Þegar landbúnaðarráðuneytið heimilar stofnun nýs býlis til búvöruframleiðslu á það að leita umsagnar Búnaðarfélags Íslands og Framleiðsluráðs landbúnaðarins, enda hafi viðkomandi sveitarstjórn og jarðanefnd samþykkt stofnun býlisins, sbr. 22. gr. laganna.

6. Eitt skilyrða fyrir því að jarðeiganda sé heimilt að gera jörð sína að ættaróðali er að jörðin sé svo stór eða svo gæðarík að afraksturinn af búi, er jörðin getur borið með hlunnindum er henni fylgja, geti framfært að minnsta kosti meðalfjölskyldu að dómi Búnaðarfélags Íslands og viðkomandi jarðanefndar, sbr. 47. gr. laganna.
7. Sýslumaður skal senda Búnaðarfélagi Íslands um hver áramót skýrslu um þær jarðir sem gerðar hafa verið að ættaróðali á árinu í hans umdæmi, sbr. 2. mgr. 49. gr. laganna.
8. Búnaðarfélag Íslands skal gera fyrirmynd að mati á hugsanlegum afrakstri jarðarinnar sem gerð hefur verið að ættaróðali og krefjast tilskilinna gagna í því efni, sbr. 4. og 5. mgr. 49. gr. laganna.

Um 19. gr.

Hér er lagt til að felld verði niður tilvísun í Búnaðarfélag Íslands í lögum um tekjuskatt og eignarskatt og því gert ráð fyrir að Bændasamtök Íslands njóti ekki sömu stöðu og Búnaðarfélag Íslands um að greiða hvorki tekju- né eignarskatt.

Um 20. gr.

Í 3. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda er kveðið á um skipun stjórnar sjóðsins. Hún er skipuð fimm mönnum. Þar af skal einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands og einn af Stéttarsambandi bænda. Hér er lagt til að Bændasamtök Íslands taki við hlutverki Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í þessu efni jafnframt því að skipa endurskoðendur sjóðsins samkvæmt 4. gr. laganna.

Um 21. gr.

Hér er lagt til að Bændasamtök Íslands taki við verkefnum Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda sem þeim eru fengin í jarðaræktarlögum, nr. 56/1987, með síðari breytingum.

Um 22. gr.

Hér er lagt til að Bændasamtök Íslands taki við verkefnum Búnaðarfélags Íslands sem því eru fengin í lögum um Hagþjónustu landbúnaðarins, nr. 63/1989. Þau verkefni eru:

1. Búnaðarfélag Íslands tilnefnir einn mann og varamann í stjórn Hagþjónustu landbúnaðarins en landbúnaðarráðherra skipar fjóra menn í stjórnina eftir tilnefningu Þjóðhagsstofnunar, búsvísindardeildar Bændaskólans á Hvanneyri, Hagstofu Íslands og Búnaðarfélags Íslands, sbr. 3. gr. laganna.
2. Búnaðarfélagi Íslands er ætlað að gegna ákveðnu hlutverki til bráðabirgða þar til bókhaldsstofur bænda og Hagþjónusta landbúnaðarins geta sinnt hlutverki sínu samkvæmt lögunum, sbr. ákvæði til bráðabirgða í lögunum.

Um 23. gr.

Lagt er til að Bændasamtök Íslands taki við verkefnum Búnaðarfélags Íslands sem því eru fengin í lögum um búfjárrækt, nr. 84/1989.

Um 24. gr.

Hér er lagt til að Bændasamtök Íslands taki við verkefnum, réttindum og skyldum Búnaðarfélags Íslands sem því eru fengin í lögum um Búnaðarmálasjóð, nr. 41/1990, með síðari breytingum.

Um 25. gr.

Hér er lagt til að í stað Stéttarsambands bænda tilnefni Bændasamtök Íslands mann í ullarmatsnefnd samkvæmt lögum, nr. 57/1990.

Um 26. gr.

Samkvæmt 3. gr. laga um búfjárhald, nr. 46/1991, er sveitarstjórn heimilt að setja samþykkt um búfjárhald. Landbúnaðarráðherra staðfestir slíka samþykkt að fenginni umsögn Búnaðarfélags Íslands. Hér er miðað við að staðfesting landbúnaðarráðherra fari fram að undangenginni umsögn Bændasamtaka Íslands.

Í 8. gr. laganna er kveðið á um að landbúnaðrráðuneytið skulu beita sér fyrir því, m.a. í samvinnu við Búnaðarfélag Íslands, að gefa út leiðbeinandi reglur um sem flesta þætti er lúta að fóðrun, aðbúnaði, meðferð og heilbrigði búfjár af viðkomandi tegund. Hér er gert ráð fyrir að ráðuneytið leiti samvinnu við Bændasamtök Íslands um þessi mál.

Í 10. gr. laganna er kveðið á um hlutverk Búnaðarfélags Íslands við forðagæslu, þ.e. að láta búfjáreftirlitsmönnum í té eyðublöð um framkvæmd forðagæslu, vinna úr gögnum og hafa yfirstjórn með framkvæmd forðagæslu. Hér er miðað við að Bændasamtök Íslands hafi þetta verkefni með höndum.

Um 27. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga um Jarðasjóð, nr. 34/1992, ber að senda erindi sem Jarðasjóði berast um kaup og sölu jarða til umsagnar stjórna Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda áður en þau eru afgreidd. Hér er gert ráð fyrir að slík erindi verði send stjórn Bændasamtaka Íslands til umsagnar.

Um 28. gr.

Samkvæmt 4. gr. laga um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, nr. 61/1992, ber umhverfisráðherra að fá umsögn Búnaðarfélags Íslands áður en hann setur reglugerð á grundvelli laganna. Hér er miðað að umhverfisráðherra fái umsögn Bændasamtaka Íslands.

Um 29. gr.

Samkvæmt 27. gr. laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993, skipar landbúnaðarráðherra þriggja manna dýrasjúkdómanefnd til að vera ráðgefandi um aðgerðir til útrýmingar dýrasjúkdómum og hvers konar sóttvarnir sem hefta útbreiðslu þeirra. Þá skal hún hlutast til um stofnun svæðisnefnda og hafa eftirlit með starfrækslu varnarlína og viðhaldi þeirra. Einn nefndarmanna skal tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands og annar af Stéttarsambandi bænda. Í frumvarpi þessu er miðað við að Bændasamtök Íslands tilnefni tvo menn í umrædda nefnd.

Um 30. gr.

Samkvæmt 17. gr. laga um dýravernd, nr. 15/1994, skipar umhverfisráðherra fimm manna dýraverndarráð til að hafa með höndum eftirlit með framkvæmd laganna. Einn nefndarmanna skal tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands. Hér er miðað við að Bændasamtök Íslands tilnefni í stað Búnaðarfélags Íslands einn fulltrúa í dýraverndarráð.

Um 31. gr.

Samkvæmt 3. gr. laga um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994, skipar landbúnaðarráðherra annars vegar þriggja manna fóðurnefnd og hins vegar þriggja manna sáðvöru- og áburðarnefnd. Þeim er ætlað að vera ráðgefandi um framkvæmd eftirlits með fóðri, áburði og sáðvöru og vera til aðstoðar aðfangaeftirliti. Einn nefndarmanna í hvorri nefnd skal tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands. Hér er miðað við að Bændasamtök Íslands tilnefni í stað Búnaðarfélags Íslands einn fulltrúa í hvora nefnd.

Í 2. mgr. 5. gr. laganna er miðað við að landbúnaðarráðherra ákveði með reglugerð, að höfðu samráði við sérfræðinga Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og ráðunauta Búnaðarfélags Íslands, hvaða upplýsingar skylt er að láta fylgja vörum sem lögin ná yfir. Hér er miðað við að haft verði samráð við ráðunauta Bændasamtaka Íslands.

Um 32. gr.

Samkvæmt 3. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, skipar umhverfisráðherra sjö manna ráðgjafarnefnd um villt dýr og skal einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands. Hér er miðað við að Bændasamtök Íslands tilnefni í stað Búnaðarfélags Íslands einn fulltrúa í umrædda nefnd.

Um 33. gr.

Hér er lagt til að Bændasamtök Íslands taki við verkefnum Búnaðarfélags Íslands sem því eru fengin í lögum um útflutning hrossa, nr. 161/1994.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um útflutning hrossa skal vegna útflutnings hrossa fylgja vottorð Búnaðarfélags Íslands um uppruna og ætterni hrossins. Skv. 2. mgr. 4. gr. laganna eiga innlendir hrossaræktendur og samtök þeirra forkaupsrétt að úrvalskynbótagripum sem áformað er að flytja úr landi. Búnaðarfélag Íslands getur óskað eftir því við landbúnaðarráðherra að það fresti útflutningi á þeim í allt að tvær vikur á meðan forkaupsréttur er boðinn. Skv. 6. gr. á Búnaðarfélag Íslands einn fulltrúa í fimm manna útflutnings- og markaðsnefnd sem á að vera ráðgefandi um málefni er snerta útflutning á hrossum og gera tillögur um ráðstöfun á eftirstöðvum útflutningsgjalds.

Um 34. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna sameiningar Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í Bændasamtök Íslands.

Í frumvarpinu eru tekin til endurskoðunar öll lagaákvæði sem vísa til Búnaðarfélags Íslands eða Stéttarsambands bænda sem sameinuð voru með lögum nr. 130/1994. Er þetta gert í samræmi við 4. gr. nefndra laga. Aðallega er um nafnabreytingar að ræða þar sem

í stað Búnaðarfélags Íslands eða Stéttarsambands bænda kemur Bændasamtök Íslands sem er nafn hinna sameinuðu heildarsamtaka. Ekki verður séð að lögfesting frumvarpsins hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

685. Frumvarp til laga [390. mál]

um breyting á lögum um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

Við 10. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ráðherra er í því sambandi heimilt að víkja frá ákvæðum um kaupskyldu og forkaupsrétt á félagslegum íbúðum í þeim reynslusveitarfélögum þar sem einstaklingum eru veitt lán úr Byggingarsjóði verkamanna til að kaupa eða byggja íbúðir á almennum markaði.

2. gr.

Við 12. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ráðherra er í því sambandi heimilt að víkja frá 1. mgr. 18. gr. laga um atvinnuleysistryggingar um að atvinnulausir geti ekki stundað námskeið eða annað nám, sem varir lengur en í átta vikur, á bótum og 1. mgr. 20. gr. sömu laga um að umsækjandi skuli láta skrá sig vikulega hjá vinnumiðlun að viðlögðum missi bótaréttar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994, voru samþykkt á Alþingi vorið 1994. Skv. 1. gr. laganna er markmið þeirra að afla reynslu sem nýta má við undirbúning breytinga á löggjöf um:

stjórnsýslu sveitarfélaga,
framkvæmd verkefna sveitarfélaga,
verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og
tekjustofna sveitarfélaga.

Samkvæmt lögunum skal með tilraununum að því stefnt að:

auka sjálfsstjórn sveitarfélaga,
laga stjórnsýslu sveitarfélaga betur að staðbundnum aðstæðum,
bæta þjónustu við íbúana og
nýta betur fjármagn hins opinbera.

Tilraunirnar mega ekki hafa í för með sér skerðingu á réttindum íbúanna né fela í sér auknar fjárhagslegar byrðar fyrir þá.

Til þess að gera tilraunastarfsemi mögulega veita lögin ráðherrum heimildir til þess að víkja frá ákvæðum tiltekinna laga. Gert er ráð fyrir að reynslusveitarfélög setji reglur, í formi samþykkta, í stað þeirra ákvæða sem vikið er frá, sbr. 7. gr. laganna. Viðkomandi ráðherra þarf að staðfesta slíka samþykkt og hana þarf að birta í B-deild Stjórnartíðinda. Lögin heimila tilraunir með nefndaskipan sveitarfélaga (9. gr.), í meðferð bygg-

ingarmála (16. gr.), félagslegra húsnæðismála (10. gr.), heilbrigðisþjónustu (15. gr.) og þjónustu við atvinnulausa (12. gr.), fatlaða (11. gr.) og aldraða (15. gr.). Heimilt er að fela reynslusveitarfélagi að taka að sér þjónustu ríkisins við fatlaða og rekstur heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa. Einnig er heimilt að gera tilraunir með nýjar reglur um ákvörðun tekjustofna sveitafélaga (13. gr.) og um fjármögnun verkefna (18. gr.). Í lögunum eru viðkomandi ráðherrum veittar heimildir til þess að víkja frá ákvæðum laga sem fjalla um þessa málaflokka.

Í 2. gr. laganna eru heimildum ráðherra til þess að víkja frá lögum settar almennar efnislegar takmarkanir. Skv. 1. mgr. greinarinnar er ráðherra eingöngu heimilt að víkja frá ákvæðum laga sem mæla fyrir um stjórnsýslu sveitarfélaga og skipulag starfsemi þeirra, hvernig verkefni skuli leyst af hendi, hvernig eftirliti ríkisins með starfsemi sveitarfélaga skuli háttað og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Í stuttu máli má segja að af þessu ákvæði leiði að ráðherrum er ekki heimilt að víkja frá grundvallarákvæðum um að verkefni skuli leyst af hendi. Hins vegar er heimilt að víkja frá ákvæðum sem mæla fyrir um á hvern hátt þau skuli leyst af hendi. Skv. 2. mgr. 2. gr. verður að vera tryggt að frávik hafi ekki í för með sér skerðingu á þeim rétti til þjónustu og fyrirgreiðslu sem íbúarnir njóta lögum samkvæmt og að réttaröryggi þeirra haldist óskert.

Verkefnið um reynslusveitarfélög byggist á því að óskir um tilraunir komi frá sveitarfélögunum sjálfum þar sem fyrir hendi er þekking á viðfangsefnunum og staðbundnum aðstæðum. Gert er ráð fyrir að verkefnið sé samstarfsverkefni reynslusveitarfélaga og ráðuneyta en frumkvæðið komi frá sveitarfélögunum sjálfum. Ekki var unnt að hefja markvisst undirbúningsstarf með sveitarfélögunum fyrr en val á þeim lá fyrir. Val á sveitarfélögum fór ekki fram fyrr en eftir að lögin tóku gildi og þá á grundvelli þeirra. Við gerð frumvarps til laganna lágu því ekki fyrir mótaðar tillögur um tilraunir. Lögin endurspegla það og var sérstaklega tekið fram í athugasemdum við frumvarpið að mjög líklega þyrfti að leggja fram frumvarp til breytinga á lögunum þegar hugmyndir sveitarfélaga um tilraunastarfsemi lægju fyrir. Þetta hefur og komið á daginn. Er með þessu frumvarpi sótt um heimildir til þess að víkja frá nánar tilteknum efnisákvæðum laga um Húsnæðisstofnun ríkisins og atvinnuleysistryggingar þar sem frávik frá þessum ákvæðum eru ekki talin rúmast innan heimilda 2. gr. laganna.

Staða verkefnisins.

Í júní 1994 valdi þáverandi félagsmálaráðherra með heimild í 4. gr. laga um reynslusveitarfélög tólf sveitarfélög til þess að taka þátt í verkefninu. Þau eru:

Hafnarfjörður	Garðabær	Reykjavík
Borgarbyggð	Snæfellsbær	Dalabyggð
Vesturbyggð	Akureyri	Neskaupstaður
Hornafjarðarbær	Vestmannaeyjar	Reykjanesbær

Umsóknir reynslusveitarfélaganna lágu fyrir á sl. vori. Var gerð nákvæm grein fyrir þeim í skýrslu félagsmálaráðherra um framkvæmd verkefnisins sem lögð var fram á 118. löggjafarþingi 1994–95.

Undirbúningur tilrauna hefur tekið lengri tíma en ráðgert var í upphafi. Ýmsar ástæður eru fyrir því. Tilraunaverkefni eins og þetta er nýjung í stjórnsýslu hér á landi og því er að mörgu leyti um brautryðjendastarf að ræða. Það hefur tekið tíma, bæði fyrir sveitarfélög og ríki, að tileinka sér þann hugsunarhátt og starfsaðferðir sem verkefnið krefst. Vinna við nánari útfærslu umsókna hefur reynst umfangsmeiri en menn hugðu í upphafi og samstarfið, þar sem að málum koma bæði sveitarfélög, ráðuneyti og undirstofnanir

þeirra, hefur reynst tímafrekara en mönnum var ljóst fyrir fram. Hins vegar hefur samstarfið í aðalatriðum gengið vel og eftir því sem verkefninu hefur fleygt fram hefur aukist traust á milli fulltrúa sveitarfélaga og ráðuneyta og menn hafa unnið saman að útfærslu tilrauna þar sem báðir aðilar hafa lagt sitt af mörkum.

Í tveimur málaflokkum hefur umsóknum verið hafnað, þ.e. menntamálaráðuneytið hafnaði umsóknum um yfirtöku sveitarfélaga á rekstri framhaldsskóla og dómsmálaráðuneytið hafnaði umsóknum um flutning á staðbundinni löggæslu, en ekki eru fyrir hendi heimildir í lögum um reynslusveitarfélög til þess að gera tilraunir á þessum sviðum. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur ákveðið að tilraunir, sem snerta það ráðuneyti, verði a.m.k. fyrst um sinn bundnar við þrjú sveitarfélög, en níu sveitarfélög sóttu um tilraunir á sviði ráðuneytisins.

Aðrar umsóknir eru í vinnslu eða í frekari athugun hjá viðkomandi ráðuneytum, en ljóst er að þær munu ekki allar ná fram að ganga. Gengið hefur verið frá samþykktum fyrir fjögur sveitarfélög um afgreiðslu byggingarfulltrúa á tilteknum verkefnum án staðfestingar byggingarnefndar, þ.e. fyrir Hafnarfjörð (nr. 686/1995), Reykjavík (nr. 614/1995), Neskaupstað (nr. 617/1995) og Vestmannaeyjar (nr. 14/1996). Markmið tilrauna á þessu sviði er að einfalda og hraða meðferð minni háttar byggingarmála. Einnig hefur verið gengið frá samningi og samþykkt um yfirtöku Hornafjarðarbæjar á heilbrigðis- og öldrunarþjónustu í Austur-Skaftafellssýslu (nr. 680/1995). Samningar um yfirtöku þriggja sveitarfélaga, þ.e. Reykjavíkur, Akureyrar og Vestmannaeyja, á þjónustu við fatlaða eru langt komnir en ekki liggur þó enn þá fyrir hvort samningar muni nást við þau öll. Undirbúningur tilrauna á sviði félagslegra húsnæðismála og vinnumála er vel á veg kominn en samþykkt þessa frumvarps er forsenda þess að unnt sé að ganga endanlega frá samþykktum á þessum sviðum.

Rétt er að taka fram að allnokkrar umsóknir reynslusveitarfélaga fela í sér hugmyndir um umbótaverkefni sem ekki krefjast sérstakra lagaheimilda, og er alfarið unnið að þeim verkefnum innan viðkomandi sveitarfélaga. Þetta á sérstaklega við um tilraunir með breytt fyrirkomulag í stjórnsýslu sveitarfélaga.

Síðastliðið vor var Gunnar Hilmarsson framkvæmdastjóri skipaður formaður verkefnisstjórnar reynslusveitarfélaga í stað Sigfúsar Jónssonar landfræðings sem lét af störfum að eigin ósk og í vetur var Jón Gauti Jónsson, fyrrverandi sveitarstjóri, ráðinn sem sérstakur ráðgjafi verkefnisstjórnarinnar. Í haust var að undangengnu útboði gengið til samninga við Hagvang um úttekt á tilraunum í samræmi við 6. gr. laganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að heimilt sé að víkja frá kaupskyldu og forkaupsrétti sveitarfélaga þegar ákveðin tilraunaverkefni eiga í hlut, en 10. gr., sbr. 2. gr. laganna, veitir ekki slíka heimild. Ástæðan er sú að heimild félagsmálaráðherra til að víkja frá ákvæðum laga um Húsnæðisstofnun ríkisins takmarkast af ákvæðum 2. gr. þar sem segir að ráðherrum sé ekki heimilt að víkja frá lögum nema tryggt sé að það hafi ekki í för með sér skerðingu á þeim rétti til þjónustu og fyrirgreiðslu sem íbúarnir njóta lögum samkvæmt. Brottfall kaupskyldu skerðir óhjákvæmilega rétt íbúanna til fyrirgreiðslu. Nú hafa komið fram hugmyndir um tilraunaverkefni sem ekki rúma kaupskyldu og forkaupsrétt en veita fólki í þess stað annars konar möguleika. Þar sem hugmyndir þessar þykja athyglisverðar og

tilraunarinnar virði er lagt til að þeim verði sett sérstök lagastoð. Sveitarfélögin, sem í hlut eiga, eru Hornafjörður, Borgarbyggð, Reykjanesbær og Vestmannaeyjar, og hugsanlegt er að fleiri bætist við.

Sveitarfélögin fjögur sækja um að gera tilraun með nýtt fyrirkomulag félagslegra eignaríbúða. Í því felst að fólki er veitt lán til að verða sér sjálft úti um íbúð á almennum markaði í stað úthlutunar húsnæðisnefndar á félagslegri íbúð til eignar. Tilhögunin er í grófum dráttum sú að Byggingarsjóður verkamanna lánar sveitarfélagi, sem síðan endurlánar einstaklingi, eða sjóðurinn lánar bæði sveitarfélagi og einstaklingi og sveitarfélag endurlánar einstaklingi sinn hluta. Í hvorutveggja tilviki er einstaklingi veitt lán til að byggja eða kaupa íbúð á almennum markaði. Þegar sá einstaklingur hyggst selja íbúðina sér hann um söluna með sama hætti og gengur og gerist á almennum markaði. Samhliða skal hann þó gera upp endurlánið við sveitarfélagið (og lánið við Byggingarsjóð verkamanna þar sem það á við) og sveitarfélagið greiða upp lán sitt hjá Byggingarsjóði verkamanna.

Kostir þess að gera slíka tilraun, með lánveitingar í stað úthlutunar á íbúðum, eru taldir það miklir að þeir réttlæti að hvikað sé frá kaupskyldu. Beinast kostirnir bæði að stjórnvöldum og viðkomandi einstaklingum. Þannig einfaldast mjög öll framkvæmd með tilheyrandi sparnaði. Umsvifin kringum félagslegar eignaríbúðir eru nú talsverð bæði hjá húsnæðisnefndum og Húsnæðisstofnun ríkisins, þ.e. byggingarframkvæmdir, úthlutun íbúðanna og síðast en ekki síst endursölukerfið í heild sinni; endurbætur á íbúð, uppreiknaður eignarhluti eftir nokkuð flóknum reglum o.fl. Einnig skal hér bent á að líklegt er að tilraunaleið þessi geti, þegar fram í sækir, að einhverju leyti greitt fyrir því að sveitarfélag geti selt íbúð sem illa gekk að selja í gamla kerfinu. Þannig geti sveitarfélag selt einstaklingi, sem fengið hefur lán samkvæmt nýju leiðinni, íbúð sem sveitarfélag hefur áður keypt inn samkvæmt kaupskyldunni, enda hafi lán við Húsnæðisstofnun verið gerð upp. Þar sem einstaklingurinn kaupir á markaðsverði getur svo farið, í þeim sveitarfélögum þar sem markaðsverð er lægra en innkaupsverðið samkvæmt kaupskylduákvæðum, að sveitarfélag hafi af þessu kostnað sem nemi þessum mismun. Svo mun vera ástatt í a.m.k. þremur af þeim sveitarfélögum sem hyggjast fara þessa tilraunaleið. Auk þess eru kostirnir fyrir einstaklinginn þeir að geta valið sér íbúð og e.t.v. endurbætt íbúðina sjálfur smám saman og lækkað skuldabyrði sína því enn frekar.

Lagðar eru til tvær útfærslur á þessari tilraunaleið og ganga þær mislangt en eiga þó ýmislegt sameiginlegt, þar á meðal að kaupskylda (og forkaupsréttur) sveitarfélaga rúmast ekki innan þeirra. Í annarri leiðinni, sem Hornafjörður hyggst fara, er skrefið stigið til fulls á þann hátt að allt lán Byggingarsjóðs verkamanna (90%) rennur til bæjarfélagsins. Bærinn endurlánar síðan einstaklingum. Bæjarstjórn ber ábyrgð á láninu gagnvart Byggingarsjóði verkamanna, en bærinn tekur síðan veð í íbúðunum við endurlán til einstaklinga. Verði vanskil af hálfu kaupenda eru þau á ábyrgð Hornafjarðarbæjar. Þar sem bæjarstjórnin tekur á sig mikla ábyrgð fær hún einnig mikið ákvörðunarvald við endurlán til einstaklinga. Það ákvörðunarvald takmarkast þó af ákvæðum 1. og 2. gr. laga um reynslusveitarfélög um að ekki megi skerða réttindi einstaklinga. Um þetta setji bærinn sér reglur sem birtar verði bæjarbúum þannig að jafnræðis og réttaröryggis sé gætt. Skemmri leiðin, sem þrjú sveitarfélög velja (Borgarbyggð, Reykjanesbær og Vestmannaeyjar), felur það í sér að lánveitingu Byggingarsjóðs verkamanna (90% lán) er skipt í tvennt. Veitt er 70% lán til einstaklinga með veði í íbúðunum, en 20% lán er veitt sveitarfélaginu sem aftur endurlánar það einstaklingunum. Ábyrgð sveitarfélagsins í þessu tilviki er því mun minni en hjá Hornafirði (20% ábyrgð) og ákvörðunarvaldið samkvæmt

því. Sameiginlegt þessum tveimur útfærslum er, eins og áður hefur verið getið um, að fólk velur sér íbúð á almennum markaði, að við endursölu sér fólkið sjálft um söluna á almennum markaði samkvæmt almennum reglum, en skal áður hafa gert upp endurlán við bæjarfélag sem aftur hefur gert upp lán við Byggingarsjóð verkamanna, og að hvorki kaupskylda né forkaupsréttur sveitarfélaga rúmast innan þessa fyrirkomulags.

Samin hafa verið drög að samþykktum fyrir þau fjögur sveitarfélög sem hér eiga hlut að máli.

Um 2. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, með síðari breytingum, geta bótaþegar ekki sótt námskeið til að auka starfshæfni sína sem taka lengri tíma en átta vikur og skv. 1. mgr. 20. gr. sömu laga verður atvinnulaus maður að láta skrá sig vikulega hjá vinnumiðlun að viðlögðum missi bótaréttar. Nokkur reynslusveitarfélög hafa sett fram óskir um tilraunaverkefni sem fela í sér að ráðgjöf og úrræði vinnumiðlunar fyrir atvinnulausa verði efld. Hugmyndir fjögurra þeirra, þ.e. Reykjanesbæjar, Reykjavíkur, Borgarbyggðar og Akureyrar, fela í sér óskir um frávik frá framangreindum lagaákvæðum.

Kannanir sýna að því minna nám sem menn hafa að baki því meiri hætta er á að þeir verði atvinnulausir. Sérstaklega á þetta við um þá yngstu á vinnumarkaðinum sem hafa takmarkaða starfsreynslu að byggja á. Þannig sýna kannanir Vinnumiðlunar Reykjavíkur að allt að 80% atvinnulausra á aldrinum 16–25 ára hafa ekki lokið öðru prófi en grunnskólaprófi. Sveitarfélögin telja að með því að hafa möguleika á að bjóða atvinnulausum að stunda nám í lengri tíma en átta vikur skapist svigrúm til þess að skipuleggja námsúrræði fyrir atvinnulausa sem raunverulega auki starfsmöguleika þeirra, en ljóst er að átta vikna reglan takmarkar mjög gagnsemi námskeiða fyrir atvinnulausa. Að bjóða atvinnulausum upp á slíka námsmöguleika er nýmæli hér á landi og því heppilegt að afla fyrst reynslu af því í einstökum sveitarfélögum þar sem hægt er að fylgjast með framkvæmd og meta að tilraunatímabili loknu hvernig til hefur tekist. Reykjanesbær, Borgarbyggð og Akureyrarbær hafa óskað eftir fráviki frá þessu ákvæði. Eru uppi hugmyndir um að þessi sveitarfélög bjóði upp á slíkt nám í samvinnu við framhaldsskóla, en ljóst er að gæta verður þess að slíkt nám sé ekki í samkeppni við almennt lánshæft nám og það verður að skipuleggja með þarfir hvers og eins í huga.

Vikuleg skráning er íþyngjandi bæði fyrir hinn atvinnulausa og vinnumiðlun. Með því að veita undanþágu frá vikulegri skráningu er unnt að skapa svigrúm og hvata til þess að efla virkni bæði vinnumiðlana og hinna atvinnulausu. Tilgangur ákvæðisins um vikulega skráningu er að eftirlit verði haft með því að maður sé raunverulega atvinnulaus. Með öflugri þjónustu vinnumiðlunar skapast meiri tengsl milli vinnumiðlunar og hins atvinnulausa. Af því leiðir að vinnumiðlun getur betur fylgst með því að bótaþegar fullnægi skilyrðum bótaréttar án þess að vikuleg skráning þurfi til að koma. Í sveitarfélögunum eru uppi hugmyndir um að atvinnulausum, sem eiga á hættu að verða langtímaatvinnulausir, verði boðið upp á sérstaka aðstoð sem feli m.a. í sér að hinn atvinnulausi og vinnumiðlun geri í sameiningu áætlun um hvernig eigi að vinna að því að hann fái vinnu. Í áætluninni verði kveðið á um hvað hinn atvinnulausi á að gera sjálfur til þess að fá vinnu og hvaða aðstoð hann á rétt á frá vinnumiðlun til þess að vinna að markmiði áætlunarinnar. Í stað þess að þurfa að mæta til vikulegrar skráningar þurfi hinn atvinnulausi að sýna fram á hvað hann hafi aðhafst til þess að fá sér vinnu, t.d. að hann hafi sótt um vinnu, sótt námskeið eða tekið þátt í sérstökum verkefnum. Samkvæmt lög-

um um atvinnuleysistryggingar er það skilyrði bótaréttar að hinn atvinnulausi sé í atvinnuleit en ekki er fylgst með því í framkvæmd hvort sú sé raunin. Framangreindar hugmyndir byggjast á því að hinn atvinnulausi skuldbindi sig til þess að vera virkur í atvinnuleit. Samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar varðar það ekki missi bóta að fullnægja ekki þessu skilyrði. Með hliðsjón af því þykja ekki rök til þess að sá sem gert hefur slíkan samning skuli sæta missi bóta ef hann fullnægir ekki skyldum sínum. Hins vegar er eðlilegt að það leiði til þess að hann glati rétti til sérstakra úrræða og aðstoðar vinnumiðlunar og skuli aftur gert að sæta vikulegri skráningu. Fyrirmynd þessara hugmynda er sótt til nágrannalanda okkar. Er mikils virði að fá reynslu af þessu fyrirkomulagi hér landi.

Hugmyndir Vinnumiðlunar Reykjavíkur eru nokkuð annars eðlis, en þær byggjast á því að skráning fari fram á tveggja vikna fresti. Í stað vikulegrar skráningar verður lögð áhersla á að efla einstaklingsráðgjöf við atvinnulausa þannig að hægt sé að ná því markmiði að kalla reglubundið inn til ráðgjafar þá einstaklinga sem hafa verið tiltekinn tíma á skrá, svo sem þrjá mánuði. Þessar hugmyndir byggjast á því að eftirlit með því að skilyrðum bóta sé fullnægt verði óbreytt að öðru leyti en því að atvinnulausir skuli skrá sig á tveggja vikna fresti í stað vikulega. Með hliðsjón af því er eðlilegt að viðurlög við því að skráning fari ekki fram í samræmi við reglur verði í sem mestu samræmi við það sem nú er, þ.e. það geti varðað missi bóta.

Þar sem um er að ræða frávik frá ákvæðum sem snerta efnisleg réttindi og skyldur atvinnulausra og þar sem ekki þykir nægilega ljóst hvort frávik rúmist innan heimilda 1. mgr. 2. gr. laga um reynslusveitarfélög þykir rétt að sækja um sérstaka lagaheimild til þess að víkja frá þessum ákvæðum. Tekið skal fram að þessar hugmyndir eru í samræmi við hugmyndir nefndar sem skipuð var til þess að endurskoða lög um atvinnuleysistryggingar.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994.

Samkvæmt frumvarpinu getur ráðherra undanþegið reynslusveitarfélög framfylgd laga umfram þær almennu efnislegu takmarkanir sem settar eru í lögum um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994. Skv. 1. mgr. 2. gr. laganna er ráðherra eingöngu heimilt að víkja frá ákvæðum laga sem mæla fyrir um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, stjórnsýslu sveitarfélaga og skipulag starfsemi þeirra, hvernig verkefni skuli leyst af hendi og hvernig eftirliti ríkisins með starfsemi sveitarfélaga skuli háttað.

Í 1. gr. frumvarpsins er ráðherra heimilað að víkja frá ákvæðum laga um Húsnæðisstofnun ríkisins þar sem kveðið er á um kaupskyldu og forkaupsrétt á félagslegum íbúð-

um í þeim reynslusveitarfélögum þar sem einstaklingum eru veitt lán til að kaupa eða byggja íbúðir á almennum markaði. Hugmyndin er sú að gera tilraun með nýtt fyrirkomulag félagslegra eignaríbúða. Í því felst að fólki er veitt lán til að verða sér sjálft úti um íbúð á almennum markaði í stað þess að fá úthlutað félagslegri íbúð. Byggingarsjóður verkamanna lánar þá sveitarfélagi sem síðan endurlánar einstaklingi, eða sjóðurinn lánar bæði sveitarfélagi og einstaklingi og sveitarfélag endurlánar einstaklingi sinn hluta. Þegar einstaklingur hyggst selja íbúðina sér hann um söluna með sama hætti og gengur og gerist á almennum markaði. Með þessu móti dregur úr umsvifum kringum félagslegar eignaríbúðir hjá húsnæðisnefndum og Húsnæðisstofnun ríkisins. Hugmyndin er að framkvæma tilraunina í fjórum sveitarfélögum, þ.e. Hornafjarðarbæ, Borgarbyggð, Reykjanesbæ og Vestmannaeyjum. Í þessum sveitarfélögum eru 611 félagslegar íbúðir af um 10.000 félagslegum íbúðum í landinu öllu. Því er reiknað með að vinnusparnaðurinn við uppreikning eignarhluta og staðfestingu á honum geti lækkað rekstrarkostnað Húsnæðisstofnunar um 0,5–1 m.kr. Rétt er að benda á að ekki hefur verið hugað að því í frumvarpinu á hvern hátt ábyrgð sveitarfélaga af langtímalánum hjá Húsnæðisstofnun vegna tilraunarinnar verði háttað.

Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ráðherra verði heimilt að víkja frá ákvæðum 1. mgr. 18. gr. laga um atvinnuleysistryggingar en samkvæmt henni geta atvinnulausir stundað námskeið eða annað nám sem varir í allt að átta vikur á hverju bótatímabili. Ljóst er að ótakmarkaður tími á námi þeirra atvinnulausu leiðir til þess að hver sá er hefur bótarétt getur í atvinnuleysi stundað nám á fullum bótum. Sýnt er að það fólk, sem þannig stundar fullt nám, er ekki jafnreiðubúið til að ráða sig í vinnu og ella meðan á námi stendur. Skiljanlega vill einstaklingur sem hafið hefur nám ljúka því. Heimildin hvetur því til aukins langvarandi skráðs atvinnuleysis og meiri bótagreiðslna Atvinnuleysistryggingasjóðs. Niðurstaðan gæti því orðið aukinn kostnaður ríkisins. Ef tekið er mið af heildarfjölda atvinnuleysisdaga á árinu 1995 voru yfir 67% þeirra íbúar í reynslusveitarfélögunum tólf sem valin voru á árinu 1994. Ef gert er ráð fyrir að dreifing bótagreiðslna sé hin sama og dreifing atvinnuleysisdaga yfir landið samsvarar þetta því að um 2.130 m.kr. fari til greiðslu atvinnuleysisbóta í þessum sveitarfélögum á árinu 1996 miðað við áætlun í fjárlögum. Hins vegar er ómögulegt að segja nákvæmlega fyrir um hver áhrif framangreindrar heimildar yrðu á skráð atvinnuleysi, hvorki í bráð eða í lengd.

Í 2. gr. frumvarpsins er ráðherra einnig heimilað að víkja frá ákvæðum 20. gr. laga um atvinnuleysistryggingar sem kveður á um að umsækjandi atvinnuleysisbóta skuli láta skrá sig vikulega hjá vinnumiðlun að viðlögðum missi bótaréttar. Tíð skráning virkar gegn misnotkun atvinnuleysisbóta þannig að ef dregið verður úr þessari kröfu er hætt við að kostnaður ríkissjóðs af greiðslu atvinnuleysisbóta aukist.

686. Fyrirspurn [391. mál]

til félagsmálaráðherra um fjármál sveitarfélaga.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvaða sveitarstjórnir hafa ekki lokið við að gera fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi ár?

2. Hvaða sveitarstjórnir hafa fengið frest til að gera fjárhagsáætlun og hve langur er fresturinn í hverju tilviki?

Skriflegt svar óskast.

687. Fyrirspurn [392. mál]

til forsætisráðherra um risnukostnað ráðuneyta.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hver var sundurliðaður risnukostnaður einstakra ráðuneyta árin 1992, 1993, 1994 og 1995?

Skriflegt svar óskast.

688. Frumvarp til laga [393. mál]

um breytingu á lögum nr. 145/1995, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „2. gr.“ í upphafi d-liðar kemur: 1., 2., 8. gr.
b. Í stað orðanna „3. gr., b-, c-, d- og e- liður 4. gr.“ í upphafi e-liðar kemur: 3. gr., b-, c-, d- og e- liður 4. gr., 6.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í desember sl. voru samþykkt sem lög frá Alþingi lög nr. 145/1995, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Í ljós hefur komið villa í gildistökuákvæðinu að því er varðar það hvenær 8. gr. laganna kemur til framkvæmda. Í því ákvæði eru gerðar breytingar á 68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt er fjallar um persónuafslátt og sjómannaafslátt. Þær breytingar eiga að koma til framkvæmda við álagningu á árinu 1997 en ekki 1996 eins og gildistökuákvæðið gerir ráð fyrir. Þá láðist jafnframt að geta þess hvenær 1. og 6. gr. laganna ættu að koma til framkvæmda. Hér er lagt til að þetta verði lagfært.

689. Breytingartillögur [97. mál]

við frv. til l. um verðbréfaviðskipti.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr. 9. tölul. orðist svo: *Náin tengsl*: Innbyrðis tengsl tveggja eða fleiri lögaðila sem fela í sér beina eða óbeina hlutdeild þessara aðila sem nemur a.m.k. 20% af eigin fé eða atkvæðisrétti fyrirtækis. Einnig er um náin tengsl að ræða ef fyrrgreindir aðilar, eða dótturfélög þeirra, hafa vegna samninga yfirráð í fyrirtæki eða sambærileg innbyrðis tengsl eins eða fleiri lögaðila eða einstaklinga við fyrirtæki.
2. Við 9. gr. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Heildarmarkaðsvirði þeirra verðbréfa sem verðbréfamiðlun er heimilt að varðveita fyrir eigin reikning skal ekki fara yfir 15% af stofnfé en um starfsheimildir verðbréfamiðlunar samkvæmt þessari málsgrein, svo sem innan hvaða tímamarka slík viðskipti eru heimil, skal setja nánari ákvæði í reglugerð að fenginni umsögn bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

690. Breytingartillaga [99. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

A-liður 9. gr. falli brott.

691. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [73. mál]

í málinu: Frv. til l. um mannanöfn.

Frá Svavari Gestssyni og Hjörleifi Guttormssyni.

Þar sem vanda þarf sem best undirbúning löggjafar um veigamikið menningarmál eins og mannanöfn og skapa um hana sem víðtækasta samstöðu meðal þings og þjóðar samþykkir Alþingi að taka fyrir næsta mál á dagskrá.

692. Frumvarp til laga [394. mál]

um breyting á lögum nr. 27/1968, um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Þeim starfsmönnum ríkisins, er hafa afnot íbúðarhúsnæðis samkvæmt lögum þessum, ber að greiða ríkissjóði leigu fyrir húsnæðið. Húsaleigugjaldið skal ákveðið með reglugerð og miðast við markaðsleigu. Þar sem eðlilegur húsaleigumarkaður er ekki fyrir hendi skal þó miða húsaleigu við brunabótamat, staðsetningu og notagildi. Heimilt er að setja í reglugerð viðmiðunarreglur um lágmark og hámark leigu sem taki breytingum eftir vísitölu.

2. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins innan þeirra svæða, þar sem eðlilegur markaður hefur skapast fyrir íbúðarhúsnæði til kaups eða leigu, sbr. reglugerð, er sett verður skv. 11. gr., skal selja þegar í stað, er núverandi leigutakar þess hverfa úr því eða láta af störfum. Heimilt er þó að fresta sölu, ef slík frestun er bersýnilega hagkvæm fyrir ríkissjóð.

Sala fasteigna skv. 1. mgr. þessarar greinar skal fara eftir ákvæðum laga nr. 52/1987, um opinber innkaup, með síðari breytingum, og reglum settum samkvæmt þeim.

3. gr.

Við lögin bætist ný grein, svohljóðandi:

Fjármálaráðherra skipar sérstaka nefnd sem skal vera ráðherra til aðstoðar við framkvæmd laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim. Ráðherra setur nefndinni erindisbréf.

4. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Fjármálaráðherra er heimilt án auglýsingar að selja ríkisstarfsmönnum með sérstökum kjörum það húsnæði sem þeir hafa nú á leigu og búa í, enda sé húseignin staðsett í sveitarfélagi með fleiri en 1.000 íbúum. Í þeim sérstöku kjörum felst að ríkissjóður láni allt að 30% kaupverðs á hagstæðum kjörum og innlausnarskylda hvíli á eignunum í allt að fimm ár. Í reglugerð sem sett verður skv. 11. gr. skal nánar kveðið á um framkvæmd þessa.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fjármálaráðherra skipaði í janúar 1995 nefnd til að gera tillögur um það til ríkisstjórnarinnar hvernig fækka megi embættisbústöðum með markvissum hætti. Í skipunarbréfi nefndarinnar var tekið fram að verkefni hennar væri að þrengja eins og kostur er þau lög og reglur sem gilda um úthlutun embættisbústaða og gera tillögu um í hvaða

áföngum dregið verði úr eign ríkisins á íbúðarhúsnæði þannig að viðkomandi starfsmenn hafi eðlilegan aðlögunartíma og ekki verði óæskilegt rót á högum þeirra.

Í nefndinni áttu sæti Skarphéðinn B. Steinarsson, deildarstjóri í fjármálaráðuneyti, sem var formaður hennar, Baldur Ólafsson, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Helgi Jóhannesson, deildarstjóri í samgönguráðuneyti, Hermann Jóhannesson, deildarstjóri í menntamálaráðuneyti, Jóhann Guðmundsson, deildarstjóri í landbúnaðarráðuneyti, Þorsteinn Geirsson, ráðuneytisstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneyti, og Gylfi Ástbjartsson, deildarsérfræðingur í fjármálaráðuneyti, sem jafnframt var ritari nefndarinnar.

Frumvarp þetta byggir á niðurstöðu nefndarinnar.

Gildandi lög og reglur.

Um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins gilda lög nr. 27/1968. Í 2. gr. laganna segir að það skuli vera meginreglan að ríkið leggi ekki starfsmönnum sínum til íbúðarhúsnæði, nema því aðeins að þeir gegni störfum í þeim landshlutum þar sem sérstakir staðhættir gera slíkt nauðsynlegt. Önnur helstu ákvæði laganna eru eftirfarandi:

— Hlutaðeigandi ráðherra ákveður í samráði við fjármálaráðherra hvar ríkið skuli leggja starfsmönnum til íbúðarhúsnæði.
— Starfsmönnum ber að greiða ríkissjóði leigu fyrir íbúðarhúsnæði sem miðast skal við brunabótamat, staðsetningu húsnæðisins og notagildi þess fyrir viðkomandi starfsmann.
— Ríkissjóður greiðir alla skatta, skyldur og viðhaldskostnað íbúðarhúsnæðis í eigu ríkisins.
— Bygging og viðhald íbúðarhúsnæðis svo og endurbætur á því skulu vera undir yfirstjórn þess ráðherra sem hlutaðeigandi embætti heyrir undir.
— Þar sem eðlilegur markaður hefur skapast fyrir íbúðarhúsnæði til kaups eða leigu skal húsnæði selt þegar leigutakar þess hverfa úr því eða láta af störfum. Þó er heimilt að fresta sölu ef slíkt er bersýnilega hagkvæmt fyrir ríkissjóð. Skýrar reglur eru um hvernig sala skal fara fram, en þeim embættismanni sem býr í húsnæðinu við sölumeðferð þess er heimilt að ganga inn í hæsta verðtilboð, enda eigi salan sér stað á grundvelli söluskyldu skv. 1. mgr. 9. gr. laganna, þ.e. viðkomandi húsnæði er innan svæðis þar sem eðlilegur markaður hefur skapast fyrir íbúðarhúsnæði til kaups eða leigu.

Lög nr. 27/1968 komu í stað margvíslegra og brotakenndra lagaákvæða um embættisbústaði sem mörg hver áttu sér langa sögu og byggðust á hefð. Þau gerðu á engan hátt greinarmun á aðstöðu manna í þéttbýli eða í dreifbýli til að afla sér íbúðarhúsnæðis og var því brýn þörf á að marka skýra og samræmda stefnu í þessum málum. Meðal þeirra meginreglna sem leitast var við að fylgja við samningu lagafrumvarpsins voru:

— Ríkið eigi ekki íbúðarhúsnæði til afnota fyrir starfsmenn, nema slíkt sé óhjákvæmilegt vegna staðhátta eða annarra brýnna ástæðna.
— Starfsmönnum ríkisins verði ekki séð fyrir húsnæði eða veitt aðstoð til að eignast húsnæði ef þeir búa á þéttbýlissvæðum þar sem venjulegur markaður er fyrir íbúðarhúsnæði til kaups eða leigu.

Árið 1969 var sett reglugerð nr. 289/1969 um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, en þar er tekið á ýmsum atriðum sem snúa að framkvæmd laganna. Helstu atriði voru:

— Landinu var skipt í 6 bústaðasvæði og hverju þeirra gefin gildistala sem notuð skyldi við útreikning húsaleigugjalds.

— Kveðið var á um hverjum mætti leigja húsnæði.
— Húsaleigugjald var ákveðið 6% af brunabótamati, en þó tekið tillit til gildistölu bústaðasvæðis. Notuð var eftirfarandi líking:

$$\text{Leiga} = \frac{\text{Brunabótamat} \times \text{gildistala bústaðarsvæðis} \times \text{\% brunabótamats} \times \text{nýttir fermetrar}}{100 \times 12 \times \text{reiknaðir fermetrar}}$$

Nýttir fermetrar voru reiknaðir eftir sérstöku ákvæði í reglugerðinni og var tekið tillit til fjölskyldustærðar o.fl. Reiknaðir fermetrar voru hins vegar heildarfermetrafjöldi íbúðarhúsnæðis og starfshúsnæðis sem nýtt er af ríkinu.

Í reglugerðinni var landinu skipt upp í bústaðasvæði og hverju svæði gefin gildistala sem réð því hvort ríkið legði starfsmönnum sínum til húsnæði og þá hve há húsaleiga skyldi greidd. Embættismönnum á bústaðasvæðum með gildistölu 1,0 var ekki lagt til húsnæði nema vegna sérstakra gæslustarfa.

Árið eftir var reglugerðinni síðan breytt lítillega með reglugerð nr. 104/1970. Gildistölum bústaðasvæða var breytt nokkuð og húsaleiguviðmiðun lækkuð í 5% af brunabótamati.

Árið 1982 var aftur gerð smávægileg breyting á reglugerðinni með reglugerð nr. 334/1982. Breytingin fólst í því að bústaðasvæði með gildistölu 1,0 var stækkað lítillega. Um var að ræða nokkra stærri þéttbýlisstaði.

Fjármálaráðherra skipaði í október 1991 nefnd til að endurskoða reglur um afnot og leigugreiðslur ríkisstarfsmanna af fasteignum í eigu ríkissjóðs. Nefndin skilaði áliti um mitt ár 1992 og voru helstu niðurstöður hennar þessar:

— Verulega skortir á að gildandi reglum sé framfylgt um leigugreiðslur ríkisstarfsmanna fyrir afnot af íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins.
— Engum skilgreindum reglum er fylgt við útvegun íbúðarhúsnæðis.
— Viðhaldi íbúðarhúsnæðis er víða ábótavant vegna fjárskorts til viðhaldsframkvæmda.
— Þágildandi reglugerð um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins var óþarflega flókin í framkvæmd.

Nefndin taldi að þrátt fyrir að ýmis ákvæði þeirrar reglugerðar sem þá gilti hafi verið flókin og erfið í framkvæmd verði misbrestir í framkvæmd ekki raktir til hennar sem slíkrar, heldur fremur til áhugaleysis eða andvaraleysis þeirra stjórnvalda sem falin var framkvæmd reglugerðarinnar.

Nefndin benti á tvær leiðir til að bæta úr helstu göllum þess fyrirkomulags sem þá var:

— Óverulegar breytingar á gildandi reglum til samræmingar og einföldunar.
— Umfangsmeiri breytingar á reglugerð, án lagabreytinga, sem miða að fækkun eigna og aukinna leigutekna af hverri eign fyrir sig.

Ákveðið var að fara að fyrri tillögu nefndarinnar og gefin út ný reglugerð nr. 480/1992 um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins. Helstu breytingar voru þær að bústaðasvæðum var fækkað, bústaðasvæði með gildistölu 1,0 var stækkað og ákvæði til lækkunar húsaleigu voru þrengd. Eftir þá breytingu er líkingin fyrir upphæð húsaleigu þannig:

$$\text{Leiga} = \frac{\text{Brunabótamat} \times \text{gildistala} \times \text{\% brunabótamats}}{100 \times 12}$$

Nú er skylt að gera skriflegan húsaleigusamning. Innheimtar húsaleigutekjur skulu renna til greiðslu rekstrar- og viðhaldskostnaðar og haldið aðgreindum í bókhaldi frá öðrum rekstri.

Eftir þá breytingu sem gerð var árið 1992 hefur rekstri og viðhaldi íbúðarhúsnæðis í eigu ríkisins almennt verið vel sinnt og mun betur en áður. Í langflestum tilvikum er farið eftir reglugerðinni við útreikning húsaleigu. Leigutekjurnar renna í sjóði á vegum stofnana eða ráðuneyta og er þeim ætlað að standa undir kostnaði við rekstur og viðhald. Hins vegar hafa húsaleigutekjurnar ekki nægt til viðhalds húseignanna.

Tillögur um fækkun íbúða.

Íbúðir í eigu ríkisins eru um 400. Er þá bæði átt við einbýlishús og íbúðir í fjölbýlishúsum. Þar eru þó ekki meðtaldir prestsbústaðir sem eru í umsjá Preststssetrasjóðs. Ekki er mælt með sölu alls íbúðarhúsnæðis í eigu ríkisins. Húseignirnar eru margar á litlum og afskekktum stöðum þar sem fasteignamarkaður er ýmist ekki fyrir hendi eða framboð á fasteignum mikið og því illmögulegt að selja fasteignir þar. Einnig eru fasteignir víða inni á lóðum stofnana, svo sem skóla eða sjúkrahúsa, og því óæskilegt að selja þær.

Verði frumvarp þetta að lögum verður mögulegt að fækka umræddum íbúðum með markvissum hætti en þess þó gætt að viðkomandi ríkisstarfsmenn hafi eðlilegan aðlögunartíma og ekki verði óæskilegt rót á högum þeirra. Þær lagabreytingar sem í frumvarpinu felast gera eftirfarandi kleift:

1. **Sala eigna á hagstæðum kjörum.** Ríkisstarfsmenn geti keypt það íbúðarhúsnæði sem þeir búa nú í sem leigutakar og fái til þess hagstætt lán fyrir hluta kaupverðs úr ríkissjóði til viðbótar þeim lánamöguleikum sem eru á húsnæðismarkaði, svo sem í formi húsbréfa. Ríkið hafi kaupskyldu í tiltekinn tíma og forkaupsrétt eftir það. Ef núverandi íbúar vilja ekki kaupa verði íbúð seld þegar þeir flytja út.
2. **Hækkun húsaleigu.** Með því að hækka húsaleigu í áföngum upp í það sem gengur og gerist á húsaleigumarkaði á hverjum stað muni það leiða til þess að ríkisstarfsmenn kaupi fremur en leigi. Það gæti stuðlað að því að fasteignamarkaður í viðkomandi byggðarlagi geti leyst húsnæðisþörf ríkisstarfsmanna og hægt verði að selja íbúðir í eigu ríkisins.

Nefndin var sammála um að eðlilegt sé að íbúðum í sveitarfélögum með fleiri en 1.000 íbúum verði fækkað með markvissum hætti. Þeir staðir sem hér um ræðir eru: Borgarnes, Stykkishólmur, Ólafsvík, Ísafjörður, Bolungarvík, Blönduós, Sauðárkrókur, Siglufjörður, Ólafsfjörður, Dalvík, Húsavík, Egilsstaðir, Neskaupstaður, Eskifjörður og Höfn í Hornafirði auk þeirra bústaðasvæða sem áður höfðu gildistölu 1,0. Með þessu fækkaði íbúðum um allt að 123.

Auk þess taldi nefndin að í sveitarfélögum með fleiri en 1.000 íbúum sé fasteignamarkaður nægilega þróaður til að hægt sé að selja íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins og eftirláta húsnæðismarkaði á þeim stöðum að leysa húsnæðismál starfsmanna þess. Þó skuli bjóða ríkisstarfsmönnum forkaupsrétt á hagstæðari kjörum en gengur og gerist á fasteignamarkaði. Með því móti verði róti á högum þeirra haldið í lágmarki. Þeir ríkisstarfsmenn sem það kjósi, geti haldið áfram að leigja íbúðir í eigu ríkisins á kjörum sem í gildi eru hverju sinni, en íbúðirnar verði seldar þegar þeir flytja úr húsnæðinu. Lagt er til að leigutakar greiði markaðsleigu á þeim stöðum sem hafa fleiri en 1.000 íbúa. Það yrði til þess að hvetja ríkisstarfsmenn til að kaupa það húsnæði sem þeir leigja, auk þess sem ástæðulaust er að niðurgreiða húsaleigu þar sem húsnæðismarkaður getur séð fyrir húsnæði á eðlilegum kjörum. Á stöðum með færri en 1.000 íbúum verði húsnæði ekki selt

að sinni. Bæði getur verið nauðsynlegt að geta boðið upp á húsnæði á minni stöðum og erfitt getur verið að selja þar sem mikið framboð er. Á þeim stöðum er nauðsynlegt að hækka húsaleigu til þess að hún standi undir kostnaði við rekstur og viðhald. Gert er ráð fyrir að í byrjun árs 1999 verði gildistala húsaleigu á þessum stöðum hækkuð annars vegar úr 0,3 í 0,4 og hins vegar úr 0,4 í 0,6. Einnig getur reynst nauðsynlegt að fá endurmetið brunabótamat einhverra eigna þar sem það gefur sumstaðar ekki rétta mynd af verðmæti þeirra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að meginviðmið húsaleigu verði markaðsleiga, en þar sem ekki er eðlilegur húsaleigumarkaður fyrir hendi sé eldri viðmiðunin notuð, þ.e. brunabótamat, staðsetning og notagildi. Með þessu er tryggt jafnræði í húsnæðiskostnaði milli heimamanna og aðfluttra, en hingað til hefur húsaleiga íbúðarhúsnæðis í eigu ríkisins á flestum stöðum verið mun lægri en markaðsleiga. Einnig er lagt til að heimilt sé að setja viðmiðunarreglur um lágmark og hámark húsaleigu. Þetta er gert þar sem hlutfall flatarmáls og brunabótamats er í sumum tilfellum óeðlilegt, ýmist allt of hátt eða allt of lágt. Ef ekki væri lágmark og hámark gætu ríkisstarfsmenn því orðið að greiða óeðlilega háa eða lága húsaleigu miðað við stærð leigðs húsnæðis.

Um 2. gr.

Lagt er til að reglur þær sem settar voru í lögum nr. 27/1968 um sölu íbúðarhúsnæðis í eigu ríkisins verði felldar niður og í þeirra stað verði beitt almennum reglum um sölu eigna ríkisins samkvæmt lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup, og reglugerð nr. 651/1994 settri samkvæmt þeim lögum. Þetta leiðir til samræmdra aðferða við sölu eigna ríkisins, bæði fasteigna og lausafjár.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að sett verði á stofn sérstök nefnd sem verði fjármálaráðherra til ráðgjafar við framkvæmd laganna. Nefndin meti söluverð íbúðarhúsnæðis í eigu ríkisins, sjái um innlausn húsnæðis og meti hvort forkaupsréttur skuli nýttur í þeim tilvikum þar sem innlausnarskylda er niður fallin. Einnig meti nefndin árlega og gefi út viðmiðun markaðsleigu í þeim sveitarfélögum með fleiri en 1.000 íbúum sem ríkissjóður á enn íbúðarhúsnæði.

Um 4. gr.

Í ákvæði þessu er fjármálaráðherra heimilað að selja núverandi leigutökum og íbúum íbúðarhúsnæðis í eigu ríkisins viðkomandi húsnæði með sérstökum kjörum, enda sé húseignin staðsett í sveitarfélagi með fleiri en 1.000 íbúum.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 27/1968, um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins.

Samkvæmt lögum nr. 27/1968, um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, skal það vera meginregla að ríkið leggi ekki starfsmönnum sínum til íbúðarhúsnæði, nema því aðeins að þeir gegni störfum í þeim landshlutum þar sem sérstakir staðhættir gera slíkt nauðsynlegt. Engu að síður hafa mál þessi þróast á þann veg að íbúðir í eigu ríkisins eru nú um 400 talsins fyrir utan prestsbústaði. Talsverður hluti þessa húsnæðis er staðsettur á búsetusvæðum þar sem núorðið er fyrir hendi nægilegt framboð af húsnæði til kaups eða leigu. Í mörgum tilvikum er leigan sem greidd er af húsnæðinu mun lægri en tíðkast á markaði. Þá er viðhaldi húsnæðisins víða ábótavant þar sem leigutekjurnar hrökkva oft ekki til þess. Kostnaður ríkisins af eignarhaldi á þessu húsnæði felst einkum í viðhaldi, fasteignagjöldum, brunatryggingum, umsýslu, fyrningu og síðast en ekki síst í því fjármagni sem bundið er í fasteignunum en mundi ella nýtast til annarra arðsamari verkefna.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til lagabreytingar sem miða að því að draga úr íbúðaeign ríkisins — og þar með úr ríkisútgjöldum — annars vegar með því að samræma leigu í ríkari mæli við markaðsverð en verið hefur og hins vegar með því að bjóða núverandi leigutökum íbúðirnar til kaups á hagstæðum kjörum. Gera má ráð fyrir að til lengri tíma litið geti sparnaður í útgjöldum til þessara mála einkum komið fram með þrennum hætti.

Í fyrsta lagi koma til tekjur af sölu húseigna. Ekki er unnt á þessu stigi að segja fyrir um fjölda seldra húseigna. Telja verður ólíklegt að hækkun húsaleigu leiði til þess að núverandi leigutökum þyki hagkvæmara að kaupa húseignirnar í öðrum sveitarfélögum en þeim sem hafa yfir 1.000 íbúa. Áætlað er að söluandvirðið geti numið allt að 900 m.kr. Er þá miðað við að meðalverð verði 80% af núverandi brunabótamati og að allar þær 120 húseignir verði seldar. Allt að 30% af söluandvirðinu mun þó ekki skila sér í ríkissjóð að fullu fyrr en að liðnum þeim lánstíma sem veittur verður á lánum úr ríkissjóði samkvæmt bráðabirgðaákvæði frumvarpsins.

Í öðru lagi munu leigutekjur af húsnæðinu aukast og duga betur til að standa undir viðhaldi þeirra. Þar verður annars vegar um að ræða auknar tekjur af tæplega 300 húseignum í sveitarfélögum með undir 1.000 íbúum sem áður höfðu gildistölurnar 0,3 og 0,4 til útreiknings leigunnar en fá gildistölurnar 0,4 og 0,6 í ársbyrjun 1999 samkvæmt greinargerð með frumvarpinu. Áætlað er að þær viðbótartekjur geti numið um 80 m.kr. á ári þegar nýjar reglur verða að fullu komnar til framkvæmda. Hins vegar verður hækkun á leigutekjum af húseignum í sveitarfélögum með yfir 1.000 íbúum sem nú fengju gildistöluna 1 en voru áður felldar undir leiguviðmiðun með lægri gildistölu. Tekjuaukinn mun ráðast af því hversu margar af þeim íbúðum munu seljast samkvæmt heimild í bráðabirgðaákvæði í frumvarpinu. Hér er miðað við að helmingur íbúðanna verði seldur og að árlegar viðbótartekjur af húseignum í þessum flokki verði um 16 m.kr.

Í þriðja lagi fellur niður eignarhaldskostnaðurinn af þeim húseignum sem tekst að selja á tímabilinu. Ef gert er ráð fyrir að helmingur húseigna í sveitarfélögum með yfir 1.000 íbúa seljist má áætla að árlegur viðhaldskostnaður sem fellur niður af þeim sökum nemi um 10 m.kr. Sparnaður í fasteignagjöldum og tryggingum yrði á sama hátt um

4 m.kr. á ári. Viðbótarsparnaður í reiknuðum fyrningum gæti numið um 7 m.kr. á ári og lækkun reiknaðra vaxta af fjárbindingu gæti orðið um 22 miðað við 5% vexti. Alls gæti því árlegur sparnaður í þessum þáttum orðið um 45 m.kr. að því gefnu að helmingur þessara húseigna verði seldur.

Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins er fyrirhugað að skipa sérstaka embættisbústaðanefnd, sem skal vera fjármálaráðherra til aðstoðar við framkvæmd laganna. Nefndinni er m.a. ætlað að ákvarða söluverð húsnæðis, gera tillögur um sölu eða innlausn og gefa út viðmiðun markaðsleigu í sveitarfélögum þar sem íbúar eru fleiri en 1.000. Áform eru um að fulltrúar sex ráðuneyta eigi sæti í nefndinni og má ætla að kostnaður af því starfi geti orðið allt að 0,5 m.kr. árlega.

Í ákvæði til bráðabirgða með frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra verði heimilt að selja húseignir í sveitarfélögum með yfir 1.000 íbúum til núverandi leigutaka þar sem allt að 30% kaupverðs yrði lánaður með hagstæðum kjörum. Ekki er tilgreint sérstaklega hversu hagstæð kjör verði boðin á lánum úr ríkissjóði, hvað varðar vexti og lánstíma, heldur skal ákveða þau með reglugerð. Því er ekki hægt að segja til um á þessu stigi hversu mikil sú lánafyrirgreiðsla verður. Ef gert er ráð fyrir að kjörin á t.d. 3 m.kr. láni miðist við hefðbundið skuldabréf til 15 ára, verðtryggt með 3% vöxtum og það borið saman við sams konar lán með 5% vöxtum verða vaxtagreiðslurnar af hagstæðara láninu tæplega 0,5 m.kr. lægri á tímabilinu. Sá mismunur væri ígildi styrks til viðkomandi ríkisstarfsmanns, sem kæmi í stað niðurgreiðslu á húsaleigunni þangað til lánið hefur verið greitt upp. Ef allir núverandi leigutakar sjá sér hag í því að nýta sér þessa fyrirgreiðslu gæti heildarlánveitingin orðið allt að 270 m.kr. miðað við að söluverðmæti fasteignanna sé um 900 m.kr.

693. Svar [362. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Árna Stefánssonar um kjörfundi erlendis.

Leitað var til Hagstofu Íslands eftir svörum við spurningum 1–3.

1. *Hversu margir Íslendingar búsettir erlendis til lengri eða skemmri tíma voru á kjörskrá í síðustu alþingiskosningum?*

Á kjörskrá var tekinn 6.331 íslenskur ríkisborgari búsettur erlendis. Af þeim fóru 6.224 sjálfkrafa á kjörskrána þar sem þeir höfðu flust til útlanda eftir 1. desember 1986 og 107 sem höfðu búið erlendis samfleytt síðan fyrir þann viðmiðunardag og höfðu sótt um það fyrir 1. desember 1994 að vera settir á kjörskrá. (Sjá 3. yfirlit á bls. 10 í skýrslu Hagstofunnar, „Alþingiskosningar 1995“, sem gefin var út í september 1995, en þar er þessum kjósendum skipt eftir kjördæmum.)

2. *Hver var dvalarstaður þeirra, eftir þjóðlöndum?*

Í eftirfarandi töflu er tala kjósenda á kjörskrá fyrir alþingiskosningar 8. apríl 1995 sem áttu lögheimili erlendis sýnd eftir lögheimilislandi. Hafi maður flust milli landa erlendis eftir brottflutning frá Íslandi er undir hælinn lagt að viðkomandi hafi tilkynnt þá breytingu til þjóðskrár.

Alls	**6.331**
Norðurlönd	**4.556**
Svíþjóð	1.823
Danmörk	1.682
Noregur	929
Finnland	69
Færeyjar	39
Grænland	14
Önnur Evrópulönd	**767**
Þýskaland	225
Bretland	158
Lúxemborg	92
Frakkland	60
Holland	55
Sviss	44
Spánn	39
Belgía	19
Ítalía	16
Austurríki	15
Portúgal	12
Grikkland	7
Írland	5
Pólland	4
Tékkland	3
Júgóslavía	2
Mónakó	2
Slóvenía	2
Búlgaría	1
Gíbraltar	1
Króatía	1
Lettland	1
Malta	1
Tékkóslóvakía	1
Ungverjaland	1
Norður-Ameríka	**819**
Bandaríkin	747
Kanada	60
Bahamaeyjar	2
Mexíkó	2
St. Vinsent og Grenadíneyjar	2
Antígva og Barbúda	1
Arúba	1
Panama	1
Púertó Ríkó	1
Ameríka, ótilgreint land	2
Suður-Ameríka	**14**
Chile	5
Brasilía	4
Kólumbía	2
Perú	1
Úrúgvæ	1
Venesúela	1
Afríka	**34**
Namibía	15
Suður-Afríka	8
Angóla	3
Egyptaland	2
Eþíópía	2
Nígería	2
Fílabeinsströndin	1
Saír	1

Asía	**55**	Tyrkland	2
Japan	10	Indland	1
Indónesía	8	Jemen	1
Kýpur	8	Suður-Kórea	1
Ísrael	5	Sameinuð arabafurstadæmi	1
Taíland	4	Víetnam	1
Hongkong	3	Asía, ótilgreint land	1
Saúdí-Arabía	3		
Filippseyjar	2	**Eyjaálfa**	**86**
Kína	2	Ástralía	70
Singapúr	2	Nýja-Sjáland	16

3. Hversu mikil var kjörsókn þeirra í þeim kosningum, skipt eftir þjóðlöndum?

Þessu er ekki unnt að svara. Þessir einstaklingar koma á kjörskrá í því sveitarfélagi sem þeir áttu síðast lögheimili í áður en þeir fluttust út. Þeir koma saman fremst á kjörskrá sveitarfélagsins og sést ekki á kjörskránni í hvaða landi þeir eiga lögheimili. Ekki væri heldur líklegt að hægt væri að láta semja slíkar skýrslur eins og vinnu við kjörskrá og kjörfund er háttað. Undirskjörstjórn er gert að láta fylgja kjörkassanum til yfirkjörstjórnar skýrslu til Hagstofunnar um fjölda kjósenda á kjörskrá og greidd atkvæði, þar af sérstaklega bréfleg atkvæði, skipt á karla og konur. Sérstök aðferð er höfð til að auðvelda talningu eftir kyni kjósenda þar sem ætlast er til að merkt sé við í annan af tveimur dálkum eftir því hvort það er karl eða kona sem kýs. Frekari skýrslugerðar frá undirkjörstjórn virðist ekki vera hægt að krefjast þar sem til þess er ætlast að kjörgögn séu flutt til yfirkjörstjórnar eins fljótt og verða má.

Talsverður hluti utankjörfundaratkvæða berst ekki í viðeigandi kjördeild heldur eru þau send beint til yfirkjörstjórnar (1.317 atkvæði af 14.448 utankjörfundaratkvæðum árið 1995, sbr. 8. yfirlit á bls. 15 í skýrslunni um alþingiskosningarnar 1995). Þetta mun m.a. eiga við atkvæði sem send eru frá útlöndum. Ekki hefur þótt gerlegt að krefjast frekari skýrslugerðar frá yfirkjörstjórnum en nú er gert.

Hagstofunni ber að vinna skýrslur um hverjar alþingiskosningar og byggjast þær á skýrslum undir- og yfirkjörstjórna til hennar. Á skýrslu undirkjörstjórnar kemur tala kjósenda með kosningarrétt á kjörskrá, tala kjósenda sem greiddu atkvæði á kjörstað og tala bréflegra atkvæða sem borist hafa til undirkjörstjórnar. Yfirkjörstjórn semur skýrslu um bréfleg atkvæði sem borist hafa beint til hennar, skipt eftir sveitarfélögum, og bætast þær tölur við tölur undirkjörstjórna.

Eftir kosningar hefur Hagstofan ekki aðgang að kjörskrám þar sem merkt er við þegar atkvæðisréttar er neytt, sbr. 101. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, með síðari breytingum. Þar er mælt svo fyrir að kjörskrám skuli skilað til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til varðveislu í innsigluðum umbúðum uns þeim verður eytt.

Hér má bæta við þeirri hugleiðingu að unnt væri að vinna margs konar töflur um kjörsókn, t.d. eftir búsetulandi þeirra sem lögheimili eiga erlendis, um þátttöku eftir aldri kjósenda o.s.frv., ef allar undir- og yfirkjörstjórnir hefðu aðgang að kjörskrárstofni í tölvukerfi þjóðskrár. Þá væri hægt að merkja við nafn kjósanda þegar hann greiðir atkvæði á kjörfundi eða þegar utankjörfundaratkvæði er tekið til greina hjá undir- eða yfirkjörstjórn á sama hátt og merkt er í kjörskrá. Að loknum kosningum gæti Hagstofan unnið nýtt talnaefni úr efniviðnum auk þess sem vinna mætti heföbundnar skýrslur undir- og yfirkjörstjórna að mestu leyti.

4. *Hversu víða voru kjörstaðir opnir í sendiráðum, hjá fastanefndum eða hjá kjörræðismönnum?*

Við kosningar til Alþingis vorið 1995 voru kjörstaðir erlendis alls 114 í 45 ríkjum.

5. *Eru áform um að bæta aðgengi þessa kjósendahóps að kjörstöðum og möguleika til þátttöku, svo sem með fjölgun kjörstaða?*

Samkvæmt 63. gr. laga um kosningar til Alþingis er atkvæðagreiðsla utan kjörfundar því aðeins gild að notuð séu hin fyrirskipuðu kjörgögn og að kosning fari fram á þeim stöðum sem þar eru taldir en þeir eru: Skrifstofa sendiráðs eða fastanefndar, sendiræðisskrifstofa, svo og skrifstofa kjörræðismanns sem er kjörstjóri skv. 13. gr.

Samkvæmt þessu ákvæði verður því aðeins fjölgað kjörstöðum að skipaðir verði víðar kjörræðismenn sem annast geti utankjörfundarkosningu. Slíkt er ekki ráðgert samkvæmt upplýsingum utanríkisráðuneytisins. Utanríkisráðuneytið hefur hins vegar leyst úr vanda hópa Íslendinga sem búsettir eru fjarri skrifstofu sendiráðs eða ræðismanna með því að opna tímabundið skrifstofu sendiráðs eða ræðismanns þar sem slíkir hópar eru búsettir. Er það svipað fyrirkomulag og önnur Norðurlönd hafa haft, sbr. svar við 6. spurningu.

6. *Er fyrirkomulag utankjörfundaratkvæðagreiðslu samkvæmt íslenskum kosningalögum hliðstætt hjá öðrum Evrópuþjóðum og í Bandaríkjunum?*

Ekki eru fyrir hendi öruggar upplýsingar um hvernig fyrirkomulag utankjörfundaratkvæðagreiðslu erlendis er háttað hjá öðrum erlendum ríkjum en Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð.

Kosningafyrirkomulagið samkvæmt íslenskum kosningalögum er svipað því sem er annars staðar á Norðurlöndunum. Atkvæðagreiðsla erlendis samkvæmt kosningalögum þessara ríkja skal fara fram hjá sendifulltrúa ríkisins, svo sem er samkvæmt íslenskum kosningalögum. Þó er heimilt í nokkrum tilvikum að hafa sérstaka kjörstaði utan venjulegs aðseturs fulltrúa ríkisins, eins og íslenska utanríkisráðuneytið hefur gert. Er það t.d. gert samkvæmt sænskum lögum þar sem hópar sænskra kjósenda eru staddir, svo sem vinnuhópar, ferðamannahópar eða hermenn á vegum alþjóðastofnana.

Sérstakar reglur hafa gilt í norskum og sænskum kosningalögum um utankjörfundaratkvæðagreiðslu norska og sænskra ríkisborgara sem búsettir eru í Þýskalandi og Sviss og óska eftir að greiða atkvæði í kosningum í heimalandi sínu. Í þessum ríkjum gilda sérákvæði um kosningaþátttöku erlendra ríkisborgara búsettra þar í kosningum í heimaríki. Erlendum ríkisborgurum þar er heimilt að senda atkvæði sitt bréflega í almennum pósti til kjörstjórnar þar sem þeir eru á kjörskrá en ekki að afhenda atkvæði sitt hjá sendifulltrúa. Íslenskir kjósendur skulu skv. 70. gr. kosningalaganna sjálfir annast sendingu atkvæðis síns til kjörstjórnar á Íslandi.

7. *Er kjósendum í einhverju Evrópuríki eða Bandaríkjunum, sem kjósa utan kjörfundar, gefinn kostur á því að fá sendan kjörseðil í ábyrgðarpósti samkvæmt beiðni þar um og endursenda seðilinn í lokuðu umslagi til viðkomandi kjörstjórnar eftir að hafa kosið heima eða hjá opinberri stofnun (á bæjarskrifstofum, hjá sýslumönnum eða lögreglustöðvum) á viðkomandi stað og fengið þar staðfestingu eða vottun?*

Eins og fram kemur í svari við 6. spurningu er borgurum Noregs og Svíþjóðar búsettum í Þýskalandi og Sviss heimilt að kjósa með því að senda kjörseðil með gögnum sem tvö vitni hafa staðfest í pósti til kjörstjórnar í heimalandinu í stað þess að þurfa að skila honum hjá sendifulltrúa.

Ekki eru aðgengilegar aðrar öruggar upplýsingar um ákvæði laga annarra ríkja um fyrirkomulag á utankjörfundarkosningu erlendis.

8. *Kemur til álita að mati ráðherra að skoða fyrirkomulag á borð við það sem nefnt er í 7. spurningu og gera viðeigandi breytingar á kosningalögunum?*

Ef auðvelda á íslenskum kjósendum sem dvelja erlendis að greiða atkvæði utan kjörfundar án þess að fjölga fulltrúum íslenska ríkisins erlendis kemur til álita sú leið sem lýst er í 7. spurningu. Kjósandi færi þá til lögbókanda þar sem hann er búsettur og fengi vottun á fylgigöng kjörseðilsins. Slíkt ákvæði kæmi sem ný málsgrein í 63. gr. kosningalaganna.

694. Svar [330. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um fjárhagsaðstoð félagsmálastofnana í Reykjavík og á Akureyri.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu margir nutu fjárhagsaðstoðar félagsmálastofnana í Reykjavík og á Akureyri á árunum 1993–95? Óskað er eftir upplýsingum um heildarupphæð fjárhagsaðstoðar á hverju ári fyrir sig ásamt fjölda og meðalgreiðslum, sundurliðað þannig:

a. lífeyrisþegar, annars vegar aldraðir og hins vegar öryrkjar,
b. einstæðir foreldrar,
c. einhleypir, skipt eftir kynjum,
d. barnlaus hjón eða sambýlisfólk,
e. hjón eða sambýlisfólk með börn,
f. atvinnulausir,
g. fólk á vinnumarkaði í fullu starfi,
h. fólk á vinnumarkaði í hlutastarfi.

Leitað var eftir umbeðnum upplýsingum hjá viðkomandi stofnunum og byggist svarið í meginatriðum á greinargerðum frá þeim. Einnig er hér að finna upplýsingar úr sveitarsjóðareikningum.

Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar.

Heildarfjárhæð fjárhagsaðstoðar Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar á árunum 1993–95 var eftirfarandi:

Ár	Þús. kr.	
1993	430.874	
1994	554.518	Þar af endurgreiðslur að fjárhæð 12.872 þús. kr.
1995	674.237	Þar af endurgreiðslur að fjárhæð 15.792 þús. kr.

Árið 1993 nutu 4.767 heimili fjárhagsaðstoðar frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar og árið 1994 voru heimilin 5.397.

Í eftirfarandi töflu er fjárhagsaðstoð frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar sundurliðuð í samræmi við fyrirspurnina:

	1993	1994	1995
Fjöldi skjólstæðinga:			
Skipting eftir atvinnustöðu			
Ellilífeyrisþegar	190	203	*
Öryrkjar	489	559	*
Atvinnulausir	1.262	1.385	*
Einstaklingar í fullu starfi	379	345	*
Einstaklingar í hlutastarfi	250	208	*
Meðalgreiðslur á ári:			
Skipting eftir atvinnustöðu	*kr.*	*kr.*	
Ellilífeyrisþegar	65.291	91.837	*
Öryrkjar	134.784	137.878	*
Atvinnulausir	180.231	209.761	*
Einstaklingar í fullu starfi	118.020	123.717	*
Einstaklingar í hlutastarfi	131.894	144.490	*
Fjöldi skjólstæðinga:			
Skipting eftir fjölskyldugerð			
Hjón/sambýlisfólk, með börn	255	303	351
Hjón/sambýlisfólk, barnlaus	118	161	185
Einstæðir foreldrar	742	777	894
Einhleypar konur	568	662	754
Einhleypir karlar	1.201	1.390	1.652
Meðalgreiðslur á ári:			
Skipting eftir fjölskyldugerð	*kr.*	*kr.*	*kr.*
Hjón/sambýlisfólk, með börn	178.806	181.426	203.512
Hjón/sambýlisfólk, barnlaus	187.441	201.210	194.780
Einstæðir foreldrar	168.877	174.573	184.586
Einhleypar konur	133.818	150.608	149.953
Einhleypir karlar	144.450	166.766	174.749

* Upplýsingar eru í vinnslu fyrir árið 1995.

Félagsmálastofnun Akureyrarbæjar.

Ekki eru fyrir hendi allar upplýsingar sem óskað er eftir í fyrirspurninni þar sem tölur fyrir árið 1995 eru ekki tilbúnar. Heildarfjárhæð fjárhagsaðstoðar fyrir árið 1993 var 23.929.458 kr. og fyrir árið 1994 var hún 26.417.870 kr.

Í eftirfarandi töflu má sjá heildarfjölda skjólstæðinga Félagsmálastofnunar Akureyrarbæjar árin tvö:

	1993	1994
Fjöldi skjólstæðinga	**320**	**315**
Skipting eftir fjölskyldugerð		
Einstæðir foreldrar	150	132
Einhleypir	109	113
Hjón/sambýlisfólk, barnlaus	15	19
Hjón/sambýlisfólk, með börn	46	51

Upplýsingar um stöðu fólksins á vinnumarkaði og hlutfall lífeyrisþega af hópnum eru mun takmarkaðri. Í greinargerð Félagsmálastofnunar Akureyrarbæjar er vísað til skýrslu sem unnin var fyrir stofnunina árið 1994. Þar var leitað ítarlegra upplýsinga um umsækjendur fjárhagsaðstoðar á tímabilinu 16. nóvember til 15. desember 1994. Eftirfarandi niðurstöður komu fram í könnuninni:

— Tæplega 60% þeirra sem sóttu um fjárhagsaðstoð voru ekki í vinnu. Af þeim var helmingur atvinnulaus og tæplega helmingur óvinnufær eða ekki á vinnumarkaði. Af þeim sem voru atvinnulausir höfðu 55% verið það í meira en eitt ár, nálægt 80% höfðu verið atvinnulausir í meira en sex mánuði.

— Af þeim sem voru á vinnumarkaði var þriðjungur í hlutastörfum og stór hluti hafði skipt um starf á undanförnum tveimur árum eða verið atvinnulaus á því tímabili.

Í greinargerð Félagsmálastofnunar Akureyrarbæjar er fjárhagsaðstoð í nóvembermánuði 1995 könnuð og leitað svara í samræmi við fyrirspurnina. Kom eftirfarandi í ljós:

a. lífeyrisþegar (þar af einn aldraður) 13
b. einstæðir foreldrar 28
c. einhleypir (tólf karlar, átta konur) 20
d. barnlaus hjón/sambúðarfólk 0
e. hjón/sambúðarfólk með börn 5
f. atvinnulausir 25
g. einstaklingar í fullu starfi 10
h. einstaklingar í hlutastarfi 6

Í nóvember sl. voru 57,5% ekki í vinnu þegar sótt var um aðstoð. Af þeim voru 34,2% óvinnufær eða ekki á vinnumarkaði. Af þeim sem voru á vinnumarkaði voru 37,5% í hlutastarfi.

695. Fyrirspurn [395. mál]

til dómsmálaráðherra um samkeppnisskilyrði við skoðun ökutækja.

Frá Hjálmari Árnasyni.

Hvernig hyggst ráðherra bregðast við áliti samkeppnisráðs nr. 1/1994 þar sem fram

kemur að breytingar sem gerðar hafa verið af hálfu dómsmálaráðuneytis til þess að opna fyrir samkeppni við skoðun bifreiða og fyrirkomulag á skráningu ökutækja tryggi ekki að fullu jöfn samkeppnisskilyrði?

696. Fyrirspurn [396. mál]

til sjávarútvegsráðherra um þorskeldi.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hvaða skilyrði af hálfu hins opinbera þarf að uppfylla til að heimilt sé að stunda þorskeldi í sjókvíum?
2. Hversu umfangsmikið var þorskeldi í sjókvíum árin 1991–1995?
   a. Hversu mörg fyrirtæki eða einstaklingar stunduðu eldið?
   b. Hversu miklu var slátrað?
   c. Hvert var heildarverðmætið?

   Svör óskast sundurliðuð eftir árum.
3. Hver er afstaða sjávarútvegsráðuneytisins til þorskeldis í sjókvíum?
4. Hefur ráðuneytið veitt aðstoð til þorskeldis í sjókvíum? Ef svo er, í hverju er hún fólgin?
5. Hvaða skilyrði þarf bátur að uppfylla með tilliti til laga um stjórn fiskveiða þannig að honum sé heimilt að flytja þorsk af veiðislóð í varið hafrými?
6. Hvaða reglur gilda um vigtun þorsks úr sjókvíaeldi með tilliti til laga um stjórn fiskveiða:
   a. er varðar afla reiknaðan til kvóta,
   b. er varðar útreikning á sóknardegi krókabáts?

Skriflegt svar óskast.

697. Tillaga til þingsályktunar [397. mál]

um breytta starfshætti Alþingis.

Flm.: Hjálmar Árnason, Magnús Stefánsson, Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela forsætisnefnd að móta tillögur um breytta starfshætti Alþingis þannig að hverju löggjafarþingi verði skipt upp í nokkrar fundalotur.

Jafnframt ályktar Alþingi að umfjöllun um einstaka þætti fjárlagafrumvarps verði færð frá fjárlaganefnd yfir á þær fastanefndir sem hver málaflokkur heyrir undir og starf fjárlaganefndar endurskipulagt í samræmi við það.

Greinargerð.

Tvö atriði í tengslum við störf þingsins vekja sérstaka athygli hjá þeim sem eru að hefja þingstörf í fyrsta sinn. Annars vegar það vinnulag að flest þingmál eru ekki afgreidd fyrr en á síðustu dögum hvers þings fyrir jól og að vori og hins vegar hve lítil áhrif annarra fastanefnda en fjárlaganefndar eru á meðferð fjárlagafrumvarps. Hér er lagt til að forsætisnefnd verði falið að móta tillögur um breytingar á núverandi ástandi.

Hvert reglulegt löggjafarþing skiptist upp í tvær lotur, þ.e. haustþing sem nær að jafnaði frá október og fram að jólum og vorþing frá janúar og fram í maí. Þingfundir eru haldnir fjóra daga í hverri viku og halda fastanefndirnar fund að morgni þeirra sömu daga. Afgreiðsla langflestra þingmála fer fram á síðustu tveimur til þremur vikum fyrir lok þessara fundalotna. Hið mikla álag sem á þeim tíma er á bæði þingmönnum og starfsfólki þingsins hlýtur að valda því að ekki næst að vanda eins vel afgreiðslu hvers þingmáls eins og æskilegt væri að gera. Þannig er hættan á að mistök eigi sér stað einnig meiri fyrir vikið. Tímabært er að finna leiðir til að breyta þessu ástandi. Í texta þessarar tillögu er lagt til að hverju löggjafarþingi verði skipt upp í nokkrar fundalotur. T.d. mætti hugsa sér að þingið sæti ávallt fjórar vikur í senn og þinghaldinu yrði skipt þannig upp að fundir fastanefnda væru ekki á sömu dögum og þingfundir. Á milli þessara fjögurra vikna tarna væri einnar viku þingfundahlé þar sem þingflokkar hefðu tækifæri til að funda og þingmenn tækifæri til að ferðast um kjördæmi sín og hitta kjósendur. Þá má einnig hugsa sér að fastanefndirnar gætu notað fundahléð til að fara í vettvangsferðir eða til frekari fundahalda. Fyrsta lotan yrði líklega eingöngu helguð fjárlagavinnunni og er því eðlilegt að ætla henni nokkru lengri tíma. Með hliðsjón af slíkum breytingum mætti einnig hugsa sér að þingið sæti fleiri mánuði á hverju ári og eiginlegt sumarleyfi yrði þá ekki nema einn til tveir mánuðir.

Árið 1991, þegar þingið var sameinað í eina málstofu, var fastanefndum þingsins jafnframt fjölgað og staða þeirra innan þingsins styrkt. Enn er það samt þannig að vinna við eitt stærsta og umdeildasta frumvarpið sem lagt er fram á hverju þingi, fjárlagafrumvarpið, fer nánast eingöngu fram í fjárlaganefnd. Að sjálfsögðu er nauðsynlegt að tiltekin nefnd hafi heildaryfirsýn yfir svo mikilvægt þingmál og geri tillögur um hugsanlegar breytingar á þeim heildarfjárhæðum sem skipt er niður á einstök ráðuneyti. Hins vegar eru allar forsendur til þess að láta fastanefndunum, sem fara með hvert málefnasvið, eftir að skipta þeim heildarfjárhæðum upp á milli einstakra málaflokka innan hvers ráðuneytis. Slík vinnubrögð hafa tíðkast bæði í Svíþjóð og Noregi um langan tíma, þykja sjálfsögð og hafa gefist mjög vel.

698. Breytingartillaga [117. mál]

við frv. til l. um erfðabreyttar lífverur.

Frá umhverfisnefnd.

4. mgr. 13. gr. orðist svo:

Hollustuvernd ríkisins skal leita umsagna Náttúruverndarráðs, Náttúrufræðistofnunar Íslands og rannsóknastofnana eftir því sem við á og hjá aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.

699. Nefndarálit [317. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um landflutningasjóð, nr. 62/1979, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helga Jóhannesson og Jósef Þorgeirsson lögfræðinga frá samgönguráðuneyti og Guðmund Arnaldsson viðskiptafræðing frá Landvara.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að landflutningasjóður fái nýtt hlutverk, þ.e. að veita styrki til að stuðla að uppbyggingu og framþróun í vöruflutningum á landi. Sjóðurinn mun því ekki lengur gegna hlutverki lánasjóðs.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

5. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1996. Öllum eignum landflutningasjóðs skal ráðstafa í samræmi við tilgang hans innan átta ára frá gildistöku laga þessara. Lög um landflutningasjóð falla úr gildi 1. júní 2004.

Árni Johnsen, Egill Jónsson, Stefán Guðmundsson og Ásta R. Jóhannesdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Bryndís Guðmundsdóttir sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 13. mars 1996.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm. Magnús Stefánsson. Kristján Pálsson.

Guðmundur Árni Stefánsson. Ragnar Arnalds.

700. Nefndarálit [148. mál]

um frv. til l. um köfun.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helga Jóhannesson og Jósef Þorgeirsson lögfræðinga frá samgönguráðuneyti, Kristbjörn Óla Guðmundsson frá Slysavarnafélagi Íslands og Auðun F. Kristinsson, formann Félags íslenskra kafara.

Skriflegar umsagnir bárust nefndinni frá Félagi íslenskra kafara, Slysavarnafélagi Íslands, Landhelgisgæslu Íslands, Siglingamálastofnun ríkisins og Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að ákvæði 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins, um að óheimilt sé að ráða til köfunarstarfa aðra en handhafa atvinnuköfunarskírteina, verði flutt í 3. gr. þar sem fjallað er um hvaða skilyrðum þurfi að fullnægja til að mega stunda atvinnuköfun.
2. Með breytingu á 2. gr. frumvarpsins er annars vegar lagt til að sett verði inn ákvæði sem gerir sjálfboðaliðum, sem ekki þiggja laun fyrir köfunarstörf sín, kleift að starfa samkvæmt starfsreglum sem samtök þeirra, t.d. Slysavarnafélag Íslands, skulu setja og ráðherra samþykkja. Með þessu verður slíkum sjálfboðaliðum ekki skylt að hafa atvinnuréttindi eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Hins vegar er lagt til að köfunarbúnaður verði skilgreindur mun þrengra en gert er í 2. gr. og verði talinn sá búnaður sem notaður er við köfun og gerir mönnum jafnframt kleift að kafa.
3. Með breytingartillögu við 3. gr. frumvarpsins er lagt til að nánari reglur verði settar um áhugaköfun og að ráðherra geti ákveðið að þeir sem stunda áhugaköfun skuli hafa gilt áhugaköfunarskírteini útgefið af Siglingastofnun Íslands. Þá er lagt til að í 6. gr. frumvarpsins verði sett ákvæði um að ráðherra skuli setja nánari reglur um skilyrði fyrir viðhaldi réttinda samkvæmt köfunarskírteini og um heimild Siglingastofnunar Íslands til gjaldtöku fyrir eftirlit, útgáfu og endurnýjun köfunarskírteina. Þá er og lagt til að í 3. gr., sem og annars staðar þar sem það á við, verði Siglingamálastofnun ríkisins breytt í Siglingastofnun Íslands vegna sameiningar fyrrnefndu stofnunarinnar við Hafnamálastofnun ríkisins og Vitastofnun Íslands í eina stofnun, Siglingastofnun Íslands.
4. Lagt er til að í 5. gr. frumvarpsins verði skýrt kveðið á um að það séu innflytjendur eða þeir sem smíða köfunarbúnað sem þurfa að fá viðurkenningu Siglingastofnunar Íslands á búnaðinum eða hlutum hans en ekki kaupendur. Um slíkan búnað gildi hins vegar að ef vottorð liggur fyrir frá viðurkenndri prófunarstofu um að búnaður sé í samræmi við staðla og reglur sé staðfesting Siglingastofnunar fullnægjandi. Þá er og bætt við ákvæði um viðhald köfunarbúnaðar.
5. Þá eru lagðar til breytingar á 7. gr. frumvarpsins. Ef slys eða óhöpp verða við köfun skal tilkynna það lögreglu í hlutaðeigandi umdæmi og skal hún annast rannsókn á orsökum slíkra slysa. Lagt til að sérfróðir menn verði kallaðir til við rannsóknina og að fulltrúi frá Siglingastofnun Íslands skoði búnaðinn.
6. Loks er lagt til að með ákvæði til bráðabirgða verði kveðið á um að fram til 1. október 1996 skuli Siglingamálastofnun ríkisins fara með þau verkefni sem Siglingastofnun Íslands eru falin í frumvarpinu. Þann dag mun síðarnefnda stofnunin taka formlega til starfa.

Árni Johnsen og Ásta R. Jóhannesdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Bryndís Guðmundsdóttir sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 13. mars 1996.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Egill Jónsson.
Stefán Guðmundsson.	Kristján Pálsson.	Ragnar Arnalds.

Guðmundur Árni Stefánsson.

701. Breytingartillögur [148. mál]

við frv. til l. um köfun.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 1. gr. 2. mgr. falli brott.
2. Við 2. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Í stað orðsins „verndunar“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: verndar.
   b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Um sjálfboðaliða, sem ekki þiggja laun fyrir störf sín, gilda reglur sem samtök þeirra setja og samgönguráðherra hefur samþykkt.
   c. Á eftir orðunum „notaður er við köfun“ í 4. mgr. komi: og gerir mönnum kleift að kafa.
3. Við 3. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Orðin „sem settar verða í reglugerð“ í 2. tölul. 1. mgr. falli brott.
   b. Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ í 4. tölul. 1. mgr. komi: Siglingastofnun Íslands.
   c. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein er orðist svo:
      Óheimilt er að ráða til köfunarstarfa aðra en handhafa atvinnuköfunarskírteina.
   d. Í stað orðanna „uppfylla skilyrði 2. tölul. þessarar greinar og vera 17 ára eða eldri“ í 2. mgr. (er verði 3. mgr.) komi: vera 17 ára eða eldri og uppfylla skilyrði 2. og 3. tölul. 1. mgr. Þá er ráðherra heimilt með reglugerð að ákveða að þeir sem stunda áhugaköfun skuli hafa gilt áhugaköfunarskírteini útgefið af Siglingastofnun Íslands.
4. Við 4. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Siglingastofnun Íslands gefur út köfunarskírteini til þeirra sem uppfylla skilyrði laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim. Skírteini skulu rituð á þar til gerð eyðublöð og gilda til fimm ára í senn.
   b. 2. og 3. mgr. falli brott.
   c. Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ í 4. mgr. (er verði 2. mgr.) komi: Siglingastofnun Íslands.
5. Við 5. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Hver sá sem flytur inn köfunarbúnað eða smíðar slíkan búnað skal fyrir fram fá viðurkenningu Siglingastofnunar Íslands um að búnaðurinn eða hlutar hans uppfylli tæknikröfur sem gilda þar um. Liggi fyrir vottorð frá viðurkenndri prófunarstofu um að búnaður sé í samræmi við staðla og reglur telst staðfesting frá Siglingastofnun fullnægjandi.
   b. Við 2. mgr. bætist: og búnaðinum verði haldið við.

6. Við 6. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ í 1. mgr. komi: Siglingastofnun Íslands.
   b. 2. mgr. orðist svo:
      Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laganna, m.a. um skilyrði fyrir viðhaldi réttinda samkvæmt köfunarskírteini, svo sem um menntunar-, hæfnis- og heilsufarskröfur, eftir því sem við á, og um heimild Siglingastofnunar Íslands til gjaldtöku vegna eftirlits, útgáfu og endurnýjunar köfunarskírteina.
7. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Slys eða óhöpp sem verða við köfun skal tilkynna þegar í stað til lögreglu í því umdæmi sem slys eða óhapp átti sér stað og annast lögreglan rannsókn á orsökum þeirra. Við rannsóknina skal kalla til sérfróða aðila eftir því sem þurfa þykir og skal köfunarbúnaður skoðaður af fulltrúa Siglingastofnunar Íslands.
   Niðurstöður rannsóknarinnar skulu sendar rannsóknarnefnd sjóslysa sem fjallar um málið og birtir álit sitt í ársskýrslu nefndarinnar.
8. Við 8. gr. Í stað orðsins „að“ í greininni komi: samkvæmt.
9. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Fram til 1. október 1996 mun Siglingamálastofnun ríkisins annast þau verkefni sem Siglingastofnun Íslands eru falin með lögum þessum er síðarnefnda stofnunin tekur formlega til starfa.

702. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [398. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Svanfríður Jónasdóttir.

1. gr.

Við 26. gr. stjórnarskrárinnar bætist nýr málsliður, er verður 3. málsl., svohljóðandi: Sama á við ef forseta berst áskorun um það frá þriðjungi kosningabærra manna í landinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu til stjórnarskipunarlaga er kveðið á um rétt kjósenda til að fara fram á að lagafrumvarp sem Alþingi hefur samþykkt verði borið undir þjóðaratkvæðagreiðslu.

Aðeins er mælt fyrir um þjóðaratkvæðagreiðslu á þremur stöðum í stjórnarskránni, þ.e. í 11. gr. (ef ¾ hlutar alþingismanna greiða atkvæði með tillögu um að forseti lýðveldisins verði leystur frá embætti), í 26. gr. (ef forsetinn synjar um staðfestingu á lagafrumvörpum) og í 79. gr. (ef með lögum eru gerðar breytingar á kirkjuskipaninni). Ekki er að finna þar neitt ákvæði sem gerir þegnum landsins kleift að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu um einstök mál sem Alþingi hefur til umfjöllunar.

Þótt oft hafi komið fram krafa um að auka rétt fólks til þjóðaratkvæðagreiðslu hefur ekkert orðið úr því. Réttur fólks til að hafa áhrif á framgang einstakra mála er bundinn við atkvæðagreiðslur um minni háttar mál, svo sem opnun á áfengisútsölum og um hvort leyfa skuli hundahald í einstökum sveitarfélögum.

Víða í grannlöndum okkar hefur verið farin sú leið að heimila þjóðaratkvæðagreiðslu og auka þannig lýðræðislegan rétt fólksins. Samkvæmt stjórnskipan okkar getur fólk einungis haft áhrif með atkvæði sínu í kosningum til Alþingis og sveitarstjórna, svo og við kjör forseta lýðveldisins. Telja verður að lýðræðinu séu þannig nokkur takmörk sett, ekki síst þar sem samsteypustjórnir virðast mun algengari hér en t.d. annars staðar á Norðurlöndum. Þannig veit fólk hér á landi sjaldnast hvaða ríkisstjórnir það er að kjósa yfir sig með atkvæði sínu, auk þess sem auðveldara er fyrir samsteypustjórnir að semja sig frá frá loforðum og kosningastefnuskrám.

Með síauknu alþjóðasamstarfi er enn brýnna að fólk hafi möguleika á þjóðaratkvæðagreiðslu, ekki síst þar sem mikilvægir alþjóðlegir samningar geta haft úrslitaáhrif á framtíð þjóðarinnar. Þannig var hávær krafa uppi hjá stórum hluta þjóðarinnar um að efnt skyldi til þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.

Í stórum málum sem snerta verulega hag þegnanna og afkomu þjóðarinnar er mikilvægt að þessi leið sé fyrir hendi. Það treystir lýðræðið í landinu og veitir stjórnmálaflokkum meira aðhald en þeir hafa nú.

Forsetinn hefur aldrei frá stofnun lýðveldisins beitt heimild 26. gr. stjórnarskrárinnar um að synja staðfestingar lagafrumvarpi sem Alþingi hefur samþykkt. Ákvæðið felur aðeins í sér frestandi neitunarvald því að synji forsetinn um staðfestingu verður að bera lagafrumvarpið undir þjóðaratkvæðagreiðslu. Af framkvæmdinni má því ráða að þetta vald forsetans til að færa valdið frá þinginu til þjóðarinnar sé í raun nánast marklaust. Færa má að því gild rök, eins og að framan segir, að frumvarp til laga um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu sé einmitt mál sem rétt hefði verið að bera undir þjóðina með þessum hætti. Þegnar landsins geta átt réttmæta kröfu á því að fá að taka á beinan hátt þátt í ákvörðun um mikilvæg atriði, eins og að framan greinir. Því er nauðsynlegt að inn í stjórnarskrána verði tekið ákvæði sem veitir þeim þennan rétt án þess að til atbeina forseta lýðveldisins þurfi að koma.

703. Frumvarp til laga [399. mál]

um breytingu á skaðabótalögum, nr. 50/1993.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Í stað „7,5-földum“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: tíföldum.

2. gr.

2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Þegar miskastig er minna en 10% greiðast engar örorkubætur. Þegar miskastig er 10%, 12%, 15%, 18% og 20% skulu örorkubætur vera 120%, 125%, 130%, 135% eða 140% af bótum fyrir varanlegan miska.

3. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra skal skipa nefnd til að vinna að heildarendurskoðun skaðabótalaga. Sérstaklega skal hugað að skaðabótum fyrir líkamstjón, meðal annars með hliðsjón af þeim tillögum sem allsherjarnefnd lét vinna fyrir sig á 120. löggjafarþingi og þeim athugasemdum sem fram hafa komið í nefndinni. Ráðherra skal leggja fyrir Alþingi frumvarp til breytinga á lögunum í samræmi við niðurstöður nefndarinnar eigi síðar en í október 1997.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1996.

Greinargerð.

Með bréfi frá 6. júní 1995 leitaði allsherjarnefnd eftir því við Gest Jónsson hrl. og Gunnlaug Claessen hæstaréttardómara að þeir tækju á ný upp athugun sem þeir framkvæmdu á árinu 1994 að tilhlutan dómsmálaráðherra á ákvæðum skaðabótalaga, nr. 50/1993. Einkum var þeim falið að taka á ný til athugunar þann margföldunarstuðul sem kveðið er á um í 1. mgr. 6. gr. laganna í ljósi þess að Hæstiréttur hefur með dómi 30. mars 1995 mótað nýja stefnu um hvaða frambúðarávöxtun eigi að reikna með að fáist af greiddum bótum fyrir varanlega örorku. Jafnframt var Gesti og Gunnlaugi falið að yfirfara önnur ákvæði laganna og leggja mat á hvort gera þyrfti breytingar á þeim og þá hverjar. Var þeim falið að semja frumvarp til laga um breytingu á skaðabótalögum í samræmi við niðurstöður sínar.

Gestur og Gunnlaugur skiluðu álitsgerð sinni til nefndarinnar 10. nóvember 1995. Var hún ítarleg og vel rökstudd og henni fylgdu fullbúin drög að frumvarpi til breytinga á skaðabótalögunum (sjá fskj.). Þar er gert ráð fyrir miklum breytingum á gildandi lögum þótt áfram sé í aðalatriðum miðað við þá stöðlun bótareglna sem lögfest var 1993. Allsherjarnefnd sendi frumvarpsdrögin ýmsum aðilum til umsagnar. Flestir umsagnaraðilar töldu að rétt gæti verið að huga að breytingum á gildandi lögum í þá átt að hækka bætur. Hins vegar kom hjá sumum fram gagnrýni á einstaka þætti frumvarpsdraganna. Sérstaklega er þar um að ræða þrjú atriði: 1) Gagnrýni á tillögur um ákvörðun lágmarkslauna til viðmiðunar við bótaútreikning og um afmörkun bótaréttar fyrir varanlega örorku við aldur. 2) Að tillögurnar leiði í ýmsum tilvikum til ofbóta, þ.e. að heildarbætur til hins slasaða verði hærri en nemur tekjutjóni hans, þar sem áfram verði í gildi reglur laganna um að bætur frá þriðja aðila dragist ekki frá bótakröfu. 3) Að aukinn bótaréttur gæti leitt til umtalsverðrar hækkunar iðgjalda.

Allsherjarnefnd hefur í vetur farið mjög ítarlega yfir málið út frá framangreindum tillögum. Ýmsar spurningar hafa vaknað hjá nefndinni við skoðun málsins svo sem hvort rétt sé að víkja frá þeirri stöðlun bótareglna sem lögfest var 1993 með því að láta bætur frá öðrum en hinum bótaskylda hafa áhrif á skaðabótakröfu; hvort unnt sé að láta sömu meginreglur gilda við ákvörðun skaðabóta til tjónþola hvort sem þeir hafa aflað sér atvinnutekna fyrir slys eða ekki og hvort rétt sé að lögfesta lágmarksviðmiðun í því sambandi; hvort réttara sé að greiða örorkulífeyri út mánaðarlega í stað eingreiðslu skaðabóta þegar örorkustig er hátt og hinn bótaskyldi er fær um að taka á sig slíka skuldbindingu; hvort eðlilegra sé að reikna framtíðartjón út frá nettóárslaunum hins slasaða fremur en heildarárslaunum; hvort möguleikar á frambúðarávöxtun séu aðrir en Hæstiréttur gengur út frá í dómi sínum frá 30. mars 1995 o.fl. Nefndin telur að of mörgum spurn-

ingum sé ósvarað enn til að hægt sé að framkvæma allar þær lagabreytingar sem fram kom í tillögunum tvímenninganna að sinni. Nefndin leggur því til að dómsmálaráðherra verði falið að skipa nefnd sérfræðinga til að yfirfara skaðabótalögin í heild sinni. Í þeirri endurskoðun yrði þó sérstaklega hugað að skaðabótum fyrir líkamstjón, meðal annars með hliðsjón af þeim tillögum sem allsherjarnefnd lét vinna og þeim athugasemdum sem fram komu í nefndinni. Þeirri nefnd verði gert að ljúka störfum það tímanlega að ráðherra geti eigi síðar en í október 1997 lagt tillögur nefndarinnar fyrir Alþingi í formi lagafrumvarps.

Með hliðsjón af tillögum tvímenninganna og með tilliti til framkominna athugasemda telur allsherjarnefnd þó að ekki verði hjá því komist að gera strax á þessu þingi ákveðnar lágmarksbreytingar á lögunum. Þannig virðist alveg ljóst að sá margföldunarstuðull sem fram kemur í 1. mgr. 6. gr. skaðabótalaganna sé ekki nægjanlega hár til þess að slasað fólk fái fullnægjandi bætur fyrir fjártjón sem leiðir af varanlegri örorku. Nefndin leggur til að stigið verði það skref að þessi stuðull verði hækkaður úr 7,5 í 10 eða um þriðjung. Jafnframt leggur nefndin til að lágmarksákvæði 1. málsl. 2. mgr. 8. gr. laganna, en sú grein fjallar um bætur til tekjulausra einstaklinga, um að engar örorkubætur greiðist þegar miskastig er minna en 15% verði breytt þannig að lágmarkið verði fært niður í 10% og gerðar samsvarandi breytingar á reiknireglu 2. málsl. 2. mgr. 8. gr. Þessar tillögur eru jafnframt í samræmi við meirihlutaálit tvímenninganna við fyrri skoðun skaðabótalaganna. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að breytingarnar taki gildi um mitt þetta ár.

Fylgiskjal.

Gestur Jónsson hæstaréttarlögmaður,
Gunnlaugur Claessen hæstaréttardómari:

Álitsgerð um skaðabótalög, nr. 50/1993, ásamt fylgiskjölum og breytingartillögum.

Í erindi allsherjarnefndar Alþingis til okkar undirritaðra, dags. 7. júní 1995, segir m.a:

"Í tilefni af dómi, sem kveðinn var upp í Hæstarétti 30. mars 1995, hefur allsherjarnefnd Alþingis ákveðið að fara þess á leit við Gest Jónsson, hæstaréttarlögmann, og Gunnlaug Claessen, hæstaréttardómara, að þeir taki á ný upp athugun, sem þeir framkvæmdu á árinu 1994 að tilhlutan dómsmálaráðherra á ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993, og geri í því sambandi eftirfarandi:

1. Taki aftur til athugunar þann margföldunarstuðul, sem kveðið er á um í 1. mgr. 6. gr. laganna, í ljósi þess, að Hæstiréttur hefur með fyrrgreindum dómi mótað nýja stefnu um hvaða frambúðarávöxtun eigi að reikna með við bótauppgjör að fáist af greiddum bótum fyrir varanlega örorku. Er leitað á ný eftir áliti á því, hvort bætur samkvæmt lögunum fyrir fjárhagslegt tjón séu samsvarandi bótum, sem hefðu fengist eftir gildandi reglum fyrir setningu laganna, en ef svo er ekki, hvaða breytingu þurfi að gera á margföldunarstuðlinum til að slíkt samræmi fáist.
2. Yfirfari önnur ákvæði laganna og leggi mat á hvort breyta þurfi einhverjum þeirra og þá hvernig.
3. Semji frumvarp til laga um breyting á skaðabótalögum, ef niðurstöður í framangreindum viðfangsefnum gefa tilefni til þess, ásamt athugasemdum. Er óskað eftir að slíkt frumvarp verði afhent í tæka tíð til að leggja megi það fram á Alþingi strax eftir að það kemur saman til funda haustið 1995. Er einnig óskað eftir að drög að frumvarpi verði afhent allsherjarnefnd og kynnt nefndarmönnum áður en ráðist verður í lokafrágang þess."

Svör okkar fara hér á eftir í sömu röð og fram kemur í erindi nefndarinnar. Í samræmi við tilmæli í 3. tl. fylgja drög að frumvarpi til laga um breytingar á skaðabótalögum nr. 50/1993 með svari okkar.

Við undirbúning álitsgerðar þessarar höfum við átt viðræður við ýmsa sérfræðinga á þeim sviðum sem tengjast viðfangsefninu. Höfum við átt fundi með Arnljóti Björnssyni, hæstaréttardómara, Bjarna Guðmundsson, tryggingafræðingi, Bjarna Þórðarsyni, tryggingafræðingi, Guðnýju Björnsdóttur, hdl., starfsmanni Sjóvá-Almennra hf., Jóni Steinari Gunnlaugssyni, hrl., Jóni Erlingi Þorlákssyni, tryggingafræðingi, Ragnari H. Hall, hrl., formanni örorkunefndar og Sigurði Snævarr, hagfræðingi hjá Þjóðhagsstofnun.

Um lið 1 í erindi allsherjarnefndar:

Í upphafi bréfsins, er vísað til dóms Hæstaréttar í málinu nr. 429/1992, sem kveðinn var upp 30. mars sl. Þar var dæmt um bætur til handa tjónþola, sem slasaðist 17 ára gamall og hlaut 10% varanlega örorka. Með dóminum var horfið frá forsendu um 6% ársafvöxtun tapaðra framtíðartekna, sem gilt hafði í tjónsútreikningum allt frá því Hæstiréttur markaði stefnuna í þá veru með dómi sínum 10. júlí 1984. Í hinum nýja dómi er lögð til grundvallar 4,5% ársafvöxtun tapaðra framtíðartekna, og er þessi stefnubreyting skýrð í dóminum með vísan til þróunar í vaxta- og verðlagsmálum og núverandi ávöxtunarkjara sparifjár. Með dómi Hæstaréttar voru tjónþola í þessu máli því dæmdar umtalsvert hærri bætur en héraðsdómur hafði dæmt.

Með álitsgerð okkar 24. júní 1994 bárum við, að ósk allsherjarnefndar, bótareglur hinna nýju skaðabótalaga saman við eldra bótakerfi, sem einkum byggðist á fordæmum dómstóla. Efni álitsgerðarinnar verður ekki endurtekið hér, en vísað til hennar í heild sinni. Þar er ennfremur gerð grein fyrir forsendum þeirrar niðurstöðu okkar, að margfeldisstuðull 1. mgr. 6. gr. laganna þyrfti að hækka úr 7,5 í 10,0, svo samsvörun verði milli eldra og yngra bótakerfis.

Í fyrrnefndu hæstaréttarmáli, lá fyrir útreikningur tryggingafræðings um að höfuðstólsverðmæti taps vegna varanlegrar örorku næmi 2.501.400 krónum að meðtöldu tapi lífeyrisréttinda, væri reiknað með 6% afvöxtun framtíðartekna. Tapið næmi hins vegar 3.052.694 krónum að meðtöldu tapi lífeyrisréttinda miðað við 4,5% framtíðarvexti. Tjónið reiknaðist þannig 22% hærra í síðara tilvikinu.

Aftur á móti verður ekki ráðið svo óyggjandi sé, hvort forsendu um lækkun eða frádrátt frá bótum vegna skattfrelsis og hagræðis við eingreiðslu o.fl. hafi jafnframt verið breytt. Ástæðan er sú, að í málinu dæmir Hæstiréttur í einu lagi bætur vegna varanlegrar örorku og miska, sem þannig voru samtals ákveðnar 2.100.000 krónur. Þessi aðferð gerir örðugt um vik við afmörkun frádráttar frá bótum.

Til að nálgast svar við þessu yrði að áætla, hver hlutur miskabótanna í heildarfjárhæðinni sé, en sá hluti bóta sætti ekki frádrætti af framangreindum sökum í eldra bótakerfi. Hugsanlega má reikna sér til með samanburði á dóminum sjálfum og sératkvæði eins dómara, sem gerði þann eina ágreining, að leggja bæri til grundvallar dómi 5% framtíðarvexti, en ekki 4,5%. Sú

aðferð gefur ástæðu til að ætla, að miskabætur hafi verið ákveðnar 100.000 krónur og lækkunin samkvæmt því orðið um 35%. Ef þessi ályktun fær staðist stendur eftir, að miskabætur í þessu tilviki eru mun lægri en við höfum áður komist að niðurstöðu um að væri dómvenja og skerðingin jafnframt mun meiri. Á þessu skal hér vakin athygli. Við viljum hins vegar leggja áherslu á, að varhugavert hlýtur að vera að draga slíkar ályktanir af einum dómi, þar sem ekki er gerð sérstök grein fyrir þessum álitaefnum í forsendum dómsins. Varðandi skerðinguna ber þó að líta til þess, að í tilviki þessa tjónþola voru til staðar rök fyrir meiri skerðingu bóta en í ýmsum tilvikum öðrum. Um var að ræða ungan tjónþola, lága örorku og svo háar tekjur, að launaígildi örorkubótanna hefði lent að fullu í staðgreiðsluskatti.

Það dregur enn úr fordæmisgildi dómsins varðandi frádráttinn að síðan hann var uppkveðinn hafa gengið hæstaréttardómar þar sem frádrátturinn var ákveðinn milli 25 og 30 %, sjá dóma 6. apríl og 5. október sl.

Til svars við spurningu allsherjarnefndar í 1. tölulið bréfs hennar sýnist okkur ljóst, að breytt forsenda um afvöxtun í dómi Hæstaréttar leiði til þeirrar niðurstöðu, að hækka þurfi margfeldisstuðul 1. mgr. 6. gr. skaðabótalaga umfram það, sem við höfum áður talið, svo samsvörun verði milli eldra og yngra bótakerfis. Fyrirvari um hugsanlegan aukinn frádrátt, er kunni að felast í dóminum, sbr. að framan, breytir ekki þeirri niðurstöðu.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim breytingum á reiknireglum laganna sem við teljum rétt að gerðar verði.

Um lið 2 í erindi allsherjarnefndar:

a) Almennt

Setning skaðabótalaga leiddi til mikillar umræðu í þjóðfélaginu. Fram kom gagnrýni frá hópi lögmanna, sem heldur því fram, að reglur laganna leiði til lægri bóta í ýmsum tilvikum en stefnt var að með lagasetningunni. Þessi gagnrýni lá fyrir er við skiluðum áliti okkar á sl. ári, en þessi sjónarmið lögmannanna munu hafa verið tilefni þess að allsherjarnefnd átti frumkvæði að athugun okkar og Guðmundar Skaftasonar hrl. á málefninu á fyrri hluta síðasta árs.

Frá þeim tíma, sem liðinn er frá því við skiluðum áliti okkar hefur fengist nokkur reynsla á framkvæmd laganna við uppgjör líkamstjóna, sem átt hafa sér stað vegna slysa eftir 1. júlí 1993, er lögin tóku gildi. Í hinni almennu umræðu hafa jafnframt komið fram fleiri gagnrýnin

sjónarmið á einstaka efnisþætti laganna. Viljum við þar einkum vekja athygli á riti Jóns Erlings Þorlákssonar, tryggingafræðings, frá júní 1995, "Slysabætur og íslensk skaðabótalög". Í ritinu setur höfundur fram skoðanir sem hann hafði kynnt allsherjarnefnd Alþingis þegar frumvarp að gildandi skaðabótalögum var til umfjöllunar hjá nefndinni. Þá skal minnt á margnefndan dóm Hæstaréttar frá 30. mars sl., sem hefur óhjákvæmilega breytt forsendum varðandi ákvörðun bóta fyrir vinnutekjutjón í framtíðinni.

Við höfum gaumgæft þessa gagnrýni og hinar breyttu forsendur í dómi Hæstaréttar. Við höfum eftir föngum kannað hvernig reglum um skaðabætur fyrir líkamstjón er háttað á Norðurlöndum og í löndum Evrópusambandsins. Þá höfum við aflað okkur gagna um samanburð á bótafjárhæðum frá hinum bótaskylda eftir löndum miðað við tiltekin tilbúin dæmi um örorkutjón[1].

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpi til skaðabótalaga höfðu verið sett skaðabótalög á hinum Norðurlöndunum áður en svo var gert hér á landi. Í greinargerðinni kemur einnig fram að bótafjárhæðir frumvarpsins séu ákveðnar að danskri fyrirmynd.[2]

Þar sem deilur um íslensku skaðabótalögin hafa aðallega snúist um margföldunarstuðulinn í 1. mgr. 6. gr. laganna er rétt að taka fram að einungis dönsku skaðabótalögin, auk hinna íslensku, fela í sér reiknireglu (margföldunarstuðul) um hvernig fjártjón vegna varanlegrar örorku skuli reiknað. Í skaðabótalögum Finna, Norðmanna og Svía eru ýmsar almennar reglur um stofnun skaðabótaábyrgðar og ákvörðun skaðabóta vegna líkamstjóns, svo sem regla um að fjártjón vegna framtíðartekjutaps tjónþola skuli reiknað á grundvelli svokallaðs fjárhagslegs örorkumats. Engum stöðluðum reiknireglum er hins vegar til að dreifa eins og í dönsku og íslensku skaðabótalögunum. Þó er það meginreglan skv. norsku lögunum að örorkubætur til barna eru staðlaðar á grundvelli læknisfræðilegs örorkumats.

---

[1] Sjá ritin Personal Injury Awards in EC Countries í samantekt ensku lögfræðinganna David McIntosh og Marjorie Holmes, útg. af Lloyd's of London Press Ltd, Davies Arnold Cooper, í London 1990 og Personal Injury Awards in EU and EFTA Countries í samantekt sömu höfunda sem útg. var af sama aðila í London 1994.

[2] Frumvarp til skaðabótalaga. ALÞT, A 1992 - 93, þskj. 596, bls. 3621.

Í Danmörku hafa skaðabótalögin verið gagnrýnd og því verið haldið fram að reikniregla laganna leiði til þess að þeir sem fái framtíðartekjutjón sitt einungis bætt á grundvelli þeirra laga fái ekki fullar bætur fyrir fjártjón sitt. Hefur verið bent á að margfeldisstuðull laganna, sem er 6, hafi verið ákveðinn miðað við framtíðarávöxtun sem byggð hafi verið á markaðsnafnvöxtum á þeim tíma sem lögin voru sett, en þeir munu hafa verið milli 15 og 20% á ári[3]. Gagnrýnendur hafa bent á að slík ávöxtun verðtryggðs höfuðstóls til frambúðar sé ekki möguleg og margfeldisstuðulinn eigi að ákvarða út frá mögulegri raunávöxtun höfuðstólsins, þ.e. verðmætisaukningu hans að teknu tilliti til verðlags- eða launabreytinga. Má segja að niðurstaða Hæstaréttar Íslands frá 10. júlí 1984 og 30. mars 1995 um að miða beri framtíðarávöxtun við raunvexti en ekki nafnvexti, sé í samræmi við þessa gagnrýni.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að samkvæmt reglugerð nr. 210/1978 sem sett er með heimild í dönsku atvinnuslysatryggingalögunum (Arbejdsskadeforsikringsloven nr. 390/1992) er margföldunarstuðullinn til útreiknings á framtíðartekjutjóni samkvæmt þeim lögum mun hærri en í dönsku skaðabótalögunum. Stuðullinn er rúmlega 10,3 fyrir 20 ára mann og lækkar síðan smám saman með hækkandi aldri tjónþola. Stuðullinnn er 10 við 32 ára aldur og verður lægstur 2,7 þegar tjónþolinn er 66 ára. Þessi margföldunarstuðull er svipaður þeim sem við gerðum tillögu um í fyrra áliti okkar, þótt taka beri fram að skerðing vegna aldurs er ekki eins í 9. gr. íslensku skaðabótalaganna og dönsku atvinnuslysatryggingalögunum.

Árið 1990 var gefin út skýrsla um samanburð á bótafjárhæðum vegna líkamstjóna í ríkjum Evrópusambandsins (sjá tilvitnun í að framan) Skýrslan var endurútgefin árið 1994 með viðbótum sem m.a. fólu í sér að samanburðurinn tók einnig til EFTA ríkjanna. Skýrslan var þannig unnin að fengnir voru sérfræðingar í löndum Evrópusambandsins og EFTA til þess að reikna út bætur úr hendi skaðabótaskylds aðila, sem falla myndu í hlut tjónþola eða dánarbús

---

[3] Í upphaflegri gerð frumvarps til dönsku skaðabótalaganna var margfeldisstuðullinn 5. Sá stuðull var miðaður við 20% framtíðarávöxtun. Nafnvextir lækkuðu áður en frumvarpið varð að lögum og leiddi það til hækkunar stuðulsins í 6. Sjá um þetta grein dr. jur. Bo von Eyben, Lovgivning om erstatningsudmåling í Ugeskrift for retsvæsen 1984, afdeling B, bls. 97-105 (100). Sjá einnig ritið Erstatningsansvarsloven med kommenter eftir Anders Vinding Kruse og Jens Möller, 3. útg. 1993, bls. 152-153.

hans,við tiltekin gefin atvik. Í síðari útgáfunni voru tekin tvö tilbúin tilvik. Annars vegar 40 ára karlmaður, læknir, sem hefði meðaltekjur lækna, væri kvæntur og ætti tvö börn. Hins vegar 20 ára ógift og barnlaus kona sem starfaði sem ritari á lögmannsstofu. Bætur voru reiknaðar miðað við margs konar afleiðingar bótaskylds atviks, t.d. dauða, algera lömun, lömun að hluta, blindu, sjónmissi á öðru auga, algeran heyrnarmissi o.s.frv. Voru sérfræðingarnir fengnir til þess að gefa álit sitt á því hverjar bótafjárhæðir væru líklegar í hverju hinna gefnu tilvika í heimalöndum þeirra.

Athygli vekur hversu lágar skaðabætur í Danmörku virðast vera í samanburði við bætur í öðrum löndum Evrópusambandsins. Laun í Danmörku munu þó vera vel ofan meðaltalslauna í ríkjum Evrópusambandsins. Í flestum hinna tilbúnu dæma reyndust skaðabætur í Danmörku lægstar eða með þeim lægstu. Það ber þó að hafa í huga að samanburður á bótakerfum milli landa er vandasamur. Þannig eiga slasaðir einstaklingir í Danmörku kost á endurgjaldslausri félags- og heilbrigðisþjónustu í ríkari mæli en gildir í mörgum öðrum löndum Evrópusambandsins og útgjöld þeirra vegna slíkrar þjónustu því lítil. Þá er sýnilegt af skýrslunni að önnur bótaúrræði danskra tjónþola vegna tímabundins tekjutaps eru ríkari en almennt gerist annars staðar. Þetta breytir þó ekki þeirri niðurstöðu að samkvæmt dönsku skaðabótalögunum eru skaðabætur fyrir líkamstjón lægri en gerist í flestum öðrum löndum Evrópusambandsins. Skiptir þar miklu máli að lögbundni margföldunarstuðullinn í Danmörku er mun lægri en þeir tryggingafræðilegu stuðlar sem virðast notaðir víða annars staðar við útreikning framtíðartekjutaps.

Í síðari útgáfu bókarinnar eru EFTA ríkin tekin inn í samanburðinn. Það er athyglisvert að samanburðurinn sýnir að skaðabætur úr hendi hins bótaskylda til tjónþola eru lágar á öllum Norðurlöndunum ef miðað er við samanburðarlöndin.

Samanburðurinn er miðaður við réttarástand sem var á fyrri hluta árs 1993. Samanburðurinn á því ekki lengur við fyrir Ísland eftir gildistöku skaðabótalaganna, þ.e. eftir 1. júlí 1993. Ef reynt er með almennum orðum að gefa lýsingu á niðurstöðum samanburðarins fyrir Ísland kemur í ljós að bætur eru að jafnaði lágar hér miðað við samanburðarlöndin. Á þetta sérstaklega við um bætur fyrir ófjárhagslegt tjón (miska) sem virðast hvergi hafa verið lægri í samanburðarlöndunum.

Bætur fyrir fjártjón eru einnig lágar hér á landi í samanburðinum. Til fróðleiks látum við fylgja fjórar töflur sem unnar eru upp úr síðari útgáfu bókarinnar (fylgiskjöl 1.1-1.4). Töflurnar sýna annars vegar dánarbætur og hins vegar bætur vegna lömunar allra útlima (100% læknisfræðileg- og fjárhagsleg örorka). Töflurnar eru gerðar bæði fyrir lækninn og ritarann. Bótafjárhæðir eru færðar í íslenskar krónur miðað við gengi sterlingspunds sé 98,42 íslenskar krónur. Er það sama gengi og höfundar notuðu við gerð bókarinnar (mars 1993). Töflurnar sýna tvenns konar útreikning bóta fyrir Ísland. Annars vegar er byggt á upplýsingum úr bókinni en þar er miðað við réttarástand á fyrri hluta árs 1993. Hins vegar höfum við fellt inn í töflurnar útreikning okkar á bótum á grundvelli skaðabótalaganna miðað við tjón á gildistökudegi þeirra þann 1. júlí 1993.

Það er rétt að undirstrika þann fyrirvara sem við setjum varðandi nákvæmni samanburðarins í töflunum og þær forsendur sem samanburðurinn er byggður á.

b) Umfjöllun um einstakar greinar

Hér á eftir verður fjallað um 3.-10. og 16. gr. laganna. Lagagreinarnar verða teknar til skoðunar hver fyrir sig, fjallað um efni þeirra og framkomna gagnrýni og gerð grein fyrir tillögum okkar til breytinga á þeim þar sem slíkar tillögur eru gerðar. Tillögur um breytingar á 13. og 15. gr. laganna, sem fram koma í meðfylgjandi lagafrumvarpi, leiða af breytingum á öðrum greinum og fá því ekki sjálfstæða umfjöllun í álitsgerðinni. Gildistökuákvæði frumvarpsins skýrir sig sjálft.

3.gr

"Greiða skal þjáningabætur fyrir tímabilið frá því að tjón varð þar til ekki er að vænta frekari bata. 1.300 kr. fyrir hvern dag sem tjónþoli er rúmfastur og 700 kr. fyrir hvern dag sem tjónþoli er veikur án þess að vera rúmliggjandi. Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að greiða þjáningabætur þótt tjónþoli sé ekki veikur. Nemi bætur meira en 200.000 kr. er heimilt að víkja frá fjárhæðum þeim sem greinir í 1. málsl.

Um greiðslur frá þriðja manni fer eftir ákvæðum 1., 3. og 4. málsl. 4. mgr. 5. gr."

Við höfum fengið ábendingar um, að óljóst sé hvernig eigi að skýra orðin "að vera veikur án þess að vera rúmliggjandi". Auk þess vanti allar raunhæfar skýringar á því í hvaða sérstöku tilvikum greiðsla þjáningabóta eigi að koma til, þótt tjónþoli sé ekki veikur.

Augljóst er að vandasöm afmörkunartilvik hljóta að geta komið upp varðandi viðmiðanir í greininni. Viðmiðanirnar eru þær sömu og í dönsku skaðabótalögunum. Sé ætlunin að hafa þjáningabætur misháar eftir heilsufari slasaða munu, að okkar mati, afmörkunarvandamál ævinlega verða fyrir hendi hvernig sem lagagreinin yrði orðuð. Augljós rök eru til þess að hafa þjáningabætur misháar eftir heilsufari slasaða.

Við öfluðum upplýsinga frá Sjóvá-Almennum tryggingum hf og Vátryggingafélagi Íslands hf um bótauppgjör sem fram hefðu farið samkvæmt reglum skaðabótalaganna. Upplýsingar frá félögunum komu í bréfum dags. 21. og 24. ágúst sl. (sjá fylgiskjöl 2.1 og 2.2). Hjá SA höfðu verið gerð upp 22 mál þar sem metinn hafði verið varanlegur miski en hjá VÍS voru málin 49. Í þessum málum voru greiddar þjáningabætur skv. 3. gr. laganna. Í viðtali við Guðnýju Björnsdóttur hdl. hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf. kom fram að hún kannaðist ekki við að ákvörðun þjáningabóta á grundvelli 3. gr. skaðabótalaganna hefði skapað nein sérstök vandamál í framkvæmd.

Í Danmörku hafa verið að festast í sessi skýringareglur varðandi hugtök í sambærilegri grein dönsku skaðabótalaganna.[4] Við teljum skynsamlegt að við túlkun þessarar greinar verði m.a. höfð hliðsjón af þeim skýringareglum sem myndast hafa í Danmörku.

Að öllu framangreindu athuguðu gerum við ekki tillögu um breytingu á 3. gr. skaðabótalaganna.

4. gr.

"Þegar fjárhæð bóta fyrir varanlegan miska er ákveðin skal litið til þess hvers eðlis og hversu miklar afleiðingar tjóns eru frá læknisfræðilegu sjónarmiði, svo og til erfiðleika sem það veldur í lífi tjónþola. Varanlegur miski skal metinn til stiga og skal miða við ástand tjónþola eins og það er þegar ekki er að vænta frekari bata. Þegar miski er metinn alger (100%) skulu bætur vera 4.000.000 kr. Við lægra miskastig lækkar fjárhæð þessi í réttu hlutfalli. Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að ákveða hærri bætur, þó ekki meiri en 6.000.000 kr. Engar bætur skal greiða þegar varanlegur miski er metinn minni en 5%.

---

[4] Karnovs Lovsamling 1993, bls 3281. Þar segir m.a. "*Sengeliggende skal forstås bogstaveligt, dog regnes hospitalsindlæggelse altid som sengeliggende sygedage. Oppegående sygedage forudsætter, at skakelidte er undergivet lægelig behandling i et vist omfang.*"

Hafi tjónþoli verið 60 ára eða eldri þegar tjón varð lækka bætur sem ákveðnar eru eftir 1. mgr. um 5% fyrir hvert aldursár tjónþola umfram 59 ár. Bætur lækka þó ekki frekar eftir 69. aldursár tjónþola. Um greiðslur frá þriðja manni fer eftir ákvæðum 1., 3. og 4. málsl. 4. mgr. 5. gr."

Fram er komin gagnrýni á 2. mgr. þessarar greinar, sem lýtur að því, að ekki séu rök fyrir lækkun miskabóta um helming á aldursbilinu 60-69 ára.[5] Ekki er gefin skýring á þessari lækkun í athugasemdum með frumvarpi til laganna. Í riti sínu vísar Jón Erlingur Þorláksson til þess, að sé ákvæðið hugsað þannig að hinn yngri búi lengur við áverka en sá, sem er eldri, dugi það ekki sem röksemd. Þá ættu bætur að lækka jafnt og þétt eftir aldri, en ekki aðeins á hinu umrædda aldursbili. Þvert á móti megi rökstyðja það, að miskabætur eigi ekki að lækka með aldri vegna þess að aðlögunarhæfni manna minnki með árunum. Þessar bætur séu nokkurs konar manngjöld, sem eigi að vera óháð aldri.

Við föllumst á þá skoðun, að óeðlilegt sé að lækka bætur svo mikið á svo stuttu aldursskeiði. Við teljum því rétt að greininni verði breytt þannig að halli sá, sem greinin kveður á um minnki. Tillaga okkar er sú, að bæturnar lækki um 1% fyrir hvert ár á aldrinum 50-74 ára og bætur fyrir 100% miska endi þar með í þremur milljónum króna.

Þá leggjum við jafnframt til, að breytt verði framsetningu á 2. mgr. 4. gr. þannig, að lækkun bóta fyrir varanlegan miska verði lýst í töfluformi, sem verði hluti sjálfs lagatextans. Er það í samræmi við tillögur okkar hér á eftir um framsetningu á 6. gr.

Loks skal hér vakin athygli á lokamálslið 1. mgr. 4. gr., en skv. honum skulu engar bætur greiddar þegar varanlegur miski er metinn minni en 5%. Þetta ákvæði hefur sætt gagnrýni sem felst í því, að ekki séu rök til þess að fella niður bótarétt þess, sem hlýtur varanlegan miska, sem þó mælist minni en 5%.[6] Þetta lágmark hljóti jafnframt að leiða til þess í reynd í einhverjum tilvikum, að minni miski en 5% verði metinn upp í 5%, svo bætur falli ekki niður með öllu.

Fremur mun fátítt, að læknisfræðileg örorka vegna afleiðinga slyss, sé metin lægri en 5%. Slíkt getur þó orðið t.d. þegar slasaði missir framan af fingri. Þótt tilvikin séu fá felur það eitt,

---

[5] Jón Erlingur Þorláksson, tilvitnað rit bls. 43.

[6] Jón Erlingur Þorláksson, tilvitnað rit bls. 42-43.

að okkar dómi, ekki í sér rök til að svipta slíka tjónþola bótarétti. Miskabætur í þessum tilvikum yrðu lágar. Við föllumst heldur ekki á rök um að af hagkvæmnisástæðum sé rétt að greiða engar bætur fyrir lægri varanlegan miska en 5%. Þá teljum við ekki heldur rétt að ofbæta lítinn varanlegan miska með því að færa hann upp í 5%. Það leiðir til ósamræmis. Við gerum því að tillögu um að 5% lágmarkið verði afnumið.

5. gr.

"Valdi líkamstjón, eftir að ekki er að vænta þess að tjónþoli nái frekari bata, varanlegri skerðingu á getu til að afla vinnutekna á tjónþoli rétt á bótum fyrir varanlega örorku.

Þegar tjón vegna örorku er metið skal líta til þeirra kosta sem tjónþoli á til að afla sér tekna með vinnu sem sanngjarnt er að ætlast til að hann starfi við.

Örorka tjónþola reiknast í hundraðshlutum (örorkustigum).

Greiðslur, sem tjónþoli fær frá þriðja manni vegna líkamstjóns, svo sem almannatryggingum, lífeyrissjóði eða vátryggingafélagi, dragast ekki frá skaðabótakröfu. Greiðslur frá samnings- eða lögbundinni atvinnuslysatryggingu launþega skulu þó dregnar frá skaðabótakröfu hans á hendur vinnuveitanda þeim sem slysatrygginguna keypti. Bætur frá slysatryggingu ökumanns eftir umferðarlögum skal einnig draga frá skaðabótakröfu. Sama gildir um bætur frá sams konar slysatryggingu manns er slasast sem farþegi í eigin ökutæki."

Jón Erlingur Þorláksson gagnrýnir þessa grein og telur, að viðmiðun við fjárhagslega örorku, sbr. 2. mgr. 5. gr. sé af ýmsum ástæðum óheppileg.[7] Eitt helsta nýmæli laganna fólst einmitt í því að taka upp mat á fjárhagslegri örorku og byggja á henni í stað læknisfræðilegrar örorku við ákvörðun bóta fyrir fjártjón.

Gagnrýni Jóns Erlings er um margt athyglisverð og studd vönduðum rökum. Þrátt fyrir þau teljum við ekki nægjanlegt tilefni til þess að gera tillögur um breytingar á lagagreininni. Í fjárhagslegu örorkumati felst tilraun til þess að meta til framtíðar þær einstaklingsbundnu fjárhagslegu afleiðingar sem leiða af líkamstjóni og þar með skilgreina það sem bæta ber samkvæmt grundvallarreglu skaðabótaréttarins um fullar bætur fyrir fjártjón. Þrátt fyrir erfiðleika sem alltaf hljóta að verða fyrir hendi við gerð fjárhagslegs örorkumats og þá óvissu um réttmæta niðurstöðu sem slíkum mötum hlýtur að fylgja í mörgum tilvikum, þá teljum við að

---

[7] Tilvitnað rit bls. 37-42.

ekki hafi verið bent á betri mælikvarða til ákvörðunar skaðabóta fyrir líkamstjón. Teljum við því rétt að miða áfram við fjárhagslegt örorkumat eins og gert er í nálægum löndum.

6. gr.

"Bætur skal meta til fjárhæðar sem nemur 7,5-földum árslaunum tjónþola, sbr. 7. gr., margfölduðum með örorkustigi, sbr. 3. mgr. 5. gr.

Bótafjárhæðin skal greidd í einu lagi."

Þungamiðja gagnrýninnar á hin nýju lög er á þessa grein. Því hefur verið haldið fram, að stuðullinn 7,5 mæli tjónþolum ekki fullar bætur fyrir fjártjón eins og að hafi verið stefnt við lagasetninguna. Um þetta atriði vísum við til álitsgerðar okkar frá sl. ári. Þar komumst við að þeirri niðurstöðu, að margfeldisstuðull 6. gr. þyrfti að vera 10,0 miðað við þær forsendur, sem þar eru tilgreindar.

Efni álitsgerðarinnar verður ekki endurtekið hér. Aðeins skal vakin athygli á þeirri aðferð, sem þar var beitt, að fyrst var borið saman fjárhagstjón vegna varanlegrar örorku samkvæmt eldra og yngra bótakerfi, einangrað frá öðrum bótaþáttum (tafla 2 á bls. 7 í þeirri álitsgerð). Síðan voru aðrar bætur og frádráttarliðir teknir með í samanburðinum og dró það úr mismun á bótagreiðslum í heild sinni, sem bótakerfin færðu tjónþolum (töflur 3 og 4 á bls. 9-11 í þeirri álitsgerð). Niðurstaðan varð sú, að eðlilegt væri að margfeldisstuðullinn væri 10,0, eins og áður segir.

Breytt forsenda um afvöxtun framtíðartekna úr 6,0% í 4,5% raskar niðurstöðum fyrri samanburðar. Á fskj. 3.2 má sjá samanburð í töfluformi á tryggingafræðilegum reikningsstuðlum, tengdum aldri, m.v. báðar afvöxtunarforsendurnar. Taflan er unnin af Bjarna Guðmundssyni, tryggingafræðingi. Hann lýsir forsendum við gerð hennar í bréfi til okkar á fskj. 3.1.

Í töflu á fskj. 4 er sýndur tryggingafræðilegur reikningsstuðull byggður á 4,5% afvöxtun. Taflan á fskj. 5 sýnir stuðulinn m.v. 6% afvöxtun. Töflurnar eru byggðar á tryggingafræðilegum stuðlum um tekjur fram á níræðis aldur, sbr. nánar hér á eftir. Sýnd eru áhrif nokkurra frádráttarkosta vegna skatthagræðis og eingreiðslu á tryggingafræðilega stuðulinn (dálkar 3-7). Í

töflunum er leitast við að sýna tryggingafræðilega stuðulinn í samanburði við reiknistuðul skaðabótalaganna (dálkur 9) og tillöguna í fyrra áliti okkar (dálkur 8).

Tryggingafræðilegur reikningsstuðull m.v. 4,5% afvöxtun (úrdráttur úr fskj. 4)

1	2	3	4	5	6	7	8	9
Aldur	Óskert	Skert um 40,0%	Skert um 35,0%	Skert um 33,3%	Skert um 30,0%	Skert um 25,0%	Stuðull 10,0	Stuðull 7,5
17	19,428	11,657	12,628	12,958	13,600	14,571	10,000	7,500
25	18,338	11,003	11,920	12,231	12,837	13,754	10,000	7,500
40	15,185	9,111	9,870	10,128	10,630	11,389	8,500	6,375
50	11,991	7,195	7,794	7,998	8,394	8,993	7,000	5,250
60	7,818	4,691	5,082	5,215	5,473	5,864	4,000	3,000
70	3,620	2,172	2,353	2,415	2,534	2,715	0,000	0,000
83	0,500	0,300	0,325	0,334	0,350	0,375	0,000	0,000

Tryggingafræðilegur reikningsstuðull m.v. 6,0% afvöxtun (úrdráttur úr fskj. 5)

1	2	3	4	5	6	7	8	9
Aldur	Óskert	Skert um 40,0%	Skert um 35,0%	Skert um 33,3%	Skert um 30,0%	Skert um 25,0%	Stuðull 10,0	Stuðull 7,5
17	15,688	9,413	10,197	10,464	10,982	11,766	10,000	7,500
25	15,070	9,042	9,796	10,052	10,549	11,303	10,000	7,500
40	13,029	7,817	8,469	8,690	9,120	9,772	8,500	6,375
50	10,669	6,401	6,935	7,116	7,468	8,002	7,000	5,250
60	7,246	4,348	4,710	4,833	5,072	5,435	4,000	3,000
70	3,483	2,090	2,264	2,323	2,438	2,612	0,000	0,000
83	0,500	0,300	0,325	0,334	0,350	0,375	0,000	0,000

Til frekari skýringa skal þetta tekið fram:

a) Þessar töflur sýna í dálkum nr. 3-7 hver margfeldisstuðull 6. gr. laganna þyrfti að vera til að mæla fullar bætur til tjónþola. Í töflunum er miðað við fimm möguleika á frádrætti vegna skatt- og eingreiðsluhagræðis til að ná fram samanburði við eldra bótakerfi. Þeir frádráttarkostir liggja á bilinu 25-40%. Í þessum töflum hefur ekki verið tekið tillit til aldursleiðréttingar á tekjuviðmiðun, sbr. síðar.

b) Með þessum hætti er sýnt nákvæmar en áður, að í raun þarf stuðullinn að breytast til lækkunar ár frá ári með hækkandi aldri til að fá fram meiri nákvæmni en 9. grein laganna gerir til að ákvarða lækkandi bætur fyrir varanlega örorku með hækkandi aldri. Alveg er ljóst, að sú aðferð laganna að mæla 25 ára gömlum manni jafnháar bætur og 17 ára gömlum manni er ekki nákvæm, enda er í fyrra tilvikinu um að ræða færri ólifuð tekjuár, sem þarf að bæta, en í síðara tilvikinu.

Jafnframt er þess að gæta, að í mörgum tilvikum mun tekjugrundvöllur svo ungs tjónþola, hvort sem litið er til síðasta árs fyrir slys eða síðustu þriggja ára, ekki gefa rétta mynd af þeim meðalárstekjum, sem vænta má að hann hefði náð síðar á starfsævinni. Um þetta vísast til umfjöllunar um 7. gr. laganna.

c) Ef litið er til dálks nr. 5 í fyrra dæminu að framan kemur í ljós, að margfeldisstuðullinn þyrfti að vera 12,96 fyrir 17 ára gamlan tjónþola, 12,23 fyrir 25 ára tjónþola o.s.frv. í stað 7,5 í báðum tilvikum. Fyrir 50 ára gamlan tjónþola yrði stuðullinn í þessu tilviki 8,00 í stað 5,25 samkvæmt gildandi skaðabótalögum, en þá hefur stuðull þeirra verið lækkaður vegna hærri aldurs skv. ákvæðum 9. gr.

d) Ef litið er til síðara dæmisins, sem byggist á 6% afvöxtunarforsendu sést með sama hætti, að stuðullinn 10,47 hefði gilt fyrir 17 ára tjónþola, 10,05 fyrir 25 ára o.s.frv. Mat okkar á síðasta ári var, að stuðullinn þyrfti að hækka í 10,0.

e) Í töflunum er tilgreint með hve margföldum árslaunum (sbr. 7. gr.) þyrfti að bæta framtíðartekjutapið. Við lægra örorkustig en 100% (fjárhagsleg örorka) yrðu þessar tölur í hlutfalli við það.

f) Til frekari skýringar á nýjum margfeldisstuðli tökum við fram að notuð er sambærileg tafla og þær sem tryggingafræðingar hafa notað við útreikninga sína við mat á framtíðartekjumissi tjónþola. Grundvöllur töflunnar er tryggingafræðileg tafla sem Bjarni Guðmundsson, tryggingafræðingur gerði að beiðni okkar. Taflan er miðuð við 4,5% ávöxtun framtíðartekna. Notaðar eru dánar- og ævilengdartöflur áranna 1986-1990 og örorkulíkur líklega skv. sænskum reynslutölum (sjá nánar fskj. 3.1). Er þessi tafla sömu gerðar og töflur sem tryggingafræðingar nota við útreikninga sína á framtíðartekjumissi, en þó er hér það nýmæli, að enginn greinarmunur er gerður eftir kynferði eins og hefðbundið hefur verið að gera í slíkum töflum fram til þessa.

Ákvörðun bóta fyrir tekjumissi framtíðarinnar hefur fram að gildistöku laganna farið þannig fram að tryggingafræðingar hafa reiknað núvirði höfuðstóls tekjumissisins.

Við ákvörðun á verðmæti tekjumissisins reikna tryggingafræðingarnir með áætlaðri ávöxtun höfuðstólsins í þeirri framtíð sem honum er ætlað að endast, lífslíkum þeirra manna almennt sem eru jafnaldrar hlutaðeigandi og einnig starfslíkum, það er hve lengi og að hvaða marki þeir eigi almennt eftir að hafa atvinnutekjur.

Ávöxtunarþátturinn í ákvörðun höfuðstólsins er reikningsdæmi. Reiknaður er út sá höfðustóll sem með framtíðarvöxtum nægir til þess að standa undir greiðslu tekjuskerðingarinnar á hugsuðum launagreiðsludögum.

Lífslíkindaþátturinn lýsir því hve margir af tilteknum aldurshópi sé sennilegt að lifi til næsta árs eða ónákvæmar sagt hve mörg ár menn á tilteknum aldri eigi að meðaltali eftir ólifuð. Líkindi þessi eru metin eftir aldri þeirra sem létust á nokkrum nýliðnum árum.

Starfslíkindaþátturinn mælir hve margir af tilteknum aldurshópi afli atvinnutekna og þá að hve miklu leyti. Til dæmis hve margir séu öryrkjar eða hættir störfum að einhverju eða öllu leyti vegna aldurs eða af öðrum orsökum. Þáttur þessi er metinn eftir reynslutölum.

Það á við um hvorutveggja, lífslíkurnar og starfslíkurnar, að tryggingafræðingar gera töflur um þessi atriði fyrir hvort kynið um sig.

Úr þessum 3 þáttum um ávöxtun, lífslíkur og starfslíkur gera tryggingafræðingar, sér til hægari verka, töflur sem þeir notast við þegar þeir reikna út tjón vegna varanlegrar örorku.

Ítrekað skal að tillögur okkar eru byggðar á töflu sem gerð er fyrir heildina og ekki er skipt eftir kynferði.

Tillaga okkar er í fyrsta lagi sú að hverfa frá þeirri tilhögun laganna að hafa einn og sama margföldunarstuðulinn, sem háður sé breytingum frá 26 ára aldri skv. ákvæðum 9. gr. Í stað þess komi samfelldur margfeldisstuðull fyrir alla starfsævina, lækkandi með hækkandi aldri. Þannig verði ákvæði, hliðstæð lækkunarákvæðum 9. greinar, felld inn í stuðul 6. gr. laganna. Með þessu teljum við að náist fram hvort tveggja í senn: Réttlátari niðurstaða um bætur fyrir fjárhagslegt tjón og jafnframt, að ekki sé fórnað þeirri einföldun bótaákvarðana, sem fólst í setningu laganna.

Að öllu athuguðu teljum við eðlilegt, að margfeldisstuðullinn verði ákveðinn miðað við að skerðing vegna skatthagræðis og eingreiðslu verði 33,3%. Þessi tillaga er m.a. byggð á því að vaxtatekjur verði skattfrjálsar hjá bótaþega til framtíðar með sama hætti og verið hefur. Er þetta í samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar frá 30. mars sl., þar sem segir að engin örugg vitneskja liggi fyrir um skattlagningu fjármagnstekna og því séu ekki skilyrði til þess að taka áhrif slíkrar hugsanlegrar ákvörðunar inn í niðurstöðuna. Verði tekin ákvörðun um skattlagningu vaxtatekna, þannig að vaxtatekjur af höfuðstól bóta fyrir varanlega örorku verði skattlagðar, raskast forsendurnar sem tillaga okkar miðast við.

Samkvæmt þessu yrði byggt á þeim tölum, sem fram koma í 5. dálki í töflu á fskj. 4. Að okkar mati er með þessari tillögu a.m.k. nægjanlegt tillit tekið til þessa atriðis með hliðsjón af dómvenju síðustu ára og mánaða. Um það vísum við jafnframt til fyrra álits okkar og dóma Hæstaréttar frá 30. mars, 6. apríl og 5. október sl. Frádráttarprósentan er það há, að hún nægir væntanlega jafnframt til að mæta nokkuð hærri miska- og þjáningabótum, sem yngra bótakerfi mælir tjónþolum en hið eldra. Um þann mun vísum við einnig til fyrra álits okkar.

Önnur tillaga okkar til breytinga tengist því, að samkvæmt skaðabótalögum eru tjónþolum einungis ætlaðar bætur til 70 ára aldurs nema í undantekningatilvikum, sbr. 2. mgr. 9. gr. Fram að gildistöku laganna hafa bætur hins vegar jafnan verið ákveðnar samkvæmt töflum tryggingafræðinga, þar sem gert er ráð fyrir einhverri tekjuöflun fram yfir áttræðisaldur. Töflur þessar eru byggðar á meðaltalsreynslu um lífs- og starfslíkur og hinn árlegi fjárhagslegi skaði því

metinn lægri með hækkandi aldri. Fyrir mann, sem slasast á miðjum aldri, getur þessi breyting hinna nýju laga augljóslega numið nokkrum fjárhæðum til lækkunar, sbr. til skýringar dálk 2 í fskj. 3.2. Mestu munar þetta fyrir mann, sem slasast 69 ára gamall og á samkvæmt eldri reikningsaðferðum óbætt 3,95 árslaun. Sá hinn sami fær hins vegar aðeins 0,92 árslaun bætt í nýju bótakerfi. Þá á að vísu í báðum tilvikum eftir að taka tillit til skattafrádráttar. Fyrir 50 ára gamlan mann verða bætur nálægt 5% lægri ef tekjutap eftir sjötugt er ekki bætt. Fyrir 17 ára gamlan tjónþola munar þetta hins vegar litlu, þ.e. innan við 1%.

Við sjáum ekki tilefni til að hverfa frá hinum hefðbundnu uppgjörsaðferðum að þessu leyti, svo sem gert var með lögunum. Við leggjum því til, að þær verði teknar upp að nýju. Slík ákvörðun bryti heldur ekki á nokkurn hátt gegn þeim markmiðum, sem að var stefnt með setningu laganna. Í fskj. 4 og 5 er byggt á þessum tryggingafræðilegu hefðum.

Á því skal þó vakin athygli að víðast í nálægum löndum er við útreikning framtíðartekjutjóns vegna örorku ekki reiknað með að bæta atvinnutekjutjón eftir tiltekinn aldur. Er þá miðað við 65 til 70 ár. Þá er og á það að líta að lífeyrisgreiðslur almannatrygginga frá 67 ára aldri eru tekjutengdar. Eingreiðsla örorkubóta, einhvern tíma á starfsævinni, hefur ekki áhrif á þessar lífeyrisgreiðslur. Má leiða að því viss rök að tillaga okkar í þessu efni geti leitt til tvígreiðslu í slíkum tilvikum. Tillaga okkar er gerð þrátt fyrir þessi mótrök.

Þriðja efnisatriðið í tillögum okkar um breytingar á 6. gr. laganna leiðir af þeirri staðreynd að launatekjur manna dreifast ójafnt yfir starfsævina. Tekjur manna eru að jafnaði hæstar um miðbik starfsævinnar en lækka síðan nokkuð fram að starfslokum. Tekjur ungra manna eru sjaldnast eðlilegur grundvöllur fyrir áætlun um ævitekjur þeirra. Sést þetta vel af töflum um aldursfylgni atvinnutekna í fylgiskjölum 6.1 - 6.4. Við útreikning á framtíðartekjumissi, er ekki eðlilegt að byggja á tekjureynslu liðinna ára, án þess að taka tillit til þess, að almennt eru menn að vinna sig upp í tekjum fyrstu árin, sem þeir eru á vinnumarkaðnum. Samkvæmt því göngum við út frá 30% álagi á tekjur þess, sem slasast 17 ára. Það álag stiglækkar fram til loka 29. aldursárs. Á sama hátt þarf að taka tillit til þess að líkur eru fyrir lækkandi tekjum á síðari hluta starfsævi. Hefur álagið á tekjur fram til 30 ára aldurs og skerðing eftir það aldursmark verið reiknað inn í töfluna. Tafla á fskj. 7 sýnir breytingu á töflu á fskj. 4 miðað við þessar forsendur

Á fylgiskjali 7 er sýnt hvernig stuðull lagafrumvarpsins er reiknaður út frá tryggingafræðitöflunni á fskj. 3.2 með því að umreikna hana með launaleiðréttingarstuðlum vegna aldurs og með því að reikna inn í stuðulinn áhrif afvöxtunar bóta til barna að 17 ára aldri og skerðingar vegna skatta- og eingreiðsluhagræðis. Ástæða er til þess að vekja sérstaka athygli á fylgiskjali 7. Þar er að finna á einum stað tryggingafræðilega stuðulinn sem gengið er út frá í lagafrumvarpinu og þá reikningsþætti sem notaðir eru við umreikning hans yfir í stuðul lagafrumvarpsins.

Á fylgiskjali 8.1 er sýndur samanburður á stuðli þessa lagafrumvarps og margföldunarstuðli gildandi laga. Í dálki 4 má sjá þá hlutfallslegu hækkun stuðulsins sem við leggjum til.

Á fylgiskjali 8.2 eru bornir saman "hreinn afvöxtunarstuðull" og tryggingafræðilegi stuðullinn. Mismunur stuðlanna stafar af örorku- og dánarlíkum í hverjum aldurshópi. Af skjalinu má t.d. sjá að 25 ára tjónþoli fær bætt ca. 85% af raunverulegu tjóni, ef miðað er við að hann hefði ella lifað til 83 ára aldurs án þess að verða fyrir örorku.

Á fylgiskjali 8.3 sést í dálki 3, með því að lesa hann niður frá upphafsári bóta, hvaða upphæð, sem mæld er eftir örorkustigi og viðmiðunarlaunum, megi taka á hverju ári af höfuðstól bótanna, svo að höfuðstóllinn endist til 83 ára aldurs. Í dálki 4 kemur fram, miðað við sömu forsendur, hverjar jafnar árlegar greiðslur megi taka svo höfuðstóllinn endist til 83 ára aldurs.

7. gr.

"Árslaun teljast vera heildarvinnutekjur tjónþola á næstliðnu ári fyrir þann dag er tjón varð.
Árslaun skulu þó metin sérstaklega þegar óvenjulegar aðstæður eru fyrir hendi. t.d. breytingar á tekjum eða atvinnuhögum.
Ekki skal miða við hærri árslaun en 4.500.000 kr."

Ákvæði 1. mgr. um tekjur á "jafnlengdarári", þ.e. tekjur á síðustu 12 mánuðum fyrir þann dag, er tjón varð, hefur verið gagnrýnt.[8] Þessi viðmiðun er til þess fallin að valda erfiðleikum í framkvæmd. Að jafnaði liggja tekjur manna skýrast fyrir miðað við almanaksár,

[8] Jón Erlingur Þorláksson, tilvitnað rit bls. 45.

þ.e. á skattframtölum. Ákvörðun "jafnlengdarárstekna" krefst hins vegar sérstakrar athugunar, þar sem tímasetja þarf tekjur nákvæmlega innan ársins. Slikt er oft háð erfiðleikum og óvissu, auk þess sem þessi aðferð gefur möguleika á vissri misnotkun.

Við leggjum til að snúið verði til fyrri framkvæmdarvenju um að tekjurnar miðist við almanaksár og miðað verði við meðaltal þriggja síðustu ára fyrir slys. Þær verði síðan færðar upp til verðlags þess dags er tjónþola er metin varanleg örorka. Þetta er sama tímamark og miða er við í tillögum okkar að 1. mgr. 6.gr. Af þessu leiðir að vísitöluleiðréttingin í lokamálslið 2. mgr. 15. gr. laganna á ekki lengur við og fellur burt. Til að taka af tvímæli verði jafnframt kveðið beinlínis á um, að til "heildarvinnutekna" skuli m.a. bæði telja framlag vinnuveitanda og launþega til lífeyrissjóðs.

Viðmiðun við síðustu þrjú tekjuár er að jafnaði eðlileg þegar um er að ræða mann í launuðu starfi. Launatekjur liðinna ára eru oftast góð vísbending um launatekjur komandi ára. Þetta á þó ekki næstum alltaf við. Hjá ungu fólki, sem er að hefja starfsferil sinn, eru líkur fyrir hækkandi launum. Hjá fullorðnu fólki, sem nálgast lok starfsævinnar, eru líkur fyrir lækkandi launum. Til þessara þátta er tekið tillit í margfeldisstuðli 6. gr., sbr. dálk 3 í fskj. 7. Launatekjur liðinna ára eru hins vegar ekki góður mælikvarði ef breytingar voru orðnar á högum tjónþola þegar slys varð eða þegar fullyrða má að slíkar breytingar standi fyrir dyrum. Má nefna sem dæmi að tjónþoli hafi skipt um starf þannig að breyting hafi orðið á tekjum eða látið af starfi og hafið töku lífeyris. Í slíkum tilvikum er eðlilegra að ákveða viðmiðunarlaunin miðað við nýjar aðstæður. Á sama hátt yrði tekjuviðmiðun námsmanns, sem væri að ljúka starfsréttindanámi, eðlilegust miðað við það starf, sbr. síðar í umfjöllun okkar um 8. gr. Við gerum tillögu um að 2. mgr. 7. gr. verði rýmkuð þannig að mati verði beitt í þeim tilvikum þegar viðmiðun við síðustu þrjú tekjuár fyrir slys þykir af einhverjum ástæðum ekki réttmæt.

Í 4. mgr. 7. gr. er ákvæði þess efnis, að ekki skuli miða við hærri árslaun en 4,5 millj. kr. Þeirri gagnrýni hefur verið hreyft, að þetta ákvæði valdi því að fullar bætur fáist ekki í tilviki tekjuhás tjónþola. Reglan feli í sér frávik frá grundvallarreglu, sem ekki sé eðlilegt að víkja frá.

Ekki er að finna sérstaka skýringu á þessu ákvæði í frumvarpi til laganna. Ætla má að rökin geti falist í því að ýmsir þeir, sem svo hárra tekna njóta hafi þær einungis tímabundið. Er

líði á starfsævina færist tekjur manna yfirleitt nær meðallaunum. Sem dæmi skal hér bent á sjómenn. Að þessu virtu gerum við ekki tillögu um breytingu hér á.

Þá leggjum við til, að sú breyting verði gerð á 7. gr., sbr. 3. mgr. frumvarpsdraganna, að auk hámarkslaunaviðmiðunar verði tekin upp í greinina lágmarkslaunaviðmiðun, sem miðist við 1.400.000 krónur á ári eða 116.667 krónur á mánuði allt að 67 ára aldri. Lágmarkslaunaviðmiðunin lækki um 100.000 krónur fyrir hvert aldursár umfram 66 þar til 600.000 króna viðmiðunarlaunum er náð, en lækki ekki eftir það. Við ákvörðun lokafjárhæðarinnar hefur m.a. verið litið til fjárhæða sem tryggingafræðingar hafa haft til viðmiðunar við útreikning á tjóni vegna heimilisstarfa. Framangreindar fjárhæðir miðast við verðlag 1. júlí 1993.

Um nánari skýringar á þessu vísast til umfjöllunar hér á eftir um 8. gr., þar sem fjallað verður um tölulegar forsendur og tengsl þeirrar greinar annars vegar og 6. gr. hins vegar.

8. gr.

"Bætur til barna og tjónþola, sem að verulegu leyti nýta vinnugetu sína þannig að þeir hafa engar eða takmarkaðar vinnutekjur, skal ákvarða á grundvelli miskastigs skv. 4. gr. Bætur skulu ákveðnar sem hundraðshluti af bótum fyrir varanlegan miska eftir reglum 1.-4. málsl. 1. mgr. 4. gr.

Þegar miskastig er minna en 15% greiðast engar örorkubætur. Þegar miskastig er 15%, 18% eða 20% skulu örorkubætur vera 130%, 135% eða 140% af bótum fyrir varanlegan miska.

Þegar miskastig er 25% eru örorkubætur 150% af bótum fyrir varanlegan miska. Þegar miskastig er 30%, 35%, 40%, 45% eða 50% skulu örorkubætur vera 160%, 170%, 180%, 190% eða 200% af bótum fyrir varanlegan miska.

Þegar miskastig er 55% eru örorkubætur 225% af bótum fyrir varanlegan miska. Þegar miskastig er 60%, 65%, 70%, 75%, 80% eða 85% skulu örorkubætur vera 250%, 275%, 300%, 325%, 350% eða 375% af bótum fyrir varanlegan miska. Þegar miskastig er 90%, 95% eða 100% skulu örorkubætur vera 400% af bótum fyrir varanlegan miska."

Hörð gagnrýni hefur komið fram á efni þessrar greinar og tengsl hennar við 6. gr. laganna. Bent hefur verið á mismunun milli tjónþola eftir því undir hvora greinina þeir falli.[9] Að auki sé oft vafasamt, í hvorn dilkinn skuli draga einstaka tjónþola. Áður en gerð er nánari grein fyrir þessari gagnrýni þykir rétt að lýsa stuttlega meginefni 8. gr.

---

[9] Dr. jur. Bo von Eyben, tilvitnuð grein bls. 101. Jón Erlingur Þorláksson, tilvitnað rit bls. 43–44.

Undir greinina falla að meginstefnu til þeir, sem engar eða óverulegar vinnutekjur hafa. Í greininni er sérstaklega getið um börn, án þess að nánar sé tilgreint til hvaða aldurs það nái. Auk þeirra munu stærstu hóparnir, sem greinin tekur til, vera heimavinnandi húsmæður og námsmenn.

Bætur til þeirra, sem falla undir greinina eru ekki byggðar á mati á fjárhagslegri örorku, heldur eru bótaupphæðir leiddar af hinni hefðbundnu læknisfræðilegu örorku. Þannig er fjártjón vegna varanlegrar örorku bætt á grundvelli miskastigs skv. 4. gr. Þegar miski er minni en 15% greiðast engar fjártjónsbætur, en síðan stighækkandi með hækkandi miskastigi. Hámarksbætur til þess, sem hlýtur 100% örorku verða 16 millj. kr. á verðlagi 1. júlí 1993. Sé sú fjárhæð yfirfærð á stuðulinn 7,5 í 6. gr. fyrir 25 ára tjónþola samsvarar hún u.þ.b. 2,1 millj. kr. í árslaun eða 178 þús. kr. í mánaðarlaun. Sé hins vegar litið á þetta í ljósi tryggingafræðilegra taflna miðað við 6% afvöxtun og 33,3% skerðingu (sbr. dálk 5 í fskj. 5) má líta á þetta sem samsvarandi 1.600.000 króna árslauna eða 133 þús. kr. mánaðarlauna. Ekki verður ráðið með óyggjandi vissu af lögskýringagögnum, hvaða mánaðarlaun og framtíðarávöxtunarprósentu löggjafinn hafði í huga varðandi þessa tjónþola við ákvörðun 16 millj. kr. hámarksbótanna. Hafi verið gengið út frá 6% ávöxtun leiðir af hinni breyttu forsendu um 4,5% og óbreyttum árslaunum (1.600.000 áður en skatthagræði hefur verið dregið frá), að jafngildi þessara 16 millj. kr. sé nálægt 19,5 millj. kr. nú eins og lesið verður úr hlutfallstölu 25 ára í 4. dálki fylgiskjals 3.2.

Gagnrýni á efni 8. gr. er ýmiss konar. Skipting tjónþola í tvær fylkingar, eins og gert er í 6. og 8. gr. skaðabótalaganna, veldur óhjákvæmilega misræmi og afmörkunarvanda. Notkun læknisfræðilegs örorkumats í 8. gr. en fjárhagslegs örorkumats í 6. gr. getur leitt til óeðlilegrar niðurstöðu. Niðurfelling bótaréttar við lægra miskastig en 15% hefur verið umdeild. Þá hefur það ekki síst verið gagnrýnt, að bætur skv. 8. gr. séu það háar, að launafólki, sem fái bætur skv. 6. gr., beri iðulega mun lægri bætur heldur en hinum, sem ekki vinna fyrir tekjum og falla því undir 8. gr. Þannig kunni húsmóðir, sem einungis vinnur á heimili, að fá hærri bætur en húsmóðir, sem auk heimilisstarfa sinna, hefur stundað launað starf utan heimilis.

Hér að framan í umfjöllun um 5. gr. höfum við lýst því, að gagnrýni á notkun hins nýja fjárhagslega örorkumats gefi okkur ekki tilefni til að leggja til breytingar þar á. Á það skal

minnt, að eitt helsta markmið lagasetningarinnar var að taka upp fjárhagslegt örorkumat til þess að bætur yrðu ákveðnar í meira samræmi við raunverulegt einstaklingsbundið fjártjón heldur en hið læknisfræðilega örorkumat gefur kost á. Því markmiði var hins vegar ekki framfylgt nema að hluta, því enn er miðað við læknisfræðilegt örorkumat gagnvart hinum tekjulausu. Þetta veldur misvægi í bótarétti samkvæmt lögunum í hag þeim, sem 8. gr. tekur til.

Jón Erlingur Þorláksson tekur dæmi[10] af tveimur konum sem verða fyrir slysi og hljóta 100% örorku. Önnur er húsmóðir en hin útivinnandi með 1.000.000 kr. tekjur á ári. Lögin færa hinni fyrrnefndu 20 millj. kr. í heildarbætur en þeirri síðari 11,5 millj. kr.

Það er óeðlileg niðurstaða að tekjur sem maður aflar geti orðið til þess að lækka bætur sem honum hefðu ella borið. Í ljósi þessa teljum við nauðsynlegt að samræma og fella saman, að því marki sem kostur er, reglur lagagreinanna tveggja með það fyrir augum að draga úr misræmi bóta. Tekið skal þó fram, að slík samræming getur ekki orðið með þeim einfalda hætti að hækka einungis bætur til þeirra, sem falla undir 6. gr., heldur hlýtur hún jafnframt að leiða til þess, að bætur geti lækkað til þeirra, sem falla undir 8. gr. Með öðru móti teljum við tormerki á að varðveita megi það meginmarkmið, að einungis raunverulegt fjártjón sé bætt.

Í samræmi við þetta gerum við eins og áður er getið í fyrsta lagi þá tillögu, að í 7. gr. verði tekin inn lágmarksárslaun sem viðmiðun við ákvörðun bóta og verði þau kr. 1.400.000 miðað við grunnvísitölu skaðabótalaganna. Þessi fjárhæð er nokkru lægri en sú fjárhæð sem að framan var leidd af bótaupphæðum núgildandi 8. gr., þar sem við höfum reiknað okkur til um samsvörun þeirra bóta til mánaðar- og árslauna. Fjárhæðin svarar nánast til meðallauna landverkafólks innan ASÍ eins og sést af töflu á fskj. 9.

Í annan stað leggjum við til, að tekið verði upp fjárhagslegt örorkumat gagnvart hinum tekjulausu, sem 8. gr. tekur til í stað hins læknisfræðilega örorkumats. Verði 8. gr. breytt í samræmi við það. Falli þar með niður 15% stýfingin sem nú er í greininni. Þannig verði í öllum tilvikum gengið út frá fjárhagslegu örorkumati, þótt slíkt mat hljóti eðli máls samkvæmt að byggjast á nokkuð öðrum og veikari forsendum hjá hinum tekjulausu en þeim, sem 6. gr. tekur til.

---

[10] Jón Erlingur Þorláksson, tilvitnað rit bls. 44.

Ef litið er til athugasemda, sem fylgdu frumvarpi til skaðabótalaga má sjá skilgreiningu á þeim atriðum, sem ráða skulu við ákvörðun hins fjárhagslega örorkumats. Vísast einkum til athugasemda með 5. gr. frumvarpsins. Þar segir m.a.:

> "Það sem ræður úrslitum við ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku samkvæmt þessari grein er hvort tjónþoli tapar tekjum til frambúðar.
>
> Í 2. mgr. segir í almennum orðum við hvað eigi að miða þegar tjón vegna varanlegrar örorku er metið. Annars vegar verður að meta hvaða atvinnutækifæri tjónþoli hefði átt ef hann hefði ekki orðið fyrir tjóni og hins vegar atvinnutækifæri eftir líkamstjón. Í því skyni verður hverju sinni að afla upplýsinga um atvinnu hans og tekjur fyrir og eftir tjónsatvik. Að því er varðar atvinnutækifæri eftir það skal vakin athygli á því að í 2. mgr. er berum orðum vikið að því að líta skuli til þess hvort ætla megi að tjónþoli eigi kost á vinnu sem sanngjarnt er að ætlast til að hann starfi við. Við slíkt sanngirnismat koma einkum til álita andlegir og líkamlegir hæfileikar tjónþola, verkkunnátta hans, menntun og aldur" (undirstrikanir okkar).

Af ofangreindu má ráða að áherslan hvíli á atvinnutækifærum annars vegar fyrir slys og hins vegar eftir slys. Í því skyni skuli líta til þeirra þátta, sem í framhaldinu greinir. Ljóst er að sum þeirra hliðsjónaratriða, sem þar eru nefnd, s.s. tekjur fyrir og eftir slys, geta ekki átt við um flesta þá, sem 8. gr. tekur til. Þrátt fyrir það teljum við, að forsendur séu til þess að fram geti farið fjárhagslegt örorkumat gagnvart 8. greinar einstaklingum með mismun á atvinnutækifærum fyrir og eftir slys sem mælikvarða. Við mat á atvinnutækifærum fyrir og eftir slys yrði m.a. að líta til starfshæfni og starfa viðkomandi tjónþola fyrr á ævinni, menntunar hans og starfsréttinda með það fyrir augum að ákvarða, að hvaða marki þessir möguleikar hafi raskast. Við það mat yrði gengið út frá andlegu og líkamlegu heilsufari viðkomandi tjónþola, eins og það var fyrir slys, svo og aldri hans.

Ýmist má ætla að tjón geti valdið vanhæfni til þess að gegna ákveðnum störfum eða almennt minnkaðri getu til þess að sinna að fullu starfi sem viðkomandi þó ræður við. Taka má sem dæmi skurðlækni, líkamlegur áverki getur valdið því að hann verði að hætta sem skurðlæknir og verði þá að snúa sér að öðru starfi. Annar áverki getur valdið því að skurðlæknirinn þurfi að stytta vinnudag sinn þótt hann geti áfram sinnt starfinu. Í báðum tilvikum þarf að meta fjárhagslega örorku hins slasaða til örorkustiga skv. 3. mgr. 5. gr. laganna.

Í tilviki heimavinnandi einstaklings yrði almennt að meta skert hæfi til tekjuöflunar utan heimilis samkvæmt þeim viðmiðunum, sem að framan greinir. Ekki er þó unnt að útiloka, að örorka til heimilisstarfa geti orðið afleiðing slyss, þótt hún yrði ekki talin þess eðlis, að af henni

leiði skerta eða jafn skerta möguleika til tekjuöflunar utan heimilis. Sem dæmi má nefna hreyfihömlun af tilteknu tagi. Við þær aðstæður yrði að meta viðkomandi einstaklingi fjárhagslega örorku vegna minnkaðrar getu til heimilisstarfa. Hún yrði þá bætt á grundvelli lágmarkstekjuviðmiðunar 7. gr. laganna.

Í tilviki námsmanns yrði almennt að líta til mismunar á atvinnutækifærum fyrir og eftir slys. Við þær aðstæður að námslok tengd starfsferli eða starfsréttindum megi teljast fyrirsjáanleg yrðu þó metnir möguleikar námsmannsins til þess að gegna því starfi sem hann stefndi að með menntun sinni. Þetta á við hvort heldur slys valdi því að hann verði að hætta námi eða slys dragi úr starfsgetu í fyrirhuguðu starfi. Tekjuviðmiðun í slíku tilviki færi eftir sérreglunni í 2. mgr. 7. gr., svo sem við leggjum til að henni verið breytt.

Varðandi atvinnulausan mann er þess sérstaklega að geta, að þótt hann falli undir 8. gr. getur tekjuviðmiðun fyrir slys átt við um hann, a.m.k. að einhverju leyti. Sérstaklega getur það átt við í ljósi tillagna okkar um breytingu á 7. gr. um þriggja ára tekjuviðmiðun fyrir slys í stað eins árs í gildandi lögum.

Sérstaklega ber að geta þess, að börn falla undir 8. gr. Mat á fjárhagslegri örorku barns verður að fara eftir stöðluðum reglum, þar eð vart eru tiltækar efnislegar viðmiðanir í hinum einstöku tilvikum. Hér er lagt til grundvallar, að 8. gr. taki til fullnaðs 16 ára aldurs og að börnum verði bættar tekjur frá 17 ára aldri. Með því að tekjur séu aðeins bættar frá því aldursmarki er gert ráð fyrir, að úrskurðaðar bætur til barna ávaxtist óskertar með 4,5% ársvöxtum frá útborgunardegi til 17 ára aldurs. Barnið fær bætur þannig skertar, og þar með er lagt á það sjálft, eða forráðamenn þess, að ávaxta bæturnar á umræddu æviskeiði. Er þetta innifalið í töflu 6. greinar. Athygli skal vakin á því að þetta atriði eitt og sér veldur umtalsverðri skerðingu bóta fyrir yngri börn samanborið við gildandi lög. Launaviðmiðun barna yngri en 17 ára yrðu lágmarkslaun skv. 3. mgr. 7. gr. að viðbættum 30%, þ.e. kr. 1.820.000 á ári. Sú launaviðmiðun er ekki fjarri meðalatvinnutekjum í þjóðfélaginu fyrir fullt starf sbr. töflu á fskj. 6.2.

Með þeim efnisreglum, sem að framan greinir, á ekki að skipta máli varðandi fjárhæð bóta, hvort tjónþoli falli undir reglu 7. eða 8. gr. Af þeirri ástæðu teljum við heldur ekki tilefni til

að gera tillögu um ítarlegri reglur en fyrir eru í gildandi lögum um það, undir hvora greinina einstakir tjónþolar falla.

9. gr.

"Ef tjónþoli var 26 ára eða eldri þegar tjón varð lækka örorkubætur skv. 6. og 8. gr. um 1% af bótafjárhæð, sem þar er ákveðin, fyrir hvert aldursár frá 26 til 45, um 2% fyrir hvert aldursár frá 46 til 55 og um 4% fyrir hvert aldursár frá 56 til 70.

Ef ætla má að tjónþoli hefði verið vinnufær og stundað vinnu eftir að hann er orðinn fullra 70 ára að aldri má víkja frá reglu 1. mgr. að nokkru eða öllu."

Efni 9. gr. laganna um lækkun örorkubótafjárhæðar við hærri aldur hefur verið dregið inn í töflu 6. gr. Hið sama gildir um efni 2. mgr.

Í samræmi við það er tillaga okkar sú, að núverandi 9. gr. laganna falli niður, en í stað komi regla um að margfeldisstuðlar 4. og 6. gr. laganna breytist innan ársins til þess að girða fyrir þrep í bótafjárhæðum á afmælisdögum tjónþola. Til skýringar á reglunni má nefna dæmi af manni sem er 30 ára og 50 daga á þeim degi sem varanleg örorka hans er metin. Margföldunarstuðull hans skv. 6. gr. lækkar um 50/365 af mismuninum á margföldunarstuðli 30 ára manns og 31 árs manns.

10. gr.

"Tjónþoli eða sá sem ábyrgð ber á tjóni getur hvor um sig óskað álits um ákvörðun miskastigs og örorkustigs hjá örorkunefnd.

Í örorkunefnd eiga sæti þrír menn sem skipaðir eru af dómsmálaráðherra til sex ára í senn. Skulu tveir nefndarmanna vera læknar, en einn lögfræðingur og er hann formaður nefndarinnar. Formaður skal fullnægja skilyrðum laga til að hljóta skipun í embætti hæstaréttardómara. Ráðherra skipar varamenn eftir sömu reglum og aðalmenn. Um hæfi nefndarmanna til að fara með mál skal fara eftir reglum laga um sérstakt hæfi dómara.

Örorkunefnd skal semja töflur um miskastig.

Ráðherra setur reglugerð um starfsháttu örorkunefndar. Í reglugerðinni skal m.a. vera heimild fyrir nefndina til þess að kveðja lækna og aðra sérfróða menn til starfa í þágu nefndarinnar. Í reglugerð skal og kveða á um gjald fyrir matsgerðir sem nefndin gerir."

Hér að framan höfum við lagt til breytingar á 8.gr. sem eru til þess fallnar að auka verkefni örorkunefndar. Þau viðfangsefni eru samt sem áður þess efnis, að ekki verður af þeim sökum þörf á breytingu á 10. gr. laganna.

Aðeins skal vakin athygli á 4. mgr. 10. gr. um heimild til að kveðja lækna og aðra sérfróða menn til starfa í þágu nefndarinnar. Breytingatillögur okkar að framan geta valdið ríkari þörf en áður á að kveðja "aðra sérfróða menn" til starfa í einstökum málum, s.s. menn kunnuga launamarkaðnum.

16. gr.

"Bætur fyrir þjáningar, varanlegan miska, örorku og missi framfæranda bera vexti frá því að tjón varð. Vextirnir skulu nema 2% á ári, en dómsmálaráðherra getur í samráði við Seðlabanka Íslands breytt vaxtafætinum. Ákvörðun um slíka breytingu skal gilda í a.m.k. tvö ár.
Um dráttarvexti fer eftir reglum vaxtalaga."

Bætur fyrir varanlega örorku skv. 6. gr., eins og við leggjum til að hún verði, miðast við þann dag sem markar upphaf varanlegu örorkunnar, þ.e. það tímamark þegar frekari bata er ekki að vænta sbr. orðalag 5. gr. Eins og tafla 6. gr. er uppbyggð og vegna þess að gert er ráð fyrir að tjón slasaða, fyrir tímabilið frá slysdegi þar til honum er metin varanleg örorka, verði gert upp sérstaklega, bera tjónþola ekki vextir af bótum fyrir varanlega örorku fyrr en frá því tímamarki sem varanleg örorka hans miðast við. Við gerum tillögu um að 16. gr. verði breytt í samræmi við þetta. Upphafstími vaxta af öðrum bótum haldist óbreyttur.

Varðandi ákvörðun vaxtafótar, sem fram kemur í greininni, teljum við rökrétt, að um hann skuli gilda hið sama sem felst í reglum um framtíðarávöxtun bóta og útreikningar 6. gr. byggjast á. Tillaga okkar er sú, að greininni verði breytt til samræmis við það úr 2% í 4,5% ársvexti.

Reykjavík, 10. nóvember 1995

Gestur Jónsson,
hæstaréttarlögmaður

Gunnlaugur Claessen,
hæstaréttardómari

Skrá yfir fylgiskjöl með álitsgerð um skaðabótalög:

Fylgiskjal	
1.1-1.4	Samanburður bótafjárhæða eftir löndum
2.1-2.2	Bréf frá vátryggingafélögum um bótauppgjör skv. reglum skaðabótalaga.
3.1-3.2	Útreikningur tryggingafræðilegra reiknistuðla ásamt greinargerð Bjarna Guðmundssonar, tryggingafræðings.
4	Tafla með tryggingafræðilegum reiknistuðli miðað við 4,5% afvöxtun og mismunandi skerðingarforsendur vegna skatt- og eingreiðsluhagræðis.
5	Tafla með tryggingafræðilegum reiknistuðli miðað við 6,0% afvöxtun og mismunandi skerðingarforsendur vegna skatt- og eingreiðsluhagræðis.
6.1-6.4	Töflur um aldursfylgni atvinnutekna
7	Tafla með forsendum útreiknings reiknistuðuls lagafrumvarpsins.
8.1-8.3	Samanburður á margfeldisstuðli gildandi laga og stuðli lagafrumvarpsins, samanburður á hreinum afvöxtunarstuðli og tryggingafræðilegum stuðli auk útreiknings á árlegu ráðstöfunarhlutfalli.
9	Yfirlit um meðalmánaðarlaun skv. Fréttabréfi kjararannsóknarnefndar.
10	Frumvarpsdrög

Samanburður skaðabóta í löndum ESB og EFTA

Heimild: Personal injury awards in EU and EFTA countries, (second edition)

Endurskoðun skaðabótalaga Fylgiskjal 1.2
CJ/CCL 05.11.1995 Samanburður bótafjárhæða

Samanburður skaðabóta í löndum ESB og EFTA

Ritari, kona, 20 ára, ógift og barnlaus - dánarbætur



Heimild: Personal injury awards in EU and EFTA countries. (second edition)

Endurskoðun skaðabótalaga Fylgiskjal 1.3
GJ/ÓGL 05.11.1995 Samanburður bótafjárhæða

Samanburður skaðabóta í löndum ESB og EFTA

Heimild: Personal injury awards in EU and EFTA countries, (second edition)

Endurskoðun skaðabótalaga Fylgiskjal 1.4
GJ/GÓL 05.11.1995 Samanburður bótafjárhæða

Samanburður skaðabóta í löndum ESB og EFTA



Ritari, kona, 20 ára, ógift og barnlaus - quadriplegia (lömun allra útlima)

Heimild: Personal injury awards in EU and EFTA countries, (second edition)

Endurskoðun skaðabótalaga Fylgiskjal 2.1
Bréf
03.11.1995 GJ/GC/sp Sjóvá-Almennra trygginga hf

SJÓVÁ ALMENNAR

Gestur Jónsson hrl.
Mörkinni 1
Reykjavík.

Reykjavík, 21. ágúst 1995.

Varðar: Bótauppgjör samkvæmt reglum skaðabótalaga.

Vísað er til beiðni yðar um upplýsingar um greiðslu miskabóta samkvæmt skaðabótalögum nr. 50/1993 og þá einkum þjáningabóta samkvæmt 3. gr. laganna.

Tiltölulega fá uppgjör hafa enn farið fram á grundvelli skaðabótalaganna. Vegna beiðni yðar skoðaði ég greiddar miskabætur í uppgerðum málum, þar sem metinn hefur verið varanlegur miski (22 mál). Annars vegar skoðaði ég heildarfjárhæðir miskabóta (HM) og hins vegar fjárhæðir þjáningabóta (Þ).

Í einu þessarra mála var miskastig metið 85%. Þar var heildarfjárhæð miskabóta kr. 3.767.525.- þar af þjáningabætur kr. 243.000.- Í hinum málunum 21 er miskastig á bilinu 5% - 20%. Heildarfjárhæð greiddra miskabóta í þessum málum er samtals tæpar 11 miljónir, þar af þjáningabætur kr. 2.575.000.

Ef reiknað er hlutfall þjáningabóta af heildarmiskabótum í einstökum málum er hlutfallið á bilinu 0 - 47%. Í töflunni hér á eftir eru málin flokkuð, annars vegar eftir miskastigi og hins vegar eftir hlutfalli þjáningabóta af heildarmiskabótum.

Þ/HM / MISKASTIG	0 - 9,9%	10 - 19,9%	20 - 29,9%	30 - 39,9%	40 - 49,9%	FJÖLDI
10% >	2	3	1	1	1	8
10%	1		4	1		6
15%		1	3	1	1	6
20%		1				1
FJÖLDI	3	5	8	3	2	21

Ekkert kemur fram í töflunni um fylgni milli miskastigs og hlutfalls þjáningabóta af heildarmiskabótum (Þ/HM). Kemur sú niðurstaða ekki á óvart þar sem fjárhæð þjáningabóta ræðst að mikilu leyti af eðli áverka og einstaklingsbundnum atriðum, óviðkomandi varanlegum afleiðingum slyss.

Virðingarfyllst,

F.h. Sjóvá-Almennra trygginga hf.

Guðný Björnsdóttir

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. • Aðalskrifstofa/Head Office: Kringlan 5, Reykjavík • Pósthólf/Postal Address: P.O.Box 3200 123 Reykjavík, Iceland • Sími/Tel. +354-569 2200 Bréfasími/Fax +354-581 3718 Kt. 701288-1739

Endurskoðun skaðabótalaga — Fylgiskjal 2.2
Bréf
03.11.1995 GJ/GC/sp — Vátryggingafélags Íslands hf

VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF
Iceland Insurance Company Ltd.

Bótauppgjör samkvæmt skaðabótalögum.								
Hjá V.Í.S. hafa verið gerð upp 49 örorkutjón 23/8'95								
Heildargreiðslur þjáningarbóta kr.3.978.524.-								
Heildargreiðslur fyrir varanlegan miska kr. 16.028.625.-								
Samtals greitt fyrir þjáningarbætur og varanlegan miska kr. 20.007.149.-								
Þj./H.m	0-9,9%	10-19,9%	20-29,9%	30-39,9%	40-49,9%	50-59,9%	60 - 69,9	Fjöldi
Miskastig								
5%	10	3	6		2	1	1	23
7%			1					1
7,50%		1						1
8%	1		1					2
10%	7	2	1	4				14
14%			1					1
15%	1	1	2					4
20%	2							2
25%			1					1
Fjöldi	21	7	13	4	2	1	1	49
			Reykjavík 23. ágúst 1995					
			pr. Vátryggingafélag Íslands h.f					
			Tjónadeild					
			Þórir E. Gunnarsson					

P.O. BOX 8400
IS-128 REYKJAVÍK, ICELAND

ÁRMÚLA 3
TEL.: 354-1-605060
TELEX: 2103 VIS IS
FACSIMILE: 354-1-605100

Endurskoðun skaðabótalaga

Fylgiskjal 3.1
Bréf
Bjarna Guðmundssonar
tryggingastærðfræðings

09.11.1995 GJ/GC/sp

Bjarni Guðmundsson, cand. act.
Kúrlandi 16
108 Reykjavík

07.11.1995

Hr. Gestur Jónsson,
Hr. Gunnlaugur Claessen.

Að beiðni yðar hefi ég gert meðfylgjandi töflu um höfuðstólsverðmæti samfelldrar greiðslu jafnrar fjárhæðar til starfandi einstaklinga (aktívrentu). Fyrir var lagt að nota skyldi nýjustu íslenskar lífslíkur og örorkulíkur skyldu vera í samræmi við þær töflur sem tryggingastærðfræðingar hafa notað hérlendis í örorkumatsútreikningum sínum undanfarin ár en að ekki skyldi greint milli kynja.

Þegar meta skal höfuðstólsverðmæti greiðslu til þeirra einstaklinga sem vinnufærir eru þarf að vera unnt að áætla meðalfjölda þeirra sem vinnufærir verða á hverjum aldri, auk þess að ganga út frá tiltekinni forsendu um vexti. Oft er notast við reiknilíkan þar sem ákveðin eru aldurs- og kynbundin líkindi þess að einstaklingur verði öryrki, einnig líkindi á endurhæfingu og dánarlíkur þeirra sem eru starfandi og þeirra sem eru öryrkjar. (Síðast talda er einungis þörf ef einnig skal meta höfuðstólsverðmæti greiðslna til öryrkja). Athuganir erlendis hafa sýnt að líkindi þess að verða öryrki eru breytileg eftir aldri einstaklings og kyni, og að dánarlíkur öryrkja muni hærri en þeirra sem starfandi eru. Ekki eru til íslenskar athuganir á brotthvarfi úr starfi vegna örorku endurhæfingarlíkum öryrkja og dánarlíkum aðgreint fyrir starfandi og öryrkja og hefur þar sem þörf hefur verið slíkra upplýsinga svo sem við mat á skuldbindingum lífeyrissjóða jafnan verið notast við erlenda reynslu, gjarna danska eða sænska. Oft er til einföldunar gert ráð fyrir sömu dánarlíkum starfandi og öryrkja, og litið framhjá endurhæfingu.

Við athugun á töflum þeim sem tryggingastærðfræðingar hafa mest notað og hér fylgja í afriti, (hér eftir nefnt Tafla B) kemur í ljós að þar er notast við íslenskar dánarlíkur áranna 1976-1980 skv. útgáfu Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga, en þrátt fyrir nokkra eftirgrennslan hefur mér ekki tekist að fá upplýst með óyggjandi hætti hvar þær forsendur um örorkulíkur sem töflurnar byggja á eru upp runnar. Töflur sem notaðar voru af íslenskum tryggingastærðfræðingum fyrr á árum við höfuðstólsútreikninga viðvíkjandi örorkubótum byggðu á sænskum töflum, sem gerðar voru fyrir almannatryggingarkerfi þar í landi og voru unnar á grundvelli reynslu áranna 1921 til 1925. Þykir mér líklegt að í töflu B hafi einnig verið stuðst við sænska reynslu.

Með því að gera ráð fyrir að ekki sé ætlað fyrir endurhæfingu má reikna örorkulíkur úr töflu B, þar sem dánarlíkur eru þekktar. Hefi ég notað þær örorkulíkur sem þannig fást ásamt íslenskum dánarlíkum frá 1986-1990, í útgáfu Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga, við gerð nýrra taflna um höfuðstólsverðmæti. Rétt er að geta að dánarlíkur þessar voru ákveðnar miðað við reynslu hjá þjóðinni almennt árin 1986-1990, en ekki sérstaklega fyrir starfandi. Reiknað er miðað við forsendu um ársvexti 4,5% og 6,0%. (Tafla A1 og A2). Gert var ráð fyrir að á fimmtán ára aldri séu konur og karlar jafnfjölmenn, og hvor hópur reiknaður fyrir sig samkvæmt áðurgreindum forsendum, og síðan lagt saman til að fá niðurstöðu þar sem ekki er greint milli kynja.

Mikilvægt er að hafa í huga að þær tölur sem settar eru fram í töflunum eru niðurstöður reiknilíkans sem byggir á tilteknum forsendum. Sé ætlunin að nota slíkar niðurstöður til að draga ályktanir um raunverulegar aðstæður hvílir á notendum slíkra niðurstaðna sú ábyrgð að ganga úr skugga um að aðstæður víki ekki svo frá forsendum reiknilíkansins að óvarlegt eða beinlínis rangt sé að yfirfæra niðurstöður þess á þær kringumstæður sem til skoðunar eru. Auk þess er um að ræða niðurstöðu sem er meðaltal í tölfræðilegu líkani, og þó forsendur séu uppfylltar má alltaf búast við frávikum frá slíku meðaltali þegar til skoðunar er takmarkaður hópur.

Bjarni Guðmundsson,
tryggingastærðfræðingur

Endurskoðun skaðabótalaga — Fylgiskjal 3.2
Tryggingafræðilegir stuðlar
09.11.1995 GJ/GC/sp — 4,5% og 6,0% afvöxtun

1 ALDUR	2 4,5%	3 6,0%	4 HLUTFALL D2 : D3
17	19,428	15,688	1,238
18	19,310	15,625	1,236
19	19,188	15,558	1,233
20	19,059	15,486	1,231
21	18,925	15,410	1,228
22	18,786	15,331	1,225
23	18,643	15,249	1,223
24	18,493	15,162	1,220
25	18,338	15,070	1,217
26	18,177	14,974	1,214
27	18,009	14,874	1,211
28	17,836	14,768	1,208
29	17,655	14,657	1,205
30	17,469	14,542	1,201
31	17,276	14,420	1,198
32	17,074	14,292	1,195
33	16,867	14,159	1,191
34	16,651	14,019	1,188
35	16,428	13,873	1,184
36	16,196	13,719	1,181
37	15,956	13,558	1,177
38	15,707	13,389	1,173
39	15,451	13,213	1,169
40	15,185	13,029	1,165
41	14,909	12,836	1,161
42	14,624	12,634	1,158
43	14,330	12,423	1,154
44	14,026	12,203	1,149
45	13,712	11,972	1,145
46	13,388	11,732	1,141
47	13,054	11,483	1,137
48	12,709	11,222	1,133
49	12,355	10,951	1,128
50	11,991	10,669	1,124
51	11,617	10,378	1,119
52	11,233	10,075	1,115
53	10,839	9,760	1,111
54	10,434	9,434	1,106
55	10,020	9,097	1,101
56	9,596	8,748	1,097
57	9,163	8,388	1,092
58	8,722	8,017	1,088
59	8,273	7,636	1,083
60	7,818	7,246	1,079
61	7,358	6,848	1,074
62	6,893	6,442	1,070
63	6,430	6,033	1,066
64	5,971	5,624	1,062
65	5,523	5,222	1,058
66	5,092	4,833	1,054
67	4,678	4,455	1,050
68	4,306	4,116	1,046
69	3,953	3,791	1,043
70	3,620	3,483	1,039
71	3,308	3,192	1,036
72	3,009	2,913	1,033
73	2,723	2,644	1,030
74	2,451	2,387	1,027
75	2,184	2,134	1,023
76	1,919	1,881	1,020
77	1,659	1,631	1,017
78	1,387	1,369	1,013
79	1,089	1,078	1,010
80	0,905	0,898	1,008
81	0,737	0,733	1,005
82	0,584	0,583	1,002
83	0,500	0,500	1,000

Stuðla þessa hefir Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur reiknaí. Sjá fylgiskjal 3.1

Endurskoðun skaðabótalaga

09.11.1995 GJ/GC/sp

Fylgiskjal 4
Tryggingafræðilegur reiknistuðull
4,5% afvöxtun

1 ALDUR	2 Óskert	3 Skert um 40,0%	4 Skert um 35,0%	5 Skert um 33,3%	6 Skert um 30,0%	7 Skert um 25,0%	8 Stuðull 10,0	9 Stuðull 7,5
17	19,428	11,657	12,628	12,958	13,600	14,571	10,000	7,500
18	19,310	11,586	12,552	12,880	13,517	14,483	10,000	7,500
19	19,188	11,513	12,472	12,798	13,432	14,391	10,000	7,500
20	19,059	11,435	12,388	12,712	13,341	14,294	10,000	7,500
21	18,925	11,355	12,301	12,623	13,248	14,194	10,000	7,500
22	18,786	11,272	12,211	12,530	13,150	14,090	10,000	7,500
23	18,643	11,186	12,118	12,435	13,050	13,982	10,000	7,500
24	18,493	11,096	12,020	12,335	12,945	13,870	10,000	7,500
25	18,338	11,003	11,920	12,231	12,837	13,754	10,000	7,500
26	18,177	10,906	11,815	12,124	12,724	13,633	9,900	7,425
27	18,009	10,805	11,706	12,012	12,606	13,507	9,800	7,350
28	17,836	10,702	11,593	11,897	12,485	13,377	9,700	7,275
29	17,655	10,593	11,476	11,776	12,359	13,241	9,600	7,200
30	17,469	10,481	11,355	11,652	12,228	13,102	9,500	7,125
31	17,276	10,366	11,229	11,523	12,093	12,957	9,400	7,050
32	17,074	10,244	11,098	11,388	11,952	12,806	9,300	6,975
33	16,867	10,120	10,964	11,250	11,807	12,650	9,200	6,900
34	16,651	9,991	10,823	11,106	11,656	12,488	9,100	6,825
35	16,428	9,857	10,678	10,957	11,500	12,321	9,000	6,750
36	16,196	9,718	10,527	10,803	11,337	12,147	8,900	6,675
37	15,956	9,574	10,371	10,643	11,169	11,967	8,800	6,600
38	15,707	9,424	10,210	10,477	10,995	11,780	8,700	6,525
39	15,451	9,271	10,043	10,306	10,816	11,588	8,600	6,450
40	15,185	9,111	9,870	10,128	10,630	11,389	8,500	6,375
41	14,909	8,945	9,691	9,944	10,436	11,182	8,400	6,300
42	14,624	8,774	9,506	9,754	10,237	10,968	8,300	6,225
43	14,330	8,598	9,315	9,558	10,031	10,748	8,200	6,150
44	14,026	8,416	9,117	9,355	9,818	10,520	8,100	6,075
45	13,712	8,227	8,913	9,146	9,598	10,284	8,000	6,000
46	13,388	8,033	8,702	8,930	9,372	10,041	7,800	5,850
47	13,054	7,832	8,485	8,707	9,138	9,791	7,600	5,700
48	12,709	7,625	8,261	8,477	8,896	9,532	7,400	5,550
49	12,355	7,413	8,031	8,241	8,649	9,266	7,200	5,400
50	11,991	7,195	7,794	7,998	8,394	8,993	7,000	5,250
51	11,617	6,970	7,551	7,749	8,132	8,713	6,800	5,100
52	11,233	6,740	7,301	7,492	7,863	8,425	6,600	4,950
53	10,839	6,503	7,045	7,230	7,587	8,129	6,400	4,800
54	10,434	6,260	6,782	6,959	7,304	7,826	6,200	4,650
55	10,020	6,012	6,513	6,683	7,014	7,515	6,000	4,500
56	9,596	5,758	6,237	6,401	6,717	7,197	5,600	4,200
57	9,163	5,498	5,956	6,112	6,414	6,872	5,200	3,900
58	8,722	5,233	5,669	5,818	6,105	6,542	4,800	3,600
59	8,273	4,964	5,377	5,518	5,791	6,205	4,400	3,300
60	7,818	4,691	5,082	5,215	5,473	5,864	4,000	3,000
61	7,358	4,415	4,783	4,908	5,151	5,519	3,600	2,700
62	6,893	4,136	4,480	4,598	4,825	5,170	3,200	2,400
63	6,430	3,858	4,180	4,289	4,501	4,823	2,800	2,100
64	5,971	3,583	3,881	3,983	4,180	4,478	2,400	1,800
65	5,523	3,314	3,590	3,684	3,866	4,142	2,000	1,500
66	5,092	3,055	3,310	3,396	3,564	3,819	1,600	1,200
67	4,678	2,807	3,041	3,120	3,275	3,509	1,200	0,900
68	4,306	2,584	2,799	2,872	3,014	3,230	0,800	0,600
69	3,953	2,372	2,569	2,637	2,767	2,965	0,400	0,300
70	3,620	2,172	2,353	2,415	2,534	2,715	0,000	0,000
71	3,308	1,985	2,150	2,206	2,316	2,481	0,000	0,000
72	3,009	1,805	1,956	2,007	2,106	2,257	0,000	0,000
73	2,723	1,634	1,770	1,816	1,906	2,042	0,000	0,000
74	2,451	1,471	1,593	1,635	1,716	1,838	0,000	0,000
75	2,184	1,310	1,420	1,457	1,529	1,638	0,000	0,000
76	1,919	1,151	1,247	1,280	1,343	1,439	0,000	0,000
77	1,659	0,995	1,078	1,107	1,161	1,244	0,000	0,000
78	1,387	0,832	0,902	0,925	0,971	1,040	0,000	0,000
79	1,089	0,653	0,708	0,726	0,762	0,817	0,000	0,000
80	0,905	0,543	0,588	0,604	0,634	0,679	0,000	0,000
81	0,737	0,442	0,479	0,492	0,516	0,553	0,000	0,000
82	0,584	0,350	0,380	0,390	0,409	0,438	0,000	0,000
83	0,500	0,300	0,325	0,334	0,350	0,375	0,000	0,000

Endurskoðun skaðabótalaga — Fylgiskjal 5
Tryggingafræðilegur reiknistuðull
09.11.1995 GJ/GC/sp — 6,0% afvöxtun

1 ALDUR	2 Óskert	3 Skert um 40,0%	4 Skert um 35,0%	5 Skert um 33,3%	6 Skert um 30,0%	7 Skert um 25,0%	8 Stuðull 10,0	9 Stuðull 7,5
17	15,688	9,413	10,197	10,464	10,982	11,766	10,000	7,500
18	15,625	9,375	10,156	10,422	10,938	11,719	10,000	7,500
19	15,558	9,335	10,113	10,377	10,891	11,669	10,000	7,500
20	15,486	9,292	10,066	10,329	10,840	11,615	10,000	7,500
21	15,410	9,246	10,017	10,278	10,787	11,558	10,000	7,500
22	15,331	9,199	9,965	10,226	10,732	11,498	10,000	7,500
23	15,249	9,149	9,912	10,171	10,674	11,437	10,000	7,500
24	15,162	9,097	9,855	10,113	10,613	11,372	10,000	7,500
25	15,070	9,042	9,796	10,052	10,549	11,303	10,000	7,500
26	14,974	8,984	9,733	9,988	10,482	11,231	9,900	7,425
27	14,874	8,924	9,668	9,921	10,412	11,156	9,800	7,350
28	14,768	8,861	9,599	9,850	10,338	11,076	9,700	7,275
29	14,657	8,794	9,527	9,776	10,260	10,993	9,600	7,200
30	14,542	8,725	9,452	9,700	10,179	10,907	9,500	7,125
31	14,420	8,652	9,373	9,618	10,094	10,815	9,400	7,050
32	14,292	8,575	9,290	9,533	10,004	10,719	9,300	6,975
33	14,159	8,495	9,203	9,444	9,911	10,619	9,200	6,900
34	14,019	8,411	9,112	9,351	9,813	10,514	9,100	6,825
35	13,873	8,324	9,017	9,253	9,711	10,405	9,000	6,750
36	13,719	8,231	8,917	9,151	9,603	10,289	8,900	6,675
37	13,558	8,135	8,813	9,043	9,491	10,169	8,800	6,600
38	13,389	8,033	8,703	8,930	9,372	10,042	8,700	6,525
39	13,213	7,928	8,588	8,813	9,249	9,910	8,600	6,450
40	13,029	7,817	8,469	8,690	9,120	9,772	8,500	6,375
41	12,836	7,702	8,343	8,562	8,985	9,627	8,400	6,300
42	12,634	7,580	8,212	8,427	8,844	9,476	8,300	6,225
43	12,423	7,454	8,075	8,286	8,696	9,317	8,200	6,150
44	12,203	7,322	7,932	8,139	8,542	9,152	8,100	6,075
45	11,972	7,183	7,782	7,985	8,380	8,979	8,000	6,000
46	11,732	7,039	7,626	7,825	8,212	8,799	7,800	5,850
47	11,483	6,890	7,464	7,659	8,038	8,612	7,600	5,700
48	11,222	6,733	7,294	7,485	7,855	8,417	7,400	5,550
49	10,951	6,571	7,118	7,304	7,666	8,213	7,200	5,400
50	10,669	6,401	6,935	7,116	7,468	8,002	7,000	5,250
51	10,378	6,227	6,746	6,922	7,265	7,784	6,800	5,100
52	10,075	6,045	6,549	6,720	7,053	7,556	6,600	4,950
53	9,760	5,856	6,344	6,510	6,832	7,320	6,400	4,800
54	9,434	5,660	6,132	6,292	6,604	7,076	6,200	4,650
55	9,097	5,458	5,913	6,068	6,368	6,823	6,000	4,500
56	8,748	5,249	5,686	5,835	6,124	6,561	5,600	4,200
57	8,388	5,033	5,452	5,595	5,872	6,291	5,200	3,900
58	8,017	4,810	5,211	5,347	5,612	6,013	4,800	3,600
59	7,636	4,582	4,963	5,093	5,345	5,727	4,400	3,300
60	7,246	4,348	4,710	4,833	5,072	5,435	4,000	3,000
61	6,848	4,109	4,451	4,568	4,794	5,136	3,600	2,700
62	6,442	3,865	4,187	4,297	4,509	4,832	3,200	2,400
63	6,033	3,620	3,921	4,024	4,223	4,525	2,800	2,100
64	5,624	3,374	3,656	3,751	3,937	4,218	2,400	1,800
65	5,222	3,133	3,394	3,483	3,655	3,917	2,000	1,500
66	4,833	2,900	3,141	3,224	3,383	3,625	1,600	1,200
67	4,455	2,673	2,896	2,971	3,119	3,341	1,200	0,900
68	4,116	2,470	2,675	2,745	2,881	3,087	0,800	0,600
69	3,791	2,275	2,464	2,529	2,654	2,843	0,400	0,300
70	3,483	2,090	2,264	2,323	2,438	2,612	0,000	0,000
71	3,192	1,915	2,075	2,129	2,234	2,394	0,000	0,000
72	2,913	1,748	1,893	1,943	2,039	2,185	0,000	0,000
73	2,644	1,586	1,719	1,764	1,851	1,983	0,000	0,000
74	2,387	1,432	1,552	1,592	1,671	1,790	0,000	0,000
75	2,134	1,280	1,387	1,423	1,494	1,601	0,000	0,000
76	1,881	1,129	1,223	1,255	1,317	1,411	0,000	0,000
77	1,631	0,979	1,060	1,088	1,142	1,223	0,000	0,000
78	1,369	0,821	0,890	0,913	0,958	1,027	0,000	0,000
79	1,078	0,647	0,701	0,719	0,755	0,809	0,000	0,000
80	0,898	0,539	0,584	0,599	0,629	0,674	0,000	0,000
81	0,733	0,440	0,476	0,489	0,513	0,550	0,000	0,000
82	0,583	0,350	0,379	0,389	0,408	0,437	0,000	0,000
83	0,500	0,300	0,325	0,334	0,350	0,375	0,000	0,000

Endurskoðun skaðabótalaga
31.10.1995 GJ/GC/sp

Fylgiskjal 6.1
Aldursfylgni atvinnutekna
Skattframteljendur tekjuársins 1994

Aldurs-skeið	A l l i r			Allir nema tekjulausir			Með tekjur 1 - 5 Mkr		
	Tekjur Mkr	Fjöldi	Meðaltal kkr	Tekjur Mkr	Fjöldi	Meðaltal kkr	Tekjur Mkr	Fjöldi	Meðaltal kkr
-20	8.250	19.503	423	8.250	18.732	440	1.581	1.136	1.391
21 - 25	14.339	18.810	762	14.339	17.626	814	7.902	5.148	1.535
26 - 30	18.747	17.484	1.072	18.747	15.602	1.202	14.765	8.191	1.803
31 - 35	21.340	16.512	1.292	21.340	14.726	1.449	17.488	8.724	2.005
36 - 40	21.645	15.230	1.421	21.645	13.815	1.567	17.620	8.645	2.038
41 - 45	20.431	13.354	1.530	20.431	12.299	1.661	16.629	8.216	2.024
46 - 50	17.095	11.444	1.494	17.095	10.459	1.634	13.701	6.790	2.018
51 - 55	12.447	8.856	1.405	12.447	7.968	1.562	9.775	5.080	1.924
56 - 60	9.990	7.952	1.256	9.990	6.813	1.466	7.596	4.118	1.845
61 - 65	8.869	8.500	1.043	8.869	6.705	1.323	6.605	3.712	1.779
66 - 70	5.130	7.765	661	5.130	4.661	1.101	3.632	2.093	1.735
71 - 75	861	6.873	125	861	1.640	525	429	250	1.715
76 -	348	11.208	31	348	878	396	164	91	1.804
SAMTALS	159.492	163.491	976	159.492	131.924	1.209	117.886	62.194	1.895
SAMTÖLUR EFTIR KYNI									
KARLAR	104.083	75.799	1.373	104.083	65.197	1.596	86.162	41.020	2.100
KONUR	55.410	87.692	632	55.410	66.727	830	31.725	21.174	1.498

Með því að velja hópinn sem hefur í árstekjur 1 - 5 milljón krónur er reynt að ná aðeins til þeirra sem eru í fullu starfi.

Til að tölur þessar séu í samræmi við upphæðir skaðabótalaganna þarf að margfalda þær með 1,0357.

HEIMILD:
Töflur frá Þjóðhagsstofnun

Endurskoðun skaðabótalaga
31.10.1995 GJ/GC/sp

Fylgiskjal 6.1
Aldursfylgni atvinnutekna
Skattframteljendur tekjuársins 1994

Endurskoðun skaðabótalaga
31.10.1995 GJ/GC/sp

Fylgiskjal 6.2
Ófengnar ævitekjur
Hlutfall meðaltalstekna

Aldur ára	Árið 1994: Meðaltals tekjur	Ófengnar ævitekjur	Óf ævitek Meðalt ári	Hlutfall Óf : M.t	Til samræmis við skaðabótalög Margfaldað með 1,0357: Meðaltals tekjur	Ófengnar ævitekjur	Óf ævitek Meðalt ári
17	1.338	99.084	1.835	1,371	1.386	102.621	1.900
18	1.373	97.746	1.844	1,343	1.422	101.236	1.910
19	1.408	96.373	1.853	1,316	1.458	99.814	1.919
20	1.445	94.965	1.862	1,289	1.497	98.355	1.929
21	1.475	93.520	1.870	1,268	1.528	96.859	1.937
22	1.505	92.045	1.878	1,248	1.559	95.331	1.946
23	1.535	90.540	1.886	1,229	1.590	93.772	1.954
24	1.565	89.005	1.894	1,210	1.621	92.182	1.961
25	1.595	87.440	1.901	1,192	1.652	90.562	1.969
26	1.625	85.845	1.908	1,174	1.683	88.910	1.976
27	1.710	84.220	1.914	1,119	1.771	87.227	1.982
28	1.800	82.510	1.919	1,066	1.864	85.456	1.987
29	1.890	80.710	1.922	1,017	1.957	83.591	1.990
30	1.980	78.820	1.922	0,971	2.051	81.634	1.991
31	1.990	76.840	1.921	0,965	2.061	79.583	1.990
32	1.998	74.850	1.919	0,961	2.069	77.522	1.988
33	2.006	72.852	1.917	0,956	2.078	75.453	1.986
34	2.013	70.846	1.915	0,951	2.085	73.375	1.983
35	2.018	68.833	1.912	0,947	2.090	71.290	1.980
36	2.028	66.815	1.909	0,941	2.100	69.200	1.977
37	2.040	64.787	1.906	0,934	2.113	67.100	1.974
38	2.054	62.747	1.901	0,926	2.127	64.987	1.969
39	2.040	60.693	1.897	0,930	2.113	62.860	1.964
40	2.028	58.653	1.892	0,933	2.100	60.747	1.960
41	2.024	56.625	1.888	0,933	2.096	58.647	1.955
42	2.024	54.601	1.883	0,930	2.096	56.550	1.950
43	2.024	52.577	1.878	0,928	2.096	54.454	1.945
44	2.024	50.553	1.872	0,925	2.096	52.358	1.939
45	2.024	48.529	1.867	0,922	2.096	50.261	1.933
46	2.021	46.505	1.860	0,920	2.093	48.165	1.927
47	2.018	44.484	1.854	0,918	2.090	46.072	1.920
48	2.018	42.466	1.846	0,915	2.090	43.982	1.912
49	2.018	40.448	1.839	0,911	2.090	41.892	1.904
50	2.015	38.430	1.830	0,908	2.087	39.802	1.895
51	1.980	36.415	1.821	0,920	2.051	37.715	1.886
52	1.955	34.435	1.812	0,927	2.025	35.664	1.877
53	1.925	32.480	1.804	0,937	1.994	33.640	1.869
54	1.895	30.555	1.797	0,948	1.963	31.646	1.862
55	1.865	28.660	1.791	0,960	1.932	29.683	1.855
56	1.855	26.795	1.786	0,963	1.921	27.752	1.850
57	1.850	24.940	1.781	0,963	1.916	25.830	1.845
58	1.845	23.090	1.776	0,963	1.911	23.914	1.840
59	1.840	21.245	1.770	0,962	1.906	22.003	1.834
60	1.835	19.405	1.764	0,961	1.901	20.098	1.827
61	1.820	17.570	1.757	0,965	1.885	18.197	1.820
62	1.800	15.750	1.750	0,972	1.864	16.312	1.812
63	1.780	13.950	1.744	0,980	1.844	14.448	1.806
64	1.760	12.170	1.739	0,988	1.823	12.604	1.801
65	1.735	10.410	1.735	1,000	1.797	10.782	1.797
66	1.735	8.675	1.735	1,000	1.797	8.985	1.797
67	1.735	6.940	1.735	1,000	1.797	7.188	1.797
68	1.735	5.205	1.735	1,000	1.797	5.391	1.797
69	1.735	3.470	1.735	1,000	1.797	3.594	1.797
70	1.735	1.735	1.735	1,000	1.797	1.797	1.797

Árlegar meðaltals tekjur eru fengnar með innfellingu í 5 ára bil töflu fylgiskjals 6.1.

Endurskoðun skaðabótalaga
31.10.1995 GJ/GC/sp

Fylgiskjal 6.3
Aldursfylgni atvinnutekna

Aldur Ár	Allir	-20	21-25	26-30	31-35	36-40	41-45	46-50	51-55	56-60	61-65	66-70	71-75	76-
ALLIR														
1988	100,0	47,4	78,8	106,6	122,0	131,1	132,9	129,4	120,4	113,8	103,9	83,5	50,8	32,6
1989	100,0	45,0	76,7	103,8	121,7	132,2	136,0	130,6	123,4	116,1	106,0	85,8	50,3	33,0
1990	100,0	44,1	73,9	103,5	120,7	132,4	135,5	131,5	125,4	116,0	105,6	86,9	49,3	31,5
1991	100,0	43,9	71,9	102,0	119,7	131,2	137,2	132,8	126,9	117,7	106,3	88,5	49,6	33,1
1992	100,0	40,0	71,4	101,5	120,5	130,7	136,3	134,0	127,9	118,5	107,9	91,0	49,5	35,1
1993	100,0	37,7	69,3	100,0	119,7	130,6	138,5	134,6	128,6	119,6	108,1	90,6	48,9	32,8
Meðaltal		43,0	73,7	102,9	120,7	131,4	136,1	132,2	125,4	117,0	106,3	87,7	49,7	33,0
KONUR														
1988	100,0	58,0	87,7	103,6	115,4	123,2	124,6	124,5	117,9	110,0	99,1	78,6	51,3	31,6
1989	100,0	55,0	84,6	101,1	114,0	124,0	128,8	126,8	120,6	113,8	101,3	81,4	49,8	32,5
1990	100,0	54,1	80,3	100,6	112,5	124,9	129,8	127,6	122,3	114,1	103,5	83,3	49,1	30,6
1991	100,0	54,2	77,9	99,1	110,9	123,6	132,8	128,6	124,0	116,8	104,9	83,1	47,7	35,7
1992	100,0	50,1	78,0	100,3	110,7	122,1	132,4	129,1	124,7	117,6	106,6	83,8	46,4	35,9
1993	100,0	47,5	75,8	97,9	109,6	123,1	134,5	131,1	124,8	117,7	106,3	85,5	44,5	33,0
Meðaltal		53,2	80,7	100,4	112,2	123,5	130,5	128,0	122,4	115,0	103,6	82,6	48,1	33,2
KARLAR														
1988	100,0	41,9	74,4	107,1	124,8	136,4	139,7	136,5	125,6	119,0	107,1	83,1	45,2	28,0
1989	100,0	39,9	72,4	104,0	125,3	137,0	142,0	138,1	128,9	119,8	108,6	85,5	45,4	28,8
1990	100,0	38,8	70,5	103,7	124,1	137,2	141,3	138,4	131,3	120,4	108,1	85,5	44,6	27,6
1991	100,0	38,6	68,6	102,1	122,8	136,6	141,5	139,1	132,7	121,3	108,9	88,2	45,3	28,3
1992	100,0	34,5	67,3	101,1	124,1	136,4	142,1	140,3	134,0	122,4	110,5	92,9	45,8	30,7
1993	100,0	32,3	65,0	100,2	123,7	135,5	143,9	140,1	135,7	124,2	110,9	90,8	46,0	29,3
Meðaltal		37,7	69,7	103,0	124,1	136,5	141,8	138,8	131,4	121,2	109,0	87,7	45,4	28,8
HJÓN														
1988	100,0	70,0	79,8	95,2	106,7	118,0	120,9	118,9	109,8	100,7	85,3	64,1	37,6	23,8
1989	100,0	64,6	77,4	92,6	105,5	117,8	122,4	120,5	112,4	102,5	90,4	67,5	36,1	22,2
1990	100,0	62,1	75,8	91,7	104,8	117,6	122,3	120,2	113,8	102,7	89,7	68,4	35,4	22,1
1991	100,0	60,9	72,1	90,1	103,5	116,5	123,3	121,3	115,0	104,5	90,3	69,0	36,0	22,1
1992	100,0	58,6	72,1	88,9	103,7	114,5	122,8	121,5	115,4	104,6	91,9	71,1	36,3	22,4
1993	100,0	61,6	71,9	88,8	102,7	114,3	123,0	121,0	116,5	105,7	91,6	70,6	35,0	22,0
Meðaltal		63,0	74,9	91,2	104,5	116,5	122,5	120,6	113,8	103,5	89,9	68,5	36,1	22,4

Hundraðshlutfall atvinnutekna.
Meðaltalsatvinnutekjur hvers flokks og árs sett 100,0.

HEIMILD: Landshagir 1991 - 1994. Töflur 12.15
Hagstofa Íslands / Þjóðhagsstofnun

Endurskoðun skaðabótalaga
31.10.1995 GJ/GC/sp

Fylgiskjal 6.3
Aldursfylgni atvinnutekna

Endurskoðun skaðabótalaga
31.10.1995 GJ/GC/sp

Fylgiskjal 6.4
Aldursfylgni atvinnutekna
Meðaltal áranna 1988 - 1993



HUNDRAÐSHLUTFALL ATVINNUTEKNA
MEÐALTALSATVINNUTEKJUR HVERS FLOKKS ÞE ÁRS SETTI 100,00
HEIMILD: LANDSHAGIR 1991-1994. TÖFLUR 12.15
HAGSTOFA ÍSLANDS | ÞJÓÐHAGSSTOFNUN

Endurskoðun skaðabótalaga
09.11.1995 GJ/GC/sp

Fylgiskjal 7
Margföldunarstuðull 6. gr

1 Aldur	2 Trygg.fr stuðull	3 Aldurs leiðrétt	4 Afvöxtun til 17 ára	5 Skerðing 33,3%	6 Stuðull lagafrumv
0	19,428	1,300	0,473	0,667	7,971
1	19,428	1,300	0,494	0,667	8,330
2	19,428	1,300	0,517	0,667	8,705
3	19,428	1,300	0,540	0,667	9,096
4	19,428	1,300	0,564	0,667	9,506
5	19,428	1,300	0,590	0,667	9,933
6	19,428	1,300	0,616	0,667	10,380
7	19,428	1,300	0,644	0,667	10,848
8	19,428	1,300	0,673	0,667	11,336
9	19,428	1,300	0,703	0,667	11,846
10	19,428	1,300	0,735	0,667	12,379
11	19,428	1,300	0,768	0,667	12,936
12	19,428	1,300	0,802	0,667	13,518
13	19,428	1,300	0,839	0,667	14,126
14	19,428	1,300	0,876	0,667	14,762
15	19,428	1,300	0,916	0,667	15,426
16	19,428	1,300	0,957	0,667	16,121
17	19,428	1,300	1,000	0,667	16,846
18	19,310	1,270	1,000	0,667	16,357
19	19,188	1,240	1,000	0,667	15,870
20	19,059	1,210	1,000	0,667	15,382
21	18,925	1,180	1,000	0,667	14,895
22	18,786	1,150	1,000	0,667	14,410
23	18,643	1,120	1,000	0,667	13,927
24	18,493	1,090	1,000	0,667	13,445
25	18,338	1,070	1,000	0,667	13,088
26	18,177	1,050	1,000	0,667	12,730
27	18,009	1,030	1,000	0,667	12,372
28	17,836	1,020	1,000	0,667	12,135
29	17,655	1,010	1,000	0,667	11,894
30	17,469	0,970	1,000	0,667	11,302
31	17,276	0,965	1,000	0,667	11,120
32	17,074	0,960	1,000	0,667	10,933
33	16,867	0,955	1,000	0,667	10,744
34	16,651	0,950	1,000	0,667	10,551
35	16,428	0,945	1,000	0,667	10,355
36	16,196	0,940	1,000	0,667	10,155
37	15,956	0,935	1,000	0,667	9,951
38	15,707	0,935	1,000	0,667	9,796
39	15,451	0,935	1,000	0,667	9,636
40	15,185	0,935	1,000	0,667	9,470
41	14,909	0,935	1,000	0,667	9,298
42	14,624	0,930	1,000	0,667	9,071
43	14,330	0,930	1,000	0,667	8,889
44	14,026	0,925	1,000	0,667	8,654
45	13,712	0,920	1,000	0,667	8,414
46	13,388	0,920	1,000	0,667	8,215
47	13,054	0,920	1,000	0,667	8,010
48	12,709	0,915	1,000	0,667	7,756
49	12,355	0,910	1,000	0,667	7,499
50	11,991	0,910	1,000	0,667	7,278
51	11,617	0,920	1,000	0,667	7,129
52	11,233	0,925	1,000	0,667	6,930
53	10,839	0,935	1,000	0,667	6,760
54	10,434	0,950	1,000	0,667	6,612
55	10,020	0,960	1,000	0,667	6,416
56	9,596	0,965	1,000	0,667	6,177
57	9,163	0,965	1,000	0,667	5,898
58	8,722	0,965	1,000	0,667	5,614
59	8,273	0,965	1,000	0,667	5,325
60	7,818	0,965	1,000	0,667	5,032
61	7,358	0,965	1,000	0,667	4,736
62	6,893	0,970	1,000	0,667	4,460
63	6,430	0,980	1,000	0,667	4,203
64	5,971	0,990	1,000	0,667	3,943
65	5,523	1,000	1,000	0,667	3,684
66	5,092	1,000	1,000	0,667	3,396
67	4,678	1,000	1,000	0,667	3,120
68	4,306	1,000	1,000	0,667	2,872
69	3,953	1,000	1,000	0,667	2,637
70	3,620	1,000	1,000	0,667	2,415
71	3,308	1,000	1,000	0,667	2,206
72	3,009	1,000	1,000	0,667	2,007
73	2,723	1,000	1,000	0,667	1,816
74	2,451	1,000	1,000	0,667	1,635
75	2,184	1,000	1,000	0,667	1,457
76	1,919	1,000	1,000	0,667	1,280
77	1,659	1,000	1,000	0,667	1,107
78	1,387	1,000	1,000	0,667	0,925
79	1,089	1,000	1,000	0,667	0,726
80	0,905	1,000	1,000	0,667	0,604
81	0,737	1,000	1,000	0,667	0,492
82	0,584	1,000	1,000	0,667	0,390
83	0,500	1,000	1,000	0,667	0,334
Eldri					0,000

Endurskoðun skaðabótalaga

09.11.1995 GJ/GC/sp

Fylgiskjal 8.1
Samanburður margfeldisstuðla

1 Aldur	2 Stuðull frumvarps	3 Stuðull laga	4 Hlutfall D2 : D3
17	16,846	7,500	2,246
18	16,357	7,500	2,181
19	15,870	7,500	2,116
20	15,382	7,500	2,051
21	14,895	7,500	1,986
22	14,410	7,500	1,921
23	13,927	7,500	1,857
24	13,445	7,500	1,793
25	13,088	7,500	1,745
26	12,730	7,425	1,715
27	12,372	7,350	1,683
28	12,135	7,275	1,668
29	11,894	7,200	1,652
30	11,302	7,125	1,586
31	11,120	7,050	1,577
32	10,933	6,975	1,567
33	10,744	6,900	1,557
34	10,551	6,825	1,546
35	10,355	6,750	1,534
36	10,155	6,675	1,521
37	9,951	6,600	1,508
38	9,796	6,525	1,501
39	9,636	6,450	1,494
40	9,470	6,375	1,485
41	9,298	6,300	1,476
42	9,071	6,225	1,457
43	8,889	6,150	1,445
44	8,654	6,075	1,424
45	8,414	6,000	1,402
46	8,215	5,850	1,404
47	8,010	5,700	1,405
48	7,756	5,550	1,398
49	7,499	5,400	1,389
50	7,278	5,250	1,386
51	7,129	5,100	1,398
52	6,930	4,950	1,400
53	6,760	4,800	1,408
54	6,612	4,650	1,422
55	6,416	4,500	1,426
56	6,177	4,200	1,471
57	5,898	3,900	1,512
58	5,614	3,600	1,559
59	5,325	3,300	1,614
60	5,032	3,000	1,677
61	4,736	2,700	1,754
62	4,460	2,400	1,858
63	4,203	2,100	2,001
64	3,943	1,800	2,190
65	3,684	1,500	2,456
66	3,396	1,200	2,830
67	3,120	0,900	3,467
68	2,872	0,600	4,787
69	2,637	0,300	8,789
70	2,415	0,000	
71	2,206	0,000	
72	2,007	0,000	
73	1,816	0,000	
74	1,635	0,000	
75	1,457	0,000	
76	1,280	0,000	
77	1,107	0,000	
78	0,925	0,000	
79	0,726	0,000	
80	0,604	0,000	
81	0,492	0,000	
82	0,390	0,000	
83	0,334	0,000	
Eldri	0,000	0,000	

Endurskoðun skaðabótalaga

Fylgiskjal 8.2
Samanburður margfeldistuðla
Hrein afvöxtun - 4,5%
Tryggingafræðilegur stuðull

09.11.1995 GJ/GC/sp

1 Aldur	2 Hrein afvöxtun	3 Trygg.fr stuðull	4 Hlutfall D3 : D2
17	22,006	19,428	0,883
18	21,951	19,310	0,880
19	21,894	19,188	0,876
20	21,834	19,059	0,873
21	21,772	18,925	0,869
22	21,706	18,786	0,865
23	21,638	18,643	0,862
24	21,567	18,493	0,857
25	21,492	18,338	0,853
26	21,414	18,177	0,849
27	21,333	18,009	0,844
28	21,248	17,836	0,839
29	21,159	17,655	0,834
30	21,066	17,469	0,829
31	20,969	17,276	0,824
32	20,868	17,074	0,818
33	20,762	16,867	0,812
34	20,651	16,651	0,806
35	20,536	16,428	0,800
36	20,415	16,196	0,793
37	20,288	15,956	0,786
38	20,156	15,707	0,779
39	20,018	15,451	0,772
40	19,874	15,185	0,764
41	19,724	14,909	0,756
42	19,566	14,624	0,747
43	19,402	14,330	0,739
44	19,230	14,026	0,729
45	19,050	13,712	0,720
46	18,862	13,388	0,710
47	18,666	13,054	0,699
48	18,461	12,709	0,688
49	18,247	12,355	0,677
50	18,023	11,991	0,665
51	17,789	11,617	0,653
52	17,544	11,233	0,640
53	17,289	10,839	0,627
54	17,022	10,434	0,613
55	16,743	10,020	0,598
56	16,451	9,596	0,583
57	16,147	9,163	0,567
58	15,828	8,722	0,551
59	15,495	8,273	0,534
60	15,148	7,818	0,516
61	14,784	7,358	0,498
62	14,405	6,893	0,479
63	14,008	6,430	0,459
64	13,593	5,971	0,439
65	13,160	5,523	0,420
66	12,707	5,092	0,401
67	12,234	4,678	0,382
68	11,740	4,306	0,367
69	11,223	3,953	0,352
70	10,683	3,620	0,339
71	10,119	3,308	0,327
72	9,529	3,009	0,316
73	8,913	2,723	0,306
74	8,269	2,451	0,296
75	7,596	2,184	0,288
76	6,893	1,919	0,278
77	6,158	1,659	0,269
78	5,390	1,387	0,257
79	4,588	1,089	0,237
80	3,749	0,905	0,241
81	2,873	0,737	0,257
82	1,957	0,584	0,298
83	1,000	0,500	0,500

Endurskoðun skaðabótalaga

09.11.1995 GJ/GC/sp

Fylgiskjal 8.3
Árlegt ráðstöfunarhlutfall
og jafngreiðsla launaígildis
til 83 ára aldurs

1 Aldur	2 Stuðull 6. gr	3 Árlegt ráðstöf. hlutfall	4 Árleg jafn greiðsla
17	16,846	1,220	0,783
18	16,357	1,197	0,762
19	15,870	1,176	0,741
20	15,382	1,154	0,720
21	14,895	1,131	0,700
22	14,410	1,107	0,679
23	13,927	1,085	0,658
24	13,445	0,942	0,637
25	13,088	0,926	0,623
26	12,730	0,911	0,608
27	12,372	0,777	0,593
28	12,135	0,770	0,584
29	11,894	1,102	0,575
30	11,302	0,676	0,549
31	11,120	0,673	0,542
32	10,933	0,666	0,536
33	10,744	0,662	0,529
34	10,551	0,656	0,522
35	10,355	0,652	0,516
36	10,155	0,646	0,509
37	9,951	0,590	0,502
38	9,796	0,588	0,497
39	9,636	0,587	0,492
40	9,470	0,585	0,487
41	9,298	0,631	0,482
42	9,071	0,578	0,474
43	8,889	0,622	0,468
44	8,654	0,615	0,460
45	8,414	0,565	0,452
46	8,215	0,562	0,445
47	8,010	0,601	0,439
48	7,756	0,593	0,430
49	7,499	0,546	0,420
50	7,278	0,467	0,413
51	7,129	0,508	0,410
52	6,930	0,472	0,404
53	6,760	0,443	0,400
54	6,612	0,482	0,397
55	6,416	0,517	0,392
56	6,177	0,545	0,384
57	5,898	0,537	0,373
58	5,614	0,530	0,363
59	5,325	0,521	0,351
60	5,032	0,511	0,340
61	4,736	0,479	0,328
62	4,460	0,448	0,317
63	4,203	0,440	0,307
64	3,943	0,427	0,297
65	3,684	0,443	0,286
66	3,396	0,420	0,273
67	3,120	0,380	0,261
68	2,872	0,357	0,250
69	2,637	0,333	0,240
70	2,415	0,310	0,231
71	2,206	0,292	0,223
72	2,007	0,275	0,215
73	1,816	0,257	0,208
74	1,635	0,246	0,202
75	1,457	0,237	0,196
76	1,280	0,226	0,190
77	1,107	0,226	0,184
78	0,925	0,235	0,176
79	0,726	0,152	0,162
80	0,604	0,136	0,165
81	0,492	0,121	0,175
82	0,390	0,072	0,204
83	0,334	0,341	0,341

0

Dálkur 3:

Með því að lesa þann dálk niður má sjá hvaða upphæð, mældri eftir örorkustigi og viðmiðunarlaunum, má taka á hverju eftirfarandi ári af höfuðstól bótanna svo að höfuðstóllinn endist til 83 ára aldurs

Dálkur 4:

Þar er greint fyrir upphafsár bótanna hvaða upphæð, mæld eins og að ofan, má taka sem jafnar árlegar greiðslur svo höfuðstóllinn endist til 83 ára aldurs.

Endurskoðun skaðabótalaga — Fylgiskjal 9
Kjararannsóknarnefnd
31.10.1995 GJ/GC/sp — Laun 1994

Meðaltals mánaðarlaun ársins 1994 samkvæmt Fréttabréfi Kjararannsóknarnefndar nr 107, mars 1995, bls 49, umreiknuð til samsvörunar við upphæðir skaðabótalaganna.

Lánskjaravísitala:
1994 meðaltal 3.359
1993 júlí 3.282
Hlutfall 0,9771

Lífeyrissjóðsframlag vinnuveitanda: 6%

Margfeldi: 0,9771 x 1,06 = 1,0357

	Mánaðarlaun Fréttabréf Meðalt 1994	Mánaðarlaun Umreiknað x 1,0357	Árslaun umreiknuð
Verkakarlar	112.600	116.600	1.399.000
Verkakonur	88.800	92.000	1.104.000
Iðnaðarmenn	145.000	150.200	1.802.000
Afgreiðslukarlar	124.400	128.800	1.546.000
Afgreiðslukonur	86.500	89.600	1.075.000
Skrifstofukarlar	136.300	141.200	1.694.000
Skrifstofukonur	107.100	110.900	1.331.000
ASÍ landv.fólk	113.700	117.800	1.414.000

Heimild:
Fréttabréf Kjararannsóknarnefndar
4. ársfjórðungur
Mars 1995 Nr 107
Bls. 49

Frumvarp til laga um breytingu á skaðabótalögum nr. 50/1993.

1. gr.

4. grein laganna orðist svo:

Þegar fjárhæð bóta fyrir varanlegan miska er ákveðin skal litið til þess hvers eðlis og hversu miklar afleiðingar tjóns eru frá læknisfræðilegu sjónarmiði, svo og til erfiðleika sem það veldur í lífi tjónþola. Varanlegur miski skal metinn til stiga og skal miða við ástand tjónþola eins og það er þegar ekki er að vænta frekari bata.

Bætur þessar fara eftir aldri tjónþola á tjóndegi og skulu vera þessar fyrir algeran, 100 stiga, miska:

Aldur	krónur	Aldur	krónur
49 ára eða yngri	4.000.000	62 ára	3.480.000
50 "	3.960.000	63 "	3.440.000
51 "	3.920.000	64 "	3.400.000
52 "	3.880.000	65 "	3.360.000
53 "	3.840.000	66 "	3.320.000
54 "	3.800.000	67 "	3.280.000
55 "	3.760.000	68 "	3.240.000
56 "	3.720.000	69 "	3.200.000
57 "	3.680.000	70 "	3.160.000
58 "	3.640.000	71 "	3.120.000
59 "	3.600.000	72 "	3.080.000
60 "	3.560.000	73 "	3.040.000
61 "	3.520.000	74 " eða eldri	3.000.000

Við lægra miskastig lækka fjárhæðir þessar í réttu hlutfalli. Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að ákveða hærri bætur, þó aldrei meira en 50% hærri en í töflunni.

Um greiðslur frá 3ja manni fer eftir ákvæðum 1., 3. og 4. málsl. 4. mgr. 5. gr.

2. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðist svo:

Bætur fyrir varanlega örorku skal meta til fjárhæða á grundvelli örorkustigs tjónþola samkvæmt 5. gr., árslauna hans samkvæmt 7. gr. og neðangreindri töflu þannig, að margfaldað sé saman örorkustig, árslaun og stuðull töflunnar í samræmi við aldur tjónþola á þeim tíma, þegar honum er metin varanleg örorka.

Aldur	Stuðull	Aldur	Stuðull	Aldur	Stuðull	Aldur	Stuðull
0	7,971	21	14,895	42	9,071	63	4,203
1	8,330	22	14,410	43	8,889	64	3,943
2	8,705	23	13,927	44	8,654	65	3,684
3	9,096	24	13,445	45	8,414	66	3,396
4	9,506	25	13,088	46	8,215	67	3,120
5	9,933	26	12,730	47	8,010	68	2,872
6	10,380	27	12,372	48	7,756	69	2,637
7	10,848	28	12,135	49	7,499	70	2,415
8	11,336	29	11,894	50	7,278	71	2,206
9	11,846	30	11,302	51	7,129	72	2,007
10	12,379	31	11,120	52	6,930	73	1,816
11	12,936	32	10,933	53	6,760	74	1,635
12	13,518	33	10,744	54	6,612	75	1,457
13	14,126	34	10,551	55	6,416	76	1,280
14	14,762	35	10,355	56	6,177	77	1,107
15	15,426	36	10,155	57	5,898	78	0,925
16	16,121	37	9,951	58	5,614	79	0,726
17	16,846	38	9,796	59	5,325	80	0,604
18	16,357	39	9,636	60	5,032	81	0,492
19	15,870	40	9,470	61	4,736	82	0,390
20	15,382	41	9,298	62	4,460	83	0,334
						eldri	0,000

3. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Árslaun til ákvörðunar bóta samkvæmt 6. grein skulu teljast vera meðalatvinnutekjur tjónþola að meðtöldu framlagi vinnuveitanda til lífeyrissjóðs á síðustu þremur almanaksárum fyrir þann dag, er tjón varð, leiðrétt samkvæmt launavísitölu til þess tíma er honum er metin varanleg örorka.

Árslaun skulu þó metin sérstaklega þegar óvenjulegar aðstæður eru fyrir hendi, t.d. ef breytingar atvinnuhögum leiða til breyttra tekna eða ef ætla má að annar mælikvarði sé réttari um framtíðartekjur tjónþola.

Þrátt fyrir ákvæði 1.-2. mgr. þessarar greinar skal aldrei miðað við lægri árslaun en tilgreint er í þessari töflu:

66 ára og yngri	1.400.000
67 ára	1.300.000
68 ára	1.200.000
69 ára	1.100.000
70 ára	1.000.000
71 ára	900.000
72 ára	800.000
73 ára	700.000
74 ára og eldri	600.000

Ekki skal miða við hærri árslaun en 4.500.000 krónur.

4. gr.

8. grein laganna orðist svo:

Bætur til barna og tjónþola, sem að verulegu leyti nýta vinnugetu sína þannig að þeir hafa engar eða takmarkaðar vinnutekjur, skal ákvarða á grundvelli örorkustigs samkvæmt 5. gr. Bætur skulu ákveðnar eftir reglum 5.-7. greinar.

5. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Í 4. og 6. gr. laganna eru töflugildin miðuð við upphaf aldursárs. Við útreikning bóta skal reiknað með að margfeldisstuðull breytist hlutfallslega jafnt milli töflugilda.

6. gr.

2. mgr. 13. gr fellur niður.

7. gr.

Lokamálsliður 2. mgr. 15. gr. fellur niður.

8. gr.

1. mgr. 16. gr. laganna orðist svo:

Bætur fyrir þjáningar, varanlegan miska, tímabundið atvinnutjón og missi framfæranda bera vexti frá því tjón varð. Bætur fyrir varanlega örorku bera vexti frá upphafsdegi metinnar örorku skv. 5. gr. Vextirnir skulu nema 4,5% á ári.

9. gr.

Fjárhæðir skv. lögum þessum eru miðaðar við lánskjaravísitölu eins og hún var 1. júlí 1993 (3282) og taka þær sömu breytingum og mælt er fyrir um í 15. gr. laganna, sbr. einnig lög 12/1995 um vísitölu neysluverðs.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1996 og eiga við um skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem rakið verður til bótaskylds atviks eftir gildistöku laganna.

704. Nefndarálit [232. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn Tryggva Axelsson frá viðskiptaráðuneyti, Þórð Ólafsson og Jóhann Albertsson frá bankaeftirliti Seðlabanka Íslands, Ingimund Friðriksson frá Seðlabanka Íslands, Halldór Guðbjarnarson og Björn Líndal frá Landsbanka Íslands, Ásmund Stefánsson frá Íslandsbanka hf., Finn Sveinbjörnsson frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Sigurð Hafstein frá Sambandi íslenskra sparisjóða, Sigurð Jónsson frá Félagi löggiltra endurskoðenda og Birgi Ármannsson frá Verslunarráði Íslands. Nefndin fékk jafnframt sendar skriflegar umsagnir um málið frá sömu aðilum.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Þær fela í sér eftirfarandi:

1. Við 1. gr. Lagt er til að bætt verði við að með umsókn um starfsleyfi skuli fylgja upplýsingar um náin tengsl, en fram kemur í breytingartillögunni hvað er átt við með því hugtaki. Breytingin miðar að því að uppfylla skilyrði tilskipunar Evrópusambandsins nr. 95/26, svokallaðrar Post-BCCI-tilskipunar, er breytir ýmsum tilskipunum á sviði fjármálaþjónustu, m.a. tilskipunum 77/780 og 89/646, um lánastofnanir. Ákvæði þetta er nauðsynlegt þar sem tilskipunin leggur ríkari skyldur á herðar endurskoðendum banka og sparisjóða en verið hefur. Jafnframt er lagt til að frestur sem ráðherra hefur til að birta ákvörðun um umsókn um starfsleyfi verði þrír mánuðir en ekki sex, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Breytingin er til samræmis við breytingu sem nefndin lagði til að gerð yrði við frumvarp til laga um verðbréfaviðskipti, 97. mál.
2. Lagt er til að við frumvarpið verði bætt tveimur nýjum greinum til breytinga á 5. og 6. gr. laganna. Annars vegar er lagt til að skýrt komi fram í lögunum að skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis viðskiptabanka og sparisjóða sé að þeir séu með höfuðstöðvar hér á landi. Hins vegar er lagt til að brott falli úr lögunum ákvæði um að allt hlutafé sé greitt áður en banki er skráður í hlutafélagaskrá og að ekki skuli skrá hækkun hlutafjár fyrr en það er að fullu greitt. Meiri hluti nefndarinnar sér ekki ástæðu til að gera það að skilyrði fyrir skráningu í hlutafélagaskrá að allt hlutafé sé að fullu greitt, en eftir sem áður er óheimilt að hefja starfsemi fyrr en þessu skilyrði er fullnægt. Þá þykir ekki ástæða til að vera með sérákvæði um hækkun hlutafjár í viðskiptabönkum í þessum lögum.
3. Lagt er til að 2. gr. frumvarpsins, sem fjallar um víkjandi lántökur ríkisviðskiptabanka, falli brott. Um þetta mál vísast að öðru leyti til skýringa með síðara ákvæði til bráðabirgða hér á eftir.
4. Til samræmis við framangreinda tilskipun, nr. 95/26, er lagt til að heimilt verði að synja umsókn um starfsleyfi ef náin tengsl viðskiptabanka eða sparisjóðs við einstaklinga eða lögaðila geti að mati bankaeftirlits hindrað eðlilegt eftirlit með þessum stofnunum. Sama gildir ef lög eða reglur, sem um slíka einstaklinga eða lögaðila gilda, hindra eðlilegt eftirlit.

5. Við 8. gr. Breytingartillögur við þetta ákvæði fela í fyrsta lagi í sér að færðar eru á einn stað þau ákvæði frumvarpsins er varða takmarkanir á einstökum eiginfjárþáttum. Í öðru lagi er gert ráð fyrir sérstakri tilkynningarskyldu til bankaeftirlitsins ef eiginfjárhlutfall fer niður fyrir 10%, en það er til samræmis við tilskipun Evrópusambandsins nr. 93/6. Í þriðja lagi er lagt til að ákvæði frumvarpsins um að bankaeftirlitið geti veitt heimild til að flýta endurgreiðslu víkjandi lána falli brott þar sem við nánari athugun hefur komið í ljós að það hefur lítið raunhæft gildi.
6. Við 10. gr. Lagt er til að kröfur um efnisinnihald ársreiknings verði samræmdar þeim kröfum sem gerðar eru í lögum um ársreikninga.
7. Við 11. gr. Lagt er til að bankaeftirlitið skuli hafa samráð við reikningsskilaráð við setningu reglna um uppsetningu ársreiknings o.s.frv., enda er það í samræmi við hlutverk ráðsins skv. IX. kafla laga nr. 144/1994, um ársreikninga.
8. Við 13. gr. Lagt er til að gerðar verði auknar kröfur til endurskoðenda, sbr. skýringar í 1. tölul. hér að framan. Sérstaklega er tekið fram að geri endurskoðandi bankaeftirliti viðvart um þau atriði er greinin kveður á um brjóti það ekki í bága við þagnarskyldu þeirra. Ákvæðið er byggt á þeim nýmælum sem er að finna í tilskipun nr. 95/26.
9. Við 15. gr. Lagt er til að heimild ráðherra skv. 67. gr. laganna til að stytta frest sem hann hefur veitt viðskiptabanka eða sparisjóði til að auka eigið fé verði felld brott. Nefndin lagði til sambærilega breytingu á frumvarpi til laga um verðbréfaviðskipti.
10. Við 16. gr. Frumvarpið gerði ráð fyrir að Tryggingarsjóður viðskiptabanka og Tryggingarsjóður sparisjóða yrðu sameinaðir í einn tryggingarsjóð, Tryggingarsjóð innlánsstofnana. Meiri hluti nefndarinnar telur, með tilliti til athugasemda sem henni bárust, ekki rétt að gera þessa breytingu að svo stöddu. Því er lagt til að frumvarpinu verði breytt í það horf að áfram verði starfandi tveir tryggingarsjóðir. Ákvæði sem gilda um hvorn sjóð fyrir sig eru þó aðlöguð að tilskipun Evrópusambandsins um innlánatryggingakerfi, nr. 94/19, t.d. um að hver innstæðueigandi sé að lágmarki tryggður fyrir um 1.700.000 kr. (20.000 ECU) ef viðskiptabanki eða sparisjóður geta ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart honum. Í breytingartillögunni er jafnframt kveðið skýrar á um rétt erlendra útibúa banka og sparisjóða sem hafa hug á að starfa hér á landi en gert er í frumvarpinu. Þannig er útibúum erlendra viðskiptabanka og sparisjóða með staðfestu í öðru EES-ríki heimil aðild að tryggingarsjóðum innlánsstofnana vegna þeirra innstæðna sem ekki eru tryggðar með öðrum hætti innan EES, en útbúum erlendra banka og sparisjóða með staðfestu utan EES er gert skylt að vera aðilar að sjóðunum ef þau eru ekki aðilar að sambærilegu innlánatryggingarkerfi í heimaríki sínu. Þá eru gerðar nokkrar breytingar á gildandi reglum um sjóðina. Ber þar helst að nefna að skýrt er kveðið á um fjárhagslegan aðskilnað lánadeilda og innstæðutryggingadeilda. Nánari ákvæði eru sett um hlutverk lánadeildar og gerðar breytingar á stjórnum beggja sjóðanna sem þykja eðlilegar miðað við hlutverk og eðli þessara stofnana. Lagt er til að tekið verði fram í lögunum að innstæðudeildir sjóðanna verði ekki teknar til gjaldþrotaskipta né aðför að þeim heimil og loks er kveðið sérstaklega á um greiðsluskyldu nýrra viðskiptabanka eða sparisjóða til tryggingarsjóðs, en sambærilegt ákvæði er ekki í gildandi lögum. Í því sambandi er miðað við að nýr aðili skuli fyrstu sjö árin greiða árlega 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi stofnun á næstliðnu ári.

11. Við 20. gr. Lögð er til sambærileg breyting varðandi afturköllun starfsleyfis og lagt er til að gerð verði á ákvæði 3. gr. (25. gr. laganna) um veitingu starfsleyfis. Um skýringu vísast í 4. tölul. hér að framan.
12. Við 24. gr. Lagðar eru til tvær breytingar á gildistökuákvæði. Annars vegar er lagt til að ákvæði 8. gr. komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. júlí 1996 þar sem nauðsynlegt er að hlutaðeigandi aðilar hafi nokkurn aðlögunarfrest. Hins vegar er lagt til að felld verði brott heimild fjármálaráðherra til að ábyrgjast lántökur tryggingarsjóða innlánsstofnana allt að 3 milljörðum króna. Af upphaflegri heimild hefur ráðherra þegar ábyrgst lán að fjárhæð 1 milljarður en vegna breytinga sem hér er lagt til að gerðar verði á lánadeildum sjóðanna er eðlilegt að þessi almenna heimild verði felld brott. Tillögur um ný ákvæði til bráðabirgða tengjast þessari breytingu.
13. Lagt er til að bætt verði við tveimur ákvæðum til bráðabrigða. Það fyrra lýtur að því að þar sem gert er ráð fyrir að lánadeild Tryggingarsjóðs viðskiptabanka verði lögð niður í núverandi mynd yfirtaki ríkissjóður eignir deildarinnar og skuldir. Til að taka af öll tvímæli um að heimildir ríkissjóðs til að veita lán til beggja tryggingarsjóðanna, sbr. lög nr. 16/1995, um ráðstafanir til að efla eiginfjárstöðu innlánsstofnana, er lagt til að þær heimildir laganna verði afnumdar að því leyti sem þeim er enn óráðstafað. Síðara ákvæðið lýtur að því að veita ríkisviðskiptabönkunum heimild til endurfjármögnunar á víkjandi lánum sem þeir hafa tekið. Heimildin verði þó takmörkuð við þá fjárhæð sem slík lán námu 1. janúar 1994 og jafnframt er hún tímabundin fram til ársloka 1997. Samkvæmt frumvarpinu var ríkisviðskipabönkum heimilt án samþykkis Alþingis að taka víkjandi lán samkvæmt eiginfjárreglum upp að 50% af eiginfjárþætti A. Þetta hefði rýmkað mjög heimildir bankanna til töku víkjandi lána. Meiri hluti nefndarinnar leggur því til að þær heimildir verði verulega takmarkaðar frá því sem frumvarpið gerði ráð fyrir og að einungis verði veitt tímabundin heimild til endurfjármögnunar á hluta þeirra víkjandi lána sem Alþingi hefur áður heimilað.

Alþingi, 13. mars 1996.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Einar Oddur Kristjánsson.
Sólveig Pétursdóttir.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.

705. Breytingartillögur [232. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, VS, EOK, SP, GMS, PHB).

1. Við 1. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Á eftir b-lið komi nýr liður er orðist svo: Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Með umsókn skulu, auk upplýsinga skv. 2. mgr., fylgja gögn um náin tengsl stofnunar við einstaklinga eða lögaðila. Með nánum tengslum er átt við innbyrðis tengsl tveggja eða fleiri einstaklinga eða lögaðila sem fela í sér beina eða óbeina hlutdeild þessara aðila sem nemur a.m.k. 20% af eigin fé eða atkvæðisrétti fyrirtækis. Einnig er um náin tengsl að ræða ef fyrrgreindir aðilar, eða dótturfélög þeirra, hafa vegna samninga yfirráð í fyrirtæki (viðskiptabanka eða sparisjóði) eða sambærileg innbyrðis tengsl eins eða fleiri lögaðila eða einstaklinga við fyrirtæki.

b. Í stað „sex“ í efnismgr. c-liðar komi: þriggja.

2. Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar er orðist svo:

a. (2. gr.)

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Viðskiptabanki eða sparisjóður sem sækir um starfsleyfi skv. 4. gr. skal hafa höfuðstöðvar sínar hér á landi.

b. (3. gr.)

2. og 3. málsl. 3. mgr. 6. gr. laganna falla brott.

3. Við 2. gr. Greinin falli brott.

4. Á eftir 3. gr. (er verði 4. gr.) komi ný grein er orðist svo:

Við 25. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., sem orðast svo:

Ráðherra er og heimilt að synja umsókn um starfsleyfi ef náin tengsl viðskiptabanka eða sparisjóðs við einstaklinga eða lögaðila geta að mati bankaeftirlits hindrað það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum. Sama á við ef lög eða reglur, sem um slíka einstaklinga eða lögaðila gilda, hindra eðlilegt eftirlit.

5. Við 8. gr. (er verði 10. gr.) Eftirfarandi breytingar verði á efnisgreininni:

a. 2. mgr. orðist svo:

Við útreikning á eiginfjárhlutfalli skv. 1. mgr. skal eigið fé samsett af þremur þáttum, eiginfjárþætti A, eiginfjárþætti B og eiginfjárþætti C, og frádráttarliðum skv. 55. gr. Eftirfarandi takmarkanir gilda um einstaka eiginfjárþætti:

1. Eiginfjárþáttur A skal nema að lágmarki helmingi eigin fjár fyrir frádrátt skv. 55. gr.
2. Eiginfjárþáttur B má hæst nema 50% af eiginfjárþætti A.
3. Eiginfjárþáttur C má hæst nema 50% af eiginfjárþætti A. Jafnframt má eiginfjárþáttur C hæst nema 4,8% af reiknuðum áhættugrunni viðskiptabanka eða sparisjóðs vegna markaðsáhættu liða í veltubók og gengisáhættu.

b. 2. tölul. 4. mgr. orðist svo: Endurmatsreikningur annar en gert er ráð fyrir í eiginfjárþætti A.

c. 5. mgr. orðist svo:

Eiginfjárþáttur C telst vera víkjandi lán til skamms tíma sem viðskiptabanki eða sparisjóður tekur gegn útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en tvö ár og að við gjaldþrot hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs eða slit hans fáist það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur viðskiptabankanum eða sparisjóðnum en endurgreiðslu hlutafjár eða stofnfjár eða sambærilegs eigin fjár ríkisviðskiptabanka. Jafnframt skal kveðið á um að óheimilt sé að greiða af láninu eða greiða af því vexti ef eiginfjárhlutfall hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs er lægra en 8% eða ef endurgreiðsla höfuðstóls eða greiðsla vaxta veldur því að eiginfjárhlutfallið fer niður fyrir 8%. Tilkynna skal bankaeftirlitinu ef slík

greiðsla veldur því að eiginfjárhlutfallið fer niður fyrir 10%. Við mat á eiginfjárþætti C getur bankaeftirlitið heimilað einstökum viðskiptabönkum eða sparisjóðum að tekið sé tillit til hagnaðar af veltubókarviðskiptum að frádreginni fyrirsjáanlegri gjaldfærslu eða arði og að frádregnu nettótapi af annarri starfsemi, enda sé engin þessara fjárhæða meðtalin í eiginfjárþætti A.

6. Við 10. gr. (er verði 12. gr.). Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Inngangsmálsgrein orðist svo:
      Eftirfarandi breytingar verða á 56. gr. laganna:
   b. Á eftir inngangsmálsgrein komi nýr stafliður, a-liður, svohljóðandi: Á eftir orðinu „efnahagsreikning“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: fjárstreymisyfirlit.
   c. Efnismálsgrein verði b-liður.
7. Við 11. gr. (er verði 13. gr.). Á eftir orðunum „Bankaeftirlitið setur reglur“ í efnismálsgreininni komi: að höfðu samráði við reikningsskilaráð.
8. Við 13. gr. (er verði 15. gr.) bætist nýr liður, a-liður, er orðist svo: 5. mgr. orðast svo:
   Verði endurskoðendur varir við verulega ágalla í rekstri viðskiptabanka eða sparisjóðs eða atriði er varða innra eftirlit, greiðslutryggingar útlána eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu hlutaðeigandi stofnunar, svo og ef endurskoðandi hefur ástæðu til að ætla að lög, reglugerðir eða reglur sem gilda um stofnunina hafi verið brotnar, skal endurskoðandi gera stjórn hennar og bankaeftirliti viðvart. Þetta á einnig við um sambærileg atriði sem endurskoðandi viðskiptabanka eða sparisjóðs fær vitneskju um og varða fyrirtæki í nánum tengslum við hlutaðeigandi stofnun, sbr. 3. mgr. 4. gr. Ákvæði þessarar málsgreinar brjóta ekki í bága við þagnarskyldu endurskoðenda skv. 43. gr. laga þessara eða ákvæði annarra laga.
9. Við 15. gr. (er verði 17. gr.). Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 67. gr. laganna:
   a. Í stað „reikningsuppgjör endurskoðanda“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: endurskoðað reikningsuppgjör.
   b. Lokamálsliður 4. mgr. fellur brott.
10. Við 16. gr. (er verði 18. gr.). Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Í stað „Tryggingarsjóður“ í inngangsmálsgrein komi: Tryggingarsjóðir.
   b. Eftirfarandi breytingar verði á a-lið (75. gr.) greinarinnar:
      1. Orðin „og sparisjóðir“ í 1. málsl. 1. mgr. falli brott.
      2. Í stað orðsins „innlánsstofnana“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: viðskiptabanka.
      3. 2. málsl. 1. mgr. orðist svo: Tryggingarsjóður viðskiptabanka er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins.
      4. Í stað 2. mgr. komi þrjár nýjar málsgreinar sem orðist svo:
         Hlutverk Tryggingarsjóðs viðskiptabanka er að tryggja innstæðueiganda skil á greiðslu innstæðu sem hann hefur krafist endurgreiðslu á og viðskiptabanki eða útibú eru ekki fær um að inna af hendi.

         Ráðherra skipar sjóðnum stjórn til þriggja ára í senn. Stjórnin skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Samband íslenskra viðskiptabanka tilnefnir einn mann í stjórn.

         Stjórn Tryggingarsjóðs viðskiptabanka er heimilt að stofna sérstaka lánadeild með aðskildum fjárhag og reikningshaldi. Stofnfé getur að hámarki numið því eigin fé sjóðsins sem er umfram kröfur um lögbundið lágmark í innstæðutryggingadeild skv. 79. gr. Eignir annarrar deildarinnar verða ekki

notaðar til að standa skil á skuldbindingum hinnar. Hlutverk lánadeildar er að tryggja fjárhagslegt öryggi viðskiptabanka, svo sem með lánveitingum, yfirtöku eigna, ábyrgðum og öðrum þeim aðgerðum sem samræmast tilgangi deildarinnar.

5. Fyrirsögn (75. gr.) verði: *Tryggingarsjóður viðskiptabanka.*

c. Eftirfarandi breytingar verði á b-lið (76. gr.) greinarinnar:

1. Við bætist tvær málsgreinar, er verði 1. og 2. mgr., svohljóðandi:

Tryggingarsjóður sparisjóða er sjálfseignarstofnun sem allir sparisjóðir skulu vera aðilar að. Meginhlutverk Tryggingarsjóðs sparisjóða er að tryggja fjárhagslegt öryggi sparisjóða og full skil á innlánsfé við endurskipulagningu eða slit sparisjóðsins, sbr. nánari ákvæði þessara laga.

Tryggingarsjóður sparisjóða skal starfa í tveimur sjálfstæðum deildum, innstæðudeild og lánadeild, með aðskilinn fjárhag og reikningshald. Eignir annarrar deildarinnar verða ekki notaðar til að standa skil á skuldbindingum hinnar. Hlutverk lánadeildar er að tryggja fjárhagslegt öryggi sparisjóða. Í því skyni er stjórn sjóðsins heimilt að veita sparisjóði lán eða yfirtaka vissar eignir sparisjóðs, ganga í ábyrgðir fyrir sparisjóð, bæta sérstakt tap og kostnað sem sparisjóður verður fyrir og veita sparisjóðum stuðning að öðru leyti á hvern þann hátt sem stjórn sjóðsins ákveður í samræmi við ákvæði laga þessara og samþykkta sjóðsins. Tryggingarsjóði sparisjóða er enn fremur heimilt að veita sparisjóði víkjandi lán í því skyni að efla eiginfjárstöðu hans. Stjórn sjóðsins getur sett skilyrði fyrir veitingu víkjandi láns. Í samþykktum sjóðsins skal setja nánari reglur um starfsemi lánadeildar, svo og reglur um tekjur hennar og lánveitingar. Stjórn Tryggingarsjóðs sparisjóða er heimilt að láta rannsaka rekstur og efnahag sparisjóðs sem veitt er víkjandi lán. Getur stjórnin í þessu sambandi krafist nauðsynlegra upplýsinga frá hlutaðeigandi sparisjóði.

2. Í stað orðanna „Tryggingarsjóðs innlánsstofnana“ í 1. málsl. 1. mgr. og 3. mgr. komi: Tryggingarsjóðs sparisjóða.

3. 3. málsl. 1. mgr. falli brott.

4. 2. mgr. (er verði 4. mgr.) orðist svo:

Stjórn Tryggingarsjóðs sparisjóða fer með málefni hans milli aðal- og aukafunda. Hún skal skipuð fimm mönnum og skulu fjórir stjórnarmenn ásamt jafnmörgum varamönnum kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn, hlutbundinni kosningu ef óskað er. Ráðherra tilnefnir einn mann og skal hann tilnefndur til þriggja ára í senn. Stjórn Tryggingarsjóðsins kýs sér formann og skiptir með sér verkum. Nánar skal kveðið á um skipan og verkefni stjórnar og starfsemi sjóðsins að öðru leyti í samþykktum hans.

5. Á eftir 3. mgr. (er verði 5. mgr.) komi ný málsgrein er orðist svo:

Aðalfundur setur Tryggingarsjóði sparisjóða samþykktir sem háðar skulu staðfestingu ráðherra að fenginni umsögn bankaeftirlitsins.

6. 4. og 5. mgr. falli brott.

7. Fyrirsögn (76. gr.) verði: *Tryggingarsjóður sparisjóða.*

d. Á eftir b-lið komi nýr liður (76. gr. A), svohljóðandi:

Erlend útibú innlánsstofnana.

Útibúum erlendra viðskiptabanka og sparisjóða með staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, sem starfa hér á landi, er heimil aðild að trygging-

arsjóðum innlánsstofnana er starfa í samræmi við ákvæði þessara laga vegna innstæðna sem ekki eru tryggðar með öðrum hætti innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Útibú erlendra viðskiptabanka og sparisjóða, sem hafa staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins og starfa hér á landi, skulu vera aðilar að Tryggingarsjóði viðskiptabanka eða Tryggingarsjóði sparisjóða, eftir því sem við getur átt, enda sé útibúið ekki aðili að sambærilegu innlánatryggingakerfi í heimaríki sínu.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um aðild útibúa erlendra viðskiptabanka og sparisjóða að tryggingarsjóðum innlánsstofnana, svo og um þær viðbótartryggingar sem útibú þurfa til þess að geta starfað hér á landi. Um iðgjöld og greiðslur vegna trygginga samkvæmt þessari grein skal nánar kveðið á um í reglugerð.

e. Eftirfarandi breytingar verði á c-lið (77. gr.) greinarinnar:
   1. Í stað orðanna „Meginhlutverk Tryggingarsjóðs innlánsstofnana er að tryggja innstæðueiganda skil á“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: Heimilt er innstæðueiganda að krefja tryggingarsjóð um.
   2. Í stað orðsins „krafist“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: krafið viðskiptabanka eða sparisjóð um.
   3. Á eftir orðunum „fyrir peningaþvætti“ í 3. mgr. komi: svo og innstæður dóttur- eða móðurfélags þessara stofnana.
   4. Á eftir 3. mgr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

      Innstæðudeildir tryggingarsjóða innlánsstofnana verða ekki teknar til gjaldþrotaskipta, né verður heimilt að gera aðför í þeim.
   5. Í stað „stjórn Tryggingarsjóðs innlánsstofnana“ í 4. mgr. (er verði 5. mgr.) komi: stjórnir tryggingarsjóða innlánsstofnana.
   6. 1. og 2. tölul. 4. mgr. falli brott.
   7. Í stað „Tryggingarsjóði innlánsstofnana„ í 3. tölul. 4. mgr. komi: tryggingarsjóðum er lög þessi taka til.
   8. Í stað „Tryggingarsjóði innlánsstofnana“ í 4. tölul. 4. mgr. komi: tryggingarsjóðum fyrir innlánsstofnanir.
   9. Við 4. mgr. bætist nýr töluliður er orðist svo: Verksvið stjórnar og ávöxtun á eignum sjóðsins.
   10. Við bætist tvær nýjar málsgreinar er orðist svo:

       Um ársreikning og endurskoðun tryggingarsjóða innlánsstofnana og um eftirlit með starfsemi þeirra fer samkvæmt ákvæðum VII. og XIV. kafla.

       Tryggingarsjóðir innlánsstofnana eru undanþegnir tekjuskatti og eignarskatti.
   11. Fyrirsögn (77. gr.) verði: *Almenn ákvæði um starfsemi tryggingarsjóða.*

f. Eftirfarandi breytingar verði á d-lið (78. gr.) greinarinnar:
   1. Í stað orðsins „Tryggingarsjóði“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: tryggingarsjóðum.
   2. Í stað orðsins „sjóðsins“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: sjóðs.
   3. Í stað orðanna „ Stjórn Tryggingarsjóðs“ komi: Stjórnum tryggingarsjóða.
   4. Í stað orðanna „Getur stjórnin“ í 2. mgr. komi: Stjórn sjóðs getur.

g. Eftirfarandi breytingar verði á e-lið (79. gr.) greinarinnar:
   1. 1. mgr. orðist svo:

      Stefnt skal að því að heildareign innstæðudeildar tryggingarsjóða innlánsstofnana nemi a.m.k. 1% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskipta-

bönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári. Hafi heildareign ekki náð lágmarki skv. 1. málsl. skulu allir viðskiptabankar og sparisjóðir greiða eigi síðar en 1. mars ár hvert gjald til sjóðsins er nemur 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði á næstliðnu ári, sbr. þó hámark skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar. Þar til heildareign deildarinnar hefur náð tilskildu lágmarki skal hver viðskiptabanki og sparisjóður leggja fram ábyrgðaryfirlýsingu fyrir jafnháum hlut af þeirri fjárhæð er á vantar til að lágmarkinu hafi verið náð og nemur hlut tryggðra innstæðna hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs af samanlögðum tryggðum innstæðum. Greiðslur til sjóðsins eru óendurkræfar.

2. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein er orðist svo:

   Nýr viðskiptabanki eða sparisjóður skal greiða sérstaklega til sjóðsins 1. mars ár hvert í sjö ár frá því að hann hefur starfsemi hér á landi 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði á næstliðnu ári, í fyrsta sinn fullu ári eftir upphaf starfseminnar. Auk þess leggur hlutaðeigandi viðskiptabanki eða sparisjóður fram ábyrgðaryfirlýsingu er stjórn sjóðsins metur gilda fyrir mismun á greiðslu til sjóðsins og lágmarki skv. 1. málsl. þessarar greinar samkvæmt nánari ákvæðum er ráðherra setur í reglugerð.

3. 2. og 3. mgr. falli brott.

4. Í stað orðanna „Tryggingarsjóðs innlánsstofnana“ og „Tryggingarsjóði innlánsstofnana“ í 4. og 5. mgr. komi: tryggingarsjóða innlánsstofnana, og: tryggingarsjóðum innlánsstofnana.

5. Á eftir 3. málsl. 4. mgr. (er verði 3. mgr.) komi nýr málsliður er orðist svo: Kröfur um innborgun í sjóðinn á grundvelli ábyrgðaryfirlýsinga geta á hverju ári ekki verið hærri en sem nemur einum tíunda hluta af lágmarksstærð sjóðsins skv. 1. mgr. þessarar greinar.

h. Eftirfarandi breytingar verði á f-lið (80. gr.) greinarinnar:

1. Í stað orðanna „Tryggingarsjóði innlánsstofnana“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: tryggingarsjóði innlánsstofnunar samkvæmt lögum þessum.
2. Í stað orðanna „skal ráðherra þá afturkalla“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: getur ráðherra þá afturkallað.
3. Í stað orðanna „sbr. 4. tl.“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: sbr. 3. tölul.
4. Í stað orðanna „Tryggingarsjóði innlánsstofnana“ í 1. málsl. 3. mgr. komi: tryggingarsjóði innlánsstofnunar.

i. G- og h-liðir (81. gr. og 82. gr.) falli brott.

11. Við 20. gr. (er verði 22. gr.) bætist nýr stafliður er orðist svo: Við 1. mgr. bætist nýr töluliður, 6. tölul., svohljóðandi: sé það mat bankaeftirlits að náin tengsl viðskiptabanka eða sparisjóðs við einstaklinga eða lögaðila geti hindrað það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum. Sama á við ef lög eða reglur, sem um þá aðila gilda, hindra eðlilegt eftirlit. Starfsleyfi verður þó aðeins afturkallað að bankaeftirlitið hafi gert athugasemdir við hlutaðeigandi banka eða sparisjóð áður og gefið fyrirtækinu kost á að leysa úr málinu.

12. Við 24. gr. (er verði 26. gr.) Eftirfarandi breytingar verði á greininni:

a. Í stað „1. janúar“ í 2. málsl. komi: 1. júlí.

b. Við bætist nýr málsliður er orðist svo: Jafnframt falla brott 5.–7. gr. laga nr. 16/1993, um ráðstafanir til að efla eiginfjárstöðu innlánsstofnana.

13. Við bætist tvö ný ákvæði til bráðabrigða er orðist svo:
    a. (I.)
    Ríkissjóður yfirtekur frá og með gildistöku laga þessara allar eignir og skuldir lánadeildar Tryggingarsjóðs viðskiptabanka.
    b. (II.)
    Ríkisviðskiptabanka er fram til 31. desember 1997 heimilt að taka víkjandi lán til endurfjármögnunar víkjandi lánum er bankinn hefur tekið. Hámarksheimild samkvæmt þessu ákvæði miðast við þá fjárhæð sem slík lán námu 1. janúar 1994.

706. Fyrirspurn [400. mál]

til forsætisráðherra um lífeyrisrétt öryrkja.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hvaða bætur fær 25 ára gamall einhleypur maður sem hafði 80 þús. kr. í tekjur á mánuði og verður 80% öryrki vegna slyss sem annar aðili ber skaðabótaábyrgð á? Átt er við allar hugsanlegar bætur og réttindi frá Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóði, tryggingafélagi og öðrum aðilum eftir atvikum vegna slyssins og að
    a. hann hafi ekki greitt í lífeyrissjóð; örorka sé ekki bótaskyld annars staðar;
    b. hann eigi rétt á örorkulífeyri frá lífeyrissjóði vegna iðgjaldagreiðslu síðustu fimm árin (t.d. samkvæmt samræmdri reglugerð SAL) af launum sem höfðu hækkað hlutfallslega eins og grundvallarlaun sjóðsins og nemi nú 80 þús. kr. á mánuði; örorka sé ekki bótaskyld annars staðar;
    c. sama og í b-lið nema örorkan stafi af slysi (ekki bílslysi) á vinnustað sem atvinnurekandi ber ábyrgð á; þess er óskað að fjárhæð hugsanlegra eingreiðslubóta verði jafnframt tilgreind sem ígildi mánaðarlegra tekna samkvæmt viðurkenndum viðmiðunartölum um lífslíkur og raunvexti;
    d. sama og í c-lið nema örorkan stafi af ábyrgðarskyldu bílslysi utan vinnustaðar.
2. Hversu hátt orkutap mundi tryggingayfirlæknir meta vegna slíkrar örorku fyrir Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóði og hugsanlega tryggingafélag?
3. Hverjar eru heildarmánaðartekjur mannsins sem öryrkja skv. a-, b-, c- og d-lið ef hann getur unnið 20% starf og hlýtur fyrir það 20% af 80 þús. kr. eða 16 þús. kr.? Hvað eru mánaðartekjur mannsins sem öryrkja hátt hlutfall af tekjum hans fyrir slysið?
4. Hvernig breytist svarið ef tekjur mannsins eru 120 þús. kr. á mánuði eða 160 þús. kr. á mánuði?
5. Hvernig breytist svarið ef maðurinn er 55 ára á slysdegi?

Skriflegt svar óskast.

707. Fyrirspurn [401. mál]

til menntamálaráðherra um brottfall nemenda úr skyldunámi og fyrstu ár í framhaldsskóla.

Frá Bryndísi Guðmundsdóttur.

1. Hversu mörg ungmenni luku ekki grunnskólanámi árin 1990–95, sundurliðað eftir árum og kynjum?
2. Hversu mörg ungmenni féllu brott úr skóla fyrstu tvö ár í framhaldsskóla árin 1990–95, sundurliðað eftir árum og kynjum?
3. Hvað er vitað um orsakir brottfallsins?
4. Hefur námsferill nýnema í framhaldsskólum verið kannaður á einhvern hátt? Ef svo er, hvar og hvernig?
5. Hve margar fornámsdeildir eru starfræktar og við hvaða skóla eru þær?
6. Hverjar urðu niðurstöður samstarfshóps um aðgerðir til aðstoðar ungmennum sem flosnað hafa upp úr skóla, sbr. ályktun Alþingis frá 12. mars 1991?

Skriflegt svar óskast.

708. Fyrirspurn [402. mál]

til menntamálaráðherra um náms- og starfsfræðslu.

Frá Bryndísi Guðmundsdóttur.

1. Er náms- og starfsfræðslu ætlað rúm á viðmiðunarstundaskrá unglingadeilda grunnskóla og í framhaldsskólum? Ef svo er, hve margar stundir í viku?
2. Er um að ræða náms- og starfsfræðslu í samvinnu við aðila utan skólakerfisins, t.d. aðila vinnumarkaðar, menntakerfis eða sveitarfélaga?
3. Hefur einhver eftirfylgd verið við nemendur að loknum grunnskóla, t.d. í tengslum við fræðsluskrifstofur, félagsmálayfirvöld eða námsráðgjafa?

Skriflegt svar óskast.

709. Fyrirspurn [403. mál]

til menntamálaráðherra um námsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum.

Frá Bryndísi Guðmundsdóttur.

1. Hve mörg eru stöðugildi námsráðgjafa:
   a. í grunnskólum,
   b. í framhaldsskólum?

2. Í hve mörgum grunnskólum annars vegar og framhaldsskólum hins vegar eru starfandi námsráðgjafar og hvernig er skipting þeirra miðað við fræðsluumdæmi?
3. Hve margir nemendur eru á hvern starfandi námsráðgjafa:
   a. í grunnskólum,
   b. í framhaldsskólum?
4. Hefur farið fram könnun eða kerfisbundið mat á vegum menntamálaráðuneytis á störfum námsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum?

Skriflegt svar óskast.

710. Fyrirspurn [404. mál]

til forsætisráðherra um nefndir á vegum ráðuneyta.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Hvaða nefndir hafa ráðherrar skipað síðan núverandi ríkisstjórn tók við völdum? Hverjir sitja í nefndunum og hvert er verkefni þeirra? Hver er niðurstaða nefndarstarfsins þar sem því er lokið? Hver er kostnaðurinn við nefndarstarfið? Svar óskast sundurliðað eftir ráðuneytum.

Skriflegt svar óskast.

711. Frumvarp til laga [405. mál]

um breytingu á iðnaðarlögum, nr. 42 18. maí 1978, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 2. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, 2.–3. mgr., er orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara hafa ríkisborgarar eða lögaðilar aðildarríkja að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið rétt til að reka hér iðnað og starfa sjálfstætt eða sem launþegar í iðnaði á grundvelli skuldbindinga Íslands um viðurkenningu á starfi og starfsþjálfun í iðnaði í öðru EES-ríki, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið og önnur lög er máli skipta. Ráðherra getur kveðið nánar á um þennan rétt í reglugerð.

Lögreglustjórar skulu staðfesta réttmæti gagna um starf og starfsþjálfun eftir að viðkomandi iðnaðarmannafélagi hefur verið gefinn kostur á að segja álit sitt. Lögreglustjórar hafa eftirlit með framkvæmd þessara ákvæða. Ágreining um rétt má bera undir ráðherra og enn fremur leita úrskurðar dómstóla.

2. gr.

Við 1. mgr. 15. gr. laganna bætist nýr töluliður, 6. tölul., svohljóðandi:

6. Ef ríkisborgari aðildarríkis að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið starfar hér án þess að staðfesting skv. 3. mgr. 2. gr. liggi fyrir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að áliti eftirlitsstofnunar EFTA hafa ákvæði fimm gerða, sem voru hluti af EES-samningnum í upphaflegri mynd, ekki verið tekin til fulls upp í landsrétt hér. Að meginstefnu til veita gerðir þessar ríkisborgurum EES-ríkja rétt til starfa í iðnaði í öðrum aðildarríkjum á grundvelli starfsreynslu nánar tiltekinn tíma. Álitið hafði verið og eftirlitsstofnuninni tilkynnt að ákvæðin hefðu m.a. verið tekin upp í landsrétt í lögum nr. 83/1993 um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum. Þau fjalla hins vegar ekki um þessar gerðir heldur aðrar gerðir sem tengjast starfsmenntun.

Eftirlitsstofnun EFTA tók fram að ríkisborgarar EES-ríkja nytu ekki hér á landi réttar til að taka upp þau störf í iðnaði sem ákvæði tilskipananna veittu þeim þótt þeir hefðu þá starfsreynslu sem greint væri frá í tilskipununum. Ákvæði iðnaðarlaganna kæmu í veg fyrir slíkt. Þá mundu Íslendingar með starfsreynslu í öðrum EES-ríkjum njóta réttar samkvæmt gerðunum hér á landi. Leiðir þetta af dómi Evrópudómstólsins nr. 115/1978, sbr. 6. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið um túlkun ákvæða EES-samningsins í samræmi við úrskurði dómstóls Evrópubandalaganna sem máli skipta.

Tekið skal fram hér að ákvæði gerðanna eru ekki einungis til hagsbóta fyrir ríkisborgara annarra EES-ríkja hér á landi heldur einnig fyrir íslenska ríkisborgara í öðrum EES-ríkjum.

Samkvæmt EES-samningnum hefði átt að taka ákvæði gerðanna upp í landsrétt hér við gildistöku EES-samningsins 1. janúar 1994.

Frumvarp þetta er samið í iðnaðarráðuneytinu.

Þær fimm EES-gerðir, sem að framan greinir, eru:

1. Tilskipun ráðsins 64/427/EBE frá 7. júlí 1964 sem hefur að geyma ítarleg ákvæði um bráðabirgðaráðstafanir vegna starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga á sviði framleiðslu- og vinnsluiðnaðar sem fellur undir ISIC yfirflokka 23–40 (Iðnaður og handverk) (sjá texta 31. tölul. VII. viðauka við EES-samninginn um gagnkvæma viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi í Stjórnartíðindum 1993, deild C 3, bls. 1244, m.a. um breytingu á gerðinni með tilskipun ráðsins 69/77/EBE frá 4. mars 1969, en texti gerðarinnar er birtur í sérriti S34 í EES-gerðum sem tengjast Stjórnartíðindum);
2. tilskipun ráðsins 64/429/EBE frá 7. júlí 1964 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita þjónustu á sviði framleiðslu- og vinnsluiðnaðar er heyrir undir ISIC yfirflokka 23–40 (Iðnaður og handverk) (sjá 32. tölul. VII. viðauka við EES-samninginn í framangreindu hefti Stjórnartíðinda og textann í framangreindu sérriti);

3. tilskipun ráðsins 68/365/EBE frá 15. október 1968 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita þjónustu á sviði matvæla- og drykkjarvöruframleiðslu (ISIC yfirflokkar 20 og 21) (sjá 35. tölul. VII. viðauka við EES-samninginn í framangreindu hefti Stjórnartíðinda og textann í framangreindu sérriti);
4. tilskipun ráðsins 68/366/EBE frá 15. október 1968 sem hefur að geyma ítarleg ákvæði um bráðabirgðaráðstafanir vegna starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga á sviði matvæla- og drykkjarvöruframleiðslu (ISIC yfirflokkar 20 og 21) (sjá 36. tölul. VII. viðauka við EES-samninginn í framangreindu hefti Stjórnartíðinda og textann í framangreindu sérriti);
5. tilskipun ráðsins 82/489/EBE frá 19. júlí 1982 um ráðstafanir til að auðvelda að staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu sé neytt í háriðn (sjá 47. tölul. VII. viðauka við EES-samninginn í framangreindu hefti Stjórnartíðinda og textann í framangreindu sérriti).

Tekið skal fram hér að í gerðunum er sums staðar vikið að rétti til að staðfesta sig hér á landi, þ.e. atvinnurekstrarrétti eða stofnsetningarrétti. Á þeim málum er almennt tekið í lögum nr. 34/1991 um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, sbr. breytingar á þeim lögum með lögum nr. 23/1991 og 121/1993. Þá geta gerðir þessar snert réttindi launþega til starfa í iðnaði og hefur verið tekið á því í lögum nr. 47/1993 um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, með síðari breytingum. Þá kann að reynast visst hald í jafnréttisákvæði EES-samningsins o.fl. sem hefur verið lögfest með lögum nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið.

Þegar litið er á framangreindar gerðir sést að ákvæði gerða 64/427/EBE og 64/429/EBE tengjast, svo og ákvæði gerða 68/365/EBE og 68/366/EBE en gerð 82/489/EBE stendur sjálfstætt. Í stuttu máli gilda þó þær reglur um réttindi viðkomandi iðnaðarmanna að starf og eftir atvikum þjálfun um alllangt skeið í einu EES-ríki nægir til starfsréttinda í öðru EES-ríki, 6–8 ár almennt fyrir ýmsar iðngreinar, 6–8 ár fyrir tilteknar iðngreinar á sviði matvæla- og drykkjarvöruframleiðslu og 6–8 ár í háriðn. Ákvæði iðnaðarlaga um íslensk meistarabréf og sveinsbréf halda gildi sínu. Þær breytingar verða, ef frumvarpið verður samþykkt, að ríkisborgarar EES-ríkja geta öðlast rétt til starfa í iðngreinum á grundvelli starfsreynslu og starfsþjálfunar. Viðkomandi geta þó ekki titlað sig sveina eða meistara. Meginreglan er með öðrum orðum gagnkvæm viðurkenning á starfsréttindum en einstakar þjóðir geta gert strangari kröfur fyrir þá borgara sína sem öðlast starfsréttindi í iðnaði heima fyrir, t.d. krafist sveinsbréfs eða meistarabréfs.

Bæta má við um efni framangreindra gerða að í tilskipun 64/427/EBE felst að aðili, sem hefur lagt stund á viðkomandi starfsemi í EES-ríki ákveðinn tíma, uppfyllir skilyrði til að stunda þá starfsemi í öðrum EES-ríkjum. Starfstíminn í upphaflega ríkinu þarf að vera 6–8 ár eftir því hve lengi viðkomandi hefur starfað sjálfstætt og hvort eða hve langa starfsþjálfun hann hefur hlotið að öðru leyti. Ríkið, þar sem starfsemin var stunduð, verður að gefa út skilríki er staðfesti að viðkomandi aðili hafi lagt stund á starfsemina. Ef ekkert skilyrði er um starfsþjálfun í upphaflega ríkinu verður sá aðili, er vill fá starfstímann metinn í öðru EES-ríki, að sýna fram á að ekki hafi meira en 10 ár liðið frá því að hann lagði stund á viðkomandi starfsemi.

Í viðauka við tilskipun 64/429/EBE sést að samkvæmt alþjóðlegum staðli um iðngreinaskiptingu (ISIC), sem stuðst var við á sínum tíma, falla flestar iðngreinar þar undir. Undanþegnar þessari tilskipun eru framleiðsla lyfja, skipasmíðar og skipaviðgerðir o.fl.

Í tilskipun 68/365/EBE er fjallað um þrengra svið iðngreina en í tilskipunum tveimur frá árinu 1964. Þessi tilskipun á fyrst og fremst við um framleiðsluiðnað en vissar löggiltar iðngreinar geta fallið þar undir, svo sem bakaraiðn og kjötiðn.

Í tilskipun 68/366/EBE, sem snertir einnig matvæla- og drykkjarvöruiðnað, segir að viðurkenna skuli vottorð um 6–8 ára starf og starfsþjálfun.

Í tilskipun 82/489/EBE, sem snertir háriðn, er miðað við 6–8 ára starf og þjálfun.

Áður hefur verið minnst á lög nr. 83/1993 um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum sem menntamálaráðherra lagði fram frumvarp um. Þá má nefna fleiri lög sem snerta upptöku gerða samkvæmt VII. viðauka við EES-samninginn, um gagnkvæma viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi, í íslenskan rétt. Nefna má lög nr. 116/1993 um breytingar á lagaákvæðum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna aðildar að samningnum um Evrópskt efnahagssvæði, sbr. reglugerð nr. 244/1994 á grundvelli laganna en EES-gerðirnar á þessu sviði eru um sumt líkar framangreindum iðnaðargerðum. Þá má nefna lög nr. 62/1993 um breytingar á lagaákvæðum er varða samgöngumál vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu og heimild í þeim lögum til setningar reglugerða á grundvelli ýmissa laga, t.d. laga nr. 79/1985 um skipulag ferðamála, sbr. reglugerð nr. 571/1993 um þau mál. Eru ákvæði EES-gerða á sviði ferðamála t.d. mjög lík framangreindum iðnaðargerðum og er stefnt að upptöku iðnaðargerðanna í íslenskan rétt með svipuðum hætti.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um ákvæði fyrstu efnismálsgreinar vísast til almennra athugasemda hér að framan, sbr. einkum tilvísun í skuldbindingar samkvæmt VII. viðauka við EES-samninginn og það sem segir um fjárfestingarlögin og atvinnu- og búseturéttarlögin. Stefnt er að því að ákvæði framangreindra iðnaðargerða öðlist reglugerðargildi hér á landi. Yrði þannig tryggt til fulls að ákvæði EES-gerða á sviði iðnaðar yrðu virk hér á landi. Ekki er gert ráð fyrir að veittur sé meiri réttur en í gerðunum felst.

Ákvæði annarar efnismálsgreinar byggja á því kerfi sem er við lýði í iðnaðarlögum en þar kemur m.a. fram að lögreglustjórar láti af hendi meistarabréf og iðnaðarleyfi. Bætt er við ákvæði um álit frá iðnaðarmannafélagi.

Það skal ítrekað hér að af hálfu EES-ríkjanna er um að ræða gagnkvæma viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi. Íslenskir iðnaðarmenn munu því njóta réttar samkvæmt gerðum þessum hyggi þeir á störf í öðrum EES-ríkjum.

Um 2. gr.

Vegna breytingarinnar í frumvarpi þessu er bætt við refsiákvæði í anda annarra refsiákvæða laga þessara.

Um 3. gr.

Í þessari grein er gildistökuákvæði og þarfnast hún ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á iðnaðarlögum, nr. 42/1978, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu felast viðbætur við 2. og 15. gr. iðnaðarlaga vegna ákvæða í EES-samningi. Í 2. gr. iðnaðarlaga segir að enginn megi reka iðnað í atvinnuskyni á Íslandi eða í íslenskri landhelgi, nema hann hafi fengið til þess leyfi samkvæmt þessum lögum. Áformuð breyting laganna miðar að því að þrátt fyrir þetta ákvæði hafi ríkisborgarar eða lögaðilar aðildarríkja að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið rétt til að reka hér iðnað og starfa sjálfstætt eða sem launþegar í iðnaði á grundvelli skuldbindinga um viðurkenningu á starfi og starfsþjálfun í iðnaði í öðru EES-ríki. Í 15. gr. iðnaðarlaga eru ákvæði um að sektum skuli beitt ef vissum skilyrðum er ekki fullnægt og gerir þetta frumvarp ráð fyrir einu til viðbótar er varðar erlenda ríkisborgara og er afleiðing af breytingu á 2. gr. Ekki verður séð að samþykkt frumvarpsins hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð. Að vísu mun álag á störf kunna að aukast að einhverju marki hjá embættum lögreglustjóra í sambandi við rannsóknir á umsóknum áður en til leyfisveitinga kemur, sem erfitt er að meta. Á móti koma gjöld sem greidd eru í ríkissjóð fyrir staðfestingu lögreglustjóra á starfsréttindum samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

712. Frumvarp til laga [73. mál]

um mannanöfn.

(Eftir 2. umr., 14. mars.)

I. KAFLI
Fullt nafn og nafngjöf.

1. gr.

Fullt nafn manns er eiginnafn hans eða eiginnöfn, millinafn, ef því er að skipta, og kenninafn.

Eiginnöfn og millinafn mega aldrei vera fleiri en þrjú samtals.

2. gr.

Skylt er að gefa barni nafn innan sex mánaða frá fæðingu þess.

Barn öðlast nafn við skírn í þjóðkirkjunni eða skráðu trúfélagi eða með tilkynningu um nafngjöf til Hagstofu Íslands, Þjóðskrár, prests eða forstöðumanns skráðs trúfélags.

3. gr.

Eigi að gefa barni nafn við skírn sem prestur þjóðkirkjunnar, forstöðumaður eða prestur skráðs trúfélags á að annast skal forsjármaður þess, um leið og skírnar er óskað, skýra honum frá því nafni eða nöfnum sem barnið á að hljóta. Sé eiginnafn eða millinafn sem

barn á að hljóta ekki á mannanafnaskrá, sbr. 22. gr., skal prestur eða forstöðumaður trúfélags hvorki samþykkja það að svo stöddu né gefa það við skírn heldur skal málið borið undir mannanafnanefnd, sbr. þó 3. mgr. 6. gr. og 7. og 10. gr.

Berist Þjóðskrá tilkynning um eiginnafn eða millinafn sem ekki er á mannanafnaskrá skal það ekki skráð að svo stöddu heldur skal málinu vísað til mannanafnanefndar.

II. KAFLI
Eiginnöfn.

4. gr.

Hverju barni skal gefa eiginnafn, þó ekki fleiri en þrjú.

Þeir sem fara með forsjá barns hafa bæði rétt og skyldu til að gefa því eiginnafn eftir því sem greinir í lögum þessum.

5. gr.

Eiginnafn skal geta tekið íslenska eignarfallsendingu eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli. Nafnið má ekki brjóta í bág við íslenskt málkerfi. Það skal ritað í samræmi við almennar ritreglur íslensks máls nema hefð sé fyrir öðrum rithætti þess.

Stúlku skal gefa kvenmannsnafn og dreng skal gefa karlmannsnafn.

Eiginnafn má ekki vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama.

III. KAFLI
Millinöfn.

6. gr.

Heimilt er að gefa barni eitt millinafn auk eiginnafns þess eða eiginnafna. Millinafn má hvort heldur er gefa stúlku eða dreng.

Millinafn skal dregið af íslenskum orðstofnum eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli en má þó ekki hafa nefnifallsendingu. Nöfn, sem aðeins hafa unnið sér hefð sem annaðhvort eiginnöfn karla eða eiginnöfn kvenna, eru ekki heimil sem millinöfn. Þó er eiginnafn foreldris í eignarfalli heimilt sem millinafn. Millinöfn, sem eru mynduð með sama hætti og föður- og móðurnöfn, sbr. 3. mgr. 8. gr., eru óheimil.

Millinafn, sem víkur frá ákvæðum 2. mgr., er heimilt þegar svo stendur á að eitthvert alsystkini þess sem á að bera nafnið, foreldri, afi eða amma ber eða hefur borið nafnið sem eiginnafn eða millinafn.

Millinafn skal ritað í samræmi við almennar ritreglur íslensks máls nema hefð sé fyrir öðrum rithætti þess.

Millinafn má ekki vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama.

7. gr.

Ættarnafn er einungis heimilt sem millinafn í þeim tilvikum sem um getur í þessari grein.

Hver maður, sem ber ættarnafn í þjóðskrá, má breyta því í millinafn, sbr. 15. gr.

Hver maður, sem ekki ber ættarnafn en á rétt til þess, má bera það sem millinafn.

Maður má bera ættarnafn sem millinafn hafi eitthvert alsystkini hans, foreldri, afi eða amma borið það sem eiginnafn, millinafn eða ættarnafn.

Maður á og rétt á að taka sér ættarnafn maka síns sem millinafn. Honum er einnig heimilt að taka sér nafnið sem millinafn beri maki hans það sem millinafn skv. 2. eða 3. mgr.

IV. KAFLI
Kenninöfn.

8. gr.

Kenninöfn eru tvenns konar, föður- eða móðurnöfn og ættarnöfn.

Hver maður skal kenna sig til föður eða móður nema hann eigi rétt á að bera ættarnafn og kjósi að gera svo, sbr. 5. mgr. Manni er enn fremur heimilt að kenna sig til beggja foreldra sinna eða bera ættarnafn sem hann á rétt á til viðbótar því að kenna sig til föður eða móður. Heimilt er að ófeðrað barn sé kennt til afa síns.

Föður- og móðurnöfn eru mynduð þannig að á eftir eiginnafni eða eiginnöfnum og millinafni, ef því er að skipta, kemur nafn föður eða móður í eignarfalli, að viðbættu son ef karlmaður er en dóttir ef kvenmaður er.

Nú óskar maður þess að hann eða barn hans beri kenninafn sem dregið er af erlendu eiginnafni foreldris og má þá með úrskurði mannanafnanefndar laga kenninafnið að íslensku máli.

Maður, sem samkvæmt þjóðskrá ber ættarnafn við gildistöku þessara laga eða bar ættarnafn í gildistíð laga nr. 37/1991, má bera það áfram. Sama gildir um niðja hans hvort heldur er í karllegg eða kvenlegg.

Maður, sem samkvæmt þjóðskrá er kenndur til föður eða móður maka síns við gildistöku þessara laga, má kenna sig svo áfram.

Ekki er manni heimilt að bera fleiri en eitt kenninafn.

Óheimilt er að taka upp nýtt ættarnafn hér á landi.

9. gr.

Íslenskur ríkisborgari má ekki taka sér ættarnafn maka síns.

Maður, sem við gildistöku þessara laga ber ættarnafn maka síns, má bera það áfram. Eftir að hjúskap lýkur er honum og heimilt að bera ættarnafn fyrrverandi maka síns. Þó getur maður krafist þess að dómsmálaráðherra úrskurði að fyrri maka sé óheimilt að bera ættarnafn hans eftir að hinn fyrri maki gengur í hjúskap að nýju. Sé viðkomandi maður látinn hefur eftirlifandi maki hans sama rétt til að gera þess háttar kröfu. Krafa skal gerð innan sex mánaða frá því að hlutaðeigandi gekk í hjúskap. Dómsmálaráðherra reisir úrskurð sinn á því hvort þyngri séu á metum hagsmunir fyrri maka af því að halda nafni eða þau rök sem fram eru borin fyrir því að hann hætti að bera fyrra nafn.

Hafi annað íslenskra hjóna tekið upp föður- eða móðurnafn hins við búsetu erlendis er því skylt að leggja það niður við flutning til landsins. Sama gildir um niðja þeirra.

V. KAFLI
Nafnréttur manna af erlendum uppruna.

10. gr.

Ákvæði 2. og 5. gr. taka ekki til barns hér á landi ef báðir foreldrar þess eru erlendir ríkisborgarar. Sama gildir um ófeðrað barn erlendrar móður.

Sé annað foreldri barns erlendur ríkisborgari eða hafi verið það er heimilt að barninu sé gefið eitt eiginnafn og/eða millinafn sem víkur frá ákvæðum 5.–7. gr. ef unnt er að sýna fram á að hið erlenda nafn sé gjaldgengt í heimalandi hins erlenda foreldris. Barnið skal þó ávallt bera eitt eiginnafn sem samrýmist 5. gr.

11. gr.

Nú fær maður sem heitir erlendu nafni íslenskt ríkisfang með lögum og má hann þá halda fullu nafni sínu óbreyttu. Honum er þó heimilt að taka upp eiginnafn, millinafn og/eða kenninafn í samræmi við ákvæði laga þessara.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um börn manns, sem fær íslenskt ríkisfang með lögum, og öðlast íslenskt ríkisfang með honum, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 100/1952.

Ákvæði 1. mgr. taka enn fremur til manna sem fá íslenskt ríkisfang skv. 2.–4. gr. laga nr. 100/1952.

Þeim sem fyrir gildistöku laga þessara hafa fengið íslenskt ríkisfang með nafnbreytingarskilyrðum skal með leyfi dómsmálaráðherra heimilt að taka aftur upp þau nöfn sem þeir báru fyrir og/eða fella niður þau nöfn sem þeim var gert að taka sér, þó þannig að eiginnöfn þeirra og millinöfn verði ekki fleiri en þrjú samtals, sbr. 2. mgr. 1. gr. Sama gildir um niðja þeirra.

12. gr.

Erlendur ríkisborgari, sem stofnar til hjúskapar við Íslending, má taka upp kenninafn maka síns. Enn fremur má hann kenna sig til föður maka síns eða móður þannig að við eignarfallsmynd eiginnafns komi dóttir ef kvenmaður á í hlut en son ef um karlmann er að ræða.

VI. KAFLI
Nafnbreytingar.

A. Eiginnöfn og millinöfn.

13. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að leyfa manni breytingu á eiginnafni og/eða millinafni skv. 6. gr., þar með talið að taka nafn eða nöfn til viðbótar því eða þeim sem hann ber eða fella niður nafn eða nöfn sem hann ber ef telja verður að ástæður mæli með því.

Nafnbreyting barns undir 16 ára aldri er háð því skilyrði að séu forsjármenn þess tveir standi þeir báðir að beiðni um nafnbreytinguna. Beri forsjármaður barns fram ósk um breytingu á nafni þess og hafi orðið breyting á forsjánni frá því barninu var gefið nafn skal, ef unnt er, leita samþykkis þess foreldris sem með forsjána fór við fyrri nafngjöf. Þótt samþykki þess foreldris liggi ekki fyrir getur dómsmálaráðherra engu að síður heimilað nafnbreytingu ef ótvíræðir hagsmunir barns mæla með því.

Sé barn undir 16 ára aldri ættleitt eftir að því var gefið nafn má gefa því nafn eða nöfn í ættleiðingarbréfi í stað hinna fyrri eða til viðbótar nafni eða nöfnum sem það hefur áður hlotið.

Breyting á eiginnafni eða millinafni barns undir 16 ára aldri skal háð samþykki þess hafi það náð 12 ára aldri.

Það er skilyrði nafnbreytingar að hin nýju nöfn séu á mannanafnaskrá eða samþykkt af mannanafnanefnd, sbr. þó 3. mgr. 6. gr. og 7. og 10. gr.

B. Kenninöfn.

14. gr.

Breytingar á kenninöfnum samkvæmt þessari grein gilda um börn yngri en 16 ára.

Nú gengur móðir ófeðraðs barns í hjónaband og má þá kenna barnið til stjúpföður þess.

Heimilt er með leyfi dómsmálaráðherra að feðrað barn sé kennt til stjúpforeldris. Leita skal samþykkis þess kynforeldris sem ekki fer með forsjá barnsins, ef unnt er, áður en ákvörðun er tekin um slíkt leyfi. Nú er kynforeldri ekki samþykkt breytingu á kenninafni og getur dómsmálaráðherra þá engu að síður leyft breytinguna ef sérstaklega stendur á og telja verður að breytingin verði barninu til verulegs hagræðis.

Ákvörðun skv. 2. og 3. mgr. skal háð samþykki stjúpforeldris.

Ef óskað er breytingar á kenninafni barns þannig að það fái ættarnafn sem það á rétt á eða verði kennt til móður í stað föður eða öfugt og foreldrið, sem barnið hefur verið kennt til, er andvígt breytingunni getur dómsmálaráðherra leyft hana ef sérstaklega stendur á og telja verður að hún verði barninu til verulegs hagræðis.

Þegar barn er ættleitt skal það kennt til kjörforeldris nema kjörforeldri óski eftir að barnið haldi fyrra kenninafni sínu.

Breyting á kenninafni barns undir 16 ára aldri skal háð samþykki þess hafi það náð 12 ára aldri.

15. gr.

Maður getur fellt niður ættarnafn sem hann hefur borið eða tekið það upp sem millinafn, sbr. 2. mgr. 7. gr., og kennt sig svo sem segir í 3. mgr. 8. gr.

16. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að leyfa manni eldri en 16 ára að taka upp nýtt kenninafn ef telja verður að gildar ástæður mæli með því.

17. gr.

Nafnbreytingar samkvæmt lögum þessum, hvort sem um er að ræða breytingar tilkynntar Þjóðskrá eða samkvæmt leyfi dómsmálaráðherra, skulu einungis heimilaðar einu sinni nema sérstaklega standi á.

VII. KAFLI
Skráning og notkun nafns.

18. gr.

Við skráningu kenninafns barns í þjóðskrá skal fara eftir ákvæðum 3. mgr. 8. gr. nema fram sé tekið í tilkynningu til Þjóðskrár að barnið skuli bera ættarnafn, sbr. 5. mgr. 8. gr.

Allar nafnbreytingar samkvæmt lögum þessum, sem ekki eru bundnar leyfi dómsmálaráðherra, skulu tilkynntar Þjóðskrá.

Breyting á eiginnafni, millinafni eða kenninafni samkvæmt lögum þessum tekur ekki gildi fyrr en hún hefur verið færð í þjóðskrá.

19. gr.

Á öllum opinberum skrám og öðrum opinberum gögnum skulu nöfn manna rituð eins og þau eru skráð í þjóðskrá á hverjum tíma.

Í skiptum við opinbera aðila, við samningsgerð, skriflega og munnlega, svo og í öllum lögskiptum skulu menn tjá nafn sitt eins og það er ritað í þjóðskrá á hverjum tíma.

20. gr.

Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, getur heimilað að ritun nafns í þjóðskrá sé breytt án þess að um sé að ræða eiginlega nafnbreytingu. Slík breyting á nafnritun skal fara eftir reglum sem Hagstofan setur að höfðu samráði við mannanafnanefnd. Hver maður getur aðeins fengið slíka breytingu gerða einu sinni nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

VIII. KAFLI
Mannanafnanefnd.

21. gr.

Dómsmálaráðherra skipar mannanafnanefnd til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Skal einn nefndarmaður skipaður að fenginni tillögu heimspekideildar Háskóla Íslands, einn að fenginni tillögu lagadeildar Háskóla Íslands og einn að fenginni tillögu Íslenskrar málnefndar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum. Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

22. gr.

Mannanafnanefnd hefur eftirtalin verkefni samkvæmt lögum þessum:

1. Að semja skrá um eiginnöfn og millinöfn sem heimil teljast skv. 5. og 6. gr. og er hún nefnd mannanafnaskrá í lögum þessum. Nefndin gefur skrána út, kynnir hana og gerir aðgengilega almenningi og sendir hana öllum sóknarprestum og forstöðumönnum skráðra trúfélaga. Skrána skal endurskoða eftir því sem þörf er á en hún skal gefin út í heild eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.
2. Að vera prestum, forstöðumönnum skráðra trúfélaga, Hagstofunni, dómsmálaráðherra og forsjármönnum barna til ráðuneytis um nafngjafir og skera úr álita- og ágreiningsefnum um nöfn samkvæmt lögum þessum.
3. Að skera úr öðrum álita- eða ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um nafngjafir, nafnritun og fleira þess háttar.

Úrskurðum mannanafnanefndar er ekki unnt að skjóta til æðra stjórnvalds. Nefndin skal birta niðurstöður úrskurða sinna árlega.

23. gr.

Mannanafnanefnd kveður upp úrskurði í þeim málum sem til hennar er vísað skv. 3. gr. og 4. mgr. 8. gr. Úrskurðir skulu kveðnir upp svo fljótt sem við verður komið og ekki síðar en innan fjögurra vikna frá því mál berast nefndinni.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

24. gr.

Geti maður fært sönnur að því að annar maður noti nafn hans eða nafn sem líkist því svo mjög að villu geti valdið getur hann krafist þess í dómsmáli að hinn sé skyldaður til að láta af notkun nafnsins.

25. gr.

Sé barni ekki gefið nafn innan þess tíma sem um getur í 1. mgr. 2. gr. skal Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, vekja athygli forsjármanna barnsins á þessu ákvæði laganna og skora á þá að gefa barninu nafn án tafar. Sinni forsjármenn ekki þessari áskorun innan eins

mánaðar og tilgreini ekki gildar ástæður fyrir drætti á nafngjöf er Hagstofu Íslands heimilt, að undangenginni ítrekaðri skriflegri áskorun, að leggja dagsektir allt að 1.000 kr. á forsjármenn barns og falla þær á þar til barni er gefið nafn. Hámarksfjárhæð dagsekta miðast við vísitölu neysluverðs í janúar 1996 og breytist í samræmi við breytingar hennar. Dagsektir renna í ríkissjóð og má gera aðför til fullnustu þeirra.

Að öðru leyti varða brot gegn lögum þessum sektum nema þyngri viðurlög liggi við eftir öðrum lögum.

26. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við önnur ríki um mörkin milli íslenskrar og erlendrar mannanafnalöggjafar.

Dómsmálaráðherra er enn fremur heimilt að kveða á með reglugerð um mörkin milli íslenskrar löggjafar um mannanöfn og löggjafar annarra þjóða á því sviði.

27. gr.

Dómsmálaráðherra fer með mál er varða mannanöfn og er honum heimilt með reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd þessara laga.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997.

Jafnframt falla þá úr gildi lög um mannanöfn, nr. 37 27. mars 1991.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, skal við gildistöku laga þessara setja reglur um skráningu nafna þegar ekki er unnt að skrá nafn manns að fullu í þjóðskrá og ekki næst samkomulag um hvernig með skuli fara.

II.

Dómsmálaráðherra skal þegar eftir birtingu laga þessara gera ráðstafanir til að kynna almenningi efni þeirra.

713. Frumvarp til laga [106. mál]

um gatnagerðargjald.

(Eftir 2. umr., 14. mars.)

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að innheimta gatnagerðargjald af öllum lóðum í sveitarfélaginu og/eða mannvirkjum á þeim. Gatnagerðargjald er fyrst gjaldkræft við úthlutun lóðar, sem er í eigu sveitarfélagsins eða sveitarfélagið hefur ráðstöfunarrétt á, og við útgáfu byggingarleyfis á öðrum lóðum. Sveitarstjórn ákveður í gjaldskrá sinni hvenær gjaldið er innheimt.

Nú er lóðarúthlutun afturkölluð, lóð skilað, byggingarleyfi afturkallað eða ekki nýtt af lóðarhafa og ber sveitarfélagi að endurgreiða gatnagerðargjald af viðkomandi lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjaldi skv. 1. gr. skal varið til gatnagerðar í sveitarfélaginu, svo sem til að undirbyggja götur með tilheyrandi lögnum, m.a. vegna götulýsingar, og leggja bundið slitlag, gangstéttir, umferðareyjar og þess háttar þar sem gert er ráð fyrir því í skipulagi.

3. gr.

Við ákvörðun gatnagerðargjalds skal miða við lóðarstærð, rúmmál húss og/eða flatarmál húss samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð sem félagsmálaráðherra setur. Gjaldið má vera mismunandi eftir notkun lóðar, t.d. eftir því hvort um er að ræða lóð fyrir íbúðarhúsnæði, verslunarhúsnæði, iðnaðarhúsnæði o.s.frv. Þá má gjald af lóð fyrir íbúðarhúsnæði vera mismunandi eftir því hvort um er að ræða lóð fyrir einbýlishús, raðhús, fjölbýlishús o.s.frv.

Heimilt er að innheimta gatnagerðargjald ef reist er nýtt hús á áður byggðri lóð að því er stækkuninni nemur. Sama gildir ef eldra hús er stækkað.

Gatnagerðargjald, sem miðað er við stærð byggingar, getur af hverjum rúmmetra eða fermetra numið allt að 15% af heildarbyggingarkostnaði samsvarandi einingar í vísitöluhúsi fjölbýlis eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987. Fjárhæð gjaldsins má ákveða með tilliti til leyfilegrar stærðar byggingar samkvæmt því skipulagi sem gildir fyrir viðkomandi lóð. Gatnagerðargjald, sem miðað er við stærð lóðar, skal ekki vera hærra en ef það væri miðað við stærð byggingar samkvæmt gildandi aðal- eða deiliskipulagi.

4. gr.

Lóðarhafi ber ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds. Gatnagerðargjald samkvæmt lögum þessum er, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, tryggt með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

5. gr.

Aðili máls getur skotið ákvörðun sveitarstjórnar um álagningu gatnagerðargjalds til úrskurðar félagsmálaráðherra. Kærufrestur er þrír mánuðir frá því að aðili fékk vitneskju um álagningu gjaldsins. Kæruheimild þessi skerðir þó eigi rétt aðila til að höfða mál fyrir dómstólum.

6. gr.

Félagsmálaráðherra skal setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara og skal í reglugerðinni m.a. kveðið nánar á um álagningu gatnagerðargjalds og endurgreiðslu þess skv. 1. gr.

Sveitarstjórn skal setja sér sérstaka gjaldskrá fyrir gatnagerðargjald þar sem kveðið er nánar á um álagningu gjaldsins, innheimtu þess og hvað er innifalið í gjaldinu samkvæmt lögum þessum og reglugerð um gatnagerðargjald. Sveitarstjórn skal auglýsa gjaldskrána og efnislegar breytingar á henni á þann hátt sem venja er að birta opinberar auglýsingar í sveitarfélaginu.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997. Jafnframt falla úr gildi lög um gatnagerðargjöld, nr. 51/1974, og lög nr. 31/1975, um breytingu á þeim lögum. Enn fremur lög um gjöld til holræsa og gangstétta í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík og Akureyri, nr. 18/1920, 2. og 3. gr. laga um gjöld til holræsa og gangstétta í Reykjavík o.fl., nr. 42/1911, og 2. gr. laga um gjöld til holræsa, gangstétta og varanlegs slitlags á götum á Akureyri, nr. 87/1970.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Lög um gatnagerðargjöld, nr. 51/1974, sbr. lög nr. 31/1975, gilda um innheimtu og álagningu gatnagerðargjalda vegna framkvæmda á grundvelli 3. og 4. gr. laga nr. 51/1974 sem lokið er við innan tíu ára frá gildistöku laga þessara. Ákvæði eldri laga um álagningu gjalda vegna slíkra framkvæmda gilda einungis um lóðir sem úthlutað hefur verið eða veitt hefur verið byggingarleyfi á fyrir gildistöku laga þessara.
2. Samningar um gatnagerðargjöld af tilteknum lóðum, sem lóðarhafar eða lóðareigendur hafa gert við sveitarstjórnir, svo og skilmálar varðandi gatnagerðargjöld sem sveitarstjórn hefur sett og lóðarhafi eða lóðareigandi hefur undirgengist, halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði laga þessara, nema aðilar séu um annað sáttir.

714. Lög [357. mál]

um breytingu á ýmsum lögum vegna sameiningar Vitastofnunar Íslands, Hafnamálastofnunar ríkisins og Siglingamálastofnunar ríkisins í Siglingastofnun Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 14. mars.)

Samhljóða þskj. 622.

715. Breytingartillaga [73. mál]

við frv. til l. um mannanöfn.

Frá allsherjarnefnd.

7. mgr. 8. gr. falli brott.

716. Breytingartillaga [106. mál]

við frv. til l. um gatnagerðargjald.

Frá félagsmálanefnd.

Við 7. gr. Orðin „2. og 3. gr. laga um gjöld til holræsa og gangstétta í Reykjavík o.fl., nr. 42/1911“ í 3. málsl. falli brott.

717. Svar [314. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Tómasar Inga Olrich um reglur við innheimtu opinberra gjalda.

1. *Hefur það verið verklagsregla hjá fjármálaráðuneytinu við innheimtu skipulagsgjalda að leggja allt gjaldið á þann eiganda sem samkvæmt stafrófsröð er fyrstur þinglýstra eigenda, sé þinglýstur eignaskiptasamningur ekki fyrir hendi?*

Álagning skipulagsgjalds hvílir á 35. gr. skipulagslaga, nr. 19/1964. Skv. 1. gr. þeirra fer umhverfisráðuneytið með stjórn skipulagsmála. Það er því ekki á forræði fjármálaráðuneytis að kveða á um skýringu skipulagslaga, þar með taldar forsendur álagningar skipulagsgjalds, og hefur ráðuneytið enga verklagsreglu sett um innheimtu gjaldsins.

Samkvæmt reglugerð nr. 676/1994, um gjald af nýreistum húsum til greiðslu skipulagsgjalds, sem tók gildi 1. janúar 1995, er hlutverk Fasteignamats ríkisins að halda skrá um brunabótamat og vinna stofn til álagningar skipulagsgjalds samkvæmt því, en skv. 1. gr. reglugerðarinnar er skipulagsgjald 3% af brunabótamati nýbyggingar. Upplýsingum samkvæmt álagningarstofni er komið á framfæri við tekjubókhaldskerfi Ríkisbókhalds, TBR-Á, og þar eru prentaðir gíróseðlar sem sendir eru gjaldendum.

Samkvæmt upplýsingum frá Fasteignamati ríkisins og Ríkisbókhaldi á verklagsregla sú sem vitnað er til rætur sínar að rekja til þess að hingað til hefur einungis verið gert ráð fyrir einum eiganda á hvern matshluta. Ef nýbygging er sameign fleiri en eins eiganda og eignaskiptasamningur er ekki fyrir hendi hefur skipulagsgjaldið samkvæmt því verið lagt á þann sem fyrst kemur fram sem eigandi þó svo að fleiri eigendur kunni að vera skráðir eigendur samkvæmt fasteignamati. Fasteignamat ríkisins hefur undanfarin tvö ár gert átak til þess að færa eignarhluta nýrra sem eldri húseigna á rétta eigendur.

Það skal upplýst hér með að á fundi Fasteignamats ríkisins og Ríkisbókhalds 23. janúar sl. var ákveðið að gera þær breytingar sem nauðsynlegar eru á tekjubókhaldskerfi ríkisins til þess að hægt sé að skrá fleiri eigendur að hverjum matshluta og innheimta skipulagsgjald hjá hverjum fyrir sig. Nú þegar er byrjað að prenta gíróseðla með þessu nýja fyrirkomulagi.

2. *Ef svo er, hefur sú verklagsregla verið notuð við innheimtu annarra gjalda, þ.e. að gera einum aðila að standa skil á gjöldum annarra?*

Ráðuneytinu er ekki kunnugt um að þessi verklagsregla sé notuð við innheimtu annarra gjalda.

3. *Hve mörgum greiðendum opinberra gjalda hefur á þennan eða annan sambærilegan hátt verið gert að standa skil á gjöldum sem þeim ber ekki að greiða?*

Samkvæmt skrám Fasteignamats ríkisins voru 502 af þeim einstaklingum sem krafðir voru um skipulagsgjald á síðasta ári ekki skráðir einu eigendur eignanna. Í langflestum tilfellum mun vera um að ræða skipulagsgjald af fasteignum í sameign hjóna.

4. *Styðst umrædd verklagsregla við lagaheimildir eða telst hún ólögleg?*

Eins og áður segir hvílir innheimta skipulagsgjalds á 35. gr. skipulagslaga, nr. 19/1964, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 676/1994. Það brýtur ekki í bága við lög að innheimta hjá einum sameigenda gjöld fyrir eign sem fleiri eiga í sameign. Á meðan ekki

liggur fyrir þinglýstur eignaskiptasamningur telur ráðuneytið að sameigendur beri óskipta ábyrgð á greiðslu gjaldsins.

5. *Ef í ljós kemur að einhverjir greiðendur opinberra gjalda hafa borið fjárhagslegan skaða af framangreindum innheimtuaðferðum og þær teljast ólöglegar, hvernig hyggst ráðherra leiðrétta það?*

Samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 676/1994 sker umhverfisráðherra úr ágreiningi sem upp kann að koma um álagningu og innheimtu skipulagsgjalda.

718. Nefndarálit [217. og 218. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, og um frv. til l. um breyt. á l. um Háskólann á Akureyri, nr. 51/1992, með síðari breytingu.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Menntamálanefnd hefur fjallað um frumvörpin og fengið á sinn fund frá Háskóla Íslands Sveinbjörn Björnsson rektor og Þórð Kristinsson kennslustjóra og frá stúdentaráði Háskóla Íslands Dag Eggertsson og Vilhjálm H. Vilhjálmsson.

Frumvörpunum er ætlað að treysta lagagrundvöll skrásetningargjalds sem innheimt er af stúdentum við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Þykja slíkar lagabreytingar nauðsynlegar í ljósi álits umboðsmanns Alþingis frá því sl. vor. Að áliti umboðsmanns er skrásetningargjald þjónustugjald. Hann telur að ekki sé kveðið nægilega skýrt á um í lögum hvað fella megi undir gjaldið né hvernig megi ráðstafa því. Þá kemur fram í álitinu að sértekjur þær sem skólarnir afla með skrásetningargjöldum þurfi að hafa skýra lagastoð og einnig að nauðsynlegt sé að skýrar reglur gildi um ráðstöfun hluta þeirra tekna til annarra aðila en skólanna sjálfra, svo sem til nemendafélaga og félagsstofnana.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpanna.

Ólafur Örn Haraldsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. mars 1996.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm. Hjálmar Árnason. Arnbjörg Sveinsdóttir.

Tómas Ingi Olrich. Árni M. Mathiesen.

719. Tillaga til þingsályktunar [406. mál]

um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

Alþingi ályktar að ríkisstjórnin móti opinbera fjölskyldustefnu á grundvelli þeirra meginforsendna og markmiða sem lýst er í þingsályktun þessari. Jafnframt ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að framkvæma þær aðgerðir sem kveðið er á um í ályktuninni.

I. KAFLI
Meginforsendur fjölskyldustefnu.

Fjölskyldan er hornsteinn íslensks samfélags. Ríkisstjórn á hverjum tíma ber að marka sér opinbera stefnu í málefnum fjölskyldunnar í því skyni að styrkja hana og vernda án tillits til gerðar hennar.

Opinber fjölskyldustefna hefur það markmið að efla fjölskylduna í nútímaþjóðfélagi. Verkefni hennar eru margþætt og snerta öll svið þjóðlífsins. Hún spannar því nánast öll viðfangsefni opinberrar stjórnsýslu.

Fjölskyldustefna skal einkum taka mið af eftirfarandi meginforsendum:

— að velferð fjölskyldunnar byggist á jafnrétti karla og kvenna og sameiginlegri ábyrgð á verkaskiptingu innan hennar,
— að fjölskyldan er vettvangur tilfinningatengsla,
— að fjölskyldulífið veiti börnum öryggi og tækifæri til að þroska eiginleika sína til hins ítrasta.

II. KAFLI
Almenn markmið stjórnvalda við framkvæmd fjölskyldustefnu.

* Að skapa skilyrði til þess að ná jafnvægi milli fjölskyldulífs og atvinnu foreldra. Að leggja áherslu á jafna ábyrgð beggja foreldra í heimilishaldi og við umönnun og uppeldi barna sinna.
* Að stofnanir samfélagsins, ekki síst skólar og leikskólar starfi í samvinnu við fjölskylduna og taki mið af ábyrgð foreldra á börnum sínum. Fræðsla um stofnun heimilis verði aukin og unnið verði gegn upplausn fjölskyldna m.a. með fjölskylduráðgjöf.
* Að grundvallaröryggi fjölskyldunnar efnahagslega sé tryggt ásamt rétti hennar til öryggis í húsnæðismálum.
* Að réttindi og skyldur sambúðarfólks verði skilgreind í lögum.
* Að heilbrigðisþjónustan taki mið af þörfum fjölskyldunnar sem heildar og tryggt sé að fjölskyldur geti notið stuðnings til að annast aldraða og sjúka. Öldruðum verði gert kleift að taka þátt í samfélaginu svo lengi sem auðið er.
* Að tekið verði mið af þörfum fjölskyldunnar við skipulag umhverfis, þjónustu, útivistar og umferðaröryggis.
* Að fjölskyldur fatlaðra njóti nauðsynlegs stuðnings í ljósi aðstæðna hverju sinni. Grundvallarréttur fatlaðra til fjölskyldustofnunar, heimilis og virkrar þátttöku í samfélaginu verði virtur.
* Að fjölskyldur nýbúa fái nauðsynlegan stuðning til að festa rætur í íslensku samfélagi.
* Að unnið sé gegn misrétti í garð þeirra sem skera sig úr vegna kynþáttar, trúarbragða eða menningar og í garð fjölskyldna samkynhneigðra.
* Að vernd gagnvart ofbeldi verði efld, jafnt innan fjölskyldu sem utan. Fjölskyldur njóti verndar og stuðnings gagnvart ofneyslu áfengis og annarra vímugjafa. Forvarnir vegna áfengis- og vímuefnaneyslu verði auknar.
* Að efla skilning á eðli fjölskyldunnar, hlutverki, myndun og upplausn. Þetta verði m.a. gert með auknum stuðningi við fjölskyldurannsóknir.

III. KAFLI
Aðgerðir í þágu fjölskyldunnar.

1. Fjölskylduráð.

Stofnað verði opinbert fjölskylduráð, sem hafi það hlutverk að stuðla að eflingu og vernd fjölskyldunnar. Fjölskylduráðið verði skipað fimm mönnum. Þrír verði kosnir hlutfallskosningu af Alþingi, einn verði tilnefndur af Háskóla Íslands, en félagsmálaráðherra skipi þann fimmta án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðsins. Starfsemi fjölskylduráðsins skal heyra undir félagsmálaráðuneyti.

Hlutverk fjölskylduráðs skal m.a. vera eftirfarandi:

a. Að veita stjórnvöldum ráðgjöf í fjölskyldumálum, t.d. vegna áforma um stjórnvaldsaðgerðir, jafnframt því að koma á framfæri ábendingum um úrbætur í fjölskyldumálum.
b. Að annast tillögugerð um framkvæmdaáætlanir í málefnum fjölskyldunnar, með hliðsjón af heildarsýn yfir viðfangsefni einstakra ráðuneyta og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.
c. Að eiga frumkvæði að opinberri umræðu um málefni fjölskyldunnar.
d. Að hvetja til aðgerða á sviði fjölskyldumála í samfélaginu.
e. Að stuðla að rannsóknum á högum og aðstæðum íslenskra fjölskyldna.

2. Barnafjölskyldur.

Ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að staða og afkoma barnafjölskyldna í nútímasamfélagi verði könnuð sérstaklega og úrbætur gerðar þar sem nauðsynlegt er talið.

3. Réttur beggja foreldra til fæðingarorlofs.

Ríkisstjórnin skapi skilyrði sem tryggi feðrum aukinn rétt til fæðingarorlofs.

4. Tillaga um fullgildingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156 um starfsfólk með fjölskylduábyrgð.

Ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að sköpuð verði skilyrði til þess að Ísland geti fullgilt samþykkt nr. 156, um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, sem gerð var á 67. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) í Genf 23. júní 1981.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Þingsályktunartillagan, sem hér er lögð fram er að stofni til endurskoðuð tillaga sem unnin var á vegum landsnefndar um Ár fjölskyldunnar 1994 og lögð var fyrir Alþingi vorið 1995. Félagsmálaráðherra, Páll Pétursson, tók á sínum tíma efnislega undir tillögu landsnefndarinnar en hafði hug á að útfæra hana nánar. Í lok október sl. skipaði hann starfshóp til að yfirfara og endurskoða tillöguna. Í starfshópnum voru Lára Margrét Ragnarsdóttir alþingismaður, Siv Friðleifsdóttir alþingismaður og Árni Gunnarsson aðstoðarmaður félagsmálaráðherra og var hann jafnframt formaður hópsins. Ingibjörg Broddadóttir deildarstjóri í félagsmálaráðuneyti var ritari starfshópsins.

Fjölskyldan verður að búa við skilyrði sem gera henni kleift að taka ábyrgð á sjálfri sér. Verkefni fjölskyldnanna hafa breyst mikið samfara breyttum lífsháttum á þessari öld, ekki síst á síðustu áratugum. Samfélagið er orðið flóknara og heimilislífið hefur leitast við að aðlaga sig að þessum breytingum. Í nútímanum er farsælt samspil atvinnu og fjölskyldulífs grundvallaratriði í lífi fólks. Breytt verkefni fjölskyldnanna stafa m.a. af löngum vinnudegi beggja foreldra utan heimilis. Því hafa skólarnir orðið að taka við auknu

hlutverki í uppeldi barnanna og aldraðir eyða ævikvöldinu í ríkari mæli en áður á stofnunum. Fjölskyldan í dag verður að gefa einstaklingnum rótfestu og hún er vettvangur lífsnauðsynlegra tilfinningatengsla. Þrátt fyrir aukið hlutverk skólanna í uppeldi æskunnar er umönnun og uppeldi barna enn í dag mikilvægasta verkefni fjölskyldunnar.

Íslensk heimili skera sig að mörgu leyti úr í alþjóðlegum samanburði. Fjölskyldurnar eru barnmargar og hlutfallslega mörg pör búa saman án þess að hafa gengið í hjónaband. Heimilin eru töluvert fjölmennari en á hinum Norðurlöndunum og það er einkennandi fyrir íslensku fjölskyldurnar hve lengi ungt fólk býr í foreldrahúsum. Hér á eftir fylgja töflur sem sýna þróun fjölskyldugerða frá 1960 til 1988, búsetu ungra kvenna og karla, stærð heimila og aldursskiptingu íbúa á Norðurlöndum. Þessar töflur eru fengnar úr bókinni „Fjölskyldan uppspretta lífsgilda" sem gefin var út á vegum landsnefndar um Ár fjölskyldunnar á árinu 1994.

Skipting einkaheimila á Íslandi eftir tegundum frá 1960 til 1993.

	Manntal 1960	Manntal 1981 *	Lífskjara-könnun 1988**	Vinnu-markaðs könnun 1993**
	%	%	%	%
Tegund heimilis:				
Einn fjölskyldukjarni:				
Barnlaus hjón	**11,3**	**15,3**	**18,9**	**20,3**
Hjón með barn/börn	**58,7**	**49,7**	**43,1**	**42,5**
Foreldri með barn/börn	**7,6**	**9,1**	**9,3**	**9,3**
þar af mæður	*5,4*		*8,0*	*8,4*
Fleiri en einn fjölskyldukjarni, samtals	**5,3**	**8,3**	**5,6**	**4,7**
þar af Tvenn hjón með eða án fleiri fjölskyldukjarna	2,0	2,5	1,9	1,9
Ein hjón og einn eða fleiri aðrir fjölskyldukjarnar	2,7	3,9	3,7	2,8
Ekki hjón en einn eða fleiri aðrir fjölskyldukjarnar	0,7	1,9		
Annað sambýli	**3,8**	**2,7**	**2,1**	**1,4**
Einbýlingar og leigjendur	**13,2**	**15,0**	**20,9**	**21,8**
ALLS	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**
Fjöldi heimila	44.399	69.318	82.000	93.000

* Hér er um bráðabirgðatölur að ræða og hafa verður fyrirvara á um breytingar þeirra við síðari og nákvæmari úrvinnslu.

** Vegið með þátttökulíkum og síðan áætlað fyrir elstu aldurshópa.

Fjölskyldan, uppspretta lífsgilda, bls. 140

Búseta karla og kvenna 16 til 30 ára 1993.

	Býr hjá foreldrum og er ekki í sambúð	Býr hjá foreldrum og er í sambúð	Býr sjálfstætt í sambúð	Býr sjálfstætt, einhleypur	ALLS
	%	%	%	%	%
Karlar					
16 til 18 ára	81,3	6,5	3,3	8,9	100,0
19 til 21 árs	71,9	5,8	12,9	9,4	100,0
22 til 24 ára	35,9	3,1	40,4	20,6	100,0
25 til 27 ára	21,6	3,6	54,0	20,8	100,0
28 til 30 ára	12,8	,8	69,6	16,8	100,0
Alls	**42,1**	**3,7**	**36,4**	**17,8**	**100,0**
Konur					
16 til 18 ára	75,3	7,2	5,2	12,3	100,0
19 til 21 árs	58,6	2,6	27,6	11,2	100,0
22 til 24 ára	16,8	4,8	54,4	24,0	100,0
25 til 27 ára	9,2	,9	66,4	23,5	100,0
28 til 30 ára	3,1	1,5	76,5	18,9	100,0
Alls	**29,2**	**2,7**	**48,7**	**19,4**	**100,0**

Fjölskyldan, uppspretta lífsgilda, bls. 142

Stærð heimila á Norðurlöndum.

	Meðalfjöldi íbúa
Danmörk 1991	2,2
Finnland 1991	2,4
Ísland 1993	**2,8**
Noregur 1990	2,4
Svíþjóð 1990	2,1

Heimild: Norræna tölfræðiárbókin 1994, nema Ísland þar Vinnumarkaðskönnun.
Fjölskyldan, uppspretta lífsgilda, bls. 144

Hlutfallsleg skipting íbúa á Norðurlöndum eftir aldri 1991.

Aldur	Danmörk	Finnland	**Ísland**	Noregur	Svíþjóð
	%	%	%	%	%
0 til 14 ára	16,9	19,2	**24,8**	19,0	18,1
15 til 64 ára	67,5	67,2	**64,5**	64,7	64,1
65 ára og eldri	15,6	13,5	**10,7**	16,3	17,7

Heimild: Norræna tölfræðiárbókin 1992.
Fjölskyldan, uppspretta lífsgilda, bls. 146

Jafnréttismál og hagsmunamál barna eru veigamikill þáttur í stefnumótun í málefnum fjölskyldunnar. Farsæl fjölskyldustefna felur í sér aðgerðir til að jafna stöðu kynjanna bæði á vinnumarkaði og innan veggja heimilanna. Enn fremur leitast hún við að jafna rétt barna án tillits til þess í hvernig fjölskyldugerð þau búa. Hugtakið jöfnuður er grundvöllur markvissrar fjölskyldustefnu og nær það m.a. yfir mismunandi aðstöðu ólíkra fjölskyldugerða, ójöfnuð kynjanna, misjafnar uppeldisaðstæður barna og réttarstöðu bæði ungra og aldraðra í fjölskyldunni. Með hliðsjón af því hve barnmörg íslenska þjóðin er, er rétt að minna á að Ísland hefur fullgilt samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna. Í samningnum er m.a. kveðið á um full mannréttindi allra barna og að velferð þeirra verði sett í fyrirrúm.

Ýmsar aðgerðir stjórnvalda hafa þau áhrif að fjölskyldum reynist lífsbaráttan auðveldari og má þar t.d. nefna öfluga heilsugæslu um allt land og almannatryggingar. Á hinn bóginn geta aðgerðir stjórnvalda eða aðgerðaleysi haft ófyrirséðar afleiðingar fyrir fjölskylduna án þess að það hafi verið yfirlýstur tilgangur þeirra. Hlutverk stjórnvalda er að setja þær leikreglur sem þjóðfélagið á að fara eftir og þess vegna er mikilvægt að þau hafi fjölskylduna í huga við ákvarðanatöku á hverjum tíma.

Einstakar aðgerðir stjórnvalda beinast yfirleitt að ákveðnum hóp svo sem að öldruðum eða sjúkum. Fjölskyldan sem heild er sjaldan til umfjöllunar og mönnum reynist oft erfitt að fóta sig í þeirri umræðu. Fólki er tamara að hugleiða aðstæður einstaklinganna innan fjölskyldunnar fremur en að hugleiða stöðu hennar sem heildar. Engin heildarstefna er fyrir hendi um fjölskyldumál og ekki hafa verið gerðar tilraunir til að meta áhrif einstakra stjórnvaldsaðgerða á fjölskyldulífið. Í eftirmála rannsóknarinnar Barnafjölskyldur, Samfélag–lífsgildi–mótun er fjallað um jöfnuð og fjölskylduvernd. Þar segir m.a. að á meðan litið er á fjölskylduna sem einkastofnun en ekki sem eina af grunnstofnunum samfélagsins sem snertir almannaheill, er útilokað að uppræta ójöfnuð milli kynja, aðstöðumun foreldra eftir fjölskyldugerðum og mismunun barna eftir uppeldisaðstæðum. Það sé sanngirnismál að stjórnvöld geri ráð fyrir fjölskyldunni „í stefnumörkun og taki ábyrgð á velferð hennar en láti ekki einstökum fjölskyldum á grundvelli eigin verðleika og hagsmuna að leysa það sem er samfélagslegt hagsmunamál. Í raun eru einstaklingar og fjölskyldur heldur ekki fær um að hafa þá yfirsýn sem þarf til að koma málum þannig fyrir að þau reynist vel sem heildarlausn. Þannig hlýtur það að teljast réttlætismál og eitt af mikilvægustu hlutverkum stjórnvalda að marka fjölskyldustefnu sem gerir ráð fyrir misjafnri aðstöðu og bætir upp bresti og tryggir hinum ýmsu fjölskyldugerðum viðunandi lífsskilyrði“ (bls. 117).

Þingsályktunartillaga þessi fjallar um fjölskylduna og gefur henni ákveðinn sess innan stjórnsýslunnar. Með samþykkt hennar er fjölskyldan viðurkennd með formlegum hætti sem hornsteinn og grunneining samfélagsins og þess vænst að með því móti verði fjölskyldunum búnir betri afkomumöguleikar.

Athugasemdir við einstaka kafla þingsályktunartillögunnar.

Um I. kafla.

Í fyrsta kafla eru meginforsendur fjölskyldustefnunnar dregnar fram. Áhersla er lögð á að fjölskyldan er grunneining samfélagsins og stjórnvöldum á hverjum tíma beri því að veita henni sérstaka athygli og móta stefnu í málefnum hennar sem hafi það að markmiði að styðja hana og styrkja. Stefnumótunin skal unnin með tilliti til hinna mismunandi fjölskyldugerða sem búa í landinu. Þrátt fyrir að flestir búi í hinni hefðbundnu

kjarnafjölskyldu eru ýmsar aðrar fjölskyldugerðir til staðar og nægir hér að nefna barnafjölskyldur þar sem einstætt foreldri er í forsvari.

Umfang opinberrar fjölskyldustefnu er margþætt. Fjölskyldulífið snertir með einum eða öðrum hætti flest svið mannlífsins og á sama hátt tekur opinber fjölskyldustefna til langflestra sviða opinberrar stjórnsýslu. Fjölskyldur á hverjum tíma eiga samskipti við fjölmargar stofnanir samfélagsins. Algengast er að samskiptin fari fram milli einstakra fjölskyldumeðlima og stofnana, en oft færi betur á að þjónustustofnanir litu á fjölskylduna sem heild.

Meginforsendur fjölskyldustefnu byggjast ekki síst á jafnrétti kynjanna og sameiginlegri ábyrgð þeirra á verkaskiptingu í heimilishaldi. Á þetta er lögð rík áhersla í þingsályktunartillögunni. Fjölskyldan er viðurkenndur vettvangur tilfinningalegra tengsla og í farsælu fjölskyldulífi felst að börn njóti öryggis og tækifæra til að þroska eiginleika sína til hins ítrasta og komast til manns.

Um II. kafla.

Í öðrum kafla eru tilgreind almenn markmið, sem stjórnvöldum ber að hafa í huga við framkvæmd fjölskyldustefnu. Kaflinn fjallar um ellefu mismunandi viðfangsefni sem öll hafa veigamiklu hlutverki að gegna við mótun og framkvæmd fjölskyldustefnu. Hér er ekki um tæmandi upptalningu að ræða heldur er litið á viðfangsefnin sem leiðarljós við stefnumótun í þessum málaflokki og nánari útfærsla á þeim er falin stjórnvöldum.

Ein meginforsenda þess að börn njóti öryggis og nauðsynlegrar umönnunar á heimilunum er að atvinnulífið gefi foreldrum kost á þeim sveigjanleika sem til þarf. Sameiginleg ábyrgð foreldra á uppeldi þeirra og í heimilishaldi er nauðsynleg og er mikilvægt að feðrum verði gert kleift að taka virkan þátt í fjölskyldulífinu. Skipulögð fræðsla til ungs fólks um stofnun heimilis hefur verið af skornum skammti og er lagt til að úr verði bætt. Hér er átt við leiðsögn um grundvallaratriði sem fylgja fjölskyldulífi og stofnun og rekstri heimilis, svo sem um fjármál, foreldraábyrgð, fræðslu um samskipti kynjanna og getnaðarvarnir. Þá er ekki síður mikilvægt að fyrir hendi sé fjölskylduráðgjöf bæði handa börnum og fullorðnum, þar sem stuðningur er veittur við úrlausn ýmissa vandamála, svo sem vegna uppeldis, samskiptaerfiðleika eða skilnaðar.

Önnur almenn atriði sem kaflinn fjallar um beinast m.a. að því að heilbrigðisþjónustan taki mið af þörfum fjölskyldunnar sem heildar og að tekið verði tillit til þarfa fjölskyldunnar við skipulag umhverfis, þjónustu og umferðar. Þar verður að koma til samstarf við sveitarfélögin í landinu. Þó svo að dauðaslysum og öðrum áverkum vegna slysa hafi fækkað verulega á undanförnum árum eru slys á börnum hérlendis mun tíðari en hjá nágranna þjóðunum. Á Íslandi verður fjórða hvert barn fyrir slysi árlega en í Svíþjóð verður áttunda hvert barn fyrir slysi á ári hverju.

Þá er bent á nauðsyn þess að skilgreina betur í lögum réttindi og skyldur sambúðarfólks. Fjölskyldur sem þarfnast sérstaks stuðnings eru sérstaklega tilgreindar og á það við um fjölskyldur fatlaðra, aldraðra og nýbúa. Þá er lögð áhersla á að unnið sé gegn misrétti í garð þeirra sem eiga undir högg að sækja vegna ýmissa fordóma. Að lokum er fjallað um eflingu forvarna vegna fíkniefnaneyslu og að vernd gegn ofbeldi, jafnt innan fjölskyldu sem utan, verði aukin.

Um III kafla.

Í þessum kafla eru lagðar fram fjórar tillögur að aðgerðum í þágu fjölskyldnanna. Þær beinast að almennum atriðum sem ættu að koma öllum fjölskyldum til góða, en sérstök

áhersla er lögð á barnafjölskyldur. Í fyrsta lagi er lagt til að stofnað verði fjölskylduráð. Í öðru lagi að gerð verði úttekt á afkomu barnafjölskyldna. Í þriðja lagi að sköpuð verði skilyrði til að tryggja rétt beggja foreldra til launa í fæðingarorlofi, og að lokum að undirbúið verði að Ísland geti fullgilt tillögu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156 um starfsfólk með fjölskylduábyrgð.

Markmiðið með stofnun fjölskylduráðs er m.a. að tryggja stjórnvöldum aðgang að ráðgjafarnefnd sem hafi yfirsýn yfir aðstæður fjölskyldnanna í landinu. Ráðinu er enn fremur ætlað að eiga frumkvæði að opinberri umræðu um fjölskyldumál. Í því felst einkum að vekja athygli á því sem betur má fara og móta tillögur að úrbótum. Enn fremur er lagt til að ráðið beiti sér fyrir því að ýmis samtök og einkaaðilar láti málefni fjölskyldunnar til sín taka.

Í þeim tilgangi að tryggja heildarsýn í málaflokknum er lagt til að fjölskylduráðið annist tillögugerð um stefnumarkandi áætlun í málefnum fjölskyldunnar í samráði við einstök ráðuneyti, sambærilega við framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum sem gerð er til fjögurra ára í senn. Við tillögugerðina skal ráðið hafa til hliðsjónar viðfangsefni einstakra ráðuneyta og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Eins og kunnugt er deilast þessi verkefni á milli flestra ráðuneytanna og enn fremur hafa sveitarfélögin hér mikilvægu hlutverki að gegna.

Lagt er til að fjölskylduráðið verði skipað fimm mönnum, þrír verði kosnir hlutfallskosningu af Alþingi, einn verði tilnefndur af Háskóla Íslands og félagsmálaráðherra skipi formann án tilnefningar. Þátttaka fulltrúa Háskóla Íslands er m.a. hugsuð til að treysta fræðilegan grunn fjölskylduráðsins og auðvelda því að stuðla að rannsóknum á högum og aðstæðum íslenskra fjölskyldna.

Lagt er til við ríkisstjórnina að hún beiti sér fyrir því að staða og afkoma barnafjölskyldna í nútímasamfélagi verði könnuð sérstaklega og úrbætur gerðar ef nauðsynlegt er talið. Íslenskar fjölskyldur eru barnmargar og sker þjóðin sig úr á þessu sviði á alþjóðlegum vettvangi. Það er því einkar mikilvægt að þannig sé búið að fjölskyldunum, bæði fjárhagslega og félagslega, að þeim takist að veita börnunum það öryggi og umönnun sem nauðsynlegt er til að þau nái að þroskast og dafna. Langur vinnudagur og mikil atvinnuþátttaka beggja foreldra einkennir íslenskt fjölskyldulíf. Nauðsynlegt að kanna áhrif skattalaga á barnafjölskyldur svo og hvernig barnabóta- og vaxtabótakerfið hefur reynst þeim í raun. Einnig er æskilegt að gera tilraunir með sveigjanlegan vinnutíma.

Réttur beggja foreldra til fæðingarorlofs er veigamikið atriði í allri jafnréttisumræðu. Ákvörðun um að tryggja feðrum aukinn rétt á við mæður mun án efa leiða til þess að fleiri feður sjái sér fært að taka virkan þátt í uppeldi og umönnun barnanna strax á fyrsta æviskeiði. Mikilvægi samvista móður og barns á fyrstu mánuðunum í ævi barnsins er óumdeilt. Engu að síður er það jafn mikilvægt, að feður taki sem fyrst þátt í umönnun þess og að tilfinningatengsl föður og barns nái að myndast í frumbernsku.

Að lokum er lagt til að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að sköpuð verði skilyrði til þess að Ísland geti fullgilt samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) nr. 156 um starfsfólk með fjölskylduábyrgð. Samþykktin felur í sér fjölmörg veigamikil atriði sem skipta fjölskyldur máli og tryggja að starfsmenn geti sinnt þörfum fjölskyldunnar samhliða þátttöku í atvinnulífinu. Stefna íslenskra fyrirtækja í málefnum starfsmanna með fjölskylduábyrgð er frekar sveigjanleg. Samkomulag á milli helstu samtaka á vinnumarkaði um greiðslur til starfsfólks vegna veikinda barna, framkvæmdaáætlanir ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í jafnréttismálum, þátttaka í norrænum samstarfsverkefnum og markviss uppbygging dagvistarheimila fyrir börn ættu að gera það kleift að fullgilda samþykktina. Það

atriði, sem hefur komið í veg fyrir fullgildingu er ákvæði 8. gr. um að fjölskylduábyrgð sem slík skuli ekki vera gild ástæða til uppsagnar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar.

Efni tillögunnar er að Alþingi álykti að ríkisstjórnin móti opinbera fjölskyldustefnu á grundvelli þeirra meginforsendna og markmiða sem þar er lýst. Jafnframt álykti Alþingi að fela ríkisstjórninni að framkvæma þær aðgerðir sem kveðið er á um í tillögunni.

Þingsályktunartillagan skiptist í þrjá kafla sem bera eftirfarandi heiti:

I. Meginforsendur fjölskyldustefnu.

II. Almenn markmið stjórnvalda við framkvæmd fjölskyldustefnu.

III. Aðgerðir í þágu fjölskyldunnar.

Að því er tekur til kostnaðar sem leiða mun af samþykkt tillögunnar er hans einkum að vænta af verkefnum undir III. kaflanum þar sem getið er eftirfarandi aðgerða:

Fjölskylduráð. Stofnað verði opinbert fjölskylduráð sem hafi það hlutverk að stuðla að eflingu og vernd fjölskyldunnar. Í því sambandi eru talin upp nokkur atriði sem skulu vera hlutverk fjölskylduráðs eins og ráðgjöf til stjórnvalda í fjölskyldumálum, að annast tillögugerð um framkvæmdaáætlun í fjölskyldumálum, eiga frumkvæði að opinberri umræðu um málefni fjölskyldunnar, hvetja til aðgerða á sviði fjölskyldumála og stuðla að rannsóknum á högum og aðstæðum íslenskra fjölskyldna.

Barnafjölskyldur. Ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að staða og afkoma barnafjölskyldna í nútímasamfélagi verði könnuð sérstaklega og úrbætur gerðar þar sem nauðsynlegt er talið.

Réttur beggja foreldra til fæðingarorlofs verði tryggður með því að ríkisstjórnin skapi skilyrði sem tryggi feðrum aukinn rétt til fæðingarorlofs.

Fullgilding á samþykkt ILO nr. 156. Ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að sköpuð verði skilyrði fyrir því að Ísland geti fullgilt samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156, um starfsfólk með fjölskylduábyrgð. Samþykktin felur í sér mörg veigamikil atriði sem skipta fjölskyldur máli og tryggja að starfsmenn geti sinnt þörfum fjölskyldunnar samhliða þátttöku í atvinnulífinu.

Stofnun fjölskylduráðs mun valda nokkurri kostnaðaraukningu hjá ríkissjóði en gert er ráð fyrir að ráðið verði skipað fimm mönnum. Sé gert ráð fyrir að það haldi um 20 fundi á ári og að með því starfi ritari má reikna með að kostnaður verði um 1,5–2,0 m.kr. á ári. Er þá reiknað með nefndarþóknun til sex manna auk annars kostnaðar sem felst í launum starfsmanns í hlutastarfi, ferðum, húsnæðisaðstöðu o.fl.

Samkvæmt upplýsingum frá starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis voru greiddar tæplega 240 m.kr. í fæðingarorlof og skylda liði árið 1995 en í þeirri tölu eru ekki taldar greiðslur sjúkrahúsa utan Reykjavíkur. Komi til þess að karlar taki fæðingarorlof í jafnríkum mæli og konur má reikna með að þessi fjárhæð hækki verulega.

Um annan kostnað er erfitt að segja og fer eftir framkvæmd ályktunarinnar verði tillagan samþykkt.

720. Frumvarp til laga [407. mál]

um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, sbr. lög nr. 12/1994, nr. 58/1995 og nr. 150/1995.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

Á eftir 92. gr. laganna koma tvær nýjar greinar er orðast svo:

a. (92. gr. a.)

Sýni húsnæðisnefnd fram á, eftir að sveitarfélag hefur keypt inn félagslega eignaríbúð samkvæmt ákvæðum laganna um kaupskyldu eða forkaupsrétt, að íbúð sé óseljanleg er húsnæðismálastjórn heimilt, innan fjárhags- og útlánaáætlunar skv. 2. tölul. 5. gr., að verða við umsókn sveitarstjórnar um að breyta íbúðinni í félagslega kaupleiguíbúð. Félagsleg eignaríbúð telst óseljanleg samkvæmt ákvæði þessu hafi hún verið auglýst til sölu en engin umsókn borist.

b. (92. gr. b.)

Sveitarfélag, sem hefur á sínum vegum félagslegar eignaríbúðir eða félagslegar kaupleiguíbúðir sem ekki verða nýttar, getur sótt um heimild til húsnæðismálastjórnar til að miða við rýmri tekjumörk einstaklings en gilda hverju sinni samkvæmt reglugerð þar að lútandi, enda sýni húsnæðisnefnd fram á að það sé eina færa leiðin til þess að íbúð verði úthlutað. Undanþáguheimildin er almenns eðlis og skal kynnt sérstaklega í sveitarfélaginu. Undanþágan hefur ekki áhrif á vexti, sbr. þó 79. gr.

Í næstu sex ár frá því síðast er úthlutað íbúð samkvæmt undanþágunni er sveitarfélag útilokað frá því að sækja um framkvæmdalán úr Byggingarsjóði verkamanna til að kaupa eða byggja félagslegar íbúðir.

Ákvæði þetta tekur m.a. til íbúða sem breytt hefur verið í félagslegar kaupleiguíbúðir, sbr. 92. gr. a.

2. gr.

Á eftir 93. gr. laganna kemur ný grein, 93. gr. a, er orðast svo:

Heimilt er húsnæðismálastjórn að samþykkja frestun á afborgun lána til Byggingarsjóðs verkamanna þegar sveitarstjórn hefur keypt inn félagslega íbúð samkvæmt ákvæðum laganna um kaupskyldu sem ekki verður nýtt sem heilsársíbúð vegna hættu á snjóflóðum eða skriðuföllum, enda sé íbúð á hættusvæði, sbr. lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985, með síðari breytingum. Frestun á afborgun lána samkvæmt ákvæði þessu getur einungis átt sér stað í ákveðinn tíma eftir ákvörðun húsnæðismálastjórnar á meðan unnið er að varanlegri lausn. Vextir, og verðbótaþáttur vaxta, greiðast á meðan frestur stendur yfir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem skipuð var af félagsmálaráðherra 16. október 1995. Nefndinni var ætlað að leita leiða til lausnar á þeim vanda sem sum sveitarfélög eiga við að glíma vegna félagslegra íbúða sem ekki tekst að nýta. Í nefndina voru skipuð: Magnús B. Jónsson sveitarstjóri, Steingrímur Ari Arason, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, Ingi Valur Jóhannsson deildarstjóri og Magnús Stefánsson alþingismaður, formaður nefndarinnar. Með nefndinni störfuðu Gísli Gíslason deildarstjóri og Þorgerður Benediktsdóttir deildarstjóri.

Nefndin kannaði ástand þessara mála og varð niðurstaðan sú að vandinn væri mjög mismunandi og staðbundinn eftir landsvæðum og sveitarfélögum. Um væri að ræða bráðan vanda í sumum sveitarfélögum, en á öðrum stöðum gengi innlausn og endursala félagslegra eignaríbúða greiðlega fyrir sig. Segja má að þetta endurspegli að miklu leyti almennt ástand í atvinnu- og byggðamálum víða um landið. Það er því ljóst að í sumum sveitarfélögum blasa við mikil og erfið vandamál þar sem viðkomandi sveitarfélög sitja uppi með fjöldann allan af félagslegum íbúðum og þar sem ástandið er verst hefur hvorki tekist að selja né leigja íbúðirnar og þær hafa því staðið auðar og ónotaðar. Þetta ástand hefur bein áhrif á fjárhagsstöðu þessara sveitarfélaga og getur einnig haft áhrif á almennan íbúðamarkað á þeim stöðum. Við lausn þessa vanda verður að ganga út frá því að í sumum tilfellum getur verið um tímabundið ástand að ræða og jafnvel staðbundið ástand sem kallar á sértækar lausnir.

Í nóvember 1995 tók Húsnæðisstofnun saman yfirlit yfir fjölda félagslegra íbúða sem ekki hafði tekist að ráðstafa, þ.e. hvorki selja né leigja. Jafnframt var aflað upplýsinga um félagslegar eignaríbúðir sem ekki hefur tekist að selja en eru í leigu. Leitað var upplýsinga í 59 sveitarfélögum þar sem álitið var að hugsanlega væru vandkvæði á að ráðstafa íbúðum og reyndust 19 þeirra vera með íbúðir sem staðið höfðu auðar lengur en tvo mánuði, 14 með íbúðir sem staðið höfðu auðar lengur en sex mánuði og átta með auðar íbúðir lengur en í eitt ár. Þá voru 39 sveitarfélög með félagslegar eignaríbúðir í leigu þar sem ekki hafði tekist að selja þær, samtals 172 íbúðir.

Sveitarfélag	Íbúðir auðar lengur en 2 mán.	Íbúðir auðar lengur en 6 mán.	Íbúðir auðar lengur en 1 ár	Félagslegar eignaríbúðir í leigu
Reykjavík	6	4	4	0
Kópavogur	1	0	0	0
	7	**4**	**4**	**0**
Keflavík	0	0	0	1
Grindavík	0	0	0	2
	0	**0**	**0**	**3**

Sveitarfélag	Íbúðir auðar lengur en 2 mán.	Íbúðir auðar lengur en 6 mán.	Íbúðir auðar lengur en 1 ár	Félagslegar eignaríbúðir í leigu
Akranes	2	0	0	13
Borgarbyggð	0	0	0	7
Snæfellsbær	3	2	1	12
Stykkishólmur	0	0	0	2
	5	**2**	**1**	**34**
Ísafjörður	6	1	0	3
Vesturbyggð	11	7	3	19
Þingeyri	0	0	0	10
Hólmavík	0	0	0	1
Bolungarvík	27	11	1	2
Suðureyri	9	7	3	13
	53	**26**	**7**	**48**
Sauðárkrókur	0	0	0	6
Höfðahreppur	2	1	0	0
Siglufjörður	0	0	0	8
Hvammstangi	0	0	0	2
Blönduós	0	0	0	5
Hofshreppur	0	0	0	1
	2	**1**	**0**	**22**
Árskógshreppur	5	4	2	1
Raufarhöfn	0	0	0	6
Húsavík	0	0	0	4
Dalvík	0	0	0	3
Þórshöfn	0	0	0	5
	5	**4**	**2**	**19**
Neskaupstaður	0	0	0	7
Egilsstaðir	2	0	0	0
Eskifjörður	0	0	0	7
Reyðarfjörður	1	0	0	1
Fellahreppur	1	1	0	1
Seyðisfjörður	3	2	0	2
Fáskrúðsfjörður	0	0	0	3
Bakkafjörður	0	0	0	2
Stöðvarfjörður	6	5	5	3
Borgarfjörður eystri	1	0	0	1
Breiðdalsvík	0	0	0	2
	14	**8**	**5**	**29**
Vestmannaeyjar	12	6	6	0
Selfoss	0	0	0	8
Eyrarbakki	0	0	0	2
Hvolhreppur	2	1	0	2
Hveragerði	0	0	0	2
Vík í Mýrdal	2	1	0	0
Stokkseyri	0	0	0	3
	16	**8**	**6**	**17**
Samtals	**102**	**53**	**25**	**172**

Með lögum nr. 58 8. mars 1995 voru lögfest tvenns konar úrræði til að koma til móts við þann vanda sem hér er við að etja. Annars vegar er um að ræða lánveitingu húsnæðismálastjórnar til sveitarfélaga sem nemur söluverði íbúða á hagstæðum kjörum, þ.e. sömu lánskjörum og til leiguíbúða. Veitt hafa verið slík lán vegna á annars tugs íbúða auk þess sem talsvert margar umsóknir eru væntanlegar. Sem dæmi má nefna að nú (í febrúar 1996) eru í undirbúningi 17 lánsumsóknir frá einu sveitarfélagi vegna íbúða sem standa auðar og er ástæðan að hluta til sú að íbúðirnar standa á snjóflóðahættusvæði. Vísast um þetta efni til 92. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, með síðari breytingum. Hins vegar er í lögunum afmörkuð heimild til að selja félagslega íbúð á almennum markaði ef sýnt þykir að íbúðin hentar ekki sem félagsleg íbúð, sbr. 93. gr. laganna. Ein umsókn um slíka sölu hefur borist frá gildistöku laganna í mars 1995, en sú umsókn þótti ekki fullnægja skilyrðum 93. gr. laganna og var því hafnað. Enda þótt reynslan af þessum tveimur nýju lagaúrræðum sé ekki mikil er það engu að síður mat manna nú að ekki hafi verið nægilega langt gengið. Því er frumvarp þetta flutt.

Við framansagt bætist að sum sveitarfélög hafa keypt inn félagslegar íbúðir sem ekki verða nýttar vegna yfirvofandi snjóflóðahættu. Með lögum nr. 151/1995, um breytingar á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985, sbr. lög nr. 50/1995, voru teknar í lög reglur um tilhögun á greiðslum úr ofanflóðasjóði til sveitarstjórna til kaupa á húsnæði á snjóflóðahættusvæðum. Lögin leysa hins vegar ekki úr vanda þeirra sveitarfélaga sem keypt hafa félagslegar íbúðir eftir kaupskylduákvæðum laga um Húsnæðisstofnun ríkisins og ekki eru nýtanlegar vegna yfirvofandi snjóflóðahættu. Í janúar 1996 gerði Húsnæðisstofnun athugun á því hve margar félagslegar íbúðir væru á skilgreindum snjóflóðahættusvæðum. Niðurstaðan var þessi:

Flateyri	16	íbúðir
Ísafjörður	21	íbúð
Bolungarvík	5	íbúðir
Neskaupstaður	19	íbúðir
Seyðisfjörður	12	íbúðir
Vesturbyggð	39	íbúðir
Siglufjörður	12	íbúðir

Samtals eru 124 félagslegar íbúðir á skilgreindum hættusvæðum. Til viðbótar eru 10 íbúðir í Bolungarvík til athugunar, 18 íbúðir á Seyðisfirði og 6 á Siglufirði eða samtals 34 íbúðir. Enn hefur ekki verið gert hættumat á Bíldudal.

Breytingar þær sem frumvarpið gerir ráð fyrir að gerðar verði á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins til lausnar á þeim vanda sem hér hefur verið rakinn eru þrenns konar:

Í fyrsta lagi er lagt til að húsnæðismálastjórn verði heimilað að breyta félagslegum eignaríbúðum í félagslegar kaupleiguíbúðir, enda séu íbúðirnar taldar óseljanlegar í sveitarfélaginu.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að húsnæðismálastjórn verði heimilt að víkja frá reglum um tekjumörk einstaklinga, enda sýni húsnæðisnefnd í viðkomandi sveitarfélagi fram á að það sé eina leiðin til að íbúð verði úthlutað. Undanþágan hafi ekki áhrif á vexti. Sveitarfélag verði útilokað frá framkvæmdaláni í næstu sex ár frá því að síðast var úthlutað íbúð samkvæmt undanþágunni.

Loks er í þriðja lagi lagt til að hafi sveitarfélag innleyst eða innleysi það félagslegar íbúðir samkvæmt kaupskyldu, og þær verði ekki nýttar árið um kring vegna hættu á snjóflóði eða skriðuföllum, verði húsnæðismálastjórn heimilt að veita sveitarstjórn greiðslufrest á láni Byggingarsjóðs verkamanna í ákveðinn tíma.

Að öðru leyti vísast til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, sem lagt var fram á Alþingi í desember 1994 og var síðar samþykkt sem lög nr. 58/1995, var lagt til að húsnæðismálastjórn yrði heimilt að færa lán milli lánaflokka, enda sýndu framkvæmdaraðilar fram á nauðsyn þess vegna breyttra aðstæðna. Hugsunin, sem bjó að baki, var fyrst og fremst sú að húsnæðismálastjórn væri slíkt heimilt þegar kæmi að því að breyta framkvæmdaláni í langtímalán. Á Alþingi var ákvæði þetta fellt brott. Í nefndaráliti félagsmálanefndar sagði svo: „Gert er ráð fyrir óbreyttri framkvæmd þar sem tilfærsla milli lánaflokka hefur verið heimiluð í undantekningartilvikum“ (sbr. þskj. 851, 338. mál á 118. löggjafarþingi). Samkvæmt þessu telst nú heimilt að færa lán milli lánaflokka í sérstökum undantekningartilvikum. Eins og áður sagði hefur þetta verið framkvæmt svo að heimildin til tilfærslu milli lánaflokka ætti fyrst og fremst við á tímabilinu frá því framkvæmdalán var veitt og þar til því er breytt í langtímalán. Hins vegar er talið að sú lagastoð taki ekki ótvírætt til þess að breyta félagslegri eignaríbúð í kaupleiguíbúð þegar sveitarstjórn hefur keypt inn félagslega eignaríbúð sem síðan reynist óseljanleg. Hér er um staðbundið ástand að ræða og þykir rétt að lagastoð því til lausnar komi beinlínis fram í lögum.

Í a-lið (92. gr. a.) felst að húsnæðismálastjórn er heimilt að verða við umsókn sveitarstjórnar um að breyta félagslegri eignaríbúð í félagslega kaupleiguíbúð, enda sé fullreynt að íbúðin sé óseljanleg. Ekki er lagt til að sett verði það skilyrði að íbúð hafi verið óseljanleg í ákveðinn tíma heldur verði það metið í hverju tilviki af húsnæðismálastjórn eftir aðstæðum í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn (húsnæðisnefnd) hefur hins vegar ávallt sönnunarbyrðina fyrir því að íbúðin sé óseljanleg.

Mikilvægt er að úrræðið, sem í ákvæðinu felst, má ekki leiða til aukinna útgjalda Byggingarsjóðs verkamanna umfram þær fjárveitingar sem um er að ræða á hverju ári. Það þýðir óhjákvæmilega að framkvæmdalánum úr sjóðnum mun fækka sem beitingu ákvæðisins nemur. Með framkvæmdalánum er bæði átt við lán til að byggja og kaupa félagslegar íbúðir.

Reiknað hefur verið stílfært dæmi um hver sé kostnaður, á núvirði, af þeim ráðstöfunum sem gert er ráð fyrir í greininni, þ.e. að í stað 2,4% vaxta verði vextir 1% og lánstími verði 50 ár í stað 43 ára. Tekið er mið af meðalvöxtum af teknum lánum Byggingarsjóðs verkamanna sem eru um 6,5%. Við núvirðisreikning er ávöxtunarkrafan því ákveðin 6,5%.

1. Lán til 43 ára, að nafnverði 1 millj. kr., fyrsta árið afborgunarlaust, vextir 2,4%. Núvirði 545.425 kr.
2. Lán til 50 ára, að nafnverði 1 millj. kr., vextir 1%. Núvirði 383.321 kr.

Mismunurinn er 162.104 kr. af hverri 1 millj. kr. á núvirði.

Meðallán er um 5,6 millj. kr. Niðurstaðan er sú að kostnaðurinn á núvirði við að breyta einni félagslegri eignaríbúð í félagslega kaupleiguíbúð er um 908 þús. kr.

Samkvæmt þessu eru sex slíkar breytingar ígildi einnar íbúðar með 5,6 millj. kr. láni.

Í b-lið (92. gr. b.) er lagt til að víkja megi frá tekjumörkum einstaklinga ef sveitarfélag sýni fram á að það sé eina færa leiðin til þess að íbúð verði úthlutað. Undir ákvæðið falla bæði félagslegar eignaríbúðir og félagslegar kaupleiguíbúðir, þar á meðal þær íbúðir sem breytt hefur verið í félagslegar kaupleiguíbúðir skv. 1. gr. frumvarpsins. Rök-

in fyrir því að víkja frá því grundvallaratriði, sem tekjumörkin eru, eru þau að við þessar sérstöku aðstæður er ekki talið rétt að úthlutun á íbúð strandi á tekjumörkum enda mikið í húfi að íbúðin verði nýtt. Því er lagt til að við þessar erfiðu kringumstæður í viðkomandi sveitarfélögum verði húsnæðismálastjórn heimilað að miða við rýmri tekjumörk en gilda hverju sinni samkvæmt reglugerð um það efni. Í þessu sambandi skal bent á að húsnæðismálastjórn er nú heimilt að víkja frá tekjumörkum einstaklinga skv. 3. mgr. 64. gr. laganna. Sú undanþáguheimild tekur mið af aðstæðum einstaklingsins, en hér eru það aðstæður í sveitarfélagi sem eru í brennidepli. Því telst undanþáguákvæði 3. mgr. 64. gr. laganna ekki nægjanleg lagastoð hér.

Verði rýmkun á tekjumörkum heimiluð í sveitarfélagi verður hækkunin almenn, en tekur ekki til einstakra mála. Talið er rétt að leggja þá skyldu á sveitarfélagið að hin almenna undanþága frá tekjumörkum verði kynnt íbúunum sérstaklega með þeim hætti sem við á í hverju sveitarfélagi.

Ekki er talið gerlegt að kveða á um ákveðið hámark tekna í þessu sambandi sökum þess hve aðstæður í sveitarfélögum eru mismunandi. Húsnæðismálastjórn er því falið að meta nauðsyn á rýmkun tekjumarka í hverju máli fyrir sig.

Verði undanþága frá tekjumörkum veitt út af aðstæðum í sveitarfélaginu er gert ráð fyrir að sveitarfélag verði útilokað frá umsókn um framkvæmdalán næstu sex árin frá því að síðast var úthlutað íbúð samkvæmt undanþágunni. Þessi tímamörk þykja rökrétt í þessu sambandi þar sem lögin kveða á um að vextir skuli endurskoðaðir sex árum eftir lántöku.

Um 2. gr.

Grein þessari er einungis ætlað að taka til hreinna neyðartilvika þegar sveitarstjórn hefur keypt inn félagslega íbúð sem ekki er hægt að nýta árið um kring vegna hættu á snjóflóðum eða skriðuföllum. Þá er lagt til að húsnæðismálastjórn verði heimilt að fresta afborgun af láni Byggingarsjóðs verkamanna í ákveðinn tíma. Þetta eigi einungis við um íbúðir sem eru á skilgreindu hættusvæði samkvæmt lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985, með síðari breytingum. Lögð er áhersla á að sveitarfélag verður að greiða vexti af lánum sem sett verða í greiðslufrestun. Úrræðið er ekki ótímabundið heldur gert ráð fyrir að það verði á valdi Húsnæðisstofnunar að meta þessi mál og gert ráð fyrir endanlegri lausn af öðrum toga en með greiðslufrestun lána. Í þessu sambandi vísast til 5. gr. laga nr. 151/1995, um breytingar á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985, með síðari breytingum, þar sem kveðið er á um greiðslu úr ofanflóðasjóði til sveitarstjórna vegna uppkaupa á fasteignum á snjóflóðahættusvæðum.

Tekið skal fram að undir greinina falla allar tegundir félagslegra íbúða sem sveitarstjórn hefur keypt eftir kaupskylduákvæðum laganna, þ.e. félagslegar eignaríbúðir, félagslegar kaupleiguíbúðir eða almennar kaupleiguíbúðir, enda hafi íbúðirnar verið í eigu einstaklinga, sbr. kaupskylduna.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, sbr. lög nr. 12/1994, nr. 58/1995 og nr. 150/1995.

Í frumvarpinu er kveðið á um þrenns konar breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Samkvæmt þeim verður Húsnæðismálastjórn heimilað:

1. Að breyta félagslegum eignaríbúðum í félagslegar kaupleiguíbúðir, enda séu íbúðirnar taldar óseljanlegar í sveitarfélaginu.
2. Að víkja frá reglum um tekjumörk einstaklinga, enda sýni húsnæðisnefnd í viðkomandi sveitarfélagi fram á að það sé eina leiðin til að íbúð verði úthlutað. Undanþágan hafi ekki áhrif á vexti. Sveitarfélag útilokast frá framkvæmdaláni í næstu sex ár frá því síðast var úthlutað íbúð samkvæmt undanþágunni.
3. Að veita sveitarstjórn greiðslufrest á láni Byggingarsjóðs verkamanna í ákveðinn tíma hafi sveitarfélag innleyst eða það muni innleysa félagslegar íbúðir samkvæmt kaupskyldu, og þær verði ekki nýttar árið um kring vegna hættu á snjóflóði eða skriðuföllum. Lögð er áhersla á að sveitarfélag verður að greiða vexti af lánum sem sett verða í greiðslufrestun.

Að öðru óbreyttu leiðir breyting á félagslegri eignaríbúð í félagslega kaupleiguíbúð til aukinna útgjalda Byggingarsjóðs verkamanna. Skiptir lækkun vaxta mestu í því sambandi. Samkvæmt frumvarpinu er hins vegar gerð sú krafa að breytingin rúmist innan fjárhags- og útlánaáætlunar sjóðsins. Gert er ráð fyrir að lánum til að byggja og kaupa félagslegar íbúðir muni fækka sem beitingu ákvæðisins nemur. Að þessu gefnu verður ekki séð að lögfesting frumvarpsins hafi kostnaðaráhrif fyrir ríkissjóð.

721. Nefndarálit [232. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin fjallaði ítarlega um málið og í áliti meiri hluta hennar er getið um umsagnaraðila og þá sem nefndin fékk á sinn fund.

Tildrög og vinna við frumvarpið.

Frumvarp það sem hér um ræðir er stjórnarfrumvarp á þingskjali 313. Í athugasemdum við frumvarpið segir m.a.: „Með þátttöku sinni í Evrópska efnahagssvæðinu (EES) skuldbatt Ísland sig til að lögtaka meginefni ýmissa tilskipana Evrópusambandsins (ESB) á sviði fjármálaþjónustu. Með setningu laga nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði, var bankalöggjöfin samræmd ákvæðum ýmissa þágildandi tilskipana ESB á þessu sviði. Síðan hafa þær aðstæður skapast að nauðsynlegt er að endurskoða ýmis ákvæði þessara laga."

Þannig er greinilegt að þessu frumvarpi er fyrst og fremst ætlað að fella inn í löggjöf þætti sem Íslendingar eru skuldbundnir til samkvæmt EES-samningnum. Í athugasemdum við frumvarpið er síðan lýst nokkrum tilskipunum ESB sem kalla á breytingar á íslenskri löggjöf. Þetta er meginefni frumvarpsins.

Minni hluti nefndarinnar tók virkan þátt í starfi hennar og lagði til ýmsar lagfæringar á frumvarpinu í góðu samráði við meiri hlutann. Þessar breytingar endurspeglast í 12 breytingartillögum sem eru bornar fram á þingskjali 705 af hálfu meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar. Tillögunum er lýst nánar í þingskjali 704 í nefndaráliti meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Ekki er ágreiningur milli meiri hluta og minni hluta nefndarinnar um þessar 12 breytingartillögur enda eru þær að hluta byggðar á ábendingum minni hlutans og samvinnu innan nefndarinnar. Sú vinna var vönduð og ítarleg enda um flókið, tæknilegt frumvarp að ræða. Þessar 12 breytingartillögur lúta fyrst og fremst að því að færa ákvæði frumvarpsins hvað varðar hinar alþjóðlegu skuldbindingar í heppilegra form.

Síðar segir í athugasemdum við frumvarpið að við framkvæmd laganna hafa komið í ljós nokkur atriði sem betur mættu fara. Nánar er fjallað um þessi atriði í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins. Þannig er ljóst að frumvarpinu var einnig ætlað að lagfæra minni háttar atriði sem alltaf koma upp þegar löggjöf hefur verið við lýði um nokkurn tíma. Það er alvanalegt við lagasetningu að smávægilegar breytingar eru gerðar þótt þær snerti meginefni frumvarpsins að öðru leyti lítið.

Ágreiningsefni meiri hluta og minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Ágreiningur reis innan nefndarinnar um 13. breytingartillögu meiri hlutans, þ.e. ákvæði til bráðabirgða II, en það lýtur að heimild til endurfjármögnunar víkjandi lána sem Landsbanki Íslands hefur tekið. Minni hlutinn telur þá málsmeðferð, sem meiri hlutinn leggur til, ranga í grundvallaratriðum og alls ekki í samræmi við málið í heild. Þessa afstöðu minni hlutans þarf að skýra nokkuð og því er nauðsynlegt að gera grein fyrir forsögu málsins.

Ágreiningsefnið milli meiri og minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar er í 2. gr. frumvarpsins. Þar er lagt til að fellt verði brott gildandi ákvæði laga um að ríkisviðskiptabankar skuli leita eftir samþykki Alþingis til að taka víkjandi lán til að efla eiginfjárstöðu sína. Þessi tillaga lætur lítið yfir sér og er sáralítið skýrð í frumvarpinu.

Sérstaða víkjandi láns felst hins vegar í því að teljast til eigin fjár innlánsstofna eftir ákveðnum reglum. Einnig liggja fyrir kvaðir um skyldu innlánsstofnana til að ná tiltekinni lágmarkseiginfjárstöðu (8%) sem er reiknuð út eftir alþjóðlegum reglum, svonefndum BIS-reglum.

Þannig getur innlánsstofnun sem tekur víkjandi lán að fjárhæð einn milljarður kr., og það telst til eigin fjár stofnunarinnar, stækkað efnahagsreikning sinn um 12,5 milljarða kr. í kjölfar hinnar bættu eiginfjárstöðu. Margföldunaráhrif víkjandi láns eru þannig mjög mikil þar sem það telst til eigin fjár. Hægt er að líkja víkjandi láni í þessu tilviki við hlutafjárframlag í hlutafélagi. Ef hlutafélag yrði að sýna tiltekna eiginfjárstöðu myndi hlutafjáraukningin leiða til þess að félagið gæti aukið við skuldir sínar.

Þetta gerir það að verkum að löggjafinn kaus á sínum tíma að hafa lögin þannig að sérstök ákvæði gilda um töku víkjandi lána ríkisviðskiptabanka. 2. málsl. 3. mgr. 8. gr. núgildandi laga er þannig: „Ríkisviðskiptabanka er óheimilt án samþykkis Alþingis að taka víkjandi lán í því skyni að efla eiginfjárstöðu sína umfram það sem Tryggingarsjóður viðskiptabanka getur veitt, sbr. 75. gr. laga þessara."

Í frumvarpinu er gerð tillaga um að fella þetta ákvæði brott. Eini rökstuðningur þess í athugasemdum við frumvarpið er að ríkisviðskiptabankar geti tekið önnur lán með ríkisábyrgð án sérstakrar heimildar Alþingis. Því sé talið rétt að þetta ákvæði verði fellt úr lögum. Þetta er vitaskuld ekki nákvæm lýsing á áhrifum víkjandi láns eins og hér hefur verið rakið varðandi þá möguleika sem víkjandi lán hefur til þess að stækka efnahagsreikning, þ.e. auka skuldir. Núverandi ákvæði er því mjög skynsamlegur varnagli um víkjandi lán. Komi til töku víkjandi láns, sem er óvanaleg aðgerð til styrkingar á eigin fé, er rétt að Alþingi fjalli um það mál enda um ríkisviðskiptabanka að ræða.

Þess má geta að þetta ákvæði kom m.a. inn í löggjöf fyrir forgöngu núverandi utanríkisráðherra, Halldórs Ásgrímssonar, en hann er m.a. fyrrverandi kennari í reikningshaldi og þekkir því glöggt til varkárni varðandi þessa þætti. Rökstuðningurinn í núverandi stjórnarfrumvarpi er því öldungis ófullnægjandi. Þessi breyting er veruleg efnisbreyting á núgildandi lögum og hefur ekkert með EES-samninginn að gera sem er meginástæða frumvarpsins.

Forsaga víkjandi lána Landsbanka Íslands.

Í frumvarpinu er því blandað saman tveimur mjög óskyldum efnum, þ.e. staðfestingu vegna EES-samnings og víkjandi lánum til ríkisviðskiptabanka. Í fyrstu umfjöllun nefndarinnar, eftir að eðli þessarar breytingar um víkjandi lán var orðið skýrt, m.a. vegna ábendinga umsagnaraðila, þá taldi nefndin að ekki bæri að fella niður umrætt ákvæði. Eftir að sú ákvörðun var tekin af hálfu nefndarinnar með stuðningi viðskiptaráðherra hófst hins vegar ferill til að breyta þeirri ákvörðun. Þá óskaði Landsbankinn sérstaklega eftir að þetta ákvæði yrði fellt út, a.m.k. breytt í þá veru að bankanum væri heimilt að taka víkjandi lán í sama umfangi og hann mátti áður.

Eftir ítarlegar umræður í nefndinni óskaði meiri hlutinn eftir því að afgreiða málið á þann hátt sem fram kemur í breytingartillögu nr. 13, þ.e. að heimila Landsbankanum að skuldbreyta hluta af víkjandi lánum sínum en samanlagt nemur þessi viðbótarheimild einum milljarði kr. Það er því nauðsynlegt að rekja hér nokkuð forsögu víkjandi lána Landsbanka Íslands sem málið snýst um.

Árið 1992 átti Landsbanki Íslands í verulegum erfiðleikum við að uppfylla alþjóðlegar kröfur um eiginfjárhlutfall. Að mati endurskoðanda bankans þurfti að styrkja eiginfjárstöðu hans verulega til að hann stæðist alþjóðlegar kröfur en þær eru skilyrði fyrir áframhaldandi rekstri.

Þáverandi ríkisstjórn lagði til sérstakar björgunaraðgerðir fyrir Landsbankann til að styrkja eiginfjárstöðu hans sem voru afgreiddar á Alþingi vorið 1993. Þær aðgerðir voru þríþættar. Seðlabanki Íslands lánaði Landsbankanum 1.250 millj. kr., Tryggingarsjóður viðskiptabanka veitti Landsbankanum einn milljarð kr. að láni og ríkissjóður lánaði Landsbankanum 2.250 millj. kr. Þessar lánveitingar voru að hluta í formi víkjandi lána og styrktu eiginfjárstöðu bankans samanlagt um 4,5 milljarða kr. Þetta er verulegt fé og því var marglýst yfir af hálfu þáverandi ríkistjórnar og forsvarmanna Seðlabanka og Landsbanka að þetta væri nægjanlegt til að tryggja bankanum traustan rekstrargrundvöll.

Sett voru skilyrði fyrir þessari aðstoð, svo sem að rekstur yrði bættur, starfsfólki fækkað, eignaraðild í greiðslukortafyrirtækjum og eignaleigum yrði stokkuð upp, útibúum fækkað og eignir seldar. Landsbankinn átti síðan að endurgreiða þessa fyrirgreiðslu með ákveðnum hætti í ljósi væntanlegrar bættrar stöðu. Í umræðum á Alþingi í tengslum við þessar aðgerðir kom skýrt fram að ekki var gert ráð fyrir viðbótaraðstoð til Landsbankans.

Þess ber að geta að Tryggingarsjóður viðskiptabanka, sem veitti Landsbankanum einn milljarð kr. sem víkjandi lán, fékk viðbótarheimild að fjárhæð tveir milljarðar kr. til að veita öðrum lánastofnunum víkjandi lán ef á þyrfti að halda. Það kom skýrt fram í umræðum á Alþingi vorið 1993 að þessi viðbótarheimild var ekki hugsuð fyrir Landsbankann heldur, ef á þyrfti að halda, fyrir aðra banka sem eru Búnaðarbanki Íslands og Íslandsbanki hf. Aldrei reyndi á slíkt enda hafa hvorki Búnaðarbanki Íslands né Íslandsbanki hf. óskað eftir víkjandi láni né framlagi af hálfu ríkisins.

Í breytingartillögum við frumvarpið, sem minni hluti nefndarinnar er samþykkur, er gert ráð fyrir að fella niður þessar heimildir Tryggingarsjóðs og að ríkissjóður yfirtaki eins milljarðs kr. lánið til Landsbankans.

Hlutafjárvæðing ríkisviðskiptabankanna.

Miðað við forsögu málsins er ekki nein ástæða til að breyta ákvæðinu um að leita þurfi samþykkis Alþingis ef veita þarf víkjandi lán. Nú leggur hins vegar meiri hlutinn til að Landsbankanum verði heimilað að endurfjármagna víkjandi lán sín sem hann hefur greitt af frá árinu 1994 og fram til ársins 1997. Samkvæmt upplýsingum sem nefndinni hafa verið veittar er hér um að ræða endurfjármögnun að fjárhæð um einn milljarður kr. en eins og fyrr segir var heildarfjárveiting til bankans á sínum tíma 4,5 milljarðar kr.

Vitaskuld vaknar þá sú spurning hvort Landsbankinn þurfi nú að styrkja eiginfjárstöðu sína þrátt fyrir aðstoðina frá 1993. Svo er hins vegar ekki. Eiginfjárstaða Landsbankans um síðustu áramót var um 9,5% sem er nokkuð yfir alþjóðlegum mörkum en lágmarkskrafa er 8% eins og fyrr er getið.

Eftir eftirgrennslan minni hluta nefndarinnar varðandi það að heimila endurfjármögnun eins og meiri hlutinn leggur til var upplýst af hálfu meiri hluta nefndarinnar að nauðsynlegt gæti verið að endurmeta ýmsar eignir bankans í sambandi við breytingu hans í hlutafélag. Við það endurmat getur verið að tilteknar eignir lækki í verði þannig að gott væri að geta styrkt eiginfjárstöðu þar á móti.

Minni hlutinn bendir á að útfærsla á fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar varðandi breytingu á ríkisviðskiptabönkum í hlutafélög hefur ekki verið kynnt á Alþingi né annars staðar opinberlega. Viðskiptaráðherra hefur einnig látið liggja að því á opinberum vettvangi að slíkt frumvarp bíði haustsins en nefnd mun vera starfandi að þessu máli. Stjórnarandstaðan á enga aðild að þessari nefnd né er henni kunnugt um vinnu hennar.

Minni hlutinn lagði því til að þetta ákvæði, sem alls ekki á heima í tæknilegu frumvarpi um EES-samning, yrði tekið út úr frumvarpinu og það flutt sem sérstakt þingmál. Þetta mál er algerlega óskylt efni frumvarpsins, ekki brýnt og tengist meira stefnumörkun ríkisstjórnarinnar á tilteknu sviði. Jafnframt benti minni hlutinn á að eðlilegar væri, ef ríkisstjórnin teldi að styrkja þyrfti eiginfjárstöðu Landsbankans vegna hlutafjárvæðingar, að fjalla um slíkt í frumvarpi um þá breytingu. Meiri hlutinn féllst ekki á þessi augljósu rök minni hlutans. Þess vegna leggst minni hlutinn gegn þessu ákvæði frumvarpsins og kýs að skila minnihlutaáliti um frumvarpið þótt hann sé sammála meiri hlutanum um hinar tæknilegu breytingartillögur sem samstaða náðist um milli stjórnar, stjórnarandstöðu og hagsmunaaðila.

Lokaorð.

Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar telur fráleitt að sett sé inn í frumvarp til staðfestingar á ákvæðum EES-samningsins rýmkun á heimildum til að veita víkjandi lán án þess að um það sé sérstaklega fjallað á Alþingi, í ljósi rökstuðings stjórnarinnar sem er hlutafjárvæðing viðskiptabankanna. Það er ljóst að Landsbankinn þarf ekki á þessari heimild að halda til endurfjármögnunar miðað við núverandi ástand heldur er gefin upp sú ástæða að þetta sé þáttur í breytingu bankans í hlutafélag. Sú breyting hefur ekki verið tímasett eða rædd í einstökum atriðum og ríkisstjórnin hefur ekkert samráð haft við stjórnarandstöðuna eins og áður sagði.

Minni hlutinn ítelur þessi vinnubrögð harðlega og mun óska eftir því við 2. umræðu frumvarpsins að ríkisstjórnin kynni fyrirætlanir sínar um hlutafjárvæðingu ríkisviðskiptabankanna og að hve miklu leyti þetta frumvarp hafi þar áhrif. Jafnframt verður óskað eftir upplýsingum frá viðskiptaráðherra um það hvernig Landsbanki Íslands hefur staðið við skilyrði sem sett voru árið 1993 þegar opinberir aðilar veittu bankanum 4,5 milljarða kr. til að styrkja eiginfjárstöðu hans.

Það er augljóst að við 2. umræðu þessa máls verður ríkisstjórnin að skýra vel afstöðu sína gagnvart Landsbankanum en atburðir síðustu mánaða gefa til kynna að ekki gætir mikils samræmis í orðum og stefnu Landsbankans annars vegar og ríksstjórnarinnar hins vegar.

Alþingi, 18. mars 1996.

Ágúst Einarsson, frsm. Jón Baldvin Hannibalsson. Steingrímur J. Sigfússon.

722. Frumvarp til laga [408. mál]

um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 73 28. maí 1984, sbr. lög nr. 32 14. apríl 1993.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Orðin „eiga og“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. Í stað síðari málsliðar 1. mgr. koma þrír nýir málsliðir er orðast svo: Samgönguráðherra er heimilt að veita aðila rekstrarleyfi til að annast þá fjarskiptaþjónustu sem ríkið hefur einkarétt á skv. 1. málsl. Við útgáfu rekstrarleyfis skulu tilteknar þær skyldur og kvaðir sem rekstrarleyfinu fylgja, sbr. 3. mgr. Samgönguráðherra skal hafa eftirlit með því að leyfishafi virði þær kvaðir og skyldur sem mælt er fyrir um í rekstrarleyfi.
c. Í stað orðanna „Póst- og símamálastofnuninni“ í 6. mgr. kemur: Rekstrarleyfishafa skv. 1. mgr.
d. Orðin „sem ekki fara um fjarskiptavirki ríkisins“ í 8. mgr. falla brott.

2. gr.

8. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Póst- og símamálastofnuninni“ í 1. mgr. kemur: þeim sem rekstrarleyfi hefur skv. 1. mgr. 2. gr.
b. Í stað orðanna „Menn, sem í þágu Póst- og símamálastofnunarinnar“ í 2. mgr. kemur: Menn, sem á grundvelli 1. mgr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Orðið „ríkisins“ í 1. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðanna „Póst- og símamálastofnunina“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: rekstrarleyfishafa skv. 1. mgr. 2. gr.
c. Í stað orðanna „Póst- og símamálastofnuninni“ í 2. mgr. kemur: rekstrarleyfishafa.
d. Í stað orðanna „fjarskiptavirkja ríkisins er Póst- og símamálastofnuninni“ í 3. mgr. kemur: fjarskiptavirkja er rekstrarleyfishafa.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Orðið „ríkisins“ í 1. mgr. fellur brott.
b. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Skylt er þeim sem á eða rekur fjarskiptavirki að bæta tjón á landi manna, mannvirkjum eða öðrum eignum sem hlotist hefur af lagningu eða viðhaldi fjarskiptavirkja.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „fjarskiptavirkja ríkisins“ í 1. málsl. kemur: við fjarskiptavirki.
b. Orðið „ríkisins“ í 2. málsl. fellur brott.

7. gr.

Í stað orðanna „fjarskiptavirkja ríkisins“ í 16. gr. laganna kemur: við fjarskiptavirki.

8. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Í leyfisbréfum, er Fjarskiptaeftirlit ríkisins gefur út skv. 6. gr. laga þessara, skal leggja á starfsmenn við fjarskiptavirki sem leyfisbréfið hljóðar um sams konar skyldur og mælt er fyrir um í 15. og 16. gr., enda varði brot á þeim skyldum sömu viðurlögum og mælt er fyrir um í lögum þessum. Sama gildir um þá sem fá réttindi til uppsetningar og tengingar fjarskiptavirkja skv. 3. gr.

9. gr.

Í stað orðanna „Póst- og símamálastofnuninni“ í 20. gr. laganna kemur: samgönguráðherra.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Póst- og símamálastofnuninni“ kemur: samgönguráðherra.
b. Í stað orðanna „henni“ og „hún“ kemur: honum, og: hann.

11. gr.

Fyrirsögn X. kafla laganna verður: **Viðurlög við brotum á lögum þessum, takmörkun ábyrgðar o.fl.**

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. 3. tölul. orðast svo: Brot gegn 15.–17. gr. varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári, en allt að þremur árum ef sakir eru miklar. Sé brot framið af gáleysi varðar það sektum.
b. 4. tölul. fellur brott.
c. Við greinina bætist nýr töluliður sem orðast svo: Heimilt er að mæla fyrir um það í reglugerð að sá sem annast rekstur almenns fjarskiptanets og talsímaþjónustu skv. 1. mgr. 2. gr. laganna sé undanþeginn bótaábyrgð á tjóni sem rekja má til sambandsleysis, rofa á fjarskiptum eða annarra truflana sem kunna að verða á rekstri fjarskiptanetsins, eða mistaka við afgreiðslu símskeyta, hvort sem rekja má slíkt til línubilana, bilana í sambandastöðvum eða annarra ástæðna. Slík ábyrgðartakmörkun skal þó bundin við að tjónið verði ekki rakið til stórfelldra mistaka starfsmanna fjarskiptaþjónustunnar.

13. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þegar Póstur og sími hf. tekur til starfa veitir samgönguráðherra félaginu rekstrarleyfi skv. 1. mgr. 2. gr. laga þessara og skal það rekstrarleyfi gilda þar til réttur til að veita einkaleyfi til almenns fjarskiptareksturs fellur niður samkvæmt reglum Evrópusambandsins. Á sama tíma skal öðrum óheimilt að eiga eða reka almennt fjarskiptanet.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1996.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til breytinga á fjarskiptalögum er samið í tilefni af fyrirhuguðum breytingum á starfrækslu póst- og símamála og frumvarpi til laga um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar (Pósts og síma hf.).

Undanfarið hefur verið unnið að breytingu á fyrirkomulagi stjórnar og starfrækslu póst- og símamála, sbr. lög nr. 36/1977, og hefur samgönguráðuneytið í því sambandi látið semja frumvarp til laga um Póst og síma hf., en samkvæmt því er gert ráð fyrir að hlutafélag í eigu ríkisins yfirtaki réttindi og skyldur Póst- og símamálastofnunar. Markmið þessarar breytingar er að gera núverandi starfsemi stofnunarinnar sjálfstæðari en verið hefur, m.a. með tilliti til þess að gera fyrirtækið samkeppnishæfara og skilvirkara í þeirri öru þróun sem fyrirsjáanleg er í fjarskiptum og póstflutningum.

Gildandi fjarskiptalög, nr. 73/1984, sem breytt var með lögum nr. 32/1993, leystu af hólmi lög um fjarskipti, nr. 30/1941. Þau byggjast á því meginsjónarmiði að ríkið hafi einkarétt á því að veita talsímaþjónustu hér á landi og í íslenskri landhelgi og lofthelgi og að reka almennt fjarskiptanet. Með frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að ríkið afsali sér þeim rétti. Á hinn bóginn gera núverandi lög ráð fyrir að Póst- og símamálastofnun annist framkvæmd þessa einkaréttar. Í frumvarpinu er miðað við að samgönguráðherra, sem fer með fjarskiptamálefni, geti falið sérstökum aðila að annast þá fjarskiptaþjónustu sem ríkið hefur einkarétt á og nefnist sá aðili rekstrarleyfishafi. Rekstrarleyfishafi skal uppfylla þær almennu kröfur sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 2. gr. laganna.

Gildandi lög um fjarskipti miðast við að ríkið sjálft (Póst- og símamálastofnun) annist flest það sem snýr að almennri fjarskiptaþjónustu, þar með talda útbreiðslu fjarskiptakerfisins o.s.frv. Lögin gera þannig ráð fyrir að opinberir aðilar annist framkvæmdir varðandi fjarskiptakerfið, viðhald þess og annað er því viðkemur. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að rekstrarleyfishafi taki að sér framangreindar framkvæmdir og að rekstrarleyfishafi hafi þær skyldur og réttindi sem nauðsynleg eru til að rækja það hlutverk. Í því sambandi má nefna heimildir til að fara yfir land manna til að leggja leiðslur eða annast viðhald. Þá er gert ráð fyrir að ekki verði haggað við vernd fjarskiptavirkja, þó svo að þau verði eign annarra en ríkisins. Byggist það á þeim víðtæku almennu hagsmunum sem fjarskiptavirkjum eru tengdir.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að fjarskipti njóti tiltekinnar verndar og að þeir sem starfa við fjarskipti skuli gæta þess trúnaðar sem nauðsynlegur er og almennt er viðurkenndur. Starfsmenn einkaaðila skulu ekki hafa minni skyldur er þetta varðar en núverandi starfsmenn við fjarskiptavirkin sem að hluta til eru opinberir starfsmenn.

Í frumvarpi þessu er lagt til að lögfest verði almenn takmörkun á bótaábyrgð þess aðila sem annast rekstur almenns fjarskiptanets. Ábyrgðartakmörkunin tekur eingöngu til meints tjóns sem rekja má til sambandsrofa af ýmsu tagi en varðar ekki ábyrgð að öðru leyti.

Algengt er að slíkum ábyrgðartakmörkunum sé beitt, bæði hjá opinberum aðilum, svo sem veitustofnunum, og hjá einkaaðilum, þótt vissulega sé ábyrgðartakmörkuninni misjafnlega háttað. Hér er lagt til að sá sem ábyrgð ber á almenna fjarskiptakerfinu beri almennt ekki skaðabótaábyrgð á því ef samband rofnar eða mistök verða við afgreiðslu símskeyta.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a- og b-lið greinarinnar er á því byggt að ríkið hafi einkarétt á að veita talsímaþjónustu hér á landi og er það í samræmi við núgildandi lög um fjarskipti. Þó eru fyrirmæli um að ríkið skuli eiga almenna fjarskiptanetið felld brott. Á hinn bóginn er ekki gert ráð fyrir að ríkið annist framkvæmd fjarskiptamála sjálft heldur verði öðrum aðilum falið að annast þá fjarskiptaþjónustu sem ríkið hefur einkarétt á. Sá aðili fengi sérstakt rekstrarleyfi frá samgönguráðherra, að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Tengist þessi breyting því að Póst- og símamálastofnun, sem nú fer með framkvæmd einkaréttar ríkisins, verður breytt í sjálfstætt hlutafélag í eigu ríkisins ef frumvarp þar að lútandi verður að lögum.

Um 2. gr.

Í frumvarpi til laga um Póst og síma hf. er gert ráð fyrir að stjórn félagsins setji gjaldskrá fyrir félagið. Er þar jafnframt gert ráð fyrir að setning gjaldskrár fyrir símaþjónustu, sem veitt er vegna einkaleyfis, sé háð samþykki samgönguráðherra.

Um 3. gr.

Mælt er fyrir um að eigendur og umráðamenn fasteigna skuli heimila rekstrarleyfishafa að fara um land sitt til að leggja leiðslur fjarskiptavirkja. Telja verður að rekstrarleyfishafi, sem annast rekstur almenna fjarskiptanetsins, skuli hafa rétt til að leggja viðeigandi búnað um lönd manna með sama hætti og verið hefur. Ákvæðin eru í samræmi við núgildandi 10. gr. með tilliti til þess að rekstrarleyfishafi kemur í stað Póst- og símamálastofnunar.

Um 4. gr.

Hér er lögð til sú breyting að rekstrarleyfishafi komi í stað Póst- og símamálastofnunar og jafnframt tekið tillit til þess að ríkið verður ekki lengur framkvæmdaraðili eða eigandi fjarskiptavirkja eftir þá breytingu sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Um 5. gr.

Ráð er fyrir því gert að ef rekstrarleyfishafa er nauðsynlegt að afla sér lóðar eða annarrar eignar vegna fjarskiptanetsins geti hann leitað heimildar ráðherra til eignarnáms hafi ekki náðst samkomulag um bætur. Bótaskylda flyst frá ríkinu, svo sem er samkvæmt gildandi lögum, og yfir á þann sem annast rekstur fjarskiptavirkja.

Bætur skulu eftir sem áður metnar samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir að sú leynd, sem mælt er fyrir um í gildandi lögum, gildi almennt fyrir þá starfsmenn sem starfa við fjarskiptavirki.

Um 7. gr.

Hér er lögð til sú breyting að ákvæðið taki nú til starfsmanna fjarskiptavirkja almennt.

Um 8. gr.

Ákvæðið samræmist núgildandi 17. gr. fjarskiptalaga. Um athugasemdir við það vísast til athugasemda við 7. gr. frumvarpsins.

Um 9. og 10. gr.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringa. Samgönguráðherra kemur í stað Póst- og símamálastofnunarinnar.

Um 11. gr.

Í X. kafla laganna, um viðurlög við brotum, takmörkun ábyrgðar o.fl., er að mestu stuðst við núgildandi ákvæði X. kafla fjarskiptalaga. Í 3. tölul. 23. gr. laganna er almennt refsiákvæði vegna brota á 15.–17. gr. þeirra og hefur refsiákvæðinu verið breytt með tilliti til þess að starfsmenn fjarskiptavirkja verða ekki opinberir starfsmenn ef fyrirhugaðar breytingar á fyrirkomulagi fjarskiptaþjónustu verða að lögum.

Í c-lið greinarinnar er nýmæli sem varðar ábyrgðartakmörkun sem ráðherra er heimilt að mæla fyrir um í reglugerð. Röksemdir fyrir ábyrgðarundanþáguheimild þessari, svo og öðrum sambærilegum undanþágum, eru þær að á ákveðnum sviðum er mjög erfitt að koma í veg fyrir að t.d. minni háttar mistök eða tímabundnar bilanir leiði til óþæginda og e.t.v. tjóns fyrir ótilgreindan fjölda manna. Við slíkar aðstæður er oft erfitt að segja til um hvar truflanir hafi orðið, auk þess sem nánast vonlaust er að komast að því hvert hafi verið „tjón“ hvers og eins og hvernig orsakasambandi sé háttað. Almenn bótaskylda í slíkum tilfellum gæti kallað á ófyrirsjáanleg vandamál og leitt til mikils kostnaðar, þó svo að meint tjón hvers og eins væri ekki umtalsvert.

Ábyrgðartakmarkanir tíðkast almennt hjá svokölluðum veitustofnunum, þ.e. fyrirtækjum sem reka almenn dreifingarkerfi í þágu almennings. Orðalag ábyrgðartakmarkana er mismunandi, en þeim er ætlað að takmarka bótaskyldu fyrirtækjanna að meira eða minna leyti. Í því sambandi má t.d. nefna 18. gr. reglugerðar fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur, nr. 451/1977, og 9. og 10. gr. reglugerðar fyrir Hitaveitu Reykjavíkur, nr. 406/1989. Loks má nefna til hliðsjónar ábyrgðartakmörkun þá sem felst í 2. mgr. 52. gr. vegalaga, nr. 45/1994, en samkvæmt henni er ábyrgð Vegagerðarinnar verulega takmörkuð með tilliti til almennra skaðabótasjónarmiða.

Þá er þess að geta að almennt ríkir það viðhorf í þjóðfélaginu að þrátt fyrir mikið öryggi í fjarskiptum sé útilokað að koma algjörlega í veg fyrir rekstrartruflanir. Taka flestir notendur að jafnaði tillit til þessa. Í mörgum tilfellum hafa notendur að auki komið sér upp öryggisbúnaði til að draga eins og kostur er úr óþægindum sem koma upp ef fjarskiptakerfið verður óvirkt um stund.

Er ákvæðið að mestu leyti í samræmi við þau ákvæði sem hingað til hafa verið í gjaldskrá og reglum fyrir símaþjónustu. Er því fyrst og fremst verið að lögfesta þau ákvæði sem hingað til hefur tíðkast að hafa í reglugerð. Umboðsmaður Alþingis hefur í áliti sínu talið að ábyrgðartakmörkun, svo sem hér háttar til, þurfi að hafa styrka stoð í lögum en að ekki sé nægilegt að mæla fyrir um hana í reglugerð.

Ákvæðinu er eingöngu ætlað að taka til þess aðila sem fer með einkarétt ríkisins á rekstri almennra fjarskipta og talsímaþjónustu.

Það er almennt viðurkennt í kröfurétti að samningsaðilum sé heimilt að takmarka þá ábyrgð sem viðkomandi mundi bera samkvæmt almennum reglum hans. Þó er þess víða getið í fræðilegri umfjöllun að ábyrgðartakmarkanir varðandi ásetningstilfelli og eftir atvikum vegna stórfellds gáleysis séu andstæð almennum viðhorfum í viðskiptalífinu og við þeim beri jafnan að gjalda varhuga. Hér er lagt til að tilvik, sem rekja má til stórkostlegs gáleysis, falli ekki undir ábyrgðartakmörkunina og er í því sambandi vísað til framangreindra lagaraka.

Um 13. gr.

Með aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið skuldbatt íslenska ríkið sig til þess að afnema einkarétt sinn til þess að reka fjarskiptaþjónustu og eiga og reka almennt fjarskiptanet, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna, fyrir 1. janúar 1998.

Af hálfu ESB hefur verið unnið að því að samræma reglur þær sem ætlað er að gildi á Evrópska efnahagssvæðinu um aðild, skipan, rekstur og eftirlit á sviði fjarskiptamála við framangreind tímamörk.

Samgönguráðuneytið hefur í samráði við Póst- og símamálastofnun unnið að undirbúningi nauðsynlegra breytinga af þessu tilefni. Fyrsta skrefið í þá átt er sú breyting á rekstrarformi Póst- og símamálastofnunarinnar sem boðuð er með frumvarpi sem nú liggur fyrir Alþingi um stofnun hlutafélags um reksturinn.

Lagt er til að samgönguráðherra veiti Pósti og síma hf. rekstrarleyfið sem mælt er fyrir um í 2. gr. fram til þess tíma er réttur til að veita einkaleyfi í fjarskiptaþjónustu fellur niður, sbr. tilskipun Evrópusambandsins nr. 90/388.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 73 28. maí 1984, sbr. lög nr. 32 14. apríl 1993.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, en 1. október nk. er ráðgert að breyta stofnuninni í hlutafélag. Í frumvarpinu er lagt til að í lögum um fjarskipti verði samgönguráðherra heim-

ilað að fela sérstökum aðila að annast þá fjarskiptaþjónustu sem ríkið hefur einkarétt á. Um er að ræða að eiga og reka almennt fjarskiptanet og veita talsímaþjónustu hér á landi, í íslenskri landhelgi og lofthelgi, að uppfylltum skilyrðum sem samgönguráðherra setur. Ekki verður séð að samþykkt frumvarpsins hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð.

723. Lög [97. mál]

um verðbréfaviðskipti.

(Afgreidd frá Alþingi 18. mars.)

Samhljóða þskj. 661 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Í lögum þessum merkir:

1. *Verðbréfaviðskipti:* Starfsemi skv. 8. og 9. gr. sem stunduð er af fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu sem til þess hafa starfsleyfi viðskiptaráðherra.
2. *Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu:*
   a. Verðbréfafyrirtæki sem fengið hefur leyfi viðskiptaráðherra til að stunda starfsemi skv. 8. gr., svo og þeir sem hafa rétt til að stunda slíka starfsemi hér á landi samkvæmt lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
   b. Verðbréfamiðlun sem fengið hefur leyfi viðskiptaráðherra til að stunda starfsemi skv. 9. gr., svo og þeir sem hafa rétt til að stunda slíka starfsemi hér á landi samkvæmt lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Ákvæði III. kafla eiga við um verðbréfamiðlun eftir því sem við getur átt.
3. *Verðbréf:*
   a. Hvers konar framseljanleg kröfuréttindi til peningagreiðslu eða ígildis hennar, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðru en fasteign eða einstökum lausafjármunum.
   b. Skilyrt skilríki til peningagreiðslu á grundvelli tiltekins verðbréfs eða verðbréfa skv. a-lið.
4. *Almennt útboð:* Sala samkynja verðbréfa sem boðin eru almenningi til kaups í fyrsta sinn með almennri og opinberri auglýsingu eða kynningu með öðrum hætti sem jafna má til opinberrar auglýsingar, enda séu verðbréf í sama flokki ekki skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.
5. *Fastur rekstrarkostnaður:* Rekstrargjöld að frátöldum fjármagnsgjöldum og óreglulegum gjöldum.
6. *Fjárvarsla:* Þjónusta, veitt samkvæmt sérstökum samningi gegn endurgjaldi sem felur í sér að taka við fjármunum til fjárfestingar í verðbréfum eða öðrum verðmætum fyrir eigin reikning viðskiptamanns.
7. *Gistiríki:* Ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem innlent fyrirtæki í verðbréfaþjónustu starfrækir útibú eða veitir þjónustu.

8. *Heimaríki:*
   a. Ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem lögaðili, sem hefur heimild til að stunda verðbréfaviðskipti hér á landi, hefur skráða skrifstofu eða, hafi hann enga skráða skrifstofu í samræmi við eigin landslög, það ríki þar sem hann hefur aðalskrifstofu.
   b. Ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem skipulegur verðbréfamarkaður hefur skráða skrifstofu eða, hafi markaðurinn enga skráða skrifstofu í samræmi við eigin landslög, það ríki þar sem hann hefur aðalskrifstofu.
9. *Náin tengsl:* Innbyrðis tengsl tveggja eða fleiri lögaðila sem fela í sér beina eða óbeina hlutdeild þessara aðila sem nemur a.m.k. 20% af eigin fé eða atkvæðisrétti fyrirtækis. Einnig er um náin tengsl að ræða ef fyrrgreindir aðilar, eða dótturfélög þeirra, hafa vegna samninga yfirráð í fyrirtæki eða sambærileg innbyrðis tengsl eins eða fleiri lögaðila eða einstaklinga við fyrirtæki.
10. *Skipulegur verðbréfamarkaður:*
   a. Verðbréfaþing Íslands og hliðstæðar kauphallir innan Evrópska efnahagssvæðisins.
   b. Aðrir verðbréfamarkaðir innan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem verðbréf ganga kaupum og sölum og sem eru opnir almenningi, starfa reglulega og eru viðurkenndir með þeim hætti sem bankaeftirlit Seðlabanka Íslands metur gildan.
   c. Markaðir skv. a- og b-lið sem staðsettir eru í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins og eru viðurkenndir með þeim hætti sem bankaeftirlitið metur gildan.
11. *Sölutrygging:* Samningur milli fyrirtækis í verðbréfaþjónustu skv. 8. gr. og útgefanda eða eiganda verðbréfa þar sem fyrirtækið skuldbindur sig til þess að kaupa ákveðinn hluta eða öll verðbréf í tilteknu útboði innan fyrir fram ákveðinna tímamarka og á fyrir fram ákveðnu verði.
12. *Veltubók:* Verðbréf sem fyrirtæki í verðbréfaþjónustu hefur eignast eða heldur eftir með endursölu í huga og/eða í því skyni að hagnast á skammtímabreytingum á markaðsvirði þessara skjala eða öðrum verð- eða vaxtabreytingum. Jafnframt teljast til veltubókar stöður í fjármálaskjölum sem verða til við samtímis skipti á höfuðstólsfjárhæðum, svo og fjármálasamningar sem fyrirtæki í verðbréfaþjónustu er aðili að í því skyni að baktryggja aðra þætti veltubókar. Til veltubókar teljast enn fremur áhættuþættir tengdir óuppgerðum og ófrágengnum viðskiptum og afleiddum skjölum sem verslað er með innan og utan verðbréfamarkaðar, svo og áhættuþættir er tengjast skuldbindingum fyrirtækis í verðbréfaþjónustu sem myndast vegna viðskipta með verðbréf í veltubók.
13. *Verðbréfafyrirtæki:* Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skv. a-lið 2. tölul.
14. *Verðbréfamiðlun:* Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skv. b-lið 2. tölul.
15. *Viðskiptavaki:* Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skv. 8. gr. eða annar aðili sem til þess hefur heimild samkvæmt lögum og hefur skuldbundið sig formlega til að kaupa og selja fyrir eigin reikning tiltekin verðbréf, í því skyni að greiða fyrir því að markaðsverð skapist á verðbréfunum, og tilkynnt það opinberlega.
16. *Virkur eignarhluti:* Bein eða óbein eignarhlutdeild í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem nemur 10% eða meira af eigin fé þess eða atkvæðisrétti eða önnur hlutdeild sem gerir það kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun fyrirtækis sem eignarhlutdeild er í.

9. gr. hljóðar svo:

Verðbréfamiðlun er eingöngu heimilt að annast milligöngu gegn endurgjaldi um kaup eða sölu verðbréfa og sérfræðiráðgjöf um verðbréfaviðskipti. Verðbréfamiðlun er einungis heimilt að taka við fjármunum eða verðbréfum viðskiptavina í starfsemi sinni um skamman tíma, enda sé slíkt nauðsynlegt til að ljúka viðskiptum sem fyrirtækið hefur annast milligöngu um.

Verðbréfamiðlun er heimilt að eiga viðskipti með verðbréf fyrir eigin reikning, enda nemi innborgað hlutafé a.m.k. 10 milljónum króna og þess sé getið í starfsleyfi. Heildarmarkaðsvirði þeirra verðbréfa sem verðbréfamiðlun er heimilt að varðveita fyrir eigin reikning skal ekki fara yfir 15% af stofnfé en um starfsheimildir verðbréfamiðlunar samkvæmt þessari málsgrein, svo sem innan hvaða tímamarka slík viðskipti eru heimil, skal setja nánari ákvæði í reglugerð að fenginni umsögn bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

724. Lög [98. mál]

um breytingu á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði.

(Afgreidd frá Alþingi 18. mars.)

Samhljóða þskj. 662.

725. Lög [101. mál]

um breytingu á lögum nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 18. mars.)

Samhljóða þskj. 663.

726. Lög [99. mál]

um breytingu á lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

(Afgreidd frá Alþingi 18. mars.)

Samhljóða þskj. 681 með þessari breytingu:

9. gr. hljóðar svo:

3. gr. laga nr. 48/1966, um Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja (verslunarlánasjóð), orðast svo:

Fjáröflun stofnlánadeildarinnar er sem hér segir:
1. Fé sem fengið er með útgáfu vaxtabréfa, að fengnu samþykki Seðlabanka Íslands.
2. Vextir.
3. Fé sem fengið kann að vera að láni til endurlána.

727. Fyrirspurn [409. mál]

til forsætisráðherra um framkvæmdir á Bessastöðum.

Frá Ágústi Einarssyni.

1. Hver er heildarkostnaður nú af framkvæmdum á Bessastöðum?
2. Hver er nú áætlaður heildarkostnaður að verki loknu og hvenær eru áætluð verklok?
3. Hver var upphaflega áætlaður heildarkostnaður og hverjar eru skýringar á fráviki frá upphaflegri áætlun?
4. Hvernig skiptist heildarkostnaður eftir einstökum verkþáttum, t.d. húsum? Hversu stór eru einstök hús?
5. Voru einstakir verkþættir boðnir út? Ef svo er, hvernig var staðið að þeim útboðum?
6. Hve stór hluti kostnaðar er af fornleifarannsókum?
7. Hver er hönnunarkostnaður samtals?
8. Hver hefur umsjón með og ber ábyrgð á framkvæmdunum?
9. Hvernig er háttað fjárhagslegu eftirliti með framkvæmdunum?

Skriflegt svar óskast.

728. Frumvarp til laga [410. mál]

um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Össur Skarphéðinsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Bryndís Guðmundsdóttir, Margrét Frímannsdóttir.

1. gr.

Lög þessi gera Ísland að friðlýstu svæði þar sem bannað er að koma fyrir, staðsetja eða geyma, flytja um eða meðhöndla á nokkurn annan hátt kjarnorku- eða eiturefnavopn. Umferð kjarnorkuknúinna farartækja er bönnuð á hinu friðlýsta svæði og einnig flutningur eða losun kjarnakleyfra efna og kjarnorkuúrgangs.

2. gr.

Markmið laga þessara er að gera allt íslenskt yfirráðasvæði kjarnorku- og eiturefnavopnalaust, afla hinu friðlýsta svæði alþjóðlegrar viðurkenningar, draga úr hættunni á kjarnorku- og eiturefnaóhöppum á Íslandi og í grennd við Ísland og stuðla að afvopnun og friði af Íslands hálfu.

3. gr.

Í lögum þessum merkir „kjarnorkuvopn“ hvers kyns vopn eða sprengju þar sem kjarnorka er leyst úr læðingi við notkun hvort sem það er samsett eða ósamsett að nokkru eða öllu leyti, en tekur ekki til flutningstækja eða útbúnaðar sem koma á sprengjunni eða vopninu í skotmark ef tækið eða búnaðinn má skilja frá sprengjunni eða vopninu.

„Eiturefnavopn“ merkir vopn sem byggist á notkun skaðlegra efna eða efnasambanda, þar með talið lífefnaeitur, skaðlegar örverur eða líffræðilegir orsakavaldar.

Í heiti laganna, og annars staðar þar sem annað kemur ekki fram, merkir „Ísland“ íslenskt land, landhelgi, lofthelgi, efnahagslögsögu og landgrunn og allt íslenskt yfirráðasvæði samkvæmt lögum, þjóðarétti og ýtrustu fullveldisréttindum í og á landi, á og yfir hafsbotni, í sjó og ofan sjávar og í lofti.

Hið „friðlýsta svæði“ merkir í lögum þessum allt íslenskt yfirráðasvæði sem lýst er í þessari grein þar sem geymsla, framleiðsla, tilraunir og hvers kyns meðhöndlun eða flutningur kjarnorku- og eiturefnavopna er bannaður, sbr. þó ákvæði 12. gr.

4. gr.

Enginn íslenskur ríkisborgari eða maður sem hefur varanlegt dvalarleyfi á Íslandi, erlendur ríkisborgari sem er í þjónustu íslenska ríkisins eða dvelst innan hins friðlýsta íslenska svæðis má

1. búa til kjarnorkuvopn af neinu tagi, afla sér slíks vopns eða hafa það undir höndum;
2. veita aðstoð, hjálp eða atbeina til þess að nokkur búi til, afli sér eða hafi undir höndum kjarnorkuvopn af neinu tagi.

5. gr.

Bannað er innan hins friðlýsta svæðis að koma fyrir kjarnorkuvopnum af neinu tagi, geyma eða staðsetja þar slík vopn eða meðhöndla þau á nokkurn annan hátt.

6. gr.

Bannað er að flytja kjarnorkuvopn um hið friðlýsta svæði, sbr. þó ákvæði 12. gr.

7. gr.

Allar tilraunir með kjarnorkuvopn eða tilraunir, sem tengjast notkun kjarnorkuvopna, eru óheimilar innan hins friðlýsta svæðis.

8. gr.

Bannað er að búa til eiturefnavopn af nokkru tagi innan hins friðlýsta svæðis, koma fyrir, geyma eða staðsetja þar slík vopn eða meðhöndla þau á nokkurn hátt.

9. gr.

Bannað er að flytja eiturefnavopn um hið friðlýsta svæði, sbr. þó ákvæði 12. gr.

10. gr.

Sérhverju því farartæki, sem að einhverju eða öllu leyti er knúið kjarnorku, er bannað að koma inn á hið friðlýsta svæði, sbr. þó ákvæði 12. gr.

11. gr.

Öll umferð farartækja, sem flytja kjarnakleyf efni eða kjarnorkuúrgang, er bönnuð innan hins friðlýsta svæðis, sbr. þó ákvæði 12. gr.

Losun kjarnorkuúrgangs eða annarra geislavirkra efna hvort sem þau teljast hágeislavirk eða lággeislavirk, þar með taldir geislavirkir vökvar, er með öllu óheimil innan hins friðlýsta svæðis.

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6., 9., 10. og fyrri málsgreinar 11. gr. þessara laga er heimilt að veita undanþágu fyrir friðsamlega umferð eða gegnumferð farartækja án óþarfa viðdvalar í eða á sjó eða í lofti á alþjóðlegum leiðum að því marki sem nauðsynlegt er til að fullnægja alþjóðlegum skuldbindingum. Slíkar undanþágur geta þó aldrei tekið til svæðisins innan 12 sjómílna marka og lofthelginnar þar upp af.

13. gr.

Aldrei skal leyfa komu kafbáta, herskipa eða herloftfara inn fyrir 12 sjómílna landeða lofthelgi eða heimsóknir slíkra farartækja til íslenskra hafna eða flugvalla nema óyggjandi teljist að í því felist ekki brot á friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum samkvæmt lögum þessum. Íslensk yfirvöld skulu í vafatilfellum ætíð leita bestu fáanlegra upplýsinga óháðra aðila, sem völ er á, til að byggja á ákvörðun sína og ríkisstjórn og Alþingi skulu hafa náið samráð sín í milli þegar taka þarf slíkar ákvarðanir.

14. gr.

Íslensk yfirvöld skulu leita með bindandi samningum, grundvölluðum á alþjóðarétti við einstök ríki, samtök ríkja og alþjóðastofnanir, eins víðtækrar alþjóðlegrar viðurkenningar á hinu friðlýsta svæði og kostur er. Skal eftir því leitað að slíkar viðurkenningar feli í sér yfirlýsingar um að hið friðlýsta svæði sé virt og viðurkennt. Einnig skulu yfirvöld leita viðurkenningar á rétti Íslands til að fylgjast með eða láta fylgjast með hinu friðlýsta svæði og til að refsa fyrir eða mótmæla eftir atvikum brotum á friðlýsingu þessari.

15. gr.

Hver sá, sem sekur er fundinn um alvarlegt brot gegn ákvæðum laga þessara, skal sæta fangelsisvist allt að tíu árum.

16. gr.

Framkvæmd laga þessara heyrir undir og er á ábyrgð utanríkisráðherra, en hafa skal hann samráð við Alþingi og utanríkismálanefnd Alþingis um allar meiri háttar ákvarðanir er tengjast framkvæmdinni, sbr. 24. gr. laga nr. 55/1991. Heimilt er utanríkisráð-

herra að fela samgönguráðherra, umhverfisráðherra eða öðrum ráðherrum, sem aðstæður kunna að mæla með, að fara með einstaka hluta framkvæmdarinnar í samráði við sig.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1997.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefur þrívegis áður verið flutt á Alþingi, síðast á 115. löggjafarþingi, en ekki orðið útrætt. Efni þess er í fullu gildi og þróun í alþjóðamálum er með þeim hætti að auðvelda ætti framgang þess. Má þar nefna framlengingu samningsins um bann við útbreiðslu kjarnorkuvopna (NPT) og framvindu Genfarviðræðna um algert bann við tilraunum með kjarnorkuvopn.

Með þeim samningum og þróun í afvopnunarmálum eykst gildi friðlýstra svæða jafnframt. Frakkar hafa lofað bót og betrun í Kyrrahafinu og boða að þeir muni hætta kjarnorkutilraunum á svæðinu og staðfesta og virða Rarotonga-samninginn. Sú mikla mótmælaalda sem reis um allan heim í kjölfar þess að Frakkar hófu að nýju tilraunasprengingar er til marks um vaxandi andúð almennings víða um heim á öllum kjarnorkuvígbúnaði. Ríkur vilji er til þess að banna alla frekari þróun kjarnorkuvígbúnaðar og stöðva allar tilraunir á því sviði. En jafnvel þótt þróunin sé í rétta átt hvað kjarnorkuvígbúnaðinn snertir stafar áfram mikil hætta af nýtingu kjarnorku á öðrum sviðum. Á það bæði við um nýtingu kjarnorku til raforkuframleiðslu, geymslu eða endurvinnslu kjarnorkuúrgangs og alla flutninga geislavirkra efna í því sambandi, og síðast en ekki síst umferð kjarnorkuknúinna farartækja. Það er því engu minni ástæða nú en verið hefur fyrir Íslendinga sem eiga allt sitt undir nýtingu lífrænna auðlinda hafsins að taka af skarið og friðlýsa land sitt.

Rétt er að geta þess að lítils háttar breytingar hafa verið gerðar á tveimur greinum frumvarpsins. Er þar annars vegar um að ræða orðalag 12. gr. og hins vegar efni 16. gr. þar sem nú er valin sú leið að láta málið heyra undir utanríkisráðherra, enda mun ábyrgðin á að afla slíkri friðlýsingu viðurkenningar fyrst og fremst hvíla á hans herðum. Að öðru leyti vísast til eldri greinargerða:

„Þrátt fyrir að miklir atburðir hafi orðið í afvopnunarmálum og alþjóðastjórnmálum síðan það var samið og flutt í fyrsta sinn á 109. löggjafarþingi veturinn 1986–1987 hefur það í engu tapað mikilvægi sínu. Þvert á móti auðveldar tvímælalaust sú jákvæða þróun sem orðið hefur í samskiptum herveldanna samhliða breytingum í Austur-Evrópu og einnig hinir víðtæku afvopnunarsamningar Íslendingum að ganga á undan með góðu fordæmi eins og hér er lagt til. Því ber að fagna að nú er betra lag en nokkru sinni fyrr til að festa í sessi þá afstöðu að afvopnun verði að taka til hafsvæðanna ekki síður en til lands og lofts. Nýjustu fréttir um einhliða ákvarðanir stórveldanna um stórfelldan niðurskurð kjarnorkuvopna ættu að sannfæra þá sem enn kynnu að hafa efasemdir um að aðgerð af því tagi að friðlýsa Ísland fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum er raunhæft og tímabært skref af okkar hálfu í takt við þróun mála umhverfis okkur.

Í tilkynningu Bush, forseta Bandaríkjanna, frá 27. september sl. felst m.a. að Bandaríkjamenn ákveða einhliða að taka úr umferð og eyða öllum kjarnorkuvígvallarvopnum og taka úr umferð meðaldræg kjarnorkuvopn um borð í skipum og kafbátum, sem og sprengjur flugvéla í flugmóðurskipum, og að sprengjuflugvélar sem bera kjarnorkuvopn verða teknar úr viðbragðsstöðu og svo mætti áfram telja.

Svar Gorbatsjovs 5. október sl. er á líkum nótum. Rétt er einnig að hafa í huga START-samningana um fækkun langdrægra kjarnorkuvopna, samning um takmörkun hefðbundinna vopna og herafla í Evrópu og yfirstandandi viðræður og umleitanir á mismunandi stigum um framlengingu samnings um bann við frekari útbreiðslu kjarnorkuvopna, um tilraunabann og um útrýmingu efnavopna og sýklavopna svo nokkuð sé nefnt. Því verður ekki á móti mælt að það er meira en tímabært að við Íslendingar tökum nú til umfjöllunar hvernig við getum af okkar hálfu lagt þessari jákvæðu þróun mála lið og verið þar í fararbroddi. Annað sæmir ekki þeirri þjóð sem gjarnan hrósar sér af því að vera vopnlaus og friðelskandi.

Það er skoðun flutningsmanna að með aðgerðum af því tagi sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir væri í senn með afdráttarlausum hætti staðfestur í löggjöf landsins vilji okkar til að tryggja frið, öryggi og varðveislu auðlinda á okkar slóðum og sýnt af Íslands hálfu kjarkmikið fordæmi í anda þeirra stóratburða í afvopnunarmálum og alþjóðasamskiptum sem varðað hafa veginn sl. mánuði og ár.

Frumvarpinu fylgdi á sínum tíma þegar það var endurflutt á 110. löggjafarþingi svohljóðandi greinargerð:

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi en varð þá ekki útrætt og er því endurflutt. Sú breyting hefur verið gerð að bætt hefur verið inn í frumvarpið einni grein, 11. gr., sem fjallar um sérstakt bann við flutningi eða losun geislavirkra efna innan hins friðlýsta svæðis. Þar sem eitt meginmarkmið laga um friðlýsingu Íslands yrði að draga úr hættunni á kjarnorku- og eiturefnaóhöppum á og í grennd við landið þótti eðlilegt að taka inn í frumvarpið slík ákvæði.

Ísland er að vísu aðili að svonefndum Lundúnasamningi um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna en sá samningur er ekki afdráttarlaus hvað t.d. lággeislavirkan úrgang varðar, auk þess sem ekkert er því til fyrirstöðu að við setjum okkur sjálf strangari reglur í eigin lögsögu. Sjálfsagt er að Íslendingar, sem eiga lífsafkomu sína undir auðlindum hafsins, gangi á undan með góðu fordæmi í þessum efnum.

Síðan frumvarpið var samið og lagt fram sl. vetur hefur það gerst að frumvarp til laga um kjarnorkuvopnalaust Nýja-Sjáland var samþykkt sem lög á þinginu í Wellington. Lögin tóku hins vegar næsta litlum breytingum frá upphaflega frumvarpinu og þykir því ekki ástæða til að láta þýða lögin í sinni endanlegu mynd en látið duga að prenta nýsjálenska frumvarpið sem fylgiskjal eins og áður.

Að öðru leyti getur greinargerð sú, sem fylgdi frumvarpinu á síðasta þingi, staðið án athugasemda. Hún er svohljóðandi:

Frumvarp þetta er lagt fram til kynningar og til að hefja umræður um hvernig staðið skuli að því að festa í lög þá yfirlýstu stefnu Alþingis og ríkisstjórna að hér skuli ekki geymd kjarnorkuvopn. Rétt þótti að láta sambærilegt bann við eiturefnavopnum fylgja með í lögunum.

Það er eðlileg, lýðræðisleg krafa að sú yfirlýsta stefna, að hér skuli ekki geymd kjarnorkuvopn, verði bundin í lögum landsins. Í framhaldi af slíkri lagasetningu hlýtur að koma til skoðunar að taka upp almenn ákvæði þar að lútandi í stjórnarskrá. Með þeim hætti væri vilji bæði Alþingis og þjóðarinnar allrar tryggður að baki friðlýsingar landsins.

Við samningu frumvarpsins hefur verið stuðst við frumvarp um kjarnorkuvopnalaust Nýja-Sjáland sem er til umfjöllunar á þingi þeirra Nýsjálendinga í Wellington, lagt fram af forsætisráðherra landsins, David Lange. Einnig var tekið mið af hugmyndum sem settar hafa verið fram um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum.

Frumvarp þetta á enn fremur í öllum meginatriðum að vera í samræmi við ákvæði um önnur kjarnorkuvopnalaus svæði eða friðlýst svæði, svo sem Tlatelolco-samninginn um kjarnorkuvopnalaust svæði í Suður-Ameríku, Rarotonga-samninginn um kjarnorkuvopnalaust svæði í Suður-Kyrrahafi og stöðu þessara mála á alþjóðavettvangi, sbr. lokakafla ályktunar frá afvopnunarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna árið 1978, sjá fylgiskjöl.

Höfundur telur rétt að nokkur tími sé til stefnu frá því að frumvarp þetta verður að lögum og þar til lögin taka gildi. Þann tíma þarf að nota m.a. til að afla svæðinu viðurkenningar, undirbúa eftirlit og annað sem að framkvæmdinni lýtur.

Enginn vafi er á því að lagasetning af þessu tagi um kjarnorku- og eiturefnavopnafriðlýsingu væri stórt framlag og hvatning af Íslands hálfu til afvopnunar og friðarviðleitni í heiminum. Ótvírætt væri gildi þess fyrir framþróun hugmynda um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum ef Íslendingar tækju fyrir sitt leyti af skarið með kjarnorkufriðlýsingu landsins. Verulegur skriður hefur verið á umræðum og mótun hugmynda um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd upp á síðkastið en því miður virðist svo sem framlag íslenskra yfirvalda hingað til hafi fyrst og fremst orðið það að tefja fyrir málinu. Hér er lagt til að bragarbót verði gerð í því efni í samræmi við ótvíræðan vilja þjóðarinnar ef marka má kannanir. Að sjálfsögðu mundi svo hið friðlýsta íslenska svæði ganga inn í væntanlegt kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum og verða hluti af því hvað varðaði samninga um viðurkenningu, eftirlit og alla framkvæmd.

Hér er einnig um stórt umhverfismál að ræða og fyllilega tímabært að við Íslendingar tökum af meiri alvöru á þeirri ógn sem okkur og heiminum öllum stafar af kjarnorkuvopnum og kjarnorkuknúnum farartækjum, kjarnorkuúrgangi, eiturefnum o.s.frv.

Sjálfsagður liður í þessu er að banna með öllu siglingar eða umferð kjarnorkuknúinna farartækja upp að landinu.

Skylt er að geta þess að þessu máli og öðrum hliðstæðum hefur verið hreyft áður á Alþingi. Að minnsta kosti fjórum sinnum hefur verið flutt tillaga til þingsályktunar um bann við geymslu og notkun kjarnorkuvopna á íslensku yfirráðasvæði. Í öll skiptin hefur þar verið um að ræða tillögur að ályktunum um að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf. Fyrst var slík tillaga flutt af Svövu Jakobsdóttur og Magnúsi Torfa Ólafssyni á 97. löggjafarþingi, síðan af Svövu einni á 100. löggjafarþingi og svipuð tillaga af Guðrúnu Helgadóttur o.fl. á 102. og 107. löggjafarþingi. Einnig hafa verið fluttar margs konar tillögur sem efninu tengjast, svo sem um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum, afvopnun á Norður-Atlantshafi o.fl., en hér er eftir því sem best er vitað málið í fyrsta sinn komið í frumvarpsbúning.

Um skýringar að öðru leyti vísast til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins, fylgiskjöl og í framsöguræðu. Einnig má benda á rit öryggismálanefndar (rit 3) um kjarnorkuvopnalaus svæði eftir Þórð Ingva Guðmundsson, en það er að því leyti ófullnægjandi að það er orðið nokkurra ára gamalt (1982) en þróun þessara mála hefur verið hröð upp á síðkastið."

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. laganna er megintilgangur þeirra skýrður nánar en fram kemur í heiti frumvarpsins.

Um 2. gr.

Þessi lagagrein fjallar um markmið laganna og þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Hér er vikið að skilgreiningum eða merkingu orða að svo miklu leyti sem slíkt var talið nauðsynlegt.

Hugtakið kjarnorkuvopn er hér skilgreint á sama hátt og í flestum hliðstæðum tilfellum, þ.e. þegar verið er að fjalla um eða ákveða hvað skuli teljast „kjarnorkuvopn" við skilgreiningu hugtaka í sambandi við kjarnorkuvopnalaus svæði, sbr. fylgiskjöl.

Eiturefnavopn eru hér nánast í sinni víðustu merkingu látin ná yfir öll skaðleg efni eða efnasambönd sem nota á sem vopn til að skaða fólk, mannvirki eða náttúru. Innifalin eru í þessari skilgreiningu lífefnavopn, en um þau gilda alþjóðlegir samningar um bann við þróun, framleiðslu og uppsöfnun sýklavopna (líffræðilegra vopna) og vopna er nýta lífefnaeitur, og um eyðingu slíkra vopna, frá 10. apríl 1972. Að öðru leyti yrði að afla hinni víðtæku íslensku skilgreiningu sérstaklega viðurkenningar.

Ákvæði um „íslenskt yfirráðasvæði" og hið „friðlýsta svæði" skýra sig í raun sjálf. Flutningsmenn telja eðlilegt að friðlýsingin nái til alls þess svæðis sem ýtrustu kröfur Íslands, á grundvelli þjóðaréttar og fullveldisréttar, ná til, sjá einkum lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979, og hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna, einkum V. hluta, 55.–57. gr., og VI. hluta, 76. gr.

Um 4.–7. gr.

Í 4.–7. gr. eru tíundaðar kvaðir sem fylgja hinu friðlýsta svæði. Þar eru í öllum aðalatriðum á ferðinni atriði sem Íslendingar hafa þegar undirgengist með fullgildingu samningsins um að dreifa ekki kjarnorkuvopnum, sjá fskj. II, 1. og 2. gr., og samninga um tilraunabann og bann við staðsetningu kjarnorkuvopna á hafsbotni (undirritaður fyrir Íslands hönd 11. febr. 1971). Hér eru hins vegar persónulega lagðar kvaðir á alla íslenska ríkisborgara og erlenda menn í þjónustu ríkisins eða sem dvelja innan svæðisins. Þannig er kjarnorku- og eiturefnavopnabannið í senn bundið ríkinu sem samanstendur af borgurunum, íslensku yfirráðasvæði og öllum íslenskum ríkisborgurum sem einstaklingum, hvar og hvenær sem er. Að öðru leyti vísast til fylgiskjals um skýringar.

Um 8.–9. gr.

Í 8.–9. gr. er lagt hliðstætt bann við umsýslan með eiturefnavopn innan hins friðlýsta svæðis og á við um kjarnorkuvopn. Sjá einnig skilgreiningu á hugtakinu „eiturefnavopn" í athugasemdum um 3. gr.

Um 10. gr.

Í 10. gr. eru skýr fyrirmæli um að kjarnorkuknúin farartæki megi ekki koma inn á hið friðlýsta svæði nema ferð þeirra falli undir ákvæði 12. gr.

Um 11. gr.

Rétt þykir að taka af öll tvímæli af Íslands hálfu um að losun geislavirks úrgangs eða geislavirkra efna í íslenskri lögsögu er bönnuð hverjum sem er. Í reynd má segja að slíkt bann sé þegar að flestu leyti í gildi með lögum nr. 20/1972, lögum um bann við losun hættulegra efna í sjó, einnig með aðild Íslands að alþjóðasamningum, einkum samningnum um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum,

sjá lög nr. 20/1973, og samningnum um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það (Lundúnasamningurinn LDZ), sjá lög nr. 53/1973. Flutningar með slík efni skulu lúta sömu takmörkunum og umferð vígvéla og kjarnorkuknúinna farartækja eru sett, en óhjákvæmilegt er að hafa sambærileg ákvæði um rétt til friðsamlegrar umferðar í þessu tilviki, sbr. 23. gr. hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna.

Um 12. gr.

Óhjákvæmilegt er að hafa heimildir til að veita undanþágur vegna alþjóðlegs réttar og skuldbindinga Íslands, en gert er ráð fyrir að einungis bein umferð eða gegnumferð, án óþarfa viðdvalar á alþjóðlegum leiðum, geti verið undanþegin ákvæðum 6., 9., 10. og fyrri málsgreinar 11. gr. og þó aldrei nær landi en að 12 mílna mörkum. Við samningu þessarar greinar var höfð hliðsjón af ákvæðum í frumvarpinu um kjarnorkuvopnalaust Nýja-Sjáland, en þetta frumvarp gengur lengra og heimilar engar undarþágur gagnvart íslensku innsævi, íslensku landhelginni (innan 12 mílna marka) og loftrýmisins þar yfir. Frumvarpið byggir því á ýtrustu kröfum um rétt okkar Íslendinga til að friðlýsa án undantekninga land okkar, landhelgi og lofthelgi þar yfir og til að friðlýsa eftir því sem fært er með tilliti til alþjóðlegrar umferðar efnahagslögsöguna alla, landgrunnið og önnur svæði sem talist geta íslensk yfirráða- eða áhrifasvæði. Að öðru leyti vísast til alþjóðlegs réttar og skuldbindinga Íslendinga á sviði samgöngumála, sérstaklega hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna.

Um 13. gr.

Hér er það skýrt tekið fram að stjórnvöldum sé óheimilt að gefa undanþágur frá ákvæðum um hið friðlýsta svæði, jafnt þó um friðsamlegar heimsóknir sé að ræða. Komi upp vafaatriði í þessu sambandi skal ætíð aflað bestu fáanlegra upplýsinga og ríkisstjórn og Alþingi skulu hafa náið samráð um allar ákvarðanir í slíkum tilfellum. Hafa má til hliðsjónar ákvæði samninga risaveldanna um takmörkun kjarnorkuvígbúnaðar, svo sem SALT-samningana, um hvenær farartæki eða stöðvar eru skilgreind sem búin kjarnorkuvopnum.

Um 14. gr.

Greinin leggur þá skyldu á herðar stjórnvöldum að afla hinu friðlýsta svæði alþjóðlegrar viðurkenningar eins og gert hefur verið í hliðstæðum tilfellum (sjá fylgiskjöl) og samþykktir Sameinuðu þjóðanna og fleiri alþjóðlegra aðila gera ráð fyrir.

Um 15. gr.

Greinin fjallar um refsiákvæði og er hliðstæð ákvæðinu í nýsjálenska frumvarpinu.

Um 16. gr.

Eðlilegt þykir að framkvæmd laganna heyri undir utanríkisráðherra en honum sé heimilt að fá aðra ráðherra til aðstoðar við sig ef aðstæður mæla með. Náið samráð skal vera milli utanríkisráðherra og Alþingis um framkvæmdina. Í fyrri útgáfum frumvarpsins var tekið mið af nýsjálenska fyrirkomulaginu og framkvæmdin látin heyra undir forsætisráðherra en hér er horfið frá því eins og áður sagði. Ekki er ólíklegt að framkvæmd málsins verði falin fleiri en einum ráðherra, auðvitað fyrst og fremst utanríkisráðherra en einnig samgönguráðherra og e.t.v. umhverfisráðherra. Æskilegt væri að þingnefnd tæki afstöðu til þessara kosta.

Um 17. gr.

Rétt þykir að nokkur tími gefist frá samþykkt laganna til gildistöku þannig að undirbúa megi framkvæmdina sem best.

Með frumvarpinu voru eftirfarandi fylgiskjöl og vísast um þau til samhljóða fylgiskjala í þskj. 182 A-deild Alþt. 1991 (115. löggjafarþing), bls. 1583–1610, og til lausaskjalsins:

I. Frumvarp til laga um kjarnorkuvopnalaust Nýja-Sjáland, afvopnun og takmörkun vígbúnaðar (David Lange).
II. Auglýsing um fullgildingu samnings um að dreifa ekki kjarnavopnum. (C-deild Stjtíð. 1969, bls. 65–73.)
III. Samþykki samráðsfundar friðarhreyfinga á Norðurlöndum 23.–24. apríl 1983.
IV. Samningur um bann við kjarnorkuvopnum í rómönsku Ameríku (Tlatelolco-samningurinn árið 1967).
V. Samanburður á skuldbindingum um takmörkun vopna í Rarotonga-samningnum og Tlatelolco-samningnum (Jozef Goldblat og Sverre Lodgaard).
VI. Úr lokayfirlýsingu aukaþings Sameinuðu þjóðanna um afvopnunarmál 1978.

729. Breytingartillögur [399. mál]

við frv. til l. um breyt. á skaðabótalögum, nr. 50/1993.

Frá Svavari Gestssyni, Bryndísi Hlöðversdóttur og Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Eftirfarandi breytingar verði á efnismálsgrein 3. gr.:
   a. 2. málsl. falli brott.
   b. Orðin „í samræmi við niðurstöður nefndarinnar“ í 3. málsl. falli brott.
2. 4. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

730. Frumvarp til laga [411. mál]

um atvinnuúrræði fyrir atvinnulaust fólk.

Flm.: Rannveig Guðmundsdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Lúðvík Bergvinsson, Össur Skarphéðinsson.

Tilgangur.

1. gr.

Atvinnurekendur, sem eru með tíu eða fleiri launþega í vinnu hjá sér, eiga rétt á endurgreiðslu af tryggingagjaldi og ábyrgðargjaldi ráði þeir atvinnulausa einstaklinga í vinnu samkvæmt nánari ákvæðum í lögum þessum.

Gildissvið.

2. gr.

Lög þessi taka ekki til:

1. Alþingis.
2. Stofnana og fyrirtækja á vegum ríkisins sem ekki greiða skatta og gjöld.
3. Sveitarstjórna og sambanda sveitarfélaga.
4. Félagasamtaka.

Skilyrði fyrir endurgreiðslu.

3. gr.

Skilyrði fyrir endurgreiðslu skv. 1. gr. eru eftirfarandi:

1. Lögð séu fram vottorð frá vinnumálaskrifstofu sem sanna að einstaklingurinn hafi verið atvinnulaus í a.m.k. fjórar vikur á tímabilinu mars–apríl 1996 og einnig á þeim tíma sem hann er ráðinn til starfið.
2. Engum starfsmanni hafi verið sagt upp á síðustu þremur mánuðum. Ef einhverjum starfsmanni fyrirtækisins er sagt upp á gildistíma laganna fellur réttur til frekari endurgreiðslu niður.

Fjárhæð endurgreiðslu.

4. gr.

Endurgreiða skal sem svarar 30.000 kr. fyrir hvern starfsmann sem ráðinn er samkvæmt lögum þessum.

Tilhögun endurgreiðslu.

5. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari reglur um framkvæmd þessara laga. Skal þar m.a. kveðið nánar á um fyrirkomulag endurgreiðslu, kærur og fresti.

Gildistími.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1996 og gilda til 31. ágúst 1997.

Greinargerð.

Eftir að atvinnuleysi varð viðvarandi vandamál í Evrópu hafa stjórnvöld í nágrannalöndunum stöðugt leitað úrræða til að hamla gegn því og alvarlegum félagslegum fylgikvillum þess. Þær aðgerðir, sem gripið hefur verið til, hafa skilað mismunandi miklum árangri og augljóst er að engin ein greiðfær eða sjálfgefin leið er fyrir hendi til að vinna gegn þeim mikla þjóðfélagsvanda sem atvinnuleysi er. Annars staðar á Norðurlöndum var m.a. brugðist við með margvíslegum vinnumarkaðsaðgerðum, þar á meðal launuðum fræðslu- og þjálfunarverkefnum með það fyrir augum að vinna gegn félagslegum afleiðingum atvinnuleysisins samhliða því að undirbúa starfsmenn fyrir ný störf.

Hér á landi höfum við fetað í fótspor nágrannalanda að nokkru leyti hvað varðar það sjónarmið að enginn eigi að vera óvirkur á bótum. Mikilvægir þættir til að ná því markmiði eru m.a. fjárveitingar Atvinnuleysistryggingasjóðs til námskeiða fyrir atvinnulausa, starfsemi MFA og Tómstundaskólans, lög um starfsmenntun í atvinnulífinu, átaksverkefni, námsflokkar sveitarfélaga, ásamt tilraunaverkefnum eins og Menntasmiðjunni á Akureyri.

Beinar stjórnvaldsaðgerðir, sem miða að því að hvetja til þess að mannafli í fyrirtækjum verði aukinn, hafa hins vegar verið takmarkaðar. Fremur hafa opinberar aðgerðir falist í því að veita fjármagn til aukinna verklegra framkvæmda. Ekki má þó líta fram hjá því að beinar aðgerðir sem miðað hafa að því að auka hagvöxt hafa reynst mikilvægur þáttur í þessu sambandi og eru í raun undirstaða þess að hér skapist aðstæður fyrir nýsköpun og þróttmeira atvinnulíf. Enginn vafi er á því að aukinn hagvöxtur slær á atvinnuleysið. Hins vegar er það oft svo að fyrirtæki velja frekar þá leið að bæta yfirvinnu á þá sem fyrir eru í fyrirtæki en að bæta við mannskap. Þannig virðist sem vinnutími hafi fremur lengst hjá starfsfólki fyrirtækja eftir að rofa tók til í atvinnumálum og fjölgun starfa því orðið minni en ætla mætti. Bein úttekt er ekki fyrir hendi, en tölur kjararannsóknarnefndar sýna að vinnutími hefur lengst. Frumvarpi þessu er einmitt ætlað að stuðla að því að fremur verði fjölgað starfsfólki í fyrirtækjum.

Með frumvarpinu er lagt til að með löggjöf verði fyrirtæki hvött til þess að bæta við sig fólki. Fyrirtæki, sem nýta vilja þann möguleika, fái eins konar ráðningarstyrki, þ.e. afslátt af tryggingagjaldi. Í frumvarpinu er lagt til að afslátturinn verði 30 þús. kr. á mánuði fyrir hvern starfsmann sem ráðinn yrði á tímabilinu sem tilgreint er. Mikilvægt er að með slíkri tillögu sé ekki opnuð leið til að segja upp fólki og ráða síðan aftur gegn endurgreiðslu gjaldsins.

Gert er ráð fyrir að um raunverulega fjölgun starfa hjá hlutaðeigandi fyrirtæki sé að ræða. Þar sem ekki er enn hægt að miða við skráningu Hagstofu Íslands um fjölda starfsmanna fyrirtækja verður að líkindum að ganga út frá öðrum upplýsingum, t.d. staðgreiðslugögnum frá því viðmiðunartímabili sem tilgreint er.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fyrirtæki þurfi að hafa í það minnsta tíu starfsmenn í sinni þjónustu til þess að falla undir ákvæði þessara laga. Markmiðið með þessu lágmarki byggist á nauðsyn þess að mynda ákveðinn hvata fyrir stækkun lítilla fyrirtækja. Ef litið er á stærðardreifingu fyrirtækja hér á landi miðað við fjölda starfsmanna vekur það athygli hversu mörg fyrirtæki eru með færri en tíu starfsmenn.

Eins og fram kemur á meðfylgjandi súluritum eru yfir 90% af íslenskum fyrirtækjum með færri en tíu starfsmenn og hjá þessum fyrirtækjum vinna um 30% af vinnuaflinu. Hins vegar er aðeins 1% fyrirtækjanna með fleiri en 40 starfsmenn, en hjá þeim vinnur um helmingur vinnuaflsins. Afleiðing þessarar skekkju í uppbyggingu atvinnulífsins kemur m.a. fram í því hversu vanmáttug þessi litlu fyrirtæki eru í síaukinni alþjóðlegri samkeppni. Þannig eru framlög íslenskra fyrirtækja til vöruþróunar og markaðsmála miklu minni en þekkist í helstu samkeppnislöndum okkar. Þó svo að þetta sé lítið skref í þá átt að stuðla að vexti íslenskra fyrirtækja með því að stækka starfandi fyrirtæki og sameina smáfyrirtæki gæti svona ákvæði myndað jákvæðan hvata til þess að ýta fyrirtækjum yfir þennan þröskuld í íslensku atvinnulífi.

Í nýlegri skýrslu iðnaðaráðuneytisins um tengsl sjávarútvegs og iðnaðar (iðnaðarráðuneytið, nóvember 1995) kom fram að ein af ástæðum þess að viðskiptaleg tengsl sjávarútvegs og iðnaðar eru ekki meiri en raun ber vitni er að fyrirtæki í iðnaði hafa ekki burði, m.a. vegna smæðar sinnar, til þess að taka við öllum þeim jákvæðu tækifærum sem öflugur sjávarútvegur býður upp á. Sú tilraun, sem frumvarpið gerir ráð fyrir og gilda á í eitt ár, gæti haft mikil og víðtæk áhrif ef vel er staðið að málum en eðlilegt er að stjórnvöld og Alþingi hugi að fleiri slíkum vaxtarhvötum til eflingar smærri fyrirtækjum.

Í frumvarpinu eru ekki lögð til efri mörk á stærð fyrirtækja. Alþjóðlegur staðall fyrir fjölda starfsmanna hjá fyrirtækjum er 500 starfsmenn, en ekki er til viðurkennd tilsvarandi tala hérlendis og því þyrfti sú þingnefnd, er fær mál þetta til umfjöllunar, að meta hvort sett væru efri mörk á starfsmannafjölda þeirra fyrirtækja sem lögin tækju til.

Gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra setji nánari reglur um framkvæmd laganna, m.a. um tilhögun endurgreiðslu. Hafa ber í huga að lögunum er ætlaður ákveðinn gildistími, þ.e. frá 1. ágúst nk. til ágústloka 1997.

Fylgiskjal.

Upplýsingar úr Atvinnuvegaskýrslu Þjóðhagsstofnunar 1992, nr. 50.






Stærð íslenskra fyrirtækja
m.v. fjölda starfsmanna 1992
100,0%
90,0%
80,0%
70,0%
60,0%
50,0%
40,0%
30,0%
20,0%
10,0%
0,0%
Undir 5
5-10
10-40
Yfir 40


Stærð íslenskra fyrirtækja
m.v. fjölda starfsmanna 1992
90,0%
80,0%
70,0%
60,0%
50,0%
40,0%
30,0%
20,0%
10,0%
0,0%
Undir 5
5-10
10-40
Yfir 40
Ath. fyrirtæki með 1 ársverk eða minna sleppt.


Skipting íslenskra fyrirtækja
og ársverka hjá þeim
m.v. fjölda starfsmanna 1992
100,0%
90,0%
80,0%
70,0%
60,0%
50,0%
40,0%
30,0%
20,0%
10,0%
0,0%
Undir 5
5-10
10-40
Yfir 40


Skipting íslenskra fyrirtækja
og ársverka hjá þeim
m.v. fjölda starfsmanna 1992
90,0%
80,0%
70,0%
60,0%
50,0%
40,0%
30,0%
20,0%
10,0%
0,0%
Undir 5
5-10
10-40
Yfir 40
Ath. fyrirtæki með 1 ársverk eða minna sleppt.

731. Fyrirspurn [412. mál]

til forsætisráðherra um erlendar skuldir þjóðarinnar.

Frá Pétri H. Blöndal.

Hefur ríkisstjórnin markað stefnu um það hvenær íslenska þjóðin lýkur við að greiða niður erlendar skuldir sínar og hvernig því marki verður náð?

732. Frumvarp til laga [148. mál]

um köfun.

(Eftir 2. umr., 19. mars.)

1. gr.

Enginn má stunda atvinnuköfun í ám eða vötnum, við strendur landsins eða frá íslenskum skipum hér við land nema viðkomandi fullnægi þeim skilyrðum sem sett eru í lögum þessum.

2. gr.

Atvinnuköfun merkir í lögum þessum allar þær athafnir sem falla undir og eru liður í atvinnustarfsemi kafarans eða annarra aðila. Einnig telst það vera atvinnuköfun ef athöfnin er liður í skipulagðri þjónustustarfsemi til verndar almannahagsmunum. Um sjálfboðaliða, sem ekki þiggja laun fyrir störf sín, gilda reglur sem samtök þeirra setja og samgönguráðherra hefur samþykkt.

Áhugaköfun merkir í lögum þessum allar þær athafnir sem teljast til köfunar samkvæmt lögum þessum en falla ekki undir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar um atvinnuköfun.

Köfun merkir í lögum þessum þær athafnir manna sem fara fram undir yfirborði vatns eða sjávar þar sem líkaminn er undir meiri þrýstingi en sem nemur 50 hektópaskölum (50 mbar) yfir loftþrýstingi á yfirborði jarðar og notast er við tæki sem eru hluti af viðurkenndum köfunarbúnaði.

Köfunarbúnaður merkir í lögum þessum allan þann búnað sem notaður er við köfun og gerir mönnum kleift að kafa.

3. gr.

Hver sem vill stunda atvinnuköfun skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. vera fullra 20 ára,
2. standast með fullnægjandi hætti heilbrigðiskröfur,
3. uppfylla menntunar- og hæfniskröfur,
4. hafa gilt atvinnuköfunarskírteini útgefið af Siglingastofnun Íslands.

Óheimilt er að ráða til köfunarstarfa aðra en handhafa atvinnuköfunarskírteina.

Sá sem stundar áhugaköfun skal vera 17 ára eða eldri og uppfylla skilyrði 2. og 3. tölul. 1. mgr. Þá er ráðherra heimilt með reglugerð að ákveða að þeir sem stunda áhugaköfun skuli hafa gilt áhugaköfunarskírteini útgefið af Siglingastofnun Íslands.

4. gr.

Siglingastofnun Íslands gefur út köfunarskírteini til þeirra sem uppfylla skilyrði laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim. Skírteini skulu rituð á þar til gerð eyðublöð og gilda til fimm ára í senn.

Siglingastofnun Íslands skal halda nákvæma skrá um handhafa atvinnuskírteina.

5. gr.

Hver sá sem flytur inn köfunarbúnað eða smíðar slíkan búnað skal fyrir fram fá viðurkenningu Siglingastofnunar Íslands um að búnaðurinn eða hlutar hans uppfylli tæknikröfur sem gilda þar um. Liggi fyrir vottorð frá viðurkenndri prófunarstofu um að búnaður sé í samræmi við staðla og reglur telst staðfesting frá Siglingastofnun fullnægjandi.

Eigandi köfunarbúnaðar ber ábyrgð á því að búnaðurinn fullnægi skilyrðum 1. mgr. og búnaðinum verði haldið við.

6. gr.

Siglingastofnun Íslands hefur umsjón og eftirlit með framkvæmd laga þessara.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laganna, m.a. um skilyrði fyrir viðhaldi réttinda samkvæmt köfunarskírteini, svo sem um menntunar-, hæfnis- og heilsufarskröfur, eftir því sem við á, og um heimild Siglingastofnunar Íslands til gjaldtöku vegna eftirlits, útgáfu og endurnýjunar köfunarskírteina.

7. gr.

Slys eða óhöpp sem verða við köfun skal tilkynna þegar í stað til lögreglu í því umdæmi sem slys eða óhapp átti sér stað og annast lögreglan rannsókn á orsökum þeirra. Við rannsóknina skal kalla til sérfróða aðila eftir því sem þurfa þykir og skal köfunarbúnaður skoðaður af fulltrúa Siglingastofnunar Íslands.

Niðurstöður rannsóknarinnar skulu sendar rannsóknarnefnd sjóslysa sem fjallar um málið og birtir álit sitt í ársskýrslu nefndarinnar.

8. gr.

Brot á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum og/eða sviptingu réttinda nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 12/1976, um kafarastörf.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fram til 1. október 1996 mun Siglingamálastofnun ríkisins annast þau verkefni sem Siglingastofnun Íslands eru falin með lögum þessum er síðarnefnda stofnunin tekur formlega til starfa.

733. Frumvarp til laga [317. mál]

um breytingu á lögum um landflutningasjóð, nr. 62/1979, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 19. mars.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Hlutverk landflutningasjóðs er að stuðla að uppbyggingu og framþróun í vöruflutningum á landi. Í þeim tilgangi skulu veittir styrkir til verkefna sem lúta að fræðslu um flutningastarfsemi, svo sem rekstur flutningafyrirtækja, vörumeðferð, neytendavernd og markaðsmál.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 2. og 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ráðherra skipar þrjá menn í stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn, þar af einn eftir tilnefningu Landvara, félags íslenskra vöruflytjenda. Formaður sjóðstjórnar skal vera annar þeirra sem skipaður er án tilnefningar.
b. 2. mgr. fellur brott.

3. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Stjórn landflutningasjóðs tekur ákvörðun um hvernig hagað skuli vörslu og umsjón sjóðsins. Endurskoðun ársreikninga landflutningasjóðs annast Ríkisendurskoðun.

4. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Rétt til styrkja úr sjóðnum eiga þeir einir sem eru fullgildir félagar í Landvara, félagi íslenskra vöruflytjenda, samtök þeirra eða verkefni á þeirra vegum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1996. Öllum eignum landflutningasjóðs skal ráðstafa í samræmi við tilgang hans innan átta ára frá gildistöku laga þessara. Lög um landflutningasjóð falla úr gildi 1. júní 2004.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frá 1. júní 1996 fellur úr gildi skipunartími núverandi stjórnar landflutningasjóðs og skal ný stjórn skipuð frá sama tíma.

734. Lög [106. mál]

um gatnagerðargjald.

(Afgreidd frá Alþingi 19. mars.)

Samhljóða þskj. 713 með þessari breytingu:

7. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997. Jafnframt falla úr gildi lög um gatnagerðargjöld, nr. 51/1974, og lög nr. 31/1975, um breytingu á þeim lögum. Enn fremur lög um gjöld til holræsa og gangstétta í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík og Akureyri, nr. 18/1920, og 2. gr. laga um gjöld til holræsa, gangstétta og varanlegs slitlags á götum á Akureyri, nr. 87/1970.

735. Svar [392. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um risnukostnað ráðuneyta.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Hver var sundurliðaður risnukostnaður einstakra ráðuneyta árin 1992, 1993, 1994 og 1995?

Eftirfarandi upplýsingar hafa verið teknar saman af fjármálaráðuneytinu. Athygli er vakin á því að fjárhæðir eru færðar á verðlagi hvers árs. Upphæðir eru í þús. kr.

	1992	1993	1994	1995
Forsætisráðuneyti	4.000	8.031	3.930	8.666
Menntamálaráðuneyti	9.006	10.386	8.442	7.935
Utanríkisráðuneyti	12.635	7.243	16.899	21.730
Landbúnaðarráðuneyti	2.962	3.736	4.327	4.628
Sjávarútvegsráðuneyti	4.303	3.809	3.032	4.840
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	2.282	2.712	4.111	4.467
Félagsmálaráðuneyti	1.129	1.604	4.747	3.073
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	3.683	6.745	6.864	6.280
Fjármálaráðuneyti	5.095	4.615	3.374	4.429
Samgönguráðuneyti	4.834	1.896	5.697	4.353
Iðnaðarráðuneyti	2.218	2.407	1.623	2.460
Viðskiptaráðuneyti	3.568	2.564	3.072	2.326
Hagstofa Íslands	466	289	1.080	401
Umhverfisráðuneyti	950	1.765	2.460	2.583
Samtals	**57.131**	**57.802**	**69.658**	**78.171**

736. Frumvarp til laga [413. mál]

um breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir.

1. gr.

Við 16. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú hefur maður lokið samfelldri afplánun refsivistar sem staðið hefur a.m.k. síðustu 12 mánuði, að meðtalinni gæsluvarðhaldsvist, og skal hann þá hafa rétt til atvinnuleysisbóta þó að hann uppfylli ekki skilyrði 3. tölul. 1. mgr. þessarar greinar, enda uppfylli hann önnur skilyrði til greiðslu bótanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í gildandi lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, er gert ráð fyrir að hafi einstaklingur verið sviptur frelsi sínu með dómi geti hann geymt áunninn rétt til atvinnuleysisbóta í allt að tvö ár á meðan á afplánun dóms stendur. Hins vegar er ljóst að fæstir þeirra sem afplána dóm um lengri eða skemmri tíma hafa stundað vinnu reglubundið. Í þeim tilvikum er því ekki um neinn áunninn rétt að ræða sem þessir einstaklingar geta nýtt sér að aflokinni fangelsisvist. Því er lagt til að lögum um atvinnuleysistryggingar verði breytt til hagsbóta fyrir þá sem koma atvinnulausir úr fangelsi.

Eins og lögum um atvinnuleysistryggingar er nú háttað verða menn að uppfylla lágmarksvinnustundafjölda á síðustu 12 mánuðum til að eiga rétt á atvinnuleysisbótum. Ekki er að finna í lögum neina undanþágu frá því ákvæði sem um ræðir, þ.e. 3. tölul. 1. mgr. 16. gr. laganna, til hagsbóta fyrir þá sem er ókleift að uppfylla þetta skilyrði þar sem þeir hafa verið sviptir frelsi sínu með refsidómi á umræddu tímabili. Ekki er þó nein ástæða til að ætla að fyrir löggjafanum hafi vakað að gera rétt manna minni fyrir það að þeir hafi setið af sér refsidóm.

Ekki er eðlilegt að láta menn uppfylla skilyrði ákvæðisins með þeirri vinnu sem stendur til boða í fangelsum, enda er sjaldnast um að ræða fullan vinnudag. Þá er sökum aðstæðna í fangelsunum ekki vinnu að hafa í þeim öllum. Fangar geta að auki ekki ráðið sjálfir í hvaða fangelsi þeir afplána refsingu sína heldur er sú ákvörðun tekin af Fangelsismálastofnun ríkisins.

Samkvæmt frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að þeir sem hafa afplánað skemmri dóm en eitt ár geti unnið sér inn rétt til atvinnuleysisbóta á þann hátt. Gert er ráð fyrir að undanfarandi gæsluvarðhald teljist til afplánunar í þessu sambandi ef afplánun kemur í beinu framhaldi og viðkomandi hefur ekki verið frjáls maður á milli gæsluvarðhalds og afplánunar. Einnig er gert ráð fyrir að einungis með samfelldri afplánun geti maður aflað sér réttarins á þennan hátt.

737. Breytingartillögur [117. mál]

við frv. til l. um erfðabreyttar lífverur.

Frá umhverfisnefnd.

1. 4. mgr. 13. gr. orðist svo:
   Hollustuvernd ríkisins skal leita umsagna Náttúruverndarráðs og annarra eftir því sem við á og nánar er kveðið á um í reglugerð.
2. Við 1. málsl. 14. gr. bætist: að fengnum tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands.

738. Fyrirspurn [414. mál]

til iðnaðarráðherra um framleiðslu rafmagns með olíu.

Frá Pétri H. Blöndal.

Hverju sætir það að rafmagn er framleitt með innfluttri olíu á meðan Blönduvirkjun er vannýtt?

739. Frumvarp til laga [415. mál]

um breyting á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Stéttarfélag skal opið öllum sem uppfylla almenn skilyrði lögmætra samþykkta þess.

Félagssvæði stéttarfélags má aldrei vera minna en eitt sveitarfélag.

Starfsmönnum fyrirtækis, þar sem starfa að jafnaði a.m.k. 250 starfsmenn, er þó heimilt að stofna þar stéttarfélag, enda séu að lágmarki ¾ þeirra félagsmenn. Fer það þá eitt stéttarfélaga með samningsumboð fyrir starfsmenn.

2. gr.

Við 5. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar er orðast svo:

Samninganefnd eða fyrirsvarsmaður, sem kemur fram fyrir hönd samningsaðila við gerð kjarasamnings, hefur umboð til þess að setja fram tillögur að samningi, taka þátt í samningaviðræðum og undirrita kjarasamning fyrir hönd hlutaðeigandi félags eða samtaka. Samninganefnd er heimilt að fela sameiginlegri samninganefnd fleiri félaga eða sambanda umboð sitt til samningsgerðar að hluta eða að öllu leyti. Þá er samninganefnd heimilt að kveða á um sameiginlega atkvæðagreiðslu félagsmanna hlutaðeigandi félaga eftir því sem nefndin kann að ákveða hverju sinni eða um kann að semjast með kjarasamningi.

Þegar kjarasamningur hefur verið undirritaður af til þess bærum fulltrúum samningsaðila gildir hann frá undirskriftardegi, nema hann sé felldur við leynilega atkvæðagreiðslu með meiri hluta greiddra atkvæða og minnst fimmtungi atkvæða samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá innan fjögurra vikna frá undirritun, sé ekki á annan veg samið. Fari fram almenn leynileg póstatkvæðagreiðsla meðal félagsmanna um gerðan kjarasamning gildir niðurstaða hennar óháð framangreindu. Nú tekur kjarasamningur einungis til hluta félagsmanna eða starfsmanna fyrirtækis og er þá heimilt að ákveða í kjarasamningi að þeir einir séu atkvæðisbærir um hann, enda komi þar skýrt fram hvernig staðið verði að atkvæðagreiðslu. Slíkur kjarasamningur telst þá því aðeins felldur að meiri hluti þátttakenda og minnst þriðjungur atkvæðisbærra greiði atkvæði gegn honum.

Skylt er samningsaðilum að stuðla að því að félagsmenn þeirra virði gerða kjarasamninga.

3. gr.

Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ófélagsbundnir atvinnurekendur og launamenn utan stéttarfélaga bera einir ábyrgð á samningsrofum af sinni hálfu. Nú er ekki sýnt fram á aðild samningsaðila að aðgerðum sem jafna má til vinnustöðvunar og ber félagsmaður þá sjálfur ábyrgð á þátttöku sinni í þeim.

4. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Þegar félag atvinnurekenda eða stéttarfélag ætlar að hefja vinnustöðvun er hún því aðeins heimil að ákvörðun um hana hafi verið tekin við almenna leynilega atkvæðagreiðslu með þátttöku a.m.k. fimmtungs atkvæðisbærra félagsmanna samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá og að tillagan hafi notið stuðnings meiri hluta greiddra atkvæða. Heimilt er að viðhafa almenna leynilega póstatkvæðagreiðslu meðal félagsmanna um tillögu um vinnustöðvun og gildir niðurstaða hennar þá óháð þátttöku.

Nú er vinnustöðvun einungis ætlað að taka til ákveðins hóps félagsmanna eða starfsmanna á tilgreindum vinnustað og er þá heimilt að taka ákvörðun um vinnustöðvun með atkvæðum þeirra sem henni er ætlað að taka til. Þarf þá helmingur atkvæðisbærra að taka þátt í atkvæðagreiðslu og meiri hluti þeirra að styðja tillögu um vinnustöðvun.

Í tillögu um vinnustöðvun skal koma skýrt fram til hverra henni er ætlað að taka og hvenær vinnustöðvun er ætlað að koma til framkvæmda. Þá er það skilyrði lögmætrar ákvörðunar um boðun vinnustöðvunar að samningaviðræður eða viðræðutilraunir um framlagðar kröfur hafi reynst árangurslausar þrátt fyrir milligöngu sáttasemjara.

Samninganefnd eða til þess bærum fyrirsvarsmönnum samningsaðila er jafnan heimilt að aflýsa boðaðri vinnustöðvun. Sömu aðilum er heimilt að fresta boðaðri vinnustöðvun, einu sinni eða oftar, um allt að 14 sólarhringa samtals án samþykkis gagnaðila, enda sé það gert með minnst sólarhrings fyrirvara.

5. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 19. gr. laganna og orðast svo:

Vinnustöðvanir í skilningi laga þessara eru verkbönn atvinnurekenda og verkföll þegar launamenn leggja niður venjuleg störf sín að einhverju eða öllu leyti í því skyni að ná tilteknu sameiginlegu markmiði. Sama gildir um fjöldauppsagnir og aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu atvinnurekenda eða launamanna sem jafna má til vinnustöðvunar.

6. gr.

Á eftir 19. gr. laganna kemur nýr kafli, III. kafli, **Um sáttastörf í vinnudeilum,** með 18 nýjum greinum, svohljóðandi:

a. (20. gr.)

Félagsmálaráðherra skipar ríkissáttasemjara til fjögurra ára í senn. Hann skal vera íslenskur ríkisborgari, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð. Þess skal gætt að afstaða hans sé slík að telja megi hann óvilhallan í málum launafólks og atvinnurekenda.

Félagsmálaráðherra skipar einnig vararíkissáttasemjara til fjögurra ára í senn og skal hann fullnægja sömu skilyrðum og ríkissáttasemjari.

Vararíkissáttasemjari tekur við störfum ríkissáttasemjara þegar hann er forfallaður og er honum til aðstoðar þegar þörf krefur.

Ríkissáttasemjari getur skipað aðstoðarsáttasemjara til að aðstoða sig við lausn vinnudeilu eða vinna sjálfstætt að lausn einstakrar vinnudeilu. Það er borgaraleg skylda að taka að sér aðstoðarsáttasemjarastarf.

Ef sýnt þykir að vinnudeila hafi mjög alvarlegar afleiðingar getur ríkisstjórnin skipað sérstaka sáttanefnd til að vinna að lausn deilunnar. Skal samráð haft við ríkissáttasemjara og deiluaðila áður en sáttanefnd er skipuð.

Vararíkissáttasemjari, aðstoðarsáttasemjari og sáttanefndarmenn hafa réttindi og bera skyldur ríkissáttasemjara þegar þeir eru að störfum.

Laun ríkissáttasemjara skulu ákveðin á sama hátt og laun ráðherra og hæstaréttardómara. Félagsmálaráðherra ákveður laun vararíkissáttasemjara og aðstoðarsáttasemjara og þóknun sáttanefndarmanna.

b. (21. gr.)

Skrifstofa ríkissáttasemjara er í Reykjavík og ræður hann til hennar starfsfólk eftir þörfum og í samræmi við heimildir.

c. (22. gr.)

Ríkissáttasemjari annast sáttastörf í vinnudeilum milli launafólks og félaga þess annars vegar og atvinnurekenda og félaga þeirra hins vegar.

Hann skal fylgjast með ástandi og horfum í atvinnulífi og á vinnumarkaði um allt land. Hann skal fylgjast með þróun kjaramála og atriðum sem valdið gætu ágreiningi í samskiptum samtaka atvinnurekenda og stéttarfélaga.

Ríkissáttasemjari skal halda skrá yfir gildandi kjarasamninga og er samtökum launafólks og atvinnurekenda, svo og ófélagsbundnum atvinnurekendum, skylt að senda honum samrit allra kjarasamninga sem þeir gera jafnskjótt og þeir hafa verið undirritaðir. Breytingar á áður gildandi kjarasamningum skulu sendar með sama hætti. Sömu aðilar skulu einnig senda sáttasemjara samrit allra kauptaxta og kjaraákvæða sem út eru gefin á grundvelli gildandi kjarasamninga.

Samningsaðilar skulu enn fremur senda ríkissáttasemjara samrit af uppsögn kjarasamninga, svo og kröfugerð, jafnskjótt og hún er send gagnaðila.

d. (23. gr.)

Atvinnurekendur eða samtök þeirra og stéttarfélög skulu gera áætlun um skipulag viðræðna um endurnýjun kjarasamnings. Samningsaðilum er heimilt að veita landssamböndum eða heildarsamtökum sérstakt umboð til að gera viðræðuáætlun fyrir sína hönd ef slíkt umboð leiðir ekki af lögmætum samþykktum sambanda eða samtaka samningsaðila. Viðræðuáætlun, undirrituð af báðum samningsaðilum, skal þegar í stað send ríkissáttasemjara.

Viðræðuáætlun skal gerð í síðasta lagi 10 vikum áður en gildandi kjarasamningur er laus. Ef samningsaðilar hafa þá ekki gert viðræðuáætlun skal sáttasemjari gefa út viðræðuáætlun fyrir þá samningsaðila í síðasta lagi átta vikum áður en gildandi kjarasamningur er laus og skal sáttasemjari þá taka mið af öðrum viðræðuáætlunum sem hafa þegar verið gerðar.

e. (24. gr.)

Samningsaðilar geta hvenær sem er eftir útgáfu viðræðuáætlunar óskað milligöngu sáttasemjara eða aðstoðar hans og skal hann þá þegar beita sér fyrir því að samningaumleitanir fari fram í samræmi við viðræðuáætlun. Samningsaðilar skulu gefa sáttasemjara kost á að fylgjast með vinnudeilu og samningaumleitunum hvenær sem hann óskar þess.

Ef slitnar upp úr samningaviðræðum aðila eða annar hvor þeirra telur vonlítið um árangur af frekari samningaumleitunum getur hvor þeirra um sig eða báðir sameiginlega vísað deilunni til sáttasemjara. Þegar sáttasemjari hefur fengið tilkynningu þess efnis er honum skylt að kveðja aðila eða umboðsmenn þeirra til fundar svo skjótt sem kostur er og halda síðan áfram sáttaumleitunum meðan von er til þess að þær beri árangur.

Sáttasemjari tekur enn fremur við stjórn viðræðna eftir því sem ákveðið hefur verið í viðræðuáætlun. Honum er þó jafnan heimilt að fresta formlegri sáttameðferð og beina því til samningsaðila að þeir láti reyna á samkomulagsmöguleika í beinum viðræðum sín á milli telji hann það líklegra til árangurs. Ríkissáttasemjara er ávallt heimilt að taka í sínar hendur stjórn samningaviðræðna ef hann telur það heppilegt.

Ef tilkynning berst um vinnustöðvun skv. 16. gr. er sáttasemjara skylt að annast sáttastörf með deiluaðilum og stýra viðræðum þeirra.

f. (25. gr.)

Samningsaðilum er skylt að sækja eða láta sækja samningafund sem sáttasemjari kveður þá til.

Sáttafundi skal halda fyrir luktum dyrum.

Á sáttafundi skal leggja fram eftirrit þeirra skjala sem farið hafa milli aðila í deilunni, enda hafi þau ekki verið send ríkissáttasemjara áður.

Bannað er að skýra frá eða leiða vitni um umræður á sáttafundum og tillögur sem fram kunna að hafa verið bornar nema með samþykki beggja samningsaðila.

g. (26. gr.)

Sáttasemjari getur krafið aðila vinnudeilu um hverjar þær skýrslur og skýringar sem hann telur nauðsynlegar til að leysa vinnudeilur. Hann getur krafið allar opinberar stofnanir um þær upplýsingar og skýrslur sem hann telur þörf á. Með öll slík gögn skal fara sem trúnaðarmál ef þess er óskað.

h. (27. gr.)

Ef samningaumleitanir sáttasemjara bera ekki árangur er honum heimilt að leggja fram miðlunartillögu til lausnar vinnudeilu. Miðlunartillögu skal leggja fyrir félög eða félagasambönd launafólks og atvinnurekenda eða einstakan atvinnurekanda, eigi hann í vinnudeilu, til samþykkis eða synjunar. Sáttasemjara ber að ráðgast við samninganefndir aðila áður en hann ber fram miðlunartillögu.

Ef ágreiningur snertir aðeins ákveðna félagsdeild eða starfsgrein innan félags eða félagasambands eða tiltekið fyrirtæki getur sáttasemjari ákveðið að atkvæðagreiðsla taki eingöngu til deildarinnar eða starfsgreinarinnar eða fyrirtækisins.

i. (28. gr.)

Telji sáttasemjari að það sé til þess fallið að leiða til friðsamlegrar samtímalausnar kjaramála er honum að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum heimilt að leggja fram eina sameiginlega miðlunartillögu eða fleiri:

a. að viðræður hafi átt sér stað um framlagðar kröfur, þar á meðal sérmál, eða að leitað hafi verið árangurslaust eftir viðræðum í samræmi við viðræðuáætlun,
b. að tíma, sem ætlaður er til viðræðna milli aðila án milligöngu sáttasemjara samkvæmt viðræðuáætlun, sé lokið án þess að samningar hafi tekist,
c. að sáttasemjari hafi leitað sátta milli allra samningsaðila sem eiga í hlut og telji ekki horfur á samkomulagi þeirra í milli,
d. að samningar hafi verið lausir um tíma þannig að samningsaðilum hafi gefist kostur á að þrýsta á um kröfur sínar,
e. að aðilum vinnudeilu hafi gefist kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum við hugmyndir sáttasemjara sem þeim hafa verið kynntar beint eða opinberlega um að leggja fram sameiginlega miðlunartillögu.

Sameiginlegt atkvæðamagn ræður úrslitum um samþykkt eða synjun sameiginlegrar miðlunartillögu. Atkvæðagreiðsla samningsaðila á almennum vinnumarkaði og þeirra sem lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna taka til um sameiginlega miðlunartillögu skal fara fram með aðgreindum hætti. Niðurstaða hjá hvorum hópnum fyrir sig, óháð niðurstöðu hins, ræður úrslitum um samþykkt eða synjun.

Sáttasemjara er heimilt að láta sameiginlega miðlunartillögu ná til allra hópa sem eru með lausa samninga eða setja fram miðlunartillögu sem tekur aðeins til tiltekinna samningssviða, félagsdeilda eða fyrirtækja sem svo er ástatt um. Sú heimild er óháð aðild að félögum, samböndum eða samtökum atvinnurekenda og launafólks.

Samningsaðilum er þó heimilt að takmarka í viðræðuáætlun heimild sáttasemjara til að tengja framlengingu á hlutaðeigandi kjarasamningi framlengingu annarra kjarasamninga á óskyldum samningssviðum með sameiginlegri atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu.

j. (29. gr.)

Aðilar skulu eftir því sem við verður komið sjá um að atkvæðisbærir félagsmenn geti kynnt sér miðlunartillögu í heild. Sáttasemjara er heimilt að höfðu samráði við aðila vinnudeilu að draga fram meginatriði úr miðlunartillögu til þess að auðvelda félagsmönnum þeirra að kynna sér efni hennar og taka málefnalega afstöðu til tillögunnar og áhrifa hennar á hag þeirra og afkomu. Öðrum aðila vinnudeilu er heimilt að vinna útdrátt úr miðlunartillögu fyrir félagsmenn sína í samráði við sáttasemjara. Eigi má birta

miðlunartillögu öðrum en þeim sem hlut eiga að máli án samþykkis sáttasemjara fyrr en greidd hafa verið atkvæði um hana.

Miðlunartillaga skal borin undir atkvæði við atkvæðagreiðslu allra atkvæðisbærra aðila eins og sáttasemjari gekk frá henni og henni svarað játandi eða neitandi.

Atkvæðagreiðsla um miðlunartillögu skal fara fram á kjörfundi sem standi í fyrir fram ákveðinn tíma. Ríkissáttasemjari getur að höfðu samráði við aðila vinnudeilu ákveðið að atkvæðagreiðsla fari jafnframt fram utan kjörfundar á tilteknum stöðum eða svæðum. Í stað atkvæðagreiðslu innan og utan kjörfundar er ríkissáttasemjara heimilt að höfðu samráði við aðila vinnudeilu að ákveða að atkvæðagreiðsla um miðlunartillögu fari fram með leynilegri almennri póstatkvæðagreiðslu meðal félagsmanna sem lokið skal innan fyrir fram ákveðins tíma. Ríkissáttasemjari gefur að höfðu samráði við aðila vinnudeilu nánari fyrirmæli um fyrirkomulag atkvæðagreiðslu, svo sem hvenær og hvernig hún skuli fara fram. Atkvæðagreiðsla skal vera skrifleg og leynileg.

k. (30. gr.)

Jafnskjótt og atkvæðagreiðslu er lokið skulu atkvæði og kjörgögn afhent sáttasemjara. Talning atkvæða fer fram undir stjórn sáttasemjara og er hverjum aðila heimilt að hafa umboðsmann viðstaddan talninguna.

l. (31. gr.)

Miðlunartillaga telst felld í atkvæðagreiðslu ef meiri hluti greiddra atkvæða, og þá minnst þriðjungur atkvæða samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá, er mótatkvæði.

m. (32. gr.)

Sáttasemjarar geta borið fram miðlunartillögu eins oft og þeim þykir þurfa.

n. (33. gr.)

Ef sáttatilraunum í mikilvægri deilu er hætt án árangurs getur ríkissáttasemjari birt skýrslu um málið á þann hátt sem hann álítur heppilegastan til þess að almenningur fái rétta hugmynd um deiluna.

o. (34. gr.)

Ef annar hvor aðili vill samþykkja miðlunartillögu sáttasemjara eftir að sáttaumleitun hefur verið hætt án árangurs sendir hann sáttasemjara yfirlýsingu um það. Sáttasemjara ber þegar að láta gagnaðila vita um yfirlýsinguna. Vilji hann einnig fallast á miðlunartillöguna sér sáttasemjari um að aðilar gangi frá samningum sín á milli.

p. (35. gr.)

Nú hefur sáttaumleitunum sáttasemjara lokið án árangurs og ber honum þá að hefja þær á ný ef annar hvor aðili óskar þess eða hann telur það heppilegt. Þó ber honum ætíð að gera tilraun til sátta með aðilum innan 14 sólarhringa frá því hann hætti síðustu samningatilraunum sínum.

q. (36. gr.)

Sáttasemjarar skulu halda gerðabækur og skrá þar hvar og hvenær sáttafundir eru haldnir, nafn sáttasemjara og viðstaddra aðila eða fulltrúa þeirra. Geta skal framlagðra skjala og hins helsta sem fram fer.

r. (37. gr.)

Ríkissáttasemjari skal senda félagsmálaráðherra skýrslur um störf sín samkvæmt lögum þessum svo oft sem þurfa þykir og ekki sjaldnar en einu sinni á ári.

7. gr.

39. gr. laganna orðast svo:

Í dóminum eiga sæti fimm menn, sem skipaðir eru til þriggja ára þannig: Einn af Vinnuveitendasambandi Íslands, annar af Alþýðusambandi Íslands, þriðji af félagsmálaráðherra úr hópi þriggja manna, sem Hæstiréttur tilnefnir, og tveir af Hæstarétti, og sé annar þeirra sérstaklega tilnefndur til þess að vera forseti dómsins. Ef atvinnurekandi, sem er málsaðili, er ekki meðlimur í Vinnuveitendasambandi Íslands, skal dómari sá, sem tilnefndur er af því, víkja sæti, en í staðinn tilnefnir atvinnurekandinn dómara í málinu og skal hann hafa gert það áður en hálfur stefnufrestur er liðinn, ella tilnefnir forseti dómsins dómarann. Sama á við þegar málsaðili er stéttarfélag eða samband stéttarfélaga utan heildarsamtaka launafólks gagnvart dómara, skipuðum af Alþýðusambandi Íslands.

Sömu aðilar tilnefna varadómendur er taka sæti í forföllum aðaldómenda.

Þegar mál þau, sem um ræðir í 2. mgr. 44. gr., koma til meðferðar í Félagsdómi, skulu dómendur þeir, sem tilnefndir eru af Vinnuveitendasambandi Íslands og Alþýðusambandi Íslands, víkja sæti, en í þeirra stað tilnefna stefnandi og stefndur hvor sinn mann úr hópi 18 manna, sem tilnefndir eru í því skyni af Iðnsveinaráði Alþýðusambands Íslands og Samtökum iðnaðarins til þriggja ára í senn. Iðnsveinaráð ASÍ tilnefnir sex menn og Samtök iðnaðarins tólf menn. Nefnd samtök nefna með sama hætti jafnmarga varamenn. Nú tilnefnir aðili ekki dómara eða ekki næst samkomulag um tilnefninguna milli samaðila máls, og nefnir forseti Félagsdóms þá dómara í hans stað úr hópi sömu manna.

8. gr.

Í stað orðsins „Atvinnumálaráðherra“ í 1. málsl. 40. gr. laganna kemur: Félagsmálaráðherra.

9. gr.

Við 56. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Skattyfirvöld skulu veita nauðsynlegar upplýsingar um fjölda starfsmanna fyrirtækis vegna réttarstöðu vinnustaðarfélags, sbr. 3. mgr. 2. gr.

10. gr.

Við 70. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ábyrgð skv. 2. mgr. 8. gr. varðar þó ekki sektum.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði III. kafla laganna, 20.–37. gr., gilda eftir því sem við á um opinbera starfsmenn sem lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna ná til.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 33/1978, um sáttastörf í vinnudeilum.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Hér á landi hafa um langt skeið farið fram umræður um nauðsyn þess að bæta samskiptareglur á vinnumarkaði með það að markmiði að auðvelda og einfalda gerð kjarasamninga. Þannig yrði stuðlað að friðsamlegum samningum og dregið úr átökum á vinnumarkaði og oft langvinnum vinnustöðvunum. Afskipti íslenskra stjórnvalda af einstökum kjaradeilum hafa vakið athygli alþjóðastofnana, t.d. Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO). Þannig virðist hafa skort á að leikreglur hafi með fullnægjandi hætti stuðlað að frjálsum samningum aðila vinnumarkaðarins. Aðilar kunna að hafa treyst um of á íhlutun stjórnvalda. Mikilvægt er því að setja almennar og skýrar leikreglur til þess að tryggja frjálsa samninga á vinnumarkaði. Loks hafa nýjar þarfir komið til með auknu vægi alþjóðasamninga af ýmsum toga sem gefa aðilum vinnumarkaðarins færi á að skipa málum með heildarsamningum. Lög um stéttarfélög og vinnudeilur hafa staðið óbreytt frá því að þau voru sett fyrir tæpum sextíu árum að frátöldum reglum um sáttastörf í vinnudeilum. Sérstök lög um sáttastörf í vinnudeilum voru sett árið 1978. Frá árinu 1938 hafa orðið gagngerar breytingar á atvinnuháttum. Sérhæfing hefur aukist og starfsstéttum fjölgað til muna en stéttarfélög eru enn í flestum tilvikum byggð á starfsstétt. Einstakir atvinnurekendur eru þannig bundnir kjarasamningum við fjölmörg félög sem hvert fyrir sig fer með samnings- og verkfallsrétt samkvæmt lögum. Mjög fámennir hópar geta knúið fram sérhagsmuni sína í krafti lykilaðstöðu. Þá skortir á að tryggt sé að vel sé vandað til afgreiðslu kjarasamninga og ákvarðana um vinnustöðvanir. Á það bæði við um samtök atvinnurekenda og stéttarfélög. Þær breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á vinnulöggjöf, eru í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, enda miða þær að stöðugleika, ábyrgð samningsaðila og auknum áhrifum félagsmanna í stéttarfélögum. Nauðsynlegt er því að taka til endurskoðunar ýmis ákvæði gildandi vinnulöggjafar, þ.e. bæði laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum, og laga nr. 33/1978, um sáttastörf í vinnudeilum, og breyta þeim í samræmi við nýjar aðstæður í þjóðfélaginu.

Félagsmálaráðherra skipaði 4. október 1994 vinnuhóp til að fjalla um samskiptareglur á vinnumarkaði. Í vinnuhópinn voru skipuð frá Alþýðusambandi Íslands Benedikt Davíðsson, forseti ASÍ, og Bryndís Hlöðversdóttir, lögfræðingur ASÍ, og til vara Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, 1. varaforseti ASÍ, og Ari Skúlason, framkvæmdastjóri ASÍ; frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, og til vara Svanhildur Halldórsdóttir, skrifstofustjóri BSRB; frá fjármálaráðuneyti Birgir Guðjónsson, skrifstofustjóri starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, og til vara Gunnar Björnsson, deildarstjóri á starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins; frá Vinnumálasambandi Árni Benediktsson, formaður VMS, og til vara Jóngeir Hlinason, framkvæmdastjóri VMS; frá Vinnuveitendasambandi Íslands Þórarinn V. Þórarinsson, framkvæmdastjóri VSÍ, og til vara Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur VSÍ. Félagsmálaráðherra skipaði Gylfa Kristinsson, deildarstjóra í félagsmálaráðuneytinu, formann vinnuhópsins. Frá því í maí 1995 hafa starfað með nefndinni Jón Sveinsson hdl. sem lögfræðilegur ráðgjafi og Gísli Tryggvason laganemi sem ritari. Í skipunarbréfi kemur fram að vinnuhópnum sé falið að kynna sér þróun samskiptareglna samtaka atvinnurekenda og launafólks í öðrum löndum og bera þróunina saman við stöðu mála hérlendis. Fyrir hópinn var lagt að taka saman skýrslu um niðurstöðuna af athugun sinni. Ef í ljós kæmi að breyta þyrfti íslenskri löggjöf var hópnum falið að setja fram tillögur um það efni. Hinn 22. nóv-

ember 1995 skilaði vinnuhópurinn áfangaskýrslu sem ber heitið Samskiptareglur á vinnumarkaði og er hún birt sem fylgiskjal I með frumvarpi þessu. Vinnuhópurinn hefur fram til þessa haldið 48 fundi.

Í áfangaskýrslu vinnuhópsins frá 22. nóvember 1995 er gerð grein fyrir nýjum hugmyndum í sambandi við gerð kjarasamninga sem hópurinn taldi mikilvægt að fengju sem fyrst umfjöllun í hlutaðeigandi samtökum. Hugmyndir hópsins, sem fram koma í áfangaskýrslunni, lúta fyrst og fremst að svonefndri viðræðuáætlun, miðlunartillögu, tengingarreglu og meðferð samningsumboðs, en hópurinn leggur í umfjöllun sinni áherslu á leiðir til að gera kjaraviðræður markvissari og styttri. Í niðurlagi skýrslunnar kemur og fram að hópurinn telur að einnig þurfi að huga að reglum um vinnudeilur, inntak þeirra og hvort efni séu til að setja nánari formreglur um ákvarðanir um vinnustöðvanir og framkvæmd þeirra. Í áfangaskýrslunni kemur loks fram að ýmis atriði, sem tengjast þeim hugmyndum sem fram eru settar, hafi ekki verið rædd til hlítar, svo sem miðlun sáttasemjara og fyrirkomulag atkvæðagreiðslu um hana, boðun vinnustöðvana, hlutverk ríkissáttasemjara í vinnudeilum og vinnustaðarfyrirkomulag.

Eftir að áfangaskýrslan var lögð fram í nóvember 1995 hafa fulltrúar aðila vinnumarkaðarins í nefndinni ekki náð samstöðu um tillögur til breytinga á ákvæðum gildandi laga til að hrinda í framkvæmd framangreindum hugmyndum vinnuhópsins. Lagafrumvarp þetta hefur því verið samið á vegum félagsmálaráðherra, m.a. á grundvelli ábendinga sem fram koma í áfangaskýrslu vinnuhópsins og umræðna sem hafa farið fram í vinnuhópnum. Rétt þykir nú að fella lög um sáttastörf í vinnudeilum inn í lög nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, þar sem III. kafli um sáttatilraunir í vinnudeilum var upphaflega, enda þykja öll þessi efnisatriði eiga heima í einum lögum um stéttarfélög og vinnudeilur.

Við samningu frumvarpsins hefur sérstaklega verið gætt að stjórnarskrárvörðum réttindum einstaklinga, svo og að alþjóðasamþykktum sem Ísland hefur gerst aðili að á sviði vinnuréttar.

Helstu nýmæli.

Helstu breytingar og nýmæli, sem fram koma í frumvarpi þessu, eru eftirfarandi:

Vinnustaðarfélög. Vinnustaðarfélag starfsmanna í fyrirtækjum með a.m.k. 250 starfsmenn að jafnaði öðlast réttarstöðu stéttarfélags, enda eigi a.m.k. ¾ starfsmanna aðild að því. Fer vinnustaðarfélag þá eitt með samningsumboð fyrir starfsmenn þar (1. gr. frumvarpsins).

Samningsumboð og samþykkt kjarasamninga. Settar eru skýrar reglur um samningsumboð atvinnurekenda og stéttarfélaga. Tekin eru af tvímæli um að heimilt er að fela sameiginlegri samninganefnd fleiri samningsaðila samningsumboð. Er það í sumum tilvikum nauðsynlegt vegna samstarfsins á Evrópska efnahagssvæðinu. Samninganefnd verður heimilt að ákveða sameiginlega atkvæðagreiðslu. Undirritaðir kjarasamningar öðlast gildi frá undirskriftardegi, nema þeir séu felldir með meiri hluta greiddra atkvæða og minnst fimmtungi atkvæða alls. Fari póstatkvæðagreiðsla fram ræður einfaldur meiri hluti greiddra atkvæða. Um kjarasamninga, sem taka einungis til tiltekins hluta félagsmanna eða starfsmanna tiltekins fyrirtækis, gildir önnur regla. Þar er áskilið að hlutfall mótatkvæða sé jafnan þriðjungur atkvæða alls (1. og 2. mgr. 2. gr.).

Skyldur og ábyrgð samningsaðila. Skylda er lögð á samningsaðila að stuðla að því að félagsmenn þeirra virði gerða samninga. Kveðið er á um ábyrgð ófélagsbundinna og einstakra félagsmanna þegar ekki er sýnt fram á aðild samningsaðila að ólögmætum aðgerðum (3. mgr. 2. gr. og 3. gr.).

Formleg skilyrði fyrir vinnustöðvun. Settar eru skýrari reglur um hvað þurfi að koma fram í tillögu um vinnustöðvun. Jafnframt skulu kröfur liggja fyrir, viðræðna þarf að hafa verið leitað og sáttasemjari þarf að hafa leitað sátta milli aðila (3. mgr. 4. gr.).

Ákvörðun um vinnustöðvun. Ákvörðun um vinnustöðvun skal tekin af félagsmönnum við almenna leynilega atkvæðagreiðslu með þátttöku a.m.k. 20% atkvæðisbærra félagsmanna. Samkvæmt þessu er í raun nauðsynlegt að 10% atkvæða séu greidd með tillögu um vinnustöðvun enda ræður meiri hlutinn. Þetta skilyrði gildir þó ekki ef póstatkvæðagreiðsla fer fram. Ef um er að ræða vinnustöðvun af hálfu tiltekins hluta félagsmanna eða í tilteknu fyrirtæki þarf þó jafnan þátttöku helmings atkvæðisbærra þannig að fjórðungur atkvæðisbærra þarf að greiða tillögu atkvæði. Félagsmenn taka ákvörðun um vinnustöðvun í beinni atkvæðagreiðslu. Heimildir samninganefndar og félagsstjórnar eða trúnaðarmannaráðs samtaka atvinnurekenda eða stéttarfélaga eiga því ekki lengur við. Þá er tekin upp í lögin skilgreining á hugtakinu vinnustöðvun, sbr. skýringar með 5. gr. (1. og 2. mgr. 4. gr. og 5. gr.).

Póstatkvæðagreiðsla. Heimiluð er póstatkvæðagreiðsla um gerða kjarasamninga og um ákvörðun um vinnustöðvun. Ef sú heimild er nýtt þarf að jafnaði ekki að ná tilteknu hlutfalli mótatkvæða gegn samningsniðurstöðu eða tiltekinni þátttöku við almenna ákvörðun um vinnustöðvun. Ríkissáttasemjara er veitt heimild til að ákveða í samráði við aðila að atkvæðagreiðsla um miðlunartillögu fari fram með pósti (2. mgr. 2. gr., 1. mgr. 4. gr. og 3. mgr. j-liðar 6. gr. (29. gr.)).

Viðræðuáætlun. Samkvæmt gildandi reglum er ekki tryggður réttur aðila til viðræðna við gagnaðilann. Atvinnurekendur og stéttarfélög skulu gera viðræðuáætlun um skipulag viðræðna og gerð kjarasamnings. Er það gert að danskri fyrirmynd, þar sem samið hefur verið um slíkt fyrirkomulag (d-liður 6. gr. (23. gr.)).

Skýrari miðlunarheimildir. Lagaskilyrði fyrir heimild sáttasemjara til að leggja fram sameiginlega miðlunartillögu eru gerð mun skýrari. Tekið er fram með ótvíræðum hætti að sameiginlegt atkvæðamagn ræður úrslitum um samþykkt eða synjun. Atkvæði skulu talin með aðgreindum hætti hjá annars vegar samningsaðilum á almennum vinnumarkaði og hins vegar hjá þeim sem lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna taka til. Niðurstaða hjá hvorum hópnum fyrir sig, óháð niðurstöðu hins, ræður úrslitum um samþykkt eða synjun. Einnig er kveðið á um til hverra sameiginleg miðlunartillaga geti tekið og hvernig samningsaðilar geti sett sameiginlegri miðlunartillögu takmörk (i-liður 6. gr. (28. gr.)).

Tilhögun atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu. Ríkissáttasemjara eru fengnar heimildir til að ákveða póstatkvæðagreiðslu og utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Ávallt skal haft samráð við aðila vinnudeilu áður en slíkar ákvarðanir eru teknar (3. mgr. j-liðar 6. gr. (29. gr.)).

Afgreiðsla miðlunartillögu. Miðlunartillaga er felld í atkvæðagreiðslu ef meiri hluti greiddra atkvæða og jafnframt að minnsta kosti þriðjungur atkvæða alls er mótatkvæði. Er sú breyting gerð með vísan til heimilda ríkissáttasemjara til að ákveða póstatkvæðagreiðslu eða utankjörfundaratkvæðagreiðslu, en ef þær heimildir verða nýttar mun þátttaka aukast. Skilyrðið um lágmarkshlutfall mótatkvæða á við óháð tilhögun atkvæðagreiðslu (l-liður 6. gr. (31. gr.)).

Um efni frumvarpsins.

Vinnustaðarfélög.

Rétt þykir að gefa kost á að í fyrirtækjum með a.m.k. 250 starfsmenn verði unnt að gera vinnustaðarsamninga. Það hefur sýnt sig að þörf getur verið á slíku í mjög stórum fyrirtækjum. Starfsmönnum slíkra fyrirtækja er því veitt heimild til að stofna og starfrækja stéttarfélag er taki til fyrirtækisins. Til þess að tryggja að víðtæk samstaða ríki um það fyrirkomulag er gert að skilyrði að a.m.k. ¾ starfsmanna séu félagsmenn. Félag nýtur þá réttarstöðu sem stéttarfélag og fer eitt með samningsumboð starfsmanna þar. Einn samningur, sem þannig er gerður milli starfsmanna sjálfra og atvinnurekanda, gildir þá um starfsemi fyrirtækisins. Fyrirtæki af þessari stærð eru nú um 50 talsins samkvæmt upplýsingum skattyfirvalda.

Að óbreyttum lögum er sá möguleiki ekki fyrir hendi að gera vinnustaðarsamninga á almennum vinnumarkaði þar sem félagssvæði stéttarfélags verður að ná a.m.k. til eins sveitarfélags. Það skilyrði er óbreytt um stéttarfélög sem ekki geta talist vinnustaðarfélög, enda virðist þróunin frekar stefna í þá átt að félögin verði færri og stærri. Eitt af vandamálum íslensks vinnumarkaðar hefur verið fjöldi viðsemjenda. Sama fyrirtækið getur verið bundið af kjarasamningum við allt að tuttugu eða fleiri félög með mismunandi reglum og óvissu um vinnufrið. Þar sem sveiflur í starfsmannafjölda geta haft áhrif á réttarstöðu félags sem ætlað er að vera vinnustaðarfélag er öruggara að stofna aðeins slík félög í fyrirtækjum sem hafa styrka stöðu. Stofnun vinnustaðarfélags væri þó vitaskuld háð frjálsum vilja starfsmanna sjálfra og hvers kyns íhlutun af hálfu atvinnurekenda eða stjórnvalda í því efni gæti falið í sér brot á 4. gr. laganna.

Lagaheimild til að stofna stéttarfélög er taki til eins vinnustaðar er þegar fyrir hendi hvað varðar opinberra starfsmanna, enda taki félagið til a.m.k. ⅔ hluta starfsmanna sem undir lögin heyra hjá tiltekinni stofnun og þeir félagsmenn séu 100 eða fleiri. Slíkt vinnustaðarfélag er lögformlegur samningsaðili og getur með lögmætum hætti boðað verkfall fyrir hönd þess launafólks sem á í hlut. Heimild samkvæmt frumvarpinu til að stofna vinnustaðarfélag sem hefði að öllu leyti réttarstöðu stéttarfélags er í hátt við þá stefnu að samræma eftir föngum reglur sem gilda hjá opinberum starfsmönnum og launafólki á almennum vinnumarkaði um gerð kjarasamninga og verkfallsrétt. Það getur því alls ekki flokkast undir íhlutun í innri málefni verkalýðshreyfingarinnar að bjóða upp á slíka heimild í lögum.

Helstu röksemdir með vinnustaðarfyrirkomulagi eru þær að raunveruleg áhrif starfsmanna sjálfra geta aukist, lýðræði verður virkara og vald færist nær þeim sem hafa beinna hagsmuna að gæta. Fyrirkomulagið er til þess fallið að draga úr miðstýringu og umboðsvanda og ákvarðanavald mun í einhverjum tilvikum færast heim í hérað til forustu launafólks þar. Þá er vinnustaðarfyrirkomulag til þess fallið að stuðla að auknum jöfnuði, samkennd innan fyrirtækja, vinnufriði og aukinni framleiðni í þágu heildarinnar. Loks býður það upp á meiri sveigjanleika í samningum. Um það eru dæmi frá stórum orkufrekum vinnustöðum hérlendis. Meðal ókosta vinnustaðarfyrirkomulags hafa verið nefndir hagsmunaárekstrar, slæmur starfsandi og minna sóknarfæri. Kostirnir eru þó fleiri.

Heimild til að stofna vinnustaðarfélag má á hinn bóginn ekki stofna í hættu markmiðum um mótun launastefnu og fylgni við hana. Fjölgun samningsaðila er ekki æskileg. Því er heimildin bundin við tiltekinn lágmarksfjölda (250) og ákveðið lágmarkshlutfall ¾ starfsmanna í fyrirtæki — með sama hætti og lágmarksstærð félagssvæðis stéttarfélaga er nú miðuð við eitt sveitarfélag. Með þeim skilyrðum er unnt að koma í veg fyrir að vinnustaðarfyrirkomulag geti leitt til minni samstöðu og rýrt réttindi og hagsmuni

einstaklinga í fámennum eða dreifðum stéttum. Ekki er gert ráð fyrir vinnustaðarfyrirkomulagi sem aðalreglu hérlendis vegna smæðar fyrirtækja.

Samningsumboð og samþykkt kjarasamninga.

Í frumvarpinu er nýtt ákvæði sem mælir skýrt fyrir um hvað felist í umboði samninganefndar eða fyrirsvarsmanns sem kemur fram fyrir hönd samningsaðila, atvinnurekenda eða stéttarfélaga. Nokkur vafi getur verið um samningsumboð sem jafnvel getur leitt af sér deilur fyrir dómstólum eftir að kjarasamningar hafa verið gerðir. Leiðir slíkur vafi til óvissu fyrir fjölda launafólks og atvinnurekendur. Því þykir til bóta að kveða skýrt á um þennan formlega þátt í samningsumboði samningsaðila.

Frumvarpinu er einnig ætlað að taka af tvímæli um heimildir stéttarfélaga til að fela sameiginlegri samninganefnd samningsumboð, sem þau hafa lögum samkvæmt, ef þau kjósa sjálf. Slíkri heimild er ekki fyrir að fara í settum lögum. Atvinnurekendur hafa hins vegar þegar að lögum frelsi til þess að fela sameiginlegum samninganefndum samningsumboð sitt og nýta þeir það frelsi almennt. Að þessu leyti er ójafnræði milli aðila á vinnumarkaði. Í 5. gr. laganna kemur fram að stéttarfélög eru lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna, enda hafi félagið ákveðið að láta starfsemi sína taka til slíkra málefna. Umboð stéttarfélaga til að gera kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna sinna er því lögbundið. Því þykir nauðsyn bera til að setja ótvíræðar lagareglur um heimildir stéttarfélaga að þessu leyti. Heimildin er til þess fallin að styrkja stöðu stéttarfélaga og sambanda þeirra við almenna endurnýjun kjarasamninga í því sem nefnt hefur verið samflot — ef þau kjósa sjálf að fara þá leið. Með slíkri reglu í lögum er komið á jafnræði milli aðila á vinnumarkaði að þessu leyti.

Umboð stéttarfélaga til gerðar kjarasamninga er í sumum tilvikum jafnvel nauðsynlegt að framselja til landssambanda eða heildarsamtaka vegna samstarfsins á Evrópska efnahagssvæðinu. Í Maastricht-samningi Evrópusambandsins (ESB) er gert ráð fyrir að samtök aðila vinnumarkaðarins gegni auknu hlutverki við að hrinda í framkvæmd tilskipunum sem snerta t.d. samskipti á vinnumarkaði, réttindi launafólks, vinnuvernd og jöfn tækifæri karla og kvenna til atvinnuþátttöku. Í ákvæðum nokkurra tilskipana, sem þegar eru hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er gert ráð fyrir þessari leið. Benda má á tilskipun ESB um skyldu atvinnurekenda til að skýra launamönnum frá samningsskilmálum eða ráðningarfyrirkomulagi (91/533/ESB), tilskipun ESB um skipulag vinnutíma (93/104/ESB) og tilskipun ESB um upplýsingar og samráð við starfsmenn fyrirtækja (94/45/ESB). Helstu samtök aðila vinnumarkaðarins á Íslandi hafa lýst yfir eindreginni ósk um það að fá tækifæri til að hrinda í framkvæmd ákvæðum þessara tilskipana með kjarasamningum. Nauðsynlegt er að greiða fyrir þessari leið með því að kveða skýrt á um samningsumboð og heimildir til að framselja það til landssambanda og heildarsamtaka.

Oft háttar þannig til að mörg félög standa að gerð fleiri samninga á sama tíma þannig að samningsniðurstöður eru háðar hver annarri. Því er nauðsynlegt að kveða skýrt á um heimild samninganefnda til að viðhafa sameiginlega atkvæðagreiðslu þegar samningar eru innbyrðis tengdir með þessum hætti, t.d. vegna launahlutfalla. Með frumvarpinu er samninganefndum, sem koma fram fyrir hönd samningsaðila við gerð kjarasamnings, veitt almenn heimild til þess að kveða á um sameiginlega atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna hlutaðeigandi samtaka atvinnurekenda og hlutaðeigandi stéttarfélags eða stéttarfélaga um samningsniðurstöðu. Ákvörðun í þessu efni er alfarið í höndum samninganefnda, enda er þá eingöngu verið að auka heimildir stéttarfélaga.

Við almenna endurnýjun kjarasamninga fyrri hluta ársins 1995 var um það samið með mörgum kjarasamningum að samningur tæki gildi, nema hann yrði felldur innan tiltekins tíma. Var í fyrsta lagi samið um að samningsaðilar skyldu bera samninginn upp til afgreiðslu á lögmætan hátt innan samtaka sinna og víða var tekið fram að það skyldi gerast innan tiltekins tíma. Í einu tilviki var skýrt tekið fram að afgreiðslan væri til samþykktar eða synjunar. Í öðru lagi var samið um að hefði gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu afgreiðslunnar fyrir tiltekinn tíma eða innan tiltekins frests frá undirritun skoðaðist kjarasamningurinn samþykktur. Frestur til þess að tilkynna um niðurstöðuna var frá sex dögum og allt að mánuði en víðast var hann ákveðinn þrjár vikur. Var síðarnefnda ákvæðið sett í kjarasamning að frumkvæði launafólks vegna þeirrar óvissu sem hefur komið upp þegar öðrum samningsaðila hefur láðst að samþykkja kjarasamning formlega í samræmi við eigin reglur og síðar færst undan að hlíta samningi. Vafi um formlegt gildi kjarasamnings getur leitt af sér deilur fyrir dómstólum eftir að kjarasamningar hafa verið gerðir. Kjarasamningar eru gerðir fyrir þorra launafólks innan stéttarfélaga og hafa jafnframt almennt gildi sem lágmarkskjör skv. 1. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Sérhver vafi um formlegt gildi kjarasamninga hefur því í för með sér mikla óvissu fyrir fjölda launafólks og atvinnurekendur um hag þeirra og afkomu. Er það og jafnan forsenda efnislegrar samningsniðurstöðu að báðir samningsaðilar staðfesti hana með formlega réttum hætti. Því þykir til bóta að kveða skýrt á um þennan formlega þátt í samningsumboði samningsaðila þannig að mælt sé fyrir um það í lögum að tómlæti annars samningsaðila í þessu efni komi ekki í koll formlegum gagnaðila eða öðrum sem hlut eiga að máli. Með vísan til þeirrar framkvæmdar sem höfð var á við almenna endurnýjun kjarasamninga fyrri hluta árs 1995 er með þessu verið að taka af tvímæli um að sú venja á almennum vinnumarkaði sé lögleg og réttmæt. Hér þykir rétt að samningsaðilum sé með lögum tryggður fjögurra vikna frestur til þess að hafna samningsniðurstöðu samninganefndar, enda er atvikum háð hversu fljótt er unnt að efna til atkvæðagreiðslu.

Þá er í frumvarpinu regla um hlutfall atkvæða sem þarf til að fella niðurstöðu lögmætra fulltrúa samningsaðila, samninganefnda eða annarra fyrirsvarsmanna. Ákvæðinu svipar til reglunnar um nauðsynlegt hlutfall mótatkvæða í atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu en hlutfallið er lægra. Til þess að fella löglega gerðan kjarasamning þarf að vera ljóst að um raunverulega andstöðu félagsmanna sé að tefla. Lítil þátttaka á fundum og í afgreiðslu samninga er afar óheppileg og til þess fallin að grafa undan virku starfi samtaka á vinnumarkaði, ekki síst stéttarfélaga. Þar sem gera verður ráð fyrir að fulltrúar atvinnurekenda og launafólks njóti trausts umbjóðenda sinna má telja eðlilegt að marktæka andstöðu félagsmanna þurfi til að hnekkja samningsniðurstöðu þannig að tilviljunarkennd þátttaka á fámennum fundi ráði ekki úrslitum. Verður að telja að félagsmenn megi almennt treysta því að kjarasamningar, sem fulltrúar launafólks gera fyrir þess hönd, endurspegli mat þeirra á því hvað sé besta möguleg niðurstaða samningaviðræðna. Til að hnekkja þessu mati kjörinna fulltrúa félaganna hlýtur því að þurfa meira en örlítinn hluta félagsmanna. Lagt er til að fimmtung atkvæða samkvæmt atkvæða- eða félagskrá þurfi til þess að fella niðurstöðu sem undirrituð hefur verið af samninganefnd eða fyrirsvarsmanni sem kemur fram fyrir hönd samningsaðila við gerð kjarasamnings og er til þess bær samkvæmt skráðum samþykktum hans. Í því felst töluverð breyting á almennum vinnumarkaði en niðurstaðan gildir óháð hlutfalli mótatkvæða ef póstatkvæðagreiðsla fer fram.

Ef kjarasamningur tekur aðeins til tiltekins hluta félagsmanna eða starfsmanna tiltekins fyrirtækis er heimilt að ákveða í kjarasamningi að þeir einir séu atkvæðisbærir um hann. Þá þarf jafnan þriðjung atkvæða til að fella niðurstöðu lögmætra fulltrúa félagsmanna. Er eðlilegt að setja ríkari skilyrði þegar um takmarkaðan hóp eða takmarkað gildissvið kjarasamnings er að ræða, enda er þá að jafnaði auðveldara að ná til þeirra sem eru atkvæðisbærir. Póstatkvæðagreiðsla hefur ekki áhrif á nauðsynlegt hlutfall mótatkvæða.

Skyldur og ábyrgð samningsaðila.

Samkvæmt 5. gr. laganna hafa stéttarfélög ein lögformlegt samningsumboð um kaup og kjör félagsmanna sinna. Skv. 14. gr. laganna hafa þau jafnframt einkarétt á því að ákveða og boða lögmætt verkfall. Réttindum þessum fylgir ábyrgð, þar á meðal á því að gerðir samningar séu virtir. Í 8. gr. laganna er kveðið á um ábyrgð stéttarfélaga á samningsrofum. Ábyrgðin er að meginstefnu til hlutlæg að því er varðar stéttarfélagið sjálft og löglega skipaða trúnaðarmenn þess, enda skiptir að jafnaði ekki máli hvort fyrirsvarsmönnum er eða má vera ljóst að í tilteknum aðgerðum felist samningsrof, þ.e. ólögmæt athöfn. Aðgerðirnar sjálfar eru vitaskuld að jafnaði saknæmar þeim sem eiga í hlut.

Sakarábyrgð stéttarfélags kemur hins vegar ein til greina vegna samningsrofa einstakra félagsmanna og er ekki gert ráð fyrir breytingu á þeirri reglu. Samkvæmt gildandi rétti er á hinn bóginn ekki ljóst hvort og þá að hvaða marki samtök atvinnurekenda og stéttarfélög bera sakarábyrgð vegna athafnarleysis af sinni hálfu í tengslum við samningsrof félagsmanna. Sú ábyrgð ræðst af þeim skyldum sem samningsaðili telst bera gagnvart gagnaðila sínum — þar með talið athafnarskyldum. Í frumvarpinu eru tekin af tvímæli um að samningsaðila er skylt að stuðla að því að félagsmenn þeirra virði samninga sem gerðir hafa verið við gagnaðilann. Er sú regla eðlileg og í samræmi við réttarvitund og réttarhefð Íslendinga.

Að meginstefnu til er áfram byggt á ábyrgð samningsaðila einna vegna aðgerða sem ætlað er að knýja fram kröfur í vinnudeilu, enda er gert ráð fyrir að launafólk starfi í skipulögðum samtökum. Ef ekki er sýnt fram á aðild samningsaðila eða hún viðurkennd af hans hálfu ber félagsmaður sjálfur ábyrgð. Ófélagsbundnir bera á hinn bóginn ábyrgð eftir almennum reglum en ófélagsbundir launamenn geta ekki átt þátt í sameiginlegum aðgerðum — verkfalli eða sambærilegum aðgerðum — enda bera stéttarfélög ekki ábyrgð á þeim.

Formleg skilyrði fyrir vinnustöðvun.

Vinnustöðvun hefur víðtækar afleiðingar — ekki aðeins fyrir samningsaðila og einstaka félagsmenn þeirra heldur einnig fyrir aðra, bæði einstaklinga og fyrirtæki, sem ekki hafa nokkurn möguleika á að hafa áhrif á kjaradeilu þeirra. Því úrræði á ekki að beita fyrr en fullreynt er að ekki gengur saman með samningsaðilum. Er því lagt til að tekin verði af öll tvímæli um að ekki sé heimilt að bera fram tillögu um vinnustöðvun fyrr en kröfur liggja skýrt fyrir. Samkvæmt gildandi rétti hefur verið talið nægjanlegt að kröfur væru komnar fram áður en til verkfalls kemur. Kröfur samningsaðila verða einnig að vera þess eðlis að gagnaðili geti mætt þeim án þess að það brjóti gegn öðrum skuldbindingum hans. Þessi meginregla kemur skýrt fram í dómum Félagsdóms, sbr. t.d. dóm hans frá 5. desember 1993. Gert er að skilyrði að leitað hafi verið milligöngu sáttasemjara áður en tillaga um vinnustöðvun er borin fram. Í því felst jafnframt að sáttasemjara hafi gefist tóm til að leita sátta í samræmi við reglur þar um og í samræmi við viðræðuáætlun.

Því er það skilyrði lögmætrar ákvörðunar um boðun vinnustöðvunar að samningaviðræður — eða viðræðutilraunir — um framlagðar kröfur, og þá fyrst og fremst kröfur þess aðila sem ráðgerir vinnustöðvun, hafi reynst árangurslausar þrátt fyrir milligöngu sáttasemjara. Tómlæti gagnaðila með tilliti til þess að leggja fram kröfur sínar eða sinna viðræðuskyldu getur ekki komið í veg fyrir lögmæta ákvörðun um vinnustöðvun.

Eftir að ákvörðun um boðun vinnustöðvunar hefur verið tekin í atkvæðagreiðslu samkvæmt framansögðu geta komið til þau atvik sem kalla á tímabundna frestun eða afturköllun vinnustöðvunar án þess að sú ákvörðun verði borin undir atkvæði félagsmanna. Er því lagt til að samninganefnd eða til þess bærum aðilum séu veittar heimildir til þessa. Engin takmörk eru sett fyrir því hve oft má fresta framkvæmd vinnustöðvunar þegar svo ber undir en sá tími sem fresta má framkvæmd vinnustöðvunar er alls 14 sólarhringar. Ekki er átt við að leggja megi saman þau tímabil sem frestun varir þannig að frestunin verði samtals lengri en 14 sólarhringar. Að þeim tíma liðnum þarf annaðhvort að hrinda vinnustöðvun í framkvæmd eða afturkalla hana og boða hana á ný ef ástæða þykir til.

Ákvörðun um vinnustöðvun.

Boðun vinnustöðvana og framkvæmd getur haft mikil áhrif á hagsmuni fjölda einstaklinga og fyrirtækja sem ýmist eiga beina aðild að deilunni eða verða fyrir áföllum vegna deilna sem þeir hafa engin áhrif á. Að sjálfsögðu hefur vinnustöðvun áhrif á gagnaðila, enda er henni ætlað að knýja á um kröfur í vinnudeilu. Auk gagnaðilans eru hins vegar margir sem vinnustöðvun bitnar beinlínis jafnharkalega á og þeim sem henni er ætlað að knýja til samninga. Má þar nefna neytendur þeirrar þjónustu sem vinnustöðvun bitnar á. Einnig má nefna félagsmenn í öðru stéttarfélagi en því sem gerir verkfall en oft stöðvast vinna og verðmætasköpun eða þjónusta í fyrirtæki eða stofnun þegar áhrifamikil en stundum fámenn starfsstétt leggur niður störf. Á það sérstaklega við þegar atvinnurekandi bregst við verkfalli eins starfsgreinarfélags með verkbanni á önnur. Þolendur vinnustöðvunar geta jafnvel orðið fyrir meira tjóni en þeir sem að henni standa beint, þ.e. félagsmenn þess stéttarfélags sem gerir verkfall. Því er í frumvarpinu lagt til að ákveðnar reglur gildi um almennan vinnumarkað rétt eins og nú er um opinbera starfsmenn. Samkvæmt frumvarpinu þurfa 10% atkvæða samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá að vera fylgjandi tillögu um vinnustöðvun, enda þarf 20% þátttöku auk þess sem meiri hluti greiddra atkvæða ræður úrslitum. Með tilteknu hlutfalli atkvæða samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá er stefnt að því að sömu reglur gildi um atvinnurekendur og launafólk hvað varðar samþykkt kjarasamnings sem er eðlileg jafnræðisregla en það hefur ekki verið tryggt fram að þessu.

Samkvæmt framansögðu falla niður heimildir samninganefndar og félagsstjórnar eða trúnaðarmannaráðs samtaka atvinnurekenda eða stéttarfélaga til að ákveða vinnustöðvun. Í stað þess skal slík ákvörðun tekin í almennri atkvæðagreiðslu eða með póstatkvæðagreiðslu.

Sjónarmið að baki reglunni, sem eftirleiðis mun gilda um almennan vinnumarkað, eru svipuð þeim sem nú eiga við um opinbera starfsmenn, en þó eru sett mun vægari skilyrði. Almennt er stefnt að því að samræma eftir föngum reglur sem gilda hjá opinberum starfsmönnum og á almennum vinnumarkaði um gerð kjarasamninga og um verkfallsrétt. Skv. 15. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, er tilskilið að a.m.k. helmingur þeirra félagsmanna, sem starfa hjá þeim sem verkfall beinist gegn, hafi tekið þátt í atkvæðagreiðslu um ákvörðun um boðun verkfalls. Jafnframt þarf meiri hluta greiddra atkvæða og hefur það verið skýrt þannig að átt sé við meiri hluta

allra atkvæða, þar með taldir auðir seðlar og ógildir, en Félagsdómur hefur ekki talið nægilegt að fleiri séu hlynntir tillögu en andvígir. Þetta þýðir að hlutfall þeirra sem hlynntir eru ákvörðun um boðun verkfalls þarf að vera a.m.k. fjórðungur — eða helmingi hærra en samkvæmt frumvarpi þessu.

Við útreikning fjórðungshlutfalls samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna er miðað við þá félagsmenn sem starfa hjá þeim sem verkfall beinist gegn, þ.e. fyrirtæki eða stofnun. Vegna lagasamræmis og þar sem auðveldara er að ná til afmarkaðs hluta félagsmanna eða starfsmanna tiltekins fyrirtækis þykir eðlilegt að gera sams konar kröfu þegar vinnustöðvun tekur aðeins til tiltekins hluta félagsmanna, en ekki þeirra allra, eða aðeins til tiltekins fyrirtækis. Þarf þá helmingur atkvæðisbærra að taka þátt í atkvæðagreiðslu og meiri hluti þeirra að styðja tillögu um vinnustöðvun.

Póstatkvæðagreiðsla.

Því hefur verið hreyft að með skilyrði um að fimmtung atkvæða þurfi til að fella niðurstöðu samningaviðræðna séu möguleikar félagsmanna á að hafna samningsniðurstöðu takmarkaðir óeðlilega. Komið er til móts við þessi sjónarmið með því að heimila í þeim tilvikum sérstaklega að atkvæði séu greidd með pósti. Ef samningsaðili kýs að viðhafa póstatkvæðagreiðslu um samningsniðurstöðu gildir að jafnaði ekki reglan um að fimmtung atkvæða þurfi til að fella niðurstöðu, enda er póstatkvæðagreiðsla til þess fallin að ná til flestra eða allra atkvæðisbærra félagsmanna. Sá háttur á atkvæðagreiðslu miðar að aukinni þátttöku þeirra sem málið varðar. Þess má vænta að samningsaðilar setji sér sjálfir nánari reglur um beitingu og framkvæmd atkvæðagreiðslu — svo sem um rétt félagsmanna til að krefjast atkvæðagreiðslu um samningsniðurstöðu sem kjörnir fulltrúar þeirra hafa ákveðið að sætta sig við. Heimild til póstatkvæðagreiðslu á ekki við þegar um er að ræða afmarkaðan kjarasamning, enda er þá auðvelt að stuðla að þátttöku tiltekinna félagsmanna eða starfsmanna fyrirtækis.

Samkvæmt frumvarpinu er að jafnaði heimilt að beita póstatkvæðagreiðslu við ákvörðun um vinnustöðvun þannig að niðurstaða hennar gildi óháð þátttöku. Sú undantekning nær þó ekki til ákvörðunar um vinnustöðvun sem tekur aðeins til ákveðins hóps félagsmanna eða starfsmanna á tilteknum vinnustað.

Samkvæmt frumvarpinu er ríkissáttasemjara heimilt að höfðu samráði við aðila vinnudeilu að ákveða að atkvæðagreiðsla um miðlunartillögu fari fram með leynilegri almennri póstatkvæðagreiðslu meðal félagsmanna sem lokið skal innan fyrir fram ákveðins tíma.

Með póstatkvæðagreiðslu er í frumvarpi þessu átt við þá tilhögun atkvæðagreiðslu að öllum atkvæðisbærum félagsmönnum á kjörskrá, þ.e. atkvæðaskrá samtaka atvinnurekenda eða félagaskrá stéttarfélaga, sem eiga í hlut, séu send kjörgögn heim. Kjörgögn skulu vera atkvæðaseðill og ómerkt umslag ásamt umslagi sem unnt er að póstleggja ófrímerkt og sem áritað er með nafni og póstfangi viðtakanda. Lögmætur atkvæðaseðill skal fyrir fram áritaður skýrlega með „já“-reit og „nei“-reit við tillögu um samþykkt meðfylgjandi kjarasamnings þannig að unnt sé að auðkenna annan reitinn. Atkvæðaseðill skal síðan settur í ómerkta umslagið og það inn í hið áritaða sem auðvelt er að póstleggja. Með því er tryggð leynileg atkvæðagreiðsla.

Viðtakandi er kjörstjórn félags eða samtaka og eftir atvikum sameiginleg kjörstjórn. Þegar greidd eru atkvæði um miðlunartillögu skal slík póstatkvæðagreiðsla framkvæmd með sama hætti og hér er greint frá, en frumkvæði og stjórn póstatkvæðagreiðslu er þá í höndum ríkissáttasemjara auk þess sem embætti hans greiðir kostnað við póstatkvæðagreiðslu um miðlunartillögu. Þá skal áritað umslag merkt ríkissáttasemjara.

Svipaður háttur á atkvæðagreiðslu hefur verið viðhafður í nokkrum stéttarfélögum hér á landi og er því ekki nýlunda. Þessi leið gefur möguleika á að tryggja enn betur þátttöku félagsmanna í mikilvægum ákvörðunum.

Viðræðuáætlun.

Í frumvarpinu er að finna nýmæli um samskipti aðila á vinnumarkaði, svonefnda viðræðuáætlun. Er hugmyndin fengin frá samningsbundnu fyrirkomulagi í Danmörku þar sem tíðkast hefur að samningsaðilar á vinnumarkaði semji svonefnda viðræðuáætlun hverju sinni vegna væntanlegra kjaraviðræðna. Í slíkri viðræðuáætlun er tilkynnt af hálfu samningsaðila hver fari með samningsumboð fyrir þeirra hönd í komandi samningaviðræðum. Jafnframt er þar ákveðið hvenær meginmarkmið aðila á vinnumarkaði skuli kynnt. Þá eru samningsaðilar skuldbundnir samkvæmt viðræðuáætlun til þess að setja fram endanlegar kröfur sínar í skriflegu formi fyrir tiltekinn umsaminn tíma. Loks er í viðræðuáætlun mælt fyrir um lok samningaviðræðna og hvenær vinnudeila skuli tekin til meðferðar hjá sáttasemjara. Eftir þann tíma er sáttasemjara heimilt að leggja fram miðlunartillögu ef sættir nást ekki fyrir atbeina hans. Er hún þá gjarnan sameiginleg fyrir stóra hópa sem enn eru með lausa samninga. Í Danmörku hefur viðræðuáætlun stuðlað að skipulegri samningaviðræðum og auðveldað mjög friðsamlega heildarlausn kjaramála.

Helsti munurinn á tillögunni í frumvarpinu og danska fyrirkomulaginu er formlegs eðlis. Hér yrði lögfestur réttur og skylda til að undirbúa og gefa út viðræðuáætlun. Í Danmörku er slíkt á hinn bóginn eingöngu undir samningsaðilum á vinnumarkaði komið líkt og tíðkast hefur um samskipti á dönskum vinnumarkaði. Rétt eins og í Danmörku er samningsaðilum ætlað frumkvæði og úrslitaáhrif í þessu efni eins og eðlilegt má telja. Er því á engan hátt raskað frelsi aðila á vinnumarkaði til þess að ráða sínum málum sjálfir í lengstu lög án afskipta ríkisvaldsins. Eftir sem áður mun milliganga ríkissáttasemjara standa aðilum vinnudeilu til boða. Hann tekur þó aðeins við stjórn samningaviðræðna að ósk aðila eða ef í óefni er komið.

Á hinn bóginn er einnig um að ræða efnislegan mun sem felst í því að réttur aðila á vinnumarkaði er betur tryggður hér en í Danmörku. Með hinni dönsku viðræðuáætlun geta heimildir til vinnustöðvunar verið takmarkaðar nokkuð þegar viðræðuáætlun er skoðuð í samhengi við heimildir sáttasemjara til þess að leggja fram sameiginlega miðlunartillögu. Hér er ekki hróflað við frelsi aðila til að grípa til vinnustöðvunar að uppfylltum formreglum að loknum viðræðum um framlagðar kröfur um leið og friðarskyldu lýkur, enda er sérstaklega tekið fram að meðal skilyrða miðlunartillögu sé „að samningar hafi verið lausir um tíma þannig að samningsaðilum hafi gefist kostur á að þrýsta á um kröfur sínar“. Að þessu leyti er frelsi aðila á vinnumarkaði til að grípa til vinnustöðvana meira en í Danmörku. Um leið er tryggður réttur samningsaðila til efnislegra og eiginlegra viðræðna um framlagðar kröfur, þar á meðal sérmál.

Ekki er hér hróflað við frelsi aðila, að uppfylltum lagaskilyrðum, til að grípa til vinnustöðvunar til stuðnings framlögðum kröfum sínum um leið og friðarskyldu lýkur og viðræður hafa verið reyndar við lausn gildandi kjarasamninga, enda er það frelsi varið af stjórnlögum og alþjóðasáttmálum. Hins vegar er eðlilegt að keppikefli samningsaðila sé að nýr samningur liggi fyrir þegar gildistíma eldri kjarasamninga lýkur eða sem fyrst eftir lausn samninga. Viðræðuáætlun er til þess fallin að flýta fyrir að samningsstaðan skýrist þannig að aðila sé unnt að meta hvort verða á við kröfum gagnaðila til að stuðla að friðsamlegri lausn vinnudeilu eða hvort rétt sé að láta reyna á hagsmunaágreining með vinnustöðvun. Jafnframt er byggt á því sjónarmiði að æskilegt sé að stuðla að því að

formlegar kjaraviðræður hefjist fyrr og ljúki fyrr en tíðkast hefur miðað við lausn samninga.

Þar sem samtökum atvinnurekenda og stéttarfélögum er ætlað frumkvæði í þessu efni er þeim að sjálfsögðu í sjálfsvald sett hvernig og hvenær undirbúningur að viðræðuáætlun fer fram af þeirra hálfu. Ekki er hins vegar óeðlilegt að gera ráð fyrir að nokkuð löngu áður en kjarasamningar eru lausir setji samningsaðilar sér meginmarkmið og hugi að skipulagi í komandi samningaviðræðum. Að því loknu ræði samningsaðilar kröfugerð og skipulag hver innan sinna samtaka ef því er að skipta. Fulltrúar samningsaðila hafa þannig svigrúm til þess að undirbúa viðræðuáætlun af sinni hálfu. Undirbúningur að viðræðuáætlun gæti falið í sér tillögur um innihald viðræðuáætlunar, þ.e. hvenær tilkynnt yrði um samningsumboð, meginmarkmið, kröfur, lok samningaviðræðna og sáttaumleitana. Gera má ráð fyrir að ákveðið yrði í viðræðuáætlun að óskir um breytingar á einstökum ákvæðum kjarasamninga og um nýmæli kæmu fram um svipað leyti og almennir kjarasamningar væru lausir, eða jafnvel fyrr. Þá er friðarskyldu lokið og ákvörðun um vinnustöðvun lögmæt að öðru jöfnu.

Skýrari miðlunarheimildir.

Í gildandi lögum eru mjög rúmar heimildir fyrir sáttasemjara til að setja fram miðlunartillögur. Þeim hefur hins vegar lítið verið beitt. Gerð er tillaga um að sáttasemjari haldi þessum heimildum en með nokkrum takmörkunum sem eiga að tryggja að miðlunartillaga verði ekki borin fram nema áður hafi reynt á samningsleiðir til þrautar. Að skilyrðum uppfylltum getur sáttasemjari sett fram miðlunartillögu sem náð getur til fleiri kjaradeilna í einu, einhverra nánar afmarkaðra hópa eða einstakra deilumála. Tekið er fram með ótvíræðum hætti að sameiginlegt atkvæðamagn ræður úrslitum um samþykkt eða synjun og að atkvæði skuli talin með aðgreindum hætti hjá annars vegar samningsaðilum á almennum vinnumarkaði og hins vegar hjá þeim sem lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna taka til, þ.e. annars vegar þeirra sem heyra undir almenn ákvæði laga nr. 80/1938 og hins vegar þeirra sem semja um laun samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Niðurstaða í atkvæðagreiðslu í hvorum hópnum fyrir sig ræður úrslitum um samþykkt eða synjun tillögunnar. Af því leiðir að annar hópurinn getur samþykkt sameiginlega miðlunartillögu en hinn fellt hana. Atkvæði hópanna eru með öðrum orðum ekki talin saman. Þrátt fyrir ákvæði frumvarpsins er gert ráð fyrir því að gildandi sérlög um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins, nr. 34/1977, haldi gildi sínu.

Sameiginleg miðlunartillaga getur bæði náð til allra hópa sem eru með lausa samninga og einungis til tiltekinna sviða eða deilda sem svo er ástatt um. Ákvæðið ber að skýra með þeim hætti að það eigi við um alla þá hópa sem ekki hafa gert endanlegan og bindandi kjarasamning með undirritun þar til bærra fulltrúa. Eftir atvikum getur ríkissáttasemjari því beitt heimildinni með hliðsjón af framkvæmd í Danmörku.

Hafi samningsaðilar hvorki komist að niðurstöðu innan þess tíma sem tilgreindur er í viðræðuáætlun né náð sáttum fyrir atbeina sáttasemjara metur sáttasemjari hvort og þá hvenær rétt er að setja fram miðlunartillögu fyrir þá hópa sem í hlut eiga, þ.e. þá hópa sem eru enn með lausa samninga.

Meginskilyrðið er að sameiginleg miðlunartillaga sé til þess fallin að leiða til friðsamlegrar samtímalausnar kjaramála. Er skilyrðið háð mati sáttasemjara sem ræðst ekki síst af afstöðu samtaka á vinnumarkaði og hugsanlegri niðurstöðu í heildarviðræðum. Gert er ráð fyrir að sáttasemjari taki mið af slíkri niðurstöðu.

Formskilyrði fyrir heimild sáttasemjara til að leggja fram sameiginlega miðlunartillögu eru tæmandi talin í frumvarpinu í fimm atriðum. Sáttasemjari metur hvort skilyrði eru uppfyllt.

Tilhögun atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu.

Beinar lagaheimildir ríkissáttasemjara hvað varðar tilhögun atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu eru auknar í samræmi við hugmyndir sem fram komu í vinnuhóp félagsmálaráðherra um samskiptareglur á vinnumarkaði og ábendingar ríkissáttasemjara. Alls staðar er tekið fram að ríkissáttasemjari skuli hafa samráð við aðila vinnudeilu áður en hann tekur ákvörðun í þessu efni. Breytingarnar eru til þess fallnar að auka þátttöku í atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu. Er það í samræmi við lýðræðishefðir að stuðla að aukinni þátttöku í atkvæðagreiðslu um svo mikilvæg réttindi manna. Einnig er sem mest þátttaka eðlileg með hliðsjón af því að ríkissáttasemjari leggur því aðeins fram miðlunartillögu að samninganefndum aðila einstakrar vinnudeilu hafi ekki sjálfum tekist með frjálsum samningum að ná saman um gerð eða endurnýjun kjarasamnings.

Afgreiðsla miðlunartillögu.

Lagt er til að meiri hluta greiddra atkvæða og jafnframt þriðjung atkvæða samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá þurfi til þess að fella miðlunartillögu sem sáttasemjari leggur fram. Er það töluverð breyting frá gildandi lögum sem kveða á um lágmarksþátttöku 20% atkvæðisbærra manna. Þarf þá minnst 65% greiddra atkvæða til þess að fella miðlunartillögu sáttasemjara. Samkvæmt gildandi lögum lækkar tilskilið hlutfall atkvæða í hlutfalli við aukna þátttöku miðað við fjölda atkvæðisbærra þannig að ef 35% eða fleiri atkvæðisbærra taka þátt þarf minnst 50% greiddra atkvæða til þess að fella miðlunartillögu. Hér er því gert ráð fyrir verulegri efnisbreytingu en um leið einföldun ákvæðisins.

Efnisbreytingin er rökrétt afleiðing af þeim formbreytingum sem felast í auknum heimildum ríkissáttasemjara um tilhögun atkvæðagreiðslu. Einnig þykir eðlilegt að í þessu efni gildi sömu reglur um atvinnurekendur og launafólk, en samkvæmt orðanna hljóðan tekur 12. gr. laga nr. 33/1978, um sáttastörf í vinnudeilum, aðeins til launafólks.

Með þriðjungi atkvæða samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá hér og víðar í frumvarpi þessu er annars vegar átt við þriðjung atkvæða samkvæmt gildandi atkvæðaskrá hjá samtökum atvinnurekenda en þar er fjöldi atkvæða jafnan miðaður við útgreidd laun, þ.e. í raun fjölda launamanna. Hins vegar er átt við þriðjung atkvæðisbærra launamanna sem eru fullgildir félagar í því stéttarfélagi eða þeim stéttarfélögum sem eiga í hlut. Um það hvort miðlunartillaga ríkissáttasemjara eða samningur, sem samninganefndir hafa undirritað, telst felld munu því gilda nákvæmlega sömu reglur hvort sem atvinnurekendur eða launamenn eiga í hlut. Jafnræði er því með aðilum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í ákvæðum þessarar greinar frumvarpsins (2. gr. laganna) felst töluverð breyting. Gerð er tillaga um að vinnustaðarfélög í mjög stórum fyrirtækjum njóti réttarstöðu sem stéttarfélög þannig að slík réttarstaða á almennum vinnumarkaði verði ekki lengur bundin við stéttarfélög sem uppfylla skilyrði laganna um að vera opin öllum í hlutaðeigandi starfsgrein á félagssvæði. Hér er því lögfest ótvíræð heimild til að stofna og starfrækja vinnustaðarfélög sem teljast stéttarfélög í einu og öllu. Þykir rétt að fara varlega og er lagt til að heimildin takmarkist við fyrirtæki þar sem starfa minnst 250 starfsmenn að jafnaði. Reynslan verður að skera úr um hvort síðar verður talið rétt að breyta þessum viðmiðunarmörkum. Nánari rök fyrir þessari breytingu eru rakin að framan í almennum athugasemdum.

Orðalagi 1. málsl. 2. gr. laganna er breytt með 1. mgr. Ekki er um efnisbreytingu að ræða. Stéttarfélög skulu áfram vera opin þeim sem uppfylla skilyrði almennra samþykkta þeirra en að því tilskildu að slík skilyrði séu lögmæt.

Ákvæði 2. mgr. er efnislega óbreytt.

Í 3. mgr. er að finna nýja reglu um vinnustaðarfélag sem hefur réttarstöðu stéttarfélags. Skilyrði fyrir samningsumboði slíks félags eru tvíþætt. Annars vegar lúta þau að stærð fyrirtækis og hins vegar að nauðsynlegu hlutfalli félagsmanna í vinnustaðarfélagi miðað við fjölda starfsmanna fyrirtækis. Eingöngu er átt við fjölda starfsmanna en ekki ársverk. Þau skilyrði skulu uppfyllt þegar reynir á stöðu vinnustaðarfélags sem stéttarfélags, þ.e. fyrst og fremst hvað varðar samningsumboð og verkfallsrétt fyrir hönd starfsmanna fyrirtækis sem á í hlut.

Samkvæmt ákvæðinu þarf a.m.k. ¾ starfsmanna til að stofna vinnustaðarfélag í þessum skilningi. Er því ljóst að í hverju fyrirtæki telst aðeins eitt vinnustaðarfélag stéttarfélag. Ekkert er því til fyrirstöðu að aðrir starfsmenn séu félagsmenn í annars konar stéttarfélagi og jafnframt geta launamenn eftir sem áður verið félagsmenn í fleiri en einu stéttarfélagi. Aðeins eitt stéttarfélag fer þó með samningsumboð og verkfallsrétt fyrir starfsmenn fyrirtækis ef nýtt er heimild til að stofna vinnustaðarfélag. Á samningsrétt slíks félags getur fyrst reynt þegar samningar eru lausir.

Skilyrði heimildarinnar eru nokkuð ströng til að tryggja eftir sem áður öfluga samstöðu launafólks. Með orðalaginu „fyrirtækis, þar sem starfa a.m.k. 250 starfsmenn“ eru tekin af tvímæli um að lágmarkstöluna þarf að uppfylla með starfandi félagsmönnum en ekki fyrrverandi starfsmönnum eða einhvers konar aukaaðilum sem ekki starfa á vinnustaðnum. Ekki skal telja með þá starfsmenn fyrirtækis sem taka ekki laun samkvæmt kjarasamningi. Þannig eru undanskildir stjórnendur og ráðgjafar þeirra. Ekki ber að telja með þá sem sitja í stjórn fyrirtækis enda þótt þeir fái laun fyrir störf sín. Með orðalaginu „að jafnaði“ er átt við að litið sé til starfsmannafjölda á 12 mánaða tímabili næst á undan þeim tíma er reynir á réttarstöðu vinnustaðarfélags sem stéttarfélags.

Með ¾ starfsmanna er átt við hlutfall allra starfsmanna á hverjum tíma, jafnt fastráðinna og þeirra sem ráðnir eru tímabundið, en í íslenskum vinnumarkaðsrétti hefur ekki verið gerður greinarmunur á launamönnum eftir ráðningartíma eða -formi. Ekki er heldur sett skilyrði um að félagsmenn séu í fullu starfi. Því er hugsanlegt að í vinnustaðarfélagi séu aðeins starfsmenn í hlutastarfi enda séu skilyrði 3. mgr. uppfyllt. Félagsaðild annarra starfsmanna að öðrum stéttarfélögum hefur enga þýðingu að uppfylltum skilyrðum frumvarpsins.

Samkvæmt 3. gr. laganna eru þeir samningar, sem starfsmenn urðu bundnir af á meðan þeir voru félagsmenn annars félags, skuldbindandi fyrir þá á meðan þeir vinna þau störf sem samningurinn tekur til þar til þeir fyrst gætu fallið niður samkvæmt uppsögn. Skiptir þá ekki máli þótt starfsmennirnir séu farnir úr félaginu. Gerður samningur heldur gildi sínu út gildistíma sinn.

Samningsumboð félagsins ræðst samkvæmt framansögðu af tvennu: Í fyrsta lagi er um að ræða fjölda starfsmanna fyrirtækisins að jafnaði og í öðru lagi hlutfall félagsmanna af starfsmönnum fyrirtækis þegar reynir á réttarstöðu vinnustaðarfélags. Félag, sem uppfyllir framangreind skilyrði, ber að öllu leyti réttindi og skyldur sem stéttarfélag samkvæmt lögum. Vinnustaðarfélag þarf vitaskuld að setja sér samþykktir með sama hætti og önnur stéttarfélög.

Fyrirtæki skv. 3. mgr. telst hvers konar fyrirtæki eða stofnun sem hefur sjálfstæða og sameiginlega yfirstjórn. Er þá ekki gerður greinarmunur á atvinnurekendum. Ekki er átt við vinnustað eða vinnusvæði í landfræðilegri merkingu og hefur staðsetning vinnusvæðis eða einstakra starfsmanna enga þýðingu við mat á þessu skilyrði. Staða fyrirtækis — og þar með réttarstaða starfsmanna í vinnustaðarfélagi — að þessu leyti ræðst eingöngu af því hvert er raunverulegt form á eignarhaldi og stjórnun fyrirtækis eða stofnunar. Að því leyti væri hugtak eins og vinnustaður villandi en samsetningar, svo sem vinnustaðarfélag og vinnustaðarfyrirkomulag, hafa unnið sér nokkurn sess í þessu samhengi og eru lýsandi fyrir stöðu slíkra félaga sem stéttarfélaga sem bundin eru við einn og sama atvinnurekanda. Með skilyrðinu um sjálfstæða og sameiginlega yfirstjórn er stefnt að því að hugtakið fyrirtæki verði skilgreint fremur rúmt vegna kröfunnar um að þar starfi að jafnaði 250 starfsmenn. Hér er þannig gerð tillaga um að fyrirtæki sé skilgreint með hliðsjón af stjórnunarlegri stöðu þess. Úrslitum ræður hin sjálfstæða og sameiginlega stjórn sem mótar stefnuna innan ramma sem eigendur eða lög setja.

Hlutafélög og eftir atvikum einkahlutafélög eru dæmigerð fyrirtæki í skilningi frumvarpsins, enda er stjórn slíkra félaga sjálfstæð og sameiginleg yfirstjórn. Skiptir þá ekki máli hvernig eignarhaldi á hlutum er háttað. Dótturhlutafélög teldust hins vegar sérstök fyrirtæki. Sama á við um aðra lögaðila þar sem stjórn eða eignaraðilar teldust sjálfstæð og sameiginleg yfirstjórn. Einstaklingar með svo umfangsmikinn atvinnurekstur sem getur í 3. mgr. eru fáir ef nokkrir hér á landi, en skilyrðið um sjálfstæða og sameiginlega yfirstjórn væri þá varla nokkrum vafa undirorpið.

Sérhver tilraun af hálfu atvinnurekenda til þess að hafa áhrif á fyrrgreind skilyrði án þess að aðgerðir eigi sér málefnalega og rekstrarlega stoð gæti fallið undir 4. gr. laganna.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að þrjár nýjar málsgreinar bætist við 5. gr. gildandi laga.

Í 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins (sem verður 2. mgr. 5. gr. laganna) er að finna reglur sem ætlað er að kveða skýrar á um umboð og fyrirsvar við gerð og samþykkt kjarasamnings en í 2. mgr. felst hins vegar sá fyrirvari að félagsmenn í samtökum atvinnurekenda og stéttarfélögum geta eftir sem áður hnekkt niðurstöðu samninganefndar sem kemur fram fyrir hönd þeirra við gerð kjarasamnings.

Í 1. málsl. 1. mgr. er mælt fyrir um hvað felist í umboði samninganefnda eða annarra fyrirsvarsmanna sem koma fram fyrir hönd samningsaðila við gerð kjarasamnings hverju sinni. Tekur ákvæðið af vafa í því efni. Með samninganefnd í þessu sambandi er átt við hvers konar nefnd sem kemur fram fyrir hönd samningsaðila við gerð kjarasamn-

ings og er kjörin eða skipuð til þess á lögmætan hátt, hvort sem hún er fastanefnd eða skipuð í hverju tilviki. Einnig getur ákvæðið um samninganefnd átt við stjórn samningsaðila. Með fyrirsvarsmanni er átt við einstaka fulltrúa samningsaðila sem eru kjörnir eða skipaðir á lögmætan hátt til þess að koma fram fyrir hönd samningsaðila á vinnumarkaði. Lögmætt fyrirsvar samkvæmt eigin skráðum reglum samningsaðila verður því ekki vefengt eftir á og er slík regla til þess fallin að skapa festu og eyða óvissu eins og fram kemur í almennum athugasemdum.

Að gildandi lögum getur einnig leikið vafi á hvort heimilt sé að fela sameiginlegri samninganefnd samningsumboð samningsaðila. Í 2. málsl. 1. mgr. eru tekin af tvímæli um að samninganefnd samningsaðila getur ákveðið að fela sameiginlegri samninganefnd samningsumboð sitt samkvæmt lögum og þær heimildir sem því fylgja að lögum. Í ákvörðun um að fela sameiginlegri samninganefnd samningsumboð skv. 2. málsl. felst ekki sjálfkrafa ákvörðun um sameiginlega atkvæðagreiðslu skv. 3. málsl. Slík ákvörðun er tekin sérstaklega hverju sinni eftir því sem hentar að mati þeirrar samninganefndar sem á hverjum tíma kemur fram fyrir hönd samningsaðila við gerð kjarasamnings, sbr. 1. og 2. málsl. 1. mgr.

Orðalag 3. málsl. 1. mgr. vísar til þeirra réttaráhrifa að þegar lagaskilyrði eru uppfyllt hefur samninganefnd, sem á hverjum tíma kemur fram fyrir hönd samningsaðila við gerð kjarasamnings, sbr. 1. eða 2. málsl. 1. mgr., heimild samkvæmt lögum til að kveða á um sameiginlega atkvæðagreiðslu. Slík ákvörðun getur bæði verið einhliða af hálfu viðkomandi samninganefndar annars samningsaðila eða sameiginleg niðurstaða beggja samningsaðila sem samið er um með kjarasamningi. Ákvæðið tekur jafnt til atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna í samtökum atvinnurekenda samkvæmt atkvæðaskrá og til atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna stéttarfélags eða stéttarfélaga samkvæmt félagaskrá.

Í 2. mgr. (sem verður 3. mgr. 5. gr. laganna) er sett sú regla að kjarasamningur, sem undirritaður er af samninganefnd, gildi frá undirskriftardegi ef ekki er öðruvísi um samið. Það er meginregla sem almennt hefur verið lögð til grundvallar kjarasamningum undanfarin ár. Þetta er þó háð því að samningurinn sé ekki felldur í leynilegri atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna þannig að gildistakan er í reynd skilyrt. Sé kjarasamningur felldur verður ekki byggður réttur á honum, hvorki fyrir þann tíma sem liðinn er né það sem á eftir fer. Er það í samræmi við þá reglu sem fylgt hefur verið.

Til að auka réttaröryggi við framkvæmd kjarasamninga er ákveðið að ef kjarasamningur er ekki felldur innan tilgreinds frests sé hann endanlega bindandi fyrir báða aðila. Kjarasamningar eru sérstaks eðlis þar sem þeim er ætlað að gilda í skiptum fjölmargra og óvissa um gildi þeirra getur því haft afar óheppileg áhrif fyrir þá sem vilja byggja rétt á þeim. Raunar hefur komið fyrir að dómstólar hafi viðurkennt að tilteknir samningar væru ekki skuldbindandi sökum þess að atvinnurekendur höfðu látið undir höfuð leggjast að taka þá formlega til afgreiðslu og samþykktar. Við gerð síðustu almennra kjarasamninga (1995) varð það samkomulag að gildistökuákvæði þeirra væru eins og hér er gert ráð fyrir, þ.e. oftast að samningur skoðist samþykktur hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um annað innan tiltekins frests frá undirritun. Því hefur verið hreyft að vafi kunni að leika á lögmæti ákvæða í heildarsamningum um slíkan afgreiðslumáta. Ástæða er til að taka af tvímæli um það að sá háttur sem landssambönd ASÍ og samtök atvinnurekenda hafa tekið upp varðandi gildistökuákvæði hafi örugga lagastoð. Með því er tryggt að grandlausir félagsmenn og aðrir sem byggja vilja rétt á kjarasamningum, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980, geti treyst því að þeir séu gildir hafi þeim ekki verið hafnað innan tiltekins tíma.

Í greininni kemur enn fremur fram að til þess að fella löglega gerðan kjarasamning þurfi að vera um að ræða raunverulega andstöðu félagsmanna. Lítil þátttaka í fundum og afgreiðslu samninga er afar óheppileg og til þess fallin að grafa undan virku starfi samtaka á vinnumarkaði, ekki síst stéttarfélaga. Stjórnarmenn og trúnaðarmenn eru kjörnir með lýðræðislegum hætti og því verður að telja að félagsmenn megi almennt treysta því að kjarasamningar, sem fulltrúar launafólks gera fyrir þess hönd, endurspegli mat þeirra á því hvað sé besta möguleg niðurstaða samningaviðræðna. Til að hnekkja þessu mati kjörinna fulltrúa félaganna hljóti því að þurfa meira en örlítinn hluta félagsmanna. Á það hefur verið bent að ekki megi krefjast svo mikillar þátttöku að í reynd verði ómögulegt að fella kjarasamning sem samninganefnd hefur gert. Taka verður fullt tillit til þessara viðhorfa, enda er markmiðið ekki að torvelda starfsemi stéttarfélaga heldur að tryggja virkni og lágmarksþátttöku í mikilvægustu ákvörðunum. Þykir því ekki ósanngjarnt að áskilja að 20% félagsmanna þurfi til að fella gerðan kjarasamning. Þótt fimmtungur félagsmanna sé ekki hátt hlutfall kann það sjónarmið að vera uppi að erfiðara sé fyrir félagsmenn í stórum verkalýðsfélögum en þeim minni að hnekkja niðurstöðu samninganefndar með kröfum um lágmarkshlutfall mótatkvæða. Til að koma til móts við þessi sjónarmið og jafnframt til að örva enn frekar þátttöku félagsmanna í atkvæðagreiðslum um mikilvægustu mál er gert ráð fyrir að niðurstaða atkvæðagreiðslu gildi að jafnaði óháð hlutfalli mótatkvæða ef viðhöfð er svonefnd póstatkvæðagreiðsla. Um skilgreiningu á póstatkvæðagreiðslu er vísað til umfjöllunar í almennum athugasemdum með lagafrumvarpi þessu.

Loks er í greininni kveðið á um það að ef kjarasamningur tekur einungis til hluta félagsmanna stéttarfélags eða til starfsmanna í einu fyrirtæki sé heimilt að ákveða í samningi að þeir einir skuli greiða atkvæði um hann sem eftir samningi vinna. Þetta getur einnig átt við um afmarkað starfssvið innan stéttarfélags þar sem gildir sjálfstæður kjarasamningur, svo og um afgreiðslu á sameiginlegum samningi fleiri félaga vegna félagsmanna þeirra á sama vinnustað. Má í þessu sambandi t.d. minna á nýlegt samkomulag þeirra stéttarfélaga sem standa að samningum fyrir starfsmenn ÍSALs, en þar er miðað við sameiginlega atkvæðagreiðslu í fyrirtækinu um samningamál. Við þessar aðstæður þykir ekki þörf á sérstökum frávikum frá lágmarkshlutfalli mótatkvæða, svo sem vegna póstatkvæðagreiðslu. Á hinn bóginn þykir eðlilegt að gera ríkari kröfur til lágmarkshlutfalls mótatkvæða gegn gerðum samningi þar sem auðvelt er að koma á leynilegri atkvæðagreiðslu meðal allra starfsmanna eða tiltekins félags starfsmanna, þ.e. þriðjung allra atkvæða þarf til að fella gerðan samning.

Í 3. mgr. (sem verður 4. mgr. 5. gr. laganna) er lagt til að tekinn verði af allur vafi um að samningsaðilum sé skylt að stuðla að því að félagsmenn þeirra virði gerða kjarasamninga. Í almennum athugasemdum er fjallað nánar um inntak skyldna beggja samningsaðila kjarasamnings gagnvart gagnaðila. Samkvæmt því er lögfest athafnarskylda þannig að samningsaðila er skylt að stuðla beinlínis að því að samningar séu virtir. Ekki er nægilegt að samningsaðili hafi ekki stuðlað beinlínis að samningsrofi til þess að fría hann ábyrgð á (sameiginlegu) samningsrofi. Í því felst ákveðin skylda til aðgerða ef ástæða er til að ætla að athafnir félagsmanna, hvort heldur er hópa eða einstaklinga, brjóti gegn ákvæðum kjarasamninga eða friðarskyldu sem menn eru bundnir samkvæmt þeim. Samningsaðila eða samtökum þeirra ber þá, svo dæmi sé tekið, að upplýsa hlutaðeigandi félagsmenn um samningsskuldbindingar sínar, skora á þá að sinna vinnuskyldu sinni eða stuðla með öðrum hætti að því að samningurinn sé virtur. Ákvæðið tekur til allra samninga milli samningsaðila á vinnumarkaði. Ætlast er til að rúm lögskýring sé

ráðandi við skýringu þessa ákvæðis enda taki það t.d. til eiginlegra kjarasamninga, rammasamninga og viðræðuáætlunar samkvæmt frumvarpi þessu. Um ábyrgð í tengslum við þessa skyldu er fjallað í 3. gr. frumvarpsins (sem verður 2. mgr. 8. gr. laganna).

Um 3. gr.

Eins og fyrr greinir er samningsaðila skylt að stuðla að því að samningar séu hafðir í heiðri. Um ábyrgð atvinnurekenda fer þá eftir almennum reglum, en í 8. gr. laganna er fjallað um ábyrgð stéttarfélaga. Tekin eru af tvímæli um þessar efnislegu skyldur samningsaðila í 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins (sem verður 4. mgr. 5. gr. laganna). Í 5. gr. frumvarpsins (sem verður 19. gr. laganna) er ný regla um að aðgerðir, sem samningsaðili á ekki aðild að, geti talist ólögmætar ef þær eru sambærilegar vinnustöðvunum samkvæmt skilgreiningu og dæmatalningu þar um.

Í 3. gr. frumvarpsins (sem verður 2. mgr. 8. gr. laganna) er lagt til að ný málsgrein bætist við 8. gr. laganna. Þar er vikið að formlegum atriðum að því er varðar ábyrgð ófélagsbundinna og einstakra félagsmanna vegna aðgerða sem heyra undir samskipti á vinnumarkaði samkvæmt lögunum, svo breyttum. Um efnisatriði er fjallað í skýringum við 10. gr. frumvarpsins. Um leið og sýnt er fram á þátt samningsaðila í aðgerð sem hér um ræðir fellur einstaklingsbundin ábyrgð brott að því leyti — jafnvel þótt aðeins sé um beint athafnarleysisbrot samningsaðila að ræða. Í fyrri málslið felst engin efnisbreyting. Aðeins er áréttað að rof ófélagsbundinna launamanna á ráðningarsamningi varðar hann ábyrgð samkvæmt almennum reglum. Reglur vinnumarkaðsréttar eiga ekki beinlínis við. Sama á við um aðgerðir ófélagsbundinna atvinnurekenda á kjarasamningum og ráðningarsamningum sem ekki teljast til lögmætra verkbanna. Félagsdómur getur þó dæmt um slík mál, sbr. niðurlag 1. mgr. 45. gr. laganna. Því þykir rétt að árétta hér að launamenn geta einnig verið utan félaga og er þá kveðið á um aðild þeirra hér, enda geta þeir ekki notið verndar stéttarfélaga í þessu efni.

Um 4. gr.

Formkröfum til þess að standa að boðun lögmætrar vinnustöðvunar er breytt töluvert frá gildandi lögum í 4. gr. frumvarpsins (15. gr. laganna). Er þar m.a. horft til reynslu af lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og þess að æskilegt sé að ekki gildi í grundvallaratriðum ólíkar réttarreglur um boðun vinnustöðvunar á mismunandi sviðum vinnumarkaðarins. Því er valin sú leið að gera það að ótvíræðri aðalreglu að vinnustöðvun sé aðeins boðuð að fengnu samþykki félagsmanna í leynilegri allsherjaratkvæðagreiðslu félagsmanna.

Samkvæmt gildandi lögum er það skilyrði vinnustöðvunar meðal opinberra starfsmanna að minnsta kosti helmingur félagsmanna sem eiga í hlut hafi tekið þátt í atkvæðagreiðslu og meiri hluti þeirra samþykkt vinnustöðvun. Samkvæmt því þarf í reynd a.m.k. fjórðungur félagsmanna að samþykkja vinnustöðvun. Þótt margt mæli með því að láta sömu viðmiðun gilda á öllum vinnumarkaðnum þykir óvarlegt að ganga svo langt á einkamarkaði. Því veldur m.a. að dreifing félagsmanna stéttarfélaga á vinnustaði er stórum meiri en meðal opinberra starfsmanna. Aðstaða félaganna til að nálgast félagsmenn er ekki eins góð. Af þeim ástæðum er lagt til að einungis sé gerð krafa um fimmtungs þátttöku og meirihlutastuðning þeirra sem greiða atkvæði. Þetta þýðir að minnsti mögulegur stuðningur fyrir lögmætu verkfalli þarf að vera 10% félagsmanna samanborið við 25% meðal opinberra starfsmanna.

Fram hefur komið gagnrýni á það hversu fáir koma að afgreiðslu samninga og að ákvörðun um verkbönn í samtökum atvinnurekenda. Þar hafa tiltölulega fámennar stjórnir farið með allt vald í þessu efni og verið taldar jafngilda trúnaðarmannaráðum stéttarfélaga með hliðstæðar heimildir til boðunar vinnustöðvana. Frumvarpinu er m.a. ætlað að breyta þessari skipan. Samkvæmt því þarf að bera meiri háttar ákvarðanir undir atkvæði samkvæmt atkvæðaskrám hlutaðeigandi samtaka. Þetta er hliðstæður háttur og hafður er á í Danmörku þar sem samtök atvinnurekenda þurfa að taka afstöðu til miðlunartillagna samkvæmt atkvæðaskrá sem gildir á aðalfundi hlutaðeigandi samtaka.

Markmið þessara reglna er að tryggja að raunverulegur stuðningur sé við svo mikilvæga ákvörðun sem boðun vinnustöðvunar er. Ekki er ætlunin að torvelda félögum boðun vinnustöðvana heldur að tryggja lýðræðislega umfjöllun um slíka tillögu. Því marki má ná með öðrum hætti svo að ekki sé þörf á að krefjast tiltekinnar lágmarksþátttöku, þ.e. með almennri leynilegri póstatkvæðagreiðslu um tillöguna þar sem kjörgögn eru send öllum atkvæðisbærum félagsmönnum til síns heima. Sé sá háttur á hafður er ekki gert ráð fyrir lágmarksþátttöku skv. 1. mgr.

Ef vinnustöðvun er eingöngu ætlað að taka til hluta félagsmanna eða eins fyrirtækis er skv. 2. mgr. heimilt að taka ákvörðun þar um með atkvæðagreiðslu hlutaðeigandi félagsmanna. Þá eru aðstæður orðnar fullkomlega sambærilegar við það sem gerist meðal opinberra starfsmanna og því eðlilegt að krefjast sömu þátttöku og þar í atkvæðagreiðslu og sama stuðnings — óháð tilhögun atkvæðagreiðslu.

Í 3. mgr. er staðfest það meginsjónarmið að vinnustöðvun sé neyðarúrræði þess sem ekki hefur að eigin mati fengið viðhlítandi viðbrögð við kröfum sínum. Það er því formbundið sem skilyrði lögmætrar ákvörðunar vinnustöðvunar að kröfur hafi komið skýrt fram og að samningaviðræður hafi reynst árangurslausar. Þá er þess krafist að deiluaðili, sem leita vill ákvörðunar um vinnustöðvun, hafi reynt til þrautar að ná samningi og í því skyni leitað milligöngu sáttasemjara. Við það er miðað að sáttasemjara hafi gefist tækifæri til að kalla deiluaðila saman og freistað þess að ná sáttum áður en leitað er eftir því við félagsmenn að boða til vinnustöðvunar. Þá fyrst eiga þeir þess kost að meta hvort árangur hafi náðst í viðræðum sem þeir sætti sig við eða hvort þeir telji rétt að þrýsta á um frekari framgang krafna sinna. Vert er að árétta að mat á því hvenær sáttatilraunir eru fullreyndar hlýtur að vera hjá samninganefnd þess sem leitar eftir ákvörðun um vinnustöðvun.

Í gildandi lögum eru engin bein ákvæði um heimildir samninganefnda til að aflýsa eða fresta vinnustöðvun. Rétt þykir að taka af tvímæli um þetta efni. Er því í 4. mgr. tekin upp sú regla að samninganefnd hafi jafnan heimild til að aflýsa verkfalli. Frestun verkfalls er í raun aflýsing og boðun annars verkfalls. Því hefur það verið viðurkennd regla í samskiptum á almennum vinnumarkaði að til að fresta verkfalli þurfi samþykki gagnaðila. Sama gildir um frestun og afboðun verkbanns. Í lögum um samninga opinberra starfsmanna er engin frestunarheimild og þykir það óheppilegt. Á hinn bóginn er mikilvægt að sú heimild til frestunar sé ekki svo rúm að ákvörðun um vinnustöðvun hafi ekki á sér þann raunveruleikablæ sem nauðsynlegur er. Því er miðað við að samninganefnd hafi heimild til að fresta boðaðri vinnustöðvun um allt að 14 sólarhringa samtals án samþykkis gagnaðila. Þótt í raun megi oft ætla að boðun vinnustöðvunar ein sér valdi mikilli röskun og því eðlilegt að gagnaðili hafi um það að segja hvort hann sætti sig við einhliða frestun vinnustöðvunar þykir rétt að gefa boðanda færi á að fresta boðaðri vinnustöðvun. Þegar mjög skammur tími er til þess að vinnustöðvun skellur á kann hins vegar að hátta svo til að frestun hafi fyrst og fremst þau áhrif að firra boðanda aðgerða tjóni.

Því þykir rétt að binda heimild til einhliða frestunar því skilyrði að frestunin sé kynnt viðsemjanda með minnst eins sólarhrings fyrirvara.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að ný grein bætist við lögin sem verði 19. gr. þeirra. Í henni er hugtakið vinnustöðvun í skilningi laganna skilgreint. Til þess að um verkfall sé að ræða þurfa tvö skilyrði að vera uppfyllt: Annars vegar að launamenn hafi lagt niður venjubundna vinnu sína að einhverju eða öllu leyti og hins vegar að tilgangurinn sé að ná fram sameiginlegu markmiði. Fjöldauppsagnir og aðrar sambærilegar aðgerðir, hvort heldur er af hálfu atvinnurekenda eða launamanna, sem jafna má til vinnustöðvana, teljast einnig til vinnustöðvana, svo og verkbönn atvinnurekenda. Það á við um allar vinnustöðvanir sem gerðar eru á félagslegum grunni til að ná fram sameiginlegu markmiði, hvort heldur er af stéttarfélagi, starfsmönnum sjálfum eða atvinnurekendum. Aðgerðir, svo sem verkbönn, verkföll, yfirvinnubönn, hægagangur, ráðningarbönn og fjöldauppsagnir, teljast því til vinnustöðvana í skilningi laganna séu þær gerðar í sameiginlegum tilgangi. Aðeins er hér um auðkennatalningu að ræða enda ekki unnt að telja upp með tæmandi hætti hvaða aðgerðir af hálfu atvinnurekenda eða launafólks geta flokkast undir rof á friðarskyldu sem jafna má til eiginlegrar vinnustöðvunar.

Byggt er á þeirri skilgreiningu sem lögð hefur verið til grundvallar samkvæmt gildandi lögum að öðru leyti en því sem varðar aðild stéttarfélags. Er hér lagt til að þátttaka þess verði ekki lengur hugtaksskilyrði þar sem eðlilegt er að vinnustöðvanir, sem gerðar eru í sameiginlegum tilgangi, oftast til að knýja á um kaup og kjör, skoðist sem vinnustöðvanir í skilningi laganna hvort sem stéttarfélag á sannanlega aðild að þeim eða ekki. Er það í fullu samræmi við þær reglur sem gilda í nágrannalöndum okkar. Samkvæmt dönskum rétti telst það verkfall þegar hópur launamanna leggur sameiginlega niður störf til að ná sameiginlegu markmiði. Slík skilgreining hefur ekki verið lögð til grundvallar samvæmt íslenskum lögum. Bæði lög um stéttarfélög og vinnudeilur og lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna eru túlkuð þannig að einungis þær vinnustöðvanir, sem stéttarfélög eiga sannanlega aðild að, teljast verkfall í skilningi þeirra. Þessi skilningur er til þess fallinn að leiða til misbeitingar þar sem kleift er að sniðganga reglur laganna um vinnustöðvanir, hvort heldur um er að ræða friðarskyldu á gildistíma kjarasamnings eða boðun vinnustöðvunar, með því að stéttarfélög eigi ekki aðild að aðgerðum svo sannanlegt sé. Þá hefur einnig verið á það bent að óánægja með þá skipan sem lögin ákveða leiði til þess að menn leiti annarra leiða til að þrýsta á um kröfur sínar, svo sem hópuppsagna.

Nauðsynlegt er því að kveða á um það í löggjöf með ótvíræðum hætti að vinnustöðvun í skilningi laganna taki til aðgerða sem jafna má til vinnustöðvunar án tillits til þess hver á aðild að þeim.

Engin breyting er gerð hvað varðar heimild til að ákveða verkfall. Sú heimild er áfram í höndum stéttarfélaga einna. Til þess að verkfall sé lögmætt er gerð krafa um að ákvörðun sé tekin á lögmætan hátt og að það sé löglega boðað, enda sé friðarskylda því ekki til fyrirstöðu.

Um 6. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að öll helstu efnisákvæði laga um sáttastörf í vinnudeilum, nr. 33/1978, verði tekin upp í nýjan III. kafla laga um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938, með síðari breytingum. Þar sem sáttastörf í vinnudeilum tengjast beint

og óbeint ákvæðum laganna er rökrétt að ákvæði á þessu sviði sé að finna í sömu lögum en ekki tvennum lagabálkum. Inniheldur kaflinn alls 18 greinar. Reglur kaflans gilda um önnur svið vinnumarkaðar með sama hætti og lög nr. 33/1978 hafa gert.

Um a-lið (20. gr.).

Við lögin bætist ný 20. gr. sem er sama efnis og 1. gr. laga um sáttastörf í vinnudeilum, nr. 33/1978. Þó er fellt brott niðurlagsákvæði 5. mgr. greinarinnar, enda ætti slíkt undanþáguákvæði að taka til fleiri ef það ætti rétt á sér. Meginefni 3. gr. sömu laga er tekið upp í 5. mgr.

Um b-lið (21. gr.).

Við lögin bætist ný 21. gr. sem er sama efnis og 2. gr. laga nr. 33/1978.

Um c-lið (22. gr.).

Við lögin bætist ný 22. gr. sem er sama efnis og 4. gr. laga nr. 33/1978 en orðalagi er þó lítillega breytt.

Um d-lið (23. gr.).

Við lögin bætist ný 23. gr., en reglur sem þar koma fram er ekki að finna í gildandi lögum.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að atvinnurekendur eða samtök þeirra og stéttarfélög skuli gera áætlun um fyrirkomulag viðræðna um gerð kjarasamninga, svonefnda viðræðuáætlun. Tekið er fram með ótvíræðum hætti að heimilt er að veita landssamböndum eða heildarsamtökum sérstakt umboð til að gera viðræðuáætlun fyrir hönd einstakra félaga. Skylt er að senda slíka viðræðuáætlun, staðfesta af aðilum, þegar í stað til ríkissáttasemjara.

Samkvæmt 2. mgr. er gert ráð fyrir að viðræðuáætlun liggi fyrir eigi síðar en 10 vikum áður en gildandi kjarasamningur er laus. Ef tilteknir samningsaðilar hafa þá ekki gert viðræðuáætlun hvílir sú skylda á ríkissáttasemjara, vararíkissáttasemjara eða aðstoðarsáttasemjara að grípa inn í og gera slíka bindandi viðræðuáætlun fyrir aðila. Skal slíkt gert í síðasta lagi átta vikum áður en gildandi kjarasamningur er laus. Aðrar viðræðuáætlanir, sem þá kunna að hafa verið gerðar, skulu við þessar aðstæður hafðar til hliðsjónar.

Um e-lið (24. gr.).

Við lögin bætist ný 24. gr. sem er í meginatriðum samhljóða 5. gr. laga nr. 33/1978, en bætt er við ákvæði er varðar framkvæmd viðræðuáætlunar. Ríkissáttasemjari getur kallað til aðstoðarsáttasemjara, einn eða fleiri, sbr. 4. mgr. a-liðar 6. gr. frumvarpsins (sem verður 20. gr. laganna), við þessar aðstæður, sérstaklega ef margir samningar eru lausir á sama tíma. Taka verður tillit til þessara aðstæðna ríkissáttasemjara við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og aukins kostnaðar sem af þessu kann að leiða.

Um f-lið (25. gr.).

Við lögin bætist ný 25. gr. sem er samhljóða 6. gr. og lokamálsgrein 5. gr. laga nr. 33/1978.

Um g-lið (26. gr.).
Við lögin bætist ný 26. gr. sem er samhljóða 7. gr. laga nr. 33/1978.

Um h-lið (27. gr.).
Við lögin bætist ný 27. gr. Fyrri málsgreinin er samhljóða 8. gr. laga nr. 33/1978, um sáttastörf í vinnudeilum. Síðari málsgreinin er sama efnis og 2. mgr. 9. gr. sömu laga að viðbættum orðum um það ef ágreiningur snertir aðeins tiltekið fyrirtæki. Rétt þykir að hafa það ákvæði í grein þessari með hinni almennu heimild til að setja fram miðlunartillögu, enda fjallar i-liður 6. gr. frumvarpsins (sem verður 28. gr. laganna) einungis um sameiginlegar miðlunartillögur.

Um i-lið (28. gr.).
Við lögin bætist ný 28. gr. Þar er fjallað um heimild sáttasemjara til þess að leggja fram eina sameiginlega miðlunartillögu eða fleiri til lausnar vinnudeilu ef hann telur hana til þess fallna að leiða til friðsamlegrar samtímalausnar kjaramála. Réttaráhrifin verða þau sömu og að gildandi lögum, þ.e. að sameiginlegt atkvæðamagn þeirra hópa sem tillagan nær til ræður úrslitum um samþykkt eða synjun sameiginlegrar miðlunartillögu. Ákvæðið kemur í stað 3. mgr. 9. gr. laga nr. 33/1978. Ákvæði 4. mgr. 9. gr. sömu laga fellur brott eins og lagt er til í áfangaskýrslu vinnuhóps félagsmálaráðherra um samskiptareglur á vinnumarkaði. Ákvæði 1. og 5. mgr. 9. gr. laga nr. 33/1978 eru flutt efnislega óbreytt í 3. mgr. j-liðar 6. gr. frumvarpsins (sem verður 29. gr. laganna) þar sem þau eiga betur heima, sbr. athugasemdir við j-lið 6. gr. frumvarpsins. Einnig er rétt að árétta að heimildum sáttasemjara til þess að leggja fram miðlunartillögu skv. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 33/1978 er ekki raskað, en þau ákvæði er nú að finna lítið breytt í h-lið 6. gr. frumvarpsins (sem verður 27. gr. laganna). Ástæða er til að taka fram að skýrari ákvæði í greininni fela í sér heldur þrengri heimildir sáttasemjara til að setja fram sameiginlega miðlunartillögu en hann hefur að gildandi lögum.

Formskilyrðin fyrir sameiginlegri miðlunartillögu eru í greininni talin upp með tæmandi hætti í fimm stafliðum:

Í fyrsta skilyrðinu (a-lið) er vikið að réttaráhrifum viðræðuáætlunar. Samkvæmt gildandi lögum eru engin formleg takmörk fyrir því við hvaða skilyrði sáttasemjari getur tengt saman lausnir mismunandi deilna með einni sameiginlegri miðlunartillögu. Í gildandi lögum er ekki skilyrði að viðræður hafi farið fram milli aðila. Úr þessu er bætt og sett það skilyrði að áður en sáttasemjari fellir hópa undir sameiginlega miðlunartillögu verði að vera tryggt að þeir hafi fengið tækifæri til eiginlegra og efnislegra viðræðna um framlagðar kröfur hvors aðila við sinn viðsemjanda, þar á meðal um sérmál, en sú trygging er ekki fyrir hendi í gildandi lögum. Að sjálfsögðu getur aðili að vinnudeilu ekki með tómlæti sínu í þessu efni komið í veg fyrir að sáttasemjari leggi fram miðlunartillögu. Því er settur fyrirvari um að nægilegt sé að leitað hafi verið árangurslaust eftir viðræðum í samræmi við viðræðuáætlun. Þetta skilyrði er auðsannað, sbr. 3. mgr. f-liðar 6. gr. frumvarpsins (sem verður 25. gr. laganna) þar sem kveðið er á um framlagningu skjala. Þannig er tryggður réttur og um leið skylda hvers samningsaðila til þess að semja um sín sérmál. Er slík trygging í lögum í samræmi við álit nefndar stjórnarnefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um félagafrelsi, en samkvæmt áliti hennar (mál nr. 1768) er það meginregla að jafnt atvinnurekendur og stéttarfélög skuli ganga til samninga í góðri trú og leggja sig fram um að ná samningi.

Í öðru skilyrðinu (b-lið) er ætlast til þess að viðræðutími samkvæmt tiltekinni tímasetningu í útgefinni viðræðuáætlun sé liðinn. Er um að ræða hlutlægt skilyrði sem ekki er komið undir mati eða umfangsmikilli sönnun. Viðræðum þarf hins vegar ekki að vera lokið, enda væri þar um að ræða of matskennt skilyrði.

Með þriðja skilyrðinu (c-lið) er átt við að tilraun til sátta með aðstoð sáttasemjara hafi verið reynd. Auðvelt er að sannreyna það, en síðara skilyrðið um horfur á samkomulagi er vitaskuld háð mati sáttasemjara.

Í fjórða skilyrðinu (d-lið) kemur fram að ekki sé heimilt að leggja fram miðlunartillögu um leið og gildandi kjarasamningar renna út og friðarskyldu lýkur. Er það augljóst skilyrði og ekki háð miklu mati.

Í fimmta skilyrðinu (e-lið) er kveðið á um að öllum sem telja sig málið varða er heimilt að koma á framfæri athugasemdum við áform sáttasemjara um að leggja fram sameiginlega miðlunartillögu. Gert er ráð fyrir að á því stigi kynni sáttasemjari slík áform sín opinberlega með hæfilegum fyrirvara. Slík yfirlýsing sáttasemjara bindur þó ekki hendur hans í neinu tilliti. Aðilar á vinnumarkaði, sem telja sig hafa hagsmuna að gæta í þessu sambandi, bera sjálfir ábyrgð á því að athugasemdir þeirra komist til skila. Ágreiningur um það hefur þó ekki áhrif á hvort skilyrðið teljist uppfyllt.

Í lokamálslið 1. mgr. er tekið skýrt fram að sáttasemjari geti ekki látið úrslit sameiginlegrar miðlunartillögu ná til aðila á almennum vinnumarkaði og aðila sem lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna taka til. Þótt sáttasemjari meti og ákveði hvort hann kýs að láta setja fram sameiginlega miðlunartillögu í deilum fleiri félaga eða hópa er heimild hans bundin skilyrðum og takmörkunum. Þannig er honum eins og áður greinir óheimilt að fella saman atkvæðagreiðslu um sameiginlega miðlunartillögu fyrir félög sem falla undir almenn ákvæði laga nr. 80/1938 og þau sem falla undir lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Það er í samræmi við ríkjandi viðhorf og í samræmi við það sem tíðkast í Danmörku. Sáttasemjari getur því samtímis lagt fram samkynja miðlunartillögu en slíkar tillögur fara ekki undir sameiginlega atkvæðagreiðslu á almennum vinnumarkaði og opinberum vinnumarkaði.

Með 2. mgr. er sáttasemjara falið frjálst mat á því hve víðtæk sameiginleg miðlunartillaga skuli vera, sbr. þó 3. mgr. Getur hann þá valið á milli þess að sameiginleg miðlunartillaga nái aðeins til fárra hópa eða deilda eða hvort miðlunartillaga skuli vera sameiginleg fyrir tiltekin svið eða stóra hópa. Loks getur miðlunartillaga náð til allra hópa sem eru með lausa samninga eins og gjarnan er gert í Danmörku til þess að stuðla að friðsamlegri samtímalausn kjaramála. Meðferð hins frjálsa mats mundi ráðast af framkvæmd af hálfu sáttasemjara í samráði við aðila vinnumarkaðarins og má í því efni líta til danskra fyrirmynda. Aðilar á vinnumarkaði geta í því sambandi beint því til sáttasemjara að efni niðurstöðu samninganefnda þeirra verði tekið upp í miðlunartillögu eða að hún verði miðuð við nýgerða kjarasamninga.

Í 3. mgr. er kveðið á um að allir samningsaðilar, stéttarfélag og atvinnurekendur eða samtök þeirra, geti sjálfir afmarkað til hvaða samningssviða innan sinna vébanda sameiginleg miðlunartillaga geti tekið. Í Danmörku er t.d. samkomulag um að skipta vinnumarkaði í tilgreind svið sem ekki verði tengd saman, eitt eða fleiri, við sameiginlega afgreiðslu á miðlunartillögu sem taki til fleiri samningssviða. Ekki er við því að búast að verklag við gerð kjarasamninga breytist í einu vetfangi og verður því að miða við að samningsaðilar þrói sjálfir á næstu árum grunnreglur um gerð viðræðuáætlana og viðhorf til þess hvernig heimildum III. kafla laganna, svo breyttra, verði í reynd beitt. Árétta ber að takmörkunarheimild samningsaðila skv. 3. mgr. á valdi sáttasemjara í þessu efni

verður aðeins beitt ef um það er samið milli aðila — í viðræðuáætlun. Hér gildir því hinn almenni frestur til að gera viðræðuáætlun, þ.e. 10 vikum áður en kjarasamningar aðila eru lausir. Eftir þann tíma verður vald sáttasemjara ekki takmarkað af aðilum. Fulltrúar samningsaðila, sem hafa fengið framselda heimild til að gera viðræðuáætlun, sbr. 2. málsl. 1. mgr. d-liðar 6. gr. frumvarpsins (sem verður 23. gr. laganna), geta nýtt þessa heimild til takmörkunar á sameiginlegri miðlun í meira eða minna mæli. Slíkt samkomulag aðila verður að sjálfsögðu aðeins gert hverju sinni í viðræðuáætlun fyrir næstu samninga, enda endurnýjast viðræðuáætlun samkvæmt lögunum aldrei heldur er hún bundin við næstu endurnýjun samninga. Hún telst því ekki kjarasamningur í þeim skilningi að hún endurnýist eins og kjarasamningar milli aðila. Það er því mat samningsaðila sjálfra hverju sinni hvort ástæða er til að takmarka vald sáttasemjara en það mat ræðst af aðstæðum.

Um j-lið (29. gr.).

Við lögin bætist ný 29. gr., en í henni er fjallað um kynningu á og atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu sáttasemjara og er þar að finna nýja reglu auk óbreyttra eldri ákvæða. Ákvæðið á jafnt við um h-lið 6. gr. frumvarpsins (sem verður 27. gr. laganna) og miðlunartillögu í tilefni af einstakri vinnudeilu og um sameiginlega miðlunartillögu samkvæmt heimildum i-liðar 6. gr. frumvarpsins (sem verður 28. gr. laganna).

Í 1. mgr. er skýrð réttarstaða aðila við kynningu miðlunartillögu sáttasemjara vegna atkvæðagreiðslu um hana.

Í 1. málsl. 1. mgr. er að finna ákvæði sem nú eru í 1. málsl. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 33/1978, um sáttastörf í vinnudeilum.

Bent hefur verið á þá erfiðleika sem tengjast því að enginn kynnir og skýrir út miðlunartillögu. Í gildandi lögum er sú regla að sjálfur texti miðlunartillögunnar í heild sinni skuli birtur félagsmönnum við atkvæðagreiðslu. Sambærilegt ákvæði er í dönskum lögum um sáttastörf í vinnudeilum. Aðila vinnudeilu er óheimilt samkvæmt dönskum lögum að vinna útdrátt úr miðlunartillögu fyrir félagsmenn sína. Samkvæmt frumvarpinu er ekki gengið svo langt. Þvert á móti er slíkt beinlínis heimilað en verður þó að gerast í samráði við sáttasemjara. Því er í 2. málsl. 1. mgr. tekin upp sérstök heimild fyrir sáttasemjara til þess að gera útdrátt úr miðlunartillögu sem hann hefur lagt fram til þess að auðvelda félagsmönnum samtaka atvinnurekenda og launafólks að taka málefnalega afstöðu til miðlunartillögu og áhrifa hennar á hag þeirra og afkomu. Áður en heimildin er nýtt skal hafa samráð við aðila vinnudeilu. Eins og fyrr greinir á reglan einnig við um sameiginlega miðlunartillögu samkvæmt heimildum i-liðar 6. gr. þessa frumvarps (sem verður 28. gr. laganna). Í því sambandi skal tekið fram að útdrættir sáttasemjara geta verið margir og geta því haft mismunandi áherslur eftir því hvernig sameiginleg miðlunartillaga snertir hagsmuni hvers einstaks hóps eða jafnvel deildar innan stéttarfélags sem miðlunartillaga tekur til. Þá er hægt að fjalla sérstaklega um þau atriði sem snerta tiltekna hópa launamanna beint.

Aðila vinnudeilu er skv. 3. málsl. 1. mgr. heimilt að vinna útdrátt úr miðlunartillögu fyrir félagsmenn sína í samráði við sáttasemjara.

Regla, sem nú er í 2. málsl. 2. mgr. 10. gr. gildandi laga, er hér tekin upp óbreytt í 4. málsl. 1. mgr.

Í 2. mgr. er tekið upp óbreytt ákvæði 1. mgr. 10. gr. laga nr. 33/1978, um sáttastörf í vinnudeilum.

Í 3. mgr. er safnað saman öllum ákvæðum um tilhögun atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu og eru beinar lagaheimildir ríkissáttasemjara í því efni auknar eins og fjallað var um í almennum athugasemdum.

Í 1. málsl. 3. mgr. kemur fram meginreglan um tilhögun atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu sem er í fullu samræmi við framkvæmd atkvæðagreiðslu hingað til.

Í 2. málsl. 3. mgr. er hins vegar ákvæði sem felur í sér tilbrigði við meginregluna en ekki sjálfstæða tilhögun atkvæðagreiðslu. Auk kjörfundaratkvæðagreiðslu er ríkissáttasemjara heimilað að efna til atkvæðagreiðslu utan kjörfundar á tilteknum stöðum eða svæðum. Er þá unnt að nýta hvers konar tækni til utankjörfundaratkvæðagreiðslu hvar sem er í lögsögu íslenska ríkisins án þess að öllum félagsmönnum, sem miðlunartillagan tekur til, sé gert að mæta á kjörfund. Gæti þetta tilbrigði t.d. átt við um bifreiðarstjóra og sjómenn. Sem dæmi má nefna að bréfsími eða tölvutækni sé notuð í þessu sambandi. Þó verður að árétta að ávallt gildir í hvívetna sú grunnregla 5. málsl. 3. mgr. um að atkvæðagreiðsla skuli vera skrifleg og leynileg. Því verður að tryggja að hæfur aðili, svo sem sýslumaður eða löglærður fulltrúi hans eða skipstjóri, sé tilnefndur hverju sinni af ríkissáttasemjara til þess að votta að atkvæðisbær félagsmaður hafi gert grein fyrir sér og greitt leynilega atkvæði að honum nærstöddum á til þess gerða ómerkta atkvæðaseðla. Atkvæðin eru síðan send nafnlaus með tiltækri tækni á skrifstofu ríkissáttasemjara sem sér um að þau fari strax í kjörkassa þegar sannreynt hefur verið að atkvæðin séu send frá til þess bærum aðila. Fulltrúum aðila vinnudeilu er heimilt að vera við atkvæðagreiðslu og talningu atkvæða eftir því sem við verður komið á eigin kostnað og ábyrgð svo sem almennt tíðkast í lýðræðislegum í kosningum, sbr. niðurlag k-liðar 6. gr. frumvarpsins (sem verður 30. gr. laganna).

Í 3. málsl. 3. mgr. er nýtt ákvæði sem heimilar ríkissáttasemjara að ákveða að atkvæðagreiðsla skuli fara fram með almennri póstatkvæðagreiðslu meðal félagsmanna aðila vinnudeilu, sem miðlunartillaga tekur til, í stað meginreglunnar um atkvæðagreiðslu á kjörfundi og eftir atvikum utan kjörfundar eins og fyrr greinir. Ekki er um að ræða undantekningarákvæði heldur frávik í þeim skilningi að ríkissáttasemjari getur valið að fara þessa leið þegar honum þykir það henta. Kostnaður við almenna póstatkvæðagreiðslu um miðlunartillögu yrði greiddur af ríkinu og bókfærður hjá embætti ríkissáttasemjara og felst því jafnframt í ákvæðinu efnisleg lagaheimild fyrir ríkissáttasemjara til að efna til slíks kostnaðar sem greiddur yrði samkvæmt fjárlögum ríkisins. Póstatkvæðagreiðslan er að sjálfsögðu leynileg og skrifleg í samræmi við grunnreglu 5. málsl. 3. mgr. Að þessum þætti verður því að huga við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni í ljósi þeirrar reynslu sem skapast.

Í 4. málsl. 3. mgr. er almenn heimild ríkissáttasemjara til þess að setja nánari fyrirmæli um tilhögun atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu og er hún efnislega sú sama og fram kemur í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 33/1978. Ákvæðið gildir um kjörfundaratkvæðagreiðslu og eftir atvikum utankjörfundaratkvæðagreiðslu jafnt sem um almenna póstatkvæðagreiðslu innan þess ramma sem fyrrgreind ákvæði setja.

Í 5. málsl. 3. mgr. er tekin upp óbreytt grunnreglan um skriflega og leynilega atkvæðagreiðslu sem nú er í 5. mgr. 9. gr. laga nr. 33/1978.

Um k-lið (30. gr.).

Við lögin bætist ný 30. gr. sem er samhljóða 11. gr. laga nr. 33/1978.

Um l-lið (31. gr.).
Við lögin bætist ný 31. gr. sem felur í sér töluverða efnisbreytingu og einföldun á reglu 12. gr. laga nr. 33/1978, um sáttastörf í vinnudeilum, sem fjallar um úrslit atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu. Gerð er sú tillaga að bæði þurfi meiri hluta greiddra atkvæða og þriðjung atkvæða samkvæmt atkvæða- og félagaskrá til þess að fella miðlunartillögu. Um rökstuðning fyrir breytingunni vísast til almennra athugasemda.

Um m-lið (32. gr.).
Við lögin bætist ný 32. gr. sem er samhljóða 13. gr. laga nr. 33/1978.

Um n-lið (33. gr.).
Við lögin bætist ný 33. gr. sem er samhljóða 14. gr. laga nr. 33/1978.

Um o-lið (34. gr.).
Við lögin bætist ný 34. gr. sem er samhljóða 15. gr. laga nr. 33/1978.

Um p-lið (35. gr.).
Við lögin bætist ný 35. gr. sem er efnislega samhljóða 16. gr. laga nr. 33/1978.

Um q-lið (36. gr.).
Við lögin bætist ný 36. gr. sem er samhljóða 17. gr. laga nr. 33/1978.

Um r-lið (37. gr.).
Við lögin bætist ný 37. gr. sem er samhljóða 18. gr. laga nr. 33/1978.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. 39. gr. laganna er tekið upp heitið Vinnuveitendasamband Íslands í stað Vinnuveitendafélag Íslands og orðið félagsmálaráðherra í stað atvinnumálaráðherra.

Bætt er við nýjum 3. málsl. í 1. mgr. í samræmi við úrskurð Félagsdóms frá 10. október 1994 í máli nr. 11/1994, sbr. og 2. mgr. 27. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Með því verður ljóst að jafnræði er um rétt aðila á vinnumarkaði að því er varðar skipun eða tilnefningu dómara. Stéttarfélag á almennum vinnumarkaði, sem er utan landssambands eða heildarsamtaka, getur samkvæmt þessu tilnefnt dómara þegar það er málsaðili. Samkvæmt orðalagi gildandi ákvæðis hafa einungis ófélagsbundnir atvinnurekendur þennan rétt, sem og stéttarfélög utan heildarsamtaka samkvæmt lögum nr. 94/1986. Breytingin er í samræmi við ríkjandi hæfissjónarmið sem meiri hluti Félagsdóms hefur staðfest, auk þess sem líta má á regluna sem staðfestingu réttar stéttarfélaga til þess að vera utan sambanda og samtaka.

2. mgr. er óbreytt frá gildandi lögum.

Í 3. mgr. er heitið Samtök iðnaðarins tekið upp í stað Landssamband iðnaðarmanna og Félag íslenskra iðnrekenda.

Um 8. gr.

Í greininni er lögð til orðalagsbreyting í 1. málsl. 40. gr. laganna sem leiðir af því að félagsmálaráðherra fer nú með vinnumarkaðsmál sem atvinnumálaráðherra fór áður með, sbr. lög nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, með síðari breytingum, og reglugerð nr. 96/1969, með síðari breytingum.

Um 9. gr.

Samkvæmt greininni bætist ný málsgrein við 56. gr. laganna. Nauðsynlegt er vegna sönnunaraðstöðu annars vegar og trúnaðarskyldu hins vegar að veita skattyfirvöldum lagaheimild til þess að veita aðilum máls upplýsingar, sem að öðru leyti eru trúnaðarmál, hvað varðar skilyrði fyrir stofnun vinnustaðarfélags í tilteknu fyrirtæki og réttarstöðu þess sem stéttarfélags, sbr. 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins (2. gr. laganna). Ef aðili á lögvarða hagsmuni af svari er skattyfirvöldum skylt að veita nauðsynlegar upplýsingar. Mundu aðilar geta lagt slík gögn fram í Félagsdómi ef á þyrfti að halda. Ef ágreiningur um réttarstöðu vinnustaðarfélags sem stéttarfélags er borinn undir Félagsdóm í tengslum við samningsumboð eða verkfallsrétt er litið til upplýsinga 12 mánuði aftur í tímann, enda er með orðunum „að jafnaði“ í 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins (2. gr. laganna) átt við það tímabil.

Um 10. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að ný málsgrein bætist við 70. gr. laganna. Er um að ræða undantekningu frá reglu þeirrar greinar um að brot á lögunum geti varðað sektum auk bóta. Brot, sem hér er fjallað um, eru samkvæmt því ekki refsinæm og er þar fylgt ábendingu danskra fræðimanna um að þau skuli aðeins varða bótum. Félagsdómur dæmir um slík mál og renna bætur til málsaðila, sbr. 45. gr. laganna, nema hann geri kröfu um annað.

Hér á beinlínis við ákvæði 1. mgr., sbr. 3. mgr., 23. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993. Er því aðeins unnt að krefja starfsmann um bætur að því marki sem telja má sanngjarnt þegar litið er til sakar og stöðu starfsmannsins og atvika að öðru leyti vegna kröfu atvinnurekanda á hendur starfsmanni vegna tjóns sem hann veldur atvinnurekanda í starfi sínu. Samkvæmt skýringum, sem fylgdu þessum ákvæðum frumvarps sem varð að skaðabótalögum, tekur ákvæðið, sem er almennt orðað, einnig til ábyrgðar sem stofnast ef starfsmaður vanefnir vinnusamning, t.d. með því að hverfa á brott án þess að gæta ákvæða um uppsagnarfrest. Hér sé um að ræða vægari bótareglu en áður gilti um ábyrgð starfsmanna eftir almennum bótareglum. Á þetta því vel við um nýja aðildarreglu 3. gr. frumvarpsins (um nýja 2. mgr. 8. gr. laganna) miðað við danska réttarframkvæmd sem hér er höfð til hliðsjónar, sbr. og skilgreiningu vinnustöðvunar samkvæmt nýju ákvæði 5. gr. frumvarpsins (19. gr. laganna).

Málsbætur og íþyngjandi atvik geta haft áhrif á fjárhæð bóta, enda er samkvæmt fyrirmyndinni um viðurlagakenndar bætur að ræða en ekki hreinar skaðabætur. Byggt er á svipuðum sjónarmiðum við skýringu 26. gr. skaðabótalaga sem einnig fjallar um bætur sem ekki er fyrst og fremst ætlað að bæta fjárhagslegt tjón. Jafnframt á hér við almenn lækkunarregla 24. gr. skaðabótalaga, enda réttlæta sérstök sjónarmið á sviði vinnumarkaðsréttar að litið sé til atvika og aðstæðna sem þar eru greind. Samkvæmt þeim skulu bætur metnar að álitum miðað við atvik, hagsmuni, saknæmi og launataxta, en einnig má hafa nokkra hliðsjón af raunverulegu tjóni.

Ætlast til þess að höfð verði hliðsjón af danskri réttarframkvæmd við framkvæmd reglunnar enda er fyrirmyndin dönsk. Í Danmörku er til að mynda byggt á því í sambærilegum lögum að skaðabótaréttarleg sjónarmið ráði ekki úrslitum en hafa megi tjón til hliðsjónar við ákvörðun bóta. Þar er byggt á mannlegum sjónarmiðum fremur en fjármunaréttarlegum við ákvörðun bótagrundvallar og fjárhæðar bóta. Að því leyti yrðu mál og niðurstöður Félagsdóms tilvikabundnar. Á hinn bóginn er ekki óeðlilegt að gera ráð

fyrir að sams konar venja myndist um almennar reglur við ákvörðun bóta og jafnvel fasta bótataxta eins og tíðkast í framkvæmd Arbejdsdomstolen í Danmörku á slíkum lagareglum. Ekki er ólíklegt að sams konar dómvenjur myndist hér og í Danmörku. Í því sambandi er sérstök áhersla lögð á þá meginreglu þar í landi að stuttar vinnustöðvanir eða aðrar skyndilegar ólögmætar aðgerðir varði ekki bótum — enda þótt þær séu ólögmætar í sjálfu sér. Undantekningar eru þó gerðar frá þeirri meginreglu. Í fyrsta lagi varðar það samt sem áður bótum ef um endurteknar og skipulagðar aðgerðir er að ræða. Í öðru lagi er gerð undantekning frá þeirri meginreglu um bótaleysi við stuttar aðgerðir ef ekki er réttmæt ástæða til vinnustöðvunar, en þar er rúmur skilningur lagður í hugtakið réttmæta ástæðu — út frá huglægum sjónarmiðum launafólks. Ef vinnustöðvun dregst á hinn bóginn getur hún varðað bótum frá upphafi.

Ólögmæti aðgerða sem hér um ræðir ræðst fyrst og fremst af kjarasamningum og almennum reglum. Því er ekki um að ræða íhlutun í samskipti aðila á vinnumarkaði heldur lagareglur um réttarvörslu lögmætra hagsmuna. Í Danmörku er það til að mynda talið til eftirfarandi samningsbrots ef samningsaðili bætir einstökum félagsmönnum sínum eða aðilum tjón vegna dæmdra bóta, enda er í því fólginn stuðningur við ólögmætar aðgerðir. Varðar slíkt eftirfarandi samningsbrot háum bótum til gagnaðila, þ.e. samtaka á sama stigi, sem er málsaðili. Bæturnar geta þó runnið til raunverulegs aðila í stað þess sem fer með málsóknarumboð fyrir hann skv. 45. gr. laganna.

Stefnandi ber sönnunarbyrði fyrir bótagrundvellinum, sbr. meginreglur íslensks réttar. Að öðru leyti er ætlast til að skýring ákvæðanna ráðist af réttarframkvæmd sem aðilar á vinnumarkaði móta sjálfir — eftir atvikum með fulltingi Félagsdóms.

Taka ber fram að ætlast er til að lög nr. 28/1930, um greiðslu verkkaups, eigi við um ábyrgð einstakra launamanna samkvæmt þessari grein frumvarpsins; því er skuldajöfnuður vegna bóta óheimill, sbr. niðurlag 1. mgr. 1. gr. laga nr. 28/1930. Á hinn bóginn eru dómar og úrskurðir Félagsdóm aðfararhæfir í þessu efni eins og að öðru leyti, sbr. 2. mgr. 65. gr. laganna.

Um 11. gr.

Í 2. mgr. er tekið fram með skýrum hætti að III. kafli laganna með efnisákvæðum gildandi laga nr. 33/1978, um sáttastörf í vinnudeilum, skuli eftir því sem við á taka til opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Við gildistöku laganna falla úr gildi lög nr. 33/1978, um sáttastörf í vinnudeilum. Þrátt fyrir það hefur sú breyting sem slík engin áhrif á stöðu og valdsvið ríkissáttasemjara eða starfsmanna hans. Hér er til að mynda átt við lög nr. 34/1977, um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins.

Eftir staðfestingu laganna er gert ráð fyrir að meginmál þeirra verði fellt inn í gildandi lög og þau gefin út svo breytt.

Fylgiskjal I.

SAMSKIPTAREGLUR Á VINNUMARKAÐI
Áfangaskýrsla vinnuhóps félagsmálaráðherra.
(Félagsmálaráðuneyti — nóvember 1995.)

I. Inngangur.

Hinn 4. október 1994 skipaði félagsmálaráðherra vinnuhóp til að fjalla um samskiptareglur á vinnumarkaði.

Í vinnuhópinn voru skipuð:

Fulltrúar Alþýðusambands Íslands:
Benedikt Davíðsson, forseti ASÍ, og
Bryndís Hlöðversdóttir, lögfræðingur ASÍ.
Til vara:
Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, 1. varaforseti ASÍ, og
Ari Skúlason, framkvæmdastjóri ASÍ.

Fulltrúi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja:
Ögmundur Jónasson, formaður BSRB.
Til vara:
Svanhildur Halldórsdóttir, skrifstofustjóri BSRB.

Fulltrúi fjármálaráðuneytis:
Birgir Guðjónsson, skrifstofustjóri starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins.
Til vara:
Gunnar Björnsson, deildarstjóri í starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins.

Fulltrúi Vinnumálasambandsins:
Árni Benediktsson, formaður VMS.
Til vara:
Jóngeir Hlinason, framkvæmdastjóri VMS.

Fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands:
Þórarinn V. Þórarinsson, framkvæmdastjóri VSÍ.
Til vara:
Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur VSÍ.

Félagsmálaráðherra skipaði Gylfa Kristinsson, deildarstjóra í félagsmálaráðuneytinu, formann vinnuhópsins. Í maí 1995 var Gísli Tryggvason laganemi skipaður ritari vinnuhópsins og Jón Sveinsson lögmaður lögfræðilegur ráðunautur hópsins.

Í skipunarbréfi kemur fram að vinnuhópnum er falið að kynna sér þróun samskiptareglna samtaka atvinnurekenda og launafólks í öðrum löndum og bera þróunina saman við stöðu mála hérlendis. Fyrir hópinn er lagt að taka saman skýrslu um niðurstöðuna af athugun sinni. Ef í ljós kemur að breyta þurfi íslenskri löggjöf er hópnum falið að setja fram tillögur um það efni.

Vinnuhópur um samskiptareglur á vinnumarkaði hefur fram til þessa haldið 34 fundi. Á fyrstu fundum vinnuhópsins áttu sér stað almennar umræður um samskiptareglur aðila vinnumarkaðarins á Íslandi. Í framhaldi af þeim var talin ástæða til þess að taka til sérstakrar athugunar reglur um gerð kjarasamninga og vinnustöðvun. Hefur víða verið leitað fanga um heimildir til samanburðar í þessu efni.

Vinnuhópurinn telur að um fleiri en eina leið sé að velja hvað varðar fyrirkomulag samninga um kaup og kjör launafólks. Nefna má í fyrsta lagi þann kost að byggja á einstaklingsbundnum samningum launafólks við atvinnurekendur án þátttöku stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda svo sem gert er á Nýja-Sjálandi. Í öðru lagi er sú leið að stéttarfélög standi að gerð kjarasamninga fyrir hönd launafólks. Hér á landi og í nágrannalöndunum hefur verið miðað við það skipulag og það er sá grundvöllur sem gildandi löggjöf hvílir á. Vinnuhópurinn telur rétt að byggja áfram á því skipulagi.

Samstaða er því um það innan vinnuhópsins að fjalla fyrst og fremst um samskiptareglur samtaka launafólks og atvinnurekenda enda telur vinnuhópurinn að vinnulöggjöf eigi að taka mið af skipulögðum samtökum.

Vinnuhópurinn telur að vinnulöggjöf eigi að setja samskiptum þessara aðila ramma sem efli ábyrgð þeirra sem samningsaðila og auðveldi gerð kjarasamninga, stuðli að ásættanlegu jafnræði og skilyrðum fyrir sáttum um kaup og kjör. Það er ekki síður markmið að draga svo sem kostur er úr hættu á átökum og tjóni af völdum deilna launafólks og atvinnurekenda svo og að tryggja stöðu og réttindi launafólks til að semja sameiginlega.

Í samræmi við framanritað hefur hópurinn einkum litið til þess hvort setja megi nánari reglur um verklag og vinnubrögð við gerð kjarasamninga þar sem höfuðábyrgð verði þó lögð á sjálfstæði, frumkvæði og ábyrgð samningsaðila en þess jafnframt freistað að færa í skipulegra horf þann viðræðuferil sem óhjákvæmilega verður að eiga sér stað sem undanfari hverra kjarasamninga. Hefur m.a. verið unnið út frá því sjónarmiði að samningsferillinn hefjist fyrr og að honum ljúki fyrr en tíðkast hefur miðað við lausn samninga.

Að mati vinnuhópsins er eðlilegt að samræma eftir föngum reglur sem gilda hjá opinberum starfsmönnum og á almennum vinnumarkaði um gerð kjarasamninga og verkfallsrétt. Í því sambandi þarf að fjalla um rétt launafólks til þess að skipuleggja sig í stéttarfélög sem taka til starfsmanna á einum vinnustað eða hjá sama atvinnurekanda ef slíkum rétti er til að dreifa að gildandi lögum. Vera kann að rétt sé að hafa sérreglur sem miðaðar séu við eðli tiltekinna starfa.

Með þessari áfangaskýrslu vill vinnuhópurinn greina ráðherra frá umfjöllun hópsins og athugunum fram til dagsetningar þessarar áfangaskýrslu. Engar endanlegar niðurstöður liggja fyrir en stefnt er að því að kynna málið á vettvangi þeirra samtaka sem að málinu koma. Hópurinn telur mikilvægt að breytingar á samskiptareglum séu gerðar í sem mestri sátt.

II. Gerð kjarasamninga.

A. Almennt.

Eitt mikilvægasta hlutverk stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda er að gera sín á milli kjarasamninga sem gildi í skiptum umbjóðenda þeirra á samningstímabili. Formbundnar reglur um gerð kjarasamninga eru ekki margþættar fyrr en kemur til boðunar vinnustöðvana. Þá kemur til kasta laga um stéttarfélög og vinnudeilur, laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna og laga um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins svo og laganna um sáttastörf í vinnudeilum en samkvæmt þeim tekur ríkissáttasemjari við stjórn viðræðna um leið og verkfall er boðað. Venjulega hafa samningar þá verið lausir um alllanga hríð.

Fjöldi samningsaðila á vinnumarkaði er mjög mikill og má ætla að stéttarfélög með sjálfstæðan samningsrétt séu nokkuð á fjórða hundrað. Samningar þessara félaga eru þó mun fleiri, m.a. vegna mismunandi viðsemjenda í hópi atvinnurekenda. Hópurinn telur ekki koma til álita að hlutast til um skipulag samtaka á vinnumarkaði að þessu leyti en viðurkennir jafnframt að þessi mikli fjöldi viðsemjenda getur gert samningaviðræður margþættar og langvinnar. Af þessu leiðir að langur tími kann að líða frá því að kjarasamningar losna þar til fyrstu samningar eru gerðir og enn lengri uns síðustu samningar nást. Þetta er því óheppilegra í ljósi þess að almenn sátt hefur að jafnaði verið um að gildistíma kjarasamninga ljúki yfirleitt á sama tíma — og það eins þótt þeir séu gerðir á mismunandi tímum. Iðulega kvarta stéttarfélög yfir því að raunverulegar viðræður hefjist ekki fyrr en seint og um síðir, hvorki til þess að ræða innri mál né til þess að hafa áhrif á mótun almennrar kjarastefnu. Þá getur reynst erfitt að marka launastefnu sem víðtæk sátt næst um þegar samningar dreifast á langt tímabil. Ómarkviss vinnubrögð við kjarasamninga leiða til óvissu á vinnumarkaði og geta haft slæm áhrif á framkvæmdir og atvinnustarfsemi.

Í ljósi þess sem nú er rakið hefur hópurinn lagt höfuðáherslu á að kanna leiðir til að skipuleggja kjaraviðræður þannig að þær taki sem skemmstan tíma og að allir meginhópar undirbúi gerð kjarasamninga samtímis. Til þess þarf að setja viðræðum um endurnýjun kjarasamninga tiltekið form með markmiðum um það hvenær einstökum þáttum í samningaferlinum verði lokið.

Hópurinn telur óhjákvæmilegt að samtök vinnumarkaðarins hafi sem mest frumkvæði og ábyrgð á skipulagi viðræðna hverju sinni enda eiga engir meira undir því að vel takist til en umbjóðendur þessara samtaka. Ábyrgð þeirra er því mikil og hvorki æskilegt né eðlilegt að láta aðra axla hana.

Augljóst er að markmið beggja samningsaðila er jafnan að ná samningum sem stuðli að vexti og viðgangi atvinnulífs og velmegun starfsmanna og að friðsamleg samskipti séu keppikefli beggja aðila. Í ljósi þessa telur hópurinn rétt að setja skýrar reglur um skyldu samtaka vinnumarkaðarins til að setja sér markmið um vinnulag við gerð samninga og um það hvaða tíma ætla skuli til samningsgerðarinnar hverju sinni.

Vinnuhópurinn hefur í ljósi framangreindra markmiða leitast við að setja fram hugmyndir um feril sem auðveldar gerð kjarasamninga á vinnumarkaði.

B. Viðræðuáætlun.

Samstaða er um það í vinnuhópnum að æskilegt sé að afmarka hverju sinni þann tíma sem ætlaður er til endurnýjunar kjarasamninga fyrir komandi samningstímabil með því að gera sérstaka skriflega viðræðuáætlun með tímasetningum um kjaraviðræður þannig að séð verði fyrir endann á þeim.[1]

Í viðræðuáætlun verði fyrst og fremst lögð áhersla á vinnulag við gerð kjarasamninga en ekki efnislega þætti væntanlegra viðræðna. Umfjöllun um einstök viðfangsefni skal hins vegar ætlaður tími í viðræðuáætlun eftir því sem samkomulag verður um hverju sinni.

---

[1] Í þessu sambandi hefur verið litið til fyrirkomulags í Danmörku þar sem tíðkast hefur að aðilar geri viðræðuáætlun hverju sinni vegna væntanlegra kjaraviðræðna.

Eins og fyrr segir telur hópurinn æskilegt að stuðla að því að formlegar viðræður hefjist fyrr en oftast hefur verið. Keppikefli samningsaðila eigi að vera að nýr samningur liggi fyrir þegar gildistíma eldri kjarasamninga lýkur. Að mati hópsins stuðlar viðræðuáætlun að því að kjaraviðræður hefjist áður en samningar losna. Einnig að þær fari að mestu fram samtímis og að þeim ljúki fyrr en tíðkast hefur.

Markmið viðræðuáætlunar er að skapa samfelldan ramma um allar kjaraviðræður, hvort heldur þar komi að samtök á opinberum markaði eða einkamarkaði, innan eða utan heildarsamtaka. Einnig að setja því tímamörk hvenær stefnt er að lokum kjarasamninga hverju sinni svo að samningaviðræður einstakra hópa dragist ekki langt fram eftir því samningstímabili sem í hönd fer. Viðræðuáætlun hlýtur því að vera formleg og staðfest og gefin út með þeim hætti að hún taki til allra samningsaðila sem vilja endurnýja kjarasamning hverju sinni og eiga rétt á að beita vinnustöðvunum til að knýja gagnaðila til samninga.

Ríkissáttasemjara er að lögum ætlað það hlutverk að greiða fyrir gerð kjarasamninga milli samtaka launafólks og atvinnurekenda og hann hefur samkvæmt gildandi löggjöf allvíðtækar heimildir til þess að hlutast til um samningaviðræður eftir að vinnustöðvun er boðuð. Hins vegar hefur hann að óbreyttri löggjöf þrengri stöðu til að hlutast til um viðræður milli aðila á fyrri stigum.[2] Vinnuhópurinn telur æskilegt að auka þátt sáttasemjara í skipulagi samningaviðræðna áður en til átaka kemur. Því er um margt eðlilegt að ætla honum sem hlutlausum aðila hlutverk við undirbúning og gerð áætlunar um viðræður samningsaðila í tilefni af endurnýjun kjarasamninga. Hópurinn telur hins vegar hvorki æskilegt né eðlilegt að létta ábyrgð eða frumkvæðisskyldu af samningsaðilum. Því hljóti þeir fyrst og fremst að þurfa að komast að samkomulagi um efni og tímasetningar viðræðuáætlana.

Þetta má gera á eftirfarandi hátt:

Þremur mánuðum áður en almennir kjarasamningar eru lausir boðar sáttasemjari á sinn fund fulltrúa heildarsamtaka á vinnumarkaði til þess að undirbúa áætlun um viðræður vegna endurnýjunar kjarasamninga fyrir komandi samningstímabil.

Til að auðvelda gerð viðræðuáætlunar sýnist óhjákvæmilegt og raunar eðlilegt að ætla heildarsamtökum á vinnumarkaði í samráði við aðildarfélög sín frumkvæðis- og forustuhlutverk í þessu efni þannig að þeim beri að semja viðræðuáætlun og kynna hana sáttasemjara. Sáttasemjari kynni síðan tillögu samtakanna og efni hennar fyrir öðrum þeim sem telja sig málið varða, taki afstöðu til athugasemda og gefi síðan að höfðu samráði við heildarsamtökin út viðræðuáætlun fyrir þær viðræður sem í hönd fara til undirbúnings að endurnýjun þágildandi kjarasamninga.

Ríkissáttasemjari tekur á móti tillögu samtakanna, kynnir efni hennar fyrir öðrum þeim sem telja sig málið varða og tekur afstöðu til athugasemda. Í síðasta lagi tveimur mánuðum áður en kjarasamningar losna gefur ríkissáttasemjari síðan að höfðu samráði við heildarsamtökin út viðræðuáætlun fyrir viðræður vegna komandi kjarasamninga.

---

[2] Í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 33/1978 um sáttastörf í vinnudeilum er ákvæði sem heimilar sáttasemjara að taka í sínar hendur stjórn samningaviðræðna ef hann telur það heppilegt. Framkvæmdin hefur orðið sú að ekki kemur til kasta sáttasemjara fyrr en deilu hefur formlega verið vísað til hans, sbr. 3. mgr. 5. gr.

Í viðræðuáætlun komi fram hvenær samningsaðilar tilkynna gagnaðila hver fari með samningsumboð í komandi samningaviðræðum og hvenær meginmarkmið samningsaðila eru kynnt. Þar sé einnig greint frá því hvenær óskir um breytingar á einstökum ákvæðum kjarasamninga komi fram, hvenær samningum skuli lokið og hvenær vinnudeila er tekin til meðferðar hjá sáttasemjara.

Sáttasemjari fylgist síðan með því að allir samningsaðilar eigi kost á að fylgja viðræðuáætlun þannig að tryggt sé að allir sem óska þess að endurnýja kjarasamninga geti hafið efnislegar viðræður í því skyni.

C. Miðlunartillaga og tengingarregla.

1. Almennt.

Svo sem fyrr segir telur vinnuhópurinn það kappsmál að kjaraviðræður allra stétta og starfshópa fari að mestu fram samtímis, bæði til þess að tryggja öllum aðild að viðræðum og stefnumótun og eins til þess að stuðla að því að kjaraviðræður einstakra hópa dragist ekki úr hömlu. Viðræðuáætlun sú sem áður er gerð að umtalsefni miðar að þessu og er þá gert ráð fyrir að áætlunin setji viðmið fyrir því hvenær samningum skuli lokið.

Þótt æskilegt sé að samningaviðræðum ljúki svo fljótt að einn samningur geti tekið við af öðrum er ekki unnt að ganga út frá því sem vísu að svo verði. Þvert á móti bendir reynslan til þess að samningar takist ekki fyrr en einhver tími er liðinn eftir að samningar losna. Mun raunar ekki óþekkt viðhorf að stéttarfélögunum sé ekki mögulegt að semja af styrk nema hugsanleg vinnustöðvun eða aðrar aðgerðir vofi yfir; möguleikinn á að beita henni sé nauðsynleg forsenda árangursríkra samningaviðræðna. Vegna þessa telur hópurinn augljóst að ætla verði nokkurn tíma eftir að samningar losna fyrir samningsaðila til að ná saman áður en þess er freistað að ná sáttum með atbeina sáttasemjara. Er þá sérstaklega litið til heimilda hans samkvæmt gildandi lögum til þess að leggja fram formlegar miðlunartillögur sem geta tekið til deilna mismunandi hópa.

Samkvæmt gildandi lögum[3] er sáttasemjara heimilt að bera fram eina miðlunartillögu til lausnar vinnudeilu er taki til fleiri en eins deiluaðila. Skilyrði eru að tvö eða fleiri félög eða félagasambönd eigi saman í deilu og að samráð sé haft við samninganefndir. Er sáttasemjara einnig heimilt að efna til sameiginlegrar atkvæðagreiðslu þótt hann beri fram fleiri en eina miðlunartillögu enda sé það gert samtímis.

Sáttasemjari getur þannig ákveðið að atkvæðagreiðsla verði sameiginleg fyrir fleiri félög þannig að heildarniðurstaða ráði úrslitum án tillits til úrslita í atkvæðagreiðslu einstakra félaga. Þetta getur hann gert hvort heldur borin er fram ein miðlunartillaga sem tekur til deilna fleiri félaga eða þótt tillögurnar séu fleiri ef þær eru bornar fram samtímis.

Þótt þessum reglum hafi ekki verið beitt mikið eru þess dæmi að sáttasemjari hafi borið fram miðlunartillögur sem taka til samkynja deilna fleiri félaga, jafnvel félaga í mismunandi landssamböndum. Þá eru þess einnig dæmi að sáttasemjari hafi borið fram miðlunartillögu sem náði til yfirgnæfandi hluta vinnumarkaðarins þar sem í reynd var byggt á samkomulagi aðila um alla höfuðdrætti deilunnar. Sáttatillagan var því í raun form um samningsniðurstöðu og sett fram til að niðurstaða fengist á sama tíma og samkvæmt sömu reglum um form atkvæðagreiðslu og þátttöku hjá öllum aðilum. Sama tillaga var borin undir alla en sáttasemjari ákvað að talið skyldi sjálfstætt í hverju félagi.

---

[3] Sbr. 3. og 4. mgr. 9. gr. laga nr. 33/1978, um sáttastörf í vinnudeilum.

Engin ákvæði hindra sáttasemjara í þessu efni og hann hefur heimild til að láta telja sameiginlega þannig að sameiginlegt atkvæðamagn ráði úrslitum ef hann telur það henta.

Samkvæmt framangreindum ákvæðum laga um sáttastörf í vinnudeilum eru engin formleg takmörk við því hvenær sáttasemjari getur tengt lausnir mismunandi deilna saman með einni sameiginlegri miðlunartillögu eða mismunandi tillögum sem samt eru afgreiddar í einni sameiginlegri atkvæðagreiðslu. Raunar er ekki skilyrði að viðræður hafi farið fram en þó ber sáttasemjara að ráðgast við deiluaðila áður en hann setur fram tillögur af þessum toga þar sem að því er stefnt að tengja saman lausnir fleiri deilna.

Í Danmörku er löng hefð fyrir því að tengja saman réttaráhrif viðræðuáætlunar og formlegra afskipta sáttasemjara. Með löggjöf er þar tryggt að sáttasemjari geti haft frumkvæði að því að allir þeir hópar sem tengst hafa kjaradeilu vegna endurnýjunar samninga taki sameiginlega afstöðu til þeirrar niðurstöðu sem fæst í samningaviðræðum. Þannig hefur verið algengast að sáttasemjari leggi fram eina allsherjartillögu til lausnar öllum yfirstandandi kjaradeilum. Tillaga sáttasemjara byggir að jafnaði á höfuðlínum sem verða til í kjarasamningum en samningarnir eru felldir inn í tillöguna og skoðast hluti hennar. Eiginleg miðlun nær aðeins til þeirra hópa sem ekki hafa lokið samningum á meðan á viðræðum stóð — þrátt fyrir milligöngu sáttasemjara. Tillaga sáttasemjara að heildarlausn kjaradeilna hefur því næst verið lögð fyrir alla, sem hafa átt aðild að félögum sem að deilunum stóðu, með sameiginlegri atkvæðagreiðslu.

Þessi aðferð hefur verið nefnd tenging[4] og byggir á þeirri afstöðu að æskilegt sé að ljúka kjaradeilum samtímis og þannig að allir hópar taki samtímis sameiginlega afstöðu til mála. Gagnrýnendur benda á að með þessu móti sé svigrúm smærri hópa til þess að knýja fram aðra niðurstöðu en almennt gerist mjög skertir en meðmælendur benda einmitt á það sem rök fyrir þessu fyrirkomulagi.

Vinnuhópurinn hefur ekki tekið afstöðu til þess hvort svo rúmar heimildir fyrir sáttasemjara séu æskilegar við íslenskar aðstæður. Í öllu falli leggur hópurinn áherslu á að áður en til þess komi að sáttasemjari felli hópa undir sameiginlega miðlunartillögu verði að vera tryggt að þeir hafi fengið tækifæri til viðræðna við sína viðsemjendur og jafnframt átt þess kost að þrýsta á um kröfur sínar með vinnustöðvun — en sú trygging er ekki fyrir hendi í gildandi lögum. Þá telur hópurinn orka mjög tvímælis að sáttasemjari hafi heimild til að láta greiða sameiginlega atkvæði um mismunandi tillögur þannig að sameiginleg úrslit ráði niðurstöðu eins og heimilt er samkvæmt íslenskum lögum.[5] Ef tengja eigi saman lausnir í deilum mismunandi hópa með sameiginlegri atkvæðagreiðslu sé að öllu leyti eðlilegra að það sé gert með einni tillögu sem atkvæði eru greidd um.[6] Einfalt sé að tilgreina sérákvæði fyrir einstaka hópa í mismunandi köflum miðlunartillögu svo sem venja hefur staðið til í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði. Þá er lögð sérstök áhersla á að hugmyndir um sameiginlega tillögu eða afgreiðslu samninga geta verið leið til að stuðla að því að samningar séu gerðir sem mest samtímis svo langvinnur óróleiki á vinnumarkaði skaði ekki langtímahagsmuni samningsaðila.

---

[4] Á dönsku er rætt um „sammenkædningsret".

[5] Sbr. nú 4. mgr. 9. gr. laga nr. 33/1978, um sáttastörf í vinnudeilum.

[6] Sá háttur er jafnan hafður á í Danmörku.

Þetta má gera með eftirfarandi hætti:

Hafi samningsaðilar hvorki komist að niðurstöðu innan þess tíma sem tilgreindur er í viðræðuáætlun né náð sáttum fyrir atbeina ríkissáttasemjara fyrir tiltekinn tíma metur sáttasemjari hvort rétt er að setja fram miðlunartillögu fyrir þá hópa sem í hlut eiga.

Ef sáttasemjari telur það geta leitt til friðsamlegrar samtímalausnar kjaramála er honum — að uppfylltum neðangreindum skilyrðum — heimilt að leggja fram eina sameiginlega miðlunartillögu þar sem sameiginlegt atkvæðamagn[7] ráði úrslitum um samþykkt eða synjun. Sáttasemjari metur þá í samræmi við neðangreind skilyrði hvort sameiginleg miðlunartillaga nær til allra hópa sem eru með lausa samninga eða hvort hann setur fram sérstaka miðlunartillögu fyrir tiltekin svið sem svo er ástatt um.

2. Skilyrði sameiginlegrar miðlunartillögu.

Vinnuhópurinn telur að eftirtalin meginskilyrði verði að vera uppfyllt til þess að sáttasemjara sé heimilt að bera fram eina sameiginlega miðlunartillögu:

1. Að viðræðutíma samkvæmt viðræðuáætlun sé lokið án þess að samningar hafi tekist.
2. Að samningar hafi verið lausir um tíma þannig að samningsaðilum hafi gefist kostur á að þrýsta á um kröfur sínar.
3. Að sáttasemjari telji að sameiginleg miðlunartillaga sé til þess fallin að leiða til friðsamlegrar samtímalausnar kjaramála.
4. Að eiginlegar og efnislegar viðræður hafi átt sér stað um framlagðar kröfur — þar á meðal sérmál[8] — eða að gefinn hafi verið kostur á viðræðum í samræmi við viðræðuáætlun.
5. Eftir að sáttasemjari hefur kynnt opinberlega hugmyndir sínar um að leggja fram sameiginlega miðlunartillögu gefist aðilum kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum um þær.

3. Kynning miðlunartillögu.

Í vinnuhópnum hefur verið minnst á erfiðleika sem tengjast því að enginn mælir fyrir samþykkt miðlunartillögu — jafnvel þvert á móti — enda getur sáttasemjari ekki verið í hlutverki málflytjanda. Í gildandi lögum[9] er sú regla að sjálfur texti miðlunartillögunnar í heild sinni skuli birtur félagsmönnum við atkvæðagreiðslu. Sambærilegt ákvæði er í dönskum lögum um sáttastörf í vinnudeilum. Aðila kjaradeilu er óheimilt samkvæmt dönskum lögum að vinna útdrátt úr miðlunartillögu fyrir félagsmenn sína. Vinnuhópurinn telur eðlilegt að sams konar regla sé áréttuð hér en sáttasemjara ætti á hinn bóginn

---

[7] Þ.e. heildarútkoma í atkvæðagreiðslu þeirra hópa sem sameiginleg miðlunartillaga nær til.

[8] Þannig er tryggður réttur — og skylda — hvers samningsaðila til þess að semja um sín sérmál og jafnframt virtur rétturinn til þess að grípa til aðgerða þeim til stuðnings eins og fyrr segir. Er það í samræmi við álit nefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um félagafrelsi, sbr. t.d. mál nr. 1725: Complaint against The Government of Denmark presented by The Danish Union of Journalists (DJ), Reports of the Committee on Freedom of Association (292nd and 293rd Reports), Official Bulletin, Vol. LXXVII, 1994, Series B, No. 1, Alþjóðavinnumálastofnunin, Genf 1994, greinar 225 og 226, bls 63.

[9] Sbr. 1. mgr. 10. gr. og 1. málsl. 2. mgr. 10. gr. laga 33/1978, um sáttastörf í vinnudeilum.

sem hlutlausum aðila að vera heimilt að draga fram meginatriði úr miðlunartillögu í samráði við aðila kjaradeilu til þess að auðvelda félagsmönnum þeirra að taka hlutlæga afstöðu til tillögunnar og áhrifa hennar á kjör þeirra og afkomu.

4. Atkvæðagreiðsla um miðlunartillögu.

Vinnuhópurinn hefur rætt ýmsar hugmyndir varðandi form atkvæðagreiðslu um sameiginlega miðlunartillögu fyrir samtök sem eiga samtímis í kjaradeilu.

Í gildandi lögum um sáttastörf í vinnudeilum kemur fram sú regla að hafi sáttasemjari borið fram miðlunartillögu, sem taki til fleiri en eins deiluaðila eða þeirra allra, fari atkvæðagreiðsla og talning atkvæða fram í sameiningu hjá öllum þeim félögum eða samböndum sem miðlunartillaga nær til. Sú regla gildir nú að sameiginlegt atkvæðamagn ræður úrslitum um samþykkt eða synjun sameiginlegrar miðlunartillögu sem sáttasemjari telur rétt að leggja fram og að tiltekið hlutfall félagsmanna þarf til að fella miðlunartillögu.[10]

Í lögunum er enn fremur fjallað um fyrirkomulag atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu. Þar er tekið fram að atkvæðagreiðsla skuli vera skrifleg og leynileg. Að öðru leyti kemur einungis fram að sáttasemjari ákveði í samráði við samninganefndir aðila hvenær og hvernig atkvæðagreiðsla skuli fara fram.[11] Þannig eru ekki í lögum reglur um það hvernig atkvæðagreiðslu skuli háttað. Um afgreiðslu á miðlunartillögu virðist einkum tvennt koma til greina, annaðhvort að það gerist með leynilegri atkvæðagreiðslu á kjörfundi sem standi í tiltekinn tíma eða með leynilegri almennri póstkosningu meðal félagsmanna. Báðar aðferðirnar eru þekktar. Æskilegt er að mati hópsins að settar verði skýrar formreglur um fyrirkomulag atkvæðagreiðslu.

D. Samningsumboð.

Í vinnuhópnum hefur verið rætt um að kveða skýrar á um samningsumboð og eru fulltrúar fylgjandi eftirfarandi hugmyndum í því efni.

Stéttarfélög séu lögformlegir samningsaðilar um kaup og kjör félagsmanna sinna við atvinnurekendur og samtök þeirra[12] enda hafi þau ákveðið í samþykktum sínum að láta þá starfsemi til sín taka.[13]

Samninganefnd sem kemur fram fyrir hönd samningsaðila við gerð kjarasamnings teljist hafa umboð til þess að setja fram tillögur að samningi, taka þátt í samningaviðræðum og undirrita kjarasamning fyrir hönd hlutaðeigandi félags eða samtaka. Samninganefnd geti falið sameiginlegri samninganefnd fleiri félaga eða sambanda umboð sitt til samningsgerðar að hluta eða að öllu leyti.[14] Þá verði samninganefnd heimilt að kveða á um sameiginlega atkvæðagreiðslu félagsmanna hlutaðeigandi félaga[15] eftir því sem nefnd-

---

[10] Sbr. 3. mgr. 9. gr. og 12. gr. laga nr. 33/1978 um sáttastörf í vinnudeilum.

[11] Sbr. 5. mgr. 9. gr. laga nr. 33/1978 um sáttastörf í vinnudeilum og 1. mgr. 9. gr. sömu laga.

[12] Orðalagið *atvinnurekendur og samtök þeirra* tekur einnig til samningsumboðs fyrir ríki og sveitarfélög — þar sem fjármálaráðherra, forseti Alþingis og sveitarstjórnir fara með fyrirsvar, sbr. nú 3. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

[13] Fyrirvari um umræddan tilgang í samþykktum á bæði við um stéttarfélög og samtök atvinnurekenda.

[14] Í slíkri ákvörðun um að fela öðrum umboð til samningsgerðar fælist ekki sjálfkrafa ákvörðun um sameiginlega atkvæðagreiðslu skv. 3. málsl.; sú ákvörðun væri tekin sérstaklega hverju sinni.

[15] Slíkt orðalag fæli einnig í sér heimild til þess að kveða á um sameiginlega atkvæðagreiðslu *samtaka*.

in kann að ákveða hverju sinni eða um kann að semjast með kjarasamningi.

Þegar samningur hefur verið undirritaður af samninganefndum samningsaðila gildi hann frá undirskriftardegi nema hann sé felldur í atkvæðagreiðslu innan fjögurra vikna frá undirritun, sé ekki á annan veg samið.

III. Aðgerðir í vinnudeilum.

Í könnun vinnuhópsins hefur komið fram að sums staðar erlendis virðist friður á vinnumarkaði fremur byggjast á samningum og samstarfsreglum milli aðila og langri hefð fyrir heildarlausn mála en settum lagareglum. Hér á landi hafa reglur um vinnudeilur lengi verið í lögum. Hópurinn telur ekki rétt að takmarka verkfallsrétt efnislega en eðlilegt að meðal formlegra skilyrða fyrir beitingu hans gildi ákveðnar málsmeðferðarreglur.

Þótt hópurinn telji að höfuðáherslu beri að leggja á skipulegan viðræðuferil sem stuðlað geti að gerð kjarasamninga án átaka milli samningsaðila verður ekki fram hjá því litið að þeir kunna að telja hagsmunum sínum betur borgið með því að efna til lögmætrar þvingunar á borð við verkfall eða verkbann. Hópurinn telur að sterk rök þurfi ef lögbinda ætti efnisleg takmörk við rétti stéttarfélags til að fylgja eftir lögmætum kröfum í vinnudeilum. Hins vegar sé eðlilegt að gera ríkar kröfur til þess að verkfalli eða verkbanni sé þá fyrst beitt þegar aðilar hafi látið á það reyna í viðræðum hvort ekki geti náðst niðurstaða þeirra í milli.

Samkvæmt gildandi löggjöf er ekkert sem knýr beinlínis á um að viðræður hafi farið fram milli aðila áður en verkfallsheimilda er leitað eða verkfall boðað. Sáttasemjara ber þá fyrst að taka deilu til sáttameðferðar þegar verkfall hefur verið boðað og ekkert segir í lögum um það hvort viðræður þurfi að hafa átt sér stað.

Þótt heimild gildandi laga til að boða verkfall sé bundin við að fylgja fram kröfum í kjaradeilum hefur leikið á tveimur tungum hversu skýr kröfugerðin þurfi að vera eða hvenær setja þurfi hana fram. Eina formlega takmörkunin er sú að óheimilt er að hefja vinnustöðvun til að þvinga stjórnvöld til að framkvæma athafnir sem þeim lögum samkvæmt ekki ber að framkvæma eða til að framkvæma ekki athafnir sem þeim lögum samkvæmt er skylt að framkvæma. Eðlilegt er að þessi formlega takmörkun sé áfram í lögum. Jafnframt er eðlilegt að kveða skýrt á um að kröfur verði að vera með þeim hætti að það sé lögmætt fyrir gagnaðila að verða við þeim.

Í ljósi þess hversu víðtækar afleiðingar boðun vinnustöðvunar getur haft á hagsmuni fjölda aðila verður að gera ríka kröfu til þess að þá fyrst sé gerður reki að vinnustöðvun þegar ljóst þykir af viðræðum að ekki náist samningar með friðsamlegum hætti. Hér er sérstaklega til þess að líta að boðun vinnustöðvana og framkvæmd þeirra hefur mikil áhrif á hagsmuni fjölda einstaklinga og fyrirtækja sem ýmist eiga beina aðild að deilunni eða verða fyrir áföllum vegna deilna sem þeir hafa engin áhrif á. Þolendur vinnustöðvana geta oft orðið fyrir meira tjóni en þeir sem að henni standa beint.

Af þessum sökum telur vinnuhópurinn rétt að gera það að formlegu skilyrði fyrir lögmætri ákvörðun um boðun verkfalls og verkbanns að viðræður hafi farið fram milli samningsaðila, kröfur hafi verið lagðar fram og milligöngu sáttasemjara hafi verið leitað — allt áður en ákvörðun er tekin um að boða vinnustöðvun. Þá og þá fyrst hafi þeir möguleika á að taka afstöðu til þess hvort rétt sé að semja á þeim grundvelli sem fram hafi komið í samningaviðræðum aðila eða hvort rétt sé að efna til vinnustöðvunar. Þá eigi tilboð hvors aðila að liggja fyrir með þeim hætti að hægt sé að leysa sig undan vinnudeilu með því að samþykkja tillögur gagnaðila.

IV. Niðurlag.

Hér að framan hefur vinnuhópurinn gert grein fyrir nýjum hugmyndum í sambandi við undirbúning og gerð kjarasamninga sem hann telur mikilvægt að fái sem fyrst umfjöllun í hlutaðeigandi samtökum. Hópurinn hefur lagt áherslu á umfjöllun um leiðir til að gera kjaraviðræður markvissari og styttri.

Ljóst er að huga þarf einnig að reglum um vinnudeilur, inntak þeirra og hvort efni séu til að setja nánari formreglur um ákvarðanir um verkfall og verkbann og framkvæmd vinnustöðvana.

Mismunandi reglur gilda um almennan vinnumarkað og þann opinbera að því er varðar skipulag stéttarfélaga.[16] Til umræðu er í vinnuhópnum hvort unnt sé að samræma þessar reglur.

Það er áréttað að hugmyndir í áfangaskýrslu vinnuhópsins þarf að ræða frekar áður en þær eru útfærðar nánar enda þarf víðtæk umræða að eiga sér stað um þetta efni. Ýmis atriði sem tengjast þessum hugmyndum hafa auk þess ekki enn verið rædd til hlítar og má þar nefna miðlun sáttasemjara og fyrirkomulag atkvæðagreiðslu um hana, boðun verkfalls og verkbanns, hlutverk ríkissáttasemjara í vinnudeilum og vinnustaðafyrirkomulag.

---

[16] Sbr. 2. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Sbr. á hinn bóginn 2. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, og dóm Félagsdóms frá 19. janúar 1994 í málinu nr. 1/1994.

Fylgiskjal II.

LÖG UM STÉTTARFÉLÖG OG VINNUDEILUR, NR. 80, 11. JÚNÍ 1938, MEÐ INNFELLDUM BREYTINGUM SAMKVÆMT FRUMVARPINU

I. KAFLI
Um réttindi stéttarfélaga og afstöðu þeirra til atvinnurekenda.

1. gr.

Rétt eiga menn á að stofna stéttarfélög og stéttarfélagasambönd í þeim tilgangi, að vinna sameiginlega að hagsmunamálum verkalýðsstéttarinnar og launtaka yfirleitt.

2. gr.

Stéttarfélag skal opið öllum sem uppfylla almenn skilyrði lögmætra samþykkta þess.

Félagssvæði stéttarfélags má aldrei vera minna en eitt sveitarfélag.

Starfsmönnum fyrirtækis, þar sem starfa að jafnaði a.m.k. 250 starfsmenn, er þó heimilt að stofna þar stéttarfélag, enda séu að lágmarki ¾ þeirra félagsmenn. Fer það þá eitt stéttarfélaga með samningsumboð fyrir starfsmenn.

3. gr.

Stéttarfélög ráða málefnum sínum sjálf með þeim takmörkunum, sem sett eru í lögum þessum. Einstakir meðlimir félaganna eru bundnir við löglega gerðar samþykktir og samninga félagsins og stéttarsambands þess, sem það kann að vera í.

Meðlimur stéttarfélags hættir að vera bundinn af samþykktum félags síns og sambands þess, þegar hann samkvæmt reglum félagsins er farinn úr því, en samningar þeir, sem hann hefur orðið bundinn af, á meðan hann var félagsmaður, eru skuldbindandi fyrir hann, meðan hann vinnur þau störf, sem samningurinn er um, þar til þeir fyrst gætu fallið úr gildi samkvæmt uppsögn.

4. gr.

Atvinnurekendum, verkstjórum og öðrum trúnaðarmönnum atvinnurekenda er óheimilt að reyna að hafa áhrif á stjórnmálaskoðanir verkamanna sinna, afstöðu þeirra og afskipti af stéttar- eða stjórnmálafélögum eða vinnudeilum með:

a. uppsögn úr vinnu eða hótunum um slíka uppsögn,
b. fjárgreiðslum, loforðum um hagnað eða neitunum á réttmætum greiðslum.

5. gr.

Stéttarfélög eru lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna, enda hafi félagið í samþykktum sínum ákveðið að láta starfsemi sína taka til slíkra málefna.

Samninganefnd eða fyrirsvarsmaður, sem kemur fram fyrir hönd samningsaðila við gerð kjarasamnings, hefur umboð til þess að setja fram tillögur að samningi, taka þátt í samningaviðræðum og undirrita kjarasamning fyrir hönd hlutaðeigandi félags eða samtaka. Samninganefnd er heimilt að fela sameiginlegri samninganefnd fleiri félaga eða

sambanda umboð sitt til samningsgerðar að hluta eða að öllu leyti. Þá er samninganefnd heimilt að kveða á um sameiginlega atkvæðagreiðslu félagsmanna hlutaðeigandi félaga eftir því sem nefndin kann að ákveða hverju sinni eða um kann að semjast með kjarasamningi.

Þegar kjarasamningur hefur verið undirritaður af til þess bærum fulltrúum samningsaðila gildir hann frá undirskriftardegi, nema hann sé felldur við leynilega atkvæðagreiðslu með meiri hluta greiddra atkvæða og minnst fimmtungi atkvæða samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá innan fjögurra vikna frá undirritun, sé ekki á annan veg samið. Fari fram almenn leynileg póstatkvæðagreiðsla meðal félagsmanna um gerðan kjarasamning gildir niðurstaða hennar óháð framangreindu. Nú tekur kjarasamningur einungis til hluta félagsmanna eða starfsmanna fyrirtækis og er þá heimilt að ákveða í kjarasamningi að þeir einir séu atkvæðisbærir um hann, enda komi þar skýrt fram hvernig staðið verði að atkvæðagreiðslu. Slíkur kjarasamningur telst þá því aðeins felldur að meiri hluti þátttakenda og minnst þriðjungur atkvæðisbærra greiði atkvæði gegn honum.

Skylt er samningsaðilum að stuðla að því að félagsmenn þeirra virði gerða kjarasamninga.

6. gr.

Allir samningar milli stéttarfélaga og atvinnurekenda um kaup og kjör verkafólks skulu vera skriflegir og samningstími og uppsagnarfrestur tilgreindur. Ella telst samningstími eitt ár og uppsagnarfrestur þrír mánuðir. Sé samningi ekki sagt upp innan uppsagnarfrests, telst hann framlengdur um eitt ár, nema annað sé ákveðið í samningnum sjálfum. Samningsuppsögn skal vera skrifleg.

7. gr.

Samningar einstakra verkamanna við atvinnurekendur eru ógildir að svo miklu leyti, sem þeir fara í bága við samninga stéttarfélags við atvinnurekandann, enda hafi félagið ekki samþykkt þá.

8. gr.

Stéttarfélög bera ábyrgðina á samningsrofum þeim, sem félagið sjálft eða löglega skipaðir trúnaðarmenn þess gerast sekir um í trúnaðarstörfum sínum fyrir félagið. Þó er ekki heimilt að gera aðför í fundarhúsum, sjúkrastyrktarsjóðum né slysa- og menningarsjóðum félaganna vegna þessarar ábyrgðar, enda séu eignir sjóðanna skýrt aðgreindar frá eignum félagsins og óheimilt að verja þeim til almennra þarfa þess. Á samningsrofum einstakra meðlima sinna ber félagið því aðeins ábyrgð, að því verði gefin sök á samningsrofinu.

Ófélagsbundnir atvinnurekendur og launamenn utan stéttarfélaga bera einir ábyrgð á samningsrofum af sinni hálfu. Nú er ekki sýnt fram á aðild samningsaðila að aðgerðum sem jafna má til vinnustöðvunar og ber félagsmaður þá sjálfur ábyrgð á þátttöku sinni í þeim.

9. gr.

Á hverri vinnustöð, þar sem a.m.k. 5 menn vinna, hefur stjórn stéttarfélags þess, sem á staðnum er í viðkomandi starfsgrein, rétt til að tilnefna 2 menn til trúnaðarmannsstarfa, úr hópi þeirra, sem á staðnum vinna. Skal atvinnurekandi samþykkja annan þeirra sem

trúnaðarmann stéttarfélagsins á vinnustöðinni. Trúnaðarmaður skal gæta þess, að gerðir vinnusamningar séu haldnir af atvinnurekanda og fulltrúum hans og að ekki sé gengið á félagslegan eða borgaralegan rétt verkamanna. Þetta ákvæði nær þó ekki til landbúnaðarverkafólks né áhafna skipa eða báta, sem ekki er skylt að lögskrá á.

Sjálfstæð vinnustöð telst í þessu sambandi sérhvert atvinnufyrirtæki, þar sem hópur manna vinnur undir stjórn sérstaks verkstjóra og flokksstjóra, svo sem: Verksmiðjur, fiskverkunarstöðvar, skipaafgreiðslur, skip, bifreiðastöðvar o.fl.

Verði ágreiningur á milli stéttarfélaga um, hvert þeirra skuli skipa trúnaðarmann, úrskurðar Alþýðusamband Íslands ágreininginn.

10. gr.

Verkamönnum ber að snúa sér til trúnaðarmanns stéttarfélagsins með umkvartanir sínar yfir atvinnurekanda og fulltrúum hans.

Strax og trúnaðarmanni hefur borist umkvörtun verkamanns eða hann telur sig hafa ástæðu til að ætla, að gengið sé á rétt verkamanns eða verkalýðsfélags á vinnustöð hans af hálfu atvinnurekandans eða fulltrúa hans, ber honum að rannsaka málið þegar í stað. Komist hann að þeirri niðurstöðu, að umkvartanir eða grunur hans hafi haft við rök að styðjast, ber honum að snúa sér til atvinnurekandans eða umboðsmanns hans með umkvörtun og kröfu um lagfæringu. Trúnaðarmönnum stéttarfélags ber að gefa félagi því, sem hefur valið þá, skýrslu um umkvartanir verkamanna strax og við verður komið. Enn fremur skulu þeir gefa félaginu skýrslu um það, sem þeir telja að atvinnurekandi eða fulltrúar hans hafi brotið af sér við verkamenn og félög þeirra.

11. gr.

Atvinnurekendum og umboðsmönnum þeirra er óheimilt að segja trúnaðarmönnum upp vinnu vegna starfa þeirra sem trúnaðarmanna eða láta þá á nokkurn annan hátt gjalda þess, að stéttarfélag hefur falið þeim að gegna trúnaðarmannsstörfum fyrir sig. Nú þarf atvinnurekandi að fækka við sig verkamönnum, og skal þá trúnaðarmaður að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni.

12. gr.

Nú vanrækir trúnaðarmaður störf sín samkvæmt lögum þessum að dómi stéttarfélags þess, sem hefur útnefnt hann og er þá stjórn viðkomandi stéttarfélags heimilt að svipta hann umboði sínu og tilnefna annan trúnaðarmann í hans stað úr hópi verkamanna á vinnustaðnum samkvæmt reglum 9. gr.

13. gr.

Heimilt er stéttarfélögum, eða stéttarfélögum og samböndum stéttarfélaga, að gera með sér samning um gagnkvæman stuðning. Er atvinnurekendum og öllum trúnaðarmönnum þeirra óheimilt að láta starfsmenn sína á nokkurn hátt gjalda þess, að þeir hafi gert slíka samninga eða stuðlað að því, að þeir yrðu gerðir.

II. KAFLI
Um verkföll og verkbönn.

14. gr.

Heimilt er stéttarfélögum, félögum atvinnurekenda og einstökum atvinnurekendum að gera verkföll og verkbönn í þeim tilgangi, að vinna að framgangi krafna sinna í vinnu-

deilum, og til verndar rétti sínum samkvæmt lögum þessum, með þeim skilyrðum og takmörkunum einum, sem sett eru í lögum.

15. gr.

Þegar félag atvinnurekenda eða stéttarfélag ætlar að hefja vinnustöðvun er hún því aðeins heimil að ákvörðun um hana hafi verið tekin við almenna leynilega atkvæðagreiðslu með þátttöku a.m.k. fimmtungs atkvæðisbærra félagsmanna samkvæmt atkvæðaeða félagaskrá og að tillagan hafi notið stuðnings meiri hluta greiddra atkvæða. Heimilt er að viðhafa almenna leynilega póstatkvæðagreiðslu meðal félagsmanna um tillögu um vinnustöðvun og gildir niðurstaða hennar þá óháð þátttöku.

Nú er vinnustöðvun einungis ætlað að taka til ákveðins hóps félagsmanna eða starfsmanna á tilgreindum vinnustað og er þá heimilt að taka ákvörðun um vinnustöðvun með atkvæðum þeirra sem henni er ætlað að taka til. Þarf þá helmingur atkvæðisbærra að taka þátt í atkvæðagreiðslu og meiri hluti þeirra að styðja tillögu um vinnustöðvun.

Í tillögu um vinnustöðvun skal koma skýrt fram til hverra henni er ætlað að taka og hvenær vinnustöðvun er ætlað að koma til framkvæmda. Þá er það skilyrði lögmætrar ákvörðunar um boðun vinnustöðvunar að samningaviðræður eða viðræðutilraunir um framlagðar kröfur hafi reynst árangurslausar þrátt fyrir milligöngu sáttasemjara.

Samninganefnd eða til þess bærum fyrirsvarsmönnum samningsaðila er jafnan heimilt að aflýsa boðaðri vinnustöðvun. Sömu aðilum er heimilt að fresta boðaðri vinnustöðvun, einu sinni eða oftar, um allt að 14 sólarhringa samtals án samþykkis gagnaðila, enda sé það gert með minnst sólarhrings fyrirvara.

16. gr.

Ákvörðun um vinnustöðvun, sem hefja á í þeim tilgangi að knýja fram breytingu eða ákvörðun um kaup og kjör, ber að tilkynna sáttasemjara og þeim, sem hún beinist aðallega gegn, 7 sólarhringum áður en tilætlunin er að hún hefjist.

17. gr.

Óheimilt er og að hefja vinnustöðvun:

1. Ef ágreiningur er einungis um atriði, sem Félagsdómur á úrskurðarvald um, nema til fullnægingar úrskurðum dómsins.
2. Ef tilgangur vinnustöðvunarinnar er að þvinga stjórnarvöldin til að framkvæma athafnir, sem þeim lögum samkvæmt ekki ber að framkvæma, eða framkvæma ekki athafnir, sem þeim lögum samkvæmt er skylt að framkvæma, enda sé ekki um að ræða athafnir, þar sem stjórnarvöldin eru aðili sem atvinnurekandi. Gildandi lög um opinbera starfsmenn haldist óbreytt þrátt fyrir þetta ákvæði.
3. Til styrktar félagi, sem hafið hefur ólögmæta vinnustöðvun.

18. gr.

Þegar vinnustöðvun hefur verið löglega hafin, er þeim, sem hún að einhverju leyti beinist gegn, óheimilt að stuðla að því að afstýra henni með aðstoð einstakra meðlima þeirra félaga eða sambanda, sem að vinnustöðvuninni standa.

19. gr.

Vinnustöðvanir í skilningi laga þessara eru verkbönn atvinnurekenda og verkföll þegar launamenn leggja niður venjuleg störf sín að einhverju eða öllu leyti í því skyni að

ná tilteknu sameiginlegu markmiði. Sama gildir um fjöldauppsagnir og aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu atvinnurekenda eða launamanna sem jafna má til vinnustöðvunar.

III. KAFLI
Um sáttastörf í vinnudeilum.

20. gr.

Félagsmálaráðherra skipar ríkissáttasemjara til fjögurra ára í senn. Hann skal vera íslenskur ríkisborgari, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð. Þess skal gætt að afstaða hans sé slík að telja megi hann óvilhallan í málum launafólks og atvinnurekenda.

Félagsmálaráðherra skipar einnig vararíkissáttasemjara til fjögurra ára í senn og skal hann fullnægja sömu skilyrðum og ríkissáttasemjari.

Vararíkissáttasemjari tekur við störfum ríkissáttasemjara þegar hann er forfallaður og er honum til aðstoðar þegar þörf krefur.

Ríkissáttasemjari getur skipað aðstoðarsáttasemjara til að aðstoða sig við lausn vinnudeilu eða vinna sjálfstætt að lausn einstakrar vinnudeilu. Það er borgaraleg skylda að taka að sér aðstoðarsáttasemjarastarf.

Ef sýnt þykir að vinnudeila hafi mjög alvarlegar afleiðingar getur ríkisstjórnin skipað sérstaka sáttanefnd til að vinna að lausn deilunnar. Skal samráð haft við ríkissáttasemjara og deiluaðila áður en sáttanefnd er skipuð.

Vararíkissáttasemjari, aðstoðarsáttasemjari og sáttanefndarmenn hafa réttindi og bera skyldur ríkissáttasemjara þegar þeir eru að störfum.

Laun ríkissáttasemjara skulu ákveðin á sama hátt og laun ráðherra og hæstaréttardómara. Félagsmálaráðherra ákveður laun vararíkissáttasemjara og aðstoðarsáttasemjara og þóknun sáttanefndarmanna.

21. gr.

Skrifstofa ríkissáttasemjara er í Reykjavík og ræður hann til hennar starfsfólk eftir þörfum og í samræmi við heimildir.

22. gr.

Ríkissáttasemjari annast sáttastörf í vinnudeilum milli launafólks og félaga þess annars vegar og atvinnurekenda og félaga þeirra hins vegar.

Hann skal fylgjast með ástandi og horfum í atvinnulífi og á vinnumarkaði um allt land. Hann skal fylgjast með þróun kjaramála og atriðum sem valdið gætu ágreiningi í samskiptum samtaka atvinnurekenda og stéttarfélaga.

Ríkissáttasemjari skal halda skrá yfir gildandi kjarasamninga og er samtökum launafólks og atvinnurekenda, svo og ófélagsbundnum atvinnurekendum, skylt að senda honum samrit allra kjarasamninga sem þeir gera jafnskjótt og þeir hafa verið undirritaðir. Breytingar á áður gildandi kjarasamningum skulu sendar með sama hætti. Sömu aðilar skulu einnig senda sáttasemjara samrit allra kauptaxta og kjaraákvæða sem út eru gefin á grundvelli gildandi kjarasamninga.

Samningsaðilar skulu enn fremur senda ríkissáttasemjara samrit af uppsögn kjarasamninga, svo og kröfugerð, jafnskjótt og hún er send gagnaðila.

23. gr.

Atvinnurekendur eða samtök þeirra og stéttarfélög skulu gera áætlun um skipulag viðræðna um endurnýjun kjarasamnings. Samningsaðilum er heimilt að veita landssamböndum eða heildarsamtökum sérstakt umboð til að gera viðræðuáætlun fyrir sína hönd ef slíkt umboð leiðir ekki af lögmætum samþykktum sambanda eða samtaka samningsaðila. Viðræðuáætlun, undirrituð af báðum samningsaðilum, skal þegar í stað send ríkissáttasemjara.

Viðræðuáætlun skal gerð í síðasta lagi 10 vikum áður en gildandi kjarasamningur er laus. Ef samningsaðilar hafa þá ekki gert viðræðuáætlun skal sáttasemjari gefa út viðræðuáætlun fyrir þá samningsaðila í síðasta lagi átta vikum áður en gildandi kjarasamningur er laus og skal sáttasemjari þá taka mið af öðrum viðræðuáætlunum sem hafa þegar verið gerðar.

24. gr.

Samningsaðilar geta hvenær sem er eftir útgáfu viðræðuáætlunar óskað milligöngu sáttasemjara eða aðstoðar hans og skal hann þá þegar beita sér fyrir því að samningaumleitanir fari fram í samræmi við viðræðuáætlun. Samningsaðilar skulu gefa sáttasemjara kost á að fylgjast með vinnudeilu og samningaumleitunum hvenær sem hann óskar þess.

Ef slitnar upp úr samningaviðræðum aðila eða annar hvor þeirra telur vonlítið um árangur af frekari samningaumleitunum getur hvor þeirra um sig eða báðir sameiginlega vísað deilunni til sáttasemjara. Þegar sáttasemjari hefur fengið tilkynningu þess efnis er honum skylt að kveðja aðila eða umboðsmenn þeirra til fundar svo skjótt sem kostur er og halda síðan áfram sáttaumleitunum meðan von er til þess að þær beri árangur.

Sáttasemjari tekur enn fremur við stjórn viðræðna eftir því sem ákveðið hefur verið í viðræðuáætlun. Honum er þó jafnan heimilt að fresta formlegri sáttameðferð og beina því til samningsaðila að þeir láti reyna á samkomulagsmöguleika í beinum viðræðum sín á milli telji hann það líklegra til árangurs. Ríkissáttasemjara er ávallt heimilt að taka í sínar hendur stjórn samningaviðræðna ef hann telur það heppilegt.

Ef tilkynning berst um vinnustöðvun skv. 16. gr. er sáttasemjara skylt að annast sáttastörf með deiluaðilum og stýra viðræðum þeirra.

25. gr.

Samningsaðilum er skylt að sækja eða láta sækja samningafund sem sáttasemjari kveður þá til.

Sáttafundi skal halda fyrir luktum dyrum.

Á sáttafundi skal leggja fram eftirrit þeirra skjala sem farið hafa milli aðila í deilunni, enda hafi þau ekki verið send ríkissáttasemjara áður.

Bannað er að skýra frá eða leiða vitni um umræður á sáttafundum og tillögur sem fram kunna að hafa verið bornar nema með samþykki beggja samningsaðila.

26. gr.

Sáttasemjari getur krafið aðila vinnudeilu um hverjar þær skýrslur og skýringar sem hann telur nauðsynlegar til að leysa vinnudeilur. Hann getur krafið allar opinberar stofnanir um þær upplýsingar og skýrslur sem hann telur þörf á. Með öll slík gögn skal fara sem trúnaðarmál ef þess er óskað.

27. gr.

Ef samningaumleitanir sáttasemjara bera ekki árangur er honum heimilt að leggja fram miðlunartillögu til lausnar vinnudeilu. Miðlunartillögu skal leggja fyrir félög eða félagasambönd launafólks og atvinnurekenda eða einstakan atvinnurekanda, eigi hann í vinnudeilu, til samþykkis eða synjunar. Sáttasemjara ber að ráðgast við samninganefndir aðila áður en hann ber fram miðlunartillögu.

Ef ágreiningur snertir aðeins ákveðna félagsdeild eða starfsgrein innan félags eða félagasambands eða tiltekið fyrirtæki getur sáttasemjari ákveðið að atkvæðagreiðsla taki eingöngu til deildarinnar eða starfsgreinarinnar eða fyrirtækisins.

28. gr.

Telji sáttasemjari að það sé til þess fallið að leiða til friðsamlegrar samtímalausnar kjaramála er honum að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum heimilt að leggja fram eina sameiginlega miðlunartillögu eða fleiri:

a. að viðræður hafi átt sér stað um framlagðar kröfur, þar á meðal sérmál, eða að leitað hafi verið árangurslaust eftir viðræðum í samræmi við viðræðuáætlun,
b. að tíma, sem ætlaður er til viðræðna milli aðila án milligöngu sáttasemjara samkvæmt viðræðuáætlun, sé lokið án þess að samningar hafi tekist,
c. að sáttasemjari hafi leitað sátta milli allra samningsaðila sem eiga í hlut og telji ekki horfur á samkomulagi þeirra í milli,
d. að samningar hafi verið lausir um tíma þannig að samningsaðilum hafi gefist kostur á að þrýsta á um kröfur sínar,
e. að aðilum vinnudeilu hafi gefist kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum við hugmyndir sáttasemjara sem þeim hafa verið kynntar beint eða opinberlega um að leggja fram sameiginlega miðlunartillögu.

Sameiginlegt atkvæðamagn ræður úrslitum um samþykkt eða synjun sameiginlegrar miðlunartillögu. Atkvæðagreiðsla samningsaðila á almennum vinnumarkaði og þeirra sem lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna taka til um sameiginlega miðlunartillögu skal fara fram með aðgreindum hætti. Niðurstaða hjá hvorum hópnum fyrir sig, óháð niðurstöðu hins, ræður úrslitum um samþykkt eða synjun.

Sáttasemjara er heimilt að láta sameiginlega miðlunartillögu ná til allra hópa sem eru með lausa samninga eða setja fram miðlunartillögu sem tekur aðeins til tiltekinna samningssviða, félagsdeilda eða fyrirtækja sem svo er ástatt um. Sú heimild er óháð aðild að félögum, samböndum eða samtökum atvinnurekenda og launafólks.

Samningsaðilum er þó heimilt að takmarka í viðræðuáætlun heimild sáttasemjara til að tengja framlengingu á hlutaðeigandi kjarasamningi framlengingu annarra kjarasamninga á óskyldum samningssviðum með sameiginlegri atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu.

29. gr.

Aðilar skulu eftir því sem við verður komið sjá um að atkvæðisbærir félagsmenn geti kynnt sér miðlunartillögu í heild. Sáttasemjara er heimilt að höfðu samráði við aðila vinnudeilu að draga fram meginatriði úr miðlunartillögu til þess að auðvelda félagsmönnum þeirra að kynna sér efni hennar og taka málefnalega afstöðu til tillögunnar og áhrifa hennar á hag þeirra og afkomu. Öðrum aðila vinnudeilu er heimilt að vinna útdrátt úr miðlunartillögu fyrir félagsmenn sína í samráði við sáttasemjara. Eigi má birta

miðlunartillögu öðrum en þeim sem hlut eiga að máli án samþykkis sáttasemjara fyrr en greidd hafa verið atkvæði um hana.

Miðlunartillaga skal borin undir atkvæði við atkvæðagreiðslu allra atkvæðisbærra aðila eins og sáttasemjari gekk frá henni og henni svarað játandi eða neitandi.

Atkvæðagreiðsla um miðlunartillögu skal fara fram á kjörfundi sem standi í fyrir fram ákveðinn tíma. Ríkissáttasemjari getur að höfðu samráði við aðila vinnudeilu ákveðið að atkvæðagreiðsla fari jafnframt fram utan kjörfundar á tilteknum stöðum eða svæðum. Í stað atkvæðagreiðslu innan og utan kjörfundar er ríkissáttasemjara heimilt að höfðu samráði við aðila vinnudeilu að ákveða að atkvæðagreiðsla um miðlunartillögu fari fram með leynilegri almennri póstatkvæðagreiðslu meðal félagsmanna sem lokið skal innan fyrir fram ákveðins tíma. Ríkissáttasemjari gefur að höfðu samráði við aðila vinnudeilu nánari fyrirmæli um fyrirkomulag atkvæðagreiðslu, svo sem hvenær og hvernig hún skuli fara fram. Atkvæðagreiðsla skal vera skrifleg og leynileg.

30. gr.

Jafnskjótt og atkvæðagreiðslu er lokið skulu atkvæði og kjörgögn afhent sáttasemjara. Talning atkvæða fer fram undir stjórn sáttasemjara og er hverjum aðila heimilt að hafa umboðsmann viðstaddan talninguna.

31. gr.

Miðlunartillaga telst felld í atkvæðagreiðslu ef meiri hluti greiddra atkvæða, og þá minnst þriðjungur atkvæða samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá, er mótatkvæði.

32. gr.

Sáttasemjarar geta borið fram miðlunartillögu eins oft og þeim þykir þurfa.

33. gr.

Ef sáttatilraunum í mikilvægri deilu er hætt án árangurs getur ríkissáttasemjari birt skýrslu um málið á þann hátt sem hann álítur heppilegastan til þess að almenningur fái rétta hugmynd um deiluna.

34. gr.

Ef annar hvor aðili vill samþykkja miðlunartillögu sáttasemjara eftir að sáttaumleitun hefur verið hætt án árangurs sendir hann sáttasemjara yfirlýsingu um það. Sáttasemjara ber þegar að láta gagnaðila vita um yfirlýsinguna. Vilji hann einnig fallast á miðlunartillöguna sér sáttasemjari um að aðilar gangi frá samningum sín á milli.

35. gr.

Nú hefur sáttaumleitunum sáttasemjara lokið án árangurs og ber honum þá að hefja þær á ný ef annar hvor aðili óskar þess eða hann telur það heppilegt. Þó ber honum ætíð að gera tilraun til sátta með aðilum innan 14 sólarhringa frá því hann hætti síðustu samningatilraunum sínum.

36. gr.

Sáttasemjarar skulu halda gerðabækur og skrá þar hvar og hvenær sáttafundir eru haldnir, nafn sáttasemjara og viðstaddra aðila eða fulltrúa þeirra. Geta skal framlagðra skjala og hins helsta sem fram fer.

37. gr.

Ríkissáttasemjari skal senda félagsmálaráðherra skýrslur um störf sín samkvæmt lögum þessum svo oft sem þurfa þykir og ekki sjaldnar en einu sinni á ári.

IV. KAFLI
Um Félagsdóm.

38. gr.

Í höfuðstað landsins skal setja á stofn dómstól fyrir allt landið. Nefnist hann Félagsdómur. Dómurinn hefur það verksvið, sem tekið er fram í lögum þessum.

39. gr.

Í dóminum eiga sæti fimm menn, sem skipaðir eru til þriggja ára þannig: Einn af Vinnuveitendasambandi Íslands, annar af Alþýðusambandi Íslands, þriðji af félagsmálaráðherra úr hópi þriggja manna, sem Hæstiréttur tilnefnir, og tveir af Hæstarétti, og sé annar þeirra sérstaklega tilnefndur til þess að vera forseti dómsins. Ef atvinnurekandi, sem er málsaðili, er ekki meðlimur í Vinnuveitendasambandi Íslands, skal dómari sá, sem tilnefndur er af því, víkja sæti, en í staðinn tilnefnir atvinnurekandinn dómara í málinu og skal hann hafa gert það áður en hálfur stefnufrestur er liðinn, ella tilnefnir forseti dómsins dómarann. Sama á við þegar málsaðili er stéttarfélag eða samband stéttarfélaga utan heildarsamtaka launafólks gagnvart dómara, skipuðum af Alþýðusambandi Íslands.

Sömu aðilar tilnefna varadómendur er taka sæti í forföllum aðaldómenda.

Þegar mál þau, sem um ræðir í 2. mgr. 44. gr., koma til meðferðar í Félagsdómi, skulu dómendur þeir, sem tilnefndir eru af Vinnuveitendasambandi Íslands og Alþýðusambandi Íslands, víkja sæti, en í þeirra stað tilnefna stefnandi og stefndur hvor sinn mann úr hópi 18 manna, sem tilnefndir eru í því skyni af Iðnsveinaráði Alþýðusambands Íslands og Samtökum iðnaðarins til þriggja ára í senn. Iðnsveinaráð ASÍ tilnefnir sex menn og Samtök iðnaðarins tólf menn. Nefnd samtök nefna með sama hætti jafnmarga varamenn. Nú tilnefnir aðili ekki dómara eða ekki næst samkomulag um tilnefninguna milli samaðila máls, og nefnir forseti Félagsdóms þá dómara í hans stað úr hópi sömu manna.

40. gr.

Félagsmálaráðherra tilkynnir, hvenær tilnefning dómara skuli fara fram. Ef aðili hefur ekki tilkynnt ráðherra tilnefningu innan tveggja vikna frá því tilkynning um, að tilnefning skuli fram fara, var honum send, tilnefnir ráðherra dómara af hálfu þess aðilja.

41. gr.

Það er borgaraleg skylda að taka sæti í dómnum. Ef aðaldómari og varadómari hans neita að dæma í ákveðnu máli, skal sá, sem hefur tilnefnt þá, tilnefna dómara í þeirra stað, ella gerir dómsforseti það.

42. gr.

Dómarar skulu vera íslenskir ríkisborgarar, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð. Þeir tveir, sem skipaðir eru af hæstarétti, skulu hafa lokið embættisprófi í lögfræði.

43. gr.

Áður en dómarar taka sæti í dómnum í fyrsta skipti skulu þeir vinna eið að því eða drengskaparheit, að þeir muni rækja dómarastarfið eftir bestu vitund.

44. gr.

Verkefni Félagsdóms er:

1. Að dæma í málum, sem rísa út af kærum um brot á lögum þessum og tjóni, sem orðið hefur vegna ólögmætra vinnustöðvana.
2. Að dæma í málum, sem rísa út af kærum um brot á vinnusamningi eða út af ágreiningi um skilning á vinnusamningi eða gildi hans.
3. Að dæma í öðrum málum milli verkamanna og atvinnurekenda, sem aðiljar hafa samið um að leggja fyrir dóminn, enda séu að minnsta kosti 3 af dómendunum því meðmæltir.

[Heimilt skal stéttarfélögum, félögum meistara og iðnrekenda og einstökum atvinnurekendum að leita úrskurðar Félagsdóms um það, hvort starfsemi falli undir I. og II. kafla laga um iðju og iðnað, svo og um það, til hvaða löggiltrar iðngreinar hún taki.][1)]

[1)] *L. 70/1954, 2. gr.*

45. gr.

Sambönd verkalýðsfélaga og atvinnurekendafélaga reka fyrir hönd meðlima sinna mál fyrir dómnum. Félög, sem ekki eru meðlimir sambandanna, reka sjálf mál sín og meðlima sinna. Ófélagsbundnir aðiljar reka mál sín sjálfir.

Ef samband eða félag neitar að höfða mál fyrir meðlimi sína, er aðilja heimilt að höfða málið sjálfur. En leggja skal hann fram sönnun um synjun viðkomandi félags eða sambands fyrir formann Félagsdóms, áður en stefna er gefin út.

46. gr.

Málsaðiljar geta gefið íslenskum ríkisborgurum, sem eru fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð, umboð til að reka mál sín fyrir dómnum.

47. gr.

Mál, sem höfða má fyrir Félagsdómi, skulu ekki flutt fyrir almennum dómstólum, nema Félagsdómur hafi neitað að taka það til meðferðar, sbr. 44. gr. 3. tölul.

48. gr.

Dómarar þeir, sem tilnefndir eru af hæstarétti, víkja sæti eftir sömu reglum, sem gilda um hæstaréttardómara. Dómurinn úrskurðar, hvort dómari skuli víkja sæti. Dómurinn er ekki starfhæfur, nema hann sé fullskipaður. Dómarar, sem hafa byrjað meðferð mála, skulu ljúka því, þó kjörtímabil þeirra sé á enda.

49. gr.

Formaður dómsins ákveður, hvenær dómþing skuli halda. Hann stýrir þinghöldum, heldur þingbók, dómabók og aðrar bækur eftir nánari fyrirmælum dómsins.

50. gr.

Formaður gefur út stefnur í nafni dómsins. Í stefnu skal taka fram: nöfn aðilja og heimilisfang, ítarlega frásögn um málavexti og kröfur stefnanda. Enn fremur skal stefnandi, eftir því sem frekast verður unnt, gera grein fyrir, með hvaða hætti hann hyggst að sanna staðhæfingar sínar og kröfur, og leggja fram 5 afrit af sönnunarskjölum, sem fyrir hendi eru. Með stefnu skal fylgja afrit fyrir hvern dómara, og sér formaður um, að öll afrit verði send dómurum þegar í stað.

51. gr.

Formaður ákveður stefnufrest með hliðsjón af því, með hve stuttum fyrirvara stefndur getur mætt á dómþingi.

Stefnandi sér um birtingu, og skal stefna birt af [stefnuvotti][1] á venjulegan hátt. ...[1]

[1]*L. 91/1991, 161. gr.*

52. gr.

Mál skal flytja munnlega. Þó má flytja mál skriflega:

1. Ef stefndur hvorki mætir né lætur mæta.
2. Ef málsaðiljar eða umboðsmenn þeirra óska og dómurinn álítur, að mál upplýsist betur með þeim hætti.

53. gr.

Stefndi getur komið fram gagnkröfu, án þess að höfða þurfi gagnsóknarmál.

54. gr.

Ef mál er ekki nægilega upplýst, ef leiða þarf vitni, ef skoðunar- eða matsgerð þarf fram að fara, ef aðili þarf að gefa skýrslu eða ef stefndi, að áliti dómsins, þarf frest til andsvara, getur dómurinn frestað máli. Við ákvörðun frests skal þess gætt, að mál tefjist ekki að óþörfu.

55. gr.

Heimilt er að stefna vitnum fyrir Félagsdóm. Dómurinn eiðfestir vitni samkvæmt gildandi lögum.

56. gr.

Dómurinn sér um, að mál upplýsist sem best. Hann getur krafið aðilja um skýrslu, ef hann álítur það nauðsynlegt til að upplýsa málið.

Skattyfirvöld skulu veita nauðsynlegar upplýsingar um fjölda starfsmanna fyrirtækis vegna réttarstöðu vinnustaðarfélags, sbr. 3. mgr. 2. gr.

57. gr.

Dómurinn getur ákveðið, að aðiljaskýrslu skuli gefa eða vitnaskýrslu taka fyrir héraðsdómi á varnarþingi hlutaðeigandi vitnis eða aðilja.

58. gr.

Um vitnaskyldu, sönnunargildi vitnaskýrslu, vitnaleiðslur, svo og um hegningu fyrir rangan framburð, gilda sömu reglur og í einkamálum í héraði.

59. gr.

Dómarar geta framkvæmt skoðunar- og matsgerðir, allir saman eða nokkrir þeirra eftir ákvörðun dómsins.

Dómurinn getur enn fremur útnefnt skoðunar- og matsmenn til að framkvæma ákveðna skoðunargerð eða matsgerð, og gilda um það almennar reglur [um meðferð einkamála].[1)]

[1)] *L. 91/1991, 161. gr.*

60. gr.

Dómurinn getur dæmt vitni, skoðunar- og matsmenn og aðra, sem löglega eru kallaðir til að mæta fyrir dómnum, í sektir eftir sömu reglum og almennir dómstólar.

61. gr.

Dómurinn ákveður þóknun til vitna og skoðunar- og matsmanna.

62. gr.

Dómurinn getur hvenær sem er leitað álits sérfróðra manna um ákveðið atriði.

63. gr.

Dómurinn sektar aðilja, málflytjendur og aðra fyrir vítaverða framkomu í málflutningi eða fyrir dómi, eftir sömu reglum og almennir dómstólar.

Dómarinn getur vísað mönnum úr þinghaldi fyrir ósæmilega framkomu.

64. gr.

Í dómum ræður afl atkvæða úrslitum. Séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns úrslitum. Úrskurði um einstök atriði, sem kveða þarf upp fyrir dómtöku máls, skal kveða upp þegar í stað, eða svo fljótt, sem unnt er, eftir að atriðið er tekið til úrskurðar. Sama gildir í vitna- og matsmálum, eftir því sem við á.

Í munnlega fluttum málum skal kveða upp dóm innan sólarhrings eftir dómtöku, en í skriflega fluttum málum innan viku. Ef ekki er hægt að kveða upp dóm eða úrskurð svo fljótt, sem sagt hefur verið, skal nákvæmlega greina orsakir þess.

Málflytjendum skal tilkynnt, hvar og hvenær dómur eða úrskurður verður kveðinn upp og boðið að mæta þar.

65. gr.

Dómurinn getur dæmt aðilja til að greiða skaðabætur, sektir og til að greiða málskostnað eftir venjulegum reglum. Við ákvörðun skaðabóta má taka tillit til saknæmi brotsins.

Dómar og úrskurðir Félagsdóms eru aðfararhæfir. Dómurinn ákveður aðfararfrest.

66. gr.

Allur kostnaður við Félagsdóm, þar með talin þóknun til dómara, greiðist úr ríkissjóði eftir ákvörðun atvinnumálaráðherra.

Réttargjöld skulu engin vera. Um gjafsókn og gjafvörn gilda almennar reglur.

67. gr.

Úrskurðir og dómar Félagsdóms eru endanlegir og verður ekki áfrýjað. Þó má innan viku frá dómsuppsögn eða úrskurði [kæra][1] til hæstaréttar:

1. Frávísunardómi eða úrskurði um frávísun.
2. Dómi til ónýtingar, sökum þess að málið heyri ekki undir Félagsdóm.
3. Úrskurð um skyldu til að bera vitni, um eiðvinning og sektir.

[1]*L. 91/1991, 161. gr.*

68. gr.

Formaður gefur út dómsgerðir Félagsdóms í nafni dómsins og með innsigli hans undir. Ritlaun skal greiða samkvæmt venjulegum reglum.

69. gr.

Um þau atriði viðvíkjandi meðferð mála, sem ekki er kveðið á um í þessum lögum, skal fara eftir hliðsjón af meðferð einkamála í héraði, svo sem við verður komið.

V. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

70. gr.

Brot á lögum þessum varða auk skaðabóta sektum ...[1] Sektirnar renna í ríkissjóð, og má innheimta þær sem fjárkröfur á venjulegan hátt, en um afplánun skal eigi vera að ræða.

Ábyrgð skv. 2. mgr. 8. gr. varðar þó ekki sektum.

[1]*L. 10/1983, 9. gr.*

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Markmið frumvarpsins er að auðvelda og einfalda gerð kjarasamninga. Samkvæmt því er vinnustaðarfélögum sköpuð réttarstaða, skýrari reglur settar um samningsumboð atvinnurekenda og stéttarfélaga og skylda lögð á herðar samningsaðilum til að stuðla að því að félagsmenn þeirra virði gerða samninga. Jafnframt eru í frumvarpinu settar skýrari reglur um hvað þurfi að koma fram í tillögum um vinnustöðvun og hvernig ákvörðun um vinnustöðvun skuli tekin. Í því sambandi er heimiluð póstatkvæðagreiðsla um ákvörðun vinnustöðvunar, sem og gerð kjarasamninga. Einnig er í frumvarpinu kveðið á um að atvinnurekendur og stéttarfélög skuli gera áætlun um skipulag viðræðna og gerð kjarasamnings, skýrari miðlunarheimildir sáttasemjara og hvernig atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu og afgreiðslu hennar skuli háttað.

Ekki er mögulegt að sjá fyrir hvaða áhrif lögfesting frumvarpsins muni hafa á niðurstöðu í kjaradeilum og áhrif þess á fjárhagsstöðu ríkissjóðs. Hins vegar kallar það á aukinn kostnað við embætti ríkissáttasemjara. Annars vegar er ríkissáttasemjara heimilt að höfðu samráði við aðila vinnudeilu að ákveða póstatkvæðagreiðslu og utankjörfundaratkvæðagreiðslu um miðlunartillögu. Nýti ríkissáttasemjari þessa heimild ber ríkissjóður kostnað af framkvæmdinni. Kostnaðurinn, sem aðallega felst í póstburðargjöldum, getur verið allt að 1 m.kr. og fer það eftir fjölda kjósenda og fjölda kosninga. Hins vegar er kveðið á um samtímalausnir í kjaradeilum sem kalla á aukna tímabundna starfsemi ríkissáttasemjara. Gera má ráð fyrir að hún útheimti 1–2 m.kr. í auknar launagreiðslur og viðlíka fjárhæð í aukinn húsnæðiskostnað hjá embættinu. Að öllu samanlögðu má því gera ráð fyrir að beinn kostnaður ríkissjóðs geti orðið á bilinu 3–5 m.kr.

740. Frumvarp til laga [416. mál]

um breyting á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

Í stað „15. apríl“ í 3. málsl. 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: 1. júní.

2. gr.

1. málsl. 4. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Veiði fiskiskip minna en 50% af aflamarki sínu í einstakri tegund tvö fiskveiðiár í röð fellur aflahlutdeild þess í viðkomandi tegund niður.

3. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir kröfur 2. mgr. 5. gr. um úreldingu sambærilegs skips er heimilt að veita allt að 20% stærra skipi en úrelt er veiðileyfi ef endurnýjað er í skipi sem ætlað er til veiða á uppsjávarfiskum og hið nýja skip er búið tækni til kælingar og hágæðameðferðar hráefnis.

Samhliða þeirri breytingu sem 1. mgr. mælir fyrir um skal ráðherra láta fara fram heildarendurskoðun á þeim reglum sem gilda um úreldingu fiskiskipa og skulu niðurstöður hennar lagðar fyrir Alþingi haustið 1997. Jafnframt falla ákvæði 1. mgr. úr gildi í árslok 1997.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta felur í sér þrenns konar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Í fyrsta lagi er lögð til breyting á dagsetningu 3. gr. laganna sem bindur hendur sjávarútvegsráðherra hvað snertir heimildir til að gera breytingar innan fiskveiðiársins á heildarafla þorsks við 15. apríl, þ.e. ráðherra verður að gera slíka breytingu þegar um þessa einu tegund er að ræða fyrir áðurnefnd tímamörk. Þessi dagsetning er að mati flutnings-

manna afar óheppilega valin auk þess sem spyrja má hvort yfirleitt séu tilefni til að takmarka að þessu leyti svigrúm stjórnvalda til breytinga. Um miðjan apríl ár hvert háttar svo til að þá er nýlega lokið svonefndu togararalli Hafrannsóknastofnunar, en úrvinnsla gagna stendur yfir og ráðgjöf stofnunarinnar fyrir næstkomandi fiskveiðiár ekki tilbúin. Í maímánuði er þeirri vinnu hins vegar lokið, auk þess sem tillögur íslenskra vísindamanna eru í síðari hluta þess mánaðar metnar af sérfræðingum Alþjóðahafrannsóknaráðsins. Í lok maí eru allar upplýsingar fyrirliggjandi og þá en ekki fyrr er eðlilegt að heimild ráðherra til að gera breytingar innan fiskveiðiársins ljúki, ef einhverjar takmarkanir eiga að gilda þar um á annað borð. Því er lagt til að miðað verði við 1. júní. Sérstök ástæða er til að gera þessa breytingu nú þar sem vænlega horfir með að auka megi þorskveiði á næstu missirum og sterklega hlýtur að koma til greina að taka skref í þá átt nú á síðustu mánuðum yfirstandandi fiskveiðiárs.

Í öðru lagi er lagt til að ákvæði 12. gr. laganna sem kveður á um að skip skuli veiða sjálft a.m.k. helming aflamarks síns annað hvert ár, miðað við heildarþorskígildi, verði breytt í þá veru að þetta mark sé bundið við hverja tegund. Sömuleiðis miðist afleiðingarnar, þ.e. að skip missi aflaheimildir ef nýtingarkrafan er ekki uppfyllt, við hverja einstaka tegund. Ákvæðið hefur óbreytt afar takmarkað gildi, enda eru möguleikar manna til að ná þessari nýtingu a.m.k. annað hvert ár mjög miklir meðan ekki skiptir máli hvernig hver einstök tegund er nýtt. Sömuleiðis er sú útfærsla að ef þessum mörkum er ekki náð þá missi skip veiðileyfi og allt aflamark nokkuð harkaleg. Með því að breyta þessu í nýtingarkvöð á hverri tegund er mun líklegra að reglan hafi bein áhrif og dragi úr því að menn láti aðra stunda veiðarnar fyrir sig, með tilheyrandi fylgifiskum.

Í þriðja lagi er lagt til í ákvæði til bráðabirgða að dregið verði úr hinni stífu úreldingarkröfu þegar endurnýjun í nótaskipaflotanum á í hlut, enda sé um að ræða kaup eða smíði á skipi í staðinn sem búi yfir nýjustu tækni til kælingar og hágæðameðferðar hráefnis, svonefndri RSV-sjókælingu. Ljóst er að gildandi reglur verka mjög hamlandi gegn allri endurnýjun, en hennar er brýn þörf nú í þeim hluta flotans sem veiðir aðallega uppsjávarfiska. Sá hluti flotans er gamall og úr sér genginn þannig að frá rekstrarlegu sjónarmiði, og þó ekki síður hvað öryggi snertir, er það óviðunandi ástand. Þá stendur þetta ástand flotans í vegi fyrir framþróun í gæðamálum og hindrar að það hlutfall úr þessum stofnum sem nýtt er beint til manneldis og í gæðaframleiðslu aukist. Síðast en ekki síst er ástandið þannig að ár eftir ár vantar mikið á að útgefinn kvóti náist, t.d. í loðnu, og verður þjóðarbúið af miklum fjárhæðum af þeim sökum. Það eru því tæplega rök fyrir að framfylgja stífum úreldingarreglum hvað þennan hluta flotans snertir. Í reynd hefur verið í gangi yfirstuðull á endurnýjun slíkra skipa því að óumdeilt er að samfara hinni nýju tækni, þ.e. geymslu hráefnis í einangruðum lestum eða tönkum með kælikerfum og tilheyrandi búnaði, minnkar burðargeta um nálægt 20%. Hér er því ekki lagt til að ganga lengra en jafna þennan mun, auk þess sem mælt er fyrir um að úreldingarmálin verði tekin til heildarendurskoðunar.

Fylgiskjal.

ERINDI TIL SJÁVARÚTVEGSNEFNDAR VARÐANDI ÚRELDINGARMÁL

Bárður Hafsteinsson skipaverkfræðingur:

Nauðsyn á eðlilegri endurnýjun loðnuskipaflotans.
Gamaldags fjárfestingarhöftum laumað inn í krókabátafrumvarpið.
(5. júní 1995.)

Skömmu eftir myndun núverandi ríkisstjórnar var lögð fram svonefnd „Verkefnaskrá sjávarútvegsráðuneytisins", en þar segir m.a. eftirfarandi:

„Reglur um endurnýjun fiskiskipa verði endurskoðaðar þannig að tryggt verði að afkastageta fiskiskipaflotans aukist ekki."

Nýtt lagafrumvarp.

Síðan hefur sjávarútvegsráðherra lagt fram frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, þar sem nánar er tekið á þessum málum. Í frumvarpinu eru ákvæði um að óheimilt sé að gera breytingar á fiskiskipum, nema annað skip eða önnur skip láti veiðileyfi á móti. Skip eldri en af árgerð 1986 þurfa einnig að sæta sömu skilyrðum nema bindandi samningur um breytingar á þeim sé gerður fyrir gildistöku laganna og þau skip fái haffærisskírteini fyrir árslok.

Fiskiskip landsmanna eru atvinnutæki mikilvægustu atvinnugreinar þjóðarinnar og koma til með að verða það næstu áratugina. Það er því mjög mikilvægt að eðlileg og óþvinguð endurnýjun geti átt sér stað á þeim.

Ef frumvarpið verður að lögum er verið að hindra að útgerðarmenn ráðist í endurbætur á skipum sínum til að koma með betra hráefni að landi og þar með stuðla að auknum þjóðartekjum.

Svo sem kunnugt er þá er nú svo komið að svo til allur sjávarafli landsmanna innan fiskveiðimarkanna er kominn í aflamarkskerfið. Þetta er stjórnkerfi sem að mínu mati er komið til að vera næstu áratugina, hvort sem mönnum líkar betur eða verr. Þetta er það kerfi sem takmarkar best heildarveiði úr einstökum fiskstofnum.

Á síðustu árum hefur mikið verið rætt um hagræðingu í atvinnulífinu, fyrirtæki sameinuð, fyrirtæki gerð sérhæfðari, kostnaður skorinn niður o.fl. Í útgerð hefur skipum verið fækkað, aflakvóti fluttur á færri skip o.s.frv.

Þegar kemur að því að útgerðarmaður þarf að hagræða og endurnýja aðalatvinnutæki sitt, fiskiskipið, eru nú í gildi gamaldags fjárfestingarhöft sem þekktust hér á landi fyrir 40–45 árum síðan og útlit fyrir enn meiri höft ef umrætt frumvarp verður að lögum.

Aldur loðnuskipanna.

Fiskiskipafloti okkar er orðinn gamall, meðalaldur alls flotans er um 17 ár.

Meðalaldur loðnuveiðiskipanna er yfir 26 ár. Tvö loðnuveiðiskip eru yngri en 17 ára og það elsta 38 ára. Loðnuskipin eru að meginuppistöðu yngstu síldarbátarnir sem smíðaðir voru 1965–67. Að vísu er búið að lengja þessi skip og byggja yfir þau og endurnýja vélar þeirra, en verulegur hluti skipanna er upphaflega smíðin. Tæknilega séð er eðlilegur „notkunartími" (lífslengd) fiskiskipa 20–25 ár.

Skrokkar þessara gömlu loðnuskipa eru komnir á tíma, hleðsla skipanna nú er langt umfram upphaflegar hönnunarforsendur hvað styrkleika og stöðugleika varðar. Engin keðja er sterkari en veikasti hlekkur hennar.

Þegar tæknimenn sjá myndir af þessum gömlu loðnuskipum fullhlöðnum á siglingu að vetrarlagi fer hrollur um þá því að þeir vita hvaða hættur geta verið á ferðinni. Það er einstök heppni og mildi og hæfum skipstjórnarmönnum að þakka að ekki hafa orðið stórslys á loðnuveiðiskipunum á undanförnum árum, en hættan eykst verulega með hverju árinu sem þessi gömlu skip eru í rekstri.

Í reglum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, IMO, Torremolinos-samþykktinni um öryggi fiskiskipa frá 1977, er krafa um ákveðna bóghæð yfir sjólínu á nýjum skipum. Þessar reglur mun Evrópusambandið og EES taka í gildi sem sínar innan skamms. Nokkrar nágrannaþjóðir okkar hafa sett hliðstæðar reglur um fríborð fiskiskipa til að auka öryggi þeirra. Þessar reglur krefjast um það bil 1,5 m fríborðs miðskips fyrir 45–50 m langt skip. Ekkert af okkar gömlu loðnuskipum kemst nálægt því að uppfylla þessar reglur. Þær eru ekki samdar að ástæðulausu heldur að mjög athuguðu máli færustu sérfræðinga á sviði öryggis fiskiskipa.

Endurnýjun.

En hver er þá ástæðan fyrir því að útgerðarmenn endurnýja ekki skip sín með reglulegu millibili? Jú, svarið er einfalt. Til að þetta sé hægt þarf að vera rekstrargrundvöllur fyrir nýju skipi. Eitt þeirra atriða sem stuðlar að óhagstæðum rekstrargrundvelli eru þær gamaldags fjárfestingarhömlur, sem ég vil kalla svo, sem eru til staðar enn þann dag í dag þrátt fyrir að kvóti sé á svo til öllum fiskitegundum.

Núna eru í gildi reglur sem segja að sé nýtt skip tekið í notkun þurfi að úrelda jafnstórt skip á móti mælt í rúmmetrum (lengd x breidd x dýpt). Ný skip eru í dag mun stærri samanborið við „sambærileg“ skip smíðuð fyrir 30 árum. Það er allt annar aðbúnaður áhafnar, meðferð afla krefst mun meira rýmis o.fl. Þar af leiðandi þarf útgerðarmaður sem ætlar að endurnýja 30 ára gamalt loðnuskip nú að kaupa tvö önnur í viðbót til að fleygja, aðeins til að uppfylla þessar kröfur úreltrar reglugerðar. Þessi kaup á tveimur skipum geta kostað hann allt að 100–120 millj. kr., með öðrum orðum er hér um að ræða 20% toll á nýtt skip.

Annað hættulegt atriði sem reglurnar stuðla að er að með þessu áframhaldi getur skipunum fækkað of mikið þannig að erfitt verði að veiða þann kvóta sem úthlutað er. Það er þekkt lögmál hvort sem mönnum líkar betur eða verr að það getur orðið mjög afdrifaríkt að fækka fiskiskipunum almennt of mikið. Ef þeim fækkar þannig að meira fiskast en hæfilegt er á hvert skip kemur það niður á meðhöndlun aflans um borð. Útkoman er alltaf minni gæði og lægra afurðaverð. Með hæfilega stórum flota fæst besta nýtingin á því sem um borð kemur.

Afleiðingar laganna.

Afleiðingar ákvæða frumvarpsins verða þær að loðnuskipaflotinn heldur áfram að koma með lélegt hráefni að landi fyrir mjölverksmiðjurnar, en þær hafa einmitt fjárfest fyrir mörg hundruð milljónir króna á síðustu missirum til að geta framleitt hágæðamjöl. Skilyrði þess að hægt sé að framleiða hágæðamjöl er einmitt að skipin komi með hráefnið kælt að landi. Ekkert verður af þessu og fjárfesting mjölverksmiðjanna er til lítils.

Norsk-íslenski síldarstofninn nálgast lögsögu okkar. Frumskilyrði þess að nýta hann til manneldis er að koma með aflann að landi kældan í sjó eða ís/sjó-blöndu. Eitt skip íslenska flotans getur komið með aflann í sjókælitönkum að landi nú og annað gamalt skip er í breytingum sem lýkur í haust. Það er mér óskiljanlegt hvernig mönnum dettur í hug að gera loðnuskipaútgerðum erfiðara um vik en ella að gera nauðsynlegar endurbætur á skipum sínum þannig að meðferð aflans verði betri og öryggið meira fyrir skip og áhöfn þess.

Þetta lagafrumvarp setur u.þ.b. 60 millj. kr. toll ofan á u.þ.b. 150 millj. kr. fjárfestingu í nauðsynlegum breytingum á skip.

Þar sem mönnum er gert mjög erfitt fyrir að smíða ný skip með núgildandi lögum um úreldingu skipa á móti nýsmíði er nú einnig verið að setja hömlur á að menn endurbæti skip sín til að mæta kröfu tímans. Þar sem kvóti er á öllum afla þessara skipa er þetta með öllu óskiljanlegt á Íslandi árið 1995.

Lokaorð.

Skapa þarf útgerðinni í landinu nútímarekstrarumhverfi þar sem flutningur kvóta á milli skipa er frjáls og fjárfestingar í skipum algerlega á ábyrgð útgerðarinnar og lánardrottna hennar án afskipta ríkisvaldsins af því hvernig eigi að sækja aflann og með hvers konar skipum. Afnema þarf allar hömlur á breytingum og endurnýjun skipa sem eru á aflamarki. Ríkisvaldið úthlutar kvótanum, útgerðin í landinu sér um að koma honum á land án aðstoðar embættismanna.

Erindi frá Húnaröst hf.

(6. júní 1995.)

Það kom sem reiðarslag yfir okkur eigendur Húnarastar RE-550 þegar okkur var bent á breytingar á frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða. Þar kemur berlega í ljós sá vilji að gera nótaflotanum ókleift að endurbæta skip sín. Þykir okkur þetta mjög miður og mikil skammsýni að ætla að setja nótaflotann undir sama hatt og aðra í þessu máli, sérstaða hans er slík.

1. Flest skip í nótaflotanum eru 20–30 ára gömul. Þar með væri hægt að segja: Af hverju endurnýja menn ekki allt skipið? Afkoma loðnuflotans er slík að fæstir hafa einfaldlega bolmagn til þess að kaupa ný skip á 600–800 milljónir kr. þegar meðaltalsaflaverðmæti ársins er í kringum 150 milljónir kr. Hér væri verið að hrinda mönnum í framkvæmdir sem þeir hreinlega réðu ekki við og gjaldþrot fyrirtækja er eitthvað sem enginn vill og enginn græðir á.
2. Kröfur um ferskleika eru að verða mjög miklar samkvæmt EES-stöðlum. Kaupendur hráefnis gera æ meiri kröfur til ferskleika og síðan komum við að einum mikilvægasta þættinum í þessu sem varðar hráefni til manneldis, því ferskara sem það kemur að landi, því meiri verðmæti og því fleiri hendur sem vinna verkið.
3. Loðnukvótinn hefur ekki náðst undanfarin ár þannig að aðaltilgangur frumvarpsins nær ekki yfir nótaflotann. Síldveiðin úr norsk-íslenska stofninum ýtir enn frekar á að skipin séu stærri og að hinni nýju kælitækni (RSV) sé komið í skipin.
4. Alþjóðareglur um hleðslumark skipa sem mundu gera það að verkum að burðargeta flotans gæti minnkað um 30%.

Það sem við og útgerðir um 40% skipa í flotanum erum einfaldlega að fara fram á er að geta sett RSV-kælitanka í skip okkar og með þeirri framkvæmd þarf rýmkun til þess að breytingin sé hagkvæm. Við ætlum ekki að fara út í tæknilega hluti en erum boðnir og búnir að sýna mönnum teikningar af breytingum sem við höfum þegar hafið vinnu á. Þetta eru breytingar sem kosta 120–250 milljónir kr. eftir stærð skipa og umfangi verksins.

Það eru gífurlegir hagsmunir fyrir þjóðfélagið í heild sinni að þarna verði ekki lokað á okkur því þetta mun í framtíðinni geta aukið tekjur ríkisins. Við eigendur Húnarastarinnar erum komnir af stað, en fresturinn sem gefinn er í athugasemdum við 5. gr. er of stuttur fyrir okkur. Við höfum nú þegar lagt í þetta milljónir króna í undirbúningsvinnu og svo á við um fleiri og margir eru komnir af stað. Frestinn um haffærisskírteini þyrfti einfaldlega að framlengja um eitt ár til þess að þeir sem komnir eru af stað geti klárað verkið. Það tekur einfaldlega þann tíma.

Frumvarpið sem liggur fyrir Alþingi er góðra gjalda vert en það á einfaldlega ekki við allan flotann. Hlutirnir eru bara ekki það einfaldir. Það er von um vaxtarbrodd í nótaflotanum með norsk-íslensku síldinni og það væri þjóðfélaginu í heild skaði ef þetta frumvarp fer óbreytt gegnum þingið.

741. Nefndarálit [399. mál]

um frv. til l. um breyt. á skaðabótalögum, nr. 50/1993.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fengið málið aftur til umfjöllunar að lokinni 1. umræðu. Ástæða þess er sú að við 1. umræðu komu fram breytingartillögur við tvö atriði frumvarpsins, þ.e. 3. gr. er fjallar um skipun nefndar til að vinna að heildarendurskoðun skaðabótalaga og gildistökuákvæði 4. gr.

Nefndin telur, með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem fram koma í greinargerð frumvarpsins, ekki ástæðu til að gera breytingar á gildistökuákvæðinu. Hins vegar má færa rök að því að ekki sé þörf á nákvæmri verklýsingu í lögunum um störf þeirrar nefndar sem gert er ráð fyrir að ráðherra skipi til að framkvæma heildarendurskoðun laganna. Allsherjarnefnd leggur engu að síður áherslu á að eitt af meginhlutverkum þeirrar nefndar hljóti að vera að endurskoða þau ákvæði laganna sem mest hafa verið gagnrýnd. Nefndin leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

a. 2. málsl. efnismgr. 3. gr. falli brott.
b. Orðin „í samræmi við niðurstöður nefndarinnar“ í 3. málsl. 3. gr. falli brott.

Alþingi, 20. mars 1996.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Jón Kristjánsson.
Árni R. Árnason.	Guðný Guðbjörnsdóttir.	Hjálmar Jónsson.
Sighvatur Björgvinsson.	Kristján Pálsson.	Ögmundur Jónasson.

742. Fyrirspurn [417. mál]

til samgönguráðherra um þungaflutninga á þjóðvegum.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hver hefur verið þróun þungaflutninga á þjóðvegum landsins sl. fimm ár? Óskað er eftir sundurliðuðum upplýsingum um flutninga á helstu leiðum eða eftir vegaflokkum eftir því sem upplýsingar liggja fyrir.
2. Hvaða áhrif hafa breytingar á strandsiglingum og aðrar breytingar á sjósamgöngum og tækni á því sviði haft á flutninga á landi?
3. Hvaða áhrif hafa auknir flutningar haft á slit á vegum og viðhaldsþörf?
4. Telur ráðuneytið að umfang þungaflutninga á vegum landsins muni aukast? Ef svo er, hvaða framkvæmdir í vegamálum eru taldar nauðsynlegar til að bregðast við þeirri þróun og hver er áætlaður kostnaður við þær:
   a. vegna þunga,
   b. vegna öryggis vegfarenda?
5. Hver er stefna ráðuneytisins um tekjuöflun til fjármögnunar framkvæmda sem telja verður fyrst og fremst tilkomnar vegna þungaflutninga?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Þungaflutningar á þjóðvegum hafa aukist afar mikið síðustu ár og enn má búast við mikilli aukningu, m.a. við breytingar á sjóflutningum til og frá landinu. Akstur með fiskafla milli byggðarlaga og landshluta eykur stórlega álag á vegakerfið sem víða er alls ekki undir þá þróun búið. Fyrirspurnin er fram borin til fá upplýsingar um viðbrögð samgönguyfirvalda við þróuninni.

743. Fyrirspurn [418. mál]

til dómsmálaráðherra um öryggi við þungaflutninga á þjóðvegum.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hversu mörg slys hafa orðið árlega við þungaflutninga á þjóðvegum landsins undanfarin fimm ár:
   a. bílveltur,
   b. akstur út af vegi,
   c. árekstrar við önnur farartæki,
   d. meiðsli á fólki,
   e. banaslys?
2. Hvaða hættur skapast einkum í umferðinni við aukna þungaflutninga?
3. Til hvaða ráða hefur verið gripið til að draga úr hættum við þungaflutninga?
4. Til hvaða ráðstafana er nauðsynlegt að grípa til að tryggja öryggi vegfarenda sérstaklega við þungaflutninga á vegum?
5. Liggur fyrir mat á kostnaði við einstakar aðgerðir? Ef svo er, hver er hann?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Þungaflutningar á þjóðvegum landsins og innan þéttbýlis hafa farið ört vaxandi síðustu ár. Flutningatækin eru líka stöðugt að stækka og ætla má að stundum sé þeim ekið yfir hámarkshraða. Vegakerfið er illa í stakk búið að mæta þessu margaukna álagi og eykur það verulega slysahættu. Fyrirspurnin er fram borin til að fá upplýsingar um slysatíðni og áformaðar aðgerðir stjórnvalda til að draga úr henni.

744. Nefndarálit [271. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Þórhall Ólafsson og Ólaf W. Stefánsson frá dómsmálaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Bílgreinasambandinu, Félagi löggiltra bifreiðaeigenda og lögreglustjóranum í Reykjavík.

Frumvarpið fjallar um rétt bifreiðaeigenda til að fá sérstök skráningarmerki, einkamerki, á bíla sína þannig að bílnúmer geti samanstaðið af eingöngu bókstöfum eða tölustöfum.

Nefndin leggur áherslu á að samkvæmt skriflegum upplýsingum sem henni bárust frá dómsmálaráðuneytinu er ekki verið að innleiða tvöfalt skráningarkerfi á ný með þessari breytingu heldur er þvert á móti ætlunin að eldri skráningarmerkin, þ.e. þau sem notuð voru fyrir tíð fastnúmerakerfisins, hverfi endanlega úr umferð fyrir árslok 1997. Einka-

merki eiga að verða að öllu leyti eins og núverandi skráningarmerki nema hvað varðar röðun bókstafa og tölustafa á merkinu. Bifreið með einkamerki mun einnig fá fast númer sem fylgir bifreiðinni þar til hún verður afskráð. Ef ætlunin er að selja bifreið sem ber einkamerki þarf eigandi að setja fastnúmeramerki á og ber hann af því allan kostnað. Nefndin gerir athugasemd við eitt atriði í frumvarpinu og það er að gjaldið, sem mönnum er ætlað að greiða fyrir réttinn að einkamerkjum, sé of hátt. Nefndin leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Í stað fjárhæðarinnar „50.000 kr.“ í 2. efnismgr. 1. gr. komi: 25.000 kr.

Alþingi, 20. mars 1996.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Sighvatur Björgvinsson, með fyrirvara.
Árni R. Árnason.	Guðný Guðbjörnsdóttir.	Jón Kristjánsson.
Kristján Pálsson.	Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.	Hjálmar Jónsson.

745. Fyrirspurn [419. mál]

til félagsmálaráðherra um málefni einhverfra og einstaklinga með asperger-einkenni.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hver er niðurstaða nefndar sem falið var að fjalla um greiningu og meðferð einhverfra og einstaklinga með asperger-einkenni?
2. Hvenær hyggst ráðherra taka ákvörðun um næstu skref sem stigin verða á grundvelli tillagna nefndarinnar?
3. Eru einhver þeirra úrræða, sem nefndin gerði tillögur um, á forræði annarra ráðuneyta? Ef svo er, hverra?
4. Mun ráðuneytið birta skýrslu nefndarinnar opinberlega?

746. Lög [117. mál]

um erfðabreyttar lífverur.

(Afgreidd frá Alþingi 20. mars.)

Samhljóða þskj. 679 með þessum breytingum:

13. gr. hljóðar svo:

Óheimilt er að sleppa eða dreifa erfðabreyttum lífverum, nema að fengnu leyfi Hollustuverndar ríkisins. Sækja skal um leyfi til Hollustuverndar ríkisins fyrir hverja ein-

staka sleppingu eða dreifingu. Sækja má um leyfi fyrir fleiri en eina sleppingu eða dreifingu í sömu umsókn, enda sé um að ræða samsetningu eða blöndu erfðabreyttra lífvera á einum stað eða sömu tegund þeirra er sleppt á fleiri stöðum í sama skyni og á afmörkuðu tímabili. Stofnunin skal staðfesta móttöku umsókna skriflega.

Umsókn skulu fylgja nauðsynlegar upplýsingar um eiginleika og einkenni hinnar erfðabreyttu lífveru, greinargerð um hugsanlegar afleiðingar af sleppingu og dreifingu, fyrirhugaðar öryggisráðstafanir og siðferðileg álitaefni ásamt öðrum gögnum sem ráðherra kveður á um í reglugerð.

Umsóknir um leyfi skulu vera þannig úr garði gerðar að þær séu fallnar til almennrar kynningar eftir því sem ákveðið kann að verða og samrýmist ákvæðum um upplýsingaskyldu og trúnað.

Hollustuvernd ríkisins skal leita umsagna Náttúruverndarráðs og annarra eftir því sem við á og nánar er kveðið á um í reglugerð.

14. gr. hljóðar svo:

Hollustuvernd ríkisins leggur mat á hverja umsókn á grundvelli framkominna gagna og umsagna og tekur afstöðu til þess hvort leyfi skuli veitt, að fengnum tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands. Aðeins skal veita leyfi til sleppingar eða dreifingar að ekki sé talin hætta á skaðsemi út frá umhverfisverndar- og heilsufarssjónarmiðum og siðferðilega sé réttlætanlegt. Hollustuvernd ríkisins skal tilkynna umsækjanda skriflega hvort fallist hafi verið á umsókn og hvaða skilyrðum leyfi sé bundið hafi það verið veitt. Stofnunin getur ákveðið áður en leyfi er veitt að framkvæmdar verði sérstakar prófanir og rannsóknir.

747. Lög [148. mál]

um köfun.

(Afgreidd frá Alþingi 20. mars.)

Samhljóða þskj. 732.

748. Lög [317. mál]

um breytingu á lögum um landflutningasjóð, nr. 62/1979, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 20. mars.)

Samhljóða þskj. 733.

749. Frumvarp til laga [420. mál]

um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80/1987, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur Árni Stefánsson, Gísli S. Einarsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Lúðvík Bergvinsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Á eftir 4. mgr. 63. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Kjósanda sem búsettur er erlendis og greiða vill atkvæði utan kjörfundar skal, ef beiðni þar að lútandi kemur fram, gefinn kostur á að fá sendan kjörseðil í ábyrgðarpósti. Kjósandi endursendir síðan kjörseðilinn til kjörstjórnar í sínu kjördæmi ásamt fylgigögnum sem lögbókandi, þar sem kjósandi er búsettur, hefur vottað.

2. gr.

Við 5. mgr. (er verður 6. mgr.) 63. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ráðuneytið skal einnig setja nánari reglur um framkvæmd atkvæðagreiðslu skv. 5. mgr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Íslendingar sem búsettir eru erlendis eiga því aðeins möguleika á að greiða atkvæði utan kjörfundar samkvæmt núgildandi lögum um kosningar til Alþingis, 63. gr., að notuð séu hin fyrirskipuðu kjörgögn og að kosning fari fram á skrifstofu sendiráðs eða fastanefndar, sendiræðisskrifstofu eða skrifstofu kjörræðismanns, sem er kjörstjóri skv. 13. gr. laganna. Kjörstöðum verður því aðeins fjölgað samkvæmt ákvæðinu að víðar verði skipaðir kjörræðismenn sem geta annast utankjörfundarkosningu.

Samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu er ekki ráðgert að fjölga kjörstöðum erlendis fyrir næstu kosningar. Ráðuneytið hefur hins vegar reynt að leysa úr vanda hópa Íslendinga sem búsettir eru fjarri skrifstofu sendiráðs eða ræðismanna með því að opna tímabundið slíkar skrifstofur.

Í 1. gr. laga um kosningar til Alþingis kemur fram að íslenskur ríkisborgari á kosningarrétt í átta ár frá því hann flytur lögheimili af landinu, talið frá 1. desember næstum fyrir kjördag. Slíkur ríkisborgari getur einnig átt kosningarrétt þó að liðinn sé lengri tími en átta ár ef hann hefur sérstaklega sótt um að verða settur á kjörskrá. Við kosningar til Alþingis vorið 1995 voru kjörstaðir erlendis samtals 114 í 45 ríkjum. Alls voru þá teknir á kjörskrá 6.331 íslenskur ríkisborgari búsettur erlendis. Af þeim fóru 6.224 sjálfkrafa á kjörskrá þar sem þeir höfðu flust til útlanda eftir 1. desember 1986 og 107 sem höfðu búið erlendis lengur en í átta ár miðað við þann dag og höfðu sótt um fyrir 1. desember 1994 að vera settir á kjörskrá.

Í norskum kosningalögum er að finna sérreglur um utankjörfundaratkvæðagreiðslu norskra ríkisborgara, sbr. ákvæði 34. gr. a. Í ákvæðinu er norskum ríkisborgurum, sem óska eftir að greiða atkvæði í kosningum í heimalandi sínu, heimilað að senda atkvæði sitt í almennum pósti til kjörstjórnar þar sem þeir eru á kjörskrá í stað þess að afhenda atkvæði sitt hjá sendifulltrúa. Ákvæðinu hefur verið beitt í þágu þeirra ríkisborgara sem búsettir eru í Þýskalandi og Sviss þar sem þeir eiga ekki kost á því að kjósa með öðrum hætti, en það er sett sem skilyrði í ákvæðinu. Sama gildir um sænska ríkisborgara sem búsettir eru í þessum löndum, en sérstök lög eru í gildi í Svíþjóð um fyrirkomulag atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, þ.e. „Lag om brevröstning i Förbundsrepubliken Tyskland og Schweiz“, og gilda þau til áramóta 1997–98. Í þessu samhengi er einnig rétt að geta þess að skv. 70. gr. íslensku kosningalaganna skulu kjósendur, sem kjósa utan kjörfundar, annast og kosta sjálfir sendingu atkvæðis síns til kjörstjórnar á Íslandi. Kjörstjóra er þó skylt, ef kjósandi óskar þess, að koma bréfinu í póst.

Kosningarrétturinn er stjórnarskrárvarinn og einn af hornsteinum lýðræðisskipunar okkar. Í því ljósi er mikilvægt að gera öllum þeim sem eiga þennan rétt kleift að nýta sér hann. Breyting sú sem hér er lögð til á lögum um kosningar til Alþingis er hugsuð í þágu allra þeirra kjósenda sem búsettir eru erlendis og vilja nýta kosningarrétt sinn. Hún er ekki takmörkuð sérstaklega við lönd þar sem ekki er mögulegt að kjósa með öðrum hætti, sbr. áðurnefnd ákvæði í norskum og sænskum lögum. Án þess að hægt sé að fullyrða um það og byggja á óyggjandi tölum má leiða að því sterkar líkur að kosningaþátttaka Íslendinga, sem búsettir eru tímabundið erlendis vegna náms eða starfa, sé talsvert minni en gerist hjá Íslendingum sem hafa dvalarstað hér heima. Ástæður þessa eru fyrst og fremst miklar vegalengdir á kjörstað. Til að bæta þar úr er frumvarp þetta lagt fram. Ef vel er á spilum haldið er unnt að afgreiða það á vorþingi og tryggja að þessi breyting og réttarbót komi íslenskum kjósendum til góða í næstu reglulegu kosningum, forsetakosningunum 29. júní 1996.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að nýju ákvæði verði bætt við 63. gr. laganna sem miðar að því að einfalda þeim Íslendingum sem búa erlendis að kjósa utan kjörfundar en það hefur oft reynst bæði kostnaðarsamt og tímafrekt fyrir fjölda manna að komast á kjörstað sökum mikilla fjarlægða. Til þess að tryggja öryggi atkvæðagreiðslu, sem fram fer eftir að kjósandi hefur, samkvæmt beiðni, fengið sendan kjörseðil í ábyrgðarpósti, er lagt til að lögbókandi skuli votta á fylgigögn með kjörseðli, en lögbókandagerð telst opinber staðfesting á því sem efni hennar kveður á um og er vottun lögbókanda jafngild vottun tveggja manna um þá athöfn eða staðreynd sem hún tekur til. Af því loknu getur kjósandi endursent kjörseðilinn til kjörstjórnar í sínu kjördæmi.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir því að dómsmálaráðuneytið setji nánari reglur um framkvæmd atkvæðagreiðslu utan kjörfundar skv. 1. gr., m.a. um tímafresti, vottun o.fl.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

750. Frumvarp til laga [421. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Til tekna sem vextir, sbr. 1. mgr., af kröfum eða inneignum, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, teljast vextir sem greiddir eru eða eru greiðslukræfir og greiddar verðbætur á afborganir og vexti, svo og gengishækkun hlutdeildarskírteina. Til tekna í þessu sambandi teljast enn fremur hvers kyns gengishagnaður og afföll af keyptum verðbréfum, víxlum og sérhverjum öðrum kröfum og hvers kyns aðrar tekjur af peningalegum eignum. Ákvörðun tekna skal vera þannig:

1. Vextir af reikningum í innlánsstofnunum skulu teljast til tekna þegar þeir eru færðir eiganda til eignar á reikningi.
2. Vextir af kröfu skulu teljast til tekna þegar þeir eru greiddir eða greiðslukræfir.
3. Afföll, þ.e. mismunur á uppreiknuðu nafnverði kröfu á kaupdegi að frádregnu kaupverði hennar, skal færa til tekna í hlutfalli við afborganir nafnverðs þegar þær greiðast.

   Við vexti af verðbréfum sem ekki eru með árlegri greiðslu skal, þegar skattur er reiknaður af vöxtunum, bætast sérstakt álag sem miðast við að ársávöxtun eftir skatt yfir reikningstímabilið sé sem næst því sem verið hefði við árlega staðgreiðslu. Seðlabanki Íslands skal reikna út stuðul í þessu sambandi fyrir hvert tekjuár í upphafi næsta árs á eftir tekjuárinu. Nánar skal kveðið á um útreikning þennan í reglugerð.
4. Áfallinn gengishagnað á hverja úttekt af reikningi eða afborgun af kröfu í erlendri mynt skal færa til tekna. Heimilt skal þó að miða við meðaltal stöðu reiknings í upphafi og í lok árs eða á innborgunar- og úttektardegi innan ársins nema um veruleg viðskipti sé að ræða. Nánari reglur hér að lútandi skulu settar í reglugerð.
5. Vextir, arður og önnur ávöxtun af lífeyristryggingum, söfnunartryggingum einstaklinga hjá líftryggingafélögum skulu tekjast til tekna þegar slíkar tekjur falla til, nema að því leyti sem lífeyristryggingar, söfnunartryggingar, verða skattlagðar sem tekjur samkvæmt öðrum ákvæðum laga þessara.

2. gr.

9. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Skattskyldur arður.

Til arðs af hlutum og hlutabréfum í félögum, sem um ræðir í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., telst auk venjulegrar arðgreiðslu sérhver afhending verðmæta til hlutareiganda eða hlut hafa er telja verður sem tekjur af hlutareign þeirra í félaginu.

Arður af eigin hlutum eða hlutabréfum telst hvorki til tekna né gjalda hjá hlutafélagi.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „fimm“ í 1. mgr. kemur: tvö.
b. Í stað orðsins „fimm“ í 4. mgr. kemur: tveggja.

4. gr.

Í stað 2. mgr. 17. gr. laganna koma tvær málsgreinar, svohljóðandi:

Hagnaður af sölu hlutabréfa telst mismunur á söluverði þeirra annars vegar og kaupverði þeirra hins vegar. Kaupverð hlutabréfa, sem skattaðili hefur eignast við samruna hlutafélaga skv. 56. gr., skal ákvarðast jafnt kaupverði þeirra hlutabréfa er hann lét af hendi. Þegar ákveða skal hagnað af sölu hlutabréfa skal kaupverð hvers hlutabréfs teljast jafnt meðalkaupverði allra hlutabréfa sömu tegundar í hendi sama eiganda.

Nú er félagi slitið án þess að um samruna félaga sé að ræða, sbr. 56. gr., og skal þá litið á það sem sölu hlutafjár í hendi eiganda og úthlutunina sem söluverð.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á B-lið 1. mgr. 30. gr. laganna:

a. 1., 2. og 3. tölul. 1. mgr. stafliðarins falla brott og breytist röð annarra liða samkvæmt því.
b. Við bætist nýr töluliður, er verður 2. tölul., svohljóðandi: Nú verður greiðslufall á kröfu sem vextir hafa verið reiknaðir af og frestast þá greiðsla skatts af slíkum vöxtum. Heimilt er að mótreikna þessa töpuðu vexti við fjármagnstekjur. Skal það gert á því ári þegar sýnt er að skuld sem vextir voru reiknaðir af fæst ekki greidd og skal gera grein fyrir henni á skattframtali viðkomandi tekjuárs. Með sama hætti fer um leigutekjur, gengistap og tap á sölu hlutabréfa. Heimild þessi tekur til krafna allt að fimm ár aftur í tímann talið frá og með tekjuári. Sé ekki um fjármagnstekjur að ræða á því tekjuári þegar mótreikningur á sér stað yfirfærist mótreikningsheimildin til næsta skattframtals í allt að fimm ár. Heimild samkvæmt þessari málsgrein tekur einungis til fjármagnstekna utan rekstrar hjá einstaklingum og þeirra lögaðila sem ekki hafa með höndum atvinnurekstur
c. 4. mgr. stafliðarins fellur brott.

6. gr.

Í stað 2. og 3. málsl. 8. tölul. 31. gr. laganna koma fjórir málsliðir, svohljóðandi: Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en nemur 10% af nafnverði hlutafjár þegar nafnverð hlutafjár hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr. Þó skal hækkun samkvæmt þessari málsgrein ekki fara fram úr hækkun á raunverulegu verðmæti hreinnar eignar félagsins í lok þess árs sem næst fer á undan tekjuári að teknu tilliti til opinberra gjalda sem tengd eru því ári. Sé í eigu hlutafélags íbúðarhús, sumarhús, fólksbifreiðar, skemmtibátar eða aðrar eignir sem ætlaðar eru til einkaþarfa hluthafa, stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra félagsins eða skylduliðs þeirra manna skal verðmæti þeirra eigna dregið frá nafnverði áður en arður samkvæmt þessum tölulið er ákvarðaður. Arður samkvæmt þessum tölulið er frádráttarbær frá tekjum þess árs sem hann er reiknaður af.

7. gr.

Við 67. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, er verða 3. og 4. mgr., sem orðast svo:

Tekjuskattur af fjármagnstekjum einstaklinga utan rekstrar skal vera 10% af þeim tekjum. Til fjármagnstekna teljast í þessu sambandi tekjur skv. 1.–8. tölul. C-liðar 7. gr., þ.e. vextir, arður, leigutekjur, söluhagnaður og aðrar eignatekjur.

Sú fjárhæð sem reiknast skv. 3. mgr. skal vera endanleg álagning á fjármagnstekjur. Skulu engin önnur opinber gjöld, sem reiknuð eru á tekjuskattsstofn, leggjast á þessar tekjur. Sömuleiðis skulu tekjurnar ekki taldar til tekjuskattsstofns við útreikning tekjuviðmiðunar barnabótaauka samkvæmt lögum þessum eða til viðmiðunar við útreikning bóta eða annarra greiðslna samkvæmt lögum um almannatryggingar, lögum um húsaleigubætur eða öðrum lögum nema sérstaklega sé kveðið á um það í þeim lögum. Um afdrátt skatts af vaxtatekjum og arði samkvæmt þessari málsgrein skulu á tekjuárinu gilda lög um staðgreiðslu skatts af slíkum tekjum samkvæmt því sem nánar er kveðið á um í þeim lögum.

8. gr.

Á eftir 3. málsl. 2. mgr. A-liðar 68. gr. laganna kemur nýr málsliður er orðast svo: Þeim hluta persónuafsláttar, sem þá er óráðstafað skal ráðstafað, til að greiða tekjuskatt sem lagður er á fjármagnstekjur, sbr. 3. mgr. 67. gr.

9. gr.

Við 4. mgr. C-liðar 69. gr. laganna bætist nýr málsliður, er verður næstsíðasti málsliður málsgreinarinnar, svohljóðandi: Vaxtabætur skulu hækkaðar um fjárhæð sem svarar til þess skatts sem greiddur hefur verið af vöxtum viðkomandi tekjuárs þó ekki nema að því hámarki er greinir í 6. málsl. þessarar málsgreinar.

10. gr.

Við 72. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, er verða 3. og 4. mgr., svohljóðandi:

Lögaðilar þeir er undanþegnir eru skattskyldu skv. 2., 3., 5., 6. og 7. tölul. 4. gr. skulu þrátt fyrir það greiða tekjuskatt af fjármagnstekjum, sbr. 1.–8. tölul. C-liðar 7. gr. Skal hann vera 10% af þeim stofni. Afdráttur skatts og innborgun hans samkvæmt lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur skal vera fullnaðargreiðsla og koma í stað álagningar samkvæmt lögum þessum. Þó skulu þeir aðilar sem þessi málsgrein tekur til og sjálfir annast um innheimtu vaxta í eigin lánaumsýslu eða fá vaxtatekjur, sem ekki er dregin af staðgreiðsla, skila greinargerð um vaxtatekjur til skattyfirvalda og standa skil á 10% tekjuskatti af slíkum vöxtum að tekjuári loknu. Þeir aðilar sem þessi málsgrein tekur til og hafa aðrar fjármagnstekjur skulu sömuleiðis standa skil á 10% tekjuskatti af slíkum tekjum að tekjuári loknu. Við ákvörðun á stofnverði eigna sem félög, sbr. 5. tölul. 4. gr., eignast við gjöf skal við sölu miðað við að stofnverðið sé markaðsverð á yfirtökudegi félagsins á eigninni. Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um skilagreinar og skil vegna þessarar málsgreinar.

Ákvæði 3. mgr. taka ekki til Lánasjóðs íslenskra námsmanna, Byggðastofnunar, Byggingasjóðs ríkisins, Byggingasjóðs verkamanna, Framkvæmdasjóðs fatlaðra, Framkvæmdasjóðs aldraðra, Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, Lánasjóðs sveitarfélaga og Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda, Seðlabanka Íslands, lánastofnana sem skattskyldar eru samkvæmt lögum nr. 65/1982, um skattskyldu lánastofnana, með síðari breytingum, eða til lífeyrissjóða, sbr. lög nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

11. gr.

Á eftir orðinu „laga“ í 1. mgr. 121. gr. laganna, sbr. 20. gr. laga nr. 145/1995, kemur: eða laga um staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við staðgreiðslu gjalda á árinu 1997 og við álagningu gjalda á árinu 1998 fyrir tekjuárið 1997. Breyting á nafnverði hlutafjár, sbr. 1. málsl. 6. gr., skal koma til framkvæmda í fyrsta sinn á árinu 1998 vegna verðbreytingarstuðuls ársins 1997.

13. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Vextir af bréfum og kröfum hjá aðilum utan rekstar sem stofnað var til fyrir 1. janúar 1997.

Vextir eins og þeir eru skilgreindir í 2. mgr. 8. gr. af bréfum og kröfum sem gefin voru út, eða til var stofnað fyrir 1. janúar 1997, teljast eigi til skattskyldra vaxtatekna að því leyti sem þeir voru áfallnir þann 1. janúar 1997.

II.

Jöfnunarverðmæti hlutabréfa.

Á árunum 1997 og 1998 skal ákvarða jöfnunarverðmæti hlutabréfa og skal það verð lagt til grundvallar eftir gildistöku laga þessara sem kaupverð í hendi hluthafa við ákvörðun söluhagnaðar eða sölutaps hjá hluthöfunum og við slit félags. Einnig skal jöfnunarverðmætið lagt til grundvallar í stað nafnverðs við úthlutun á arði skv. 8. tölul. 31. gr. og taka verðbreytingum samkvæmt þeim tölulið í fyrsta sinn á árinu 1998.

Jöfnunarverðmæti, sbr. 1. mgr., skal vera nafnverð hlutabréfa að viðbættu verði þeirra jöfnunarhlutabréfa sem gefin höfðu verið út og úthlutað til hluthafa 31. desember 1996.

Heimilt er að fengnu samþykki ríkisskattstjóra að ákvarða jöfnunarverðmæti, sbr. 1. mgr., jafnhátt þeirri fjárhæð sem nemur samanlögðu nafnverði og þeirri fjárhæð sem heimilt hefði verið að gefa út sem jöfnunarhlutabréf samkvæmt þeim reglum sem um það giltu í árslok 1996. Ef þessi heimild er notuð skal hlutafélagið gera grein fyrir útreikningi umræddrar fjárhæðar með framtalsskilum á árinu 1998 eða 1999, vegna tekna á árinu 1997 og 1998, og eigna í lok þeirra ára.

Jöfnunarverðmæti samkvæmt þessu ákvæði skal árlega tilgreina á skattframtali hlutafélagsins og á hlutafjármiðum.

Hafi hlutafélag ekki gefið út jöfnunarhlutabréf eða tilgreint jöfnunarverðmæti með þeim hætti sem áskilinn er eigi síðar en á framtali ársins 1999 vegna tekna og eigna ársins 1998 skal jöfnunarverðmæti við sölu bréfanna vera nafnverð hlutabréfanna án frekari verðleiðréttingar.

Þrátt fyrir reglur þessa ákvæðis er hluthafa í hlutafélagi, sem ekki hefur fullnægt framangreindum skilyrðum, heimilt við sölu hlutabréfa sinna eða slit félags að nota sem jöfnunarverðmæti nafnverð að viðbættri hækkun á því samkvæmt vísitölu jöfnunarhlutabréfa, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignaskatt, eins og sú málsgrein hljóðaði fyrir gildistöku laga þessara enda sé verðmæti hreinnar eignar hlutafélagsins í árslok 1996 ofan þeirra marka er í þeirri málsgrein greinir.

III.

Vextir af örorkubótum.

Nú hefur einstaklingur fengið greiddar bætur fyrir varanlega örorku fyrir 1. janúar 1997 og þær verið ákveðnar í einu lagi til greiðslu og er honum þá heimilt á árunum 1997–2001 að færa til frádráttar á móti fjármagnstekjum sínum fjárhæð sem svarar til lækkunar bótanna vegna eingreiðsluhagræðis og nemi 5% af fjárhæð bótanna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að tekin verði upp samræmd skattlagning allra fjármagnstekna einstaklinga. Í þessu felst tvennt. Annars vegar verði vaxtatekjur skattlagðar, en þær eru nú skattfrjálsar. Hins vegar verði aðrar fjármagnstekjur, þ.e. arður, söluhagnaður og leigutekjur, skattlagðar á sama hátt, en í því felst skattalækkun frá því sem nú er. Frumvarp þetta er byggt á tillögum nefndar sem fjármálaráðherra skipaði síðastliðið vor, nema hvað varðar tillögur um skattskyldu forseta Íslands. Hugsanleg breyting á skattskyldu forseta Íslands er til umfjöllunar á Alþingi og er talið eðlilegra að þessi þáttur málsins komi til umræðu við þá umfjöllun.

Aðdragandi. Síðastliðið vor skipaði fjármálaráðherra nefnd til að gera tillögur um hvernig heppilegast væri að standa að skattlagningu fjármagnstekna. Í nefndina voru skipaðir fulltrúar allra þingflokka og aðila vinnumarkaðarins. Nefndin hefur unnið út frá því grundvallarviðhorfi að ná samstöðu. Nefndarmenn komu að þessari umræðu með ólík sjónarmið, jafnt um það hvort taka beri skattinn upp, hvaða leiðir skuli fara og hvort hann eigi að vera mikilvæg tekjulind fyrir ríkissjóð. Sú tillaga sem hér liggur fyrir og nefndin er sammála um er málamiðlun sem skoða verður í því ljósi.

Markmið skattlagningar fjármagnstekna. Þegar fjallað er um markmið skattlagningar er gjarnan vísað til þriggja atriða, þess að afla tekna, jafna tekjuskiptinguna og hafa áhrif á atferli fólks og/eða fyrirtækja. Þessi atriði hafa öll verið áberandi í þjóðfélagsumræðunni um skattlagningu fjármagnstekna. Þannig hafa margir talið óréttlátt að vaxtatekjur einstaklinga skuli vera skattfrjálsar og bent á að Ísland skeri sig úr hvað þetta varðar í samanburði við aðrar þjóðir. Erfitt sé að finna rök fyrir því að vaxtatekjur einstaklinga njóti þessa skattalega forgangs umfram atvinnutekjur og einnig umfram aðrar fjármagnstekjur, svo sem arð, húsaleigutekjur og söluhagnað. Einnig hefur verið bent á að í atvinnurekstri séu vaxtatekjur skattlagðar eins og hverjar aðrar tekjur. Þá hefur verið nefnt að í þröngri fjárhagsstöðu ríkissjóðs sé óhjákvæmilegt að líta til skattlagningar á vexti. Enn fremur hefur verið vísað til þess að þeir einstaklingar sem hafa hærri tekjur og meiri eignir njóti yfirleitt meiri vaxtatekna og því muni skattlagning vaxta stuðla að tekjujöfnun. Síðast en ekki síst hefur verið á það bent að það misræmi í skattlagningu fjármagnstekna sem birtist í skattfrelsi vaxta og skattlagningu annarra fjármagnstekna hamli gegn áhættufjárfestingu í atvinnulífinu. Við ríkjandi aðstæður sé einfaldlega arðbærara og áhættuminna að fjárfesta í tekjuskattsfrjálsum verðbréfum en öðrum eignum. Við þetta bætist að vaxtaberandi eignir séu að stærstum hluta undanþegnar eignarskatti, öfugt við aðrar eignir. Þessi atriði eru talin ráða miklu um að eiginfjárhlutfall íslenskra fyrirtækja er almennt of lágt.

Ýmsir hafa hins vegar vakið athygli á því að hærri eignarskattar hér á landi en almennt tíðkast í nágrannalöndunum vegi á móti skattfrelsi vaxta, að því marki sem vaxtaberandi eignir eru eignarskattskyldar, enda hafi háir eignarskattar í sumum tilvikum beinlínis verið réttlættir með því að vextir væru skattfrjálsir. Enn fremur hefur verið bent á að samanburður á vaxta- og atvinnutekjum sé ekki einhlítur þar sem stór hluti greiddra

vaxta sé í reynd verðbótaþáttur, en ekki tekjur, auk þess sem fólk hafi yfirleitt einhver vaxtagjöld á móti vaxtatekjum.

Þótt þannig hafi komið fram margvísleg sjónarmið í umræðunni er niðurstaðan ótvírætt sú að flest stjórnmálaöfl telja æskilegt að taka upp skattlagningu vaxtatekna.

Óvissa um áhrif. Árum saman hefur verið um það rætt hér á landi að skattleggja vexti og helst samræma skattlagningu allra fjármagnstekna. Af þessu hefur þó ekki orðið og gildir einu hvaða flokkar hafa setið í ríkisstjórn. Þetta stafar því ekki af einhlítri andstöðu einhvers stjórnmálaflokks gegn skattlagningu af þessu tagi. Meira máli skiptir sú óvissa sem hefur ríkt um áhrif skattsins á sparnað, vaxtastig, fjárstreymi til útlanda og stöðuna almennt á íslenskum fjármagnsmarkaði. Jafnframt vex mörgum í augum aukin upplýsingagjöf og ný flækja í framtölum manna. Einnig hafa ýmsir haft áhyggjur af áhrifum skattsins á afkomu einstakra hópa.

Þrátt fyrir skattfrelsi vaxta er peningalegur sparnaður einstaklinga hér á landi minni en æskilegt er talið og ýmis rök hníga að því að skattlagning vaxta ein og sér kunni að gera hvort tveggja í senn, draga úr sparnaði og auka neyslu. Sú þróun gæti raskað jafnvægi á fjármagnsmarkaði, hækkað vexti og dregið úr fjárfestingum. Enda þótt flestar þjóðir skattleggi vexti og skatthlutfallið sé víða hátt eru til lönd þar sem komast má hjá að greiða skatt af vöxtum. Skattlagning vaxta kann því að leiða til þess að fé streymi úr landi. Því hefur verið samstaða um að ganga verði til verksins með gát.

Lágt skatthlutfall og einföld framkvæmd. Af framangreindum ástæðum er ljóst að samstaða mun því aðeins nást um skatt á vexti að hann verði einfaldur í framkvæmd og skatthlutfallið sé lágt. Tillögur frumvarpsins endurspegla þetta og gera ráð fyrir því að lagður verði 10% skattur á nafnvexti, afföll og gengishagnað án heimildar til frádráttar vaxtagjalda og kostnaðar á móti fjármagnstekjum. Jafnframt verði heimilt að nýta persónuafslátt til frádráttar skattinum. Það kemur einungis hinum tekjulægstu til góða, þ.e. þeim sem hafa tekjur undir skattleysismörkum, en lausleg áætlun bendir til þess að nálægt fjórði hver einstaklingur sem hefur einhverjar vaxtatekjur lendi í þessum hópi.

Þótt 10% vaxtaskattur yrði tekinn upp væri — að öðru óbreyttu — enn mikill munur á skattlagningu hlutafjár, leigu og söluhagnaðar annars vegar og flestra vaxtaberandi eigna hins vegar. Skattkerfið hefði því áfram þau áhrif að beina fjármagni inn á lánamarkað fremur en í áhættufjárfestingu í atvinnulífinu. Mismunun í skattlagningu vaxta og annarra fjármagnstekna hefur unnið gegn æskilegri og nauðsynlegri eiginfjármyndun í íslenskum fyrirtækjum og staðið þeim fyrir þrifum. Það getur skipt sköpum fyrir atvinnuuppbyggingu í landinu að fólk fjárfesti í hlutafé. Í því sambandi er sérstaklega mikilvægt að þeir aðilar sem hafa mikið fé umleikis taki með hlutafjárkaupum þátt í því að auka eigið fé í atvinnurekstri. Af þessum ástæðum er mikilvægt að allar fjármagnstekjur einstaklinga séu skattlagðar með svipuðum hætti.

Samantekt á tillögunum. Tillögurnar eru í reynd tvíþættar. Annars vegar verði tekin upp skattlagning vaxtatekna, en þær eru nú skattfrjálsar. Hins vegar og jafnframt verði allar aðrar fjármagnstekjur skattlagðar á svipaðan hátt, en í því felst skattalækkun frá því sem nú er. Meginatriði tillagnanna eru eftirfarandi:

— 10% skattur verði lagður á allar fjármagnstekjur einstaklinga, þ.e. vexti, verðbætur, afföll, gengishagnað og tekjur af hlutdeildarskírteinum, tekjur af arði, leigu íbúðarhúsnæðis og söluhagnað.
— Skatturinn verði innheimtur í staðgreiðslu af greiðanda fjármagnstekna þar sem því verður við komið, en endanlegt uppgjör verði í framtali.

— Einstaklingum verði heimilt að nýta persónuafslátt sinn til greiðslu fjármagnstekjuskatts, en ekki er gert ráð fyrir sérstöku frítekjumarki vegna fjármagnstekna.
— Skatturinn reiknast af öllum vaxta- og fjármagnstekjum án frádráttar vaxtagjalda eða annars kostnaðar.
— Skattlagning fjármagnstekna verði almenn og án undantekninga. Fjármagnstekjur lífeyrissjóða verði þó ekki skattlagðar.
— Í kjölfar skattlagningar vaxtatekna verði tekjutenging ýmissa bótagreiðslna hins opinbera skoðuð sérstaklega.

Áhrif á einstaklinga. Skattlagning vaxtatekna felur í sér aukið samræmi í skattlagningu tekna. Auk þess stuðlar hún að tekjujöfnun þar sem tekjuhærri og efnameiri einstaklingar hafa alla jafna meiri vaxtatekjur en hinir tekjulægri. Skattlagning vaxtatekna hefur vitaskuld þau áhrif að skattbyrði einstaklinga, sem hafa einhverjar vaxtatekjur, þyngist frá því sem nú er að því marki sem persónuafsláttur nýtist ekki til greiðslu vaxtaskatts. Skattbyrði þeirra sem nú hafa tekjur af arði, húsaleigu og söluhagnaði, en ekki vaxtatekjur, minnkar hins vegar þegar á heildina er litið. Breytingin leiðir þó til hærri skattgreiðslna einstaklinga með tekjur af arði innan hinna sérstöku skattfrelsismarka sem gilda um þessar tekjur, en af þeim sem fá arð eru 90% innan þessara marka. Sama á við um einstaklinga sem hafa húsaleigutekjur undir frítekjumörkunum, en þau áhrif eru þó óveruleg. Á móti vegur nýting persónuafsláttar til greiðslu skattsins. Rétt er að hafa í huga að innan við fimmtungur arðgreiðslna kemur í hlut þeirra sem eru undir frítekjumörkunum, enda má ætla að flestir þeirra hafi fremur verið að sækjast eftir skattafslætti vegna hlutafjárkaupa en að hafa áhrif á rekstur eða eiginfjárstöðu viðkomandi fyrirtækja. Um 80% úthlutaðs arðs fer hins vegar til þeirra einstaklinga sem nú þegar greiða skatt af arði. Í þessum hópi eru hinir eiginlegu fjárfestar í fyrirtækjum og skattlagning þeirra mun samkvæmt tillögum nefndarinnar lækka. Auk þess má reikna með að fleiri verði tilbúnir að bætast í þann hóp.

Tekjuháir einstaklingar munu greiða mun hærri skatt en hinir tekjulægri. Skattlagning fjármagnstekna er því væntanlega tekjujafnandi þegar á allt er litið. Jafnframt er lagt til að heimilt verði að nýta persónuafslátt til greiðslu fjármagnstekjuskatts. Við það má ætla að verulegur hluti einstaklinga með lágar tekjur og litlar fjármagnstekjur greiðir engan fjármagnstekjuskatt þegar upp er staðið. Lausleg áætlun bendir til þess að um fjórðungur þeirra einstaklinga sem hafa einhverjar vaxtatekjur lendi í þessum hópi. Enn fremur dregur breytt skattlagning arðs og söluhagnaðar úr skattbyrði hinna tekjuhærri, enda er hún ekki rökstudd með tilvísun til jöfnunar heldur samræmingar í skattlagningu fjármagnstekna. Sú samræming er forsenda fyrir traustri eiginfjárstöðu íslenskra fyrirtækja og öflugri uppbyggingu atvinnulífsins, einkum í litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

Áhrif á tekjur ríkissjóðs. Erfitt er að meta nákvæmlega áhrif tillagnanna á tekjur ríkissjóðs. Talið er að skattlagning vaxtatekna einstaklinga ein og sér geti skilað um 800 m.kr. í ríkissjóð þegar áhrifin eru að fullu komin fram. Í þessum tölum hefur verið tekið tillit til lækkunar tekna ríkissjóðs vegna nýtingar persónuafsláttar á móti greiðslu vaxtaskatts, en þau áhrif má meta nálægt 100 m.kr. Frá aðilum sem nú eru skattfrjálsir, en myndu greiða skatt samkvæmt tillögunum (ýmis félagasamtök og opinberir aðilar), féllu til um 300 m.kr. til viðbótar. Loks er skattlagning annarra fjármagnstekna talin geta skilað um 250 m.kr. tekjum miðað við skattstofninn eins og hann er áætlaður, samanborið við um 450 m.kr. skatttekjur samkvæmt gildandi lögum. Á móti þessu tekjutapi vegur hins vegar að breytingin örvar hlutabréfakaup og stuðlar að auknum skattskilum

húsaleigutekna. Sá skattstofn mun því án efa stækka frá því sem nú er. Þess vegna er óvíst hve miklum skatttekjum ríkissjóður mun tapa af öðrum fjármagnstekjum þegar upp er staðið.

Samanlagt má því gera ráð fyrir að skattlagning fjármagnstekna geti skilað ríkissjóði nálægt 1 milljarði króna í tekjur. Tekjuáhrifin eru hins vegar minni framan af, eða á bilinu 600–700 m.kr., þar sem hluti vaxtateknanna kemur ekki til útborgunar fyrr en að nokkrum árum liðnum. Heildaráhrifin á afkomu ríkissjóðs ráðast síðan endanlega af því hvort og þá í hvaða mæli aðrir skattar lækka á móti svo og því hvort og þá hvernig skattstofninn breytist við álagningu skattsins.

Áhrif á sparnað og vexti. Um áhrifin á sparnað, vaxtastig og fjárstreymi úr landi gilda um margt svipuð sjónarmið. Álagning vaxtaskatts mun ein og sér væntanlega fremur stuðla að hærri vöxtum en lægri. Jafnframt má ætla að skattlagning vaxta kunni að leiða til þess að fjármagn leiti fremur úr landi en inn. Á móti vegur að skatthlutfallið er lágt og framkvæmdin er einföld. Hvort tveggja dregur úr áhrifunum á vaxtastig og fjárstreymi úr landi. Enn fremur mun lækkun skatta á aðrar fjármagnstekjur hafa gagnstæð áhrif, þ.e. auka fjárfestingu í hlutabréfum og þannig minnka lánsfjárþörf fyrirtækja sem aftur stuðlar að lægri vöxtum en ella. Að öllu samanlögðu er því ekki líklegt að tillögurnar valdi teljandi röskun á fjármagnsmarkaði heldur muni þær þegar fram í sækir hafa jákvæð áhrif á vexti, sparnað og uppbyggingu atvinnulífs.

Um frekari skýringar vísast til athugasemda við einstakar greinar og umfjöllunar í áliti nefndar þeirrar er samdi frumvarpið. (Sjá fylgiskjal með frumvarpi þessu.)

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er um að ræða nýja málsgrein sem kemur í stað 2. mgr. 8. gr. Skilgreint er hvað teljist vera skattskyldir vextir hjá skattaðilum utan atvinnurekstrar. Almenna vaxtahugtakið er að finna í núverandi 8. gr. laganna og er ekki gert ráð fyrir að skilgreining þess breytist. Gert er ráð fyrir að til tekna sem vextir utan rekstrar teljist greiddir eða greiðslukræfir vextir og verðbætur og áfallinn gengishagnaður á afborganir og vexti og enn fremur afföll af keyptum verðbréfum, víxlum og hvers konar öðrum keyptum kröfum. Sérstaklega er kveðið á um hvenær vextir af sparisjóðsbókum og reikningum í innlánsstofnunum skuli teljast til tekna, en það er á því ári þegar þeir eru færðir manni til eignar á reikningi. Almennt eru vextir færðir reikningseiganda til eignar einu sinni til tvisvar á ári og eru þeir þá lausir eiganda til ráðstöfunar í einhvern tíma þótt höfuðstóll sé bundinn. Það þekkist þó að vextir séu bundnir jafnlengi höfuðstól. Í slíkum tilvikum er sama regla látin gilda og því gert ráð fyrir að vextir teljist ekki til tekna í þessu sambandi fyrr en við greiðslu eða þegar þeir eru greiðslukræfir.

Almenna reglan er að skattur leggist á þegar krafa til vaxtatekna stofnast, þ.e. þegar vextir eru gjaldfallnir. Þau tilvik þegar gjaldfallin krafa fæst ekki greidd gætu leitt til skattlagningar. Þykir rétt að setja fram reglu sem fellir undan skattlagningu þá vexti sem þannig stendur á um.

Um 2. gr.

Í núgildandi lögum eru settar reglur um útgáfu á jöfnunarhlutabréfum og tilgreind þau skattalegu viðmið er þar eiga við. Hér er lagt til að ákvæðin um jöfnunarhlutabréf verði aflögð. Í þess stað er gert ráð fyrir að fundið verði jöfnunarverð á hlutafé og slíkt verð notað í viðskiptum með hlutabréfin. Breytingar þær sem hér eru lagðar til á 9. gr. lag-

anna fela í sér að ákvæði um jöfnunarhlutabréf eru afnumin og jöfnunarverðsviðmiðun tekin upp.

Um 3. gr.

Hér er lögð til breyting á þeim reglum er gilda um eignarhaldstíma íbúðar að því er skattskyldan söluhagnað varðar. Í stað fimm ára nægir að maður eigi íbúð í tvö ár.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að söluhagnaður af hlutabréfum myndi stofn til 10% fjármagnstekjuskatts.

Núgildandi reglur eru þríþættar þegar stofnverð til útreiknings hagnaðar er metið. Taka má tillit til útgefinna jöfnunarhlutabréfa þegar ákvarða á hagnaðinn. Í öðru lagi má miða við þá fjárhæð sem heimilt hefði verið að gefa út sem jöfnunarhlutabréf hjá viðkomandi félagi og í þriðja lagi nafnverð að viðbættri áfallinni verðbreytingu samkvæmt verðbreytingarstuðli skattalaga. Hér er lögð til veruleg einföldun. Til viðmiðunar verður síðastnefnda reglan, þ.e. nafnverð eitt og sér með verðbreytingastuðli. Hafa ber í huga ákvæði til bráðabirgða sem gerir ráð fyrir nýjum viðmiðunargrunni fyrir öll félög sem stofnsett voru fyrir gildistöku laga þessara.

Um 5. gr.

Lögð er til breyting á B-lið 1. mgr. 30. gr. laganna, en sú lagagrein kveður á um hvað heimilt er að draga frá tekjum manna utan atvinnurekstrar. Samkvæmt þessari breytingu fellur brott 1. tölul. þessa stafliðar um vaxtafrádrátt. Fellur því niður heimild manna til að draga vexti frá tekjum sínum við ákvörðun skattstofns. Vaxtatekjur, afföll og gengishagnaður mynda því skattstofn, sbr. nánar ákvæði frumvarpsins, en hljóta sérstaka skattalega meðferð. Sömuleiðis er felldur niður 2. tölul. um frádrátt vegna arðs af hlutafé og 3. tölul. stafliðarins um stofnsjóðsfrádrátt.

Samkvæmt þessari grein eru því felldir niður sérfrádrættir þeir sem gilt hafa um vexti, arð og húsaleigu samkvæmt núgildandi lögum. Heimild manna til að draga frá beinan útlagðan kostnað, t.d. þjónustugjöld vegna vaxtatekna, söluþóknun vegna hlutabréfaviðskipta og beinan útlagðan kostnað við útleigu heldur sér. Sömuleiðis er ekki áformað að fella niður heimild til að færa leigukostnað á móti leigutekjum við vissar aðstæður.

Rétt þykir með hliðsjón af eðli þeirra tekna sem hér um ræðir að heimila sérstakan mótreikning í allt að fimm ár ef krafa tapast. Tekur mótreikningur til vaxta, söluhagnaðar svo og leigutekna sem tekjufærðar hafa verið og greiddur skattur af. Skattskil miðast að jafnaði við greiðslur almanaksársins en í greininni er sett fram sú regla að heimilt verði að mótreikna tapaðar fjármagnstekjur eldri ára við fjármagnstekjur ársins. Réttt hafa tekna ber að sýna fram á að krafa sé töpuð. Er það unnt t.d. með skjölum er varða innheimtutilraunir, árangurslaust fjárnám eða gjaldþrot þess er greiða skyldi kröfuna. Nær heimildin til tekna síðustu fimm ára og gildir um allar fjármagnstekjur svo og innbyrðis milli einstakra tegunda þeirra. Þannig væri heimilt að mótreikna tapaða og áður tekjufærða húsaleigu á móti vaxtatekjum.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir að heimild hlutafélaga til að draga frá arð haldi sér en að viðmiðunargrunni verði breytt. Ákvæðið felur og í sér að girt er fyrir að einkaeignir hækki þann stofn sem arður reiknast af. Að því er sumarhús varðar skal tekið fram að ekki er átt við

slík hús sem ætluð eru til almennrar notkunar hjá hópi starfsmanna. Verbúðir og annað íbúðarhúsnæði, sem keypt er vegna rekstrarþarfa, fellur hér utan við.

Um 7. gr.

Greinin kveður á um skattútreikning og reglur um tekjutengingu.

Greinin fjallar um tekjuskattsútreikning og skatthlutföll. Gert er ráð fyrir því að um fjármagnstekjur manna utan rekstrar gildi sérstakar skattlagningarreglur. Þannig er skatthlutfallið ákveðið 10% af fjármagnstekjum án nokkurs frádráttar. Á móti útreiknuðum skatti má draga ónýttan persónuafslátt. Útsvar samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga leggst ekki á fjármagnstekjurnar eða aðrir skattar á einstaklinga sem taka mið af tekjuskattsstofni.

Sömuleiðis er ekki gert ráð fyrir tengslum milli fjármagnsteknanna sem skattstofns og annarra laga, t.d. almannatryggingalaga, laga um félagslega aðstoð o.fl., en oft er í þeim lögum tekin upp tekjuviðmiðun skattalaga, nema umrædd lög kveði á um slíkt sérstaklega.

Gert er ráð fyrir að hinn útreiknaði og álagði skattur á fjármagnstekjur falli að því er varðar álagningarreglur, innheimtu og aðra framkvæmd að reglum þeim sem gilda um tekjuskattinn sem slíkan. Unnt er að birta skattstofninn sérstaklega á álagningarseðli skattþegna og útreiknaðan skatt á þann stofn.

Í álagningarskrá, sbr. 1. mgr. 98. gr., sem liggur frammi til sýnis í kærufresti, svo og í skattskrá, sbr. 2. mgr. 98 gr., kæmi fjárhæð tekjuskatts og fjármagnstekjuskatts koma fram í einu lagi.

Um 8. gr.

Lagt er til að ónýttur persónufrádráttur komi til greiðslu á þeim skatti sem lagður verði á fjármagnstekjur.

Um 9. gr.

Hér er lögð til breyting á vaxtabótareglum.

Vaxtatekjur skerða vaxtagjöld sem mynda stofn til útreiknings vaxtabóta og því þótti eðlilegt að þeim hluta skatts sem á þá vexti er lagður verði bætt við fjárhæð vaxtabóta, þó ekki meira en sem nemur hámarki bótanna.

Um 10. gr.

Greinin kveður á um skattlagningu félaga, sjóða og stofnana.

Fjármagnstekjur rekstraraðila falla að hinum almenna skattstofni rekstrarins. Samkvæmt núgildandi lögum er hundraðshluti sameignarfélaga 41% af tekjuskattsstofni en annarra lögaðila 33%. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á þessu fyrirkomulagi þegar um rekstur og almenna skattskyldu er að ræða.

Hins vegar er áformuð samkvæmt þessari grein frumvarpsins veruleg útvíkkun skattskyldu þannig að lögaðilar, stofnanir og félög sem hingað til hafa verið skattfrjáls greiði 10% skatt af fjármagnstekjum sínum eins og einstaklingar utan rekstrar.

Ákvæðið nær til ríkissjóðs, ríkisstofnana og fyrirtækja sem ríkissjóður rekur og ber ótakmarkaða ábyrgð á og til sýslu- og sveitarfélaga, fyrirtækja og stofnana sem þau reka og bera ótakmarkaða ábyrgð á. Sama gildir um félög, sjóði og stofnanir sem starfa að almannaheillum eða eru ekki reknar í atvinnuskyni og loks aðila sem eru undanþegnir samkvæmt sérlögum.

Þessum aðilum verður ekki gert að skila skattframtölum og er áformað að staðgreiðsla skatts af vöxtum og arði verði ígildi lokaálagningar, sbr. frumvarp um staðgreiðslu fjármagnstekna.

Í lokamálsgrein greinarinnar eru tilgreindar stofnanir sem talið er eðlilegt að halda alfarið utan skattskyldu. Er þar um að ræða lífeyrissjóði og stofnanir sem atvinnu hafa af útlánum og greiða skatt í samræmi við almenn lög á því sviði.

Um 11. gr.

Ákvæðið tengir staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum við gildandi reglur um beitingu álags ef staðgreiðslu hefur ekki verið skilað.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Hér er um lagaskilaákvæði að ræða þar sem er að finna reglur um meðferð þeirra vaxta sem fallnir verða á fyrir gildistöku laga þessara.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Með þeim reglum sem hér greinir er sett ný byrjunarviðmiðun til notkunar við ákvörðun á verðmæti hlutabréfa. Rétt þótti að áunnin réttindi héldu sér með því skilyrði að hlutafélög noti næstu tvö árin til að ákvarða hina nýju viðmiðun.

Í lokamálsgrein er settur varnagli til að vernda hagsmuni hluthafa ef félagið stendur ekki rétt að málum og er þá gert ráð fyrir einfaldri vísitölubreytingu á nafnverð bréfa.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Ljóst er að um vexti af örorkubótum gilda sérstök sjónarmið. Hér er lagt til að sú vaxtafjárhæð sem afreiknuð er við ákvörðun bótanna heimilist til lækkunar á fjármagnstekjum næstu fimm ár eftir gildistöku laga þessara ef þær voru greiddar fyrir gildistökuna.

Fylgiskjal I.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frumvarpið er byggt á tillögum nefndar sem skipuð var á síðastliðnu vori til að gera tillögur um skattlagningu fjármagnstekna. Nefndin var skipuð fulltrúum allra þingflokka sem sæti eiga á Alþingi, auk fulltrúa ASÍ og VSÍ. Samhliða frumvarpi þessu er lagt fram frumvarp til laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Þar sem frumvörpin varða

sama málið, þ.e. skattlagningu og innheimtu skatts á fjármagnstekjur, á umsögn þessi við um þau bæði.

Breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt mun samkvæmt frumvarpinu hafa í för með sér að fjármagnstekjur verða skilgreindar sérstaklega og skattlagðar í 10% skattþrepi. Einnig eru lagðar til breytingar á meðferð jöfnunarhlutabréfa og arðsfrádráttar hjá hlutafélögum. Samkvæmt frumvarpi um staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts er gert ráð fyrir að skattur af vaxtatekjum og arði verði innheimtur af greiðendum þessara tekna.

Lagt hefur verið mat á kostnað skattkerfisins verði framangreind frumvörp að lögum. Samkvæmt þeirri áætlun er heildarkostnaður áætlaður 32–34 m.kr. Fjárhæðin skiptist þannig að í fyrsta lagi er kostnaður vegna eftirlits með skilaskyldum aðilum og yfirferð og eftirlit með framtölum einstaklinga áætlaður 10–12 m.kr. á ári. Í öðru lagi er talið að kostnaður við eftirlit með ákvörðun jöfnunarverðmætis hlutabréfa sem gera þarf á árunum 1997 og 1998 verði um 8 m.kr. Er þá gert ráð fyrir að hlutafélögin hafi sjálf með höndum útreikning jöfnunarverðmætis samkvæmt leiðbeiningum sem ríkisskattstjóri gefur út. Að lokum er kostnaður við hugbúnaðargerð, kynningarkostnað og eyðublaðagerð áætlaður 14 m.kr.

Í fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir 12,5 m.kr. til undirbúnings fjármagnstekjuskatts.

Ekki liggja fyrir áætlanir um kostnað banka og annarra fjármálastofnana vegna innheimtu fjármagnstekjuskatts. Ætla má að kostnaður vegna innheimtu skatts af vöxtum í innlánsstofnunum verði ekki umtalsverður, en þar fer stærsti hluti innheimtunnar fram. Á móti vegur að aðeins er gert ráð fyrir einum gjalddaga á ári og innheimtuaðilar njóta því ávöxtunar af innheimtum skatti fram að gjalddaga.

Fylgiskjal II.

Álit og tillögur nefndar um samræmda skattlagningu fjármagnstekna.
(Febrúar 1996.)

Skilabréf nefndarinnar

Fjármálaráðherra
Friðrik Sophusson

Síðastliðið vor skipaði fjármálaráðherra nefnd til að gera tillögur um hvernig heppilegast væri að standa að skattlagningu fjármagnstekna. Í nefndina voru skipaðir fulltrúar allra þingflokka og aðila vinnumarkaðarins. Í júlí óskaði hinn nýi þingflokkur Þjóðvaka eftir aðild að nefndinni og var fulltrúi hans tilnefndur stuttu síðar. Nefndina skipa:

Ásmundur Stefánsson, framkvæmdastjóri, formaður nefndarinnar,
Baldur P. Erlingsson, tilnefndur af Framsóknarflokki,
Björn Grétar Sveinsson, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands,
Bryndís Hlöðversdóttir, tilnefnd af Alþýðubandalagi,
Guðmundur Ólafsson, tilnefndur af Þjóðvaka,
Guðmundur Árni Stefánsson, tilnefndur af Alþýðuflokki,
Kristín Einarsdóttir, tilnefnd af Samtökum um kvennalista,
Pétur H. Blöndal, tilnefndur af Sjálfstæðisflokki og
Þórarinn V. Þórarinsson, tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands.

Með nefndinni hafa starfað, auk Jóns Guðmundssonar, deildarstjóra í fjármálaráðuneyti, sem var ritari nefndarinnar, Bolli Þór Bollason, skrifstofustjóri efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis, Maríanna Jónasdóttir, efnahagsskrifstofu, Indriði H. Þorláksson, skrifstofustjóri tekju- og lagaskrifstofu fjármálaráðuneytis og Steinþór Haraldsson, yfirlögfræðingur hjá embætti ríkisskattstjóra. Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn 24. mars síðastliðinn, en nefndin hefur alls haldið 33 fundi.

Nefndin hefur farið ítarlega yfir fyrri nefndarálit frá árunum 1992 og 1993 og tillögur hennar byggja að stórum hluta á þeirri umræðu sem varð haustið 1993. Nefndin hefur unnið út frá því grundvallarviðhorfi að ná samstöðu. Nefndarmenn komu að þessari umræðu með ólík sjónarmið, jafnt um það hvort taka beri skattinn upp, hvaða leiðir skuli fara og hvort hann eigi að vera mikilvæg tekjulind fyrir ríkissjóð. Sú tillaga sem hér liggur fyrir og nefndin er sammála um er málamiðlun sem skoða verður í því ljósi.

Markmið skattlagningar fjármagnstekna. Þegar fjallað er um markmið skattlagningar er gjarnan vísað til þriggja atriða; þess að afla tekna, jafna tekjuskiptinguna og hafa áhrif á atferli fólks og/eða fyrirtækja. Þessi atriði hafa öll verið áberandi í þjóðfélagsumræðunni um skattlagningu fjármagnstekna. Þannig hafa margir talið óréttlátt að vaxtatekjur einstaklinga skuli vera skattfrjálsar og bent á að Ísland skeri sig úr hvað þetta varðar í samanburði við aðrar þjóðir. Erfitt sé að finna rök fyrir því að vaxtatekjur einstaklinga njóti þessa skattalega forgangs umfram atvinnutekjur og einnig aðrar fjármagnstekjur, svo sem arð, húsaleigutekjur og söluhagnað. Einnig hefur verið bent á að í atvinnurekstri séu

vaxtatekjur skattlagðar eins og hverjar aðrar tekjur. Þá hefur verið nefnt að í þröngri fjárhagsstöðu ríkissjóðs sé óhjákvæmilegt að líta til skattlagningar á vöxtum. Ennfremur hefur verið vísað til þess að þeir einstaklingar sem hafa hærri tekjur og meiri eignir njóti yfirleitt meiri vaxtatekna og því muni skattlagning vaxta stuðla að tekjujöfnun. Síðast en ekki síst hefur verið bent á að það misræmi í skattlagningu fjármagnstekna sem birtist í skattfrelsi vaxta og skattlagningu annarra fjármagnstekna hamli gegn áhættufjárfestingu í atvinnulífinu. Við ríkjandi aðstæður sé einfaldlega arðbærara og áhættuminna að fjárfesta í tekjuskattsfrjálsum verðbréfum en öðrum eignum. Við þetta bætist að vaxtaberandi eignir séu að stærstum hluta undanþegnar eignarskatti, öfugt við aðrar eignir. Þessi atriði eru talin ráða miklu um að eiginfjárhlutfall íslenskra fyrirtækja er almennt of lágt.

Ýmsir hafa hins vegar vakið athygli á því að hærri eignarskattar hér á landi en almennt tíðkast í nágrannalöndunum vegi á móti skattfrelsi vaxta, að því marki sem vaxtaberandi eignir eru eignarskattskyldar, enda hafi háir eignarskattar í sumum tilvikum beinlínis verið réttlættir með því að vextir væru skattfrjálsir. Ennfremur hefur verið bent á að samanburður á vaxta- og atvinnutekjum sé ekki einhlítur þar sem stór hluti greiddra vaxta sé í reynd verðbótaþáttur, en ekki tekjur, auk þess sem fólk hafi yfirleitt einhver vaxtagjöld á móti vaxtatekjum.

Þótt þannig hafi komið fram margvísleg sjónarmið í umræðunni er niðurstaðan ótvírætt sú að flest stjórnmálaöfl telja æskilegt að taka upp skattlagningu vaxtatekna.

Óvissa um áhrif. Árum saman hefur verið um það rætt hér á landi að skattleggja vexti og helst samræma skattlagningu allra fjármagnstekna. Af þessu hefur þó ekki orðið og gildir einu hvaða flokkar hafa setið í ríkisstjórn. Þetta stafar því ekki af einhlítri andstöðu einhvers stjórnmálaflokks gegn skattlagningu af þessu tagi. Meira máli skiptir sú óvissa sem hefur ríkt um áhrif skattsins á sparnað, vaxtastig, fjárstreymi til útlanda og stöðuna almennt á íslenskum fjármagnsmarkaði. Jafnframt vex mörgum í augum aukin upplýsingagjöf og ný flækja í framtölum manna. Einnig hafa ýmsir haft áhyggjur af áhrifum skattsins á afkomu einstakra hópa.

Þrátt fyrir skattfrelsi vaxta er peningalegur sparnaður einstaklinga hér á landi minni en æskilegt er talið og ýmis rök hníga að því að skattlagning vaxta ein og sér kunni að gera hvort tveggja í senn, draga úr sparnaði og auka neyslu. Sú þróun gæti raskað jafnvægi á fjármagnsmarkaði, hækkað vexti og dregið úr fjárfestingum. Enda þótt flestar þjóðir skattleggi vexti og skatthlutfallið sé víða hátt er hægt að finna lönd þar sem komast má hjá að greiða skatt af vöxtum. Skattlagning vaxta kann því að leiða til þess að fé streymi úr landi. Því hefur verið samstaða um að ganga verði til verksins með gát.

Lágt skatthlutfall og einföld framkvæmd. Af framangreindum ástæðum er ljóst að samstaða mun því aðeins nást um skatt á vexti að hann verði einfaldur í framkvæmd og skatthlutfallið sé lágt. Tillögur nefndarinnar endurspegla þetta og gera ráð fyrir því að lagður verði 10% skattur á nafnvexti, afföll og gengishagnað án heimildar til frádráttar vaxtagjalda og kostnaðar á móti fjármagnstekjum. Skattlagningin tekur einungis til vaxta sem falla til eftir gildistöku laganna. Jafnframt verði heimilt að nýta persónuafslátt til frádráttar skatti.

Það kemur einungis hinum tekjulægstu til góða, þ.e. þeim sem hafa tekjur undir skattleysismörkum, en lausleg áætlun bendir til þess að nálægt fjórði hver einstaklingur sem hefur einhverjar vaxtatekjur lendi í þessum hópi.

Þótt 10% vaxtaskattur yrði tekinn upp væri - að öðru óbreyttu - enn mikill munur á skattlagningu hlutafjár, leigu og söluhagnaðar annars vegar og flestra vaxtaberandi eigna hins vegar. Skattkerfið hefði því áfram þau áhrif að beina fjármagni inn á lánamarkað fremur en í áhættufjárfestingu í atvinnulífinu. Nefndin telur að mismunun í skattlagningu vaxta og annarra fjármagnstekna hafi unnið gegn æskilegri og nauðsynlegri eiginfjármyndun í íslenskum fyrirtækjum og staðið þeim fyrir þrifum. Það getur skipt sköpum fyrir atvinnuuppbyggingu í landinu að fólk fjárfesti í hlutafé. Í því sambandi er sérstaklega mikilvægt að þeir aðilar sem hafa mikið fé umleikis taki með hlutafjárkaupum þátt í því að auka eigið fé í atvinnurekstri. Af þessum ástæðum er nefndin sammála um mikilvægi þess að allar fjármagnstekjur einstaklinga séu skattlagðar með svipuðum hætti. Jafnframt bendir nefndin á að æskilegt sé að samræma álagningu eignarskatts með sama hætti, en tillögur þar um eru utan verksviðs nefndarinnar.

Tillögur nefndarinnar og áhrif þeirra. Tillögur nefndarinnar eru í reynd tvíþættar. Annars vegar verði tekin upp skattlagning vaxtatekna, en þær eru nú skattfrjálsar. Hins vegar og jafnframt verði allar aðrar fjármagnstekjur skattlagðar á svipaðan hátt, en í því felst skattalækkun frá því sem nú er. Þótt erfitt sé að meta heildaráhrif tillagna nefndarinnar á einstaklinga með nokkurri vissu vegna skorts á upplýsingum má af þessari umfjöllun draga ákveðnar ályktanir. Þannig virðist líklegt að áhrifin séu í átt til tekjujöfnunar, þ.e. að jöfnunaráhrif vaxtaskattsins geri meira en vega upp gagnstæð áhrif skattalækkunar á miklum arðtekjum og söluhagnaði. Þær upplýsingar sem fyrir liggja um dreifingu vaxtatekna benda til þess að því hærri sem tekjurnar eru þeim mun hærri séu vaxtatekjurnar. Hinir tekjuhærri greiða því meira í skatt en hinir tekjulægri auk þess sem ónýttur persónuafsláttur nýtist fremur hinum tekjulágu. Einnig má ætla að fjársterkir aðilar festi fé sitt fremur í skattfrjálsum ríkisbréfum í dag en hlutabréfum og því komi minni skattlagning arðs þeim ekki til góða nema í litlum mæli og engan veginn þannig að það vegi á móti skattlagningu vaxtanna. Þar sem aðeins 3,2 milljarðar króna vaxtatekjur koma fram á skattframtali, en áætlað er að 6,4 milljarðar séu utan framtals, hljóta niðurstöður af þessu tagi hins vegar að vera mikilli óvissu háðar.

Erfitt er að meta nákvæmlega áhrifin af tillögum nefndarinnar á tekjur ríkissjóðs. Fyrst má nefna að skattlagning vaxtatekna einstaklinga ein og sér er talin geta skilað nálægt 800 m.kr. í ríkissjóð þegar áhrifin eru að fullu komin fram. Í þessum tölum hefur verið tekið tillit til lækkunar tekna vegna nýtingar persónuafsláttar á móti greiðslu vaxtaskatts, en þau áhrif má meta nálægt 100 m.kr. Í öðru lagi er áætlað að skattlagning vaxtatekna aðila sem nú eru skattfrjálsir, en myndu greiða skatt samkvæmt tillögunum (ýmis félagasamtök og opinberir aðilar), geti skilað um 300 m.kr. Að einhverju leyti kann að reynast nauðsynlegt að bæta þessa skattlagningu eftir öðrum leiðum, en það myndi lækka þessa tölu. Í þriðja lagi er skattlagning annarra fjármagnstekna einstaklinga talin geta skilað um 250 m.kr. tekjum miðað við óbreyttan skattstofn, en skattlagning þessara tekna skilar um 450 m.kr. samkvæmt

gildandi lögum (arður 160 m.kr., söluhagnaður 115 m.kr. og leiga 170-180 m.kr.). Á móti þessu tekjutapi vegur hins vegar að breytingin örvar hlutabréfakaup og stuðlar að auknum skattskilum húsaleigutekna. Sá skattstofn mun því án efa stækka frá því sem nú er. Þess vegna er óvíst hve miklum skatttekjum ríkissjóður mun tapa af öðrum fjármagnstekjum þegar upp er staðið.

Samanlagt má því gera ráð fyrir að skattlagning fjármagnstekna geti skilað ríkissjóði nálægt 1 milljarði króna í tekjur. Tekjuáhrifin eru hins vegar minni framan af, eða á bilinu 600-700 m.kr., þar sem hluti vaxtateknanna kemur ekki til útborgunar fyrr en að nokkrum árum liðnum, nema valinn verði sá kostur að gera tilkall til þess að skattur verði greiddur árlega af þeim bréfum sem ekki er greitt af á árinu, svo sem kúlubréfum. Heildaráhrifin á afkomu ríkissjóðs ráðast síðan endanlega af því hvort og þá í hvaða mæli aðrir skattar lækka á móti svo og því hvort og þá hvernig skattstofninn breytist við álagningu skattsins.

Um áhrifin á sparnað, vaxtastig og fjárstreymi úr landi gilda um margt svipuð sjónarmið. Álagning vaxtaskatts mun ein og sér væntanlega fremur stuðla að hærri vöxtum en lægri. Jafnframt má ætla að skattlagning vaxta kunni að leiða til þess að fjármagn leiti fremur úr landi en inn. Á móti vegur að skatthlutfallið er lágt og framkvæmdin er einföld. Hvort tveggja dregur úr áhrifunum á vaxtastig og fjárstreymi úr landi. Ennfremur mun lækkun skatta á aðrar fjármagnstekjur hafa gagnstæð áhrif, þ.e. auka fjárfestingu í hlutabréfum og þannig minnka lánsfjárþörf fyrirtækja sem aftur stuðlar að lægri vöxtum en ella. Að öllu samanlögðu er því ekki líklegt að tillögur nefndarinnar valdi teljandi röskun á fjármagnsmarkaði heldur muni þær þegar fram í sækir hafa jákvæð áhrif á vexti, sparnað og uppbyggingu atvinnulífs.

Efni greinargerðarinnar. Hér á eftir er fyrst farið yfir meginatriði í tillögugerð nefndarinnar. Síðan er gerð nánari grein fyrir ýmsum athugunum og álitamálum sem rædd voru í nefndinni, auk stöðu mála á alþjóðavettvangi. Í lokakaflanum er fjallað um áhrif tillagna nefndarinnar. Loks fylgja frumvarpsdrög sem unnin hafa verið í samræmi við þessar hugmyndir.

Reykjavík, 19. febrúar 1996

Virðingarfyllst,

Ásmundur Stefánsson, formaður

Baldur P. Erlingsson — **Björn Grétar Sveinsson**

Bryndís Hlöðversdóttir — **Guðmundur Ólafsson**

Guðmundur Árni Stefánsson — **Kristín Einarsdóttir**

Pétur H. Blöndal — **Þórarinn V. Þórarinsson**

I Samantekt á tillögum nefndarinnar

1. 10% skattur verði lagður á allar fjármagnstekjur einstaklinga, þ.e. vexti, verðbætur, afföll, gengishagnað og tekjur af hlutdeildarskírteinum, tekjur af arði, leigu íbúðarhúsnæðis og söluhagnað.

Tillögur nefndarinnar stuðla að auknu samræmi í skattlagningu tekna frá því sem nú er. Í fyrsta lagi gera tillögurnar ráð fyrir skattlagningu vaxtatekna, en þær eru undanþegnar tekjuskatti samkvæmt gildandi lögum. Í öðru lagi er gert ráð fyrir samsvarandi álagningu tekjuskatts á aðrar fjármagnstekjur. Nefndin telur mikilvægt að skattlagningin sé einföld og auðskilin og valdi sem minnstri röskun hvort sem er hjá einstaklingum eða á fjármagnsmarkaði. Nafnvextir eru einfaldari og auðskiljanlegri viðmiðun en raunvextir þótt skattlagningu nafnvaxta fylgi ýmsir annmarkar. Þótt alltaf sé umdeilanlegt hve hátt skatthlutfallið megi verða áður en það fer að valda röskun á fjármagnsmarkaði telur nefndin 10% skatthlutfall vera innan þeirra marka við núverandi verðbólgustig og vísar í þessu sambandi til umræðna sem fram fara á alþjóðavettvangi um þessar mundir (sbr. II. kafla). Breytist þessar forsendur verulega hlýtur skatthlutfallið að verða tekið til endurskoðunar.

Með skattlagningu vaxtatekna sem nú eru skattfrjálsar er stigið mikilvægt skref til skattlagningar allra tekna. Vaxtatekjur eru hlutfallslega meiri hjá þeim sem eru tekjuháir og eignamiklir og jöfnuður vex því með skattlagningu þeirra. Arður er í dag skattlagður líkt og aðrar tekjur ef hann fer yfir tiltekið mark. Einstaklingar undir þessum mörkum í dag greiða skatt samkvæmt tillögunum svo fremi að persónuafsláttur þeirra nýtist ekki til greiðslu skatts (sbr. tölulið 3). Skattbyrði þeirra sem eru með arðtekjur yfir frítekjumörkunum lækkar hins vegar og stuðlar þannig að eflingu fjárfestingar í atvinnulífinu og traustari eiginfjárstöðu íslenskra fyrirtækja. Breytingin stuðlar því að hagvexti og aukinni atvinnu. Nefndin telur æskilegt að samræma skattlagningu allra fjármagnstekna og leggur til að húsaleiga og söluhagnaður séu skattlögð með sama hætti.

2. Skatturinn verði innheimtur í staðgreiðslu af greiðanda fjármagnstekna þar sem því verður við komið, en endanlegt uppgjör verði á framtali.

Mikilvægt er að álagning og skattskil verði eins einföld og unnt er. Þegar greiðsla vaxta fer fram í fjármálastofnun eða hjá öðrum innheimtuaðilum er þeim ætlað að halda skattinum eftir og skila honum til skattyfirvalda. Bankaeftirlit og skatteftirlit eiga að tryggja að rétt sé staðið að uppgjöri. Bankaleynd getur því haldist óbreytt og skattskil eru traust án þess að skattyfirvöld leggi í umtalsverðan kostnað vegna skatteftirlits. Skatt af öðrum vöxtum verður að innheimta í álagningu eftir á samkvæmt framtali.

Um viðskipti milli einstaklinga gildi þó sú viðmiðun að sá aðili sem stendur skil á skattinum geti valið milli þess að greiða hann við staðgreiðsluskil eða við álagningu samkvæmt framtali, en þá með sérstöku álagi. Skattur af afföllum verðbréfa greiðist fyrst við greiðslu afborgunar eða við sölu bréfsins.

Skatt af arði á einnig að vera unnt að innheimta í staðgreiðslu hjá þeim fyrirtækjum sem greiða út arð án umtalsverðs kostnaðar hjá skattyfirvöldum. Skatt af húsaleigu og söluhagnaði verður hins vegar að innheimta við álagningu samkvæmt framtali. Þannig verður fjármagnstekjuskattur að meginhluta innheimtur í staðgreiðslu, en hluti hans verður lagður á samkvæmt framtali. Framtalið gefur einnig ramma um skattmeðferðina og nýting á persónuafslætti til greiðslu fjármagnstekjuskatts byggir á álagningu samkvæmt skattframtali (sbr. næsta lið).

Nefndin telur eðlilegt að miða við einn gjalddaga á ári, rétt eftir áramót, en þá kemur til uppgjörs á stærstum hluta fjármagnstekna. Í þessu felst hagræði, jafnt fyrir skattgreiðendur sem fjármálastofnanir, auk þess sem kostnaður og umstang við framkvæmd og eftirlit verður minna.

3. Einstaklingum verði heimilt að nýta persónuafslátt sinn til greiðslu fjármagnstekjuskatts, en ekki er gert ráð fyrir sérstöku frítekjumarki vegna fjármagnstekna.

Nefndin hefur rætt ítarlega kosti og galla sérstaks frítekjumarks gagnvart fjármagnstekjum. Í núgildandi skattkerfi er sérstakt frítekjumark fyrir arð og annað fyrir húsaleigu. Nefndin er sammála um að sérstakt frítekjumark fyrir hverja tegund fjármagnstekna eða fyrir fjármagnstekjur í heild flæki skattlagninguna og kalli á hærra skatthlutfall en ella. Jafnframt mun það ekki aðeins nýtast hinum tekjulægstu heldur öllum með eignatekjur og gefa einstaklingum með miklar eignatekjur færi á tilfærslu eigna til annarra sem hafa minni eignatekjur í því skyni að nýta frítekjumark þeirra og lækka þannig skattbyrði sína.

Hins vegar telur nefndin æskilegt að koma til móts við það sjónarmið að þeim tekjulægstu verði ekki gert að greiða skattinn. Hún telur því eðlilegt að einstaklingar geti nýtt persónuafslátt sinn upp í greiðslu fjármagnstekjuskatts og gera tillögur nefndarinnar ráð fyrir að það gerist við endanlega álagningu samkvæmt skattframtali. Ekki er sama ástæða til að óttast misnotkun á þessari heimild líkt og yrði við sérstakt frítekjumark.

4. Skatturinn reiknast af öllum vaxta- og fjármagnstekjum án frádráttar vaxtagjalda eða annars kostnaðar.

Nefndin fjallaði um það hvort heimila ætti vaxtagjöld til frádráttar vaxtatekjum áður en til skattlagningar kæmi líkt og tíðkast í ýmsum löndum. Á því eru hins vegar ýmsir augljósir annmarkar. Bent er á að vaxtagjöld geti stafað hvort sem er af lántöku til þess að fjármagna (þ.e. flýta) neyslu eða afla fjár til fjárfestingar. Ekki er alltaf auðvelt að greina þar á milli þótt ýmsar þjóðir afmarki frádráttarheimildina við vexti vegna öflunar þeirrar eignar sem um er að ræða. Frádráttur vaxtagjalda er því ekki óumdeilanlegur í framkvæmd. Þá má einnig nefna að líkt og um frítekjumark gilda þau rök að hér standi í reynd valið milli þess að halda skatthlutfallinu eins lágu og unnt er og hafa engan vaxtafrádrátt eða hafa hlutfallið hærra og heimila frádrátt vaxtagjalda. Nefndin leggur áherslu á að framkvæmd skattlagningar sé sem einföldust og þar sem skatthlutfallið sé innan hóflegra marka telur nefndin að líta megi fram hjá þessum þætti.

Á hinn bóginn leggur nefndin til að heimilt sé að mótreikna hvers kyns tap sem kann að verða í viðskiptum með verðbréf á móti fjármagnstekjum áður en til skattlagningar kemur og verði heimildin bundin við 5 ár fram í tímann frá því ári sem tapið varð. Rökin fyrir þessu eru að verðbréfaviðskipti séu í eðli sínu sveiflukennd þar sem þau gefa ekki einungis af sér tekjur heldur geti einnig leitt til þess að viðkomandi tapar fé. Það er því rökrétt að heimila mótreikning taps frá fjármagnstekjuskatti þannig að samræmi sé í skattlagningunni.

5. Skattlagning fjármagnstekna verði almenn og án undantekninga. Fjármagnstekjur lífeyrissjóða og söluhagnaður íbúðarhúsnæðis verði þó ekki skattlagt.

Tillögur nefndarinnar gera ráð fyrir að skattlagning fjármagnstekna verði almenn og án undantekninga nema hvað varðar lífeyrissjóði. Vaxtatekjur lögaðila eru þegar skattlagðar samkvæmt gildandi lögum. Í þessu felst að ýmis félagasamtök sem í dag eru undanþegin skattskyldu munu greiða fjármagnstekjuskatt. Sama á við um opinbera starfsemi að því marki sem hún er ekki rekin á fyrirtækjaformi og skattlögð samkvæmt gildandi lögum. Allar undanþágur flækja framkvæmd skattlagningar auk þess sem nefndin treystir sér ekki til að meta réttmæti þess að undanþiggja einn aðila fremur en annan.

Lífeyrissjóðirnir hafa þó sérstöðu í þessu efni. Nefndin bendir á að í flestum löndum eru iðgjöld til lífeyrissjóða undanþegin skattlagningu og vaxtatekjur þeirra einnig. Lífeyrisgreiðslur úr sjóðunum eru hins vegar skattlagðar með almennum skatthlutföllum. Þannig eru áunnir vextir sjóðanna í reynd skattlagðir eins og atvinnutekjur. Á síðasta ári var einnig hér á landi tekin ákvörðun um að undanþiggja iðgjöld til lífeyrissjóða skattlagningu, en það endurspeglar vilja stjórnvalda til þess að laga sig að því sem algengast er í öðrum löndum og treysta sparnað á þessum vettvangi. Undanþága lífeyrissjóða frá skattlagningu vaxtatekna er í samræmi við þessa stefnumörkun.

Þegar rætt er um hugsanlega skattlagningu fjármagnstekna lífeyrissjóðanna er ennfremur óhjákvæmilegt að taka tillit til þess að íslenska lífeyrissjóðakerfið skiptist í grundvallaratriðum í tvö aðgreind kerfi. Annars vegar er lífeyriskerfi opinberra starfsmanna og bankamanna þar sem atvinnurekandi tryggir umsamin réttindi óháð iðgjöldum og ávöxtun þeirra. Safnist ekki nægilegt fé í sjóði ber atvinnurekandanum einfaldlega að bæta það sem á vantar. Hins vegar er lífeyriskerfið á almenna markaðnum þar sem iðgjöld og ávöxtun þeirra setja því mörk hvað greitt er úr sjóðunum. Á síðustu árum hafa þessir sjóðir skert áunnin réttindi verulega til þess að ná endum saman milli eigna og skuldbindinga. Lífeyrissjóðir á almenna markaðnum yrðu að mæta skattlagningu vaxtatekna með skerðingu réttinda, en ekki lífeyrissjóðir á vettvangi hins opinbera og bankanna. Þeir sem fyrir hafa meiri rétt héldu sínu, en hinir sem hafa minni rétt fyrir yrðu fyrir verulegri skerðingu ef fjármagnstekjur sjóðanna yrðu skattlagðar. Nefndin telur útilokað að standa að auknu misræmi með þeim hætti.

Nefndin leggur einnig til að tekið verði sérstaklega á skattlagningu ávöxtunarhluta skaðabóta vegna líkamstjóns, en við útreikning og ákvörðun þessara bóta hefur verið gengið út frá ákveðnum forsendum um skattfrjálsa ávöxtun. Nefndin telur eðlilegt að þessir vextir komi til skattlagningar líkt og aðrir vextir. Hins vegar er sanngjarnt að taka tillit til þess að bótafjárhæðir hafa verið ákveðnar lægri en ella með hliðsjón af skattfrelsi vaxta með því að

gefa ákveðinn aðlögunartíma áður en til skattlagningar kemur. Nefndin leggur til að heimilaður verði sérstakur frádráttur frá fjármagnstekjum næstu 5 ár eftir gildistöku laganna um skattlagningu fjármagnstekna, eða þar til ný lög verða sett um meðferð skaðabóta vegna líkamstjóns. Frádrátturinn svari til lækkunar skaðabóta vegna reiknaðrar ávöxtunar þeirra og nemi 5% af fjárhæð bótanna. Nefndin telur æskilegt að fjármálaráðherra beini þeim tilmælum til allsherjarnefndar Alþingis að hún taki til sérstakrar skoðunar hvernig farið verði með skaðabótauppgjör vegna eldra kerfis.

Þá er nauðsynlegt að taka tillit til sérstakra aðstæðna hvað varðar tiltekinn hluta lífeyristrygginga (söfnunartryggingar). Í þeim tilvikum þar sem bætur greiðast út sem skattskyldur lífeyrir er ekki ætlast til þess að greiddur verði fjármagnstekjuskattur, enda er lífeyririnn skattlagður líkt og tekjur. Hvað varðar lífeyristryggingar sem greiddar eru út í einu lagi er eðlilegt að ætla tryggingarfélögunum að reikna skattinn af vöxtum og bónus árlega líkt og gildir um aðra aðila á verðbréfamarkaði (t.d. hlutdeildarsjóði).

6. Í kjölfar skattlagningar vaxtatekna verði tekjutenging ýmissa bótagreiðslna hins opinbera skoðuð sérstaklega.

Samkvæmt gildandi lögum eru ýmsar bótagreiðslur sem greiddar eru úr ríkissjóði til einstaklinga tekjutengdar, þ.e. þær skerðast í takt við hækkandi atvinnutekjur. Hins vegar gilda mismunandi reglur um meðferð hinu ýmsu tegunda fjármagnstekna hvað varðar tekjutengingu. Vaxtatekjur hafa haft hér nokkra sérstöðu þar sem ekki hefur verið tekið tillit til þeirra við útreikning á tekjutengdum bótum. Hins vegar hafa aðrar fjármagnstekjur skert rétt til tekjutengdra bóta. Þessi sérstaða vaxtatekna hefur þó verið að breytast upp á síðkastið og nú er svo komið að vaxtatekjur koma inn í tekjuviðmiðun alls staðar nema við útreikning á barnabótaauka.

Með álagningu skatts á vaxtatekjur og samræmdri skattlagningu allra fjármagnstekna er nauðsynlegt að taka afstöðu til þess hvernig þessum málum skuli háttað í framtíðinni. Eðlilegt virðist að sama regla gildi um allar fjármagnstekjur hvort sem þær heita vextir, arður eða eitthvað annað þannig að þær hafi annað hvort áhrif á tekjutengdar bótagreiðslur eða ekki.

Það er hins vegar ekki á verksviði nefndarinnar að gera tillögur í þessu efni, en hún vekur athygli á að sérstaka ákvörðun þarf að taka um það, hvernig tekjutengingu bótagreiðslna skuli fyrir komið, hvaða skerðingarhlutföll skuli gilda o.s.frv. Í tillögum nefndarinnar og fyrirliggjandi frumvarpsdrögum er því ekki gert ráð fyrir að vaxtatekjur teljist til tekjuskattsstofns við útreikning á tekjuviðmiðun barnabótaauka eða annarra greiðslna samkvæmt lögum um almannatryggingar, húsaleigubætur o.fl. nema sérstaklega sé kveðið á um það í þeim lögum.

II Alþjóðleg þróun í skattlagningu fjármagnstekna

1. Þróunin að undanförnu

Árið 1994 kom út á vegum Efnahags- og þróunarsamvinnustofnunarinnar í París skýrsla um skattlagningu fjármagnstekna í aðildarríkjum OECD (*Taxation and Household Saving; OECD 1994*). Markmið þessarar athugunar var að skoða hvort rekja mætti minnkandi sparnað og skort á fjármagni til fjárfestinga til skattlagningar fjármagnstekna einstaklinga. Hér á eftir eru dregin saman áhersluatriði þessarar skýrslu, en þau endurspegla þá umræðu sem fram fer á alþjóðavettvangi um þessar mundir.

a) Aukið frjálsræði á fjármagnsmarkaði. Á sjöunda áratugnum þegar fjármagnsflutningar voru enn mjög takmarkaðir var skattlagning fjármagnstekna, einkum vaxta, víða mjög há, jafnvel hærri en atvinnutekna. Rökin voru gjarnan þau að það væru einkum þeir efnameiri sem hefðu tekjur af fjármagni og með slíkri skattlagningu væri stuðlað að meiri tekjujöfnuði í þjóðfélaginu. Frjálst flæði fjármagns milli landa hefur að vissu leyti kollvarpað þessari mynd og kallað á endurskoðun þessarar skattlagningar hjá flestum aðildarríkjum OECD.

b) Skattar á fjármagnstekjur lækka. Á undanförnum árum hefur þróunin verið sú að dregið hefur úr skattlagningu fjármagnstekna, ýmist almennt eða á einstökum sparnaðarformum. Þótt skattlagning á íbúðarhúsnæði og lífeyrissparnaði sé tiltölulega einföld í framkvæmd gegnir öðru máli um skattlagningu vaxta í því opna fjármagnsumhverfi sem nú ríkir. Þetta hefur leitt til þess að skattur á vexti hefur lækkað talsvert í ýmsum aðildarríkjum OECD undanfarin misseri. Að baki þeirri þróun liggja tvær meginskýringar. Önnur snýr að því að stemma stigu við flæði fjármagns úr landi. Hin varðar undandrátt vaxta frá skatti sem er mjög útbreiddur í löndum þar sem bankaleynd ríkir. Í sumum ríkjum hefur skattlagning arðs verið minnkuð til þess að ýta undir hlutabréfakaup einstaklinga. Þá eru dæmi um margvíslega samræmingu í skattlagningu einstakra sparnaðarforma sem alla jafna hefur leitt til lækkunar.

c) Sérstök skattmeðferð fjármagnstekna. Athugun OECD sýnir ennfremur að jaðarskattlagning vaxta er mjög há í þeim ríkjum þar sem hvorki eru fyrir hendi sérstakar ívilnanir né verðbólguleiðréttingar. Þetta er meginástæða þess að um helmingur aðildarríkja OECD hefur tekið upp staðgreiðsluskatt á vexti í stað þess að nota sömu skattareglur og gilda um atvinnutekjur. Önnur leið er að taka upp sérstakt frítekjumark gagnvart vaxtatekjum, en skattleggja þær að öðru leyti eins og aðrar tekjur. Samkvæmt skýrslu OECD er það kerfi hins vegar talið hafa margvíslega galla og geta meðal annars aukið tekjumuninn, þ.e. hinir tekjuhærri hagnist meira en þeir sem hafa lægri tekjur. Þannig benda athuganir til þess að skattafslættir tengdir sparnaði einstaklinga vegi hlutfallslega þyngra hjá hinum tekjuhærri. Þetta á til dæmis við um nýtingu á hlutafjárafslætti hér á landi. Eins gefur sér-

stakt frítekjumark mönnum færi á að opna marga reikninga sé ívilnunin bundin við tiltekið innlánsform, færa eignir yfir á eignaminni aðila eða spara upp að tilteknu frítekjumarki, en leita síðan annað, til dæmis erlendis.

d) Áhrif á skattskil. Ein af meginniðurstöðum skýrslunnar er að í kjölfar þess að fjármagn streymir nú frjálst á milli landa hafi skattskil versnað. Þróunin hefur orðið sú að fjármagn leitar til þeirra landa sem hvorki leggja á staðgreiðsluskatt né veita öðrum ríkjum upplýsingar um bankainnstæður erlendra aðila. Lúxemborg er gjarnan nefnt sem dæmi í þessu sambandi. Þar geta erlendir aðilar, jafnt einstaklingar sem fyrirtæki, lagt fé inn á bankareikninga án þess að það sé skattskylt í Lúxemborg eða upplýsingar gefnar til skattyfirvalda viðkomandi landa um innistæðurnar.

2. Staðan í dag

Sem fyrr segir eru vaxtatekjur einstaklinga skattlagðar að einhverju marki í öllum ríkjum OECD að Íslandi undanskildu. Skattlagning þeirra er hins vegar nokkuð mismunandi milli ríkja eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu. Sama gildir raunar um skattlagningu annarra eignatekna eins og arðs, leigutekna og söluhagnaðar. Hér á eftir er fjallað nánar um einstaka þætti skattlagningar á vöxtum og arðgreiðslum í aðildarríkjum OECD, þar á meðal eignarskattlagningu. Einnig er fjallað lauslega um skattlagningu lífeyrissparnaðar.

a) Skattur á nafnvirði. Í öllum OECD-ríkjunum miðast skattlagning vaxtatekna við nafnvexti enda virðist hugtakið raunvextir nánast óþekkt fyrirbæri í löggjöf annarra ríkja. Sama gildir um skattlagningu á arði þar sem ekki eru sérstakar verðleiðréttingar. Hér á landi birtast þær meðal annars í formi jöfnunarhlutabréfa. Á hinn bóginn eru dæmi um verðleiðréttingu þegar um er að ræða skattlagningu söluhagnaðar.

b) Staðgreiðsla/endanleg álagning. Staðgreiðsla er hið ríkjandi form við innheimtu vaxtatekna í OECD-ríkjunum og gildir um tvo þriðju hluta þeirra. Í Finnlandi, Grikklandi, Írlandi, Ítalíu, Japan, Mexíkó og Tyrklandi er staðgreiðslan endanlegur skattur og í Austurríki, Belgíu, Frakklandi og Portúgal geta einstaklingar valið hvort staðgreiðslan er endanleg álagning eða fyrirframgreiðsla. Í öðrum OECD-ríkjum eru vextir skattlagðir eftir á, yfirleitt samkvæmt sömu reglum og gilda um aðrar tekjur, nema í Noregi og Svíþjóð, en þar er lagður sérstakur skattur á fjármagnstekjur. Skattlagning arðs lýtur að flestu leyti sömu reglum, þ.e. staðgreiðsla er hið ríkjandi form við innheimtu, en endanleg álagning fer yfirleitt fram samkvæmt framtali.

c) Frádráttarbærni vaxtagjalda. Heimilt er að draga vaxtagjöld frá vaxtatekjum í um það bil helmingi OECD-ríkjanna. Annars staðar eru vaxtatekjur skattlagðar brúttó, þ.e. án frádráttar. Þar sem frádráttur er heimill eru í flestum tilvikum einhverjar takmarkanir til staðar. Algengast er að vaxtagjöld sem tengd eru fjármögnun einstakra eignarforma séu dregin frá fjármagnstekjum viðkomandi eignar áður en kemur að skattlagningu. Í fimm

löndum OECD (Danmörku, Hollandi, Noregi, Svíþjóð, Sviss) eru vaxtagjöld frádráttarbær frá skattskyldum tekjum - vaxtatekjum sem öðrum - án nokkurra takmarkana.

Tafla 1. Skattlagning fjármagnstekna einstaklinga í aðildarríkjum OECD árið 1995

	Skattlagningaraðferð		*Staðgreiðsluhlutfall*		*Tekjuskattshlutfall* [2]		Vaxtagjöld
	Vaxta-tekjur[1]	Arð-greiðslur	Vaxta-tekjur	Arð-greiðslur	Lágmark[3] %	Hámark %	dregin frá eignatekjum[4]
Ísland	**UND**	**TSK**	**0**	**0**	**42**	**47**	**Nei**
Danmörk	TSK	ST-E	0	30	37	64	Já
Finnland *	ST-E	ST-U	20	25	27	69	Já
Noregur [5]	-	-	(28)	(28)	28	42	Já
Svíþjóð [5]	-	-	(30)	(30)	31	61	Já
Austurríki *	ST-V	ST-V	22	22	10	50	Já
Belgía *	ST-V	ST-V	13	25	25	55	Nei
Bretland *	ST-U	ST-U	25	20	25	40	Nei
Frakkland *	ST-V	ST-U	15	33	12	57	Nei
Grikkland	ST-E	UND	15	0	5	40	..
Holland *	TSK	TSK	0	0	6	60	Já
Írland *	ST-E	ST-U	10/27	25	27	48	Nei
Ítalía [6]	ST-E	ST-E/U	30/13	13/10	10	67	Nei
Lúxemborg *	TSK	TSK	0	0	10	51	Já
Portúgal	ST-V	ST-V	20	25	15	40	Nei
Spánn *	ST-U	ST/U	25	25	20	56	Já
Sviss	ST-U	ST-U	35	35	3	44	Já
Tyrkland [6]	ST-E	ST-E	10/0	10/20	25	55	Nei
Þýskaland *	ST-U	ST-U	30	25	..	53	Nei
Ástralía	TSK	TSK	0	0	20	47	Já
Bandaríkin *	TSK	TSK	0	0	15	47	Já
Japan	ST-E	ST-E/U	20	35/20	12	65	Nei
Kanada	TSK	TSK	0	0	18	54	Já
Mexíkó	ST-E	ST-E	20	20	3	35	Nei
Nýja-Sjáland	ST-U	ST-U	24	33	24	33	Nei

UND Undanþegnar tekjuskatti.
TSK Skattlagt eftir á samkvæmt sömu reglum og gilda um aðrar skattskyldar tekjur án staðgreiðslu.
ST-U Skattur innheimtur í staðgreiðslu upp í endanlega álagningu.
ST-E Skattur innheimtur í staðgreiðslu sem endanleg álagning.
ST-V Hægt að velja hvort skattur, innheimtur í staðgreiðslu, sé endanleg álagning eða ekki.

* Ívilnanir í vissum tilfellum.
1) Athugunin nær til bankainnstæðna og ríkisskuldabréfa.
2) Tekjuskattur ríkis og sveitarfélaga.
3) Hafa þarf í huga að mishá skattleysismörk stjórna því á hvaða tekjubili þetta hlutfall fer að hafa áhrif.
4) Á eingöngu við vaxtagjöld vegna öflunar þeirrar eignar sem gefur arð/vaxtatekjur.
5) Sérstakur fjármagnstekjuskattur álagður eftirá.
6) Hærra hlutfallið gildir fyrir bankainnstæður, en það lægra fyrir ríkisskuldabréf.

d) Aðrar ívilnanir. Í mörgum löndum eru ákveðnar ívilnanir við skattlagningu vaxta. Sums staðar er frítekjumark á vaxtatekjum, annars staðar eru tiltekin sparnaðarform undanþegin skattskyldu.

e) Skatthlutfall. Skoðun á skattlagningu fjármagnstekna í öðrum löndum leiðir í ljós nokkuð skýrt samhengi milli skatthlutfalls annars vegar og ýmissa ívilnana og undanþága hins vegar. Þannig er skatthlutfallið í flestum tilvikum hærra en nefndin gerir tillögu um að gildi hér á landi. Á hinn bóginn eru jafnframt í gildi margvíslegar ívilnanir sem draga úr áhrifum hærra skatthlutfalls, svo sem sérstök frítekjumörk, heimild til að draga vaxtagjöld frá vaxtatekjum áður en til skattlagningar kemur, undanþága tiltekinna bankareikninga o.fl. Af þessu má ráða að valið sýnist standa á milli þess að hafa hátt skatthlutfall og heimila undanþágur og að hafa lágt skatthlutfall án undanþága.

Í öllum tilvikum er skatthlutfall staðgreiðslu hins vegar lægra en hæsta hlutfall almenns tekjuskatts, en í því felst ákveðin ívilnun í skattmeðferð vaxtatekna umfram aðrar tekjur. Í Finnlandi - það ríki OECD sem síðast tók upp skattlagningu vaxta - er hlutfall vaxtaskatts lægra en lágmark tekjuskatts, en þar er lagður endanlegur staðgreiðsluskattur á vaxtatekjur.

Tafla 2. Eignarskattlagning einstaklinga í aðildarríkjum OECD árið 1993

	Skattleysis-mörk [1]	Skatt-hlutföll	Meðalskattur m.v. mism. nettóeign,%:		
	m.kr.	%	10 m.kr.	20 m.kr.	50 m.kr.
Ísland (1995)	*3,6-5,2*	*1,2-1,45*	0,9	1,2	1,3
Noregur	1-2	1,1-1,3	1,1	1,3	1,3
Holland	4	0,8	0,5	0,6	0,7
Lúxemborg	0,2	0,5	0,5	0,5	0,5
Þýskaland	3	0,5	0,4	0,4	0,5
Danmörk	18	1,0	0,0	0,1	0,6
Finnland	16	0,9	0,0	0,2	0,6
Frakkland	57-557	0,5-1,5	0,0	0,0	0,0
Spánn	13-800	0,2-2,5	0,0	0,1	0,4
Sviss (mishár eftir kantónum)	27	0,1-0,6	0,0	0,0	0,2
Austurríki (afnumin 1994)	1	1,0	0,0	0,0	0,0
Svíþjóð (afnumin 1995)	8	1,5	0,0	0,0	0,0

1) Skattleysismörk einstaklings umreiknuð í íslenskar krónur á kaupgengi 8. febrúar 1996.

f) Eignarskattlagning. Vel innan við helmingur OECD-ríkjanna (10 af 25) leggur eignarskatt á nettóeign einstaklinga, þ.e. eignir umfram skuldir, og að Íslandi undanskildu teljast bankainnstæður og ríkisskuldabréf alls staðar til skattskyldra eigna. Eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu er skatthlutfallið afar mismunandi, eða frá 0,1% upp í 2,5%. Skatthlutföll segja hins vegar ekki alla söguna því að skattleysismörkin eru einnig mjög ólík.

Þannig má segja að aðeins í Noregi sé eignarskattur jafnhár og hér á landi. Í öðrum OECD-ríkjum er eignarskattur ýmist ekki til eða einungis lagður á mun meiri eignir en gildir hér á landi og í Frakklandi og á Spáni er skatturinn sannkallaður stóreignaskattur. Þá er athyglisvert að tvö ríki hafa horfið frá eignarskattlagningu á síðustu tveimur árum, þ.e. Svíþjóð og Austurríki.

g) Lífeyrissjóðir. Samanburður á tekjuskattlagningu lífeyrissjóða í löndum OECD sýnir að fjármagnstekjur þeirra eru skattfrjálsar ef undan eru skilin þrjú lönd, þ.e. Svíþjóð, Ástralía og Nýja Sjáland. Svipuðu máli gegnir um iðgjöldin sem eru frádráttarbær, þó ekki í Austurríki og Japan. Á hinn bóginn eru greiðslur úr lífeyrissjóðum alls staðar skattskyldar.

3. Hvað er framundan ?

a) Almennt. Um þessar mundir er mikið rætt um tilhögun skattlagningar vaxtatekna á alþjóðavettvangi og nauðsyn samræmingar. Umræðan hefur snúist um að tekinn verði upp almennur staðgreiðsluskattur á vaxtatekjur innan tiltekinna viðskiptasvæða eða efnahagsheilda (ESB, OECD). Raunar eru liðnir tveir áratugir frá því að þessari hugmynd var fyrst hreyft með formlegri tillögu OECD árið 1974 þar sem lagt var til að tekinn yrði upp 25-30% staðgreiðsluskattur á vexti í aðildarríkjum stofnunarinnar.

Árið 1989 voru á vettvangi Evrópusambandsins kynntar tillögur um 15% staðgreiðsluskatt sem enn eru til skoðunar hjá framkvæmdastjórn þess. Megininntak þessara tillagna var að skatturinn næði jafnt til innlendra sem erlendra aðila innan þessara svæða og yrði innheimtur í upprunalandi fjármagnsteknanna. Með því væri unnt að tryggja samræmda skattlagningu milli landa, draga úr hættu á fjármagnsflótta og koma í veg fyrir rýrnun á skattstofnum einstakra ríkja. Á hinn bóginn er ljóst að þær ólíku skattareglur sem nú gilda í Evrópu og víðar hamla samræmingu á þessu sviði af ýmsum ástæðum, meðal annars út frá sjónarmiði tekjuöflunar.

Í fundi skattanefndar OECD í desember 1994 var lögð fram og rædd skýrsla um þetta efni (*Withholding Taxes and Exchange of Information on Cross-Border Payments of Interest*). Þar segir meðal annars í lauslegri þýðingu:

"Engin einföld fræðileg rök skera úr um það hvort skattleggja beri tiltekna tegund tekna í staðgreiðslu eða ekki. Því er eðlilegt að hvert ríki útfæri staðgreiðslukerfi skatta á grundvelli innlendrar löggjafar og stefnumörkunar þar sem fyrst og fremst er horft á kosti og galla frá innlendu sjónarhorni.

Sé um að ræða (nýja) tekjustofna þar sem fyrirfram er ljóst að innheimta og eftirlit verða erfið er staðgreiðsluskattlagning mjög hentug og mun ódýrari í framkvæmd og ef til vill eini raunhæfi kosturinn. Þetta á sérstaklega við í þeim tilvikum þar sem þriðja aðila er ekki gert að veita upplýsingar og erfitt er að fylgjast með viðskiptunum, til dæmis með handhafabréf."

Á sama fundi lýstu Þjóðverjar reynslu sinni af skattlagningu vaxta (Skýrsla OECD: *German Experience with the Withholding Tax on Interest Income).* Í skýrslunni kemur fram afstaða þýskra stjórnvalda til samræmdrar skattlagningar vaxta, en þau telja brýnt að samræma skattlagningu vaxtatekna á alþjóðavettvangi til að forðast fjármagnsflótta og skattundanskot.

b) Stefnumörkun Evrópusambandsins. Á fundi Efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins í september 1994 var mörkuð ákveðin stefna um þetta mál sem gefur

hugmynd um hve flókið og erfitt viðfangsefnið er (sjá greinargerð frá ESB: *Savings - Lines of approach for a European Union policy, Economic and Social Committee of the European Communities, Brussels, September 1994, bls. 24*), en þar segir meðal annars (í lauslegri þýðingu):

"...Síðari leiðin, sem ekki útilokar hina fyrri (þ.e. að samræma framkvæmd skattlagningar í ESB-ríkjunum. Innskot þýðanda), hefur verið til skoðunar í stofnunum ESB í allmörg ár. Það er skattlagning vaxta í staðgreiðslu sem nú þegar er fyrir hendi í mörgum löndum. Skatthlutföll og fyrirkomulag skattlagningar eru hins vegar mismunandi. Það þarf að taka upp tilsvarandi kerfi á ESB-grundvelli. Án þess að rekja söguna nánar eða fara dýpra í þau vandamál sem kerfinu fylgja er vakin athygli á eftirfarandi atriðum:

- *Kerfið mun gera miklar kröfur til innlánsstofnana eftir því hvernig innheimtu verður hagað (hvort hún er falin greiðanda eða móttakanda).*

- *Það virðist ekki geta farið saman að koma á almennum staðgreiðsluskatti og ætla bönkunum að sjá um tilkynningar til skattyfirvalda. Fjöldi ríkja stendur fast á því að viðhalda bankaleynd. Flestir sérfræðingar telja reyndar að kerfið sé því aðeins áhugavert og hagkvæmt að greiðsla skattsins firri viðskiptavininn frekari skuldbindingum.*

- *Skatthlutfallið verður að vera tiltölulega lágt, t.d. 10-12%, en það svarar í grófum dráttum til þess sem sérfræðingar nefna "þröskuld þess að skipta ekki máli". Svo lengi sem ekki er farið yfir þann þröskuld má ætla að flestir þeirra sem spara, að frátöldum stóreignamönnum sem oft eru nú þegar að hluta í skattaskjóli, muni fremur velja að greiða skattinn en leita að götum í kerfinu og koma sér fyrir í skattaparadísum. Hærra skatthlutfalli fylgir hins vegar sú áhætta að fjármagnsflótti bresti á.*

- *Það er auðvitað erfitt að grípa til aðgerða án samráðs við lönd utan ESB eins og Sviss og Bandaríkin. Þess vegna hefur Christiane Scrivener, framkvæmdarstjóri, átt í viðræðum um málið.*

- *Það er ekki nóg að koma í veg fyrir að evrópskt fjármagn flýji skattinn. Það þarf einnig að taka tillit til fjármagns frá Persaflóasvæðinu og Suðaustur-Asíu svo dæmi séu tekin. Ef ekki er viðhaldið því skattfrelsi sem þessir aðilar njóta í dag eða þeim verður gert að fylla út fjölda yfirlýsinga til þess að komast hjá skattlagningu er líklegt að þeir færi sig til gestrisnari svæða, en það kæmi niður á velmegun ESB-svæðisins...".*

4. Niðurstöður

Eins og hér hefur verið rakið hefur þróunin á alþjóðavettvangi að undanförnu verið sú að dregið hefur úr skattlagningu fjármagnstekna samhliða auknu frjálsræði á alþjóðafjármagnsmarkaði. Að baki þessu liggja tvær meginskýringar. Önnur snýr að því að stemma stigu við flæði fjármagns úr landi. Hin varðar undandrátt vaxta frá skatti sem er mjög út-

breiddur í löndum þar sem bankaleynd ríkir. Í sumum ríkjum hafa skattar á arði verið lækkaðir til að ýta undir hlutabréfakaup einstaklinga. Þá eru dæmi um margvíslega samræmingu í skattlagningu einstakra sparnaðarforma sem alla jafna hefur leitt til lækkunar skatthlutfalla.

Af þessari umfjöllun má ráða að tillögur nefndarinnar, þar sem saman fer innheimta að mestu í staðgreiðslu, lágt skatthlutfall og einföld framkvæmd, eru í samræmi við þá þróun og þær umræður sem fram fara á alþjóðavettvangi um skattlagningu fjármagnstekna.

III Markmið og leiðir

1. Markmið skattlagningar

Miðað við umræður undanfarinna ára virðist vera almenn samstaða um að meginmarkmið skattlagningar fjármagnstekna sé að tryggja að allar tekjur, hverju nafni sem þær nefnast, verði skattlagðar. Annað mikilvægt markmið er að samræming tekjuskattlagningar einstaklinga verði þannig að hún valdi sem minnstri röskun á fjármagnsmarkaði, þ.e. leiði ekki til umtalsverðra vaxtahækkana, minni sparnaðar eða fjármagnsflótta frá landinu. Þriðja markmiðið er að sparifjáreigendur hér á landi verði ekki skattlagðir umfram það sem almennt gerist í öðrum löndum. Fjórða markmiðið er að skattlagning fjármagnstekna verði sem jöfnust þannig að skattkerfið hafi sem minnst áhrif á það hvernig fólk ráðstafar sparnaði sínum. Fimmta markmiðið er að framkvæmdin verði sem einföldust og skýrust fyrir skattgreiðendur og skatteftirlit verði ódýrt og auðvelt fyrir skattyfirvöld.

2. Mismunandi leiðir

Í grundvallaratriðum má segja að valið um skattlagningarformið standi á milli tveggja kosta; annars vegar lágt skatthlutfall sem lagt er á allar fjármagnstekjur án mótreiknings vegna verðbólgu eða vaxta og kostnaðar; hins vegar hærra skatthlutfall þar sem tekið er tillit til þessara þátta. Hvað framkvæmdina snertir hefur nefndin einkum fjallað um þrjár mismunandi leiðir til þess að skattleggja fjármagnstekjur, þ.e. skattlagningu raunvaxta með sama skatthlutfalli og gildir um aðrar tekjur, skattlagningu nafnvaxta með lágu skatthlutfalli og sem mest í staðgreiðslu og loks skattlagningu nafnvaxta í eftiráuppgjöri með lægra skatthlutfalli en gildir um aðrar tekjur. Hér á eftir er fjallað um þessar leiðir.

a) Skattlagning raunvaxta með sama hlutfalli og aðrar tekjur. Í umræðum í nefndinni hafa verið færð rök bæði með og á móti því að skattleggja raunvirði vaxta og annarra fjármagnstekna með sama skatthlutfalli og notað er við skattlagningu annarra tekna. Raunvirði er í sjálfu sér réttlátari mælikvarði á afrakstur eignar en nafnávöxtun. Á móti kemur að raunvirðisuppgjör á skattframtali einstaklinga yrði flókið og torskilið og líklegt að fáir framteljendur réðu við það án aðstoðar. Kostnaður við framkvæmd og eftirlit gæti orðið verulegur, auk þess sem framkvæmdin yrði mjög torveld án afnáms bankaleyndar og skilmerkilegra upplýsingaskila frá fjármálastofnunum til skattyfirvalda. Þar sem vextir eru skattfrjálsir í dag væri stökkið stórt ef tekið væri upp sama skatthlutfall og notað er við skattlagningu annarra tekna, þ.e. frá 0% í 42-47%. Margir óttast að svo hár jaðarskattur hefði neikvæð áhrif á innlendan sparnað, stuðlaði að hækkun vaxta og fjárstreymi úr landi.

Við þetta má bæta að einmitt nú er verðbólga á Íslandi lægri en í flestum löndum öðrum og almennt er rætt um að æskilegt sé að draga úr verðbólguviðmiðunum og verðlagsuppfærslum. Engin þjóð hefur hingað til treyst sér til þess að taka upp álagningu á raunávöxtun í skattuppgjöri, líklega af fyrrgreindum ástæðum.

b) Skattur á nafnvexti með lágu hlutfalli, að mestu í staðgreiðslu. Með lágum skatti á nafnvexti sem innheimtur er í staðgreiðslu, eftir því sem við verður komið, verður framkvæmdin mun einfaldari og kostnaðarminni en með skattlagningu raunvaxta. Því lægra sem skatthlutfallið er því minni líkur eru á neikvæðum áhrifum á sparnað, vexti og fjárstreymi til útlanda. Vextir af innlánum, spariskírteinum og hlutdeildarskírteinum er stofninn í vaxtatekjum einstaklinga. Skattur af þeim vöxtum innheimtist auðveldlega í staðgreiðslu án mikillar eftirfylgni skattyfirvalda. Stærstur hluti annarra vaxta eru af lánum í tengslum við fasteignaviðskipti og vegna vaxtabóta eiga greiðendur þeirra almennt hagsmuna að gæta af skilvísu framtali þeirra. Innheimta í staðgreiðslu ætti þannig að tryggja góð skattskil án afnáms bankaleyndar, mikils tilkostnaðar eða fyrirhafnar af hálfu skattyfirvalda ef henni fylgir endanlegt uppgjör samkvæmt framtali.

Skatt af arði er auðvelt að innheimta í staðgreiðslu hjá þeim fyrirtækjum sem greiða arðinn út. Til að tryggja að lágt skatthlutfall á arði gefi einstaklingum í atvinnurekstri ekki nýtt tækifæri til þess að færa persónuleg útgjöld eða atvinnutekjur í lægra skattþrep þarf annars vegar að setja skýr takmörk á útborgun arðs til skattlagningar í lágu skattþrepi og hins vegar að takmarka aðstöðu manna til þess að færa eignir sem nýttar eru til persónulegra þarfa á reikning fyrirtækisins.

Skatt á húsaleigu og söluhagnað verður óhjákvæmilega að innheimta samkvæmt álagningu á framtali. Jafnt greiðendur sem móttakendur húsaleigu og söluhagnaðar eru fjölmargir og greiðslurnar alls ekki alltaf þáttur í atvinnustarfsemi. Þeir sem hlut eiga að máli eru oft lítt bókhaldsfróðir. Staðgreiðsla yrði miklum erfiðleikum bundin. Skatteftirlit er mjög torvelt hvað þessa þætti snertir og það breytist lítið við breytt fyrirkomulag skattlagningar. Þó má fremur vænta betri skattskila við einfalt lágt skatthlutfall en núverandi skattkerfi.

Með skattlagningu nafnvaxta næst það markmið að skattleggja allar tekjur. Samræmd skattlagning vaxta og annarra fjármagnstekna dregur jafnframt úr áhrifum skattkerfisins á ákvarðanatöku einstaklingsins um ráðstöfun eigna sinna. Það getur ekki einhliða talist galli að skatthlutfall fjármagnstekna víki frá skatthlutfalli annarra tekna enda hefur skattlagning fjármagnstekna áhrif á ýmis önnur atriði en skattlagning atvinnutekna; ekki aðeins á þá sem teknanna njóta heldur einnig á vaxtastig, ávöxtunarkröfu á hlutabréfamarkaði og sparnað og þar með á framkvæmdir og umsvif í atvinnulífi, svigrúm fyrirtækja til launagreiðslna og atvinnustig. Í flestum löndum eru fjármagnstekjur skattlagðar minna en atvinnutekjur. Auk þess hefur sem fyrr segir verið tilhneiging til þess síðustu árin að lækka fjármagnstekjuskatta enn frekar með þeim rökum að það muni treysta atvinnulífið.

Skattur á nafnvexti hefur þann galla að skattlagning raunávöxtunar er háð verðbólgu. Sem dæmi má nefna að 4% raunvextir og 2% verðbólga jafngilda 6,1% nafnvöxtum og 10% nafnvaxtaskattur er því ígildi 14,9% skatts á raunávöxtun. Við 10% verðbólgu verða nafnvextir 14,4% og 10% nafnvaxtaskattur ígildi 32,7% skatts á raunvexti. Aukist verðbólga frá því sem nú er, þarf að taka skatthlutfallið til endurskoðunar. Við 20% verðbólgu verða nafnvextir 24,8% og 10% nafnvaxtaskattur ígildi 51,7% skatts á raunvexti.

Skattur á nafnvexti hefur einnig þann ókost að skattlagning raunávöxtunar eykst eftir því sem raunvextir lækka og verðbólguþáttur nafnvaxta verður stærri. Við 2% verðbólgu og

0,5% raunvexti samsvarar 10% nafnvaxtaskattur 49% raunvaxtaskatti og við sömu verðbólgu og 0,2% raunvexti þurrkar 10% nafnvaxtaskattur raunávöxtunina út.

c) Skattlagning nafnvaxta í eftiráuppgjöri. Nefndin hefur einnig rætt þá leið að fara með vexti á svipaðan hátt og aðrar tekjur og fella þá inn í almenna tekjuskattskerfið með sama eða hugsanlega eitthvað lægra skatthlutfalli og álagningu eftir á samkvæmt framtali. Ef alfarið er byggt á álagningu samkvæmt framtali reynir mjög á skatteftirlitið. Með því að afnema bankaleyndina má gera eftirlitið auðveldara, en það verður ekki með jafn sjálfvirkum hætti og með innheimtu í staðgreiðslu. Líkur á skattundandrætti eru því meiri og framkvæmdin yrði dýrari og umfangsmeiri. Um þetta verður fjallað undir næsta lið.

3. Samanburður á staðgreiðsluskatti og álagningu eftir á samkvæmt framtali

Nefndin hefur fjallað ítarlega um kosti þess og galla að innheimta skatt á fjármagnstekjur í staðgreiðslu annars vegar og hins vegar á grundvelli skattframtals í álagningu eftir á. Hér á eftir er gerð grein fyrir samanburði þessara tveggja aðferða.

a) Skattlagning á grundvelli skattframtals í uppgjöri eftir á. Skattlagning í eftiráuppgjöri á grundvelli skattframtals er eðli máls samkvæmt háð þeim upplýsingum sem framtalið veitir. Vextir af ríkisbréfum, innstæðum í bönkum og verðbréfasjóðum birtast í samræmi við það sem menn kjósa að gefa upp á framtali. Þeir sem ákveða að telja ekki fram vaxtatekjur geta því sloppið við skattlagningu nema bankaleynd verði afnumin og þeim sem taka við fénu til ávöxtunar eða innheimtu verði gert að skila upplýsingum um öll viðskipti einstaklinga til skattyfirvalda. Lán vegna húsnæðisviðskipta munu væntanlega að stærstum hluta verða talin fram þar sem lántakendur eiga rétt á vaxtabótum. Hins vegar munu vaxtatekjur vegna viðskipta með lausafé væntanlega nánast hverfa með upptöku vaxtaskatts. Söluhagnaður er sjaldnast skattskyldur og því verða það hagsmunir beggja aðila í viðskiptum að taka tillit til vaxtanna í verði, fremur en láta skattleggja vextina. Þá er óvíst hvað kemur inn á framtal af persónulegum lánum og hvernig sem að því verður staðið er erfitt fyrir yfirvöld að ná upplýsingum um þau ef báðir aðilar eru sammála um að halda viðskiptunum leyndum.

Skattlagning á arði er í traustum farvegi þar sem þeim fyrirtækjum sem arðinn greiða er gert að senda tilkynningar til allra sem þegið hafa arð á árinu og eftirlit með greiðslunni er eðlilegur þáttur í eftirliti skattyfirvalda. Skattlagning söluhagnaðar og húsaleigu er í dag háð þeim upplýsingum sem berast skattyfirvöldum. Flestir munu sammála um að þar er ekki öllu til skila haldið. Á því yrði ekki breyting nema gripið yrði til mjög umfangsmikilla eftirlitsaðgerða.

b) Staðgreiðslukerfi. Með staðgreiðslukerfi sem gerir tilkall til þess að fjármálastofnanir og aðrir innheimtu- og umsýsluaðilar dragi skattinn frá greiddum vöxtum næst sjálfvirkt uppgjör á langstærstum hluta skattsins á vexti og greiðslan fellur strax til. Almennt er um að ræða trausta aðila með öflugt innra eftirlitskerfi. Fjármálastofnanir eru undir reglubundnu eftirliti bankaeftirlitsins og skattyfirvöld ættu að geta náð góðri yfirsýn yfir

aðra aðila án mjög mikils tilkostnaðar. Á sama hátt og staðgreiðsluinnheimta tekjuskatts af launum felur í sér þá áhættu að innheimtuaðili standi ekki í skilum og dragi skattinn undan, gætu vanskil og undandráttur komið til í staðgreiðslu vaxtaskatts. Áhættan ætti hins vegar að vera mun minni í staðgreiðslu vaxtaskatts með hliðsjón af því hverjir standa að innheimtunni.

Tillögur nefndarinnar gera ráð fyrir einum gjalddaga á ári. Þar sem uppgjör á stærstum hluta allra fjármagnstekna fer fram um áramót telur nefndin eðlilegt og hagkvæmt að miða við þann tímapunkt. Nefndin telur ákveðið hagræði felast í því, jafnt fyrir greiðendur sem fjármálastofnanir, að hafa ekki fleiri gjalddaga. Kostnaður og umstang við framkvæmd og eftirlit verður minna og einfaldara í sniðum. Þá er rétt að hafa í huga að ætla má að innheimtar tekjur í staðgreiðslu verði nálægt 500 m.kr. á ári framan af, sem að langmestu leyti félli til um áramót. Fjölgun gjalddaga skiptir því ekki sköpum fyrir fjárhagsstöðu ríkissjóðs, en getur sem fyrr segir einfaldað og létt alla framkvæmd.

Enda þótt skattur á vexti innheimtist að mestu í staðgreiðslu er nauðsynlegt, til þess að tryggja skattskilin, að endanlegt skattuppgjör verði samkvæmt framtali. Annars vegar þarf ramma utan um skattmeðferðina. Hins vegar þarf að ná til þeirra vaxta sem ekki innheimtast eins auðveldlega í staðgreiðslu, þ.e. vaxta af lánsviðskiptum einstaklinga innbyrðis og á milli einstaklinga og annarra aðila en fjármálafyrirtækja og þeirra innheimtu- og umsýsluaðila sem standa skil á staðgreiðsluskatti. Þar sem fjármagnstekjuskattur af viðskiptum milli einstaklinga gerist upp við álagningu getur liðið hálft ár frá skilum staðgreiðsluskylds aðila og einstaklings. Nefndin telur eðlilegt að um viðskipti milli einstaklinga gildi sú viðmiðun að sá aðili sem stendur skil á skattinum geti valið milli þess að greiða hann við staðgreiðsluskil eða við álagningu samkvæmt framtali, en þá með sérstöku álagi. Skattur af afföllum verðbréfa greiðist fyrst við greiðslu afborgunar eða við sölu bréfsins.

Þá verður að einhverju marki nauðsynlegt að tiltekin lánsform verði skattlögð samkvæmt framtali svo sem erlendir bankareikningar og bankareikningar í erlendri mynt. Þrátt fyrir staðgreiðsluna yrði framtalsskyldan því að vera óbreytt frá því sem er í dag og á framtali yrðu bæði taldir fram vextir sem skattur hefur verið greiddur af og óskattlagðir vextir.

Stærsti hluti þeirra vaxta sem ekki eru gerðir upp í staðgreiðslu kæmi vegna hagsmuna vaxtagreiðanda á framtal. Það á við um vaxtagreiðslur af eftirstöðvabréfum vegna húsnæðisviðskipta eins og að framan var rakið. Þá eru eftir lán milli einstaklinga sem nánast er útilokað að hafa traust eftirlit með, óháð því hvaða kerfi er notað. Einnig lán vegna viðskipta með lausafé sem eins og áður sagði er líklegt að verði vaxtalaus eftir að skattlagningu vaxta hefur verið komið á. Í hvaða kerfi sem valið verður veldur vaxtaskattur því að hagstæðara verður að hækka verð þess sem selt er sem nemur afföllum af vaxtalausu láni. Hjá þessum vanda verður ekki komist nema koma á lágmarksvöxtum í viðskiptum af þessu tagi og sá möguleiki er ekki fyrir hendi.

Sem fyrr segir má ætla að skattur af arði berist í dag með góðum skilum. Í staðgreiðslu ættu skilin að haldast þau sömu en greiðslur féllu fyrr.

Þar sem í hlut á fjöldi aðila, þar af margir sem ekki eru bókhaldsskyldir eða með teljandi fjármálaumsvif, er tæplega unnt að innheimta skatt á húsaleigu og söluhagnað í

staðgreiðslu. Þar hlýtur skattheimtan nánast óhjákvæmilega að verða samkvæmt framtali með eftiráuppgjöri.

c) Niðurstaða samanburðarins. Skattlagning á grundvelli framtals í uppgjöri eftir á gerir miklar kröfur til skattyfirvalda og álitamál hvort skattkerfið getur yfirleitt tekist á við slíkt verkefni án þess að vaxtagreiðendum (fjármálastofnunum) verði gert að skila upplýsingum um vaxtatekjur til skattyfirvalda. Staðgreiðsluuppgjör nær hins vegar ekki til allra þátta og er því útilokuð sem eina skattlagningaraðferðin. Nefndin telur að báðar aðferðirnar séu gallaðar og réttast sé að velja það besta úr báðum.

Í stuttu máli mun staðgreiðslukerfi, ef því fylgir framtalsskylda og endanlegt uppgjör samkvæmt framtali, tryggja trausta innheimtu vaxtaskatts án þess að þurfi að afnema bankaleynd eða skattyfirvöld leggi í umtalsverðan kostnað vegna framkvæmdar og eftirlits. Til að ná sem bestum árangri þarf uppgjör á framtali að fylgja staðgreiðslu. Staðgreiðslan ein og sér er ekki fullnægjandi; annars vegar þar sem framtalsuppgjörinu fylgir rammi um skattmeðferðina og hins vegar þar sem staðgreiðslan getur aldrei náð til allra vaxtatekna.

Skattskil á arði yrðu með svipuðum hætti, hvor leiðin sem farin væri, en skatturinn greiddist fyrr í staðgreiðslu. Skattlagning söluhagnaðar og húsaleigu yrði hvernig sem farið væri með aðra þætti að vera samkvæmt framtali í uppgjöri eftir á.

Í frumvarpsdrögunum frá 1993 var gert ráð fyrir því að fjármálastofnunum og innheimtuaðilum yrði gert að draga skattinn frá við útborgun vaxta og skila til ríkisins, en skattur af vöxtum annarra aðila yrði greiddur í eftiráuppgjöri. Þar var lagt til að ekki væri gerður greinarmunur á þeim sem væru skattskyldir samkvæmt þessum reglum og þeim sem annað hvort væru skattfrjálsir, þ.e. lífeyrissjóðir, eða skattskyldir samkvæmt öðrum reglum, þ.e. þeir sem stunda atvinnurekstur. Gert var ráð fyrir endurgreiðslu afdregins skatts til þeirra sem ekki væru skattskyldir samkvæmt reglunum. Þessi aðferð felur í sér að greiddur verður staðgreiðsluskattur af vaxtatekjum fyrirtækja og lífeyrissjóða. Í drögunum frá 1993 var gert ráð fyrir því að þessir aðilar gætu gert tilkall til endurgreiðslu á greiddum vaxtaskatti. Það endurgreiðslukerfi gæti orðið umfangsmikið í framkvæmd.

Nefndin hefur farið vandlega yfir það hvort unnt sé að gera greinarmun á aðilum við innheimtu skattsins. Niðurstaðan er sú að það sé mögulegt, en jafnframt verði erfitt að hafa traust eftirlit með því að fyrirtækjanúmer yrðu ekki notuð til að skjóta vaxtatekjum einstaklinga undan skattlagningu, nema upplýsingagjöf fjármálastofnana til skattyfirvalda verði gjörbreytt. Nefndin ákvað því að fylgja hugmyndinni frá 1993 um staðgreiðsluafdrátt skatts af öllum vöxtum í fjármálastofnunum. Jafnframt verði endurgreiðslan yfir framtalsuppgjör fyrirtækjanna þannig að afdreginn vaxtaskattur skoðist sem greiðsla upp í skatt og endurgreiðist í uppgjöri ef hún er umfram endanlega álagðan skatt. Lífeyrissjóðirnir eru aftur á móti það fáir að ekki ætti að vera vandamál að halda þeim utan við staðgreiðslukerfið.

Hvað varðar erlendar innstæður og verðbréf er gert ráð fyrir því að skattlagning verði samkvæmt uppgjöri á framtali. Það er ólíklegt að íslensk skattyfirvöld geti gert erlendum fjármálafyrirtækjum að halda eftir skatti samkvæmt íslenskum reglum. Á sama hátt er umsvifamikið fyrir skattyfirvöld að fylgjast með lánsformum í útlöndum og meta þau. Eðli-

legast er því að viðkomandi einstaklingur geri grein fyrir erlendum eignum sínum á framtali og greiði árlega skatt af vöxtum og gengishagnaði. Gengishagnaður getur bæði orðið vegna breytinga á gengi viðkomandi myntar og breytinga á markaðsgengi viðkomandi bréfs á markaði. Nefndin telur rétt að víkja frá hinni almennu reglu í vaxtaskattlagningunni og miða við áfallna vexti en ekki greidda eins og almennt er. Þegar um erlendar eignir er að ræða má ætla að það sé auðveldara í framkvæmd og eftirliti þótt því fylgi augljóslega það óhagræði fyrir viðkomandi einstakling að hann verði í sumum tilvikum að greiða skatt af vöxtum sem hann hefur ekki enn fengið greidda. Erfitt getur verið að reikna gengishagnað eða gengistap af hverri innistæðu fyrir sig á reikningum sem lagt er inn á og tekið út af mörgum sinnum á árinu. Ekki er líklegt að einstaklingar séu með verulegar fjárhæðir á slíkum reikningum. Því virðist einfaldast að skattlagning taki mið af hreyfingu á reikningunum yfir árið, en ekki hverri færslu innan ársins. Á hinn bóginn er rökrétt að jafnt skattgreiðandi sem skattyfirvöld geti gert tilkall til sundurliðaðra gagna ef um stórar fjárhæðir og miklar tilfærslur er að ræða og krafist álagningar á þeim grundvelli. Á íslenskum gjaldeyrisreikningum mætti nota sömu reglu.

Almenna viðmiðunin varðandi skattskyldu vaxta hlýtur að vera að þeir séu greiddir eða greiðslukræfir. Verði greiðslufall er óhjákvæmilegt að skattgreiðsla frestist. Á sama hátt er rökrétt að, ef krafa tapast sem áður hafa verið greiddir vextir af, megi reikna tapið á móti greiddum vöxtum. Eðlilegt er að flytja megi slíkt tap fram með sama hætti og gerist í skattuppgjöri fyrirtækja, þ.e. allt að 5 árum. Nefndin telur jafnframt eðlilegt að þessi regla verði almenn þannig að heimilt sé að mótreikna hvers kyns tap, sem kann að verða í viðskiptum með verðbréf, á móti fjármagnstekjum áður en til skattlagningar kemur og verði heimildin bundin við 5 ár fram í tímann frá því ári sem tapið varð. Rökin fyrir þessu eru að verðbréfaviðskipti séu í eðli sínu sveiflukennd þar sem þau gefa ekki einungis af sér tekjur heldur geti einnig leitt til þess að viðkomandi tapar fé. Það er því rökrétt að heimila mótreikning taps frá fjármagnstekjuskatti þannig að samræmi sé í skattlagningunni.

Tvær leiðir koma til greina varðandi skattlagningu kúlubréfa sem safna vöxtum og greiðast síðan á einum gjalddaga. Sú fyrri að skattur sé greiddur árlega af áföllnum vöxtum samkvæmt uppgjöri á framtali og hin síðari að skattur sé greiddur við gjalddaga bréfsins.

Fyrri leiðin er að ýmsu leyti einfaldari. Sé sú leið farin er markaðsverðmæti bréfsins í upphafi árs dregið frá markaðsverðmæti þess í lok árs. Mismunurinn er vextir og skattur reiknast þar af.

Ef skattur er greiddur við gjalddaga safnast skattkvöðin upp og nauðsynlegt er, til að viðhalda jafnstöðu við þau bréf sem skattur er reiknaður af árlega, að leggja álag á skattinn til að vega upp að viðkomandi hefur notið vaxta og vaxtavaxta af skattinum sem hefði fallið við árlega skattgreiðslu. Sé bréf selt áður en kemur að gjalddaga eða innlausnardegi yrði áfallinn skattur gerður upp af söluverðinu. Þannig á það ekki að valda vanda þótt bréf gangi milli einstaklings og fyrirtækis eða lífeyrissjóðs. Hver aðili gerir upp samkvæmt þeim reglum sem um hann gilda vegna þess tíma sem hann á bréfið. Eigendaskipti eru skráð á bréfið þannig að skatteftirlit ætti ekki að vera flókið.

Það sem helst mælir gegn fyrri aðferðinni er að einstaklingar geta átt í erfiðleikum með að fjármagna skattinn. Einstaklingur sem hefur minnkað við sig húsnæði og fengið

verðmuninn greiddan í húsbréfum yrði hugsanlega að selja bréfin til þess að fjármagna skattgreiðsluna. Af þessum sökum velur nefndin að fara síðari leiðina.

Þótt hlutdeildarsjóðir séu samsettir af kúlubréfum er almennt veruleg hreyfing á sjóðunum; innlausn og kaup á bréfum. Hlutdeildarsjóðirnir ættu því að eiga auðveldara með árlegt uppgjör skattsins en einstaklingar. Hugsanlega mætti setja sjóðunum það í sjálfsvald hvora leiðina þeir færu. Það gæti þó valdið ruglingi og því telur nefndin rétt að miða við árleg skattskil hlutdeildarsjóða.

Afföll teljast til vaxta. Einfaldast virðist að telja afföll vegna kaupa á afborgunarbréfum til tekna með hlutfallslegri fjárhæð miðað við afborgunartíma.

4. Hve hátt skatthlutfall ?

Mikilvægt er að skattkerfið sé einfalt og auðskilið og valdi sem minnstri röskun. Það er ólíklegt að til sé það skatthlutfall sem allir væru sammála um að hefði ekki áhrif á sparnað eða aðra þætti á fjármagnsmarkaði. Því lægra sem skatthlutfallið er þeim mun meiri líkur eru á því að skatturinn hafi ekki teljandi áhrif. Í nefndinni hefur það sjónarmið verið ráðandi að eðlilegt sé við núverandi verðbólgustig að miða við 10% skatthlutfall. Stuðnings við það sjónarmið má leita á erlendum vettvangi, sbr. umfjöllun hér að framan.

5. Frítekjumörk fjármagnstekna

Samkvæmt gildandi reglum eru vextir skattfrjálsir hjá einstaklingum, arðtekjur njóta sérstaks frádráttar og sama á við um húsaleigu. Þegar ákveðið er að skattleggja vexti er eðlilegt að spurt sé hvort ekki skuli taka upp sérstakan frádrátt vegna vaxtatekna. Einnig er eðlilegt að huga að því hvort rétt sé að sameina þessa sérstöku frádrætti. Þriðji möguleikinn er að ekki verði um sérstakan fjármagnsteknafrádrátt að ræða heldur komi hinn almenni persónuafsláttur á móti greiðslu fjármagnstekjuskatts.

a) Frádráttur vegna vaxtagjalda. Við skattlagningu einstaklinga í dag koma vaxtagjöld því aðeins til frádráttar að til skuldanna hafi verið stofnað vegna kaupa á eigin húsnæði. Það gerist með vaxtabótum vegna kaupa á eigin húsnæði sem eru liður í viðleitni stjórnvalda til að efla eigin eign á húsnæði. Almennt má líta svo á að með skuldsetningu séu einstaklingar að gera sér kleift að njóta einhvers fyrr en ella og vaxtagreiðslurnar séu óhjákvæmilegur kostnaður við þá ákvörðun. Skattfrádráttur vegna lántöku er í því ljósi ekki rökréttur. Í ýmsum tilvikum eru lántökur hins vegar leið til að fjármagna fjárfestingu í arðberandi eign og í þeim tilvikum má færa rök fyrir því að eðlilegt sé að einstaklingar hafi heimild til að draga vaxtakostnað frá tekjum sínum af viðkomandi eign. Það getur á hinn bóginn verið erfitt að greina á milli þessara lána og lána sem tekin eru til þess að flýta neyslu og má halda því fram að lántaka af þessu tagi sé í reynd ákveðið form atvinnurekstrar. Þegar skatthlutfallið er hóflegt eins og tillögur nefndarinnar gera ráð fyrir, má fallast á að líta fram hjá þessum kostnaði og skattleggja vaxtatekjurnar án frádráttar vaxtagjalda.

b) Frádráttur vegna lágrar raunávöxtunar. Sem fyrr segir leggst nafnvaxtaskattur þyngra á raunávöxtun eignar ef hún er lág. Úr þessu má bæta að hluta með því að undanþiggja lágvaxtareikninga eða lágan arð af eignum. Einnig mætti veita sérstaka frádráttarheimild þannig að skatturinn falli aðeins á vexti eða arð umfram tiltekið stig. Hvort tveggja myndi hins vegar óhjákvæmilega flækja málin og fljótlega væri komið í það far að taka yrði afstöðu til þess hvort ekki væri skynsamlegra að taka skrefið til fulls og skattleggja raunvexti. Nefndin telur að lágt skatthlutfall réttlæti að litið sé fram hjá þessum annmarka.

c) Sérstakur vaxtafrádráttur. Ef tekinn verður upp sérstakur vaxtafrádráttur samhliða því sem vextir verða skattlagðir og sérfrádrættir vegna arðs og húsaleigu halda sér, má færa að því rök að samræmi sé í kerfinu. Á móti má halda því fram að fremur væri verið að setja ósamræmið í kerfi. Það er augljóst að ef þeir sem hafa litlar arðtekjur greiða ekki skatt af arði, þeir sem hafa litlar tekjur af húsaleigu greiða ekki skatt af húsaleigu og þeir sem hafa litlar tekjur af vöxtum greiða ekki skatt af vöxtum, gefur hver þáttur fyrir sig til kynna að réttlæti hafi verið fullnægt. Litlar tekjur eru ekki eltar uppi til skattheimtu. Skattfrelsi húsaleigu upp að vissu marki hefur væntanlega þann tilgang að hvetja fólk til þess að leigja út eignir sem ella yrðu ekki leigðar út. Skattfrelsi arðs að tilteknu marki hefur á sama hátt væntanlega þann tilgang að hvetja fólk til að leggja eitthvað af mörkum til hlutafjárkaupa. Með sömu rökum má segja að eðlilegt sé að undanþiggja tiltekna fjárhæð vaxtatekna undan skatti.

Ef sérstakur frádráttur er fyrir hvern fjármagnstekjuþátt um sig blasir við að skattlagningin ræðst ekki aðeins af tekjunum heldur dreifingu þeirra á arð, húsaleigu og vexti. Nefndin telur æskilegt að skattkerfið sé hlutlaust í þessu efni eins og fram kemur í tillögu hennar um að skattlagningin verði samræmd. Ef rétt er talið að vera með sérstakan frádrátt vegna fjármagnstekna, standa frekar rök til þess að hafa eitt sameiginlegt frítekjumark vegna allra fjármagnstekna en sérstakan frádrátt vegna hvers þáttar um sig.

Þótt frádráttarheimild vegna fjármagnstekna virðist fljótt á litið auka jöfnuð er ekki víst að svo yrði í reynd. Ef allir njóta sérstaks frítekjumarks vegna vaxtatekna fá þeir sem hafa mestar vaxtatekjur hæsta frádráttinn. Hinir sem hafa lægri vaxtatekjur njóta frádráttarins í minna mæli því vaxtatekjurnar eru einfaldlega of lágar til að fullnýta hann. Auk þess geta framteljendur lagað sig að kerfinu og fært fjárhæðir milli framtala, innan fjölskyldna og milli vina, til að nýta sér frítekjumark annarra. Þeir sem hafa miklar vaxtatekjur geta þannig með aðstoð ættingja og vina náð margföldu frítekjumarki. Ef færa á launatekjur á milli einstaklinga til að nýta sér persónuafslátt verður að ná um það samkomulagi við þriðja aðila, oftast ótengdan, þ.e. launagreiðandann. Til að færa vaxtafrádrátt á milli einstaklinga nægir samkomulag þeirra á milli. Þá má minna á að hinir tekjulægstu hafa oft engar fjármagnstekjur og því ekki augljóst að skattfrádráttur á móti fjármagnstekjum sé skref í átt til aukins jöfnuðar.

Ennfremur er rétt að hafa í huga að skatthlutfallið getur verið mun lægra án frítekjumarks og samt skilað sömu tekjum. Þannig skilar 10% skattur á vaxtatekjur án frítekjumarks svipaðri fjárhæð og 18-20% skattur með 100 þúsund króna frítekjumarki. Þótt útreikningar af þessu tagi séu óhjákvæmilega mikilli óvissu bundnir vegna skorts á upplýsingum um

dreifingu vaxtatekna, sýna þeir að áhrifin á fjármagnsmarkað verða því meiri þeim mun hærra sem skatthlutfallið verður.

Nefndin telur að skattlagning fjármagnstekna verði bæði einfaldari og auðskiljanlegri án sérstaks frítekjumarks og bendir auk þess á að með því geti skatthlutfallið verið lægra en ella.

d) Persónuafsláttur nýtist til greiðslu fjármagnstekjuskatts. Nefndin telur eðlilegt að einstaklingar geti nýtt persónuafslátt sinn til greiðslu fjármagnstekjuskatts. Þetta gagnast augljóslega hinum tekjulægstu og lausleg áætlun bendir til þess að nálægt fjórði hver einstaklingur sem hefur einhverjar vaxtatekjur lendi í þessum hópi. Talið er að við þetta lækki tekjur ríkissjóðs um 100 m.kr., eða um einn tíunda hluta af álögðum skatti á vaxtatekjur einstaklinga. Nýting persónuafsláttar mun þannig ekki hafa afgerandi áhrif á það hvaða skatthlutfall er valið.

Ef skattuppgjör samkvæmt framtali leiðir í ljós að í staðgreiðslu hefur verið dreginn af meiri skattur en greiða á, kemur til endurgreiðslu á sama hátt og nú gerist í uppgjöri vegna annarra atriða í skattlagningu einstaklinga.

6. Skattlagning vaxtatekna stuðlar að tekjujöfnun

Með skattlagningu vaxtatekna sem nú eru skattfrjálsar er stigið mikilvægt skref til skattlagningar allra tekna. Vaxtatekjur eru hlutfallslega meiri hjá einstaklingum í góðum efnum og því augljóst að jöfnuður eykst með skattlagningu þeirra. Upplýsingar um dreifingu eigna og eignatekna eru hins vegar ófullkomnar. Einungis helmingur peningalegra eigna og þriðjungur vaxtatekna kemur fram á skattframtölum. Þau gefa því takmarkaða vísbendingu um heildardreifingu eigna og eignatekna. Fjármálaráðuneytið hefur reyndar óskað eftir því við Seðlabankann að hann kanni raunverulega dreifingu peningalegra eigna. Þær upplýsingar liggja enn ekki fyrir og því verður að styðjast við skattframtöl.

Samkvæmt skattframtölum lætur nærri að fimmti hver framteljandi hafi einhverjar vaxtatekjur. Samhengi milli vaxtatekna og annarra tekna er vissulega fyrir hendi, þ.e. hinir tekjuhæstu eru með meiri vaxtatekjur en hinir tekjulægstu. Hins vegar skipta önnur atriði einnig máli, einkum aldur; því eldri sem framteljandinn er þeim mun hærri eru vaxtatekjurnar. Með þetta tvennt í huga svo og þá staðreynd að meðaltekjur framteljenda fara hækkandi upp að vissu aldursmarki, en lækka síðan aftur, má draga þá ályktun að það sem mestu ráði um fjárhæð vaxtatekna sé afkoma einstaklinga í víðari skilningi, þ.e. ráðstöfunartekjur heimilisins að teknu tilliti til framfærslukostnaðar (barnafjölda) og eigna- og skuldastöðu.

Samkvæmt skattframtölum eru vaxtatekjur almennt óverulegur hluti heildartekna hjá hjónum sem hafa undir 5 m.kr. í árstekjur, eða um 2-2,5%. Hjá hjónum með 5-8 m.kr. árstekjur nema vaxtatekjur um 5% heildarteknanna, en um fjórðung hjá hjónum sem hafa meira en 8 m.kr. árstekjur. Þessar tölur sýna að tekjuháir einstaklingar koma til með að greiða hærri skatt af vöxtum en hinir tekjulægri.

Jafnframt leiðir sú tillaga nefndarinnar, að heimilt verði að nýta persónuafslátt upp í greiðslu fjármagnstekjuskatts, til þess að verulegur hluti tekjulágra einstaklinga, en þar eru

lífeyrisþegar og námsmenn fjölmennir, greiðir engan fjármagnstekjuskatt þegar upp er staðið.

7. Samræmdur fjármagnstekjuskattur af arði

Samkvæmt gildandi lögum er arður skattlagður eins og aðrar tekjur einstaklinga ef hann fer fram úr sérstökum frítekjumörkum (131 þúsund krónur hjá einstaklingi og 262 þúsund hjá hjónum) og arðgreiðslan er innan 10% af nafnvirði hlutafjár. Tillögur nefndarinnar gera ráð fyrir samræmdri skattlagningu allra fjármagnstekna. Jafnframt falli sérstök frítekjumörk niður. Samkvæmt þessu myndu þeir sem hafa miklar arðtekjur greiða 10% skatt af öllum arðtekjum í stað þess að greiða almennan tekjuskatt af arði umfram frítekjumarkið. Skattgreiðslur þeirra myndu þannig lækka. Þeir sem eru undir þessum mörkum nú myndu greiða skatt að því marki sem persónuafsláttur þeirra nýtist ekki á móti skattgreiðslunni. Langflestir, eða yfir 90% þeirra einstaklinga sem hafa einhverjar arðtekjur, eru undir frítekjumörkunum og greiða því ekki skatt. Áhrif tillagna nefndarinnar eru ekki umtalsverð í krónum talið þar sem hver framteljandi í þessum hópi fær að meðaltali tiltölulega litlar arðtekjur. Þannig fengu um 5.200 einstaklingar, eða 94% þeirra sem fengu einhvern arð, að meðaltali um 7 þúsund krónur í arð árið 1994. Um 40% þeirra voru undir skattleysismörkum og myndu því væntanlega ekki greiða skatt, en aðrir greiddu óverulegan skatt eða um 700 krónur á ári.

Tekjur ríkisins af skattlagningu arðs námu 160 m.kr. vegna ársins 1994. Væri tekinn upp 10% skattur á arð lækkuðu tekjurnar um 80-90 m.kr. miðað við óbreyttan stofn. Á hinn bóginn er líklegt að breytt skattlagning arðs hefði veruleg áhrif á viðskipti með hlutabréf og útborgaðan arð og þar með á sjálfan skattstofninn. Þegar upp er staðið er óvíst hvort ríkissjóður verður af verulegum tekjum við þessa breytingu.

Það misræmi sem nú er milli skattlagningar arðs og skattfrelsis vaxtatekna hefur greinilega áhrif á það hvernig fólk kemur sparnaði sínum fyrir. Jafnvel eftir að tekinn væri upp 10% skattur á vaxtatekjur yrði valið auðvelt fyrir flesta þar sem vaxtaberandi bréf yrðu í flestum tilvikum hagkvæmari en hlutabréf þar sem arðurinn er skattlagður eins og aðrar tekjur með 42% eða 47% hlutfalli. Þetta er augljóst jafnvel þótt ekki sé tekið tillit til eignarskatts, en hann mismunar einnig. Skattfrádráttur vegna kaupa á hlutabréfum getur breytt þessu ef um minni fjárhæðir er að ræða, en ekki fyrir stærri fjárfesta. Ekki liggja fyrir ítarlegar kannanir á dreifingu hlutafjáreignar, en líklegt er að mjög fáir hafi valið þann kost að festa stórar fjárhæðir í hlutafé utan þeirra fyrirtækja sem þeir eru sérstaklega tengdir. Það má færa að því rök að einmitt þessi mismunun haldi aftur af æskilegri fjárfestingu í atvinnulífinu og hindri eðlilega uppbyggingu eiginfjár í íslenskum fyrirtækjum.

Mismunandi skattaleg meðferð vaxta og arðs býður einnig misnotkun heim og hamlar eðlilegri eiginfjármyndun í fyrirtækjum. Eigandi sem lánar fyrirtæki sínu fé, nýtur skattfrjálsra vaxta og fyrirtækinu er heimilt að telja vaxtagjöldin til gjalda í skattuppgjöri. Þótt skattareglur kveði á um að vaxtaskilmálar eigi að vera þeir sömu og eðlilegir teldust í viðskiptum óskyldra aðila, er nokkurt svigrúm jafnvel þótt ekki sé gripið til þess ráðs að semja við þriðja aðila um að vera milliliður.

Samkvæmt gildandi skattalögum greiða einstaklingar hvorki tekjuskatt né eignarskatt af vaxtatekjum af innlánsreikningum eða ríkisverðbréfum. Tekjur einstaklinga af arði umfram tiltekin lágmörk eru hins vegar skattlagðar að fullu, auk þess sem arðgreiðslan er skattlögð hjá fyrirtækinu fari hún fram yfir tiltekin mörk. Þá er hlutafé umfram ákveðna viðmiðun eignarskattskylt. Sú ávöxtun sem einstaklingur nýtur vegna fjárfestingar í spariskírteinum er því jöfn vöxtunum. Hins vegar þurfa fyrirtæki að ná mun hærri hagnaði til þess að fjárfesting í hlutabréfum skili einstaklingi jafn góðri ávöxtun eftir skatt og kaup á spariskírteinum.

Áhrif mismunandi skattlagningar vaxta og arðs í núgildandi kerfi verða skýrt lesin af eftirfarandi dæmi. Gert er ráð fyrir að fyrirtæki greiði út allan hagnað sinn, að frádregnum tekjuskatti af arði umfram 10% af nafnvirði hlutafjár. Einstaklingurinn sem fær arðinn greiðir 1,45% eignarskatt og 47% tekjuskatt.

Hvaða ávöxtun skilar hagnaður fyrirtækis ?

Hagnaður fyrirtækis fyrir skatt	**Ávöxtun einstaklings eftir skatt = vextir af skattfrjálsum bréfum**
6,5%	2,0%
10,4%	4,0%
16,1%	6,0%
21,7%	8,0%
27,3%	10,0%

Taflan sýnir að við núgildandi skattkerfi þurfa fyrirtæki að skila 16% hagnaði til að ná sömu ávöxtun og fæst af skattfrjálsum bréfum með 6% vöxtum. Þá er ekki tekið tillit til þeirrar áhættu sem fylgir fjárfestingu í atvinnulífinu. Ef áhættuálagið er metið um 2% þarf fyrirtækið að skila nærri 22% hagnaði.

Þessar tölur leiða í ljós að samkvæmt gildandi skattalögum getur tæplega verið hagstætt fyrir einstakling að fjárfesta í hlutafé, nema hann njóti ávöxtunar í öðru en útborguðum arði, þ.e. launum, hlunnindum eða áhrifum.

Uppbygging atvinnulífs byggir í flestum löndum á framtaki lítilla og meðalstórra fyrirtækja og þar verða flest ný störf til. Einstaklingar sem kaupa hlutabréf til að nýta sér skattfrádrátt beina kaupum sínum hins vegar fyrst og fremst að stórum og traustum fyrirtækjum. Það sama á við um hlutabréfasjóði og lífeyrissjóði. Fjárfesting í minni fyrirtækjum kallar á meiri umsýslu og eftirlit og afraksturinn er ótryggari. Til að treysta uppbyggingu minni fyrirtækja er nauðsynlegt að gera einstaklingum kleift að leggja stærri fjárhæðir í hlutafé en nú er.

Tillögur nefndarinnar gera ráð fyrir að jafna tekjuskattlagningu vaxta og arðs með 10% flötum skatti. Eftir stendur að eignarskattur skilur á milli skattlagningar arðs og vaxta

af ríkisbréfum og innstæðum. Til að jafna þennan mun þarf hagnaður fyrirtækis að vera 1,6% eða 2,4% hærri en vextirnir.

Samræmd skattlagning vaxta og arðs með 10% flötum skatti án frádráttar getur eins og fyrr segir stuðlað að aukinni áhættufjárfestingu í atvinnulífinu, einkum kaupum hlutafjár fyrir stórar fjárhæðir. Í þessu skyni er sérstaklega mikilvægt að þeir sem ráða yfir stórum fjárhæðum séu reiðubúnir til að fjárfesta í hlutabréfum. Þessir aðilar hafa gjarnan reynslu úr atvinnurekstri og eru líklegir til að fylgja fjárfestingu sinni eftir með afskiptum af rekstri umfram fjárbindinguna eina.

Þótt breyting af þessu tagi gagnist fremur stærri fjárfestum en smærri getur hún skipt sköpum um eflingu atvinnulífs í landinu. Minni hluthafar hafa flestir eignast hlutabréf fyrir tilstuðlan sérstaks skattafsláttar og ólíklegt að 10% skattur á arðtekjur dragi svo máli skiptir úr vilja þeirra til að bæta við hlutafjáreign sína, enda helst skattafslátturinn óbreyttur. Áhrifin ættu að koma fram í aukinni ásókn í hlutabréf umfram almenn verðbréf og að einhverju leyti í auknum sparnaði þeirra sem sæu nýja möguleika með þátttöku í eflingu atvinnulífsins.

Nefndin telur æskilegt, ekki síst við núverandi aðstæður, að skattkerfið stuðli að uppbyggingu atvinnulífsins og leggur til að skattlagning arðs og vaxta verði samræmd og tekinn verði upp 10% skattur á arð án frádráttar.

Við mat á skattlagningu arðs er óhjákvæmilegt að skoða heildarmyndina, þ.e. skattlagningu hagnaðar í fyrirtæki og þess hluta hagnaðar sem greiddur er út sem arður til eigenda. Mikilvægt er að form skattlagningar sé með þeim hætti að heildarskattlagning sé innan sanngjarnra marka og að ekki komi til tvísköttunar. Nefndin telur eðlilegt til að fyrirtækjum verði áfram heimilt að telja til frádráttarbærra rekstrargjalda arðgreiðslur er nemi allt að 10% af nafnverði hlutafjár að viðbættum ónýttum heimildum til útgáfu jöfnunarhlutabréfa eins og nánar er lýst í kafla 9 hér á eftir. Þessi stofn framreiknist frá ári til árs með almennum verðbreytingarstuðli skattalaga.

Arðgreiðsla að þessu marki er samkvæmt tillögum nefndarinnar skattlögð í staðgreiðslu með almennu skatthlutfalli fjármagnstekjuskatts, þ.e. 10%. Greiði fyrirtæki út arð umfram þessi mörk telst sá hluti ekki til frádráttarbærra rekstrargjalda og skattleggst með almennu skatthlutfalli hlutafélaga, þ.e. 33%. Þessi skattlagning kemur til viðbótar 10% fjármagnstekjuskatti hluthafa sem innheimtur er í staðgreiðslu óháð því hvort arður er innan eða utan 10% markanna. Ef ekki væri verðbólga myndi 10% skattur af þeim 67% sem þá eru eftir leiða til þess að heildarskattlagningin verði 39,7%. Skattlagningin yrði þannig sambærileg við almenna skattlagningu atvinnutekna svo fremi sem verðmætisaukning hlutafjár er í samræmi við eignauppbyggingu viðkomandi fyrirtækis. Þótt gengi hlutabréfa sé breytilegt má ætla að það ákvarðist til lengri tíma litið í meginatriðum af afkomu fyrirtækisins. Skattareglan ætti því að vera ásættanleg enda þótt fylgnin sé ekki fullkomin. Tekjuskattur af þeim hagnaði sem safnast upp í fyrirtækinu greiðist ár fyrir ár samkvæmt þeim reglum sem gilda þar um. 10% skatturinn greiðist hins vegar oft ekki fyrr en að einhverjum tíma liðnum, jafnvel mörgum árum. Til að jafna stöðu skattgreiðenda er því eðlilegt að innheimta skattinn með álagi samkvæmt sömu reglum og gerð var grein fyrir í umfjölluninni um kúlubréfin hér að framan.

Þótt skattlagning félaga sé utan verksviðs nefndarinnar er óhjákvæmilegt að taka afstöðu til skattlagningar á arðtekjum félaga. Eðlilegt er að sama skatthlutfall gildi um arðtekjur og aðrar tekjur skattskyldra félaga, að því marki sem skattskyldur hagnaður er af rekstri. Í framkvæmd er ekki æskilegt að undanþiggja arðgreiðslur sem koma í hlut félaga staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts. Því er lagt til að afdreginn fjármagnstekjuskattur af arðgreiðslum til skattskyldra félaga skoðist fyrirframgreiðsla upp í skatt þess félags. Um uppgjör fari eftir sömu reglum og gilda um afdreginn fjármagnstekjuskatt skattskyldra félaga.

Hlutafélög hafa í dag heimild til að draga frá skattskyldum tekjum sínum útborgaðan arð allt að 10% af nafnverði hlutabréfa. Þessi stofn hækkar sem nemur útgefnum jöfnunarhlutabréfum. Lagt er til að hætt verði að gefa út skattfrjáls jöfnunarhlutabréf, en í stað þess verði hlutafélögum heimilt að leiðrétta þann stofn sem frádrátturinn reiknast af með verðbreytingastuðli skattalaga. Útgáfa jöfnunarhlutabréfa hefur reynst flókin í framkvæmd og ekki í samræmi við þarfir hlutabréfamarkaðarins í dag. Sú aðferð sem hér er gerð tillaga um er hins vegar bæði einföld og skilvirk.

8. Skattlagning húsaleigu

Einstaklingur sem leigir út íbúðarhúsnæði án þess að það teljist atvinnurekstur eða sjálfstæð starfsemi hefur rétt til þess að draga 80% húsaleigunnar, þó að hámarki 25 þúsund krónur á mánuði, frá húsaleigutekjum. Sé fyrningargrunnur leiguhúsnæðis 21 m.kr. eða meira hjá einstaklingi (42 m.kr. eða meira hjá hjónum) er hins vegar farið með útleigu sem atvinnurekstur.

Nefndin telur eðlilegt og skynsamlegt að skattleggja húsaleigutekjur með sama hætti og aðrar fjármagnstekjur og leggur því til að húsaleigutekjur verði skattlagðar án frádráttar með 10% skatthlutfalli svo framarlega sem útleigan telst ekki atvinnurekstur. Með þessari breytingu ykist skattlagning lítillega hjá þeim sem eru nú innan hámarksins, eða úr 8,4-9,4% í 10%, miðað við aðila sem greiðir 42-47% í tekjuskatt. Húsaleigutekjur umfram þetta hámark yrðu hins vegar skattlagðar í lægra hlutfalli en nú er.

Talið er að tekjuskattur af húsaleigutekjum nemi nú um 170-180 m.kr., en allt að 80% húsaleigutekna er skattfrjáls samkvæmt gildandi lögum, þó að hámarki 25.000 krónur á mánuði. Heildarstofn húsaleigu er hins vegar talinn nálægt 1.500 m.kr. Heildaráhrif á tekjur ríkissjóðs yrðu væntanlega ekki mikil þar sem ætla má að húsaleigutekjur yrðu taldar fram í ríkari mæli en nú er gert sem gerði meira en vinna upp það tekjutap sem leiðir af lægra skatthlutfalli.

9. Skattlagning söluhagnaðar

Til að samræmi náist í skattlagningu allra fjármagnstekna telur nefndin rétt að sömu reglur gildi um söluhagnað og aðrar fjármagnstekjur. Skattskyldur söluhagnaður fellur til við sölu hlutabréfa, íbúða, bújarða og lausafjár. Söluhagnaður hlutabréfa er skilgreindur sem mismunur söluverðs og kaupverðs. Kaupverð samkvæmt gildandi reglum er ákveðið annað hvort sem samanlagt nafnverð bréfanna og þeirra jöfnunarhlutabréfa sem hefur verið úthlutað eða heimilt hefur verið að úthluta eða sem upphaflegt kaupverð bréfanna að viðbættum verðbreytingarstuðli samkvæmt skattalögunum sé það hærra. Upp að ákveðnu marki

er hagnaður af sölu tiltekinna hlutabréfa, sem hafa verið keypt á árinu 1990 og síðar, skattfrjáls.

Nefndin leggur til að söluhagnaður hlutabréfa verði ákvarðaður sem mismunur söluverðs og kaupverðs. Kaupverð í hendi seljanda ákvarðast sem upphaflegt kaupverð eða innborgað hlutafé. Hvað snertir hlutabréf sem eru í eigu einstaklinga í dag, telur nefndin rétt að heimilað verði að ákvarða kaupverð hlutabréfa sem upphaflegt kaupverð, að viðbættu verðmæti jöfnunarhlutabréfa sem gefin hafa verið út og/eða sem heimilt hefði verið að gefa út í árslok fyrir upptöku þessara reglna. Hlutafélögum verði gert skylt að reikna út og afla sér staðfestingar ríkisskattstjóra á jöfnunarheimild. Upplýsingar um jöfnunarheimild verði síðan birtar hluthöfum á hlutafjármiðum sem félögin senda þeim. Hafi hlutafélag ekki gefið út jöfnunarhlutabréf eða tilgreint jöfnunarverðmæti með þeim hætti sem áskilinn er á framtali árið 1999, getur hluthafi lagt fram kæru til skattyfirvalda og óskað eftir slíkum uppreikningi í allt að 5 ár eftir að þessi frestur er liðinn.

Samkvæmt gildandi lögum er heimilt að draga frá söluhagnaði af hlutabréfum tap vegna hlutabréfaviðskipta ef það verður til innan ársins. Þar sem reynslan sýnir að sveiflur verða gjarnan samhliða á gengi hinna ýmsu hlutabréfa hefur þessi regla aðeins nýst í takmörkuðum mæli. Nefndin telur því eðlilegt að útvíkka þessar heimildir þannig að mótreikna megi tapið í allt að 5 ár.

Nefndin telur að þessar breytingar muni örva hlutabréfamarkað og stuðla að aukinni fjárfestingu í hlutabréfum.

Hagnaður af sölu íbúðarhúsnæðis innan tiltekinna stærðarmarka telst í dag að fullu til skattskyldra tekna hafi eigandi átt húsnæðið skemur en 5 ár, en er skattfrjáls hafi hann átt eignina lengur. Heimilt er að fresta skattlagningu um tvenn áramót og fellur skattskyldan niður ef keypt er ný eign og stofnverð hennar er jafnhátt söluhagnaði. Þessar reglur valda því að sjaldan er um skattskyldan söluhagnað að ræða nema viðkomandi sé í þeim fjárhagsvandræðum að geta ekki fjárfest í nýju húsnæði innan tilskilins tíma.

Það er umdeilanlegt hvort réttmætt er að gefa fjárfestingu í íbúðarhúsnæði þann forgang sem nú er umfram fjárfestingu í atvinnulífinu. Nefndin er hins vegar ekki reiðubúin til að gera tillögu um að þessi undanþága falli niður og leggur til að skattfrelsi söluhagnaðar af húsnæði haldist. Í ljósi þess að þær takmarkanir sem nú eru á skattundanþágunni virðast fyrst og fremst koma niður á fólki í fjárhagserfiðleikum, telur nefndin rétt að undanþáguákvæðin verði rýmkuð. Þannig sé söluhagnaðurinn undanþeginn skattlagningu, hafi aðili búið í eigin húsnæði minnst um tvenn áramót óháð því hvort viðkomandi fjárfestir í eigin húsnæði að nýju eða ekki, enda eigi hann ekki aðra íbúð.

10. Félagasamtök skattskyld - Lífeyrissjóðir undanþegnir fjármagnstekjuskatti

Í tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir því að vaxtatekjur fyrirtækja verði áfram skattlagðar með sama hætti og aðrar rekstrartekjur. Allir aðrir, að lífeyrissjóðum frátöldum, munu greiða vaxtaskatt samkvæmt tillögum nefndarinnar. Það þýðir að ýmis félagasamtök sem nú eru undanþegin skattskyldu munu greiða skatt af vaxtatekjum. Sama á við um opinbera starfsemi að því marki sem hún er ekki rekin á fyrirtækjaformi og skattlögð samkvæmt

þeim reglum sem um það gilda. Nefndin telur æskilegra að taka tillit til þessarar skattlagningar í fjárhagslegum samskiptum ríkis og þessara aðila en undanþiggja þá skattlagningu.

Skattheimta er augljóslega þeim mun traustari sem undanþágur eru færri og skýrari. Auðvitað er hægt að innheimta skattinn í staðgreiðslu og endurgreiða skattfrjálsum aðilum hann eftir á samkvæmt uppgjöri. Það kerfi er óhjákvæmilega flóknara. Einnig er hægt að undanþiggja suma aðila staðgreiðsluskatti. Nefndin telur vissulega koma til greina að undanþiggja alla skattfrjálsa aðila þannig að skatturinn komi aðeins á einstaklinga og þau samtök og sjóði sem ekki hafa fengið formlega undanþágu frá skattgreiðslu. Það verður þó að árétta að það flækir framkvæmdina. Nefndin treystir sér hins vegar ekki til þess að meta réttmæti þess að undanþiggja einstaka aðila, með þeirri undantekningu sem gerð er hér á eftir.

Samkvæmt tillögum nefndarinnar eru lífeyrissjóðir undanþegnir þessari skattlagningu. Í öðrum löndum er almenna reglan að hvorki lífeyrissjóðsiðgjöld né ávöxtun lífeyrissjóða eru skattlögð, en lífeyrisgreiðslur eru skattskyldar. Eftir síðustu breytingar á skattalögum hefur skattlagningu hér á landi einnig verið komið í það horf. Að skattleggja bæði ávöxtun lífeyrissjóða og útborgaðan lífeyri fæli í sér tvísköttun og hefur skattlagningu á ávöxtunartekjum lífeyrissjóða hingað til verið vísað frá með tilvísun til þessa. Þá hefur verið talið æskilegt að efla lífeyrissparnað.

Mikilvægasta röksemdin fyrir skattfrelsi lífeyrisjóða er, að mati nefndarinnar, það misræmi sem landsmenn búa við í lífeyrismálum. Opinberir starfsmenn og bankamenn njóta ábyrgðar launagreiðanda á lífeyrisrétti sínum. Ef ávöxtun sjóða opinberra starfsmanna skerðist verður hið opinbera að auka sinn hlut sem því nemur, því samkvæmt þeim reglum sem gilda um sjóðina ber hið opinbera ótakmarkaða ábyrgð á því að lífeyrisrétturinn sé óskertur. Á almennum markaði ráðast lífeyrisréttindin hins vegar af greiðslugetu sjóðanna á hverjum tíma. Á síðustu árum hafa sjóðirnir neyðst til að skerða réttindi sjóðfélaga til að bregðast við áhrifum hækkandi meðalaldurs og auknum útgjöldum vegna örorkulífeyris. Álagning 10% nafnvaxtaskatts samsvarar 16% skatti á raunvexti miðað við 2% verðbólgu og reiknigrunn sjóðanna sem almennt er 3,5% raunvextir. Miðað við að iðgjöldin séu að meðaltali bundin í sjóðunum í 20 ár, samsvarar uppsöfnuð ávöxtun samanlögðum iðgjöldum og næmi þannig helmingi þess sem kæmi til útborgunar. 10% nafnvaxtaskattur tæki til sín 16% raunávöxtunar og því þyrfti að skerða allar útborganir úr sjóðunum um 8% ef skerðingin gengi jafnt yfir ellilífeyri og greiðslur vegna örorku, maka og barna. Ef ellilífeyririnn einn yrði skertur þyrfti skerðingin að vera um 12% miðað við að hann nemi 65% af kostnaði sjóðanna. Ef vaxtatekjur sjóðanna yrðu skertar með skattlagningu, yrðu þeir að mæta skerðingunni með frekari niðurskurði réttinda. Skerðingin kæmi því aðeins niður á fólki á almennum vinnumarkaði, sem fyrir nýtur minnstra lífeyrisréttinda, en réttindi hinna sem meiri réttinda njóta, héldust óskert.

Nefndin leggur einnig til að tekið verði sérstaklega á skattlagningu ávöxtunarhluta skaðabóta vegna líkamstjóns, en við útreikning og ákvörðun þessara bóta hefur verið gengið út frá ákveðnum forsendum um skattfrjálsa ávöxtun. Nefndin telur eðlilegt að þessir vextir komi til skattlagningar líkt og aðrir vextir. Hins vegar er sanngjarnt að taka tillit til þess að bótafjárhæðir hafa verið ákveðnar lægri en ella með hliðsjón af skattfrelsi vaxta með því að

gefa ákveðinn aðlögunartíma áður en til skattlagningar kemur. Nefndin leggur til að heimilaður verði sérstakur frádráttur frá fjármagnstekjum næstu 5 ár eftir gildistöku laganna um skattlagningu fjármagnstekna, eða þar til ný lög verða sett um meðferð skaðabóta vegna líkamstjóns. Frádrátturinn svari til lækkunar skaðabóta vegna reiknaðrar ávöxtunar þeirra og nemi 5% af fjárhæð bótanna. Nefndin telur æskilegt að fjármálaráðherra beini þeim tilmælum til allsherjarnefndar Alþingis að hún taki til sérstakrar skoðunar hvernig farið verði með skaðabótauppgjör vegna eldra kerfis.

Þá er nauðsynlegt að taka tillit til sérstakra aðstæðna hvað varðar tiltekinn hluta lífeyristrygginga (söfnunartryggingar). Í þeim tilvikum þar sem bætur greiðast út sem skattskyldur lífeyrir er ekki ætlast til þess að greiddur verði fjármagnstekjuskattur, enda er hann skattlagður líkt og tekjur. Hvað varðar lífeyristryggingar sem greiddar eru út í einu lagi er eðlilegt að ætla tryggingarfélögunum að reikna skattinn af vöxtum og bónus árlega líkt og gildir um aðra aðila á verðbréfamarkaði (t.d. hlutdeildarsjóði).

11. Undanþágur frá staðgreiðslu

Í frumvarpsdrögum um skattlagningu vaxta frá árinu 1993 var gert ráð fyrir því að allir staðgreiddu vaxtaskattinn þar sem hann væri greiddur af umsýsluaðilum og uppgjör færi fram í skattframtali síðar með endurgreiðslu eftir því sem við ætti. Nefndin fylgir þessari meginreglu, nema hvað hún gerir ráð fyrir að fjármagnstekjur lífeyrissjóðanna verði undanþegnar.

12. Eignarskattar

Eins og áður hefur verið rakið svarar 10% nafnvaxtaskattur til 14,9% raunvaxtaskatts við 2% verðbólgu og 4% raunávöxtun. Þessu til viðbótar færu 29,5% raunávöxtunar í eignarskatt miðað við 1,2% eignarskatt og 35,7% ef um sérstakan eignarskatt, 1,45%, er að ræða. Fjármagnstekju- og eignarskattar tækju þannig til sín 14,9% af raunávöxtun ef ekki er um eignarskatt að ræða, 44,5% ef lagður er á almennur eignarskattur og 50,7% ef að auki er lagður á sérstakur eignarskattur.

Þótt umfjöllun um eignarskatta sé utan verksviðs nefndarinnar er óhjákvæmilegt að minna á að þeir skipta máli þegar skattlagning fjármagns og fjármagnstekna er metin. Hvert 0,1% í eignarskatti er metið á um 300 m.kr. Álagning 10% fjármagnstekjuskatts samsvarar þannig um 0,3% í eignarskatti. Væri skattstofn eignarskatts breikkaður þannig að ríkisverðbréf yrðu skattlögð og helmingur þeirrar álagningar félli utan skattleysismarka, yrðu tekjur ríkisins um 300 m.kr., eða sem svarar til 0,1% eignarskatti.

13. Tekjutengingar í skattkerfinu

Samkvæmt gildandi lögum eru ýmsar bótagreiðslur sem greiddar eru úr ríkissjóði til einstaklinga tekjutengdar, þ.e. þær skerðast í takt við hækkandi atvinnutekjur. Hins vegar gilda mismunandi reglur um meðferð hinna ýmsu tegunda fjármagnstekna hvað varðar tekjutengingu. Vaxtatekjur hafa haft hér nokkra sérstöðu þar sem ekki hefur verið tekið tillit til þeirra við útreikning á tekjutengdum bótum. Hins vegar hafa aðrar fjármagnstekjur skert rétt til tekjutengdra bóta. Þessi sérstaða vaxtatekna hefur þó verið að breytast upp á síðkastið

og nú er svo komið að vaxtatekjur koma inn í tekjuviðmiðun alls staðar, nema við útreikning á barnabótaauka.

Með álagningu skatts á vaxtatekjur og samræmdri skattlagningu allra fjármagnstekna er nauðsynlegt að taka afstöðu til þess hvernig þessum málum skuli háttað í framtíðinni. Eðlilegt virðist að sama regla gildi um allar fjármagnstekjur hvort sem þær heita vextir, arður eða eitthvað annað, þannig að þær hafi annað hvort áhrif á tekjutengdar bótagreiðslur eða ekki.

Það er ekki á verksviði nefndarinnar að gera tillögur í þessu efni, en hún vekur athygli á að sérstaka ákvörðun þarf að taka um það, hvernig tekjutengingu bótagreiðslna skuli fyrir komið, hvaða skerðingarhlutföll skuli gilda o.s.frv. Í tillögum nefndarinnar og fyrirliggjandi frumvarpsdrögum er því ekki gert ráð fyrir að vaxtatekjur teljist til tekjuskattsstofns við útreikning á tekjuviðmiðun barnabótaauka eða annarra greiðslna samkvæmt lögum um almannatryggingar, húsaleigubætur o.fl. nema sérstaklega sé kveðið á um það í þeim lögum. Það er hins vegar nauðsynlegt að gera nokkrar tilfæringar á útreikningi vaxtabóta þar sem vaxtatekjur eru samkvæmt gildandi lögum teknar inn í tekjuviðmiðunina. Með skattlagningu vaxtatekna væri að óbreyttu verið að tvíreikna skerðingu á vaxtabótum vegna vaxtatekna. Það telur nefndin óeðlilegt og leggur til að skattur af vaxtatekjum verði endurgreiddur þar sem þetta á við, þ.e. hjá þeim sem fá greiddar vaxtabætur.

IV Áhrif skattlagningar fjármagnstekna

Upplýsingar um dreifingu fjármagnstekna og peningalegra eigna eru býsna brotakenndar og þarf því að hafa nokkra fyrirvara við umfjöllunina hér á eftir. Fyrst er fjallað um sjálfan skattstofninn, þ.e. fjármagnstekjur í heild, og reynt að meta heildartekjur ríkissjóðs af skattlagningunni, skipt eftir einstökum skattstofnum. Síðan er reynt að meta áhrif þessarar skattlagningar á afkomu einstaklinga eftir tekjum, aldri o.fl. Loks eru nokkrar hugleiðingar um áhrifin á vaxtastig og sparnað.

1. Áhrif á tekjur ríkissjóðs

a) Peningalegar eignir og vaxtatekjur einstaklinga. Samkvæmt upplýsingum úr reikningum fjármálastofnana nam samanlögð eign einstaklinga í bönkum og sparisjóðum, bréfum ríkis og sveitarfélaga, eftirstöðvabréfum vegna húsnæðiskaupa og öðrum kröfum um 185 milljörðum króna í árslok 1994 (tafla 3). Vaxtatekjur af þessum eignum eru áætlaðar um 9,6 milljarðar króna, eða sem svarar til 5,2% nafnvaxta. Hækkun lánskjaravísitölu frá desember 1993 til desember 1994 nam 1,1%. Samkvæmt því hefur raunávöxtun af þessum eignum verið um 4% árið 1994.

Tafla 3. Peningalegar eignir einstaklinga í árslok 1994
Heimild: Reikningar fjármálastofnana

	Peningalegar eignir mð. kr.	Hlutfalls-skipting %	Áætlaðir nafnvextir %	Nafnvaxta-tekjur mð.kr.
Innstæður í bönkum	106	57,3	3,8	4,0
Eignarskattsfrjáls verðbréf	58	31,4	7,3	4,2
Önnur verðbréf	21	11,3	6,7	1,4
SAMTALS	**185**	**100,0**	**5,2**	**9,6**

Til samanburðar við þessa áætlun hafa verið skoðaðar upplýsingar úr skattframtölum einstaklinga um framtaldar vaxtatekjur og peningalegar eignir vegna ársins 1994 (tafla 4). Athygli vekur að einungis þriðjungur vaxtatekna er talinn fram, eða 3,2 milljarðar króna. Hluta þessa mismunar má skýra með því að á framtali teljast aðeins gjaldfallnir vextir og verðbætur, en í heildartölunum eru reiknaðir áfallnir vextir og verðbætur. Mestu munar hins vegar um þá vexti sem einfaldlega eru ekki taldir fram.

Minni vanhöld eru á framtöldum peningalegum eignum en tekjum og virðist helmingur þeirra, eða um 92 milljarðar króna, koma fram á skattframtölum (tafla 5). Þetta sést glöggt þegar skoðaðar eru tölur um fjölda framteljenda. Þannig eru þeir sem telja fram innstæður í bönkum talsvert fleiri en þeir sem gefa upp vexti af bankainnstæðum. Munurinn er enn meiri þegar um er að ræða skattfrjáls verðbréf. Samkvæmt skattframtölum áttu rúmlega 9.000 hjón eign í formi eignarskattsfrjálsra verðbréfa í lok síðasta árs (spariskírteini, húsbréf o.fl.), en aðeins ein af hverjum fimm, eða tæplega 2.000 hjón, töldu fram tekjur af þessari eign. Þessi munur skýrist vafalaust að hluta af því að þetta eru verðbréf með einum

gjalddaga (kúlubréf) þar sem höfuðstóll og uppsafnaðir vextir eru greiddir út í einu lagi í lok tímabilsins. Líklegt er að einstaklingur telji aðeins fram vexti á því ári sem bréfið gjaldfellur þótt eignin sé talin fram allt tímabilið.

Tafla 4. Framtaldar peningalegar eignir og vaxtatekjur einstaklinga árið 1994
Heimild: Skattframtöl ársins 1995

	Peningalegar eignir mð. kr.	Hlutfalls-skipting %	Áætlaðir nafnvextir %	Nafnvaxta-tekjur mð.kr.
Innstæður í bönkum	41,9	45,4	3,5	1,5
Eignarskattsfrjáls verðbréf	29,2	31,6	2,2	0,6
Önnur verðbréf	21,2	23,0	5,2	1,1
SAMTALS	**92,3**	**100,0**	**3,5**	**3,2**

Í töflu 5 er gerður samanburður á fyrrnefndum upplýsingum úr reikningum fjármálastofnana við skattframtöl. Aðeins um 40% af innstæðum einstaklinga í bankakerfinu eru taldar fram, en hins vegar er óverulegur munur á áætluðum meðalvöxtum. Ekki er ósennilegt að vanhöld komi fram í framtöldum bankainnstæðum barna undir 16 ára aldri, en þær námu aðeins 12 m.kr. á árinu 1995 hjá innan við 1.000 einstaklingum. Sama gildir um lágar fjárhæðir á ávísanareikningum. Annarra skýringa verður hins vegar að leita varðandi stóru fjárhæðirnar. Þær hlýtur að verða að rekja til vantalinna sparireikninga.

Það sama á við um vanhöld í framtalningu eignarskattsfrjálsra verðbréfa, en einungis helmingur þeirra er talinn fram. Á hinn bóginn er verulegur munur á áætluðum nafnvöxtum eftir því hvort litið er á upplýsingar fjármálastofnana eða skattframtöl. Skýringin er án efa sem fyrr var nefnt að einstaklingar telja sér eingöngu gjaldfallna vexti til tekna af þessum bréfum.

Tafla 5. Samanburður upplýsinga um vaxtatekjur og peningalegar eignir

	Peningalegar eignir			*Nafnvextir*		
Árstölur	Fjárm.st. mð.kr.	Framtalið mð.kr.	% af heild	Fjárm.st. %	Framtalið %	Frávik %
Innstæður í bönkum	106	42	39,6	3,8	3,5	-0,3
Eignarskattsfrjáls verðbréf	58	29	50,0	7,0	2,2	-4,8
Önnur verðbréf og útist. kröfur	21	21	100,0	6,8	5,2	-1,6
SAMTALS	**185**	**92**	**50,0**	**5,2**	**3,5**	**-1,7**

Nokkur óvissa ríkir um síðasta flokkinn, þ.e. önnur verðbréf og útistandandi kröfur, en þar er samtala peningalegra eigna sú sama samkvæmt þessum heimildum. Hins vegar er nokkur munur á meðalvöxtum. Þessar tölur þarf að skoða með fyrirvara þar sem þær eru nánast afgangsliður, enda takmarkaðar upplýsingar um viðskiptakröfur einstaklinga í tengslum við fasteignaviðskipti.

b) Aðrar skattskyldar vaxtatekjur. Tillögur nefndarinnar gera ennfremur ráð fyrir skattlagningu vaxtatekna annarra aðila en einstaklinga, að undanskildum lífeyrissjóðum eins

og áður hefur verið nefnt og lögaðilum sem þegar eru skattlagðir. Til frekari glöggvunar á skattstofninum er í eftirfarandi töflu stillt upp áætlaðri skiptingu vaxtatekna árið 1994. Skoða verður þessar tölur með miklum fyrirvara vegna skorts á upplýsingum, enda er þeim einungis ætlað að gefa grófa hugmynd um vægi einstakra aðila í heildarvaxtatekjum:

Tafla 6. Áætlun um skiptingu vaxtatekna árið 1994

		Milljarðar króna
1.	Einstaklingar	9½
2.	Lögaðilar	2-2½
3.	Lífeyrissjóðir	17½
4.	Ríki	1¼
5.	Sveitarfélög	¾
6.	Aðrir óskattskyldir aðilar	1-1½
	SAMTALS	**32-33**
	Áætlaður skattstofn (1. +4. + 5. + 6.)	**13**
	" " án ríkis og sveitarfélaga	**11**

Heildarvaxtatekjur voru áætlaðar 32-33 milljarðar króna árið 1994. Þar af áttu lífeyrissjóðir rúmlega helming og lögaðilar 2-2½ milljarð. Vaxtatekjur einstaklinga námu sem fyrr segir um 9½ milljarði króna. Við þá fjárhæð bætast samkvæmt tillögum nefndarinnar vaxtatekjur ríkis og sveitarfélaga, samtals um 2 milljarðar króna, og vaxtatekjur annarra óskattskyldra aðila (félagasamtök o.fl.), 1-1½ milljarður króna. Samkvæmt þessu nam áætlaður skattstofn vaxtaskatts nálægt 13 milljörðum króna á síðasta ári. Að frátöldum vaxtatekjum ríkis og sveitarfélaga nam hinn „eiginlegi" skattstofn um 11 milljörðum króna.

Á þessum forsendum má því ætla að 10% nafnvaxtaskattur geti skilað ríkissjóði um 1.100 m.kr. tekjum árlega þegar hann er að fullu kominn til framkvæmda. Í tillögunum er ekki gert ráð fyrir því að skatturinn verði innheimtur af kúlubréfum fyrr en greiðslur falla til. Því verða skatttekjurnar væntanlega nokkru minni fyrstu árin, eða nálægt 600-700 m.kr.

c) Aðrar fjármagnstekjur. Samkvæmt skattframtölum námu arðgreiðslur til einstaklinga rúmlega 800 m.kr. árið 1994. Af þeirri fjárhæð voru um 160 m.kr. greiddar í tekjuskatt og útsvar. Framtalinn söluhagnaður hjá einstaklingum nam rúmlega 300 m.kr. árið 1994. Þar af voru greiddar um 115 m.kr. í tekjuskatt og útsvar. Erfiðara er að henda reiður á húsaleigu. Framtalin og skattskyld húsaleiga vegna ársins 1994 nam um 460 m.kr. Samkvæmt gildandi lögum er hins vegar allt að 80% húsaleigutekna undanþegin tekjuskatti, þó að hámarki 25.000 krónur á mánuði. Sé miðað við að hluti leigutekna fari fram úr fjárhæðarmörkunum má giska á að heildarstofn húsaleigu sé um 1½ milljarður króna. Áætlað er að í dag nemi tekjuskattur af húsaleigu um 170-180 m.kr.

Samanlagður skattstofn þessara þriggja tegunda fjármagnstekna, þ.e. arðs, söluhagnaðar og húsaleigu, er þannig áætlaður rúmlega 2½ milljarður króna og áætlaðir tekjuskattar í dag um 450 m.kr. Álagning 10% fjármagnstekjuskatts gæfi um 250 m.kr. skatttekjur, eða um 200 m.kr. lægri fjárhæð en í dag. Þessar tölur eru þó varla samanburðarhæfar,

þar sem þær taka ekki tillit til áhrifa þess að skattleggja þessar tekjur með 10% hlutfalli án frítekjumarks í stað 42-47% skatts með frítekjumarki. Enginn vafi er á að viðskipti með hlutabréf munu aukast í kjölfar þessara breytinga. Jafnframt mun skattstofn húsaleigu vafalaust stækka. Þegar upp er staðið er því óvíst hvort ríkissjóður verður af umtalsverðum tekjum vegna þessarar breytingar.

d) Samanlögð áhrif á tekjur ríkissjóðs. Samkvæmt þessum áætlunum má giska á að heildarskattstofn allra fjármagnstekna geti verið á bilinu 15-16 milljarðar króna. Áætlaðar tekjur ríkissjóðs að frátöldum áhrifum nýtingar persónuafsláttar og einhvers tekjutaps vegna arðs, leigu og söluhagnaðar gætu verið um 1.000 m.kr. þegar skattlagningin er að fullu komin til framkvæmda.

Tafla 7. Framtaldar vaxtatekjur vegna ársins 1994[1]

Tekjuskattsstofn, árstölur	Fjöldi framteljenda	%	Þar af með vexti	%	Vaxtatekjur Alls m.kr.	%	Meðaltal þús.kr.
Einhleypir							
Undir 1 m.kr.	55.676	65,0	8.056	14,5	550	54,6	68
1 - 2 m.kr.	23.395	27,3	4.132	17,7	295	29,0	71
2 - 3 m.kr.	4.789	5,6	1.011	21,1	115	8,1	114
3 - 4 m.kr.	1.206	1,4	271	22,5	27	4,2	100
Yfir 4 m.kr.	655	0,7	155	23,7	54	4,1	348
Alls	85.721	100,0	13.625	15,9	1.041	100,0	76
Hjón							
Undir 1 m.kr.	2.101	3,8	496	23,6	124	5,8	250
1 - 2 m.kr.	16.731	30,0	4.180	25,0	537	25,0	128
2 - 3 m.kr.	17.392	31,1	3.743	21,5	371	17,2	99
3 - 4 m.kr.	10.909	19,5	2.703	24,8	260	12,1	96
Yfir 4 m.kr.	8.711	15,6	2.992	34,3	859	39,9	287
Alls	55.844	100,0	14.114	25,3	2.151	100,0	152

2. Áhrif á einstaklinga

Eins og áður er komið fram eru upplýsingar um vaxtatekjur einstaklinga nokkuð brotakenndar. Einungis þriðjungur vaxtateknanna er talinn fram, eða um 3,2 milljarðar króna af 9,6 milljörðum í heild. Það liggja því fyrir upplýsingar úr skattframtölum um dreifingu þessara 3,2 milljarða króna vaxtatekna eftir tekjubilum, aldri o.fl. Miðað við fyrirliggjandi upplýsingar er hins vegar útilokað að segja til um dreifingu þeirra 6,4 milljarða króna vaxtatekna sem ekki eru taldar fram. Af því leiðir að ekki er hægt að draga upp heildarmynd af áhrifum 10% vaxtaskatts. Það þarf því að hafa verulega fyrirvara á eftirfarandi umfjöllun og þeim ályktunum sem af henni eru dregnar. Aftur á móti má ætla að upplýsingar úr skattframtölum um aðrar fjármagnstekjur séu fyllri og gefi réttari mynd af dreifingu þeirra eftir tekjubilum. Að frumkvæði nefndarinnar hefur fjármálaráðuneytið óskað eftir því við Seðlabankann að hann leiti eftir upplýsingum hjá fjármálastofnunum sem gefi færi á að skoða dreifingu vaxtatekna, en þær upplýsingar liggja enn ekki fyrir.

---

[1] Allt talnaefni úr skattframtölum sem fjallað er um hér á eftir er unnið fyrir fjármálaráðuneytið í Þjóðhagsstofnun. Þær ályktanir sem af því eru dregnar eru hins vegar alfarið á ábyrgð nefndarinnar.

a) Dreifing vaxtatekna. Í töflu 7 er sýnd skipting framtalinna vaxtatekna eftir tekjubilum og hjúskaparstétt. Samkvæmt skattframtölum er sjötti hver einstaklingur og fjórðungur hjóna telur fram einhverjar vaxtatekjur. Greinileg fylgni er milli almennra tekna (launa) og fjölda þeirra sem hafa einhverjar vaxtatekjur; því tekjuhærri sem einstaklingarnir eru þeim mun fleiri hafa vaxtatekjur. Jafnframt er nokkurt samhengi milli launa og vaxtafjárhæðar, einkum hjá einstaklingum. Þetta samhengi er ekki eins einhlítt hjá hjónum, en þar gætir í mun ríkari mæli áhrifa aldurssamsetningar en hjá einstaklingum, enda eru um 75% allra hjóna yfir sjötugu með einhverjar vaxtatekjur samanborið við 50% hjá einstaklingum.

Tafla 8. Framtaldar vaxtatekjur árið 1995
Skipt eftir aldri

	Fjöldi fram-teljenda	Hlutfalls-skipting %	Fjöldi með vexti	Hlutfall af heild %	*Vaxtatekjur* Samtals m.kr.	%	*—Meðaltöl—* Vaxta-tekjur þús.kr.	Skattsk. tekjur þús.kr.
Einhleypir								
20 ára og yngri	18.558	21,6	1.781	9,6	28	2,7	16	445
21 - 25 ára	17.108	20,0	1.987	11,6	43	4,1	23	773
26 - 35 -	15.848	18,5	1.963	12,4	71	6,8	36	1.397
36 - 45 -	9.226	10,8	1.251	13,6	76	7,3	61	1.643
46 - 55 -	6.253	7,3	1.030	16,5	125	12,0	121	1.635
56 - 65 -	5.329	6,2	1.246	23,4	150	14,4	120	1.367
65 - 70 -	6.431	7,5	842	13,1	108	10,3	128	1.248
Eldri en 70 ára	6.968	8,1	3.525	50,6	440	42,3	125	865
Alls	**85.721**	**100,0**	**13.625**	**15,9**	**1.041**	**100,0**	**76**	**1.086**
Hjón								
20 ára og yngri								
21 - 25 ára	2.047	3,7	250	12,2	8	0,4	33	1.991
26 - 35 -	12.449	22,3	2.049	16,5	82	3,8	40	2.929
36 - 45 -	14.667	26,3	2.832	19,3	315	14,6	111	3.682
46 - 55 -	10.427	18,7	2.545	24,4	387	18,0	152	3.710
56 - 65 -	7.767	13,9	2.641	34,0	499	23,2	189	3.152
65 - 70 -	3.345	6,0	1.369	40,9	287	13,3	210	2.485
Eldri en 70 ára	5.142	9,2	2.428	47,2	573	26,7	236	1.734
Alls	**55.844**	**100,0**	**14.114**	**25,3**	**2.151**	**100,0**	**152**	**2.998**

Í töflu 8 kemur fram umtalsverður munur á framtöldum vaxtatekjum eftir aldri, bæði hvað hlutfallslegan fjölda og fjárhæð vaxtatekna snertir. Hlutfallslega fleiri af eldri kynslóðinni eru með einhverjar vaxtatekjur og eins eru þær hærri að meðaltali. Í töflunni kemur einnig fram að heildartekjur samkvæmt skattframtölum (aftasti dálkurinn) ná hámarki á aldursbilinu 36-45 ára hjá einstaklingum og 46-55 ára hjá hjónum, en upp úr því fara þær lækkandi á ný. Skýringin á þessari þróun er meðal annars sú að þegar þessum aldri er náð dregur úr atvinnuþátttöku og vinnutími styttist.

Þegar þetta er skoðað í samhengi má álykta að fjárhæð vaxtatekna taki fremur mið af heildarafkomu viðkomandi framteljanda en tekjunum einum saman. Inn í þetta spilar bæði framfærslukostnaður heimilisins (barnafjöldi) og það hvort staðið er í íbúðabyggingum eða íbúðakaupum, þ.e. hver eigna- og skuldastaða framteljenda er.

Samkvæmt skattframtölum virðist mikill meirihluti framteljenda vera með tiltölulega lágar fjárhæðir í vaxtatekjum (tafla 9). Að meðaltali fær hver einstaklingur um 75.000 krónur á ári í vaxtatekjur og hjón helmingi hærri fjárhæð. Hins vegar fá fimm af hverjum sex einstaklingum, eða um 85% þeirra sem fá einhverjar vaxtatekjur, að meðaltali 20.000 krónur í vexti á ári, eða um 1.600 krónur á mánuði. Um það bil 1% einstaklinga fær hins vegar meira en 800.000 krónur í vaxtatekjur á ári og tekur til sín um þriðjung allra framtalinna vaxtatekna.

Tafla 9. Framtaldar vaxtatekjur vegna ársins 1994
Skipt eftir fjárhæð vaxtatekna

Vaxtatekjur, árstölur	Fjöldi	%	*Vaxtatekjur* Alls m.kr	%	Meðaltal þús.kr.	Meðaltekjur þús.kr.
Einhleypir						
Undir 100 þús.kr.	11.492	84,4	226	21,7	20	1.058
100 - 400	1.675	12,3	322	30,9	192	1.169
400 - 800	289	2,1	159	15,3	550	1.281
Yfir 800	169	1,2	334	32,1	1.981	1.796
**Alls ..... **	**13.625**	**100,0**	**1.041**	**100,0**	**76**	**1.086**
Hjón						
Undir 100 þús.kr.	821	76,7	249	11,6	23	2.965
100 - 400	2.348	16,6	458	21,3	142	2.868
400 - 800	492	3,5	275	12,8	691	3.347
Yfir 800	453	3,2	1.169	54,3	2.579	4.065
**Alls ..... **	**14.114**	**100,0**	**2.151**	**100,0**	**152**	**2.998**

Svipað er upp á teningnum hjá hjónum. Samkvæmt skattframtölum er um 75% hjóna með litlar vaxtatekjur, eða rétt um 20.000 krónur á ári. Á hinum endanum sést að 3% þessara hjóna er með vaxtatekjur yfir 800.000 krónur á ári og tekur til sín meira en helming allra vaxtatekna hjóna. Þá er athyglisvert að mun skýrara samhengi virðist milli vaxtatekna og atvinnutekna þegar flokkað er eftir fjárhæð vaxtatekna en atvinnutekna.

b) Tekjur einstaklinga af arði. Samkvæmt skattframtölum námu arðgreiðslur til einstaklinga rúmlega 800 m.kr. á árinu 1994. Af þeirri fjárhæð voru 160 m.kr. greiddar í tekjuskatt og útsvar. Miðað við tillögur nefndarinnar og óbreyttan skattstofn myndi þessi tala lækka í 80 m.kr. Líkt og um vaxtatekjur er greinilega jákvæð fylgni milli launa og arðgreiðslna. Eftir því sem launin eru hærri fjölgar þeim hlutfallslega sem fá greiddan arð. Þetta á einkum við um einhleypa framteljendur, en fylgnin er heldur minni hjá hjónum. Hins vegar eru færri sem fá arð en vaxtatekjur. Þannig fá aðeins 6,5% einstaklinga tekjur af arði og um fimmtungur hjóna. Meðalfjárhæðin nemur tæplega 40 þúsund krónum hjá einstaklingum og tæplega 60 þúsund hjá hjónum á ári.

Tafla 10. Framtalinn arður vegna ársins 1994

Tekjuskattsstofn, árstölur	Fjöldi framteljenda		Þar af með arð		*Arðgreiðslur* Alls		Meðaltal
		%		%	m.kr.	%	þús.kr.
Einhleypir							
Undir 1 m.kr.	55.676	65,0	2.719	4,9	37	18,1	14
1 - 2 m.kr.	23.395	27,3	1.946	8,3	59	28,9	30
2 - 3 m.kr.	4.789	5,6	554	11,6	34	16,7	62
3 - 4 m.kr.	1.206	1,4	194	16,1	22	10,8	113
Yfir 4 m.kr.	655	0,7	129	19,7	52	25,5	403
Alls	85.721	100,0	5.542	6,5	204	100,0	37
Hjón							
Undir 1 m.kr.	2.101	3,8	303	14,4	8	1,3	28
1 - 2 m.kr.	16.731	30,0	2.630	15,7	71	11,6	27
2 - 3 m.kr.	17.392	31,1	2.902	16,7	97	15,8	33
3 - 4 m.kr.	10.909	19,5	2.293	21,0	105	17,2	46
Yfir 4 m.kr.	8.711	15,6	2.893	33,2	331	54,1	114
Alls	55.844	100,0	11.021	19,7	612	100,0	56

c) Söluhagnaður. Samkvæmt gildandi lögum myndast skattskyldur söluhagnaður hjá einstaklingum við sölu á hlutabréfum, íbúðarhúsnæði, lausafé og bújörðum. Skattskyldur söluhagnaður nam rúmlega 300 m.kr. á árinu 1994. Af þeirri fjárhæð voru greiddar nálægt 115 m.kr. í tekjuskatt og útsvar, en miðað við tillögur nefndarinnar og óbreyttan skattstofn lækkaði þessi tala í 30 m.kr.

Tafla 11. Framtalinn söluhagnaður vegna ársins 1994

Tekjuskattsstofn, árstölur	Fjöldi framteljenda		Þar af með söluhagnað		*Söluhagnaður o.fl.* Alls		Meðaltal
		%		%	m.kr.	%	þús.kr.
Einhleypir							
Undir 1 m.kr.	55.676	65,0	141	0,3	16	19,5	117
1 - 2 m.kr.	23.395	27,3	100	0,4	25	30,5	252
2 - 3 m.kr.	4.789	5,6	26	0,5	13	15,9	508
3 - 4 m.kr.	1.206	1,4	10	0,8	11	13,4	1.053
Yfir 4 m.kr.	655	0,7	13	2,0	17	20,7	1.265
Alls	85.721	100,0	290	0,3	82	100,0	282
Hjón							
Undir 1 m.kr.	2.101	3,8	10	0,5	2	0,9	217
1 - 2 m.kr.	16.731	30,0	159	1,0	27	12,2	167
2 - 3 m.kr.	17.392	31,1	137	0,8	39	17,6	283
3 - 4 m.kr.	10.909	19,5	103	0.9	43	19,5	418
Yfir 4 m.kr.	8.711	15,6	139	1,6	110	49,8	799
Alls	55.844	100,0	548	1,0	221	100,0	404

Líkt og gildir um vaxtatekjur og arð fer söluhagnaður vaxandi með tekjum. Hins vegar eru tiltölulega fáir einstaklingar sem fá söluhagnað samkvæmt skattframtölum, eða rétt um ½% framteljenda. Meðalfjárhæðin er hins vegar nokkuð há, eða tæplega 300 þúsund krónur hjá einstaklingum og 400 þúsund hjá hjónum.

d) Húsaleigutekjur. Upplýsingar um dreifingu húsaleigutekna með hliðstæðum hætti og um vaxtatekjur, arð og söluhagnað liggja ekki fyrir. Sem fyrr segir nam framtalin húsaleiga vegna ársins 1994 um 460 m.kr. og áætlaður tekjuskattur 170-180 m.kr. Miðað við að heildarstofn húsaleigutekna sé nálægt 1.500 m.kr. má ætla að 10% skattur skili 150 m.kr., eða ívið minna en í dag. Á móti vegur að búast má við að húsaleiga skili sér betur til skatts en áður þar sem hún verður skattlögð í lægra hlutfalli. Heildaráhrif breyttrar skattlagningar verða því líklega ekki mikil.

e) Heildaráhrif skattlagningar fjármagnstekna á einstaklinga. Tillögur nefndarinnar eru tvíþættar. Annars vegar er lagt til að tekin verði upp skattlagning vaxtatekna, en þær eru nú skattfrjálsar. Hins vegar og jafnframt að allar aðrar fjármagnstekjur verði skattlagðar á sama hátt, en í því felst skattalækkun frá því sem nú er. Skattlagning vaxtatekna felur í sér aukið samræmi í skattlagningu tekna. Auk þess stuðlar hún að tekjujöfnun þar sem tekjuhærri og efnameiri einstaklingar hafa alla jafna meiri vaxtatekjur en hinir tekjulægri.

Hér þarf hins vegar að hafa í huga þá fyrirvara sem áður hafa verið nefndir vegna skorts á upplýsingum um hvernig tveir þriðju hlutar vaxtatekna, eða um 6,4 milljarðar króna, dreifast á milli einstaklinga. Til samanburðar má nefna að skattstofn arðs, söluhagnaðar og húsaleigutekna er áætlaður nálægt 2,6 milljörðum króna. Þetta óvissuatriði veldur því að útilokað er að meta heildaráhrif af tillögum nefndarinnar á einstaka tekju- og aldurshópa.

Skattlagning vaxtatekna hefur vitaskuld þau áhrif að skattbyrði einstaklinga sem hafa einhverjar vaxtatekjur þyngist frá því sem nú er, að því marki sem persónuafsláttur nýtist ekki til greiðslu vaxtaskatts. Skattbyrði þeirra sem nú hafa tekjur af arði, húsaleigu og söluhagnaði, en ekki vaxtatekjur, minnkar hins vegar þegar á heildina er litið. Breytingin leiðir þó til nokkru hærri skattgreiðslna einstaklinga með tekjur af arði innan hinna sérstöku skattfrelsismarka sem gilda um þessar tekjur, en af þeim sem fá arð eru 90% innan þessara marka. Sama á við um einstaklinga sem hafa húsaleigutekjur undir frítekjumörkunum, en þau áhrif eru þó óveruleg. Á móti vegur nýting persónuafsláttar til greiðslu skattsins. Rétt er að hafa í huga að innan við fimmtungur arðgreiðslna kemur í hlut þeirra sem eru undir frítekjumörkunum, enda má ætla að flestir þeirra hafi fremur verið að sækjast eftir skattafslætti vegna hlutafjárkaupa en að hafa áhrif á rekstur eða eiginfjárstöðu viðkomandi fyrirtækja. Um 80% úthlutaðs arðs fer hins vegar til þeirra einstaklinga sem nú þegar greiða skatt af arði. Í þessum hópi eru hinir eiginlegu fjárfestar í fyrirtækjum og skattlagning þeirra mun samkvæmt tillögum nefndarinnar lækka. Auk þess má reikna með að fleiri verði tilbúnir að bætast í þann hóp.

Eins og ráða má af dreifingu fjármagnstekna eftir tekjubilum (sbr. umfjöllun hér að framan) munu tekjuháir einstaklingar greiða mun hærri skatt en hinir tekjulægri. Skattlagning fjármagnstekna er því væntanlega tekjujafnandi þegar á allt er litið. Einnig leggur nefndin til að heimilt verði að nýta persónuafslátt til greiðslu fjármagnstekjuskatts. Við það má ætla að verulegur hluti einstaklinga með lágar tekjur og litlar fjármagnstekjur greiði engan fjármagnstekjuskatt þegar upp er staðið. Lausleg áætlun bendir til þess að um fjórð-

ungur þeirra einstaklinga sem hafa einhverjar vaxtatekjur geti nýtt persónuafslátt til greiðslu fjármagnstekjuskatts. Ennfremur dregur breytt skattlagning arðs og söluhagnaðar úr skattbyrði hinna tekjuhærri, enda er hún ekki rökstudd með tilvísun til jöfnunar heldur samræmingar í skattlagningu fjármagnstekna. Nefndin telur að sú samræming sé ófrávíkjanleg forsenda fyrir traustri eiginfjárstöðu íslenskra fyrirtækja og öflugri uppbyggingu atvinnulífsins, einkum í litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

f) Nokkur dæmi um áhrif tillagnanna. Eins og hér hefur verið rakið er ekki hægt að meta heildaráhrif tillagna nefndarinnar á einstaklinga eftir tekju- og aldursbilum vegna skorts á upplýsingum um dreifingu stórs hluta vaxtatekna þeirra. Það er hins vegar fróðlegt að skoða nokkur dæmi um hvernig samræmd skattlagning fjármagnstekna samkvæmt tillögum nefndarinnar kemur út. Í öllum þessum dæmum þarf að hafa í huga að ef einstaklingurinn er undir skattleysismörkum getur hann nýtt sér persónuafslátt upp í greiðslu skattsins, en það á við um fjórða hvern einstakling samkvæmt skattframtölum.

1: Einstaklingur sem á 1 m.kr. inneign í fjármálastofnun og fær sem nemur 7,5% nafnávöxtun á ári.

Þessi aðili fær 75.000 krónur í vaxtatekjur á ári og greiðir því samkvæmt tillögum nefndarinnar 7.500 króna vaxtaskatt á heilu ári. Þær upplýsingar sem fyrir liggja samkvæmt skattframtölum sýna að þetta er nálægt meðaltali þeirra einstaklinga sem hafa einhverjar vaxtatekjur.

2: Einstaklingur sem á næsta ári kaupir 1 m.kr. spariskírteini til 5 ára með 7,5% nafnávöxtun á ári.

Þegar upp er staðið gilda sömu útreikningar og í dæminu hér að framan. Hins vegar er sá munur á þessum dæmum að greiðsla vaxtaskatts kemur ekki til fyrr en við innlausn eða sölu spariskírteinsins, þ.e. eftir allt að 5 ár. Þá fær einstaklingurinn greiddar í einu lagi uppsafnaðar vaxtatekjur og greiðir um leið skatt af þeim.

3: Einstaklingur sem í ársbyrjun 1993 keypti 1 m.kr. spariskírteini til 5 ára með 7,5% nafnávöxtun á ári.

Í þessu tilviki kemur einungis sá hluti vaxtateknanna sem fellur til eftir gildistöku laganna um fjármagnstekjuskatts (þ.e. árið 1997 samkvæmt tillögum nefndarinnar) til skattlagningar. Einstaklingnum er því aðeins gert að greiða skatt af vaxtatekjum vegna ársins 1997, en ekki vegna áranna 1993-1996.

4: Einstaklingur sem á 20 m.kr. í spariskírteinum sem bera 7,5% nafnávöxtun og 10 m.kr. í hlutabréfum.

Sé gert ráð fyrir að þessi aðili fái 3% arð af hlutabréfunum árlega, eða sem nemur 300.000 krónum, greiðir hann samkvæmt gildandi lögum 80.000 krónur í tekjuskatt og útsvar miðað við að hann lendi í hæsta skattþrepi, þ.e. 47%. Hins vegar greiðir hann engan skatt af vaxtatekjum af spariskírteinaeign sinni. Samkvæmt tillögum nefndarinnar greiðir

þessi einstaklingur 150.000 krónur í skatt af vöxtum vegna spariskírteinanna. Á móti vegur að skattur af arði lækkar um 50.000 krónur. Samanlagt greiðir þessi aðili því 100.000 krónum meira í skatt samkvæmt tillögum nefndarinnar en samkvæmt gildandi lögum.

Það má hins vegar ætla að svona dæmi séu fá í dag, enda sýnir þetta í hnotskurn þá mismunun sem er í skattmeðferð fjármagnstekna samkvæmt gildandi lögum. Spariskírteini eru skattfrjáls, en arður er skattlagður með allt að 47%. Við þessar aðstæður verður að ætla að menn festi fé sitt fremur í spariskírteinum en hlutabréfum og því er dæmið einfaldlega ekki raunhæft.

g) Niðurstaða. Þótt erfitt sé að meta heildaráhrif tillagna nefndarinnar á einstaklinga með nokkurri vissu vegna skorts á upplýsingum má af þessari umfjöllun draga ákveðnar ályktanir. Þannig virðist líklegt að áhrifin séu í átt til tekjujöfnunar, þ.e. að jöfnunaráhrif vaxtaskattsins geri meira en vega upp gagnstæð áhrif skattalækkunar á miklum arðtekjum og söluhagnaði. Þær upplýsingar sem fyrir liggja um dreifingu vaxtatekna benda til þess að því hærri sem tekjurnar eru þeim mun hærri séu vaxtatekjurnar. Hinir tekjuhærri greiða því meira í skatt en hinir tekjulægri auk þess sem ónýttur persónuafsláttur nýtist fremur hinum tekjulágu. Einnig má ætla að fjársterkir aðilar festi fé sitt fremur í skattfrjálsum ríkisbréfum í dag en hlutabréfum og því komi minni skattlagning arðs þeim ekki til góða nema í litlum mæli og engan veginn þannig að það vegi á móti skattlagningu vaxtanna. Þar sem meira en helmingur heildarfjármagnstekna kemur ekki fram á framtölum hljóta niðurstöður af þessu tagi hins vegar að vera mikilli óvissu háðar.

3. Áhrif á vexti og sparnað

Mikið hefur verið rætt um hugsanleg áhrif skattlagningar vaxtatekna á vaxtastig og sparnað í efnahagslífinu. Þessi umræða er reyndar ekki einskorðuð við Ísland. Um langt skeið hafa fræðimenn fjallað um þetta efni og sýnist sitt hverjum. Þó hallast fleiri að því að samband skattlagningar fjármagnstekna, vaxtastigs og sparnaðar sé frekar óljóst við ríkjandi aðstæður á alþjóðamarkaði í dag. Í lokuðu hagkerfi má vissulega leiða að því líkur að skattlagning vaxtatekna valdi vaxtahækkun og minni sparnaði. Samhengið er ekki jafn augljóst í hagkerfi sem er opið fyrir því sem gerist í öðrum löndum. Hér á eftir er farið nokkrum orðum um þessi atriði.

Innlendur fjármagnsmarkaður er smám saman að opnast og tengjast alþjóðlegum markaði nánari böndum. Ljóst er að innan fárra missera munu innlendir lántakendur ekki gera mikinn greinarmun á því hvort fjármagn er innlent eða erlent. Samtímis munu vextir á innlendum peningamarkaði fyrst og fremst ráðast af vöxtum á alþjóðlegum markaði og því trausti sem Íslendingar njóta þar. Innlendur sparnaður mun þannig innan fárra missera hafa minni áhrif á vaxtastigið en nú er.

Það er rétt að hafa í huga að sá peningalegi sparnaður sem samkvæmt tillögum nefndarinnar fellur undir nýja skattlagningu er aðeins um þriðjungur heildarsparnaðar í landinu. Miðað við tölur í árslok 1994 mun vaxtaskatturinn leggjast á 185 milljarða króna skattstofn, en peningalegur sparnaður í heild er áætlaður um 540 milljarðar. Stærsti hluti

peningalegs sparnaðar er ýmist nú þegar skattlagður eða á sér stað hjá aðilum sem ekki verða skattlagðir, þ.e. hjá lífeyrissjóðum.

Einstaklingar spara af margvíslegum ástæðum og margir aðrir þættir en vextirnir hafa áhrif á sparnaðinn hverju sinni, t.d. tekjur, aldur og atvinnuástand. Sparað er í peningalegum eignum, fasteignum, ýmsu lausafé og eignarhlutum í fyrirtækjum svo eitthvað sé nefnt. Eitt af því sem hefur áhrif á það hvernig einstaklingar spara er áhættan við einstök sparnaðarform. Á undanförnum árum hefur áhættan við peningalegan sparnað minnkað vegna verðtryggingar fjárskuldbindinga og minni verðbólgu, en áhættan við sparnað í fasteignum eða eignarhlutum í fyrirtækjum hefur hins vegar aukist. Skattlagning vaxtatekna, sem til þessa hafa verið skattfrjálsar, og minni skattlagning annarra fjármagnstekna mun væntanlega leiða til þess að sparnaður færist að einhverju leyti frá peningalegum eignum yfir í önnur form, til dæmis hlutabréf, þar sem tillögur nefndarinnar fela í sér skattalækkun frá því sem nú er. Þá má einnig gera ráð fyrir að ýmsir sjái fjárfestingu í hlutabréfum sem nýtt tækifæri til sparnaðar og að nýr sparnaður verði því til í einhverjum mæli.

Þá er rétt að vekja athygli á því að áhrif skattlagningar fjármagnstekna á sparnað og vexti ráðast einnig af því hve mikil skattheimtan verður og hvernig skatttekjunum verður ráðstafað. Ef tekjurnar ganga til að draga úr fjárlagahalla og lánsfjárþörf ríkissjóðs og þar með að auka sparnað ríkisins, mun þjóðhagslegur sparnaður aukast svo fremi einhver hluti skattlagningarinnar kemur fram í minni neyslu. Ef aukinn sparnaður ríkisins nær ekki að fullu að vega upp samdrátt í sparnaði einstaklinga mun heildarsparnaður hins vegar minnka, nema ný sparnaðartækifæri vegi það upp.

Þá skiptir framkvæmd skattlagningar fjármagnstekna og skatthlutfall nokkru máli um áhrifin. Því hærra sem skatthlutfallið er þeim mun meiri áhrif hefur skattlagningin á fjármagnsmarkaðinn. Það er mat nefndarinnar að 10% skatthlutfall sé nálægt því sem markaðurinn þolir án þess að áhrifin verði merkjanleg.

Niðurstaða nefndarinnar er því sú að upptaka skattlagningar vaxtatekna og minni skattlagning annarra fjármagnstekna geti leitt til þess að sparnaður færist frá peningalegum eignum yfir í önnur sparnaðarform og kunni að draga úr sparnaði einstaklinga til skamms tíma. Skattlagningin mun hins vegar auka sparnað ríkisins að því marki sem hún gengur til þess að bæta afkomu ríkissjóðs og þannig vega á móti minnkandi sparnaði heimilanna. Samræmd skattlagning allra fjármagnstekna mun auk þess efla fjárfestingu í hlutabréfum, opna þar ýmsum ný sparnaðartækifæri og þar með efla eiginfjárstöðu og treysta atvinnuuppbyggingu og verðmætasköpun í efnahagslífinu. Að öllu samanlögðu er ólíklegt að tillögur nefndarinnar valdi teljandi röskun á fjármagnsmarkaði heldur hafi, þegar fram í sækir, jákvæð áhrif á vexti, sparnað og uppbyggingu atvinnulífs í landinu.

DRÖG

Frumvarp til laga
um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur

Upphafsákvæði

1. gr.

Innheimta skal í staðgreiðslu 10% tekjuskatt til ríkissjóðs af vöxtum og arði eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Hjá lögaðilum, sbr. 2. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og hjá einstaklingum vegna fjármagnstekna er myndast í atvinnurekstri þeirra eða sjálfstæðri starfsemi skal réttilega ákvörðuð og innborguð staðgreiðsla á fjármagnstekjur vera bráðabirgðagreiðsla upp í væntanlegan álagðan tekjuskatt eða önnur opinber gjöld sem lögð verða á slíka rekstraraðila.

Gera skal grein fyrir vaxtatekjum og arði ásamt öðrum fjármagnstekjum, svo og afdreginni staðgreiðslu á skattframtali eða eftir atvikum greinargerðum að tekjuári liðnu. Skattstjóri skal annast álagningu og líta til þess að staðgreiðslu hafi verið skilað.

Skattskyldir aðilar

2. gr.

Skyldir til að greiða skatt skv. 1. gr. og sæta innheimtu á staðgreiðslu hans eru allir þeir sem fá vaxtatekjur, sbr. þó 3. mgr., svo og allir aðilar, þ.m.t. þeir er greinir í 3. mgr. er njóta arðstekna.

Greiðsluskylda samkvæmt þessari grein tekur til þeirra lögaðila sem undanþegnir eru skattskyldu skv. 2., 3., 5., 6. og 7. tölul. 4. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Réttilega ákvörðuð og innborguð staðgreiðsla þessara aðila er fullnaðargreiðsla án þess að fram þurfi að fara frekari ákvörðun eða álagning tekjuskatts á vexti eða arð hjá þessum aðilum. Þó skulu þeir aðilar sem þessi málsgrein tekur til og sjálfir annast um innheimtu vaxta í eigin lánaumsýslu eða fá vaxtatekjur sem ekki er dregin af staðgreiðsla, t.d. afföll eða gengishagnaður, skila greinargerð um þær vaxtatekjur til skattyfirvalda og standa skil á 10% tekjuskatti af slíkum vöxtum að tekjuári loknu. Þeir aðilar sem þessi málsgrein tekur til og hafa aðrar fjármagnstekjur en vexti og arð skulu sömuleiðis standa skil á 10% tekjuskatti af slíkum tekjum að tekjuári loknu. Skal ríkisskattstjóri setja nánari reglur um skilagreinar og skil í þessu sambandi.

Undanþegnir skyldu skv. 1. mgr. eru að því er vexti varðar:

Lánasjóður íslenskra námsmanna, Byggðastofnun, Byggingasjóður ríkisins, Byggingasjóður verkamanna, framkvæmdasjóður fatlaðra, Framkvæmdasjóður aldraðra, Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Lánasjóður sveitarfélaga og Lánasjóður Vestur-Norðurlanda, Seðlabanki Íslands,

lánastofnanir sem skattskyldar eru samkvæmt lögum nr. 65/1980, með síðari breytingum, og lífeyrissjóðir, sbr. lög nr. 55/1980.

Skilaskylda

3. gr.

Skylda til að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum og afföllum og skila í ríkissjóð hvílir á innlendum innlánsstofnunum, verðbréfafyrirtækjum, verðbréfamiðlurum, eignaleigufyrirtækjum og öðrum fjármálastofnunum, lögmönnum, löggiltum endurskoðendum og öðrum fjárvörsluaðilum, tryggingafélögum, svo og sérhverjum öðrum aðilum sem hafa atvinnu af fjárvörslu, milligöngu eða innheimtu í verðbréfaviðskiptum eða annast innheimtu fyrir aðra.

Skylda til að draga af staðgreiðslu af arði og skila í ríkissjóð hvílir á lögaðilum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Skattstofn

4. gr.

Vaxtatekjur til staðgreiðslu samkvæmt lögum þessum teljast vextir, og afföll sbr. 8. gr. laga nr. 75/1981 með síðari breytingum, um tekjuskatt og eignarskatt, svo sem:

1. Vextir af innstæðum í innlendum bönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum samvinnufélaga, á póstgíróreikningum og orlofsfjárreikningum, svo og vextir af verðbréfum sem hliðstæðar reglur gilda um samkvæmt sérlögum. Til vaxta teljast ennfremur verðbætur á höfuðstól og vexti, verðbætur á inneignir og kröfur sem bera ekki vexti og happdrættisvinningar sem greiddir eru í stað vaxta.
2. Vextir af stofnsjóðseign í gagnkvæmum vátryggingar- og ábyrgðarfélögum, kaupfélögum og öðrum samvinnufélögum, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.
3. Vextir hjá innlendum aðilum af sérhverjum öðrum innstæðum og inneignum en um getur í 1. og 2. tölul., þar með taldir vextir af víxlum, verðbréfum og öllum öðrum kröfum sem bera vexti. Með vöxtum teljast einnig verðbætur og happdrættisvinningar á sama hátt og um getur í 1. tölul.
4. Hvers kyns tekjur af hlutdeildarskírteinum.
5. Hvers kyns tekjur af lífeyristryggingum, söfnunartryggingum, einstaklinga hjá tryggingafélögum.
6. Hvers kyns aðrar tekjur af peningalegum eignum sem telja má til vaxta af þeim, sbr. þó 2. mgr.

Ekki skal telja gengishagnað til stofns til staðgreiðslu. Um skattgreiðslu af slíkum tekjum fer eftir lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt og skal skatturinn ákvarðaður við álagningu opinberra gjalda næsta ár á eftir tekjuári ásamt álagi á skattfjárhæðina samkvæmt þeim lögum.

Stofn til staðgreiðslu sem arður samkvæmt lögum þessum teljast arðstekjur, sbr. 4. tölul. C-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, þ.e.a.s. fjárhæð þá er félög skv. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1981 greiða eða úthluta í arð.

Afdráttur staðgreiðslu

5. gr.

Afdráttur staðgreiðslu af vöxtum skal fara fram eins og nánar er kveðið á um í þessari málsgrein:

1. Staðgreiðsla af vöxtum skv. 1. - 3. tölul.1. mgr. 4. gr. skal fara fram þegar vextir eru greiddir út eða færðir rétthafa til tekna og þar með lausir til ráðstöfunar. Með greiðslu er átt við greiðslu í hvaða formi sem er, hvort heldur greiðslu í peningum, kröfum eða öðru því sem hefur peningalegt verðgildi og látið er af hendi í stað peninga.
2. Rekstraraðilar hlutdeildarsjóða skulu gera skil á greiðslu skatts af tekjum sjóðsins. Sjóðurinn telst þá hafa fullnægt skattskyldu, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 4. gr. hjá eigendum hlutdeildarskírteina sjóðsins vegna þess tímabils sem gert er upp fyrir.
3. Aðili, sem tekur að sér lífeyristryggingar, söfnunartryggingar, skal gera skil á greiðslu skatts af tekjum af þeim. Telst þá skattskylda lífeyristryggingahafa, söfnunartryggingahafa sbr. 5. tölul. 4. gr., fullnægt.
4. Staðgreiðsla af tekjum skv. 6. tölul.1. mgr. 4. gr. skal fara fram þegar þær eru færðar rétthafa til tekna og lausar honum til ráðstöfunar eða þegar þær eru greiddar út.
5. Við vexti af verðbréfum, sem ekki eru með árlegri greiðslu skal, áður en skattur er reiknaður, bætast viðbótarfjárhæð sem miðast við að ársávöxtun eftir skatt yfir reikningstímabilið sé sem næst því sem verið hefði við árlega staðgreiðslu. Seðlabanki Íslands skal reikna út álagið fyrir hvert ár í upphafi næsta árs á eftir tekjuárinu.
6. Sé kröfu skuldbreytt þannig að áföllnum vöxtum sé bætt við höfuðstól skal staðgreiðsla dregin af þeim vöxtum sem voru áfallnir þegar skuldbreytingin er gerð.

Ef einungis er borgaður hluti af áskilinni afborgun kröfu skal við það miðað að vextir séu fyrst greiddir. Þegar verðbréf er selt, eða afhent sem greiðsla, skal skrá á verðbréfið nafn seljanda, kennitölu hans og dagsetningu sölu ásamt söluverði (kaupverði) eða markaðsvirði þegar um kröfu til lengri tíma en 12 mánaða er að ræða.

Afdráttur staðgreiðslu af afföllum skal fara fram við hverja afborgun af kröfu þeirri sem afföllin reiknast af. Ákvæði þessarar málsgreinar taka þó ekki til affalla þegar krafa er innheimt hjá öðrum en skilaskyldum aðilum, sbr. 3. gr.

Afdráttur staðgreiðslu af arði skal fara fram þegar hlutafélag greiðir eða úthlutar arði til hluthafa. Með greiðslu er átt við greiðslu í hvaða formi sem er, hvort heldur í peningum, kröfu eða öðru því sem hefur peningalegt verðgildi og látið er af hendi í stað peninga.

Upplýsingar til rétthafa

6. gr.

Skilaskyldur aðili skv. 3. gr. skal ávallt geta um staðgreiðslu skatts á kvittun til rétthafa vaxta og arðs skv. 4. gr. Að tekjuári liðnu og eigi síðar en 1. febrúar ár hvert skulu skilaskyldir aðilar, sbr.1. mgr. 3. gr. láta þeim sem skattur var dreginn af samkvæmt lögum þessum í té heildaryfirlit þar sem fram komi höfuðstóll inneignar eða kröfu í árslok, vextir ársins og afdregin staðgreiðsla á þá vexti. Lögaðilar, sbr. 2. mgr. 3. gr., skulu eigi síðar en 1. febrúar ár hvert gefa út hlutafjármiða þar sem fram komi m.a. staðgreiðsla næstliðins árs.

Greiðslutímabil og gjalddagar

7. gr.

Greiðslutímabil skatts samkvæmt lögum þessum skal vera almanaksárið. Gjalddagi er 15. janúar árlega og er eindagi 15 dögum síðar.

Innheimta

8. gr.

Skilaskyldur aðili skv. 3. gr. skal ótilkvaddur greiða á gjalddaga skv. 7. gr. skatt samkvæmt lögum þessum.

Greiðslur skv. 1. mgr. skal inna af hendi til innheimtumanna ríkissjóðs í því umdæmi sem skilaskyldur aðili á lögheimili.

Nú hefur staðgreiðsla verið ofreiknuð og er þá skilaskyldum aðila skylt að endurgreiða hina ofreiknuðu fjárhæð ásamt dráttarvöxtum fyrir það tímabil sem skatturinn var í vörslu skilaskylds aðila. Sama skylda hvílir á ríkissjóði að því er varðar þann tíma sem staðgreiðsla er í hans vörslu.

Skilagreinar

9. gr.

Með greiðslum skal fylgja skilagrein á þar til gerðu eyðublaði eða í öðru því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Aðilar skv. 3. gr. skulu skila skilagrein enda þótt enginn skattstofn sé fyrir hendi á tekjuárinu. Þeir geta þó sótt um undanþágu frá þessari skyldu til ríkisskattstjóra, enda hafi þeir þá ekki innheimtu á eða milligöngu með peningalegar eignir eða greiði út arð.

Skattstjóri skal yfirfara skilagreinar og gera á þeim leiðréttingar ef þörf krefur.

Ef aðili framvísar ekki fullnægjandi skilagrein innan tilskilinna tímamarka skal skattstjóri áætla skilaskylda fjárhæð hans.

Skattstjóri skal tilkynna aðila um áætlun eða leiðréttingu skv. 2. og 3. mgr.

Nú verður greiðslubrestur vegna kröfu, en skatti hefur þó verið skilað af vöxtum samkvæmt kröfunni, og er þá skilaskyldum aðila heimilt að senda til innheimtumanns leiðrétta skilagrein fyrir viðkomandi tímabil.

Þeir aðilar sem staðgreiðsla er ekki dregin af skulu gera grein fyrir vaxtatekjum og greiða tekjuskatt af þeim að tekjuári liðnu í samræmi við ákvæði X. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Bókhald

10. gr.

Skilaskyldur aðili skv. 3. gr. skal haga bókhaldi sínu þannig að skattyfirvöld geti með auðveldum hætti staðreynt skil hans.

Fjármálaráðherra hefur heimild til að setja reglur um sérstakt bókhald skilaskyldra aðila.

Skrá um skilaskylda aðila

11. gr.

Ríkisskattstjóri skal halda sérstaka skrá um skilaskylda aðila samkvæmt lögum þessum.

Aðili skv. 3. gr. skal innan 8 daga frá því að hann tekur til starfa tilkynna ríkisskattstjóra um starfsemi sína sem þá færir viðkomandi á skrána. Ef aðili hættir starfsemi skal hann innan 8 daga senda tilkynningu þar að lútandi til ríkisskattstjóra sem tekur viðkomandi út af skránni. Aðili sem fellur undir 1. mgr. 3. gr. getur sótt til ríkisskattstjóra um að verða ekki færður á skrá um skilaskylda aðila, enda hafi hann ekki með höndum innheimtu á eða milligöngu með peningalegar eignir annarra.

Vanræki aðili tilkynningarskyldu sína skv. 2. mgr. skal ríkisskattstjóri úrskurða hann sem skilaskyldan aðila og tilkynna honum um það.

Tilkynningar samkvæmt þessari grein skulu vera á þar til gerðu eyðublaði sem ríkisskattstjóri lætur gera. Ríkisskattstjóri ákveður hvaða upplýsingar skuli gefa á þessu eyðublaði.

Ábyrgð

12. gr.

Skilaskyldir aðilar skv. 3. gr. og skattskyldir aðilar skv. 2. gr. bera óskipta ábyrgð á þeim skatti sem dreginn er af fjármagnstekjum samkvæmt lögum þessum. Skattskyldur aðili ber þó ekki ábyrgð á þeim skatti sem hann sannar að skilaskyldur aðili hafi dregið af fjármagnstekjum hans.

Aðili, sem er skilaskyldur vegna milligöngu um viðskipti, er ekki ábyrgur fyrir greiðslu skatts af fjármagnstekjum umfram þá fjárhæð sem hann raunverulega fékk í hendur.

13. gr.

Rísi ágreiningur um staðgreiðslu samkvæmt lögum þessum milli skilaskylds og skattskylds aðila getur skattskyldur eða eftir atvikum skilaskyldur aðili kært staðgreiðsluna til skattstjóra innan 30 daga frá því að staðgreiðsla átti sér stað.

Skattstjóri getur krafist af aðilum allra þeirra upplýsinga sem hann telur þörf á til að fjalla efnislega um málið og kveða upp úrskurð um það.

Skattstjóri getur jafnframt krafið þriðja mann um upplýsingar hér að lútandi ef skattstjóri telur þörf á til að upplýsa málsatvik.

Úrskurð eða ákvörðun skattstjóra má kæra til yfirskattanefndar innan 30 daga frá og með næsta degi eftir póstlagningu tilkynningar eða úrskurðar skattstjóra.

Ríkisskattstjóri

14. gr.

Ríkisskattstjóri getur af sjálfsdáðum kannað öll atriði er varða skilaskyldu eða staðgreiðslu samkvæmt lögum þessum og breytt ákvörðun skattstjóra ef ástæða er til, svo og kannað sérhver önnur atriði er varða framkvæmd laga þessara. Getur hann í því skyni krafist allra upplýsinga og gagna sem hann telur þörf á að fá frá skattstjórum, innheimtumönnum ríkissjóðs, gjaldheimtum, bönkum, sparisjóðum, fjármálastofnunum eða öðrum aðilum um viðkomandi viðskipti.

Viðurlög

15. gr.

Séu greiðslur samkvæmt lögum þessum eigi inntar af hendi á tilskildum tíma skal skattstjóri gera skilaskyldum aðila að sæta álagi til viðbótar þeim skatti sem honum bar að standa skil á. Sama gildir ef skilagrein hefur ekki verið skilað eða henni verið ábótavant og skattur því verið áætlaður, sbr. 3. mgr. 9. gr., nema skilaskyldur aðili hafi greitt fyrir eindaga fjárhæð er til áætlunarinnar svarar.

Álag á vanskilafé skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

1. Einn hundraðshluti af fjárhæð vanskilafjár fyrir hvern dag eftir eindaga, þó ekki hærra en tíu hundraðshlutar.
2. Álag til viðbótar af fjárhæð vanskilafjár fyrir hvern byrjaðan mánuð, talið frá og með 1. degi næsta mánaðar eftir eindaga hið sama og dráttarvextir samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987.

Við útreikning á álagi á áætlaða greiðsluskylda fjárhæð telst eindagi vera sá sami og eindagi greiðslu þess árs sem áætlað er fyrir. Sama gildir um álag á allar vangoldnar greiðslur fyrri ára.

Sendi skilaskyldur aðili fullnægjandi skilagrein innan 15 daga frá og með dagsetningu tilkynningar skattstjóra skv. 2. mgr. 9. gr. skal hann greiða fjárhæð skilafjár samkvæmt skilagreinum ásamt álagi, sbr. 2. mgr. Skattstjóri má breyta fyrri áætlun eftir lok þessara tímamarka ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Ef bókhald er ekki hagað í samræmi við ákvæði 10. gr. má áætla skilaskyldum aðila skilaskylda fjárhæð.

Komi í ljós að skilaskyldum aðila, sem greiða átti skilafé, hafi ekki verið áætluð skilaskyld fjárhæð eða áætlun verið lægri en það skilafé sem honum bar að greiða skal hann greiða hið skilaskylda skilafé auk álags skv. 2. mgr.

Fella má niður álag skv. 2. mgr. ef skilaskyldur aðili færir gildar ástæður sér til afsökunar og metur skattstjóri það í hverju einstöku tilviki hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi. Innan 30 daga frá og með næsta degi eftir póstlagningu úrskurðar skattstjóra er heimilt að áfrýja mati hans til Yfirskattanefndar sem kveður upp endanlegan úrskurð.

Sé skattur samkvæmt lögum þessum vanreiknaður má gera skilaskyldum aðila að greiða vanskilafé sex ár aftur í tímann, talið frá byrjun þess árs þegar endurreikningur fer fram. Fari fram rannsókn á skilum skilaskylds aðila nær heimild til endurreiknings til sex ára aftur í tímann, talið frá byrjun þess árs þegar rannsókn hófst.

16. gr.

Vanskilafé, álag og sektir samkvæmt lögum þessum skal innheimt af innheimtumanni ríkissjóðs, í því umdæmi þar sem skuldari á lögheimili eða hefur starfsstöð.

Vanskilafé, álag og sektir njóta fjárnámsréttar í eignum skuldara.

Innheimtumaður ríkissjóðs skal senda skilagrein til skattstjóra yfir það fé er hann hefur móttekið samkvæmt ákvæðum þessara laga. Innheimtu vanskilafé og álagi skal haldið aðgreindu á sérstökum reikningi þar til skilagrein berst frá skilaskyldum aðila.

Refsingar

17. gr.

Ákvæði laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, skulu gilda um upplýsingar og eftirlit, viðurlög og málsmeðferð aðlútandi staðgreiðslu samkvæmt lögum þessum. Skulu ákvæði þeirra laga m.a. taka til dráttarvaxta, áætlunar skilaskyldrar fjárhæðar og innheimtu vanskilafjár, þ.m.t. um aðför og stöðvun atvinnurekstrar vegna vanskilanna og fyrningu gjaldkröfu. Einnig skulu ákvæði sömu laga gilda um opinbera rannsókn og refsingar vegna brota á lögum þessum, þ.m.t. um úrskurðarvald yfirskattanefndar um sektir, sbr. lög nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, með síðari breytingum.

Reglugerðarheimild

18. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara.

Gildistaka

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1997.

20. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Aðilar sem skilaskyldir eru skv. 3. gr. skulu strax við gildistöku laga þessara og eigi síðar en 31. desember 1996 senda ríkisskattstjóra tilkynningu um starfsemi sína sem þá skráir viðkomandi á skrá um skilaskylda aðila. Aðili sem fellur undir 3. gr. getur farið fram á undanþágu frá færslu á skrá

um skilaskylda aðila, enda hafi viðkomandi ekki milligöngu um innheimtu, fjárvörslu eða aðra sýslan með peningalegar eignir annarra.

Vanræki aðili tilkynningarskyldu sína skv. 1. mgr. skal ríkisskattstjóri úrskurða hann sem skilaskyldan aðila og tilkynna honum það.

Tilkynningar samkvæmt þessu ákvæði skulu vera á þar til gerðu eyðublaði sem ríkisskattstjóri lætur gera. Ríkisskattstjóri ákveður hvaða upplýsingar skuli gefa á þessu eyðublaði.

Athugasemdir við frumvarp þetta:

I
Almennar athugasemdir

Frumvarpið hefur að geyma þær reglur sem gilda eiga um staðgreiðsluskil skatts á fjármagnstekjur. Reglurnar taka til þess skatts sem reiknast á nafnvexti (að meðtöldum verðbótum) í innlánsviðskiptum bankastofnana og verðbréfa- og kröfuumsýslu þeirra og annara fjármálastofnana. Einnig er kveðið á um staðgreiðslu skatts á arð af hlutabréfum. Utan greiðsluskyldu fellur gengishagnaður, erlend viðskipti og viðskipti milli einstaklinga.

Staðgreiðslan nær bæði til vaxta utan rekstrar og þeirra vaxta sem myndast í rekstri. Í síðarnefndum tilvikum er litið á hana sem bráðabirgðagreiðslu. Miðar þetta fyrirkomulag við að einfalda sem allra mest alla framkvæmd og gera hana á allan hátt sem viðurhlutaminnsta og ódýrasta.

II
Athugasemdir við einstakar greinar

Um 1. gr.

Greinin afmarkar gildissvið staðgreiðslunnar. Ekki þykir fært að krefjast staðgreiðslu af öðrum fjármagnstekjum en vöxtum og arði. Húsaleigutekjur og söluhagnaður falli því utan staðgreiðslu.

Erfitt getur verið á staðgreiðsuárinu að greina milli vaxta og arðs sem myndast í rekstri og slíkra tekna sem til falla utan rekstrar. Tekur því staðgreiðsla til allra en í þeim tilvikum að tekjurnar hafi myndast í atvinnurekstri verður litið á staðgreiðsluna sem bráðabirgðagreiðslu sem síðar kemur til frádráttar álögðum gjöldum.

Framtalsskylda heldur sér á vaxta og arðstekjum einnig í þeim atvikum að staðgreiðslan teljist lokagreiðslu skatts.

Um 2. gr.

Skattskylda að því er fjármagnstekjuskatt varðar nær til fleiri aðila en skattskyldir eru almennt til tekjuskatts og eignarskatts. Ákvæðið hefur að geyma reglur um sérstök skattskil og skilagreinar þeirra sem hin útvíkkaða skattskylda tekur til. Í 2. mgr. eru taldar upp þær fjármálastofnanir sem eðlilegt er talið að standi utan skattlagningar.

Um 3. gr.

Greinin tilgreinir þá aðila sem skilaskyldan hvílir á.

Um 4. gr.

Skilgreining á vöxtum og arði er í greininni með sama hætti og í lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Utan staðgreiðsluskyldu er gengishagnaður. Skattur af slíkum vaxtatekjum verður lagður á eftirá sem hluti þinggjaldaálagningar á tímabilinu ágúst - desember árið eftir tekjuárið. Á þannig ákvarðaðan fjármagnstekjuskatt færist síðan álag skv. 3. mgr. 121. gr. laga nr. 75/1981.

Um 5. gr.

Hér er nánari útfærsla á þeim reglum sem gilda um afdrátt staðgreiðslu. Reiknireglur um álag sbr. 4. tölulið hafa það að markmiði að jafna stöðu á kúlubréfa og annara innlánsforma.

Staðgreiðsluskatti af arði skal skilað á sama gjalddaga og af vöxtum þ.e.a.s. 15. janúar næsta árs á eftir því þegar hann fellur til. En afdráttur skattsins fer fram þegar hann er greiddur eða úthlutað til hluthafa.

Um 6. gr.

Hér er sett fram sú mikilvæga regla að kvittanir og yfirlit um afdregna staðgreiðslu og staðgreiðslustofn verði gefnar út og afhentar rétthöfum vaxta og arðs.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Fyrirkomulag skilagreina verður með svipuðu sniði og nú tíðkast við almenna staðgreiðslu opinberra gjalda og tryggingagjalds og kveður greinin á um það. Sérstakt ákvæði er í lokamálsgrein greinarinnar um meðferð skilagreina þegar krafa sem vextir reiknast af fæst ekki greidd.

Um 10. gr.

Þeir aðilar sem greiða vexti og arð og halda eftir staðgreiðslu af slíkum greiðslum þurfa eðlilega að halda utanum slíkt með markvissum hætti. Greinin gerir ráð fyrir sérstöku bókhaldi í þessu skyni.

Um 11. gr.

Í greinni eru ákvæði um tilkynningar og skráningu skilaskyldra aðila. Hér er stefnt að sama fyrirkomulagi og í almennum staðgreiðsluskilum.

Um 12. gr.

Ábyrgð á staðgreiðsluskilum er óskipt milli greiðenda vaxta og arðs og þeirra er slíkar tekjur fá. Ákvæði þetta hefur m.a. þýðingu þegar greiðandi vaxta eða arðs sinnir ekki staðgreiðsluskyldu sinni en þá geta skattyfirvöld gengið að hvorum aðila sem er greiðanda eða viðtakanda teknanna. Ábyrgð viðtakanda teknanna fellur þó niður ef hann sýnir fram á að skilaskyldur aðili hafi dregið af fjármagnstekjum hans.

Um 13. gr.

Eðlilegt þykir að kveða skýrt á um úrskurðun í ágreiningsmálum ef upp koma í tengslum við staðgreiðsluna. Fara slík mál í sama farveg og almenn skattamál þ.e.a.s. unnt er að kæra til skattstjóra og eftir atvikum til yfirskattanefndar.

Um 14. gr.

Hlutverk ríkisskattstjóra er að hafa umsjón með skilum á svipaðan hátt og hann hefur í sambandi við staðgreiðslu opinberra gjalda í dag. Þessu ákvæði er ekki ætlað að breyta núgildandi reglum um aðgang skattyfirvalda að upplýsingum í bankastofnunum.

Um 15. - 17. gr.

Viðurlagsákvörðun og endurákvörðun skilaskyldrar greiðslu fer eftir sambærilegum reglum og nú gilda við staðgreiðslu opinberra gjalda.

Sama á við um meðferð vanskilafjár, álags og sekta.

Ákvörðun um refsingar fer alfarið eftir núgildandi lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Um 18. og 19.gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Ákvæði tekur til skráningaskyldu og verkefna ríkisskattstjóra henni tengdri við upphaf staðgreiðslu.

DRÖG

Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

2. mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Til tekna sem vextir, sbr. 1. mgr., af kröfum eða inneignum, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, teljast vextir sem greiddir eru eða eru greiðslukræfir og greiddar verðbætur á afborganir og vexti, svo og gengishækkun hlutdeildarskírteina. Til tekna í þessu sambandi teljast enn fremur hvers kyns gengishagnaður og afföll af keyptum verðbréfum, víxlum og sérhverjum öðrum kröfum og hvers kyns aðrar tekjur af peningalegum eignum. Ákvörðun tekna skal vera þannig:

1. Vextir af reikningum í innlánsstofnunum skulu teljast til tekna þegar þeir eru færðir eiganda til eignar á reikningi.
2. Vextir af kröfu skulu teljast til tekna þegar þeir eru greiddir eða greiðslukræfir.
3. Afföll, þ.e. mismun á uppreiknuðu nafnverði kröfu á kaupdegi að frádregnu kaupverði hannar, skal færa til tekna í hlutfalli við afborganir nafnverðs þegar þær greiðast.

   Við vexti af verðbréfum sem ekki eru með árlegri greiðslu skal, þegar skattur er reiknaður af vöxtunum, bætast sérstakt álag sem miðast við að ársávöxtun eftir skatt yfir reikningstímabilið sé sem næst því sem verið hefði við árlega staðgreiðslu. Seðlabanki Íslands skal reikna út stuðul í þessu sambandi fyrir hvert tekjuár í upphafi næsta árs á eftir tekjuárinu. Nánar skal kveðið á um útreikning þennan í reglugerð.
4. Áfallinn gengishagnað á hverja úttekt af reikningi eða afborgun af kröfu í erlendri mynt skal færa til tekna. Heimilt skal þó að miða við meðaltal stöðu reiknings í upphafi og í lok árs eða á innborgunar- og úttektardegi innan ársins nema um veruleg viðskipti sé að ræða. Nánari reglur hér að lútandi skulu settar í reglugerð.
5. Vextir arður og önnur ávöxtun af lífeyristryggingum, söfnunartryggingum, hjá líftryggingafélögum skulu tekjast til tekna þegar slíkar tekjur falla til, nema að því leyti sem lífeyristryggingar, söfnunartryggingar, verða skattlagðar sem tekjur samkvæmt öðrum ákvæðum laga þessara.

2. gr.

9. grein laganna orðist svo ásamt fyrirsögn:

Skattskyldur arður.

Til arðs af hlutum og hlutabréfum í félögum, sem um ræðir í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., telst auk venjulegrar arðgreiðslu sérhver afhending verðmæta til hlutareiganda eða hluthafa er telja verður sem tekjur af hlutareign þeirra í félaginu.

Arður af eigin hlutum eða hlutabréfum telst hvorki til tekna né gjalda hjá hlutafélagi.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 16. grein laganna:

a) Í stað orðanna "fimm" í 1. mgr. komi: tvö

b) Í stað orðanna "fimm" í 4. mgr. komi: tveggja

4. gr.

2. mgr. 17. gr. laganna orðist svo:

Hagnaður af sölu hlutabréfa telst mismunur á söluverði þeirra annars vegar og kaupverði þeirra hins vegar. Kaupverð hlutabréfa sem skattaðili hefur eignast við samruna hlutafélaga skv. 56. gr. skal ákvarðast jafnt kaupverði þeirra hlutabréfa er hann lét af hendi. Þegar ákveða skal hagnað af sölu hlutabréfa skal kaupverð hvers hlutabréfs teljast jafnt meðalkaupverði allra hlutabréfa sömu tegundar í hendi sama eiganda.

Nú er félagi slitið án þess að um samruna félaga sé að ræða, sbr. 56. gr., og skal þá litið á það sem sölu hlutafjár í hendi eiganda og úthlutunina sem söluverð.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á B-lið 1. mgr. 30. gr. laganna.

a) 1., 2. og 3. tölul. 1. mgr. stafliðarins falli niður.

b) 4. töluliður verði 1. töluliður.

c) Við bætist nýr töluliður er verði 2. tölul. svohljóðandi: Nú verður greiðslufall á kröfu sem vextir hafa verið reiknaðir af og frestast þá greiðsla skatts af slíkum vöxtum. Heimilt er að mótreikna þessa töpuðu vexti við fjármagnstekjur. Skal það gert á því ári þegar sýnt er að skuld sem vextir voru reiknaðir af fæst ekki greidd og skal gera grein fyrir henni á skattframtali viðkomandi tekjuárs. Með sama hætti fer um leigutekjur, gengistap og tap á sölu hlutabréfa. Heimild þessi tekur til krafna allt að 5 ár aftur í tímann talið frá og með tekjuári. Sé ekki um fjármagnstekjur að ræða á því tekjuári þegar mótreikningur á sér stað yfirfærist mótreikningsheimildin til næsta skattframtals í allt að 5 ár. Heimild skv. þessari málsgrein tekur einungis til fjármagnstekna utan rekstrar hjá einstaklingum og þeirra lögaðila sem ekki hafa með höndum atvinnurekstur

d) 4. mgr. stafliðarins falli niður.

6. gr.

2. - 5. málsl. 8. tölul. 31. gr. laganna orðist svo:

Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en nemur 10% af nafnverði hlutafjár þegar nafnverð hlutafjár hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr. Þó skal hækkun samkvæmt þessari málsgrein ekki fara fram úr hækkun á raunverulegu verðmæti hreinnar eignar félagsins í lok þess árs sem næst fer á undan tekjuári að teknu tilliti til opinberra gjalda sem tengd eru því ári. Sé í eigu hlutafélags íbúðarhús, sumarhús, fólksbifreiðar, skemmtibátar eða aðrar eignir sem ætlaðar eru til einkaþarfa hluthafa, stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra félagsins eða skylduliðs þeirra manna skal verðmæti þeirra eigna dregið frá nafnverði áður en arður samkvæmt þessum tölulið er ákvarðaður. Arður skv. þessum tölul. er frádráttarbær frá tekjum þess árs sem er reiknaður af.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 67. gr. laganna:

Við greinina bætast þrjár nýjar málsgreinar er verði 3., 4. og 5. málsgrein.

Tekjuskattur af fjármagnstekjum hjá einstaklingum utan rekstrar skal vera 10% af þeim tekjum. Til fjármagnstekna teljast í þessu sambandi tekjur skv. 1. - 8. tölul. C-liðar 7. gr., þ.e.a.s. vextir, arður, leigutekjur, söluhagnaður og aðrar eignatekjur.

Sú fjárhæð sem reiknast skv. 3. mgr. skal vera endanleg álagning á fjármagnstekjur. Skulu engin önnur opinber gjöld sem reiknuð eru á tekjuskattsstofn leggjast á þessar tekjur. Sömuleiðis skulu tekjurnar ekki taldar til tekjuskattsstofns við útreikning tekjuviðmiðunar barnabótaauka samkvæmt lögum þessum eða til viðmiðunar við útreikning bóta eða annarra greiðslna samkvæmt lögum um almannatryggingar, lögum um húsaleigubætur eða öðrum lögum nema sérstaklega sé kveðið á um það í þeim lögum. Um afdrátt skatts af vaxtatekjum og arði samkvæmt þessari málsgrein skulu á tekjuárinu gilda lög um staðgreiðslu skatts af slíkum tekjum samkvæmt því sem nánar er kveðið á um í þeim lögum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 4. gr. skulu forseti Íslands og maki hans greiða skatt af fjármagnstekjum sínum. Um álagningu hans gilda ákvæði 3. mgr. 72. gr. eftir því sem við getur átt.

8. gr.

Á eftir 3. málsl. 2. mgr. A-liðar 68. gr. laganna komi nýr málsliður er orðist svo:

Þeim hluta persónuafsláttar sem þá er óráðstafað skal ráðstafað til að greiða tekjuskatt sem lagður er á fjármagnstekjur, sbr. 3. mgr. 67. gr.

9. gr.

Við 4. mgr. C-liðar 69. gr. laganna bætist við nýr málsliður er verði næstsíðasti málsliður mgr.

Vaxtabætur skulu hækkaðar um fjárhæð sem svarar til þess skatts sem greiddur hefur verið af vöxtum viðkomandi tekjuárs þó ekki nema að því hámarki er greinir í 5. málslið þessarar málsgreinar.

10. gr.

Við 72. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, 3. og 4. málsgr., svohljóðandi:

Lögaðilar þeir er undanþegnir eru skattskyldu skv. 2., 3., 5., 6. og 7. tölul. 4. gr. skulu þrátt fyrir það greiða tekjuskatt af fjármagnstekjum, sbr. 1. - 8. tölul. C-liðar 7. gr. Skal hann vera 10% af þeim stofni. Afdráttur skatts og innborgun hans samkvæmt lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur skal vera fullnaðargreiðsla og koma í stað álagningar samkvæmt lögum þessum. Þó skulu þeir aðilar sem þessi mgr. tekur til og sjálfir annast um innheimtu vaxta í eigin lánaumsýslu eða fá vaxtatekjur sem ekki er dregin af staðgreiðsla skila greinargerð um vaxtatekjur til skattyfirvalda og standa skil á 10% tekjuskatti af slíkum vöxtum að tekjuári loknu. Þeir aðilar sem þessi málsgrein tekur til og hafa aðrar fjármagnstekjur skulu sömuleiðis standa skil á 10% tekjuskatti af slíkum tekjum að tekjuári loknu. Við ákvörðun á stofnverði eigna sem félög sbr. 5. tölulið 4. gr. eignast við gjöf skal við sölu miðað við að stofnverðið sé markaðsverð á yfirtökudegi félagsins á eigninni. Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um skilagreinar og skil vegna þessarar málsgreinar.

Ákvæði 3. mgr. taka ekki til Lánasjóðs íslenskra námsmanna, Byggðastofnunar, Byggingasjóðs ríkisins, Byggingasjóðs verkamanna, Framkvæmdasjóðs fatlaðra, Framkvæmdasjóðs aldraðra, Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, Lánasjóðs sveitarfélaga og Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda, Seðlabanka Íslands, lánastofnana sem skattskyldar eru samkvæmt lögum nr. 65/1980, með síðari breytingum, eða til lífeyrissjóða, sbr. lög nr. 55/1980.

11. gr.

Á eftir orðinu „laga" í 3. mgr. 121. gr. sbr. b-lið 20. gr. laga nr. 145/1995 komi orðin: eða laga um staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda í staðgreiðslu gjalda á árinu 1997 og við álagningu gjalda á árinu 1998 vegna tekjuársins 1997. Breyting á nafnverði hlutafjár, sbr. 1.málslið 6.gr. skal koma til

framkvæmda í fyrsta sinn á árinu 1998 vegna verðbreytingarstuðuls ársins 1997.

13. gr.
Ákvæði til bráðabirgða

I

Vextir af bréfum og kröfum hjá aðilum utan rekstar sem stofnað var til fyrir 1. janúar 1997

Vextir eins og þeir eru skilgreindir í 2. mgr. 8. gr. af bréfum og kröfum sem gefin voru út, eða til var stofnað fyrir 1. janúar 1997, teljast eigi til skattskyldra vaxtatekna að því leyti sem þeir voru áfallnir þann 1. janúar 1997.

II

Jöfnunarverðmæti hlutabréfa

Á árunum 1997 og 1998 skal ákvarða jöfnunarverðmæti hlutabréfa og skal það verð lagt til grundvallar eftir gildistöku laga þessara sem kaupverð í hendi hluthafa við ákvörðun söluhagnaðar eða sölutaps hjá hluthöfunum og við slit félags. Einnig skal jöfnunarverðmætið lagt til grundvallar í stað nafnverðs við úthlutun á arði, skv. 8. tölul. 31. gr. og taka verðbreytingum skv. þeim tölulið í fyrsta sinn á árinu 1998.

Jöfnunarverðmæti, sbr. 1. mgr., skal vera nafnverð hlutabréfa að viðbættu verði þeirra jöfnunarhlutabréfa sem gefin höfðu verið út og úthlutað til hluthafa 31. desember 1996.

Heimilt er að fengnu samþykki ríkisskattstjóra að ákvarða jöfnunarverðmæti, sbr. 1. mgr., jafnhátt þeirri fjárhæð sem nemur samanlögðu nafnverði og þeirri fjárhæð sem heimilt hefði verið að gefa út sem jöfnunarhlutabréf samkvæmt þeim reglum sem um það giltu í árslok 1996. Ef þessi heimild er notuð skal hlutafélagið gera grein fyrir útreikningi umræddrar fjárhæðar með framtalsskilum á árinu 1998 eða 1999, vegna tekna á árinu 1997 og 1998, og eigna í lok þeirra ára.

Jöfnunarverðmæti samkvæmt þessu ákvæði skal árlega tilgreina á skattframtali hlutafélagsins og á hlutafjármiðum.

Hafi hlutafélag ekki gefið út jöfnunarhlutabréf eða tilgreint jöfnunarverðmæti með þeim hætti sem áskilinn er eigi síðar en á framtali ársins 1999 vegna tekna og eigna ársins 1998, skal jöfnunarverðmæti við sölu bréfanna vera nafnverð hlutabréfanna án frekari verðleiðréttingar.

Þrátt fyrir reglur þessa ákvæðis er hluthafa í hlutafélagi sem ekki hefur fullnægt framangreindum skilyrðum heimilt, við sölu hlutabréfa sinna eða slit félags að nota sem jöfnunarverðmæti, nafnverð að viðbættri hækkun á því samkvæmt vísitölu jöfnunarhlutabréfa, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 75/1981

um tekjuskatt og eignaskatt eins og sú málsgrein hljóðaði fyrir gildistöku laga þessara enda sé verðmæti hreinnar eignar hlutafélagsins í árslok 1996 ofan þeirra marka er í þeirri málsgrein greinir.

III
Vextir af örorkubótum

Nú hefur einstaklingur fengið greiddar bætur fyrir varanlega örorku fyrir 1. janúar 1997 og þær verið ákveðnar í einu lagi til greiðslu og er honum þá heimilt á árunum 1997 - 2001 að færa til frádráttar á móti fjármagnstekjum sínum fjárhæð sem svarar til lækkunar bótanna vegna eingreiðsluhagræðis og nemi 5% af fjárhæð bótanna.

Athugasemdir við frumvarp þetta:

I
Almennar athugasemdir

Með frumvarpi þessu eru lagðar til verulegar breytingar í því kerfi álagningar sem viðhaft hefur verið um eignatekjur utan atvinnurekstrar undanfarin ár. Slíkar tekjur, hvort sem um er að ræða vexti, arð, leigutekjur, söluhagnað lausafjár, söluhagnað verðbréfa eða fasteigna, hafa fengið sérstaka skattameðferð enda þótt þær tilheyri skattskyldum tekjum að formi til. Vextir teljast til tekna en sama fjárhæð til frádráttar, arður undir vissu tekjumarki er skattfrjáls, söluhagnaður lausafjár utan rekstar er alfarið skattfrjáls, húsaleigutekjur njóta sérstakra skattfrádrátta og loks hefur söluágóði íbúða innan mjög rúmra stærðarmarka í einkaeign notið skattfrelsis ef lágmarkseignarhaldstíma er náð. Skattskyldu slíks hagnaðar hefur mátt fresta og flytja yfir í aðra eign. Allar grunnfjárhæðir til stofnverðsútreiknings hafa og verið hækkaðar til jafns við vísitölu. Sá skattstofn sem þá hefur myndast, arður, leigutekjur og söluágóði, skattleggst í almennu skattþrepi 42 - 47% hjá einstaklingi.

Hjá óskattskyldum lögaðilum, stofnunum og félagasamtökum er ekki um beina skatta að ræða.

Í meðfylgjandi frumvarpi er horfið frá þessu fyrirkomulagi. Þess í stað er lagt til að sú almenna regla gildi að vextir, arður, leigutekjur og mismunur stofnverðs og söluverðs eigna skattleggist í sérstöku 10% skattþrepi. Jafnframt er lagt til að um vexti og arð gildi sérstök staðgreiðslulög.

Loks eru aðilar, þ.e.a.s. félög, sjóðir og stofnanir, sem áður hafa á grundvelli undanþáguákvæða engan tekjuskatt greitt taldir meðal skattskyldra aðila í þessu samhengi, þannig að fjármagnstekjur þeirra verði skattlagðar með 10% skattstigi.

II
Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Hér er um að ræða nýja mgr. sem verði 2. mgr. 8. gr. Skilgreint er hvað teljist vera skattskyldir vextir hjá skattaðilum utan atvinnurekstrar. Almenna vaxtahugtakið er að finna í núverandi 8. gr. laga nr. 75/1981 og er ekki gert ráð fyrir að skilgreining þess breytist. Gert er ráð fyrir að til tekna sem vextir utan rekstrar teljist greiddir eða greiðslukræfir vextir og verðbætur og áfallinn gengishagnaður á afborganir og vexti og ennfremur afföll af keyptum verðbréfum, víxlum og hvers konar öðrum keyptum kröfum. Sérstaklega er kveðið á um hvenær vextir af sparisjóðsbókum og reikningum í innlánsstofnunum skuli teljast til tekna, en það er á því ári þegar þeir eru færðir manni til eignar á reikningi. Almennt eru vextir færðir reikningseiganda til eignar einu sinni til tvisvar á ári og eru þeir þá lausir eiganda til ráðstöfunar í einhvern tíma þótt höfuðstóll sé bundinn. Það þekkist þó að vextir séu bundnir jafnlengi höfuðstól. Í slíkum tilvikum er sama regla látin gilda og því gert ráð fyrir að vextir teljist ekki til tekna í þessu sambandi fyrr en við greiðslu eða þegar þeir eru greiðslukræfir.

Almenna reglan er að skattur leggist á þegar krafa til vaxtatekna stofnast, þ.e.a.s. þegar vextir eru gjaldfallnir. Þau tilvik þegar gjaldfallin krafa fæst ekki greidd gætu leitt til skattlagningar. Þykir rétt að setja fram reglu sem fellir undan skattlagningu þá vexti sem þannig stendur á um.

Um 2. gr.

Í núgildandi lögum eru settar reglur um útgáfu á jöfnunarhlutabréfum og tilgreind þau skattalegu viðmið er þar eiga við. Hér er lagt til að ákvæðin um jöfnunarhlutabréf verði aflögð. Í þess stað er gert ráð fyrir að fundið verði jöfnunarverð á hlutafé og slíkt verð notað í viðskiptum með hlutabréfin. Breytingar þær sem hér eru lagðar til á 9. gr. laganna fela í sér að ákvæði um jöfnunarhlutabréf eru afnumin og jöfnunarverðsviðmiðun tekin upp.

Um 3. gr.

Hér er lögð til breyting á þeim reglum er gilda um eignarhaldstíma íbúðar að því er skattskyldan söluhagnað varðar. Í stað fimm ára nægir að maður eigi íbúð í tvö ár.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að söluhagnaður af hlutabréfum myndi stofn til 10% fjármagnstekjuskatts.

Núgildandi reglur eru þrí þættar þegar stofnverð til útreiknings hagnaðar er metið. Taka má tillit til útgefinna jöfnunarhlutabréfa þegar ákvarða á hagnaðinn. Í öðru lagi má miða við þá fjárhæð sem heimilt hefði verið að gefa út sem jöfnunarhlutabréf hjá viðkomandi félagi og í þriðja lagi nafnverð að viðbættri áfallinni verðbreytingu skv. verðbreytingarstuðli skattalaga. Hér er lögð til veruleg einföldun. Til viðmiðunar verður síðastnefnda reglan þ.e.a.s. nafnverð eitt og sér með verðbreytingastuðli. Hafa ber í huga ákvæði til bráðabirgða sem gerir ráð fyrir nýjum viðmiðunargrunni fyrir öll félög sem stofnsett voru fyrir gildistöku laga þessara.

Um 5. gr.

Lögð er til breyting á B-lið 1. mgr. 30. gr. laganna, en sú lagagrein kveður á um hvað heimilt er að draga frá tekjum manna utan atvinnurekstrar. Samkvæmt þessari breytingu fellur niður 1. töluliður þessa stafliðar um vaxtafrádrátt. Fellur því niður heimild manna til að draga vexti frá tekjum sínum við ákvörðun skattstofns. Vaxtatekjur, afföll og gengishagnaður mynda því skattstofn, sbr. nánar ákvæði frumvarpsins, en hljóta sérstaka skattalega meðferð. Sömuleiðis er felldur niður 2. töluliður um frádrátt vegna arðs af hlutafé og 3. töluliður stafliðarins um stofnsjóðsfrádrátt.

Samkvæmt þessari grein eru því felldir niður sérfrádrættir þeir sem gilt hafa um vexti, arð og húsaleigu samkvæmt núgildandi lögum. Heimild manna til að draga frá beinan útlagðan kostnað, t.d. þjónustugjöld vegna vaxtatekna, söluþóknun vegna hlutabréfaviðskipta og beinan útlagðan kostnað við útleigu heldur sér. Sömuleiðis er ekki áformað að fella niður heimild til að færa leigukostnað á móti leigutekjum við vissar aðstæður.

Rétt þykir með hliðsjón af eðli þeirra tekna sem hér um ræðir að heimila sérstakan mótreikning í allt að fimm ár ef krafa tapast. Tekur mótreikningur til vaxta, söluhagnaðar svo og leigutakna sem tekjufærðar hafa verið og greiddur skattur af. Skattskil miðast að jafnaði við greiðslur almanaksársins en í greininni er sett fram sú regla að heimilt verði að mótreikna tapaðar fjármagnstekjur eldri ára við fjármagnstekjur ársins. Rétthafa tekna ber að sýna fram á að krafa sé töpuð. Er það unnt t.d. með skjölum er varða innheimtutilraunir, árangurslaust fjárnám eða gjaldþrot þess er greiða skyldi kröfum. Nær heimildin til tekna síðustu 5 ára og gildir um allar fjármagnstekjur svo og innbyrðis milli einstakra tegunda þeirra. Þannig væri heimilt að mótreikna tapaða og aðra tekjufærða húsaleigu á móti vaxtatekjum.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir að heimild hlutafélaga til að draga frá arð haldi sér en að viðmiðunargrunni verði breytt. Ákvæðið felur og í sér að girt er fyrir að einkaeignir hækki þann stofn sem arður reiknast af. Að því er sumarhús varðar skal tekið fram að ekki er átt við slík hús sem ætluð eru til almennrar notkunar hjá hópi starfsmanna. Verbúðir og annað íbúðarhúsnæði sem keypt er vegna rekstrarþarfa fellur hér utan við.

Um 7. gr.

Greinin kveður á um skattútreikning og reglur um tekjutengingu.

Greinin fjallar um tekjuskattsútreikning og skatthlutföll. Gert er ráð fyrir því að um fjármagnstekjur manna utan rekstrar gildi sérstakar skattlagningarreglur. Þannig er skatthlutfallið ákveðið 10% af fjármagnstekjum án nokkurs frádráttar. Á móti útreiknuðum skatti má draga ónýttan persónuafslátt. Útsvar samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga leggst ekki á fjármagnstekjurnar eða aðrir skattar á einstaklinga sem taka mið af tekjuskattsstofni.

Sömuleiðis er ekki gert ráð fyrir tengslum milli fjármagnsteknanna sem skattstofns og annarra laga, t.d. almannatryggingalaga, laga um félagslega aðstoð o.fl., en oft er í þeim lögum tekin upp tekjuviðmiðun skattalaga, nema umrædd lög kveði á um slíkt sérstaklega.

Gert er ráð fyrir að hinn útreiknaði og álagði skattur á fjármagnstekjur falli að því er varðar álagningarreglur, innheimtu og aðra framkvæmd að reglum þeim sem gilda um tekjuskattinn sem slíkan. Unnt er að birta skattstofninn sérstaklega á álagningarseðli skattþegna og útreiknaðan skatt á þann stofn.

Í álagningarskrá, sbr. 1. mgr. 98. gr. sem liggur frammi til sýnis í kærufresti, svo og í skattskrá, sbr. 2. mgr. 98 gr., mundi samtals fjárhæð tekjuskatts og fjármagnstekjuskatts koma fram í einu lagi.

Lagt er til að forseti Íslands og maki hans verði skattlagðir samkvæmt lögum þessum. Þar sem fjármagnstekjur forsetans og maka hans teljast tæpast þáttur í starfskjörum forseta þykir ekki óeðlilegt að slíkar tekjur falli undir hina almennu og víðtæku skattlagningu fjármagnstekna.

Um 8. gr.

Lagt er til að ónýttur persónufrádráttur komi til greiðslu á þeim skatti sem lagður verði á fjármagnstekjur.

Um 9. gr.

Hér er lögð til breyting á vaxtabótareglum.

Vaxtatekjur skerða vaxtagjöld sem mynda stofn til útreiknings vaxtabóta og því þótti eðlilegt að þeim hluta skatts sem á þá vexti er lagður verði bætt við fjárhæð vaxtabóta, þó ekki meira en nemur lögákvæðum hámarki bótanna.

Um 10. gr.

Greinin kveður á um skattlagningu félaga, sjóða og stofnana.

Fjármagnstekjur rekstraraðila falla að hinum almenna skattstofni rekstrarins. Samkvæmt núgildandi lögum er hundraðshluti sameignarfélaga 41% af tekjuskattsstofni en annarra lögaðila 33%. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á þessu fyrirkomulagi þegar um rekstur og almenna skattskyldu er að ræða.

Hins vegar er áformuð samkvæmt þessari grein frumvarps veruleg útvíkkun skattskyldu þannig að lögaðilar, stofnanir og félög sem hingað til hafa verið skattfrjálsir greiði 10% skatt af fjármagnstekjum sínum eins og einstaklingar utan rekstrar.

Skattskyldan nær einnig til forseta Ísland og maka hans. Hún nær til ríkissjóðs, ríkisstofnana og fyrirtækja sem ríkissjóður rekur og ber ótakmarkaða ábyrgð á og til sýslu- og sveitarfélaga, fyrirtækja og stofnana sem þau reka og bera ótakmarkaða ábyrgð á. Sama gildir um félög, sjóði og stofnanir sem starfa að almannaheillum eða eru ekki reknar í atvinnuskyni og loks aðila sem eru undanþegnir samkvæmt sérlögum.

Þessum aðilum verður ekki gert að skila skattframtölum og er áformað að staðgreiðsla skatts af vöxtum og arði verði ígildi lokaálagningar, sbr. frumvarp um staðgreiðsluna.

Í lokamálsgrein greinarinnar eru tilgreindar stofnanir sem talið er eðlilegt að halda alfarið utan skattskyldu. Er þar um að ræða lífeyrissjóði og stofnanir sem atvinnu hafa af útlánum og greiða skatt í samræmi við almenn lög á því sviði.

Um 11. gr.

Ákvæðið tengir staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum við gildandi reglur um beitingu álags ef staðgreiðslu hefur ekki verið skilað.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

I

Hér er um lagaskilaákvæði að ræða þar sem er að finna reglur um meðferð þeirra vaxta sem fallnir verð á fyrir gildistöku laga þessara.

II

Með þeim reglum sem hér greinir er sett ný byrjunarviðmiðun til notkunar við ákvörðun á verðmæti hlutabréfa. Rétt þótti að áunnin réttindi héldu sér með því skilyrði að hlutafélög noti næstu tvö árin til að ákvarða hina nýju viðmiðun.

Í lokamálsgrein er settur varnagli til að vernda hagsmuni hluthafa ef félagið stendur ekki rétt að málum er þá gert ráð fyrir einfaldri vísitölubreytingu á nafnverð bréfa.

III

Ljóst er að um vexti af örorkubótum gilda sérstök sjónarmið. Hér er lagt til að sú vaxtafjárhæð sem afreiknuð er við ákvörðun bótanna heimilist til lækkunar á fjármagnstekjum næstu 5 ár eftir gildistöku laga þessara ef þær voru greiddar fyrir gildistökuna.

Bókun við afgreiðslu mála í nefnd um skatt á fjármagnstekjur

Undirrituð vilja taka eftirfarandi fram við lokaafgreiðslu nefndar um skatt á fjármagnstekjur:

Um það hefur verið talin ríkja pólitísk sátt að skattleggja beri tekjur af fjármagni. Það er réttlætismál og til samræmingar í okkar skattkerfi.

Í nefnd þeirri sem nú hefur starfað frá í mars síðastliðnum og haft það markmið að gera tillögur um "fyrirkomulag fjármagnstekjuskatts" hafa verið uppi ýmis álitamál. Þá hefur nefndin fjallað um breytingar á skattlagningu arðs, sem og af leigu íbúðahúsnæðis og söluhagnaðar, en ekki eingöngu um skatt á vaxtatekjur eins og fyrri nefndir af svipuðum toga gerðu.

Undirrituð telja mikilvægt að hið fyrsta verði skskatti á fjármagnstekjur komið á og höfum við unnið í nefndinni að því markmiði að ná viðtækri niðurstöðu. Það er hins vegar sýnt að svo verður ekki. Ljóst er af yfirlýsingum einstakra þingmanna stjórnarflokkanna sem um þessi mál hafa fjallað, að þeir leggjast gegn skattlagningu af þessum toga. Jafnframt tók fjármálaráðherra af skarið í miðju nefndarstarfi og fullyrti í frumvarpi sínu til fjárlaga fyrir árið 1996 hverjar yrðu meginniðurstöður nefndarinnar. Þá fóru ríkisstjórnarflokkarnir þá leið, að leggja sérstakan fjármagnstekjuskatt á ellilífeyrisþega og bótaþega almannatryggingarkerfisins sem tók gildi um áramót, en hin almenna skattlagning sem nefndin hefur verið að undirbúa mun ekki taka gildi fyrr en í fyrsta lagi um áramótin 1996- 1997. Að auki hefur ríkisstjórnin sett á laggirnar nýja nefnd sem skipuð er fulltrúum ríkisstjórnarflokkanna og aðilum vinnumarkaðarins, en án aðildar stjórnarandstöðuflokkanna á Alþingi, en nefndinni er ætlað að vinna heildstæðar tillögur á íslensku tekjuskattskerfi. Ljóst er að starf þeirrar nefndar skarast verulega við störf nefndarinar sem nú skilar af sér og er líklegt að einhver þau álitaefni sem rædd hafa verið í þessari nefnd muni verða til lykta leidd í henni og án aðkomu stjórnarandstöðuflokkanna á Alþingi. Þeir þættir sem hér hafa verið nefndir hafa síst verið til að auka líkur á samheldni innan nefndarinnar þótt undirrituð meti tilraunir formanns til að ná viðtækri sátt um niðurstöður.

Undirrituð telja ýmsar aðrar leiðir koma til greina við álagningu fjármagnstekjuskatts en farnar eru í tillögum nefndarinnar. Flatur 10% nafnvaxtaskattur kallar á tvískipt tekjuskattskerfi, annars vegar skatta á launatekjur og hins vegar á fjármagnstekjur, en slík aðferð leiðir til ákveðinnar mismununar og óréttlætis. Meginatriðið er þó að fjármagnstekjuskattur verði tekinn upp eins og í öllum nágrannalöndum okkar. Sú leið sem hér er lagt til að farin verði er að mörgu leyti gölluð, en þó ásættanleg að öðrum tilgreindum valkostum frágengnum. Því vilja undirritaðir nefndarmenn árétta að verði hún að veruleika sé hún aðeins til bráðabirgða, gildi einungis um skamma hríð og verði þannig áfangi á leið til heildstæðrar skattlagningar fjármagnstekna sem taki mið af öðrum megineinkennum íslensks skattkerfis, þar sem reynt er að verja kjör þeirra sem minna mega sín og stuðla að auknum tekjujöfnuði í þjóðfélaginu.

Nokkur atriði þarf að gaumgæfa í greinargerð nefndarinnar. Sérstakt frítekjumark er eitt þeirra þótt nýting persónuafsláttar sé skref í rétta átt. Undirrituð telja vel koma til greina að breikka eignarskattsstofna í tengslum við skattlagningu af þessu tagi, en það fellur þó ekki undir verksvið þessarar nefndar eins og fram kemur í nefndarálitinu. Undirrituð telja mjög umdeilanlegt að lækka skatthlutfallið á arðgreiðslum þótt rök mæli með því að allar fjármagnstekjur séu skattlagðar með sömu skattprósentu, en fyrir því er gerð grein í áliti nefndarinnar. Fremur ætti að snúa þeirri röksemd við og undirstrika nauðsyn þess að samræmingar sé gætt milli skattlagningar launatekna almennra launamanna og aftur tekna af arði, söluhagnaði, leigutekjum, vöxtum og afföllum - með öðrum orðum að allar tekjur, þ.á.m. þar á meðal fjármagnstekjur lúti sömu lögmálum og almennar launatekjur eins og víða tíðkast í nágrannalöndum okkar.

Í ljósi þess sem að ofan greinir skrifa undirrituð undir nefndarálitið og telja það ásættanlegt með vísan til bókunar þessarar, en áskilja sér allan rétt í málinu þegar það kemur til kasta Alþingis og almennrar þjóðfélagsumræðu - sem og þeir stjórnmálaflokkar, Alþýðuflokkur, Alþýðubandalag, Þjóðvaki og Kvennalisti sem þau eru fulltrúar fyrir í nefnd um fjármagnstekjuskatt, þar með að styðja breytingartillögur sem til bóta geta talist, en sættast á og styðja niðurstöður nefndarálitsins að þeim frágengnum.

19. febrúar 1996

Guðmundur Árni Stefánsson

Bryndís Hlöðversdóttir

Guðmundur Ólafsson

Kristín Einarsdóttir.

751. Frumvarp til laga [422. mál]

um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

Upphafsákvæði.

1. gr.

Innheimta skal í staðgreiðslu 10% tekjuskatt til ríkissjóðs af vöxtum og arði eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Hjá lögaðilum, sbr. 2. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og hjá einstaklingum vegna fjármagnstekna er myndast í atvinnurekstri þeirra eða sjálfstæðri starfsemi skal réttilega ákvörðuð og innborguð staðgreiðsla á fjármagnstekjur vera bráðabirgðagreiðsla upp í væntanlegan álagðan tekjuskatt eða önnur opinber gjöld sem lögð verða á slíka rekstraraðila.

Gera skal grein fyrir vaxtatekjum og arði ásamt öðrum fjármagnstekjum, svo og afdreginni staðgreiðslu á skattframtali eða eftir atvikum greinargerðum að tekjuári liðnu. Skattstjóri skal annast álagningu og líta til þess að staðgreiðslu hafi verið skilað.

Skattskyldir aðilar.

2. gr.

Skyldir til að greiða skatt skv. 1. gr. og sæta innheimtu á staðgreiðslu hans eru allir þeir sem fá vaxtatekjur, sbr. þó 3. mgr., svo og allir aðilar, þar með taldir þeir er greinir í 3. mgr., er njóta arðstekna.

Greiðsluskylda samkvæmt þessari grein tekur til þeirra lögaðila sem undanþegnir eru skattskyldu skv. 2., 3., 5., 6. og 7. tölul. 4. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Réttilega ákvörðuð og innborguð staðgreiðsla þessara aðila er fullnaðargreiðsla án þess að fram þurfi að fara frekari ákvörðun eða álagning tekjuskatts á vexti eða arð hjá þeim. Þó skulu þeir aðilar, sem þessi málsgrein tekur til og sjálfir annast um innheimtu vaxta í eigin lánaumsýslu eða fá vaxtatekjur sem ekki er dregin af staðgreiðsla, t.d. afföll eða gengishagnaður, skila greinargerð um þær vaxtatekjur til skattyfirvalda og standa skil á 10% tekjuskatti af slíkum vöxtum að tekjuári loknu. Þeir aðilar, sem þessi málsgrein tekur til og hafa aðrar fjármagnstekjur en vexti og arð, skulu sömuleiðis standa skil á 10% tekjuskatti af slíkum tekjum að tekjuári loknu. Skal ríkisskattstjóri setja nánari reglur um skilagreinar og skil í þessu sambandi.

Undanþegnir skyldu skv. 1. mgr. eru að því er vexti varðar: Lánasjóður íslenskra námsmanna, Byggðastofnun, Byggingarsjóður ríkisins, Byggingasjóður verkamanna, Framkvæmdasjóður fatlaðra, Framkvæmdasjóður aldraðra, Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Lánasjóður sveitarfélaga og Lánasjóður Vestur-Norðurlanda, Seðlabanki Íslands, lánastofnanir sem skattskyldar eru samkvæmt lögum nr. 65/1982, með síðari breytingum, og lífeyrissjóðir, sbr. lög nr. 55/1980.

Skilaskylda.

3. gr.

Skylda til að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum og afföllum og skila í ríkissjóð hvílir á innlendum innlánsstofnunum, verðbréfafyrirtækjum, verðbréfamiðlurum, eignarleigufyrirtækjum og öðrum fjármálastofnunum, lögmönnum, löggiltum endurskoðendum og öðrum fjárvörsluaðilum, tryggingafélögum, svo og sérhverjum öðrum aðilum sem hafa atvinnu af fjárvörslu, milligöngu eða innheimtu í verðbréfaviðskiptum eða annast innheimtu fyrir aðra.

Skylda til að draga staðgreiðslu af arði og skila í ríkissjóð hvílir á lögaðilum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Skattstofn.

4. gr.

Vaxtatekjur til staðgreiðslu samkvæmt lögum þessum teljast vextir og afföll, sbr. 8. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, svo sem:

1. Vextir af innstæðum í innlendum bönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum samvinnufélaga, á póstgíróreikningum og orlofsfjárreikningum, svo og vextir af verðbréfum sem hliðstæðar reglur gilda um samkvæmt sérlögum. Til vaxta teljast enn fremur verðbætur á höfuðstól og vexti, verðbætur á inneignir og kröfur sem bera ekki vexti og happdrættisvinningar sem greiddir eru í stað vaxta.
2. Vextir af stofnsjóðseign í gagnkvæmum vátrygginga- og ábyrgðarfélögum, kaupfélögum og öðrum samvinnufélögum, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.
3. Vextir hjá innlendum aðilum af sérhverjum öðrum innstæðum og inneignum en um getur í 1. og 2. tölul., þar með taldir vextir af víxlum, verðbréfum og öllum öðrum kröfum sem bera vexti. Með vöxtum teljast einnig verðbætur og happdrættisvinningar á sama hátt og um getur í 1. tölul.
4. Hvers kyns tekjur af hlutdeildarskírteinum.
5. Hvers kyns tekjur af lífeyristryggingum, söfnunartryggingum, einstaklinga hjá tryggingafélögum.
6. Hvers kyns aðrar tekjur af peningalegum eignum sem telja má til vaxta af þeim, sbr. þó 2. mgr.

Ekki skal telja gengishagnað til stofns til staðgreiðslu. Um skattgreiðslu af slíkum tekjum fer eftir lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og skal skatturinn ákvarðaður við álagningu opinberra gjalda næsta ár á eftir tekjuári ásamt álagi á skattfjárhæðina samkvæmt þeim lögum.

Stofn til staðgreiðslu sem arður samkvæmt lögum þessum teljast arðstekjur, sbr. 4. tölul. C-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, þ.e. fjárhæð þá er félög skv. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1981 greiða eða úthluta í arð.

Afdráttur staðgreiðslu.

5. gr.

Afdráttur staðgreiðslu af vöxtum skal fara fram eins og nánar er kveðið á um í þessari málsgrein:

1. Staðgreiðsla af vöxtum skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. 4. gr. skal fara fram þegar vextir eru greiddir út eða færðir rétthafa til tekna og þar með lausir til ráðstöfunar. Með greiðslu er átt við greiðslu í hvaða formi sem er, hvort heldur greiðslu í peningum, kröfum eða öðru því sem hefur peningalegt verðgildi og látið er af hendi í stað peninga.
2. Rekstraraðilar hlutdeildarsjóða skulu gera skil á greiðslu skatts af tekjum sjóðsins. Sjóðurinn telst þá hafa fullnægt skattskyldu, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 4. gr., hjá eigendum hlutdeildarskírteina sjóðsins vegna þess tímabils sem gert er upp fyrir.
3. Aðili, sem tekur að sér lífeyristryggingar, söfnunartryggingar, skal gera skil á greiðslu skatts af tekjum af þeim. Telst þá skattskyldu lífeyristryggingahafa, söfnunartryggingahafa, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 4. gr., fullnægt.
4. Staðgreiðsla af tekjum skv. 6. tölul. 1. mgr. 4. gr. skal fara fram þegar þær eru færðar rétthafa til tekna og lausar honum til ráðstöfunar eða þegar þær eru greiddar út.
5. Við vexti af verðbréfum, sem ekki eru með árlegri greiðslu, skal, áður en skattur er reiknaður, bætast viðbótarfjárhæð sem miðast við að ársávöxtun eftir skatt yfir reikningstímabilið sé sem næst því sem verið hefði við árlega staðgreiðslu. Seðlabanki Íslands skal reikna út álagið fyrir hvert ár í upphafi næsta árs á eftir tekjuárinu.
6. Sé kröfu skuldbreytt þannig að áföllnum vöxtum sé bætt við höfuðstól skal staðgreiðsla dregin af þeim vöxtum sem voru áfallnir þegar skuldbreytingin er gerð.

Ef einungis er borgaður hluti af áskilinni afborgun kröfu skal við það miðað að vextir séu fyrst greiddir. Þegar verðbréf er selt, eða afhent sem greiðsla, skal skrá á verðbréfið nafn seljanda, kennitölu hans og dagsetningu sölu ásamt söluverði (kaupverði) eða markaðsvirði þegar um kröfu til lengri tíma en 12 mánaða er að ræða.

Afdráttur staðgreiðslu af afföllum skal fara fram við hverja afborgun af kröfu þeirri sem afföllin reiknast af. Ákvæði þessarar málsgreinar taka þó ekki til affalla þegar krafa er innheimt hjá öðrum en skilaskyldum aðilum, sbr. 3. gr.

Afdráttur staðgreiðslu af arði skal fara fram þegar hlutafélag greiðir eða úthlutar arði til hluthafa. Með greiðslu er átt við greiðslu í hvaða formi sem er, hvort heldur í peningum, kröfu eða öðru því sem hefur peningalegt verðgildi og látið er af hendi í stað peninga.

Upplýsingar til rétthafa.

6. gr.

Skilaskyldur aðili skv. 3. gr. skal ávallt geta um staðgreiðslu skatts á kvittun til rétthafa vaxta og arðs skv. 4. gr. Að tekjuári liðnu og eigi síðar en 1. febrúar ár hvert skulu skilaskyldir aðilar, sbr. 1. mgr. 3. gr., láta þeim sem skattur var dreginn af samkvæmt lögum þessum í té heildaryfirlit þar sem fram komi höfuðstóll inneignar eða kröfu í árslok, vextir ársins og afdregin staðgreiðsla á þá vexti. Lögaðilar, sbr. 2. mgr. 3. gr., skulu eigi síðar en 1. febrúar ár hvert gefa út hlutafjármiða þar sem fram komi m.a. staðgreiðsla næstliðins árs.

Greiðslutímabil og gjalddagar.

7. gr.

Greiðslutímabil skatts samkvæmt lögum þessum skal vera almanaksárið. Gjalddagi er 15. janúar árlega og er eindagi 15 dögum síðar.

Innheimta.

8. gr.

Skilaskyldur aðili skv. 3. gr. skal ótilkvaddur greiða á gjalddaga skv. 7. gr. skatt samkvæmt lögum þessum.

Greiðslur skv. 1. mgr. skal inna af hendi til innheimtumanna ríkissjóðs í því umdæmi sem skilaskyldur aðili á lögheimili í.

Nú hefur staðgreiðsla verið ofreiknuð og er þá skilaskyldum aðila skylt að endurgreiða hina ofreiknuðu fjárhæð ásamt dráttarvöxtum fyrir það tímabil sem skatturinn var í vörslu skilaskylds aðila. Sama skylda hvílir á ríkissjóði að því er varðar þann tíma sem staðgreiðsla er í hans vörslu.

Skilagreinar.

9. gr.

Með greiðslum skal fylgja skilagrein á þar til gerðu eyðublaði eða í öðru því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Aðilar skv. 3. gr. skulu skila skilagrein enda þótt enginn skattstofn sé fyrir hendi á tekjuárinu. Þeir geta þó sótt um undanþágu frá þessari skyldu til ríkisskattstjóra, enda hafi þeir þá ekki innheimtu á eða milligöngu með peningalegar eignir eða greiði út arð.

Skattstjóri skal yfirfara skilagreinar og gera á þeim leiðréttingar ef þörf krefur.

Ef aðili framvísar ekki fullnægjandi skilagrein innan tilskilinna tímamarka skal skattstjóri áætla skilaskylda fjárhæð hans.

Skattstjóri skal tilkynna aðila um áætlun eða leiðréttingu skv. 2. og 3. mgr.

Nú verður greiðslubrestur vegna kröfu, en skatti hefur þó verið skilað af vöxtum samkvæmt kröfunni, og er þá skilaskyldum aðila heimilt að senda til innheimtumanns leiðrétta skilagrein fyrir viðkomandi tímabil.

Þeir aðilar, sem staðgreiðsla er ekki dregin af, skulu gera grein fyrir vaxtatekjum og greiða tekjuskatt af þeim að tekjuári liðnu í samræmi við ákvæði X. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Bókhald.

10. gr.

Skilaskyldur aðili skv. 3. gr. skal haga bókhaldi sínu þannig að skattyfirvöld geti með auðveldum hætti staðreynt skil hans.

Fjármálaráðherra hefur heimild til að setja reglur um sérstakt bókhald skilaskyldra aðila.

Skrá um skilaskylda aðila.

11. gr.

Ríkisskattstjóri skal halda sérstaka skrá um skilaskylda aðila samkvæmt lögum þessum.

Aðili skv. 3. gr. skal innan átta daga frá því að hann tekur til starfa tilkynna ríkisskattstjóra um starfsemi sína sem þá færir viðkomandi í skrána. Ef aðili hættir starfsemi skal hann innan átta daga senda tilkynningu þar að lútandi til ríkisskattstjóra sem tekur viðkomandi út af skránni. Aðili, sem fellur undir 1. mgr. 3. gr., getur sótt til ríkisskattstjóra um að verða ekki færður á skrá um skilaskylda aðila, enda hafi hann ekki með höndum innheimtu á eða milligöngu með peningalegar eignir annarra.

Vanræki aðili tilkynningarskyldu sína skv. 2. mgr. skal ríkisskattstjóri úrskurða hann sem skilaskyldan aðila og tilkynna honum um það.

Tilkynningar samkvæmt þessari grein skulu vera á þar til gerðu eyðublaði sem ríkisskattstjóri lætur gera. Ríkisskattstjóri ákveður hvaða upplýsingar skuli gefa á þessu eyðublaði.

Ábyrgð.

12. gr.

Skilaskyldir aðilar skv. 3. gr. og skattskyldir aðilar skv. 2. gr. bera óskipta ábyrgð á þeim skatti sem dreginn er af fjármagnstekjum samkvæmt lögum þessum. Skattskyldur aðili ber þó ekki ábyrgð á þeim skatti sem hann sannar að skilaskyldur aðili hafi dregið af fjármagnstekjum hans.

Aðili, sem er skilaskyldur vegna milligöngu um viðskipti, er ekki ábyrgur fyrir greiðslu skatts af fjármagnstekjum umfram þá fjárhæð sem hann raunverulega fékk í hendur.

13. gr.

Rísi ágreiningur um staðgreiðslu samkvæmt lögum þessum milli skilaskylds og skattskylds aðila getur skattskyldur eða eftir atvikum skilaskyldur aðili kært staðgreiðsluna til skattstjóra innan 30 daga frá því að staðgreiðsla átti sér stað.

Skattstjóri getur krafist af aðilum allra þeirra upplýsinga sem hann telur þörf á til að fjalla efnislega um málið og kveða upp úrskurð um það. Skattstjóri getur jafnframt krafið þriðja mann um upplýsingar hér að lútandi ef skattstjóri telur þörf á til að upplýsa málsatvik.

Úrskurð eða ákvörðun skattstjóra má kæra til yfirskattanefndar innan 30 daga frá og með næsta degi eftir póstlagningu tilkynningar eða úrskurðar skattstjóra.

Ríkisskattstjóri.

14. gr.

Ríkisskattstjóri getur af sjálfsdáðum kannað öll atriði er varða skilaskyldu eða staðgreiðslu samkvæmt lögum þessum og breytt ákvörðun skattstjóra ef ástæða er til, svo og kannað sérhver önnur atriði er varða framkvæmd laga þessara. Getur hann í því skyni krafist allra upplýsinga og gagna sem hann telur þörf á að fá frá skattstjórum, innheimtumönnum ríkissjóðs, gjaldheimtum, bönkum, sparisjóðum, fjármálastofnunum eða öðrum aðilum um viðkomandi viðskipti.

Viðurlög.

15. gr.

Séu greiðslur samkvæmt lögum þessum eigi inntar af hendi á tilskildum tíma skal skattstjóri gera skilaskyldum aðila að sæta álagi til viðbótar þeim skatti sem honum bar að standa skil á. Sama gildir ef skilagrein hefur ekki verið skilað eða henni verið ábótavant og skattur því verið áætlaður, sbr. 3. mgr. 9. gr., nema skilaskyldur aðili hafi greitt fyrir eindaga fjárhæð er til áætlunarinnar svarar.

Álag á vanskilafé skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

1. Einn hundraðshluti af fjárhæð vanskilafjár fyrir hvern dag eftir eindaga, þó ekki hærra en tíu hundraðshlutar.

2. Álag til viðbótar af fjárhæð vanskilafjár fyrir hvern byrjaðan mánuð, talið frá og með 1. degi næsta mánaðar eftir eindaga, hið sama og dráttarvextir samkvæmt vaxtalögum, nr. 25/1987.

Við útreikning á álagi á áætlaða greiðsluskylda fjárhæð telst eindagi vera sá sami og eindagi greiðslu þess árs sem áætlað er fyrir. Sama gildir um álag á allar vangoldnar greiðslur fyrri ára.

Sendi skilaskyldur aðili fullnægjandi skilagrein innan 15 daga frá og með dagsetningu tilkynningar skattstjóra skv. 2. mgr. 9. gr. skal hann greiða fjárhæð skilafjár samkvæmt skilagreinum ásamt álagi, sbr. 2. mgr. Skattstjóri má breyta fyrri áætlun eftir lok þessara tímamarka ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Ef bókhaldi er ekki hagað í samræmi við ákvæði 10. gr. má áætla skilaskyldum aðila skilaskylda fjárhæð.

Komi í ljós að skilaskyldum aðila, sem greiða átti skilafé, hafi ekki verið áætluð skilaskyld fjárhæð eða áætlun verið lægri en það skilafé sem honum bar að greiða skal hann greiða hið skilaskylda skilafé auk álags skv. 2. mgr.

Fella má niður álag skv. 2. mgr. ef skilaskyldur aðili færir gildar ástæður sér til afsökunar og metur skattstjóri það í hverju einstöku tilviki hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi. Innan 30 daga frá og með næsta degi eftir póstlagningu úrskurðar skattstjóra er heimilt að áfrýja mati hans til yfirskattanefndar sem kveður upp endanlegan úrskurð.

Sé skattur samkvæmt lögum þessum vanreiknaður má gera skilaskyldum aðila að greiða vanskilafé sex ár aftur í tímann, talið frá byrjun þess árs þegar endurreikningur fer fram. Fari fram rannsókn á skilum skilaskylds aðila nær heimild til endurreiknings til sex ára aftur í tímann, talið frá byrjun þess árs þegar rannsókn hófst.

16. gr.

Vanskilafé, álag og sektir samkvæmt lögum þessum skal innheimt af innheimtumanni ríkissjóðs í því umdæmi þar sem skuldari á lögheimili eða hefur starfsstöð.

Vanskilafé, álag og sektir njóta fjárnámsréttar í eignum skuldara.

Innheimtumaður ríkissjóðs skal senda skilagrein til skattstjóra yfir það fé er hann hefur móttekið samkvæmt ákvæðum þessara laga. Innheimtu vanskilafé og álagi skal haldið aðgreindu á sérstökum reikningi þar til skilagrein berst frá skilaskyldum aðila.

Refsingar.

17. gr.

Ákvæði laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, skulu gilda um upplýsingar og eftirlit, viðurlög og málsmeðferð aðlútandi staðgreiðslu samkvæmt lögum þessum. Skulu ákvæði þeirra laga m.a. taka til dráttarvaxta, áætlunar skilaskyldrar fjárhæðar og innheimtu vanskilafjár, þar með talið um aðför og stöðvun atvinnurekstrar vegna vanskilanna og fyrningu gjaldkröfu. Einnig skulu ákvæði sömu laga gilda um opinbera rannsókn og refsingar vegna brota á lögum þessum, þar með talið um úrskurðarvald yfirskattanefndar um sektir, sbr. lög nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, með síðari breytingum.

Reglugerðarheimild.

18. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara.

Gildistaka.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1997.

20. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Aðilar, sem skilaskyldir eru skv. 3. gr., skulu strax við gildistöku laga þessara og eigi síðar en 31. desember 1996 senda ríkisskattstjóra tilkynningu um starfsemi sína sem þá skráir viðkomandi á skrá um skilaskylda aðila. Aðili, sem fellur undir 3. gr., getur farið fram á undanþágu frá færslu í skrá um skilaskylda aðila, enda hafi viðkomandi ekki milligöngu um innheimtu, fjárvörslu eða aðra sýslan með peningalegar eignir annarra.

Vanræki aðili tilkynningarskyldu sína skv. 1. mgr. skal ríkisskattstjóri úrskurða hann sem skilaskyldan aðila og tilkynna honum það.

Tilkynningar samkvæmt þessu ákvæði skulu vera á þar til gerðu eyðublaði sem ríkisskattstjóri lætur gera. Ríkisskattstjóri ákveður hvaða upplýsingar skuli gefa á þessu eyðublaði.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við frumvarp um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, en þar er kveðið á um samræmda skattlagningu fjármagnstekna. Í þessu frumvarpi er kveðið á um þær reglur sem gilda eiga um staðgreiðsluskil skatts á fjármagnstekjur. Reglurnar taka til þess skatts sem reiknast á nafnvexti (að meðtöldum verðbótum) í innlánsviðskiptum bankastofnana og verðbréfa- og kröfuumsýslu þeirra og annarra fjármálastofnana. Einnig er kveðið á um staðgreiðslu skatts af arði af hlutabréfum. Utan staðgreiðsluskyldu fellur gengishagnaður, erlend viðskipti og viðskipti milli einstaklinga.

Staðgreiðslan nær bæði til vaxta utan rekstrar og þeirra vaxta sem myndast í rekstri. Í síðarnefnda tilvikinu er litið á hana sem bráðabirgðagreiðslu upp í skatt sem endurgreiðist í uppgjöri ef hún er umfram endanlega álagðan skatt. Miðar þetta fyrirkomulag að því að einfalda sem allra mest alla framkvæmd og gera hana á allan hátt sem viðurhlutaminnsta og ódýrasta.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin afmarkar gildissvið staðgreiðslunnar. Ekki þykir fært að krefjast staðgreiðslu af öðrum fjármagnstekjum en vöxtum og arði. Húsaleigutekjur og söluhagnaður falli því utan staðgreiðslu.

Erfitt getur verið á staðgreiðsuárinu að greina milli vaxta og arðs sem myndast í rekstri og slíkra tekna sem til falla utan rekstrar. Tekur því staðgreiðsla til allra en í þeim tilvikum að tekjurnar hafi myndast í atvinnurekstri verður litið á staðgreiðsluna sem bráðabirgðagreiðslu sem síðar kemur til frádráttar álögðum gjöldum.

Framtalsskylda heldur sér á vaxta- og arðstekjum einnig í þeim tilvikum að staðgreiðslan teljist lokagreiðsla skatts.

Um 2. gr.

Skattskylda að því er fjármagnstekjuskatt varðar nær til fleiri aðila en skattskyldir eru almennt til tekjuskatts og eignarskatts. Ákvæðið hefur að geyma reglur um sérstök skattskil og skilagreinar þeirra sem hin útvíkkaða skattskylda tekur til. Í 2. mgr. eru taldar upp þær fjármálastofnanir sem eðlilegt er talið að standi utan skattlagningar.

Um 3. gr.

Greinin tilgreinir þá aðila sem skilaskyldan hvílir á.

Um 4. gr.

Skilgreining á vöxtum og arði er í greininni með sama hætti og í lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Utan staðgreiðsluskyldu er gengishagnaður. Skattur af slíkum vaxtatekjum verður lagður á eftir á sem hluti þinggjaldaálagningar og greiðist á tímabilinu ágúst – desember árið eftir tekjuárið. Á þannig ákvarðaðan fjármagnstekjuskatt færist síðan álag skv. 1. mgr. 121. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Um 5. gr.

Hér er nánari útfærsla á þeim reglum sem gilda um afdrátt staðgreiðslu. Reiknireglur um álag, sbr. 4. tölul. hafa það að markmiði að jafna stöðu kúlubréfa og annarra innlánsforma.

Staðgreiðsluskatti af arði skal skilað á sama gjalddaga og af vöxtum þ.e.15. janúar næsta árs á eftir því þegar hann fellur til. En afdráttur skattsins fer fram þegar hann er greiddur eða úthlutað til hluthafa.

Um 6. gr.

Hér er sett fram sú mikilvæga regla að kvittanir og yfirlit um afdregna staðgreiðslu og staðgreiðslustofn verði gefnar út og afhentar rétthöfum vaxta og arðs.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Fyrirkomulag skilagreina verður með svipuðu sniði og nú tíðkast við almenna staðgreiðslu opinberra gjalda og tryggingagjalds og kveður greinin á um það. Sérstakt ákvæði er í lokamálsgrein greinarinnar um meðferð skilagreina þegar krafa, sem vextir reiknast af, fæst ekki greidd.

Um 10. gr.

Þeir aðilar, sem greiða vexti og arð og halda eftir staðgreiðslu af slíkum greiðslum, þurfa eðlilega að halda utan um slíkt með markvissum hætti. Greinin gerir ráð fyrir sérstöku bókhaldi í þessu skyni.

Um 11. gr.

Í greininni eru ákvæði um tilkynningar og skráningu skilaskyldra aðila. Hér er stefnt að sama fyrirkomulagi og í almennum staðgreiðsluskilum.

Um 12. gr.

Ábyrgð á staðgreiðsluskilum er óskipt milli greiðenda vaxta og arðs og þeirra er slíkar tekjur fá. Ákvæði þetta hefur m.a. þýðingu þegar greiðandi vaxta eða arðs sinnir ekki staðgreiðsluskyldu sinni en þá geta skattyfirvöld gengið að hvorum aðila sem er, greiðanda eða viðtakanda teknanna. Ábyrgð viðtakanda teknanna fellur þó niður ef hann sýnir fram á að skilaskyldur aðili hafi dregið af fjármagnstekjum hans.

Um 13. gr.

Eðlilegt þykir að kveða skýrt á um úrskurðun í ágreiningsmálum ef upp koma í tengslum við staðgreiðsluna. Fara slík mál í sama farveg og almenn skattamál, þ.e. unnt er að kæra til skattstjóra og eftir atvikum til yfirskattanefndar.

Um 14. gr.

Hlutverk ríkisskattstjóra er að hafa umsjón með skilum á svipaðan hátt og hann hefur í sambandi við staðgreiðslu opinberra gjalda nú. Þessu ákvæði er ekki ætlað að breyta núgildandi reglum um aðgang skattyfirvalda að upplýsingum í bankastofnunum.

Um 15.–17. gr.

Viðurlagsákvörðun og endurákvörðun skilaskyldrar greiðslu fer eftir sambærilegum reglum og nú gilda við staðgreiðslu opinberra gjalda.

Sama á við um meðferð vanskilafjár, álags og sekta.

Ákvörðun um refsingar fer alfarið eftir núgildandi lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Um 18. og 19. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Ákvæðið fjallar um skráningu skilaskyldra aðila við upphaf staðgreiðslu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um fjármagnstekjuskatt.

Samhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Bæði frumvörpin varða sama málið, þ.e. skattlagningu og innheimtu skatts á fjármagnstekjur. Um mat á kostnaði vísast til kostnaðarumsagnar sem fylgir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

752. Frumvarp til laga [423. mál]

um þjónustusamninga og hagræðingu í ríkisrekstri.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

Einstökum ráðherrum er heimilt, telji þeir það hagkvæmt:

a. að fela einni ríkisstofnun að annast framkvæmd þjónustuverkefna annarrar ríkisstofnunar,
b. að semja við sveitarfélög og einkaaðila um að veita tímabundið lögboðna þjónustu sem ríkissjóði ber að greiða fyrir.

Gera skal skriflegan samning milli hlutaðeigandi ráðherra og veitanda þjónustunnar.

2. gr.

Samningur skv. 2. mgr. 1. gr. skal vera á ábyrgð viðkomandi ráðherra og háður samþykki fjármálaráðherra hvað varðar fjárhagsleg atriði. Í samningnum skal m.a. kveða á um þá þjónustu sem ríkissjóður kaupir, magn og gæði hennar, greiðslur ríkissjóðs fyrir þjónustuna, eftirlit með samningnum og meðferð ágreiningsmála. Samningstíminn skal að hámarki vera 10 ár.

3. gr.

Samningar við einkaaðila samkvæmt lögum þessum skulu að jafnaði gerðir að undangengnu útboði, sbr. 6. gr. laga nr. 52/1987, um opinber innkaup. Fjármálaráðherra skal í reglugerð setja nánari reglur um undirbúning, gerð og eftirlit með samningum um opinbera þjónustu.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Liggi ekki fyrir skriflegur samningur við aðila utan hins opinbera sem við gildistöku þessara laga veita lögboðna þjónustu sem ríkissjóður greiðir skal úr því bæta enda veiti þeir þjónustuna áfram. Einnig skal endurskoða þá samninga sem lög þessi taka til en uppfylla ekki skilyrði 2. gr. Samningar samkvæmt þessu ákvæði skulu undirritaðir fyrir árslok 1996. Að öðrum kosti ber að draga úr eða fella niður framlög úr ríkissjóði til viðkomandi aðila.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilgangur frumvarpsins er að auka hagkvæmni með því að skjóta lagastoðum undir aukinn sveigjanleika í ríkisrekstri og að innsigla með samningum þá þjónustu sem ríkið kostar.

Með auknu aðhaldi í fjármálum ríkisins hafa áherslur í stjórnun ríkisrekstrar tekið breytingum. Gerðar eru auknar kröfur til stofnana um að þau verkefni, sem þær hafa með höndum, séu unnin á eins hagkvæman og skilvirkan hátt og frekast er kostur. Ákvarðanir og ábyrgð á framkvæmdaratriðum eru færðar til ríkisstofnana og þær hvattar til að tileinka sér nýjungar í rekstri til að draga úr kostnaði og auka gæði þjónustunnar. Samhliða er ætlast til þess að stofnanir og ráðuneyti geri grein fyrir árangri rekstursins, hverjir njóta þjónustunnar, hve mikil þjónusta er veitt og svo framvegis. Aukinn sveigjanleiki er forsenda hagræðingar.

Nauðsynlegt er að verkaskiptingin sé skýr og að um hana gildi ákveðnar reglur til þess að tryggja að þjónustan sé veitt og koma í veg fyrir tvíverknað sem leiðir til aukinnar fyrirhafnar og kostnaðar. Sú leið að ákveða með lögum hver skuli annast einstök verkefni án möguleika á samningsbundnum frávikum dregur úr sveigjanleika og getur komið í veg fyrir að tækifæri til hagræðingar séu nýtt til fullnustu. Dæmi um þetta er snjómokstur á vegum og þjónusta við aldraða í heimahúsum.

Þjónusta ríkisstofnana er í stöðugri þróun eftir því sem þarfirnar breytast og möguleikar á að uppfylla þær aukast. Sveitarfélög, félagasamtök og aðrir einkaaðilar hafa eflst á síðustu árum og veita í dag ýmsa þjónustu sem ríkið veitti áður. Full ástæða er til að ríkið nýti sér þetta með því að tryggja að þjónusta sem ríkið kostar, sé ávallt í höndum þess aðila sem er best til þess fallinn að veita hana með sem minnstum kostnaði en jafnframt með sem mestum árangri. Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar eða er unnið að hjá hinu opinbera með að færa tiltekin verkefni frá ríkisaðilum sem bera ábyrgð á þeim lögum samkvæmt til annarra aðila sem eru taldir betur til þess fallnir að annast verkefnin. Nú er unnið að samningum við sveitarfélög um að þau veiti til reynslu ýmsa þjónustu sem ríkissjóði er ætlað að kosta og ríkisaðilum ætlað að veita samkvæmt lögum. Gerður hefur verið samningur við Hornafjarðarbæ og unnið er að samningum við nokkur önnur sveitarfélög. Einnig eru dæmi um verkefni sem flutt hafa verið úr forsjá einnar ríkisstofnunar til annarrar eða ein ríkisstofnun tekur að sér að veita þjónustu í samvinnu við aðra ríkisstofnun sem ber lögum samkvæmt að veita þjónustuna. Sem dæmi um það síðarnefnda má nefna að sýslumenn eru umboðsmenn Tryggingastofnunar ríkisins og stjórnir heilsugæsluumdæma semja við slökkvilið, félagasamtök o.fl. um sjúkraflutninga. Í sumum tilvikum hefur slík tilfærsla aðeins verið gerð að fenginni lagaheimild. Dæmi um þetta er flutningur mengunarvarna sjávar frá Siglingamálastofnun ríkisins til Hollustuverndar ríkisins. Þá er ýmis þjónusta sem ríkissjóði er ætlað að kosta veitt af einkaaðilum, félagasamtökum og sjálfseignarstofnunum. Samningar við þessa aðila eru misjafnlega formlegir og í mörgum tilvikum hafa skriflegir samningar ekki verið gerðir. Form-

legir samningar hafa t.d. verið gerðir við Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði, Verslunarskóla Íslands, Krabbameinsfélag Íslands og Heimilislæknastöðina hf. Ekki hafa verið gerðir samningar við Vinnuheimili SÍBS á Reykjalundi, Hjúkrunarheimilið Eir, Styrktarfélag vangefinna eða meðferðarstofnanir SÁÁ svo að nefndir séu nokkrir aðilar sem veita þjónustu sem ríkið kostar. Samskipti ríkisins við einkaaðila sem veita þjónustu sem ríkið kostar hefur verið með ýmsum hætti. Dæmi eru um slíka aðila sem hafa lent í rekstrarvanda sem ríkissjóður hefur þurft að leysa úr svo að lögboðin þjónusta væri tryggð. Í einstaka tilvikum hefur tilætluðum upplýsingum ekki verið skilað og eftirliti ríkisins verið áfátt. Ábyrgð á starfsmannahaldi þessara aðila er í sumum tilvikum ekki nógu skýr og mismunandi reglur í gildi um launagreiðslur, aðild starfsmanna að lífeyrissjóðum og ábyrgð á skuldbindingum. Talið er afar brýnt að koma samskiptum ríkisins við þessa aðila í fast form þannig að í öllum tilvikum verði gerður skriflegur samningur sem uppfyllir ákveðin lágmarksskilyrði og kveður á um ábyrgð hvors aðila um sig.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin felur í sér heimild til handa ráðherra að færa þjónustuverkefni frá einni ríkisstofnun til annarrar og semja við sveitarfélög og einkaaðila um þjónustu sem ríkið kostar. Þjónustan getur ýmist verið veitt þriðja aðila, t.d. almenningi, eða ríkinu og stofnunum þess. Með einkaaðila er hér átt við einstaklinga, félagasamtök, sjálfseignarstofnanir og lögaðila. Samkvæmt greininni skal hlutaðeigandi ráðuneyti gera samning við veitanda þjónustunnar, hvort sem hann tilheyrir hinu opinbera eða ekki. Samningur breytir ekki lögbundnum boðleiðum og skyldum gagnvart þeim sem þjónustan er ætluð, heldur einungis ákvæðum varðandi það hver veitir þjónustuna.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu felst að samningar skulu gerðir með aðild fjármálaráðuneytis hvað varðar fjárhagsleg atriði. Þetta er nauðsynlegt þar sem samningar til nokkurra ára fela í sér fjárskuldbindingar fyrir ríkissjóð sem þarf að fullnusta og breytingar á launamálum og starfsmannahaldi sem fjármálaráðuneytið ber ábyrgð á. Ætlast er til þess að í samningum sé í aðalatriðum kveðið á um þá þjónustu sem ríkissjóður greiðir, magn og gæði hennar, greiðslur ríkissjóðs fyrir þjónustuna, eftirlit með samningum og meðferð ágreiningsmála. Í fylgiskjali I er minnisblað fjármálaráðuneytisins, varðandi þessi atriði.

Samningstíminn skal að hámarki vera 10 ár. Talið er að með samningum til nokkurra ára aukist líkur á því að þjónustan sé veitt í samræmi við markmið ríkisins og þarfir þeirra sem notfæra sér hana. Samningsaðilar byggja upp gagnkvæmt traust á samningstímanum og sá sem tekur verkið að sér öðlast reynslu og þekkingu á samningstímanum sem auðveldar honum að bjóða í verkið þegar samningur fellur úr gildi. Gera má ráð fyrir að í upphafi verði samið til fárra ára svo að unnt sé að endurskoða samninga í ljósi reynslunnar. Slík endurskoðun er afar mikilvæg, enda má ætla að forsendur breytist í flestum tilvikum þegar líður á samningstímann og kalli á viðeigandi breytingar á samningi. Samningar til lengri tíma byggjast væntanlega á haldgóðri reynslu og ákvæðum um endurmat á forsendum samningsins með reglubundnu millibili. Með því móti má ætla að bæði ríkið og notendur þjónustunnar eigi kost á lægra verði og betri þjónustu. Tímalengd samninga kann enn fremur að ráðast að nokkru af kröfu á hendur verktaka um að leggja fram dýran sérhæfðan stofnbúnað.

Um 3. gr.

Ætlast er til að samningar við einkaaðila samkvæmt lögum þessum skuli að jafnaði gerðir að undangengnu útboði samkvæmt ákvæðum laga um opinber innkaup. Með þessu er ætlunin að tryggja jafnræði þeirra sem bjóða ríkinu þjónustuna og að hagkvæmasta tilboði sé tekið með tilliti til verðs og gæða. Fjármálaráðherra er ætlað að setja nánari reglur um undirbúning, gerð og eftirlit með samningum um opinbera þjónustu og verkaskiptingu milli viðkomandi ráðuneytis og fjármálaráðuneytis þar að lútandi.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ýmsir aðilar utan hins opinbera veita lögboðna þjónustu sem ríkissjóður greiðir án þess að fyrir liggi skriflegur samningur um magn og gæði þjónustunnar, ábyrgð hvors samningsaðila eða aðra þætti sem máli skipta. Á tímum aðhalds í ríkisfjármálum getur varla talist forsvaranlegt að þessi háttur haldi áfram, enda er um að ræða útgjöld sem nema hundruðum milljóna króna árlega. Miklu skiptir að koma inn ákvæði í lög sem tryggi að gerðir séu formlegir samningar við þá aðila utan hins opinbera sem veita þjónustu sem ríkið greiðir.

Einnig þarf að endurskoða þá gildandi samninga sem gerðir hafa verið við aðila utan ríkisins, enda kveði samningarnir ekki á um öll þau atriði sem gert er ráð fyrir að samningar þurfi að uppfylla skv. 2. gr. Til að auka áherslu á mikilvægi þessa er lagt til að samningum við þessa aðila skuli lokið fyrir árslok 1996, enda veiti þeir þjónustuna áfram. Að öðrum kosti ber að draga úr eða fella niður framlög úr ríkissjóði til viðkomandi aðila.

Fylgiskjal I.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Þjónustusamningar við aðila utan ríkisins.

Í minnisblaði þessu er fjallað um samninga ráðuneyta um kaup á þjónustu sem veitt er landsmönnum og helstu atriði sem fjármálaráðuneytið telur að taka þurfi á við gerð þeirra. Það er hugsað sem kynning fyrir aðila utan ríkisins, sem eiga fyrir höndum að gera slíka samninga.

Þjónustusamningar eru samningar um kaup á þjónustu við landsmenn sem kostuð er af almannafé. Slíka samninga geta ráðuneyti ýmist gert við ríkisstofnanir eða aðila utan ríkisins. Þjónustusamningar við aðila innan og utan ríkisins eiga margt sameiginlegt. Sá reginmunur er þó á að ríkið ber ótakmarkaða ábyrgð á stofnunum ríkisins en ekki á starfsemi annarra aðila þótt þeir veiti þjónustu sem kostuð er af ríkinu. Þessi munur lýsir sér í efnisatriðum samninga.

Við gerð þjónustusamninga við aðila utan ríkisins hyggst fjármálaráðuneytið leggja áherslu á að um sé að ræða samninga milli óskyldra aðila sem sjá sér gagnkvæman hag í samningi. Í samningum verður í aðalatriðum kveðið á um *hvaða þjónustu* ríkið kaupir, *magn og gæði* hennar, hvað ríkið *greiðir* fyrir þjónustuna, *eftirlit* með samningnum og *meðferð ágreiningsmála*.

Í þjónustusamningum er ætlunin að bæta úr ýmsum atriðum sem oft hafa verið látin liggja milli hluta og varða skyldur hvors aðila um sig. Ætlunin er að lýsa betur því sem verið er að kaupa og koma samskiptum ríkisins sem kaupanda og viðkomandi aðila sem seljanda í fastara form.

1. Samningsaðilar — samningstími.

Miðað er við að samningsaðilar séu annars vegar fagráðuneyti, sem verkkaupi, og hins vegar stjórn viðkomandi sjálfseignarstofnunar, félagasamtaka, hlutafélags eða sveitarfélags, sem verksali. Fjármálaráðuneytið kemur að samningsgerðinni og staðfestir fjármálaráðherra fjárveitingar úr ríkissjóði. Ráðuneytin kynna samninginn fyrir Alþingi.

Samningstímabil er háð samkomulagi og er miðað við að það geti verið til jafnaðar allt að fjögur ár. Sé samið til lengri tíma en fjögurra ára skulu samningsaðilar endurmeta forsendur samningsins með reglubundnu millibili sem nánar verði skilgreint í samningnum.

2. Mat á hæfi samningsaðila.

Áður en samningaviðræður hefjast þarf verksali að leggja fram upplýsingar um starfsemi og fjárhagsstöðu sína svo unnt sé að meta faglegt og fjárhagslegt bolmagn hans til að veita þjónustuna sem ætlunin er að semja um kaup á. Mat þetta er líkt því sem fram fer við útboð á framkvæmdum.

3. Magn og gæði þjónustu.

Við samningsgerðina þarf að afmarka þá þjónustu og starfsemi sem samningur nær til. Hægt er að hugsa sér samning um alla þá þjónustustarfsemi sem fram fer á vegum verktaka eða aðeins afmarkaðan hluta hennar. Einnig kemur til greina að gera sérstakan samning um leigu og notkun á aðstöðu og annan um þjónustu.

Kveða þarf á um *hve mikla* þjónustu ætlunin er að kaupa, *hver ákveður hverjum* hún skuli veitt, hvenær og í *hvaða mæli*. Í því sambandi þarf m.a. að kanna þarfir notenda þjónustunnar. Einnig er æskilegt að kanna möguleika á að notendum sé boðið upp á val, t.d. varðandi stoðþjónustu, þótt kostnaðurinn verði ekki greiddur úr ríkissjóði.

Kveða þarf á um *gæði þjónustunnar*, m.a. séð frá sjónarhóli notenda. Byggt verði á tölulegum mælikvörðum og þjónustustöðlum eftir föngum. Þar sem mælikvarðar á gæði þjónustu kunna að vera ófullkomnir munu ráðuneyti gera ákveðnar lágmarkskröfur. Slíkar kröfur beinast eftir atvikum að umgjörð þjónustunnar, framkvæmd hennar og árangri. Þannig verða gerðar lágmarkskröfur, t.d. um aðstöðu, afkastagetu, menntun og fjölda starfsfólks, efnismagn, hollustuhætti, varúðarráðstafanir, biðtíma, afgreiðslutíma, fagmennsku, áreiðanleika, upplýsingamiðlun og þætti sem geta verið til marks um það hve vel þjónustan kemur að gagni. Til álita kemur að skilgreina á hvaða sviðum skiptir mestu að ná árangri. Í þeim tilvikum þar sem til eru lagaákvæði um tilhögun þjónustu verði vísað til þeirra eða þau felld inn í samninginn. Það getur m.a. átt við um ákvæði stjórnsýslulaga sem vernda rétt þeirra sem njóta þjónustu sem ríkissjóður greiðir.

4. Greiðsla fyrir þjónustu.

Í samningi þarf að kveða á um greiðslur fyrir þjónustu, bæði greiðslur ríkisins og notenda. Framlag ríkisins getur verið ákvarðað á ýmsan hátt, t.d. eftir því hvers konar þjónustu samið er um. Ríkið mun ætlast til þess að hagræði sem samningur hefur í för með fyrir þjónustuaðilann nýtist ekki aðeins honum, heldur einnig ríkinu og þeim sem þiggja þjónustuna.

Áður en framlag fyrir afnot af aðstöðu er ákvarðað þarf að meta hvort henni hafi verið komið upp með tilstyrk ríkisins, t.d. framlögum úr opinberum sjóðum, og hvar eignarrétturinn liggur.

Í þeim tilvikum sem ríkið greiðir meira en helming kostnaðar verður gerð krafa um að verksali fylgi útboðsstefnu ríkisins við kaup á aðföngum og hagi bókhaldi sínu þannig að það veiti nauðsynlegar upplýsingar.

Ekki eru í gildi sérstök lög um sjálfseignarstofnanir og félagasamtök sem stunda atvinnustarfsemi. Því munu ráðuneyti ætlast til þess að í þjónustusamninga við slíka aðila verði sett ákvæði, sambærileg lagaákvæðum sem nú gilda um hlutafélög, um stjórn, stjórnendur, bókhald, ársreikninga og endurskoðun.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins hefur í nokkrum tilvikum tekið í tölu sjóðfélaga starfsmenn sem ekki eru ráðnir af ríkinu, m.a. starfsmenn uppeldis- og heilbrigðisstofnana sem reknar eru af sjálfstæðum styrktar- og líknarfélögum. Eðlilegt er að stofnunum þessum verði gert að standa skil á greiðslu vegna lífeyrisskuldbindinga starfsmanna sinna. Ef skuldbindingar eru óuppgerðar við upphaf samningstímans þarf að fjalla um uppgjör þeirra.

5. Eftirlit með framkvæmd samnings.

Ætlunin er að verksali komi sér upp innra eftirliti eða gæðakerfi, starfsemin verði borin saman við viðurkennda staðla eða tekin upp kerfisbundin upplýsingasöfnun sem nýtist við eftirlit.

Umsjón með framkvæmd samningsins verður í höndum viðkomandi fagráðuneytis og einnig fjármálaráðuneytisins hvað varðar fjármálahlið hans.

Endurskoðun á framkvæmd þjónustusamninga verður í höndum Ríkisendurskoðunar. Mun hún beinast að því að staðfesta upplýsinga- og eftirlitskerfi samningsaðila og sannreyna hvort upplýsingar um framkvæmd samningsins eru í samræmi við ákvæði hans. Ríkisendurskoðun endurskoðar enn fremur ársreikning þess hluta rekstrarins sem greiddur er af ríkissjóði, í samræmi við þau lög er um stofnunina gilda. Ríkisendurskoðun getur enn fremur framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun á samningnum ef hún telur þess þörf. Hún getur kallað eftir öllum þeim gögnum frá samningsaðilum sem stofnunin telur sig þurfa við endurskoðun á framkvæmd samningsins og ársreikningi þess hluta rekstrar sem borinn er af ríkissjóði.

Í samningnum verður kveðið á um birtingu endurskoðaðs ársreiknings og ársskýrslu.

6. Meðferð ágreinings, viðurlög og uppsagnarákvæði.

Af hálfu ríkisins verður ætlast til þess að verksali leggi fram viðunandi tryggingu fyrir því að hann muni standa við sinn hluta samningsins og að í samningnum verði kveðið á um úrræði sem hægt er að grípa til ef samningsaðili telur gagnaðila ekki uppfylla samningsskyldur sínar. M.a. þarf að kveða á um meðferð ágreiningsmála, svo sem skipun sáttanefndar eða gerðardóms.

Í samningnum þurfa að vera uppsagnarákvæði m.a. vegna vanefnda, svo og um rétt til að óska eftir endurskoðun á tilteknum ákvæðum samningsins vegna breyttra forsendna.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um þjónustusamninga og hagræðingu í ríkisrekstri.

Frumvarpið felur í sér heimild til handa ráðherra að fela einni ríkisstofnun að annast framkvæmd þjónustuverkefna annarrar ríkisstofnunar og að semja við sveitarfélög og einkaaðila um að veita tímabundið lögboðna þjónustu sem ríkissjóði ber að greiða fyrir. Ætlast er til að gerðir séu skriflegir samningar milli hlutaðeigandi ráðherra og veitanda þjónustunnar.

Frumvarpið eykur sveigjanleika í ríkisrekstri en stuðlar jafnhliða að aukinni formfestu í viðskiptum um þjónustu sem ríkið kostar og skapar því skilyrði fyrir lækkun ríkisútgjalda. Ekki er unnt að leggja mat á fjárhæðir í þessu sambandi.

753. Frumvarp til laga [424. mál]

um gæludýrahald.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

1. gr.

Markmið laga þessara er að festa í lög reglur um gæludýrahald í þéttbýli, kveða á um réttarstöðu eigenda þeirra og annarra og veita sveitarfélögum heimildir til að setja nánari reglur í samþykktir um gæludýrahald.

2. gr.

Með gæludýrum samkvæmt lögum þessum er átt við hunda og ketti og önnur þau dýr sem einstaklingar halda sér til afþreyingar og hleypt er út undir bert loft um lengri eða skemmri tíma. Einnig teljast til gæludýra samkvæmt lögunum dýr af öðrum tegundum, telji heilbrigðisyfirvöld að þau geti valdið heilsutjóni eða viðlíka ama og af þeim orsökum sé rökstudd ástæða til afskipta af þeim í almannaþágu. Lögin taka ekki til búfjárhalds í þéttbýli, sbr. lög nr. 46/1991.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn samkvæmt lögum þessum. Sveitarstjórn er heimilt að ákveða með samþykkt, sem staðfest skal af umhverfisráðuneyti, að takmarka eða banna að haldnar séu tilteknar tegundir gæludýra í sveitarfélagi eða setja um það nánari skilyrði.

3. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að halda skrá yfir gæludýr í sveitarfélaginu samkvæmt nánari ákvæðum í samþykkt og skal eiganda gæludýrs eða forráðamanni eiganda sem er undir 16 ára aldri skylt að gera grein fyrir gæludýrum sem hlutaðeigandi heldur, ef þess er krafist.

4. gr.

Eigendur gæludýra skulu gæta þess að þau gangi ekki á annarra manna lendum og sjá til þess að dýrin valdi hvorki óþægindum né tjóni. Eiganda gæludýrs er skylt að bæta það tjón er dýrið veldur. Ef tjónþoli hefur á einhvern hátt stuðlað að því að tjón varð er heimilt að lækka bætur eða láta þær niður falla. Dýrin skulu merkt eiganda sínum í samræmi við nánari ákvæði í samþykkt sveitarfélags.

5. gr.

Heimilt er að handsama gæludýr sem ganga laus utan lóðarmarka eiganda í þéttbýli.

Eigendur dýranna skulu greiða kostnað við töku þeirra og geymslu og skal sveitarstjórn heimilt að halda þeim uns lögð hefur verið fram trygging fyrir greiðslu kostnaðar.

Hafi dýrsins ekki verið vitjað innan einnar viku frá því eiganda varð kunnugt um að það væri í vörslu sveitarfélags skal því ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda, það selt fyrir áföllnum kostnaði eða aflífað.

6. gr.

Brot gegn lögum þessum og samþykktum sem settar eru á grundvelli þeirra varða sektum og með mál á grundvelli þeirra skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Samþykktir um hunda- og kattahald sem settar hafa verið fyrir gildistöku þessara laga halda gildi sínu brjóti þær ekki í bága við lögin.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi 1.–3. gr. laga nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, með síðari breytingum.

Greinargerð.

Á 117. löggjafarþingi voru samþykkt eftir langan aðdraganda ný heildarlög um dýravernd, lög nr. 15/1994. Lögin fjalla um ábyrgð manna gagnvart öllum dýrum, en þó einkum þeim sem eru í vörslu eða umsjón manna, og taka bæði til dýraeigenda og hins almenna borgara. Segja má að frumvarpið sem hér er flutt sé eðlileg viðbót við löggjöf á þessu sviði. Með því er dreginn almennur lagarammi um gæludýrahald sem sveitarstjórnum er ætlað að fylla út í með samþykktum. Kveðið er á um ábyrgð þeirra sem kjósa að halda gæludýr í þéttbýli, merkingar gæludýra og hversu farið skuli með gæludýr sé settum reglum ekki fylgt.

Gildissvið frumvarpsins er takmarkað við gæludýr en það hugtak hefur ekki verið skilgreint í lögum og í raun er erfitt að afmarka það með glöggum hætti. Enda þótt hér sé ekki lagt til að lögfest verði ítarleg skilgreining á hugtakinu þá er frumvarpinu fyrst og fremst ætlað að ná til þeirra dýra sem menn halda í híbýlum sínum en höfð eru þó að einhverju leyti utan dyra. Eðli málsins samkvæmt tekur frumvarpið því í raun einkum til hunda og katta en takmarkast þó ekki við þær tegundir. Ákvæðin geta því t.d. tek-

ið til kanína, sem nokkuð er um í þéttbýli hér á landi, og jafnvel refa, sem dæmi eru um að einstaklingar haldi sér til dægradvalar. Frumvarpinu er hins vegar ekki ætlað að taka til gæludýra sem að staðaldri eru haldin í búrum innan húss nema sérstakar ástæður bjóði. Þar geta komið til heilsufarsástæður, smitsjúkdómar sem bregðast þarf við, ofnæmi og fleira af þeim toga. Frumvarpið tekur hins vegar ekki til hrossahalds í þéttbýli, en um það gilda ákvæði laga nr. 46/1991, um búfjárhald, og samþykktir sem gerðar hafa verið á grundvelli þeirra. Að auki hefur hestahald í þéttbýli sérstöðu að því leyti að slíkum tómstundabúskap eru afmörkuð svæði og þá oft utan þéttbýliskjarna sveitarfélaga.

Fyrir því er löng hefð að fólk í þéttbýli haldi dýr sér til afþreyingar og yndisauka. Hunda hafa sumir hjá sér í öryggisskyni. Í sveitum gegndu hundar, og sumpart einnig kettir, til skamms tíma mikilvægu hlutverki og við búferlaflutninga á mölina fluttu menn þessi dýr oft með sér. Fyrir börn hafa ýmis gæludýr mikið aðdráttarafl og umgengni við þau getur haft jákvætt uppeldislegt gildi.

Um leið og þetta er viðurkennt verður ekki fram hjá því litið að ýmsir ókostir fylgja dýrahaldi í þéttbýli og getur það valdið óþægindum og jafnvel haft hættu í för með sér. Árið 1994 voru skráð á Borgarspítalanum alls 375 slys af völdum dýra, þar á meðal bitsár.

Ekki liggja fyrir heildartölur um gæludýrahald hér á landi, enda er einungis hundahald háð opinberri skráningu. Nefna má til upplýsingar að í Reykjavík voru um það bil 1.135 hundar skráðir á árinu 1995, en á Akureyri voru skráðir hundar um 200 talsins. Ekki er vitað um fjölda annarra gæludýra en ljóst er að kattahald er nokkuð almennt.

Fá ákvæði er að finna í lögum á þessu sviði og einu lögin sem fjalla um þetta efni eru lög nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki. Sveitarfélög hafa á undanförnum áratugum sett sér samþykktir um hundahald og nú á síðari árum einnig um kattahald. Í samþykktunum eru hunda- og kattahaldi settar verulegar skorður og sveitarstjórnum veitt heimild til að takmarka það og setja fyrir því ýmis almenn skilyrði.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfest verði almenn heimild fyrir sveitarfélög til íhlutunar um gæludýrahald í þéttbýli. Ekki var talið rétt að festa efni takmarkana í lög nema að litlu leyti heldur er hér lagt til að sveitarfélögum verði í sjálfsvald sett að móta skilyrðin nánar. Þó er rétt að benda á það grundvallaratriði að slíkar takmarkanir verða að vera almennar og grundvallaðar á jafnræðissjónarmiðum.

Undanfarin ár hafa verið gerðar nokkrar rannsóknir á sjúkdómum sem rekja má til katta- og hundahalds. Má þar nefna rannsókn frá árinu 1996 um katta- og hundasnýkjudýr í sandkössum (sjá fylgiskjal), rannsókn frá árinu 1993 um sníkjudýr í og á köttum í Reykjavík og nágrenni og rannsókn frá árinu 1992 um óværu í köttum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í ákvæðinu koma fram markmið laganna. Um þau er vísað til greinargerðar með frumvarpinu.

Um 2. gr.

Samkvæmt ákvæðinu er sveitarstjórnum veitt heimild til að takmarka eða banna gæludýrahald með samþykktum. Skulu takmarkanir miðast við einstakar tegundir gæludýra samkvæmt nánari reglum. Sveitarstjórnum er með ákvæðinu veitt svigrúm til að móta reglurnar nánar en kveðið er á um í frumvarpinu eftir því sem aðstæður bjóða á hverjum stað. Hugtakið gæludýr í skilningi frumvarpsins er skilgreint í 2. gr., en að öðru leyti

vísast til greinargerðarinnar. Gert er ráð fyrir að umhverfisráðuneyti staðfesti samþykktirnar í samræmi við reglugerð um Stjórnarráð Íslands.

Um 3. gr.

Æskilegt getur verið að sveitarstjórnir hafi yfirsýn yfir gæludýraeign í sveitarfélagi og samkvæmt ákvæðinu er þeim heimilt að halda skrá yfir gæludýr samkvæmt nánari ákvæðum í samþykkt. Slík skráning er sérstaklega mikilvæg þar sem leyfi er gert að skilyrði og krafist gjalds af dýraeigendum en getur einnig verið mikilvæg til almennrar upplýsingaöflunar. Samkvæmt ákvæðinu er eiganda eða forráðamanni ólögráða eiganda skylt að gera grein fyrir gæludýrum sem hann heldur.

Um 4. gr.

Hér er lögð sú ábyrgð á eigendur gæludýra að þeir sjái til þess að dýrin valdi öðrum hvorki óþægindum né tjóni. Með ákvæðinu er lagt til að eigendur gæludýra beri hlutlæga bótaábyrgð á því tjóni sem dýrin kunna að valda, en jafnframt er gert ráð fyrir því að bætur til tjónþola lækki eða falli alveg niður ef hann hefur átt þátt í því að tjón varð. Er tillaga þessi í samræmi við það sem nú gildir um ábyrgð hundaeigenda að dönskum rétti.

Þá er lagt til að sveitarfélög geti krafist þess að tilteknar tegundir gæludýra verði merktar eigendum sínum en hér sem fyrr er sveitarstjórnum veitt svigrúm til að móta reglurnar að öðru leyti.

Um 5. gr.

Talið er nauðsynlegt að í lögum sé kveðið á um heimild til að handsama gæludýr sem ganga laus utan húss í þéttbýli og um nánari tilhögun þegar til slíkra aðgerða kemur. Eðlilegt er að eigendur dýranna beri ábyrgð á þeim kostnaði sem sveitarfélög hafa af því að taka þau. Frestur í 3. mgr. er í samræmi við 10. gr. laga nr. 15/1994, um dýravernd, og þykir hæfilegur þar sem kveðið er á um að upphaf hans miðist við að eiganda hafi verið gert kunnugt um töku dýrsins.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Lagt er til að hluti laga nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, verði felldur niður en kveðið er á um meginefni 1.–3. gr. laganna í frumvarpi þessu. Ákvæði laganna sem varða sullaveiki eru hins vegar ekki talin eiga heima í frumvarpinu og gilda því óbreytt ákvæði um þann vágest.

Fylgiskjal.

Töluvert er um óhreinsaða ketti í Reykjavík.
Kattarspóluormur í 9% allra sandkassa.
(Morgunblaðið, 9. febrúar 1996.)

Engar reglur eru til um kattahald í Reykjavík og ekki er unnið skipulega að útrýmingu útigangskatta í borginni. Margir kattaeigendur láta hjá líða að ormahreinsa ketti sína. Í rannsókn sem Heiðdís Smáradóttir, líffræðinemi í Háskóla Íslands, gerði á sandkössum í Reykjavík og Kópavogi fannst kattarskítur í 66% kassanna. Kattarspóluormur fannst í 9% sandkassanna, en hann getur verið mönnum hættulegur. Þá fannst í einu tilviki toxoplasma, en hann getur valdið fósturskemmdum. Þetta mun vera í fyrsta skiptið sem toxoplasma greinist í kattarskít hér á landi.

Sýnin voru tekin í október til desember í vetur. Rannsakaðir voru 32 sandkassar og fannst saur úr köttum í 21 kassa. Fimm tegundir af sníkjudýrum fundust í sex sandkössum. Í þremur sandkössum fundust egg úr kattarspóluormi og í einum kassa fundust egg úr hundaspóluormi. Í einum kassa fannst þolhjúpur einfrumungsins Giardia, en líkur eru á að þar sé um að ræða sömu tegund og veldur niðurgangi í fólki. Þá fannst dauð rotta í einum sandkassa.

Kattarspóluormur lifir í meltingarvegi katta og eggin berast út með saurnum. Ef þau berast ofan í menn klekjast lirfurnar út og fara á svokallað lirfuflakk með blóðrásinni. Þær mynda síðan um sig hjúpa þar sem þær stöðvast úti í vefjum líkamans. Það fer eftir því hvar þessir hjúpar eru hvort þetta reynist viðkomandi hættulegt eða ekki.

Heiðdís sagði að engar tölur væru fyrirliggjandi um sýkingar af völdum kattarspóluorms í mönnum hér á landi. Það þýddi þó ekki endilega að þessi sýking hefði ekki komið fyrir hér. Hún sagði að erlendis væri þetta sums staðar stórt vandamál. Um 10 þúsund sjúkdómstilfelli greindust árlega í mönnum í Bandaríkjunum. Í rannsókn á sandkössum í Ósló hefðu 36% sandkassa verið menguð af eggjum kattarspóluormsins.

Toxoplasma fannst í kattarskít.

Heiðdís fann í einum kassa toxoplasma, en það getur valdið bogfrymlasótt. Hún getur valdið fósturskemmdum hjá ófrískum konum. Heiðdís sagði að eftir því er hún kæmist næst væri þetta í fyrsta skipti á Íslandi þar sem toxoplasma greindist í kattarskít. Hún sagði að börn hefðu fæðst með bogfrymlasótt hér á landi. Ekki væri sjálfgefið að mæður barnanna hefðu smitast af köttum. Ýmsar aðrar smitleiðir kæmu til greina.

„Það er nauðsynlegt fyrir fólk að gera sér grein fyrir þeirri hættu sem getur stafað af kattarskít. Það er hægt að bæta ástandið mikið með því að hreinsa kettina reglulega, breiða yfir sandkassana, hreinsa kattarskít úr kössunum og skipta reglulega um sand í þeim. Mér sýnist að það sé mjög lítið gert til að hamla á móti þessu smiti. Það er ekki skylda að ormahreinsa ketti og ég sá hvergi dæmi um að breitt væri yfir sandkassana," sagði Heiðdís.

Heiðdís sagði að í sumum sandkössum hefði verið mjög mikið af kattarskít. Hún sagði að hættan væri mest á veturna. Þá gætu kettirnir ekki grafið skítinn í moldarbeð og þess vegna leituðu þeir í sandkassana.

Heiðdís vann ritgerð sína undir leiðsögn Karls Skírnissonar sníkjudýrafræðings á Tilraunstöð Háskóla Íslands í meinafræðum. Verkefnið var styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Ormahreinsun katta nauðsynleg.

Steinn Steinsson, héraðsdýralæknir í Reykjavík, sagði að dýralæknar ráðlegðu kattaeigendum að ormahreinsa ketti sína a.m.k. einu sinni á ári. Hann sagðist telja að þorri kattaeigenda færi að þessum ráðum. Vandamálið væri hins vegar að talsvert væri um útigangsketti í Reykjavík og þeir væru ekki hreinsaðir.

Guðmundur Björnsson, meindýraeyðir í Reykjavík, sagði að ekki væri mikið um eiginlega villiketti í Reykjavík. Hins vegar væri töluvert um að heimiliskettir legðust út. Hann sagði að allir kettir sem kvartað væri undan og meindýraeyði tækist að handsama væru fluttir í Kattholt og þar væri reynt að koma þeim til eigenda sinna.

Guðmundur sagðist ekki treysta sér til að dæma um hvort útigangsköttum væri að fjölga í borginni. Kvartanir væru alltíðar. Mörg dæmi væru um að kettir færu inn í hús, ætu mat og gerðu stykkin sín.

754. Nefndarálit [367. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um innflutning dýra, nr. 54/1990.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Höskuldsson, skrifstofustjóra í landbúnaðarráðuneytinu.

Frumvarpið var lagt fram þar sem í ljós hefur komið að í lögum um innflutning dýra skortir ótvíræða heimild til gjaldtöku vegna vistunar dýra í einangrunarstöðinni í Hrísey. Í nefndinni var lögð rík áhersla á að gjöldin yrðu ekki hærri en þörf krefði.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Hjálmar Jónsson, Magnús Stefánsson og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. mars 1996.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Egill Jónsson.	Árni M. Mathiesen.
Guðjón Guðmundsson.	Ágúst Einarsson.	Margrét Frímannsdóttir.

755. Fyrirspurn [425. mál]

til viðskiptaráðherra um útlánatöp banka, sparisjóða og sjóða 1990–95.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Hver voru útlánatöp viðskiptabanka, sparisjóða og sjóða á tímabilinu 1990–95?
2. Hver voru töpuð útlán sem hlutfall af heildarútlánum á sama tímabili?

3. Hversu háar upphæðir voru á sama tímabili greiddar ríkinu af hverri innlánsstofnun fyrir sig í tekju- og eignarskatt?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Á dögunum kom fram fyrirspurn um útlánatöp ríkisbanka og opinberra sjóða, 327. mál. Sú fyrirspurn var ekki fullnægjandi þar sem ekki var spurt um tap allra fjármálafyrirtækja í landinu. Tap þjóðfélagsins er jafnmikið hvort sem rekstrarformið er ríkisfyrirtæki eða einkafyrirtæki. Því er í þessari fyrirspurn spurt um öll fyrirtæki á þessu sviði. Einnig er spurt um hlutfall tapaðra útlána af heildarútlánum sem segir meira um rekstur hverrar stofnunar vegna mismunandi stærðar þeirra. Til samanburðar er enn fremur spurt um skatta og gjöld sem þessi fyrirtæki greiða til ríkisins.

756. Fyrirspurn [426. mál]

til félagsmálaráðherra um breytingar á réttarstöðu fólks við gildistöku EES-samningsins.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvaða breytingar urðu á réttarstöðu fólks á sviði félagsmála við flutninga milli norrænna landa við gildistöku EES-samningsins 1. janúar 1994?
2. Féllu niður eða breyttust ákvæði í þágildandi samningum milli norrænna landa á þessu sviði? Ef svo er, hafa einhverjar breytingar eða leiðréttingar verið gerðar síðan og þá hverjar? Sé svo ekki, eru þær þá áformaðar og hvenær?

Skriflegt svar óskast.

757. Fyrirspurn [427. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um breytingar á réttarstöðu fólks við gildistöku EES-samningsins.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvaða breytingar urðu á réttarstöðu fólks á sviði heilbrigðis- og tryggingamála við flutninga milli norrænna landa við gildistöku EES-samningsins 1. janúar 1994?
2. Féllu niður eða breyttust ákvæði í þágildandi samningum milli norrænna landa á þessu sviði? Ef svo er, hafa einhverjar breytingar eða leiðréttingar verið gerðar síðan og þá hverjar? Sé svo ekki, eru þær þá áformaðar og hvenær?

758. Frumvarp til laga [428. mál]

um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Flm.: Jón Baldvin Hannibalsson, Margrét Frímannsdóttir,
Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Til tekna sem vextir, sbr. 1. mgr., af kröfum eða inneignum manna, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, teljast gjaldfallnir vextir og gjaldfallnar verðbætur og gengishagnaður á afborganir og vexti, svo og gengishækkun hlutdeildarskírteina. Til tekna sem vextir hjá þessum aðilum teljast enn fremur afföll af keyptum verðbréfum, víxlum og sérhverjum öðrum kröfum. Vextir af reikningum í innlánsstofnunum skulu teljast til tekna á því ári þegar þeir eru færðir manni til eignar á reikningi. Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um útreikning vaxtatekna samkvæmt þessari málsgrein.

2. gr.

1. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

62. gr. laganna orðast svo:

Tekjuskattsstofn er nú fjárhæð sem skattur er reiknaður af og ákvarðast þannig:

1. Tekjuskattsstofn manna, sem ekki hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, er þessi:
   a. Tekjur samkvæmt II. kafla, eftir því sem við á, aðrar en vaxtatekjur, sbr. 3 tölul. c-liðar 7. gr., að teknu tilliti til þess frádráttar sem heimilaður er frá þeim tekjum, sbr. 30. gr.
   b. 60% af tekjum skv. 3. tölul. c-liðar 7. gr. að því marki sem þær eru umfram 40.000 kr. hjá einstaklingi og 80.000 kr. hjá hjónum.
2. Tekjuskattsstofn lögaðila, sbr. 2. gr., telst tekjur samkvæmt II. kafla, að teknu tilliti til þess frádráttar sem þessum aðilum er heimilaður skv. 31. gr.
3. Tekjuskattsstofn manna, sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, er þessi:
   a. Tekjur samkvæmt II. kafla, aðrar en vaxtatekjur, sbr. 3. tölul. c-liðar 7. gr., enda séu þær ekki tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, að teknu tilliti til þess frádráttar sem heimilaður er frá þeim tekjum, sbr. 30. gr.
   b. 60% af tekjum skv. 3. tölul. c-liðar 7. gr. að því marki sem þær eru umfram 40.000 kr. hjá einstaklingi og 80.000 kr. hjá hjónum.
   c. Tekjur samkvæmt II. kafla, sem tengdar eru atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, að teknu tilliti til þess frádráttar sem heimilaður er frá þeim tekjum, sbr. 31. gr.

Samanlagðar tekjur ákveðnar eftir a-, b- og c-liðum mynda tekjuskattsstofn aðila samkvæmt þessum tölulið. Sé tap á atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, þannig að c-liður verður neikvæður, telst tekjuskattsstofn einungis tekjur skv. a- og b-lið.

Tap af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi er aldrei heimilt að draga frá tekjum sem ekki eru tengdar slíkri starfsemi, en heimilt er að yfirfæra það skv. 7. tölul. 1. mgr. 31. gr. og draga það frá hagnaði sem síðar kann að myndast í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi aðila.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á C-lið 69. gr. laganna:

a. 3. málsl. 3. mgr. fellur brott.
b. 1. og 2. málsl. 4. mgr. orðast svo: Vaxtabætur skal ákvarða þannig að frá vaxtagjöldum, eins og þau eru skilgreind í 3. mgr., skal draga fjárhæð er svarar til 6% af tekjuskattsstofni. Frá tekjuskattsstofni í þessu sambandi er eigi heimilt að draga tekjur skv. 2. og 3. tölul. A-liðar og 2., 3. og 4. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu gjalda gjaldaárið 1998 vegna vaxtatekna á árinu 1997.

Ákvæði til bráðabirgða.

Vextir af bréfum og kröfum hjá aðilum utan rekstrar sem stofnað var til fyrir 1. janúar 1997.

Vaxtatekjur, eins og þær eru skilgreindar í 8. gr., af bréfum og kröfum, sem gefin voru út eða til var stofnað fyrir 1. janúar 1997, teljast eigi til skattskyldra vaxtatekna manna að því leyti sem þær voru áfallnar 1. janúar 1997.

Greinargerð.

Skattlagning vaxtatekna hefur verið á dagskrá um nokkurra ára skeið. Eftir að verðbólgan tók að hægja á sér og fjármálakerfi þjóðarinnar komst í betra jafnvægi urðu kröfur um skattlagningu vaxtatekna æ háværari. Áður var það viðtekin skoðun og réttmæt að sparifjáreigendur greiddu skatt sinn til samfélagsins með rýrnun innstæðna sinna á báli verðbólgunnar. Það var að vísu skattur sem enginn vissi nákvæmlega hve hár var, hvað þá hverjir voru raunverulegir greiðendur. Á þessum árum rýrnuðu innstæður landsmanna mjög mikið. Var að lokum svo komið að fjölmargir sjóðir voru að tæmast. Eftir setningu svokallaðra Ólafslaga árið 1979 var tekin upp verðtrygging á fjárskuldbindingum en það tók fjármálakerfi þjóðarinnar langan tíma að endurheimta sama fjárstyrk og áður.

Nú, 16 árum eftir gildistöku Ólafslaga, má segja að jafnvægi ríki á íslenskum fjármálamarkaði og sé hann farinn að starfa á eðlilegum forsendum. Í Vestur-Evrópu er vaxtaskattur frekar regla en hitt. Það þarf því sterk rök gegn því að sambærilegt skattafyrirkomulag sé hér á landi og víðast hvar í Evrópu.

Megintillögur þessa frumvarps eru þessar:

1. Vaxtatekjur verði skattlagðar innan núverandi skattkerfis, þ.e. þær myndi sameiginlegan skattstofn með öðrum tekjum.

2. Vaxtatekjur, hverju nafni sem þær nefnast, skulu teljast til skattskyldra tekna. Frá vaxtatekjum skal draga 40.000 kr. hjá einstaklingi en 80.000 kr. hjá hjónum. Af því sem eftir stendur skulu 60/100 leggjast við skattstofn sem skattskyldar tekjur.
3. Greidd verði staðgreiðsla af vaxtatekjum fjármálastofnana sem ganga upp í álagðan skatt við álagningu. Staðgreiðsluhlutfallið verði 25% af vaxtagreiðslum til einstaklinga hjá hverri fjármálastofnun. Frítekjumark verði 40.000 kr. á ári hjá einstaklingi. Hægt verði að fá undanþágu frá staðgreiðslu allt að þessari upphæð samkvæmt ósk einstaklings, enda heimili hann fjármálastofnun að senda skattyfirvöldum upplýsingar um greidda vexti.
4. Upplýsingaskyldu fjármálastofnana verði ekki breytt. Skil á staðgreiðslu verði ekki sundurliðuð á einstaklinga. Engar sjálfvirkar kvaðir verði settar á fjármálastofnanir um greidda vexti.
5. Ekki verði breytt skattlagningu á arð, söluhagnað og fleira frá því sem nú er.

Hér verður gerð grein fyrir þessum fimm meginatriðum frumvarpsins:

1. Vaxtatekjur verði skattlagðar innan núverandi skattkerfis, þ.e. myndi sameiginlegan skattstofn með öðrum tekjum samkvæmt þeim sérreglum sem fram koma í öðrum liðum tillögunnar.

1.1. Helsta ágreiningsefni þeirra sem fjallað hafa um tillögugerð í skattlagningu vaxtatekna snýst um það hvort þessi skattur eigi að vera hluti af tekjuskattskerfinu eða standa utan þess. Fram til þessa hefur enginn ágreiningur verið um tekjuhugtak skattalaga.

Um langt skeið hafa heildartekjur verið notaðar sem grunnur tekjuskatts hér á landi og er það reyndar einnig meginreglan í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við. Allt álagningarkerfi skatta, bætur og ívilnanir miðast við þess konar kerfi og er hvorki ráðlegt né æskilegt að víkja frá því. Það hlýtur óhjákvæmilega að flækja skattkerfið ef sumar tekjutegundir eru teknar út og meðhöndlaðar á allt annan hátt en aðrar tekjur. Slík kerfi bjóða undantekningarlítið upp á möguleika til skattundanskots. Því þarf sterk rök til að undanskilja vaxtatekjur tekjuskattsgrunninum. Í nefndaráliti nefndar um fjármagnstekjuskatt er lagt til að sú grundvallarbreyting verði gerð á núverandi skattkerfi að fjármagnstekjur verði meðhöndlaðar utan tekjuskattskerfisins með það að markmiði að lækka skattlagningu þeirra. Þetta hlýtur óhjákvæmilega að þýða að þeir sem nú greiða hæsta skatta, t.d. af arði, fái ívilnun og þurfi ekki að greiða jafnháan skatt af arði, söluhagnaði, vöxtum og afföllum og launamaður greiðir af tekjum sínum. Ef þessi breyting verður samþykkt stöndum við uppi með skattkerfi sem gerir launamanninum að greiða hærra skatthlutfall af launatekjum sínum en fjármagnseigandanum af fjármagnstekjum sínum. Augljóst er í hverra þágu þessar öfugmælavísur eru ortar.

Þá eru þessar tillögur nefndarinnar ekki heildstæðar þar sem ekki er gert ráð fyrir að þessi sérsköttun nái til rekstarhagnaðar einstaklinga og sameignarfélaga. Hvort tveggja er fjármagnstekjur. Í tillögunum felst því ekki aðeins mismunun milli einstaklinga eftir því hvaða nafn tekjur þeirra bera heldur einnig eftir því formi atvinnurekstrar sem þeir velja sér.

1.2. Meginsjónarmið við tekjuskattsálagningu í flestum löndum er að jafna skatti niður á borgarana eftir greiðslugetu þeirra, eða eins og sagt var áður: eftir efnum og ástæðum. Það er sú skattlagningaraðferð sem jafnaðarmenn hafa löngum aðhyllst. Hvergi á hún frekar rétt á sér en við skattlagningu vaxtatekna. Skattlagning eftir greiðslugetu verður marklaus ef ekki er miðað við heildartekjur.

Sé farið að eins og lagt er til í tillögum nefndar um fjármagnstekjuskatt og þær tekjutegundir, sem fyrst og fremst er að finna hjá hátekjufólki, tíndar út úr skattkerfinu og skattlagðar bæði sérstaklega og lágt er beinlínis verið að snúa við þeirri reglu að skattleggja eftir greiðslugetu og í reynd verið að skattleggja menn minna eftir því sem greiðslugeta er meiri.

Flatur skattur á tekjur eins og vaxtatekjur, sem er mjög misskipt, dregur úr stíganda skattlagningarinnar en hún er minni hér er í flestum löndum sem við berum okkur saman við. Flatur skattur líkist fremur nefskatti sem kemur hlutfallslega þyngst niður á þeim sem minnstar tekjur hafa. Því er um að ræða afturhvarf frá þessari sjálfsögðu meginstefnu verkalýðshreyfingarinnar sem er að skattlagning lágtekjufólks verði sem minnst en þeir betur settu greiði hlutfallslega meira.

Skattkerfi sem heldur vöxtum inni í skattkerfinu viðheldur þannig mörgum mikilvægum þáttum skattkerfisins sem ella mundu glatast. Auk þess að tryggja þannig skattlagningu samkvæmt greiðslugetu tryggir það að skattleysismörk verði áfram virk eins og rakið er hér að framan.

1.3. Séu vaxtatekjur felldar inn í skattkerfið, eins og hér er gert ráð fyrir, nær skattlagningin eingöngu til þeirra sem eru skattskyldir vegna tekna sinna samkvæmt skilgreiningu skattalaganna. Koma verður í veg fyrir tilviljanankennda skattlagningu fjölmargra óskyldra aðila sem ekki eiga að vera skattskyldir og eru ekki skattskyldir af öðrum tekjum sínum. Má þar nefna félagasamtök, líknarstofnanir, sjálfseignarstofnanir, styrktarsjóði og opinberar stofnanir. Tekjum þessara aðila er oft varið að stórum hluta til að greiða einstaklingum laun eða önnur skattskyld framlög þannig að um tvísköttun yrði að ræða ef vaxtatekjur þeirra eru skattlagðar.

1.4. Skattstofn tekjuskatts og útsvars til sveitarfélaga er nú sameiginlegur til mikils hagræðis fyrir báða aðila í framkvæmd. Engin rök eru fyrir að víkja frá því hvað einstakar tekjutegundir varðar.

Með því að halda vaxtatekjum utan skattkerfisins, eins og yrði með því að leggja á sérstakan vaxtaskatt, hefðu sveitarfélög engar tekjur af vaxtatekjum einum skattskyldra tekna. Í ljósi tekjustöðu sveitarfélaga og fyrirætlana um að auka tekjur þeirra vegna flutnings verkefna til þeirra frá ríkinu eru engin rök til að undanskilja vaxtatekjur úr skattstofni sveitarfélaga. Með því að fella vaxtatekjur inn í skattkerfið með þeim hætti sem tillagan gerir ráð fyrir eru sveitarfélögum tryggðar tekjur af þessum hluta tekjuskattsstofnsins með sama hætti og af öðrum tekjum.

Með sérsköttun vaxtatekna utan hins almenna skattkerfis eru sveitarfélög ekki aðeins sniðgengin hvað tekjur varðar heldur munu þau og stofnanir þeirra þurfa að greiða verulega skatta af tekjum sínum. Óhjákvæmilegt er að sveitarfélög og stofnanir þeirra, sem selja vöru og þjónustu, veitustofnanir o.s.frv., hafi veltufé sem ber einhverja ávöxtun. Sérgreindur vaxtaskattur mundi leggjast á þessa ávöxtun og yrði velt út í verðlagið eða kæmi niður á tekjum sveitarfélaga.

Samkvæmt upplýsingum, sem lagðar voru fram í nefnd um fjármagnstekjuskatt, má áætla að vaxtatekjur sveitarfélaga og stofnana þeirra séu um 750 millj. kr. þannig að skattur á þau yrði um 75 millj. kr. á ári.

Auk þess að leggja þannig skatt á sveitarfélögin felur sú tillaga að gera skatt á fjármagnstekjur að sérskatti til ríkisins það í sér að sveitarfélögin eru svipt verulegum tekjum sem þau hafa nú. Arðstekjur, tekjur af söluhagnaði og tekjur af fasteignum (húsaleiga hjá einstaklingum) eru áætlaðar um 2.600 millj. kr. Með því að færa þær tekjur út úr skattkerfinu lækka tekjur sveitarfélaga um nálægt 230 millj. kr. *Þær tillögur að færa fjármagnstekjur út úr skattkerfinu leiða því til þess að tekjur sveitarfélaga verða rýrðar um a.m.k. 300 millj. kr. frá því sem nú er. Þær tillögur sem í þessu frumvarpi eru mundu hins vegar styrkja tekjugrunn sveitarfélaga og auka þær um nokkur hundruð milljónir króna.*

1.5. Með því að hafa vaxtatekjur inni í skattkerfinu, eins og tillagan gerir ráð fyrir, nýtist persónuafslátturinn eðlilega, þ.e. hann nýtist fyrst á móti sköttum, þ.e. tekjuskatti til ríkisins, þá útsvari, síðan á móti eignarskatti og loks til millifærslu til maka. Auk þess að vera einfaldara í framkvæmd skiptir það máli að nýting persónuafsláttar á móti útsvari hefur engin áhrif á heildarskatta einstaklingsins en nýting persónuafsláttar á móti eignarskatti eða millifærsla til maka felur í sér ívilnun.

Nýting ónýtts persónuafsláttar á móti vaxtaskatti, sem ákveðinn er utan skattkerfisins, hefur mjög óeðlileg áhrif og er auk þess mjög flókinn og erfiður í framkvæmd, einkum með tilliti til millifærslu á persónuafslætti milli maka. Fylgifiskur skattleysis vaxta hefur verið að í ýmsum tilvikum hefur ríkið greitt útsvar til sveitarfélaga og eignarskatta fyrir skattborgara með lágar heildartekjur. Við álagningu á árinu 1995 greiddi ríkið sveitarfélögum rúmlega 100 millj. kr. í útsvör fyrir hjón með 4 millj. kr. í árstekjur og eignarskattar þeirra lækkuðu um nálægt 75 millj. kr. vegna tekjuskorts þeirra. Með því að halda skattlagningu vaxta utan skattkerfisins, og eins þó að sá persónuafsláttur sem ekki nýtist af almenna skattkerfinu verði nýttur á móti vaxtaskatti, verður þessu óeðlilega ástandi viðhaldið.

Það er afar athyglisvert að skoða áhrif skattalegra ívilnana í þessu samhengi. Í núverandi skattkerfi fá þeir tekjulægstu mestu ívilnanir í hlutfalli við tekjur eða 11,4% af framtöldum tekjum sem samsvarar á milli 80 og 90 þús. kr. á hjón. Næsthæstar hlutfallslegar ívilnanir fá þau hjón sem hafa yfir 8,0 millj. kr. (meðallaun þeirra eru um 5,5 millj. kr.) en þau fá ívilnanir sem svara til 6,9% af framtöldum tekjum. Í þessu efsta tekjuþrepi nema þessar ívilnanir 700–800 þús. kr. á hjón. Þetta skýrist fyrst og fremst vegna skattfrelsis vaxtatekna.

Ef athugað er hvernig mismunandi aðferðir við skattlagningu vaxtatekna hafa áhrif á þetta ívilnunarhlutfall er það óbreytt með báðum aðferðum þegar lægsta tekjubilið er skoðað. Munur þessara tveggja aðferða kemur betur í ljós þegar hæsta tekjubilið er skoðað.

Sú leið, sem þetta frumvarp byggist á, minnkar þessi forréttindi þeirra tekjuhæstu úr 6,9% í 2,7%, eða þrefalt hærri en hjá tekjulægsta hópnum, sem segir okkur að ívilnanirnar verða áfram um 300 þús. kr. á hjón, eða þrefalt hærri en hjá tekjulægsta hópnum. Hin aðferðin, sem gerir ráð fyrir flatri skattprósentu utan við tekjuskattskerfið, viðheldur þessu misrétti að mestu leyti. Það lækkar ívilnanir úr fyrrnefndum 6,9% í 5,5% sem samsvarar tæplega 600 þús. kr. á hjón. Er þá eingöngu höfð hliðsjón af vaxtatekjum. Með þeirri tillögu að lækka skatta á aðrar fjármagnstekjur hækkar þessi ívilnun í fyrra horf.

1.6. Þær lagabreytingar, sem gera þarf til að koma tillögu þessari í framkvæmd, eru einfaldar. Á tekjuskattslögunum þarf einungis að fella brott ákvæði um skattfrelsi vaxtatekna og kveða á um 40.000 kr. frádráttinn og að 60% þess sem eftir stendur skuli telja til skattstofnsins. Þá er og rétt að breyta núverandi ákvæðum um skerðingu vaxtabóta vegna vaxtatekna. Allar skilgreiningar og framkvæmdareglur mundu þannig falla að almennum ákvæðum skattalaganna og eru því til staðar. Sama er að segja um málsmeðferðarreglur, kæruleiðir, úrskurði í ágreiningsmálum o.s.frv.

Á lögum um staðgreiðslu þarf að gera breytingar sem einnig eru tiltölulega einfaldar. Kveða þarf á um skilaskyldu fjármálastofnana og rétt til að undanskilja lágar vaxtagreiðslur staðgreiðslu. Þar sem staðgreiðslan er ekki endanleg skattákvörðun en einungis innheimta upp í endanlega skattlagningu við álagningu er óþarfi að skilgreina skattstofn og setja nákvæmar framkvæmdareglur og málsmeðferðarreglur eins og annars er óhjákvæmilegt að gera. Jafnhliða þessu frumvarpi því er lagt fram sérstakt frumvarp um staðgreiðslu skatts af vaxtatekjum.

Skattlagning vaxtatekna inni í skattkerfinu fellur í öllum aðalatriðum að uppbyggingu þess kerfis og kallar því á óverulega breytingu á framkvæmd og framkvæmdakostnaði. Innheimta í staðgreiðslu upp í álagningu er þegar til staðar vegna launatekna en er hvað aðrar tekjur varðar nýjung sem krefst nokkurra breytinga. Framkvæmdin getur þó verið einfaldari en ella þegar ekki er um að ræða endanlega skattákvörðun. Með því að takmarka staðgreiðslu skatts af vaxtatekjum við fjármálastofnanir og með þeim reglum tillagnanna sem undanskilja mjög stóran hluta skattborgara staðgreiðsluskilum verður mjög dregið úr umfangi hennar.

Þá er rétt að geta þess hér að með þeim tillögum að heimila frádrátt á móti vaxtatekjum ásamt því að nýta persónuafslátt skattkerfisins, sem nánar verður gert grein fyrir í næsta lið, verður mikill fjöldi skattborgara, þ.e. þeir sem hafa lágar vaxtatekjur eða lágar tekjur almennt, undanþeginn skatti af vaxtatekjum sem gerir það að verkum að hægt verður að koma við einfaldara og umfangsminna staðgreiðslukerfi en ella væri.

2. Vaxtatekjur (vextir, verðbætur, afföll af skuldabréfum, söluhagnaður skuldabréfa o.s.frv.) teljist til skattskyldra tekna eftir því sem hér segir:

a. Frá vaxtatekjum skal draga 40.000 kr. hjá einstaklingi og 80.000 kr. hjá hjónum.

b. Af því sem þá stendur eftir skulu 60/100 leggjast við aðrar tekjur og myndi skattstofn ásamt þeim.

2.1. Hér er lagt til að einungis 60% vaxtatekna séu reiknuð til skattstofnsins. Með því að fara þá leið er komið til móts við þau sjónarmið að ekki skuli skattleggja nema raunvaxtahluta tekna. Rökin fyrir þessu eru þau að verulegur hluti fjáreignarstofnsins er uppsöfnuð verðbólguáhrif sem ekki þykir rétt að skattleggja.

Í þessu sambandi er einnig rétt að benda á að með breytingum á lögum um almannatryggingar, sem samþykktar voru á Alþingi skömmu fyrir jól, var ákveðið að skilgreina tekjuhugtak það sem notað yrði við ákvörðun tekjutengdra bóta. Þar segir að tekjur samkvæmt ákveðnum liðum laga um tekju- og eignarskatt skuli „metnar að 50% hundraðshlutum".

Það er því rökrétt framhald af þeirri lagasetningu að meðhöndla vaxtatekjur við skattlagningu með hliðstæðum hætti og er ekki óeðlilegt að við skerðingu bóta sé notað lægra hlutfall en við skattlagningu.

Þó að dregið sé úr uppsöfnuðum verðbólguáhrifum með því að telja einungis ákveðið hlutfall vaxtatekna til skattstofns dugir það ekki til þegar um er að ræða lágvaxtareikninga eins og almenna launareikninga og fleiri veltureikninga sem oft eru með mjög lágri eða jafnvel neikvæðri ávöxtun. Því er gerð tillaga um sérstakt frítekjumark eins og að framan segir.

Tilgangurinn með því að hafa sérstakan frádrátt frá vaxtatekjum, 40.000 kr. á einstaklinga og tvöfalda þá fjárhæð á hjón, er m.a. að ná því markmiði að koma sem mest í veg fyrir skattlagningu neikvæðra vaxta og koma til móts við þau sjónarmið að skattlagningin geri ávöxtun sparifjár neikvæða.

2.2. Með því að hafa skattlagningu vaxta inni í skattkerfinu er áfram hægt að nýta eftir því sem við á hinn almenna persónufrádrátt. Um leið og skattlagningu er hagað eins og tillagan gerir ráð fyrir leiðir það til þess að hinir tekjulægstu verða áfram skattfrjálsir. Jafnframt verða vextir af smásparnaði skattfrjálsir og lágt skattaðir. Skattlagning hárra vaxtatekna verður meiri þótt hún verði áfram með svolítið öðrum hætti og lægri en gerist um aðrar tekjur.

Hér er rétt að hafa í huga að eins og komið var inn á hér að framan, þegar dæmin um ívilnanirnar voru tekin, er fróðlegt að hafa skattbyrðina í huga þegar þessi mál eru skoðuð. Meðalskattbyrðin nú að frádregnum bótum er 10% hjá þeim sem hafa minna en 1,25 millj. kr. í árstekjur. Þetta hlutfall breytist nánast ekkert þótt mismunandi aðferðir við skattlagningu vaxtatekna séu notaðar. Aðeins efsti hópurinn, þ.e. 514 hjón að viðbættum einstaklingum, fær þyngri byrðar. Nú er skatthlutfall þeirra 29,8% og nánast hið sama og í næsta tekjubili fyrir neðan þrátt fyrir svokallaðan hátekjuskatt. Þetta hlutfall verður 34,0% samkvæmt þeim tillögum sem hér eru gerðar en hækkar ekki nema í 31,2% í samræmi við tillögur um flatan skatt á vexti utan tekjuskattskerfisins. Með því að taka aðrar fjármagnstekjur út úr skattkerfinu hækkar það ekkert.

2.3. Með tillögum þessum er komið til móts við sjónarmið þeirra sem telja rétt að skattur á vexti sé lægri en skattur á aðrar tekjur og ekki hærri en svo að engin veruleg hætta sé talin á að hann leiði til vaxtahækkunar eða fjárflótta. Skattur á vaxtatekjur yrði frá 0 og upp í sem svarar rúmlega 25% hjá flestum og upp í rúmlega 28% hjá þeim sem greiða hátekjuskatt, þ.e. þeim sem greiða tæp 47% af öðrum tekjum. Samkvæmt þessum tillögum mega hjón fá um 137.000 kr. í vaxtatekjur án þess að greiða af þeim neinn skatt. Einstaklingur má fá helmingi lægri upphæð án þess að greiða af henni skatt. Þetta jafngildir því að hjón eigi um 2,4 millj. kr. innstæðu með 5,5% ársvöxtum án þess að greiða af þeim tekjum vaxtaskatt. Þá er nauðsynlegt að benda á að með þessu frumvarpi verður skattbyrði vaxtaskatts með allt öðrum hætti en samkvæmt tillögum nefndarinnar.

Þótt Þjóðhagsstofnun hafi ekki treyst sér til að meta dreifingu skattbyrði eftir tekjum, sbr. fylgiskjal, þá hafa verið lögð fram gögn sem renna sterkum rökum undir þá skoðun að helmingur skatttekna komi frá tveimur efstu tekjubilunum. Þetta fæst með því að bera saman tekjudreifingu hérlendis og erlendis samkvæmt OECD-skýrslum. Við þann samanburð kemur í ljós að tekjudreifing hér er svipuð og í samanburðarlöndunum. Þessi samanburður segir að 60,98% teknanna séu í tveimur efstu tekjubilunum en í samanburðarlöndum er þessi tala 50,26%. Þetta bendir jafnvel til enn frekari samþjöppunar vaxtatekna í efstu tekjubilin hérlendis en erlendis.

Tafla 1.

Skattskyldar tekjur: vaxtatekjur.

Tekjutíund (1–8 er sleppt)	9	10
Ástralía	10,48	25,97
Bandaríkin	14,80	36,26
Belgía	9,30	53,74
Bretland	15,84	28,95
Danmörk	11,03	41,14
Finnland	13,04	29,57
Frakkland	13,95	23,92
Holland	13,38	52,53
Írland	11,83	49,13
Kanada	12,18	28,65
Noregur	14,47	33,82
Spánn	11,71	48,65
Svíþjóð	9,04	39,92
Meðaltal	12,39	37,87
Ísland (hjón)	8,70	52,28

Tafla 1 sýnir tvær efstu tekjutíundir framtaldra vaxtatekna en alls eru þær tíu þar sem lægstu tekjubilin eru neðst (1–4) en efstu bilin (9–10) sýna hæstu tekjubilin.

Þar sem skattur þessi er ekki hærri en hér er lagt til, og í reynd verður aðeins hluti sparnaðar að skattstofni, er ekki ástæða til að ætla að skattlagningin leiði til umtalsverðrar hækkunar á vöxtum eða til minni sparifjármyndunar. Þá ber að líta til þess að samkvæmt þessum tillögum verður meiri hluti sparenda (smásparendur, lífeyrissjóðir o.fl.) ekki skattlagður og hefur enga ástæðu til að breyta ávöxtunarkröfu sinni. Í alþjóðlegum samanburði er hér þó um tiltölulega lágan skatt að ræða og undanskot ættu því að vera í lágmarki.

Ekki er ólíklegt að skattlagning vaxtatekna jafnt sem annarra tekna muni leiða til þess að reynt verði að sniðganga skattlagninguna í einhverjum mæli. Þetta verður reynt óháð því hvað skatturinn er hár. Því hærri skattur þeim mun meiri hætta á undankomu og undanskoti.

Rannsóknir sýna að áhrif skattlagningar vaxtatekna á þjóðhagslegan sparnað eru óljós. Hann getur vissulega flust til, frá einstaklingum til hins opinbera, úr frjálsum sparnaði í kerfisbundinn sparnað. Auðvelt er að benda á dæmi sem sýna að jafnhliða minni sparnaði heimilanna komi aukinn sparnaður hins opinbera.

Þótt tölfræðilegir útreikningar sýni jákvætt samband á milli raunvaxta og fjársparnaðar er það staðreynd að þjóðhagslegur sparnaður hefur farið minnkandi undanfarin ár hérlendis á sama tíma og raunvextir hafa hækkað.

Skattur þessi yrði lágur í alþjóðlegum samanburði, t.d. lægri en í flestum ríkjum í OECD. Fjárflótti mundi því ólíklega leiða til minni skattlagningar erlendis, nema ólöglegt undanskot komi einnig til.

Tafla 2 hér á eftir sýnir samanburð á venjulegum tekjusköttum og sköttum af bankavöxtum í OECD-ríkjunum. Þær sýna að víðast falla vaxtatekjur að venjulegum launatekjum og eru skattlagðar með sama hætti. Það frumvarp, sem hér er lagt fram, er því í fyllsta samræmi við það sem þar er. Eins og taflan sýnir verða fá lönd í OECD með lægri vaxtaskatt en Ísland verði þetta frumvarp að lögum. Meðalskattur á vexti verður í upphafi kringum 11% en fer í liðlega 18% þegar hann er að fullu kominn til framkvæmda.

Tafla 2.

Samanburður á jaðarvaxtasköttum og jafnaðarlaunasköttum í OECD-ríkjum miðað við janúar 1993 og án verðbólguleiðréttingar.

Land	*Jaðarskattar á bankavexti*		*Jaðarskattar á almennar tekjur*	
	Almennt skattþrep	Hæsta skattþrep	Almennt skattþrep	Hæsta skattþrep
Austurríki[1]	22,0	22,0	32,0	50,0
Ástralía	40,5	49,5	39,4	48,4
Belgía	10,0	10,0	45,0	55,0
Bandaríkin	22,5	45,9	22,5	45,9
Bretland	25,0	40,0	25,0	40,0
Danmörk	52,2	78,2	52,1	58,1
Finnland[2]	20,0	20,0	49,0	60,0
Frakkland	27,1	68,1	27,1	59,9
Grikkland	15,0	15,0	15,0	40,0
Holland	38,4	76,0	38,4	60,0
Írland	27,0	48,0	27,0	48,0
Ísland	0,0	0,0	41,34	46,34
Ítalía	30,0	30,0	34,0	51,0
Japan	20,0	20,0	20,0	50,0
Kanada	41,5	49,8	41,5	49,8
Lúxemborg	0,0	62,5	30,0	52,5
Noregur	28,0	54,0	44,0	43,5
Nýja-Sjáland	24,0	33,0	24,0	33,0
Portúgal	20,0	20,0	25,0	40,0
Spánn	24,5	61,0	24,5	56,0
Sviss	21,7	45,0	21,7	43,0
Svíþjóð	30,0	80,0	34,3	51,0
Tyrkland	10,5	10,5	25,0	50,0
Þýskaland	29,1	63,0	29,1	53,0

[1] Ákveðið hefur verið að hækka almennt skattþrep vaxtaskatts í Austurríki úr 22% í 25%.
[2] Vaxtaskattur var kominn í 25% 1995 og hækkaði aftur í 28% í Finnlandi frá 1. janúar 1996.

3. Tekin verði staðgreiðsla af vaxtagreiðslum fjármálastofnana sem gangi upp í álagðan skatt við álagningu. Hlutfall staðgreiðslu verði 25% af vaxtagreiðslum til einstaklinga hjá hverri fjármálastofnun að frátöldum vaxtagreiðslum að fjárhæð 40.000 kr. á ári eða minna hjá einstaklingi sem óskar eftir undanþágu og því að fjármálastofnunin sendi skattyfirvöldum upplýsingar um greidda vexti.

3.1. Með þessum lið tillagnanna er gert ráð fyrir að fjármálastofnanir skili staðgreiðslu af vaxtagreiðslum til einstaklinga til skattyfirvalda. Með þeim hætti á að vera hægt að tryggja sem best að ekki verður hægt að komast hjá skattlagningu með því að telja ekki fram vaxtatekjur eins og talið er að mikil brögð séu að. Þó að ekki sé gert ráð fyrir að fjármálastofnanir sundurliði skilin á einstaklinga á að vera unnt að hafa eftirlit með því á grundvelli bókhaldsgagna þeirra að staðin séu skil á skatti af öllum skilaskyldum vaxtagreiðslum.

3.2. Tillagan felur enn fremur í sér að heimilt verði að undanþiggja frá staðgreiðslu vaxtagreiðslur til þeirra sem hafa lágar vaxtatekjur og óska eftir slíkri undanþágu ásamt því að skattyfirvöldum verði veittar upplýsingar um vaxtagreiðslurnar. Skattlagning skilar sér þá eftir atvikum við álagningu. Með þessu má ætla að þeim sem sæta afdrætti vegna staðgreiðslu fækki verulega.

4. Upplýsingaskyldu fjármálastofnana verður ekki breytt. Staðgreiðsluskil verði ekki sundurliðuð á einstaklinga og engin kvöð verði um sjálfvirka upplýsingagjöf fjármálastofnana um greidda vexti.

Samkvæmt lögum hvílir nú ekki sú skylda á fjármálastofnunum að veita skattyfirvöldum upplýsingar um eignir eða vaxtatekjur einstaklinga. Þeim ber hins vegar að láta slíkar upplýsingar í té sé eftir þeim leitað í einstökum tilvikum. Þessi takmarkaða upplýsingaskylda er af ýmsum talin hafa nokkurt gildi fyrir samband fjármálastofnana og viðskiptavina þeirra og leggja áherslu á að ekki verði við því hróflað. Í tillögum þessum er ekki gert ráð fyrir að breyta til í þessu efni.

5. Ekki verði breytt skattlagningu á arð, söluhagnað og fleira.

5.1. Í tillögum nefndar þeirrar sem á vegum ríkisstjórnarinnar hefur fjallað um skattlagningu vaxtatekna er gert ráð fyrir að láta þær sértæku tillögur, sem til umræðu hafa verið vegna vaxtatekna, einnig taka til arðs, söluhagnaðar o.fl. án þess þó að það hafi verið innifalið í því verkefni sem nefndinni var fengið í upphafi. Þótt vera kunni að æskilegt sé að reglur um skattlagningu þessara tekna séu teknar til endurskoðunar er hér lagt til að það verði ekki gert í tengslum við það að taka upp skattlagningu vaxtatekna enda eru þau sjónarmið, sem gera slíka endurskoðun æskilega, af allt öðrum toga en þau sjónarmið sem að baki skattlagningu liggja. Þar að auki eru veigamikil rök andstæð þeim hugmyndum sem koma frá nefndinni. Í þessu sambandi skal bent á eftirfarandi.

5.2. Með þeim sérreglum við skattlagningu á arði o.fl., sem nefndin gerir að tillögu sinni, er horfið frá þeirri meginreglu íslenskra skattalaga að leggja heildartekjur til grundvallar við ákvörðun tekjuskatts. Slík grundvallarbreyting er varhugaverð og óforsvaranlegt að gera hana að svo lítt athuguðu máli. Hún felur í sér aðgreiningu skattskyldra tekna í launa- og lífeyristekjur annars vegar og tekjur af eignum hins vegar, eins og áður hefur verið drepið á og sem ekki er ásættanleg frá sjónarmiði jafnræðis og þess hlutverks sem skattlagning gegnir við jöfnun lífskjara.

5.3. Eins og gerð er grein fyrir með fyrsta lið þessara tillagna samrýmist sérsköttun einstakra tekjutegunda og skipting skattstofnsins með þeim hætti sem ræddur hefur verið ekki því sjónarmiði að sköttum sé jafnað niður á borgarana með tilliti til greiðslugetu. Þetta verður bersýnilegt þegar fyrirliggjandi tillögur eru skoðaðar nánar. Fyrir liggja upplýsingar um það að um helmingur eða meira af nær öllum tegundum eignatekna, vöxtum, arði, söluhagnaði o.s.frv. fellur til þeirra 10% framteljenda sem hæstar tekjur hafa.

Lækkun skatta á þessar tekjutegundir koma því nær eingöngu þeim tekjuhæstu til góða og létta skattbyrði þeirra og mundi hafa í för með sér verulegan tilflutning á skattlagningu sem gengi þvert á sjónarmið greiðslugetu, jafnræðis og tekjujöfnunar.

Tafla 3.

Yfirlit yfir framtaldar fjármagnstekjur árið 1994 og samanburður við skatttekjur samkvæmt frumvarpinu og skatttekjur samkvæmt tillögum nefndar.

Heildartekjur / *Einhleypir*	*Allir framteljendur*	*Framt. vextir*	*Framt. arður*	*Framt. söluhagn.*	*Samtals*	*Meðaltal*	*Frádr. arður skv. gildandi heimild*	*Lágm. skattur skv. frv.*	*Skattur af arði og söluhagn. 1994*	*Samtals lágmarks-fjármsk. skv. frv.*	*Tillögur nefndar*	*Skattur af arði og söluhagn. 1994*	*Lágm. hækkun á skatttekjur skv. frv.*	*Hækkun á skatti skv. nefndar-áliti*
<625	31.708	65	10	6	81	3	7	0	0	0	0	0	0	0
625–1.250	36.218	313	34	17	364	10	21	19	13	32	36	13	19	24
1.250–2.000	14.192	245	39	19	303	21	18	33	17	50	30	17	33	4
2.000–3.000	5.041	155	41	13	209	41	14	28	17	45	21	17	28	14
3.000–4.000	1.298	92	20	10	122	94	6	22	12	34	12	12	22	1
4.000–5.000	728	187	70	39	296	407	4	51	50	101	30	50	51	–21
Samtals	**89.185**	**1.057**	**214**	**104**	**1.375**	**15**	**70**	**154**	**108**	**262**	**129**	**108**	**154**	**21**
Hjón														
<1.250	4.896	48	10	3	61	12	7	0	0	0	0	0	0	0
1.250–2.000	13.722	255	40	21	316	23	29	0	13	13	32	13	0	18
2.000–3.000	17.583	334	97	27	458	26	67	7	24	31	46	24	7	22
3.000–4.000	11.088	271	97	43	411	37	71	12	29	41	41	29	12	12
4.000–5.000	5.279	206	83	34	323	61	54	20	26	46	32	26	20	6
5.000–8000	4.047	1.050	289	106	1.445	357	82	256	131	387	145	131	256	13
Samtals	**56.615**	**2.164**	**616**	**234**	**3.014**	**53**	**310**	**295**	**224**	**519**	**295**	**224**	**295**	**71**
ALLS	**145.800**	**3.221**	**830**	**338**	**4.389**	**69**	**380**	**449**	**332**	**781**	**425**	**332**	**449**	**93**

5.4. Sérsköttun á arði mundi einnig leiða til misræmis við skattlagningu á tekjum af atvinnurekstri þar sem verulegur hluti slíkra tekna rennur til einstaklinga sem hagnaður af rekstri sameignarfélaga eða af einstaklingsrekstri sem lýtur hinum almennu skattlagningarreglum.

5.5. Allt misræmi í skattlagningu, ekki síst misjöfn skatthlutföll, opna leiðir til skattahagræðingar og skattsvika. Á það ekki síst við í þeim tilvikum sem hér um ræðir þar sem skil á milli tekjutegunda geta verið óljós og auðvelt að færa tekjur úr því formi sem meira er skattlagt í það minna skattlagða. Samkvæmt tillögum nefndarinnar um skattlagningu fjármagnstekna eru tvö atriði sem kunna að hafa veruleg áhrif á skattlagninguna ef tillögur hennar ná fram að ganga.

Annars vegar það misræmi sem þessi skattlagningaraðferð hefur í för með sér um skattlagningu rekstrarhagnaðar einstaklinga og sameignarfélaga.

Hins vegar eru þær tillögur um að skattfrjáls arður verði miðaður við uppfært verð hlutabréfa.

Afleiðingar þessara tillagna, ef þær verða að lögum, eru umtalsverðar fyrir ríkissjóð. Um þetta er nánar fjallað í 6. lið hér á eftir.

5.6. Þörf er á breytingum á skattlagningu arðs hér á landi frá öðrum sjónarmiðum en þeim sem lagt er upp með við skattlagningu vaxtatekna. Þau sjónarmið tengjast m.a. afnámi innlendrar tvísköttunar á rekstrarhagnað hlutafélaga og grundvelli tvísköttunarsamninga við erlend ríki. Rétt er að bíða með breytingu á skattlagningu arðs eftir endurskoðun á heildstæðum grundvelli.

6. Áhrif á tekjur ríkissjóðs og sveitarfélaga.

Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun (sjá fylgiskjal) er áætlað að endanlegar tekjur ríkis og sveitarfélaga af skattlagningu vaxtatekna samkvæmt frumvarpinu geti numið um 1,7 milljarði kr. eða um 18% af vaxtatekjum. Hér er um að ræða heildartekjur af skattinum þegar skattlagningin er að fullu komin til framkvæmda. Að óbreyttu kæmu 75–80% (1.275–1.360 millj. kr.) í hlut ríkisins en 20–25% (340–425 millj. kr.) í hlut sveitarfélaganna.

Jafnframt segir að skatturinn verði 600–700 millj. kr. lægri fyrsta árið (þ.e. skili 1.000–1.100 millj. kr.) en fari síðan smám saman hækkandi.

Tafla 4.

Lágmarksskatttekjur ríkissjóðs samkvæmt frumvarpinu miðað við framtaldar vaxtatekjur árið 1994 og hámarksnýtingu sérstaks frítekjumarks.

Heildartekjur	Fjöldi með vaxtatekjur	Vaxtatekjur, millj. kr.	Meðaltekjur, þús. kr.	Meðalskattur, þús. kr.	Lágmarks-skattur, millj. kr.
Einhleypir					
<625	3.230	65	20	0	0
625–1.250	5.890	313	53	3	19
1.250–2.000	2.840	245	86	12	33
2.000–3.000	1.115	155	139	25	28
3.000–4.000	325	92	283	68	22
>4.000	200	187	935	252	50
Samtals	**13.600**	**1.057**	**78**		**153**
Hjón					
<1.250	930	48	52	0	0
1.250–2.000	3.210	255	79	0	0
2.000–3.000	3.830	334	87	2	7
3.000–4.000	2.770	271	98	4	12
4.000–5.000	1.600	206	129	12	20
>5.000	1.770	1.050	593	145	256
Samtals	**14.110**	**2.164**	**153**		**295**
ALLS					**448**

Flytjendur frumvarpsins gerðu einnig athugun á þessum þætti miðað við þau gögn sem lögð voru fram í nefnd um skattlagningu fjármagnstekna, svo og samkvæmt upplýsingum sem birtast í nefndarálitinu sjálfu.

Samkvæmt framtölum fyrir árið 1994, sem fram koma í skýrslu nefndar um fjármagnstekjuskatta, eru vaxtatekjur einhleypinga 1.041 millj. kr. og hjóna 2.151 millj. kr. Þar af eru 815 millj. kr. hjá 2.133 einstaklingum með yfir 100 þús. kr. á ári í vaxtatekjur og 1.902 millj. kr. hjá 3.293 hjónum með yfir 100 þús. kr. hvert. Reikna má með að flestir þeir sem svo háar vaxtatekjur hafa séu yfir skattleysismörkunum. Sé svo má áætla skatt af þessum vaxtatekjum um 620 millj. kr. þegar tekið hefur verið tillit til hins sérstaka frítekjumarks.

	Vaxtatekjur alls		**Vaxtatekjur yfir 100.000 kr.**		**Áætluð staða**
	Fjöldi	*millj. kr.*	*Fjöldi*	*millj. kr.*	*millj. kr.*
Einst.	13.625	1.041	2.133	815	185
Hjón	14.114	2.151	3.293	1.902	435
Samtals					**620**

Á grundvelli upplýsinga, sem fram voru lagðar á fundum nefndarinnar um dreifingu vaxtatekna með tilliti til heildartekna, var unnt að áætla hver skatturinn yrði að lágmarki. Reyndist það vera um 450 millj. kr. Af þessu má áætla að skattur af þeim vaxtatekjum, sem fram eru taldar, verði um 500 millj. kr.

Í skýrslunni kemur fram að vaxtatekjur séu í reynd þrefalt hærri en framtöl greina frá. Líklegt er að þar sé nokkuð ofáætlað og verður að telja líklegra að hjá einstaklingum séu

vaxtatekjur tvöfalt hærri en fram er talið. Ekki er ástæða til að ætla að dreifing þeirra sé verulega frábrugðin því sem fram kemur í framtölum. Má því tvöfalda framangreinda áætlun um skatta og gera ráð fyrir að þeir verði um 1.000 millj. kr. Þar af færu rúmlega 200 millj. kr. til sveitarfélaga en um 800 millj. kr. til ríkisins. Þessum útreikningi ber því saman við upplýsingar Þjóðhagsstofnunar um sama efni

Í skýrslu nefndar um fjármagnsskatta eru tekjur ríkissjóðs, með þeirri skattlagningaraðferð sem þar er lögð til, taldar vera um 1.000 millj. kr. Virðist þar augljóslega um ofáætlun að ræða. Samkvæmt skýrslunni eru þær vaxtatekjur sem skattlagningin á að ná til um 11.000 millj. kr. og skatturinn því um 1.100 millj. kr. þegar hann er að fullu kominn til framkvæmda. Frá honum dregst lækkun skatts á arð, söluhagnað og leigu. Áætla má að skattur af arði og söluhagnaði sé nú a.m.k. 400 millj. kr. sem samkvæmt tillögum nefndarinnar mundi lækka í rúmlega 100 millj. kr. Þrátt fyrir hina ríflegu áætlun um vaxtatekjur er því ljóst að tekjur af tillögum nefndarinnar yrðu í besta falli 800 millj. kr. og í upphafi varla meira en 3–400 millj. kr. Þá er ekki í skýrslunni neitt mat lagt á áhrif á tekjur ríkissjóðs af líklegum breytingum sem fylgja kunna í kjölfar lagabreytinganna. Þar virðast tvö atriði vega þungt.

Annars vegar er ljóst að þeir sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur í eigin nafni eða í formi sameignarfélaga geta framvegis án mikilla breytinga að öðru leyti sett reksturinn í form einkahlutafélags. Með því móti gætu þeir tekið verulegan hluta þess fjár, sem nú er skattlagt hjá þeim sem reiknað endurgjald eða rekstrarhagnaður, sem arð sem samkvæmt frumvarpinu á að bera 10% skatt í stað rúmlega 40% nú. Reiknað endurgjald er samkvæmt framtölum um 15 milljarðar kr. og rekstrarhagnaður einstaklinga um 6 milljarðar kr. Ekki þarf nema tiltekna tilflutninga á þessum tekjum yfir í arð til að eyða öllum áætluðum skatti af vaxtatekjum og skaða ríkissjóð og sveitarfélög um hundruð milljóna króna til viðbótar.

Hins vegar má reikna með lækkun á tekjuskatti lögaðila vegna þeirra breytinga sem lagt er til að gerðar verði á frádrætti útborgaðs arðs með því að skattfrjáls arður verði miðaður við uppfært nafnverð hlutabréfa. Tekjuskattur lögaðila gæti af þessum sökum lækkað um hundruð milljóna króna.

Samanburður á þessum tillögum leiðir því í ljós að gera má ráð fyrir því að tekjur af frumvarpi þessu verði um 1.000 millj. kr. á næsta ári. Þegar á næstu árum hækkar þessi tekjustofn í 1.700 millj. kr. Færa má gild rök fyrir því að 50% af skattinum myndist á tveimur efstu tekjubilum framteljenda eða þeirra sem mesta greiðslugetu hafa og eru í stakk búnir til að bera gjöld í samræmi við það.

Þær tillögur sem fram koma í skýrslu nefndar um fjármagnstekjuskatt fela hins vegar í sér tekjutap sem numið gæti mörgum hundruðum milljóna króna. Þeim sköttum yrði létt af þeim sem mesta greiðslugetu hafa og ættu að hafa getu til að leggja meira en ekki minna til samfélagslegra þarfa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 8. gr. tekjuskattslaganna er nú að finna skilgreiningu á vaxtatekjum. Í 2. mgr. hennar, sem hér er lögð til orðalagsbreyting á, er kveðið á um hvenær vextir teljist til tekna hjá einstaklingum. Tillagan breytir ekki núverandi meginreglu þess efnis að hjá einstaklingum eru vextir, verðbætur og gengishagnaður þá fyrst taldir til tekna að þeir eru gjaldfallnir eða eru eiganda til ráðstöfunar. Tillagan felur í sér skýrara orðalag þessa efnis og heimild til að kveða í reglugerð á um framkvæmdaatriði.

Með hliðsjón af almennri skilgreiningu tekna hefði verið eðlilegra að telja vexti til tekna þegar þeir falla á, óháð því hvort þeir eru þá til ráðstöfunar eða ekki. Sú leið hefur hins vegar þá annmarka annars vegar að eigendur vaxtaberandi eigna kunna að eiga í örðugleikum með að inna skatta af hendi nema með því að raungera tekjurnar með sölu eignanna og hins vegar að sú framkvæmd er á ýmsan hátt flóknari þegar um er að ræða aðila sem aðila sem ekki eru bókhaldsskyldir. Þá má telja það fyrri leiðinni til kosta að hún felur í sér nokkru léttari skattlagningu vaxta af fé sem bundið er ásamt vöxtum af því til lengri tíma en af skammtímasparnaði.

Um 2. gr.

Ákvæði það, sem með þessu er fellt úr gildi, kveður á um að vaxtatekjur séu frádráttarbærar frá skattskyldum tekjum enda séu þær ekki tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

Um 3. gr.

Með grein þessari er gerð tillaga um breytta 62. gr. Eina efnisbreytingin er sú að gert er ráð fyrir að vaxtatekjur teljist til skattstofns með sérstökum hætti. Er miðað við að til skattstofnsins teljist aðeins 60% vaxtateknanna eftir að frá þeim hafa verið dregnar 40.000 kr. vegna einstaklings og 80.000 kr. vegna hjóna. Kemur þetta fram í a- og b-liðum 1. tölul. og 2. tölul. 1. mgr. sem eiga annars vegar við einstaklinga sem ekki hafa rekstrartekjur og hins vegar við einstaklinga sem hafa með höndum atvinnurekstur. Að öðru leyti er greinin óbreytt.

Framangreint ákvæði felur í sér að skattlagning vaxtatekna verður önnur og léttari en annarra tekna. Í fyrsta lagi verða vaxtatekjur sem eru lægri en 40.000 kr. hjá einstaklingi og 80.000 kr. hjá hjónum að fullu skattfrjálsar. Í öðru lagi verða aðeins 60% af vaxtatekjum ofan þessara fjárhæða að skattstofni. Í reynd þýðir það að skatthlutfall fyrir vaxtatekjur verður rúmlega 25% nema hjá þeim sem eru með skattskyldar tekjur yfir hátekjuskattsmörkunum. Ofan þeirra verður skatthlutfallið rúmlega 28%. Með frítekjumarkinu sem að framan greinir verða vextir af eignum allt að 570.000 kr. hjá einstaklingi og 1.140.000 kr. hjá hjónum skattfrjálsir ef vextir af eigninni eru 7% og af eign allt að 1.000.000 kr. hjá einstaklingi og 2.000.000 kr. hjá hjónum ef vextir eru 4%.

Sem dæmi má taka að hjón sem hafa 80.000 kr. í vaxtatekjur eða minna greiða ekki af þeim neinn skatt. Séu vaxtatekjur hjóna 120.000 kr. verður skattstofninn 24.000 kr. og skatturinn rúmar 10.000 kr. eða rúmlega 8% vaxtateknanna. Hjón sem hafa 1.000.000 kr. í vaxtatekjur mun greiða rúmlega 230.000 kr. í skatt. Er í þessum dæmum miðað við að viðkomandi sé ekki með hátekjuskatt.

Rökin fyrir þessu fyrirkomulagi eru m.a. þau að þar sem vextir samkvæmt skilgreiningu skattalaganna fela í sér verðbótaþátt, hvort sem hann er sérgreindur eða ekki, fæst með því að telja einungis 60% vaxtatekna til skattstofnsins nálgun við það að skattleggja aðeins raunverulegar tekjur en ekki þann hluta vaxta sem gengur til þess að viðhalda höfuðstól peningalegrar eignar. Þrátt fyrir að telja ekki til skattstofnsins nema hluta vaxtanna kann það að vera ófullnægjandi í framangreindum tilgangi ef vextir eru mjög lágir, raunvextir jafnvel neikvæðir, eins og þekkist á veltureikningum einstaklinga, launareikningum o.s.frv. Í þeim tilvikum tryggir hið sérstaka frítekjumark að ekki kemur til skattlagningar nema eignir á slíkum reikningum séu mjög miklar.

Með þessu fyrirkomulagi má gera ráð fyrir að stór hluti fólks greiði ekki skatt af vaxtatekjum sínum sökum þess hve lágar þær eru. Venjulegt launafólk sem ekki hefur

að jafnaði annað sparifé en lágar innstæður á launareikningum og e.t.v. það sem lagt hefur verið til hliðar fyrir sumarleyfi á orlofsreikningum eða með öðrum hætti, efnalitlir ellilífeyrisþegar og skólafólk sem geymir sumarhýruna til vetrarins í banka mun ekki lenda með vaxtatekjur sínar í skattlagningu. Samkvæmt skattframtölum falla rúmlega 52% allra vaxtatekna hjóna til þeirra 10% hjóna sem hæstar heildartekjur hafa og rúmlega 60% vaxtateknanna til 20% tekjuhæstu hjónanna. Í öðrum löndum hafa vaxtatekjur svipaða misdreifingu. Samkvæmt því má ætla að a.m.k. 80% hjóna hafi vaxtatekjur neðan þeirra marka sem þarf til skattlagningar og verði því ekki fyrir henni.

Um 4. gr.

Með grein þessari er lögð til lagfæring á ákvæðum um vaxtabætur. Með a-lið er fellt brott það ákvæði sem nú hefur þau áhrif að vaxtagjöld, sem geta orðið stofn vaxtabóta, lækka um allar vaxtatekjur. Í stað þess kemur ákvæðið í b-lið, sem kveður á um að vaxtagjöld sem bætt verða skuli lækkuð um 6% af tekjuskattsstofni. Þar sem áður hefur verið gerð tillaga um þá breytingu að vaxtatekjur teljist til tekjuskattsstofns með sérstökum hætti, sbr. 3. gr. frumvarpsins, leiðir þetta til þess að vaxtatekjur munu hafa áhrif á vaxtabætur með sama hætti og þær mynda skattstofn, þ.e. að 60% þeirra valda skerðingu á stofni til vaxtabóta.

Um 5. gr.

Samkvæmt ákvæði þessarar greinar hefst skattlagning vaxtatekna í ársbyrjun 1997 og koma þær fyrst til álagningar á árinu 1998. Í frumvarpi, sem lagt er fram samhliða þessu, er gert ráð fyrir að tekin verði staðgreiðsla sem bráðabirgðagreiðsla skatts af vaxtatekjum þannig að skatturinn mun að hluta til skila sér í ríkissjóð á árinu 1997.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Samkvæmt ákvæðinu verða vextir, sem fallnir eru til fyrir gildistöku laganna, ekki skattskyldir þótt þeir komi til greiðslu eftir þann tíma.

Fylgiskjal.

Þórður Friðjónsson,
Þjóðhagsstofnun:

Mat á tillögu um fjármagnstekjuskatt.

(19. mars 1996.)

Vísað er til beiðni frá þingflokki Alþýðuflokksins um mat á tillögu um fjármagnstekjuskatt. Beiðnin er dagsett 29. febrúar 1996 og skilgreind nánar í samtali við Þröst Ólafsson fimmtudaginn 14. mars.

Beiðnin er tvíþætt. Annars vegar snýr hún að því að áætla tekjur hins opinbera miðað við að vaxtatekjur einstaklinga verði skattlagðar eins og aðrar tekjur með þeirri undantekningu að aðeins 60% af vaxtatekjum verði skilgreindar sem skattstofn og frítekjumark verði 40 þúsund krónur fyrir einstaklinga og 80 þúsund krónur fyrir hjón. Hins vegar var óskað eftir upplýsingum um í hvaða tekjubilum framtalinna heildartekna þessar skattgreiðslur myndast, þ.e. dreifing skattbyrði eftir tekjum.

Við mat á tekjuáhrifum vaxtaskattsins í heild var stuðst við upplýsingar úr skattframtölum og nýlega skýrslu um samræmda skattlagningu vaxtatekna. Reiknað var með sömu vaxtatekjum og í umræddri skýrslu, eða 9,6 milljörðum króna, og þeim skattareglum sem giltu að öðru leyti fyrir tekjuárið 1994. Jafnframt er gert ráð fyrir að skattur verði greiddur af áföllnum vöxtum og verðbótum af eignarskattsfrjálsum verðbréfum. Slíkar tekjur skila sér ekki til skatts fyrr en við innlausn bréfanna.

Skattlagning vaxta samkvæmt tillögunni gæti numið 1,7 milljarði króna, eða um 18% af vaxtatekjum. Lækkun skattstofnsins úr 60% í 50% fæli í sér um 250 milljón króna lækkun tekna. Hér er um að ræða heildartekjur af umræddum skatti þegar skattlagningin er að fullu komin til framkvæmda. Að óbreyttu kæmi 75-80% í hlut ríkisins og 20-25% í hlut sveitarfélaga. Áætla má að skatturinn yrði 600-700 milljónir króna lægri fyrsta árið en færi síðan hækkandi næstu árin á eftir. Ástæðan fyrir því að skatturinn skilar lægri tekjum fyrstu árin er sú að áfallnar verðbætur og vextir af skuldabréfum verða ekki skattlagðir fyrr en við innlausn.

Marga fyrirvara þarf að hafa á þessum niðurstöðum. Í því sambandi er rétt að vekja sérstaka athygli á að verðbólga hefur áhrif á tekjurnar þar sem skattstofn er nafnvaxtatekjur. Jafnframt er hér byggt á skattagögnum vegna tekjuársins 1994. Þó verður einnig að gera ráð fyrir að vaxtastig gæti breyst við tilkomu skattlagningar og að aðilar á markaði lagi hegðun sína að skattlagningunni.

Dreifing skattbyrði eftir tekjum er vandmetnari. Þjóðhagsstofnun telur skattagögn um þessi efni ekki nógu traustan grunn til að reikna út áhrif skattsins eftir tekjubilum af neinni nákvæmni.

759. Frumvarp til laga [429. mál]

um staðgreiðslu skatts af vaxtatekjum.

Flm.: Jón Baldvin Hannibalsson, Margrét Frímannsdóttir,
Jóhanna Sigurðardóttir.

Upphafsákvæði.

1. gr.

Staðgreiðsla samkvæmt lögum þessum er bráðabirgðagreiðsla tekjuskatts og útsvars af vaxtatekjum á tekjuári.

Staðgreiðsluskylda.

2. gr.

Skyldir til að sæta innheimtu á staðgreiðslu skattsins eru allir þeir sem fá vaxtatekjur, sbr. þó 2. mgr.

Undanþegnir skyldu skv. 1. mgr. eru:

1. Lögaðilar sem skattskyldir eru samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.
2. Einstaklingar sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi en eingöngu vegna þeirra vaxtatekna sem tilheyra atvinnurekstrinum eða hinni sjálfstæðu starfsemi. Einstaklingar með atvinnurekstur geta óskað eftir því við skilaskyldan aðila að ekki verði innheimt staðgreiðsla af vöxtum á skilgreindum reikningum sem einvörðungu eru í þágu atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi eða vegna annarra viðskipta á fjármagnsmarkaði. Skal skilaskyldur aðili tilkynna skattyfirvöldum um númer reikningsins, eiganda hans og að ekki verði tekinn skattur af honum eða að um viðskipti hafi verið að ræða á undanþágusviði.
3. Lögaðilar sem undanþegnir eru skattskyldu skv. 4. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Skilaskylda.

3. gr.

Skylda til að draga af staðgreiðslu samkvæmt lögum þessum og skila í ríkissjóð hvílir á innlánsstofnunum, verðbréfafyrirtækjum, verðbréfamiðlurum, eignaleigufyrirtækjum og öðrum fjármálastofnunum, lögmönnum, löggiltum endurskoðendum og öðrum fjárvörsluaðilum, svo og öðrum aðilum sem hafa með höndum milligöngu eða umsýslu í verðbréfaviðskiptum eða annast innheimtu fyrir aðra.

Staðgreiðslustofn.

4. gr.

Stofn til staðgreiðslu samkvæmt lögum þessum teljast vaxtatekjur, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Sé kröfu skuldbreytt þannig að áföllnum vöxtum og verðbótum sé bætt við höfuðstól skulu vextir og verðbætur sem voru áfallnar þegar skuldbreytingin var gerð vera staðgreiðslustofn.

Ef einungis er borgaður hluti af áskilinni afborgun kröfu skal við það miðað að vextir séu fyrst greiddir.

Afdráttur staðgreiðslu.

5. gr.

Afdráttur staðgreiðslu skal fara fram eins og hér segir:

1. Staðgreiðsla af vöxtum skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, skal fara fram þegar vextir eru greiddir út eða færðir rétthafa til tekna og þar með lausir til ráðstöfunar. Með greiðslu er átt við greiðslu í hvaða formi sem er, hvort heldur greiðslu á peningum, kröfum eða öðru því sem hefur peningalegt verðgildi og látið er af hendi í stað peninga.
2. Staðgreiðslu af afföllum, söluhagnaði og gengishagnaði skv. 4. og 5. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, skal fara fram þegar krafa er seld eða innleyst. Sé krafa innleyst að hluta reiknast söluhagnaður og afföll hlutfallslega.

6. gr.

Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu samkvæmt lögum þessum er 25% af staðgreiðslustofni skv. 4. gr.

7. gr.

Einstaklingar sem á næstliðnu ári höfðu vaxtatekjur lægri en 60.000 kr. geta óskað eftir því við skilaskyldan aðila að ekki verði innheimt staðgreiðsla af vaxtagreiðslum til hans. Skal hinn skilaskyldi aðili verða við slíkri ósk að því marki sem þessar vaxtagreiðslur á staðgreiðsluárinu eru undir framangreindum mörkum. Með sama hætti skal heimilt að undanskilja frá staðgreiðslu vaxtagreiðslur allt að 40.000 kr. á ári til einstaklings frá sama skilaskyldum aðila.

Séu heimildir til undanþágu frá staðgreiðslu skv. 1. mgr. nýttar skal skilaskyldur aðili við lok tekjuárs senda skattyfirvöldum upplýsingar um greidda vexti sem undanþegnir voru staðgreiðslu og handhafa þeirra.

Skilagreinar og upplýsingar.

8. gr.

Skilaskildur aðili skv. 3. gr. skal ávallt geta um staðgreiðslu vaxtaskatts á kvittun til rétthafa vaxta og annarra tekna sem teljast til staðgreiðslustofns skv. 4. gr. Að tekjuári liðnu og eigi síðar en 1. febrúar ár hvert skulu skilaskyldir aðilar, sbr. 3. gr., láta þeim sem skattur var dreginn af samkvæmt lögum þessum í té heildaryfirlit þar sem fram komi höfuðstóll inneignar eða kröfu í árslok, vextir ársins og afdregin staðgreiðsla á þá vexti.

9. gr.

Með skilum á staðgreiðslu skal fylgja skilagrein á þar til gerðu eyðublaði eða í öðru því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Aðilar skv. 3. gr. skulu skila skilagrein, enda þótt enginn staðgreiðslustofn sé fyrir hendi á einstökum tímabilum. Þeir geta þó sótt um und-

anþágu frá þessari skyldu til ríkisskattstjóra, enda hafi þeir þá ekki innheimtu á eða milligöngu með peningalegar eignir.

Skattstjóri skal yfirfara skilagreinar og gera á þeim leiðréttingar ef þörf krefur.

Ef aðili framvísar ekki fullnægjandi skilagrein innan tilskilinna tímamarka skal skattstjóri áætla skilaskylda fjárhæð hans.

Skattstjóri skal tilkynna aðila um áætlun eða leiðréttingu skv. 2. og 3. mgr.

Nú verður greiðslubrestur vegna kröfu en skatti hefur þó verið skilað af vöxtum samkvæmt kröfunni og er þá skilaskyldum aðila heimilt að senda til innheimtumanns leiðrétta skilagrein fyrir viðkomandi tímabil.

10. gr.

Að loknu tekjuári skulu skilaskyldir aðilar senda skattyfirvöldum á því formi, sem ríkisskattstjóri ákveður, ársyfirlit yfir staðgreiðsluskyldar vaxtatekjur og innheimta staðgreiðslu ásamt sundurliðaðri skilagrein um vaxtagreiðslur til þeirra sem fengið hafa undanþágu frá innheimtu staðgreiðslu samkvæmt ákvæðum 7. gr.

11. gr.

Einstaklingar sem sætt hafa staðgreiðslu samkvæmt lögum þessum skulu á skattframtali, sbr. lög um tekjuskatt og eignarskatt, gera grein fyrir afdreginni staðgreiðslu af vaxtatekjum í samræmi við þær upplýsingar sem þeir hafa fengið frá skilaskyldum aðilum, sbr. 8. gr.

Ýmis ákvæði.

12. gr.

Að því leyti sem ekki er sérstaklega kveðið á um í lögum þessum skulu ákvæði laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, gilda eftir því sem við getur átt.

13. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara.

Gildistaka.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1997.

Ákvæði til bráðabirgða.

Vaxtatekjur af bréfum og kröfum, sem gefin voru út eða stofnað til fyrir 1. janúar 1997, teljast ekki til staðgreiðslustofns skv. 4. gr. þessara laga að því leyti sem þær voru áfallnar fyrir 1. janúr 1997.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er lagt fram sem fylgifrumvarp með frumvarpi til breytinga á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem lagt hefur verið fram. Í því frumvarpi er lagt til að vaxtatekjur verði skattlagðar innan hins almenna skattkerfis, þó með sérstökum hætti sé. Í þessu frumvarpi er lagt til að bráðabirgðagreiðsla skatts af vaxtatekjum verði innheimt með staðgreiðslu með svipuðum hætti og nú er gert þegar um er að ræða launatekjur. Í frumvarpinu er að breyttu breytanda farið að þeirri fyrirmynd sem staðgreiðsla af launatekjum er og til þeirra laga er vísað að því er varðar almennar reglur sem lúta að fram-

kvæmd, málsmeðferð o.fl. Rétt þykir í upphafi að hafa staðgreiðslu af vaxtatekjum í sérlögum en eðlilegt er að síðar og að fenginni reynslu verði þessi lög felld inn í hin almennu staðgreiðslulög.

Ekki er ástæða til að rökstyðja sérstaklega það fyrirkomulag að innheimta skatta í staðgreiðslu að því marki sem unnt er. Í því efni á hið sama við um vaxtatekjur og aðrar tekjur. Því til viðbótar má benda á að þar sem ekki er fyrir hendi kvöð um sjálfvirka upplýsingagjöf um vaxtagreiðslur er líklegt að staðgreiðsla skatts af vöxtum verði til að styrkja skattaframkvæmd og tryggja innheimtu í þeim tilvikum að handhafar vaxtatekna sinna ekki framtalsskyldu sinni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um að staðgreiðsla skatts af vaxtatekjum sé bráðabirgðagreiðsla. Endanleg ákvörðun skattsins fer fram við álagningu og kemur þá til viðbótarkröfu eða endurgreiðslu eftir því sem efni standa til.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um hverjum er skylt að sæta því að haldið sé eftir staðgreiðslu af vaxtatekjum þeirra. Nær sú skylda til allra einstaklinga sem skattskyldir eru að því leyti sem vaxtatekjur þeirra tilheyra ekki atvinnurekstri þeirra. Skyldan nær því hvorki til vaxtatekna lögaðila né vaxtatekna þeirra sem ekki eru skattskyldir, svo sem félagasamtaka o.fl.

Um 3. gr.

Greinin kveður á um hverjum sé skylt að draga staðgreiðslu af vaxtagreiðslum sem þeir inna af hendi til viðskiptavina sinna eða annast greiðslu á í umboði annarra. Eru það allir þeir sem annast vörslu og ávöxtun fjár, milligöngu og umsýslu í verðbréfaviðskiptum og annast innheimtu í atvinnuskyni. Skylda til afdráttar á staðgreiðslu hvílir ekki á einstaklingum í viðskiptum þeirra á milli.

Um 4. gr.

Grein þessi kveður á um að staðgreiðslustofn skuli hverju sinni vera þær vaxtatekjur sem skattskyldar eru samkvæmt tekjuskattslögunum, auk þess sem kveðið er á um hvernig afdrætti skuli hagað við skuldbreytingu eða þegar krafa er greidd að hluta.

Um 5. gr.

Með greininni er ákveðið að við ákvörðun staðgreiðslu verði miðað við vexti þegar þeir raungerast við greiðslu eða innlausn eða eru færðir rétthafa til tekna og eru lausir til ráðstöfunar. Er þar um að ræða sömu meginreglu og gildir við skattákvörðun samkvæmt tekjuskattslögunum.

Um 6. gr.

Samkvæmt greininni verður innheimtuhlutfall í staðgreiðslu 25%. Er það hlutfall ákveðið með tilliti til þess staðgreiðslan víki ekki verulega frá þeim skatti sem ákveðinn verður við álagningu. Mismunur á staðgreiðslu og álagningu verður innheimtur eða endurgreiddur með sama hætti og þegar mismunur verður á staðgreiðslu og endanlegum skatti af launatekjum.

Um 7. gr.

Gefinn er kostur á því að þeir einstaklingar sem ekki eiga í vændum neina skattlagningu vaxtatekna, sökum þess að þær eru lágar, geti losnað undan staðgreiðslu með einföldum hætti. Þannig getur hann óskað eftir að verða leystur undan staðgreiðslu ef vaxtatekjur hans næstliðið ár voru lægri en 60.000 kr. eða eru undir 40.000 kr. hjá sama aðila. Slíkri ósk fylgi að skattayfirvöldum verði tilkynnt um vaxtagreiðslur viðkomandi og mun hann þurfa að sæta álagningu ef í ljós kemur að hann hafi vaxtatekjur ofan skattleysismarkanna.

Um 8. gr.

Með ákvæðinu er vaxtagreiðandi skyldaður til að gefa rétthafa vaxtanna kvittun fyrir þeirri staðgreiðslu sem dregin hefur verið af vaxtagreiðslum til hans. Enn fremur er honum gert að veita vaxtaþegum ársyfirlit að loknu ári sem nýtist honum við gerð framtals á peningalegum eignum og vaxtatekjum. Nær algilt er að fjármálastofnanir sendi viðskiptavinum sínum ársyfirlit þannig að ekki er um viðbótarskil að ræða.

Um 9. gr.

Með greininni er kveðið á um hvernig staðið skuli að skilum á staðgreiðslu. Skilaskyldum aðila er gert að senda skattyfirvöldum skilagrein um leið og afdreginni staðgreiðslu er skilað. Ekki er gerð krafa um að skilagreinin sé sundurliðuð eins og þegar um laun er að ræða. Fjármálastofnunum er því ekki gert að veita skattyfirvöldum uppýsingar um vaxtatekjur einstaklinga með þeim hætti.

Um 10. gr.

Skilaskyldum aðilum er gert að senda skattyfirvöldum ársyfirlit yfir afdregna staðgreiðslu og staðgreiðsluskyldar vaxtatekjur. Er ekki gert ráð fyrir að þær séu sundurliðaðar eftir einstaklingum nema að því leyti sem viðkomandi aðilar hafa óskað að vera undanþegnir staðgreiðslu.

Um 11. gr.

Í greininni er kveðið á um að þeir sem sætt hafa afdrætti staðgreiðslu skuli gera grein fyrir henni á framtali sínu í samræmi við þær upplýsingar sem þeir hafa fengið frá þeim sem afdráttinn annaðist, sbr. skyldu hans skv. 8. gr. til að gera grein fyrir því með ársyfirliti. Með þessu og framtali vaxtateknanna sem eru framtalsskyldar samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt verður unnt að tryggja að viðkomandi njóti hins sérstaka frádráttar frá vaxtatekjum.

Um 12. gr.

Í greininni er vísað til almennu staðgreiðslulaganna um þau atriði sem ekki er sérstaklega kveðið á um í lögum þessum. Þannig mun framkvæmd að öðru leyti en lög þessi kveða á um hana og málsmeðferð fara eftir staðgreiðslulögunum.

Um 13. gr.

Í greininni er fjármálaráðherra gert að kveða nánar á um framkvæmd laganna.

Um 14. gr.

Í gildistökuákvæðinu er gert ráð fyrir að staðgreiðsla verði hafin í ársbyrjun 1997 eða um leið og skattskylda vaxtatekna hefst samkvæmt frumvarpi þar um.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Kveðið er á um að vaxtatekjur, sem áfallnar eru fyrir 1. janúar 1997 en greiðast síðar, myndi ekki staðgreiðslustofn, enda verða þær ekki skattskyldar samkvæmt bráðabirgðaákvæði í frumvarpi um skattskyldu vaxtatekna.

760. Fyrirspurn [430. mál]

til menntamálaráðherra um dreifikerfi útvarps og sjónvarps.

Frá Hjálmari Jónssyni.

1. Hve mörg heimili á landinu ná ekki sendingum útvarps og sjónvarps Ríkisútvarpsins?
2. Eru uppi áætlanir um að ljúka uppbyggingu dreifikerfis þannig að það þjóni öllu landinu?
3. Hvað er reiknað með að slík uppbygging kosti?
4. Hvað líður endurskoðun Póst- og símamálastofnunar á gjaldskrá sinni fyrir flutning útvarps- og sjónvarpsmerkis eftir ljósleiðara?

761. Fyrirspurn [431. mál]

til menntamálaráðherra um flutning sjónvarpsins í útvarpshúsið.

Frá Hjálmari Jónssyni.

Hvað líður könnun á hagkvæmni þess að flytja starfsemi sjónvarpsins í útvarpshúsið við Efstaleiti?

762. Fyrirspurn [432. mál]

til félagsmálaráðherra um aðstoð við gjaldþrota einstaklinga.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Liggur fyrir félagsleg rannsókn á því hversu margar fjölskyldur hafa lent í þrengingum vegna gjaldþrota einstaklinga og fyrirtækja sl. tíu ár?

2. Er vitað hversu margar fjölskyldur hafa flutt úr landi í kjölfar gjaldþrots þar sem þær treysta sér ekki til að búa á Íslandi?
3. Hvaða ráðstafanir gerir ríkisvaldið til að aðstoða einstaklinga við að byrja nýtt líf eftir gjaldþrot?
4. Telur ráðherra koma til greina, með hliðsjón af því hve margir hafa orðið gjaldþrota á síðustu árum, að auðvelda fólki sérstaklega að komast inn á atvinnumarkaðinn?

763. Fyrirspurn [433. mál]

til dómsmálaráðherra um gjaldþrot sl. tíu ár.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hve margir einstaklingar hafa orðið gjaldþrota á Íslandi sl. tíu ár, flokkað eftir aldri og árum?
2. Er vitað hversu margir einstaklingar, sem orðið hafa gjaldþrota á áðurgreindu tímabili, eru:
   a. launamenn,
   b. verktakar?

Skriflegt svar óskast.

764. Nefndarálit [254. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34 25. mars 1991, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Halldór J. Kristjánsson, skrifstofustjóra í iðnaðarráðuneytinu, Jón Sveinsson hdl., Kristján Ragnarsson, formann Landssambands íslenskra útvegsmanna, og Gunnar Helga Hálfdanarson, varaformann Samtaka verðbréfafyrirtækja. Þá fékk nefndin sendar umsagnir um málið frá Íslenskum sjávarafurðum hf., Vinnumálasambandinu, Flugleiðum hf., Sjómannasambandi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landsvirkjun, Samtökum fiskvinnslustöðva, Seðlabanka Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, Samtökum iðnaðarins, Verslunarráði Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Einnig barst nefndinni álit nefndar um erlenda fjárfestingu sem starfar skv. 10. gr. gildandi laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að upptalning á reykingu, súrsun, niðursuðu og niðurlagningu verði felld brott úr því ákvæði frumvarpsins þar sem talið er upp hvað teljist til vinnslu sjávarafurða. Nefndin telur eðlilegra að flokka þessa starfsemi undir iðnað.
2. Til að fullnægja skuldbindingum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið er lagt til að sambærileg undanþága frá búsetuskilyrði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra og er í hlutafélagalögum verði látin gilda um sérlög um tilteknar fjárfestingar hér á landi, þ.e. lög er varða álverið í Straumsvík, járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga og Kísilgúrverksmiðjuna við Mývatn.
3. Lagt er til að í ákvæði til bráðabirgða verði kveðið á um að takmarkanir b-liðar 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna, eins og sú grein verður eftir þær breytingar sem frumvarpið ráðgerir, eigi ekki við um eignarhluti erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum eins og þeir voru við síðustu áramót fyrr en 1. janúar 1998, enda hafi erlend eignaraðild ekki verið meiri en 49% og eignarhlutur lögaðilans í einstökum fyrirtækjum ekki farið yfir 10%.

Jón Baldvin Hannibalsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. mars 1996.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Steingrímur J. Sigfússon.	Valgerður Sverrisdóttir.
Pétur H. Blöndal.	Einar Oddur Kristjánsson.	Sólveig Pétursdóttir.
	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	

765. Breytingartillögur [254. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34 25. mars 1991, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, SJS, GMS, SP, VS, EOK, PHB).

1. Við 1. gr. Síðari málsgrein 1. tölul. 1. efnismgr. orðist svo:
   Með vinnslu sjávarafurða í 1. mgr. þessa töluliðar er átt við frystingu, söltun, herslu og hverja aðra þá verkun sem ver fisk og aðrar sjávarafurðir skemmdum, þar með taldar bræðsla og mjölvinnsla. Til vinnslu í þessu sambandi telst hins vegar ekki reyking, súrsun, niðursuða, niðurlagning og umpökkun afurða í neytendaumbúðir eða frekari vinnsla afurða til að gera þær hæfari til dreifingar, neyslu eða matreiðslu.
2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna er verður 10. gr.:
   a. 2. málsl. orðast svo: Búsetuskilyrði gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki.

b. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:
Nú geyma sérlög um tiltekna fjárfestingu hér á landi, sem í gildi eru við gildistöku laga þessara, skilyrði um íslenskt ríkisfang stjórnarmanna eða búsetu þeirra hér á landi, og skulu þá ríkisborgarar þeirra ríkja sem aðild eiga að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og búsettir eru í EES-ríki teljast uppfylla ríkisfangs- og búsetuskilyrði slíkra sérlaga.

3. Við bætist ný grein, er verði 7. gr., og orðist svo:
Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:
Hafi íslenskur lögaðili, sem á eignarhlut í lögaðila sem stundar veiðar í efnahagslögsögu Íslands eða vinnslu sjávarafurða hér á landi, verið að hluta í eigu erlends aðila 31. desember 1995 skulu takmarkanir skv. b-lið 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga þessara ekki koma til framkvæmda að því er varðar þann lögaðila fyrr en 1. janúar 1998, enda hafi erlend eignaraðild í lögaðilanum ekki verið meiri en 49%, eignarhlutur lögaðilans í einstökum sjávarútvegs- eða fiskvinnslufyrirtækjum ekki farið yfir 10% og fjárfestingin verið tilkynnt Seðlabanka Íslands samkvæmt ákvæðum laganna fyrir 31. desember 1995.

766. Tillaga til þingsályktunar [434. mál]

um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni.

Flm.: Guðný Guðbjörnsdóttir, Ágúst Einarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Hjörleifur Guttormsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem hafi það verkefni að beita sér fyrir að skipulega verði brugðist við málum er varða kynferðislega áreitni í opinberum stofnunum og á öðrum vinnustöðum og að skipuleggja fræðslu um slíka áreitni. Tryggt verði að allir starfsmannastjórar, trúnaðarmenn, dómarar og lögfræðingar eigi kost á slíkri fræðslu.

Greinargerð.

Hvergi í íslenskum lögum er að finna skilgreiningu á því hvað sé kynferðisleg áreitni. Í 198. gr. almennra hegningarlaga segir:

„Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann utan hjónabands eða óvígðrar sambúðar með því að misnota freklega þá aðstöðu sína að hann er honum háður fjárhagslega, í atvinnu sinni eða sem skjólstæðingur hans í trúnaðarsambandi skal sæta fangelsi allt að 3 árum eða, sé maðurinn yngri en 18 ára, allt að 6 árum. Önnur kynferðisleg áreitni varðar fangelsi allt að 2 árum.“

Í 6. gr. laga um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla frá 1991 segir að atvinnurekendum sé óheimilt að mismuna fólki eftir kynferði og gildir það m.a. um vinnuaðstæður og vinnuskilyrði. Í norrænni löggjöf um jafnréttismál eru hins vegar skýr ákvæði um kynferðislega áreitni.

Kynferðisleg áreitni hefur verið skilgreind sem óvelkomin framkoma, kynferðislegs eðlis, sem beinist að kynferði eða kynímynd einstaklings og hefur þau áhrif eða markmið að honum eru sköpuð auðmýkjandi eða fjandsamlegar aðstæður til náms, vinnu eða félagslegrar samveru. Kynferðisleg áreitni felur í sér samskipti sem einkennast af misnotkun á valdi eða stöðu, andlega kúgun og árás á sjálfsvirðingu og sjálfsímynd einstaklingsins. Áreitnin er alltaf niðurlægjandi fyrir þann sem fyrir henni verður og hefur neikvæð áhrif á andlega og líkamlega heilsu hans. Það sem aðgreinir kynferðislega áreitni frá daðri t.d. er það að hún er aldrei velkomin, ekki gagnkvæm og er aldrei á jafnréttisgrundvelli.

Með tilvísun í nýleg dæmi um ásakanir um kynferðislega áreitni er brýnt að sjá til þess að fræðsla eigi sér stað um kynferðislega áreitni í opinberum stofnunum og á öðrum vinnustöðum, einnig að markaður verði skipulegur farvegur innan allra opinberra stofnana og helst allra vinnustaða fyrir kvartanir og ásakanir um kynferðislega áreitni í þeim tilgangi að stöðva mál af þessu tagi á byrjunarstigi. Fyrirmyndir um slíka farvegi má finna hjá fjölmörgum erlendum háskólum, fyrirtækjum og stofnunum. Yfirleitt er um litlar trúnaðarnefndir að ræða þar sem bæði kynin eiga fulltrúa. Hlutverk þeirra er að hlusta á báða málsaðila, veita áminningar við fyrsta brot og grípa til róttækari aðgerða ef kvartanir eða ásakanir halda áfram.

Umræðan um kynferðislega áreitni er loksins komin upp á yfirborðið hér á landi, en slík mál hafa lengi verið í opinberri umræðu í flestum nágrannalanda okkar. Fyrstu viðbrögð eru svipuð og þegar umræðan um konur og heimilisofbeldi var að öðlast viðurkenningu eða umræðan um sifjaspell. Þá var spurt hvort það væri ekki einkamál hvað gerðist á milli hjóna innan veggja heimilisins og hvort feður mættu ekki lengur sýna dætrum sínum hlýju. Nú er spurt hvort ekki sé lengur leyfilegt að leggja höndina á öxl nemenda og hvort banna skuli daður á vinnustað.

Þessar spurningar og viðbrögð eru skýr merki um vanþekkingu á efninu og sýna betur en margt annað þörfina á að unnið verði markvisst fyrirbyggjandi starf á þessu sviði. Gera verður skýran greinarmun á snertingu umhyggjusams kennara og kynferðislegri áreitni, daðri og áreitni, ástarleikjum og nauðgun. Annars vegar er umhyggja og gagnkvæm ánægja, hins vegar misbeiting á valdi sem aldrei er á jafnréttisgrundvelli — óvelkomin, endurtekin kynferðisleg hegðun.

Það er eitt að kynferðisleg áreitni er refsiverð samkvæmt íslenskum lögum og annað að móta reglur og skapa skipulegan farveg fyrir ásakanir um kynferðislega áreitni í opinberum stofnunum. Flest mála af þessu tagi, sem á annað borð koma upp á yfirborðið, enda ekki með ákæru fremur en mál er varða heimilisofbeldi. Þetta skýrist af því að oft eru aðstæður þannig að viðkomandi getur ekki kært ef hún eða hann ætlar að ljúka sínu námi, halda vinnunni eða viðhalda mikilvægu trúnaðarsambandi.

Lítið hefur reynt á 198. gr. hegningarlaganna frá árinu 1992 þegar kynferðisleg áreitni var gerð refsiverð að íslenskum lögum. Nýlega hafa þó fallið tveir dómar um kynferðislega áreitni. Athyglisvert er að í báðum dómunum er um karlmenn að ræða, þ.e. karlmenn að áreita karlmenn. Það er athyglisvert vegna þess að allar tiltækar kannanir benda til að konur verði mun oftar fyrir kynferðislegri áreitni en karlar.

Rannsóknir í háskólum á Norðurlöndum og í Bandaríkjunum benda til að 10–20% kvenna verði fyrir kynferðislegri áreitni í háskólum, 40% þegar um æðri námsgráður er að ræða. Meðal karla eru tölurnar töluvert lægri. Við flesta bandaríska og marga evrópska háskóla og marga skóla á lægri skólastigum hefur verið mótaður skýr farvegur fyrir mál af þessu tagi. Um leið og nemi eða kennari verður var við ítrekaða áreitni veit

hann hvert á að snúa sér með kvartanir. Í fyrstu eru aðeins veittar áminningar og oft dugar það.

Bandarískar rannsóknir á vinnustöðum benda almennt til að um 40% kvenna og um 15% karla verði fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustöðum en evrópsku tölurnar eru almennt töluvert lægri eða 10–20% meðal kvenna. Skýringarnar á þessum mun eru að hluta til af menningarlegum toga, en einnig getur verið um mismunandi skilgreiningar að ræða. Tiltækar íslenskar kannanir, þó takmarkaðar séu og ekki alveg nýjar, sýna að þrátt fyrir að fyrirbærið hafi að mestu legið í þagnargildi telja tæp 10% kvenna sig hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni.

Í framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um jafnrétti kynjanna frá árinu 1993 er gert ráð fyrir að í vinnuverndartilgangi verði staðið að könnun á kynferðislegri áreitni á vinnustöðum á Íslandi og umfangi hennar (liður 2.3.2). Á grundvelli könnunarinnar og þeirrar þekkingar, sem liggur fyrir hjá öðrum þjóðum, verði unnið markvisst að því að sporna gegn kynferðislegri áreitni á vinnustöðum. Það er fagnaðarefni að þessi könnun á kynferðislegri áreitni á Íslandi er loks hafin. Ekki þykir ástæða til að bíða eftir að niðurstöður hennar liggi fyrir sem væntanlega verður með haustinu. Ljóst þykir að niðurstöður könnunarinnar munu ekki breyta því að samþykkt þessarar þingsályktunartillögu er löngu tímabær. Eðlilegt þykir að sú nefnd, sem skipuð verður samkvæmt tillögunni, hafi samráð við þá aðila sem vinna með kynferðislega áreitni á skrifstofu jafnréttismála og við áðurnefnda könnun.

Umræðan í þjóðfélaginu bendir ótvírætt til að töluvert vanti á að fólk skilji að kynferðisleg áreitni er einelti og mannréttindabrot sem ekki á að líða, hver sem í hlut á. Þess vegna er fræðsla um þessi mál mjög mikilvæg, ekki síst meðal starfsmannastjóra, trúnaðarmanna, atvinnurekenda, lögfræðinga og dómara. Einnig er mikilvægt að starfsreglur stofnana verði skýrar og aðgengilegar fyrir starfsfólk þannig að fólk verði meðvitað um rétt sinn og viti hvernig beri að bregðast við kynferðislegri áreitni komi hún upp á vinnustað. Sem fyrsta skref í fræðslu af þessu tagi má benda á bækling jafnréttisráðs um kynferðislega áreitni og tilboð skrifstofu jafnréttismála um að svara spurningum um efnið.

Það er skoðun flutningsmanna að þessi þingályktunartillaga hafi fyrirbyggjandi tilgang fyrst og fremst. Markmiðið er að í öllum opinberum stofnunum verði skapað vinnuumhverfi sem dragi úr líkum á að fólk verði fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustað; að komið verði á fót ódýru og skilvirku fræðslukerfi fyrir starfsmenn ríkisins; að starfsreglur stofnana geri fólk meðvitað um rétt sinn og hvernig ber að bregðast við kynferðislegri áreitni komi hún upp á vinnustað eða í trúnaðarsambandi í opinberri stofnun.

767. Tillaga til þingsályktunar [435. mál]

um skipun samráðsnefndar um hagsmuni og réttindi aldraðra og öryrkja.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir.

Alþingi ályktar að skipuð verði samráðsnefnd fulltrúa heilbrigðisráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis, Öryrkjabandalags Íslands og Landssambands aldraðra.

Verkefni nefndarinnar verði að veita ríkisstjórninni umsagnir um öll málefni á verksviði fyrrgreindra ráðuneyta er varða hagsmuni og réttindi aldraðra og öryrkja. Nefndin getur að eigin frumkvæði eða að frumkvæði Öryrkjabandalags Íslands eða Landssambands aldraðra tekið til umfjöllunar öll mál er varða tengsl milli ríkisins, almannatrygginga og tryggingaþega. Umsagnir nefndarinnar um einstök mál skal ávallt birta sem fylgiskjöl ef mál koma til afgreiðslu Alþingis.

Greinargerð.

Alþingi hefur á undanförnum árum samþykkt ýmsar breytingar á lögum sem hafa haft veruleg áhrif á réttindi og kjör aldraðra og öryrkja. Nokkrar þessara breytinga hafa vissulega verið réttarbót til handa þessum hópum þjóðfélagsþegna. Fleiri og tíðari eru þó þær breytingar sem hafa skert kjör þeirra og skapað óvissu og öryggisleysi. Nægir að nefna breytingar sem gerðar voru við og í kjölfar afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1996. Öldruðum og öryrkjum er öðrum fremur nauðsyn að lifa við öryggi og óttaleysi um fjárhagslega afkomu. Tíðar breytingar á kjörum þeirra eru þeim einkar erfiðar, sérstaklega í ljósi þess að mikið hefur skort á að við þessa hópa sé haft samráð þegar breytingarnar eiga sér stað. Í ljósi þessara staðreynda ítrekaði aðalfundur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni mótmæli sín við afgreiðslu laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996 en þar er vegið að afkomumöguleikum aldraðra og öryrkja í þjóðfélaginu. Jafnframt er í samþykktum fundarins lögð áhersla á að gerðar séu áætlanir til lengri tíma um mál er snerta lífeyrisþega og undirbúningur að öllum breytingum vandaður betur en raun ber vitni.

Þá hafa samtök aldraðra lagt til að stofnuð verði samráðsnefnd með þátttöku heilbrigðisráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis annars vegar og fulltrúum samtaka aldraðra og Öryrkjabandalagsins hins vegar. Nefndin hafi umsagnarrétt um öll þau mál er snerta hagsmuni og réttindi aldraðra og öryrkja. Þannig verði réttur þessara hópa til samráðs um breytingar er varða lífskjör þeirra virtur. Undir þetta sjónarmið er tekið með flutningi þessarar þingsályktunartillögu.

Landssamband aldraðra hefur í tillögum sínum um samráðsnefnd haft að fyrirmynd norskar reglur sem settar hafa verið og ákvarða með hvaða hætti staðið er að slíku samstarfi og samráði þar.

768. Frumvarp til laga [436. mál]

um breyting á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

Í stað „1. maí 1995“ í lok ákvæðis til bráðabirgða II í lögunum kemur: 1. september 1995.

2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða III í lögunum orðast svo:

Sjávarútvegsráðherra er, þrátt fyrir ákvæði 7. gr., heimilt að ákveða að til ársloka 1996 skuli styrkur vegna úreldingar krókabáta vera hærra hlutfall af húftryggingarmati en gildir um önnur skip og getur styrkurinn ákveðist hærri vegna krókabáta á sóknardögum en vegna krókabáta á þorskaflahámarki. Jafnframt er heimilt að ákveða að til 1. október 1996 geti úreldingarstyrkur vegna krókabáta á sóknardögum numið að hámarki 80% af húftryggingarverðmæti en að hámarki 60% af húftryggingarverðmæti vegna krókabáta á þorskaflahámarki. Á sama tímabili er Þróunarsjóði heimilt að kaupa krókabáta sem hafa verið úreltir. Getur sjóðurinn m.a. notað þá til þróunarverkefna erlendis.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum.

Í því frumvarpi eru gerðar breytingar á reglum sem varða útgerð krókabáta í samræmi við niðurstöður viðræðna milli sjávarútvegsráðuneytisins og Landssambands smábátaeigenda um breytingar á starfsumhverfi krókabáta. Þar er m.a. lagt til að heimilt verði að framselja aflahámark af krókabáti á þorskaflahámarki með því skilyrði að allt þorskaflahámarkið sé flutt af bátnum, hann afsali sér veiðileyfi og falli frá endurnýjunarrétti. Aðstæður við úreldingu krókabáta á þorskaflahámarki annars vegar og sóknardögum hins vegar verða því mjög misjafnar vegna möguleikans til að selja þorskaflahámarkið. Lagt er til í 2. gr. að hámarksúreldingarstyrkur geti til 1. október 1996 numið allt að 80% af húftryggingarverðmæti vegna sóknardagabáts, sem er það sama og gildir nú um alla krókabáta, en verði allt að 60% vegna þorskaflahámarksbáts. Þessar hámarkstölur gefa ekki vísbendingu um hlutfall á milli styrkfjárhæða þessara tveggja útgerðarhópa. Hve mikið er nýtt af hámarki styrkfjárhæðar er sjálfstæð ákvörðun fyrir hvorn hóp um sig. Slík styrktilboð eru markaðsaðgerð og tillaga til sjávarútvegsráðherra um styrkhlutfall vegna þorskaflahámarksbáta mun ráðast mikið af markaðsverði á þorskaflahámarki.

Eftir 1. október er heimilt innan 45% viðmiðunarinnar í lögunum að hafa styrk vegna krókabáta hærri en vegna annarra báta til loka þessa árs og er hér lagt til að á þessum tíma geti styrkfjárhæð vegna þessara tveggja hópa verið mismunandi.

Í 1. gr. er lagt til að viðmiðun um það hvaða krókabátar eiga rétt á úreldingu verði breytt. Nú er miðað við að bátur hafi verið skráður á skipaskrá fyrir 1. maí 1995, en lagt er til að miðað verði við 1. september 1995. Þessi tillaga var niðurstaða viðræðna við Landssamband smábátaeigenda og þóttu sanngirnisrök mæla með því að allir krókabátar er voru á skipaskrá við upphaf yfirstandandi fiskveiðiárs eigi þennan rétt.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga
um breyting á lögum nr. 92 24. maí 1994,
um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að reglum um úreldingarstyrki fyrir krókabáta verði breytt þannig að styrkur til úreldingar krókabáta í sóknardagakerfi geti áfram að hámarki numið 80% til 1. október þessa árs en styrkur til krókabáta á þorskaflahámarki lækki úr 80% í 60% (sjá 2. gr. laga nr. 157/1995). Hvorug aðgerðin hefur bein áhrif á útgjöld A-hluta ríkissjóðs, en væntanlega mun hún verða til þess að flýta eitthvað fyrir úreldingu krókabáta í sóknardagakerfi og hafa þannig áhrif á útgjöld Þróunarsjóðs sjávarútvegsins.

769. Frumvarp til laga [437. mál]

um breyting á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

Við 2. málsl. 2. mgr. 5. gr. laganna bætist: nema bátur komi í stað báts sem hefur verið dæmdur óbætandi vegna sjótjóns.

2. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Bátar minni en 6 brl., sem stundað hafa veiðar með línu og handfærum með dagatakmörkunum eða á þorskaflahámarki, krókabátar, skulu frá og með fiskveiðiárinu sem hefst 1. september 1996 stunda veiðar skv. 9. mgr. þessarar greinar. Þessum bátum er einungis heimilt að stunda veiðar með handfærum og línu, eða einungis með handfærum, sbr. 6. mgr. þessarar greinar. Þó er sjávarútvegsráðherra heimilt að veita þeim leyfi til að stunda veiðar á botndýrum með þeim veiðarfærum sem til þarf, svo sem plógum og gildrum og til hrognkelsaveiða í net.

Krókabátum gefst frá og með fiskveiðiári því sem hefst 1. september 1996 kostur á að velja á milli þess að stunda veiðar með þorskaflahámarki skv. 4.–5. mgr. og þess að stunda veiðar í tiltekinn fjölda sóknardaga eftir annarri hvorri þeirra aðferða sem nánar er lýst í 6.–10. mgr. Eigandi krókabáts skal tilkynna Fiskistofu um val sitt fyrir 1. júlí 1996. Innan sama frests getur eigandi krókabáts komið fram athugasemdum við Fiskistofu um útreikning á þorskaflahámarki. Velji eigandi krókabáts ekki fyrir tilskilinn tíma skal bátur stunda veiðar á þorskaflahámarki. Sætti eigandi sig ekki við úrskurð Fiskistofu um þorskaflahámark getur hann, innan mánaðartíma frá því að úrskurður liggur fyrir, skotið málinu til sérstakrar kærunefndar sem ráðherra skipar. Skal hún skipuð þrem-

ur mönnum og skal formaður hennar fullnægja skilyrðum til að vera skipaður héraðsdómari. Úrskurðir kærunefndar eru fullnaðarúrskurðir innan stjórnkerfisins.

Heildarþorskaflaviðmiðun fyrir krókabáta skal vera 13,9% af ákvörðuðum heildarþorskafla hvers fiskveiðiárs en þó ekki lægri en 21.500 lestir, miðað við óslægðan fisk. Frá þessari heildarþorskaflaviðmiðun dragast 500 lestir til og með fiskveiðiárinu 1998/1999, samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II laga nr. 83/1995.

Þorskaflahámark þeirra báta sem þann kost velja skal á hverju fiskveiðiári vera sama hlutfall af heildarþorskaflaviðmiðun fyrir krókabáta og nam hlutfalli hvers báts í 21.000 lestum, miðað við reiknað þorskaflahámark skv. 2. gr. laga nr. 83/1995.

Heimilt er að framselja þorskaflahámark krókabáts til annars krókabáts eða báta en það er háð því skilyrði að allt hámarkið sé flutt af viðkomandi bát, enda falli veiðileyfi niður og rétti til endurnýjunar sé afsalað. Heimilt er að flytja allt að 20% af þorskaflahámarki frá einu fiskveiðiári yfir á það næsta. Enn fremur er heimilt að flytja til krókabáts á þorskaflahámarki, innan hvers fiskveiðiárs, úthlutað aflamark í þorski skv. 7. gr., um þann flutning gilda almennar reglur um flutning aflamarks. Tilkynna skal Fiskistofu fyrir fram um flutning þorskaflahámarks milli báta og öðlast hann ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest flutninginn.

Bátum sem velja sóknardaga gefst kostur á að velja um að stunda veiðar með handfærum og línu skv. 7.–8. mgr. þessarar greinar eða einungis með handfærum skv. 9.–10. mgr. þessarar greinar. Sóknardagur telst vera 24 klukkustundir frá upphafi veiðiferðar. Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um fyrirkomulag sóknardaga og eftirlit með þeim. Ráðherra getur heimilað að veiðar í sérhæfð veiðarfæri samkvæmt lokamálslið 1. mgr., sem og veiðar með sérhæfðri línu til veiða á háfiskum, séu utan sóknardaga.

Sameiginlegur hámarksþorskafli þeirra báta er velja að stunda veiðar með handfærum og línu skal á hverju fiskveiðiári vera sama hlutfall af heildarþorskaflaviðmiðun fyrir krókabáta og nam samanlagðri hlutdeild þessara báta í 21.000 lestum, miðað við reiknað þorskaflahámark, skv. 2. gr. laga nr. 83/1995. Á fiskveiðiárinu sem hefst 1. september 1996 skulu sóknardagar þessara báta vera 84, miðað við veiðar með handfærum. Ef bátur rær með línu skal margfalda fjölda nýttra daga með tölunni 1,9 á tímabilinu frá 1. maí til 1. september, en með tölunni 1,35 á öðrum tíma. Sé einn maður í áhöfn krókabáts er óheimilt að róa með og eiga í sjó fleiri en 12 bala alls af línu fyrir hvern sóknardag en 20 bala séu tveir eða fleiri í áhöfn. Miðað er við að 500 krókar séu á línu í hverjum bala.

Fjöldi sóknardaga þeirra báta er þennan kost velja er ákveðinn fyrir hvert fiskveiðiár, í fyrsta sinn fyrir fiskveiðiárið sem hefst 1. september 1997, með því að reikna meðalafla á hvern leyfðan sóknardag næstliðins fiskveiðiárs og deila þeirri tölu í hámarksafla þeirra á fiskveiðiárinu. Sóknardögum skal fækka eða fjölga um heila daga og er broti sleppt.

Sameiginlegur hámarksþorskafli þeirra báta er velja að stunda veiðar með handfærum eingöngu skal á hverju fiskveiðiári vera sama hlutfall af heildarþorskaflaviðmiðun fyrir krókabáta og nam samanlagðri hlutdeild þessara báta í 21.000 lestum, miðað við reiknað þorskaflahámark skv. 2. gr. laga nr. 83/1995. Á fiskveiðiárinu sem hefst 1. september 1996 skulu sóknardagar þessara báta vera 84.

Fjöldi sóknardaga þeirra báta er þennan kost velja er ákveðinn fyrir hvert fiskveiðiár, í fyrsta sinn fyrir fiskveiðiárið sem hefst 1. september 1997, með því að reikna meðalafla á hvern leyfðan sóknardag næstliðins fiskveiðiárs og deila þeirri tölu í hámarksafla þeirra á fiskveiðiárinu. Sóknardögum skal fækka eða fjölga um heila daga og er broti sleppt.

3. gr.

Á eftir 6. gr. laganna kemur ný grein, 6. gr. a, sem orðast svo:

Heimilt er án sérstaks leyfis að stunda fiskveiðar í tómstundum til eigin neyslu. Slíkar veiðar er einungis heimilt að stunda með handfærum án sjálfvirknibúnaðar. Afla, sem veiddur er samkvæmt heimild í þessari málsgrein, er óheimilt að selja eða fénýta á annan hátt.

Ráðherra er heimilt að ákveða árlega að á tilteknum fjölda opinberra sjóstangaveiðimóta teljist afli ekki til aflamarks eða þorskaflahámarks og veiðidagar ekki til sóknardaga enda sé aflinn einungis fénýttur til að standa straum af kostnaði við mótshaldið.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1996.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimild til að framselja þorskaflahámark krókabáts til annars krókabáts eða báta, með því skilyrði að allt hámarkið sé flutt af viðkomandi bát, veiðileyfi falli niður og rétti til endurnýjunar sé afsalað, skal taka þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á 11. aðalfundi Landssambands smábátaeigenda, sem haldinn var 12. og 13. október 1995, lýsti sjávarútvegsráðherra því yfir að ráðuneytið væri reiðubúið að beita sér fyrir þeim breytingum á starfsumhverfi krókabátaútgerða sem gætu einfaldað reglur og auðveldað þennan atvinnurekstur, án þess að hvikað yrði frá því að geta haft tök á að halda veiðinni innan viðmiðana um heildarafla. Kaus aðalfundurinn sérstaka nefnd til að eiga viðræður við ráðuneytið um hugsanlegar breytingar.

Í framhaldi af því var efnt til viðræðna á milli ráðuneytisins og Landssambands smábátaeigenda (LS) og voru fundir haldnir nokkuð reglulega þar til 18. mars að samkomulag var orðið um að frumvarp yrði flutt til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða nr. 38/1990, sem hefði að geyma þær tillögur um breytingar á veiðistýringu krókabáta, sem koma fram í þessu frumvarpi. Áður hafði orðið samkomulag um það í desember síðastliðnum að flutt yrðu frumvörp þau til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða og um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, sem urðu að lögum nr.158/1995 og lögum nr.157/1995. Þar var um að ræða annars vegar brýnar leiðréttingar og hins vegar heimild til að hækka tilboð um úreldingarstyrk til krókabáta í allt að 80% af húftryggingarverðmæti. Þá náðist hins vegar ekki samkomulag um heildstæðar tillögur um lagabreytingar varðandi krókabáta. Í byrjun þessa árs kynnti LS svæðissamböndum innan landssambandsins þær tillögur um breytingar sem ráðuneytið lagði fram í desember og kom fram að ýmsum hugmyndum var alveg hafnað, t.d. varðandi einstaklingsbundið þak fyrir báta í sóknardagakerfi, þannig að hver og einn yrði að hætta veiðum þegar komið væri t.d. 50% fram úr reiknuðu þorskaflahámarki viðkomandi báts. Varð að endurskoða verulega þau mál er sneru að sóknardagabátunum er aðilar komu saman aftur á þessu ári.

Með þeim tillögum sem hér eru settar fram er í veigamiklum atriðum komið til móts við þær óskir sem LS og fjölmargir smábátasjómenn hafa sett fram um breytingar á starfsumhverfi þessa útgerðarforms. Veiðar krókabáta munu áfram verða stundaðar á þorskaflahámarki eða með sóknardagatakmörkunum, en sú breyting er lögð til hér að sóknardagahóparnir verði tveir í stað eins og yrði einungis leyft að stunda veiðar með handfærum í öðrum hópnum, en með handfærum og línu í hinum. Það vinnst með því að fjölga veiðihópunum um einn að viðurkennt er að hagsmunir þeirra sem stunda krókaveiðar eru ólíkir innbyrðis og með því að koma til móts við þá staðreynd með þessum hætti er hægt að hafa reglur hvers hóps um sig einfaldari en ella hefði verið.

LS lagði í viðræðum við ráðuneytið áherslu á að auka þyrfti veiðiheimildir krókabáta bæði með því að hækka 21.500 lesta miðmiðunin og á að nauðsynlegt væri að hlutfallstengja aflann miðað við ákvarðaðan heildarafla í þorski. Ráðuneytið taldi ekki mögulegt að skerða aðra útgerðarhópa frekar til þess að auka veiðiheimildir krókabátahópsins miðað við óbreyttan heildarafla, m.a. vegna þess að veiðiheimildir krókabáta hafa þegar verið auknar með lögum nr. 87/1994 er viðmiðun var hækkuð úr 2.896 þorskígildislestum, miðað við úthlutað aflamark á síðasta ári, í 20.170 þorskígildislestir og var þá varðandi síðari töluna miðað við meðalafla fiskveiðiáranna sem hófust 1. september 1991 og 1. september 1992. Enn voru veiðiheimildir krókabáta svo rýmkaðar með lögum nr. 83/1995 sem gáfu frjálsar varðandi aflaviðmiðun aðrar veiðar þessara báta en þorskveiðar.

Ráðuneytið féllst hins vegar á þá meginkröfu LS að 21.500 lesta heildarþorskaflaviðmiðun krókabáta yrði tengd hlutfallslega við ákvarðaðan heildarafla í þorski miðað við 155.000 lesta þorskafla. Verður heildaraflinn því hér eftir 13,9% af heildarafla þorsks ef tillaga frumvarpsins verður samþykkt, þó ekki minni en 21.500 lestir, miðað við óslægðan fisk.

Ein tillaga um ákvörðun leyfilegs afla fyrir hvern bát sem aðalfundur LS samþykkti og viðræðunefnd LS fylgdi fast eftir, var að allir krókabátar fengju heimild til að veiða 10 lestir fyrir hverja brúttórúmlest báts, en bátar sem minni veiðireynslu hefðu en 10 lestir skyldu fá eigin reynslu sem aflaþak. Ráðuneytið hafnaði þessari tillögu á þeim grundvelli að samtala þeirra heimilda sem slík regla myndi veita, væri líklega meira en tvöföld sú veiðiheimild sem nú er í gildi. Þá þótti hæpið að hægt væri að útfæra með boðlegum hætti reglu um „frystingu“ báta með minna en 10 lesta veiðireynslu, m.a. með tilliti til jafnræðisreglu.

Eitt veigamikið atriði til viðbótar sem fallist var á að kröfu LS er að allir fastir banndagar, sem nú eru 136 á ári, eru felldir burtu, samkvæmt þessum tillögum. Það þýðir að þeir sem stunda veiðar á þorskaflahámarki eru ekki háðir neinum sérstökum takmörkunum öðrum en þeim að halda sig innan aflahámarksins varðandi þorskveiðar. Jafnframt býður það upp á aukinn sveigjanleika að nú yrði heimilt að flytja 20% af þorskaflahámarki eins fiskveiðiárs yfir á það næsta. Þá má nefna að þorskaflahámarksbátunum verður heimilt að framselja þorskaflahámark innan hópsins með tilteknum skilyrðum og enn fremur að flytja til sín aflamark í þorski innan hvers fiskveiðiárs.

Fyrir krókabáta á sóknardagatakmörkunum þýðir afnám banndaga að þeir yrðu óbundnir varðandi það hvenær þeir kjósa að nýta sína sóknardaga, en í frumvarpinu er jafnframt lagt til að hætt verði að skipta fiskveiðiárinu í fjögur tímabil. Alla dagana, sem eru 84 í upphafi fyrir báða sóknardagahópana, væri því hægt að nýta á sama árstímanum. Raunar eru rökin fyrir því að skipta sóknardagabátum í tvo hópa einkum þau að þeir sem kjósi að veiða með handfærum eingöngu séu gjarnan menn sem reyni að stunda veið-

arnar með litlum tilkostnaði og þurfa þar af leiðandi minna aflamagn til að komast af en ýmsir aðrir. Þessir menn telja sig ekki eiga samleið með línuveiðimönnum í dagakerfi með sameiginlega aflaviðmiðun. Varðandi handfærakerfið er lagt til að menn nýti alltaf einn sóknardag fyrir hverjar 24 klst. frá því að veiðiferð hefst, en þannig verður sóknardagur nú skilgreindur í lögunum. Varðandi handfæra- og línukerfið er hins vegar lagt til að nýting sóknardaga sé reiknuð með stuðli, þannig að menn noti 1,9 daga fyrir hvern dag þegar veitt er með línu frá 1. maí til 1. september og 1,35 daga fyrir hvern dag á öðrum tímum. Notkun svonefnds símakróks til tilkynninga í og úr höfn hefur gert það mögulegt að veita mjög svo aukið svigrúm varðandi persónubundið val á sóknardögum og nýtingu á þeim.

Það stóra mál sem LS lagði mikla áherslu á í viðræðunum en náði ekki fram að ganga var ósk um fastan lágmarksdagafjölda til handa krókabátum á sóknardögum. Ráðuneytið telur óhugsandi að menn ákveði í lögum fastan lágmarksfjölda sóknardaga með þeim hætti að aflinn, miðað við fyrirliggjandi reynslu, verði augljóslega utan þeirra viðmiðunarmarka sem lögin segja til um, hver sem þau annars væru. Fiskveiðistjórnun miðast við að halda heildarafla innan ákveðinna marka og sóknareiningarnar eru afleidd stærð sem miðar að því að ná markmiðum um tiltekinn afla. Stjórnvöld geta ekki afsalað sér endanlega möguleikanum til að stjórna fiskveiðunum með hliðsjón af aflamagni. Sóknardagar sem fastákveðnir væru án þess að afli stæði að baki væru innistæðulausir og vandséð að það væri hægt að leiðrétta síðar án þess að nokkuð nýtt kæmi fram um aflabrögð. Slíkum föstum dagafjölda væri því spilað út sem óafturkræfu loforði. Á grundvelli slíks loforðs myndu líklega margir eigendur krókabáta endurmeta stöðu sína þannig að þeir hættu við úreldingu eða kæmu inn í sóknardagakerfið úr aflahámarkinu.

Það athugist að gert er ráð fyrir því í tillögunum að allir eigendur krókabáta geti nú með hliðsjón af þeim breytingum sem lagðar eru til, valið um það á ný hverju þriggja framangreindra veiðikerfa þeir ætli að tilheyra.

Samhliða þessu frumvarpi er flutt frumvarp til laga um breytingar á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, sem er ætlað að samræma reglur um úreldingarstyrki til krókabáta þeim breytingum sem hér eru lagðar til. Þessum úreldingarreglum, ásamt með auknu svigrúmi til að færa saman veiðiheimildir í þorskaflahámarkskerfinu og þeim hertu endurnýjunarreglum fyrir þessa báta sem lögfestar voru á síðastliðnu sumri, er ætlað að stuðla að þeirri aðlögun afkastagetu krókabátaflotans að veiðiheimildunum, sem er nauðsynleg ef starfsumhverfið á að geta talist lífvænlegt fyrir þá sem munu hafa atvinnu af krókaveiðum í framtíðinni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með þessari grein er það lagt til að ef nýr krókabátur komi í stað annars, sem hefur verið dæmdur óbætandi vegna sjótjóns, þá sé hinn nýi bátur undanþeginn reglu 5. gr. laganna, en samkvæmt greininni skal afkastageta nýs eða nýkeypts báts vera a.m.k. 50% minni en þess báts sem veiðileyfi lætur.

Um 2. gr.

Þetta er viðamesta greinin í frumvarpinu og þar er hinum þremur veiðikerfum krókabáta lýst og flestum þeim sérreglum sem um þessar veiðar gilda.

Í 1. mgr. er að finna þá breytingu frá núgildandi lögum að í stað þess að allir krókabátar geti veitt á handfæri og línu, með þeim undantekningum sem koma fram í niðurlagi málsgreinarinnar, þá er nú lagt til að menn geti valið um að stunda veiðar eingöngu með handfærum og er búist við að einhverjir kjósi að nýta sér þetta í þeirri von að þarna verði minna um báta sem hyggja á mikla sókn, sem leiðir til fækkunar sóknardaga ef afli verður umfram viðmiðanir fyrir hvern hóp.

Í 2. mgr. er fjallað um valið milli kerfa og meðferð ágreinings um útreikning á þorskaflahámarki. Þetta ákvæði felur ekki í sér efnisbreytingar frá gildandi ákvæði að öðru leyti en því að nú er gert ráð fyrir því að bátur þess sem ekki velur innan tiltekins frests stundi veiðar á þorskaflahámarki, en ekki á sóknardögum eins og reglan var samkvæmt núgildandi lögum. Ástæðan fyrir þessu er fyrst og fremst sú að um tvö aðskilin sóknardagakerfi er að tefla og afstaða bátseigandans til þess í hvoru sóknardagakerfinu hann mundi vilja vera liggur ekki fyrir.

Í 3. mgr. kemur heildarþorskaflaviðmiðunin fram, en þar kemur einnig fram að samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II, laga nr. 83/1995, skuli 500 lestum af þorski úthlutað árlega af Byggðastofnun til skilgreindra svæða og stendur sú ráðstöfun í þrjú fiskveiðiár til viðbótar samkvæmt ákvæðinu.

Í 5. mgr. er fjallað um útreikning á þorskaflahámarki þeirra báta sem þann kost velja, en þorskaflahámarkið veitir samkvæmt þessari málsgrein hverjum báti fasta hlutdeild í heildarþorskaflaviðmiðun fyrir krókabáta, og miðast hlutdeildin við þá hlutdeild sem útreiknað hámark bátsins var af 21.000 lestum, miðað við óslægðan fisk. Í 5. mgr. frumvarpsins er lagt til að í stað þess að reikna á ný þorskaflahámark fyrir einstaka báta í þorskaflahámarkskerfi og fyrir þá sem síðan velja sóknardaga og leggja sitt þorskaflahámark inn í samtölu í hvors sóknardagahóps um sig, sem myndar heildaraflaviðmiðun fyrir hvern hóp. Þá sé notast við það hlutfall sem þorskaflahámark hvers báts var af 21.000 lestum, eins og það var reiknað skv. 2. gr. laga nr. 83/1995. Þessu hlutfalli er síðan beitt á nýja heildarþorskaflaviðmiðun.

Skv. 4. mgr. 2. gr. laga nr. 83/1995, skyldi þorskaflahámark þeirra báta er þann kost völdu samtals nema sama hlutfalli af 21.000 lestum, miðað við óslægðan fisk, og nam samanlagðri hlutdeild þessara báta í heildarþorskafla krókabáta á almanaksárinu 1994. Skyldi því skipt milli einstakra báta á grundvelli veiðireynslu viðkomandi báts almanaksárin 1992, 1993 og 1994. Skyldi við þá skiptingu fyrst taka tvö bestu árin varðandi þorskafla hvers báts og reikna meðalþorskafla bátsins á þeim árum. Sá hluti þannig reiknaðs meðalafla fyrir hvern bát, sem umfram var 50 lestir, skyldi síðan margfaldaður með stuðlinum 0,7. Þannig umreiknaður meðalafli tveggja bestu áranna skyldi lagður til grundvallar hlutfallslegri skiptingu sameiginlegs þorskaflahámarks milli einstakra báta.

Við ofangreinda skiptingu var miðað við að báturinn hefði haft veiðileyfi óslitið frá 1. janúar 1992. Veiðireynsla báta sem fengu veiðileyfi frá öðrum bátum eftir 1. janúar 1992 var reiknuð með því að leggja saman veiðireynslu þeirra báta sem létu veiðileyfi í stað þess nýja. Ef bátar fengu veiðileyfi eftir 31. ágúst 1995 miðast veiðireynsla þeirra við þann bát sem hæstu veiðireynsluna hafði.

Í 6. mgr. er lögð til sú nýlunda að heimilt verði að framselja þorskaflahámark innan hópsins, með því skilyrði að allt sé flutt af bátnum, sem flutt er frá, en hins vegar er heimilt að flytja heimildina til fleiri en eins báts. Þá er það skilyrði fyrir framsali að veiðileyfi báts falli niður og rétti til endurnýjunar sé afsalað. Sú regla truflar það ekki að bátur geti notið úreldingarstyrks frá Þróunarsjóði sjávarútvegisns, enda gerir frumvarp til breytingar á lögum um Þróunarsjóðinn, sem lagt er fram samhliða þessu frum-

varpi, ráð fyrir því að lægri styrkir séu greiddir vegna krókabáta sem veiða á þorskaflahámarki en annarra krókabáta. Að uppfylltum endurnýjunarreglum um krókabáta, þ.e. að afkastageta nýs eða nýkeypts báts sé a.m.k. 50% minni en þess sem veiðileyfi lætur, getur bátur eða bátar á þorskaflahámarki farið út úr kerfinu fyrir nýjan bát og veiðiheimildir þeirra sem veiðileyfi láta geta þá flust yfir á nýja bátinn. Þannig myndi líka hægt að endurnýja þorskaflahámarksbát með jafn stórum eða minni báti úr sóknardagakerfunum, en gamli báturinn yrði þá að afsala veiðileyfi og endurnýjunarrétti og hámarkið flyttist á þann bát sem áður var sóknardagabátur en yrði eftir þetta þorskaflahámarksbátur. Raunar geta menn látið veiðileyfi af bátum úr tveimur eða öllum þremur veiðihópunum fyrir veiðileyfi á einn nýjan bát og á þá eigandinn val um það í hvaða kerfi nýi báturinn kemur. Þannig er það í gildandi reglum um endurnýjun þegar bátar úr tveimur kerfum fara út fyrir einn nýjan. Sóknardagabátur sem veiðileyfi lætur vegna endurnýjunar þorskaflahámarksbáts (og öfugt) getur hins vegar ekki lagt til neinar veiðiheimildir til báts í öðru kerfi, því þær verða bundnar við hvern hóp fyrir sig. Þá er gert ráð fyrir að hægt sé að flytja innan ársins úthlutað aflamark í þorski skv. 7. gr. til þorskaflahámarksbáts. Þetta er flutningur innan ársins í eina átt og verður það magn sem flutt er til krókabáts samkvæmt þessari heimild ekki flutt af honum aftur, enda álitamál hvort t.d. bátur sem hefur þorskaflahámark og sem hefur flutt til sín aflamark og hafið þorskveiðar, sé þegar þarna er komið að selja frá sér úr þorskaflahámarkinu eða hið aðflutta aflamark.

Í 6. mgr. er fjallað um val á milli sóknardagakerfa og almennt um sóknardaga. Nýlunda er að sóknardagur er nú skilgreindur sem 24 klukkustundir frá því að róður hefst í stað þess að miðast við almanaksdag. Þá er lögð þarna til sú rýmkun að í stað þess að undanþága til veiða utan sóknardaga sé bundin við þau sérhæfðu veiðarfæri sem fram koma í lokamálslið 1. mgr. er sama látið gilda um veiðar á háfiskum (pleurotremata) með sérhæfðri línu. Undir háfiska falla hákarl og beinhákarl, hámeri og háfur.

7. og 8. mgr. fjalla um blandaða sóknardagakerfið, þar sem bæði handfæri og lína eru leyfð veiðarfæri en 9. og 10. mgr. fjalla um handfærakerfið. Þótt efni þessara málsgreina sé að mörgu leyti hið sama þótti eðlilegt að fjalla um þessa tvo veiðihópa í sitt hvoru lagi, enda kunna þeir að þróast með mismunandi hætti.

Heildarþorskaflaviðmiðun hvors kerfis um sig grundvallast á útreikningi á samanlögðu þorskaflahámarki allra báta sem kerfið velja og því hversu hátt hlutfall það hefði verið af 21.000 lestum. Það athugist að það er þorskaflahámark allra sem velja kerfið sem leggur grunn að heildarþorskaflaviðmiðun og hún breytist ekki fyrir hópinn þótt bátur hverfi síðar úr kerfinu, t.d. fyrir úreldingu.

Sóknardagar í báðum kerfum eru ákveðnir 84 í upphafi. Í handfæra- og línuhópnum miðast dagafjöldinn við handfæradaga en þeim fækkar sé róið með línu samkvæmt tveimur mismunandi stuðlum fyrir vetur og sumar.

Erfitt er að gera sér grein fyrir því fyrir fram hversu mikill afli muni leiða af tilteknum dagafjölda. Gífurleg afkastageta er enn ónýtt í krókabátaflotanum. Um 200 af nálægt 680 bátum sem nú eru á sóknardögum var lítið sem ekkert haldið til veiða á síðasta fiskveiðiári. Hinir 480 nýttu í heild rúmlega þriðjung af sínum sóknardögum. Meðalafli í róðri á síðasta fiskveiðiári var 585 kg fyrir handfæri og 795 kg á línu. Meðalafli krókabáta í febrúar síðastliðnum var u.þ.b. 1,4 lestir í róðri að meðaltali, væntanlega línuafli að stórum hluta. Á yfirstandandi fiskveiðiári eru 81 sóknardagur á 4 tímabilum. Mesta dagafækkunin frá fyrra ári kemur fram í sumar er veiða má í 26 daga á 2 tímabilum frá maí til ágúst. Á fyrstu tveimur tímabilum yfirstandandi fiskveiðiárs virðist aflinn ætla að

vera verulega yfir viðmiðunarmörkum. Sóknardagafjöldinn er svipaður á næsta ári, en þó a.m.k. nálægt fjórðungi færri ef menn veiða eingöngu með línu.

Allt að einu sýnist framvindan í sóknardagakerfinu á næstu misserum mikið undir því komin að það úreldingartilboð sem stendur fram á haustið, nái að koma af stað talsverðri fækkun báta, og því að aukin sóknargeta verði ekki leyst úr læðingi. Að öðrum kosti yrði ekki hægt að afstýra fækkun sóknardaga, þótt aflaheimildir þessara báta aukist að öllum líkindum á næstu fiskveiðiárum með hækkandi heildarafla.

Um 3. gr.

Í 3. gr. er að finna ákvæði í 1. mgr. sem var áður í 6. gr. laganna en er nú sett í nýja grein 6. gr. a. Ástæða þess er sú að efni ákvæðisins er ekki bundið við krókabáta, en 6. gr. laganna fjallar nú eingöngu um málefni þeirra. 1. mgr. 6. gr. a. sem svo yrði ef frumvarpið hlýtur samþykki fjallar um heimild allra til tómstundaveiða og er óbreytt. 2. mgr. sem fjallar um notkun báta í sjóstangaveiðimótum og nýtingu afla sem til fellur í þeim er hins vegar nýlunda. Þau opinberu mót sem þarna eru nefnd hafa undanfarin ár verið um 8 á ári hverju.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið flýtir gildistöku heimildar til framsals þorskaflahámarks þannig að það myndi taka þegar gildi. Tillaga er gerð um sömu tilhögun um gildistöku í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins sem flutt er samhliða þessu frumvarpi og er ástæða þessarar tillögu sú að heppilegt er að menn geti þegar farið að vinna að þessum málum í stað þess að bíða til hausts.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lögð til sú breyting á lögum um stjórn fiskveiða að þeim hópi krókabáta er veiðir eftir sóknardagakerfi verði skipt upp í tvo hópa eftir því hvort veitt er með handfæri eingöngu eða bæði með handfæri og línu. Þessi breyting kallar á nokkra vinnu hjá Fiskistofu við endurflokkun krókabáta undir sóknardagakerfi. Sú vinna er ekki talin vera meiri en svo að hægt sé að inna hana af hendi með núverandi fjármunum og mannafla þannig að viðbótarkostnaður ríkissjóðs við samþykkt frumvarpsins telst enginn vera.

770. Fyrirspurn [438. mál]

til fjármálaráðherra um kostnað ríkissjóðs af gjaldþrotum einstaklinga.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hver var kostnaður ríkissjóðs af gjaldþrotabeiðnum vegna einstaklinga á árunum 1992–95?
2. Fékk ríkissjóður greitt upp í kröfur sínar í þessum gjaldþrotum?

Skriflegt svar óskast.

771. Fyrirspurn [439. mál]

til dómsmálaráðherra um gjaldþrot einstaklinga.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hversu margar beiðnir um gjaldþrot einstaklinga voru gerðar á árunum 1992–95 að kröfu innheimtumanna ríkissjóðs og tollstjóra?
2. Hve hátt hlutfall var það af gjaldþrotabeiðnum sömu ár?

Skriflegt svar óskast.

772. Fyrirspurn [440. mál]

til umhverfisráðherra um skála á miðhálendi Íslands.

Frá Kristínu Halldórsdóttur.

1. Hversu margir skálar eru á miðhálendi Íslands og hvernig skiptast þeir í:
   a. neyðarskýli,
   b. leitarmannakofa,
   c. rannsóknarskála,
   d. annars konar skála og þá hvers konar?
2. Eru þessir skálar allir í nothæfu ástandi og aðgengilegir almenningi eða eru einhverjir þeirra í einkaeign?

3. Hafa einhverjir þessara skála varðveislugildi? Ef svo er, hvað verður gert til að koma í veg fyrir eyðileggingu þeirra?
4. Hversu margir skálar hafa verið byggðir á síðustu 15 árum, hvar eru þeir, hverjir byggðu þá og hverjir veittu leyfi til byggingar þeirra?
5. Er til heildaryfirlit yfir mannvirki á miðhálendi Íslands?

Skriflegt svar óskast.

773. Frumvarp til laga [441. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 55 30. mars 1987, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 1. gr. laganna:

a. Skilgreining á hugtakinu „Tollyfirvald" verður svohljóðandi: Ríkistollstjóri og tollstjórar.

b. Eftirfarandi orðaskilgreiningar bætast við málsgreinina:

Skjalasending milli tölva (SMT): Sendingar á gögnum milli gagnavinnslukerfa sem fylgja ákveðnum stöðlum.

Rammaskeyti: Safn samstæðra gagna sem raðað er saman samkvæmt ákveðnum stöðlum fyrir skeyti til flutnings með rafeindaboðum milli tölva og forsniðið er þannig að unnt sé í tölvu að lesa það og vinna sjálfvirkt á vélrænan og ótvíræðan hátt. Rammaskeytin skulu gerð samkvæmt alþjóðlega viðurkenndum staðli sem samþykktur hefur verið til nota við tollafgreiðslu af ríkistollstjóra, sbr. staðal Sameinuðu þjóðanna (UN/ EDIFACT) fyrir SÞ-rammaskeyti vegna tollafgreiðslu, og í þeim eiga að koma fram sömu upplýsingar og í þeim tollskjölum sem þau eiga að koma í staðinn fyrir og send eru á milli innflytjenda, útflytjenda, farmflytjenda, tollyfirvalda og annarra, auk annarra upplýsinga sem um ræðir í lögum þessum.

Gagnaflutningur: Sending rammaskeyta milli innflytjenda, útflytjenda, farmflytjenda, tollyfirvalda og annarra vegna tollafgreiðslu.

Gagnaflutningsnet: Almennt gagnaflutningsnet Póst- og símamálastofnunarinnar eða annað sambærilegt gagnaflutningsnet sem notar viðurkenndan alþjóðlegan staðal, t.d. X. 400, og fullnægir skilyrðum ríkistollstjóra að öðru leyti.

Gagnahólf: Gagnahólf í gagnaflutningsneti, skráð á nafn SMT-notanda, þar sem unnt er að geyma rammaskeyti frá SMT-notanda og tollyfirvöldum.

Lykilorð að gagnahólfi: Sérstakt stafrænt auðkenni sem gerir SMT-notanda mögulegt að fá aðgang að gagnahólfi sínu í gagnaflutningsneti til að senda rammaskeyti eða veita þeim viðtöku.

Tölvukerfi ríkistollstjóra: Tölvukerfi og hugbúnaður sem notaður er af tollyfirvöldum við tollafgreiðslu, m.a. álagningu aðflutningsgjalda og innheimtu þeirra.

Umflutningur: Flutningur vöru innan lands undir tolleftirliti frá aðkomufari um borð í útflutningsfar, enda sé upphaflegur ákvörðunarstaður vörunnar annar en Ísland.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „eða ákveða fast gjald fyrir smásendingar, sem sendar eru í pósti, í stað reiknaðra aðflutningsgjalda" í 2. málsl. 2. tölul. kemur: ákveðið fyrir smásendingar fast gjald eða hundraðshlutagjald (%-gjald) sem ekki sé hærra en meðaltal þeirra gjalda sem hvíla á slíkum vörum, auk virðisaukaskatts, sbr. lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

b. Við 7. tölul. bætist ný málsgrein sem verður 4. mgr. og orðast svo:
Ákvæði töluliðar þessa skulu gilda eftir því sem við getur átt um bifreiðar sem erlendir ferðamannahópar, ferðaskrifstofur eða aðrir, sem atvinnu hafa af slíkum fólksflutningum, flytja til landsins vegna hópferðalaga um landið, enda verði þær fluttar úr landi með þeim ferðamannahópi sem bifreiðin var ætluð í upphafi.
c. Við 13. tölul. bætist nýr málsliður er orðast svo: Hafi tollur verið endurgreiddur eða felldur niður samkvæmt heimild þessari getur fullbúna varan ekki notið fríðindameðferðar samkvæmt EES-samningnum og öðrum fríverslunar- eða milliríkjasamningum nema annað leiði af efni þeirra.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:
a. 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:
Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um tollmeðferð samkvæmt þessari grein og bundið hana þeim skilyrðum sem tryggi framkvæmd hennar.

4. gr.

Á eftir orðunum „greitt er eða greiða ber fyrir vörurnar“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: við sölu þeirra til útflutnings til landsins.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:
a. Í stað orðanna „sölugengi myntar sem skráð er af Seðlabanka Íslands“ í 1. mgr. kemur: opinbert viðmiðunargengi sem skráð er af Seðlabanka Íslands.
b. 2. mgr. orðast svo:
Seðlabanki Íslands skal tilkynna ríkistollstjóra daglega um opinbert viðmiðunargengi erlendrar myntar.

6. gr.

14. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

SMT-tollafgreiðsla o.fl.

Þeir sem stunda innflutning á vörum í atvinnuskyni skulu áður en vara eða sending er tekin úr vörslu farmflytjanda eða annars vörsluaðila senda viðkomandi tollstjóra með skjalasendingum milli tölva þær upplýsingar sem láta ber honum í té við tollafgreiðslu vara, hér eftir nefnt SMT-tollafgreiðsla. Þegar um er að ræða SMT-tollafgreiðslu skal viðkomandi veittur greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum, sbr. 109. gr., og hann skuldfærður fyrir lánuðum aðflutningsgjöldum, nema greiðsla í ríkissjóð fari þegar fram með SMT-millifærslu af bankareikningi innflytjanda. Sama gildir um þá sem hafa leyfi til að reka frísvæði eða almennar tollvörugeymslur og umboðsaðila er koma fram gagnvart tollyfirvöldum við SMT-tollafgreiðslu fyrir hönd innflytjenda eða viðtakenda vara, enda ábyrgjast þessir aðilar og innflytjendur eða viðtakendur vara *in solidum* greiðslu aðflutningsgjalda.

Aðflutningsskýrsla, sem send er með rammaskeyti, telst vera móttekin hjá tollstjóra við skráningu í tölvukerfi ríkistollstjóra. Vara eða sending telst þá vera tekin til tollmeðferðar, enda fullnægi upplýsingarnar, sem veittar eru með þessum hætti, að öllu leyti þeim skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að unnt sé að heimila afhendingu vöru eða sendingar þegar í stað. Um ábyrgð leyfishafa á réttmæti þeirra upplýsinga sem koma fram í rammaskeyti fer eftir ákvæðum 17. gr.

Þegar SMT-tollafgreiðsla fer fram skal innflytjandi senda aðflutningsskýrslu um viðkomandi vöru eða sendingu með rammaskeyti um gagnaflutningsnet til tollstjóra þar sem tollmeðferð á að fara fram. Innflytjandi skal nota gagnahólf sem skráð er á nafn hans. Sama gildir um þá sem hafa leyfi til að reka frísvæði eða almennar tollvörugeymslur og koma fram gagnvart tollyfirvöldum við SMT-tollafgreiðslu fyrir hönd innflytjenda eða viðtakenda vara, enda ábyrgist umboðsaðilar og innflytjendur eða viðtakendur vara *in solidum* greiðslu aðflutningsgjalda.

Rammaskeyti samkvæmt þessari grein skal vera í samræmi við fyrirmynd að rammaskeyti fyrir aðflutningsskýrslu eins og ákveðið er af ríkistollstjóra.

Ríkistollstjóri getur ákveðið að stöðva móttöku skeyta sem send eru í tölvukerfi ríkistollstjóra vegna breytinga á aðflutningsgjöldum, tollskrá, tollgengi eða af öðrum ástæðum sem gera það nauðsynlegt að hans mati.

Þeir sem koma fram gagnvart tollyfirvöldum vegna SMT-tollafgreiðslu skulu varðveita í bókhaldi sínu á aðgengilegan og tryggilegan hátt öll gögn sem snerta tollmeðferð vara og sendinga, hvort sem þau eru skrifleg eða ekki. Þeir skulu halda fullkomna skrá eða gagnadagbók í réttri tímaröð og geyma óbreytt öll rammaskeyti sem þeir senda tollstjórum eða móttaka frá þeim. Þegar gagnadagbók er haldin á tölvutæku formi skal á auðveldan hátt vera unnt að nálgast rammaskeyti og endurmynda þau á læsilegan hátt og prenta þau, ef þess er óskað. Ákveða má í reglugerð að nefndir aðilar skuli prenta á pappír og varðveita tilkynningu tollstjóra um skuldfærslu aðflutningsgjalda og að hún skuli varðveitast með tilheyrandi tollskjölum, sbr. og m.a. VIII. kafla laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með áorðnum breytingum. Að öðru leyti ber að varðveita bókhaldsgögn í samræmi við lög nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum, og fyrirmæli sett samkvæmt þeim.

Reglur 6. mgr. þessarar greinar um varðveislu gagna skulu enn fremur eiga við, eftir því sem við getur átt, um varðveislu gagna af hálfu annarra aðila en þeirra sem ráðstafa vöru eða sendingu til tollmeðferðar samkvæmt lögum þessum, t.d. flutningsmiðlara, farmflytjenda, tollvörugeymslna og rekstraraðila frísvæða, varðandi gögn og upplýsingar sem þessir aðilar hafa sent tollyfirvöldum eða móttekið frá þeim vegna tollmeðferðar vara samkvæmt lögum þessum.

Ráðherra getur með reglugerð sett almenn skilyrði sem innflytjendur og aðrir þurfa að uppfylla vegna SMT-tollafgreiðslu. Þar skal enn fremur kveðið á um tryggingar fyrir lánuðum aðflutningsgjöldum, frest til skila á upplýsingum um innflutta vöru, uppgjörstímabil, gjalddaga og skil aðflutningsgjalda, greiðslu kostnaðar vegna gagnaflutnings og gjaldtöku vegna þessarar tollmeðferðar, varðveislu gagna sem snerta tollmeðferð og innflutning vara, endurskoðun aðflutningsgjalda, tolleftirlit og önnur atriði eftir því sem nauðsyn ber til.

Sé vara ekki flutt inn í atvinnuskyni og innflytjandi, viðtakandi eða aðilar, sem fá heimild til að koma fram fyrir þeirra hönd, nýta ekki þjónustu þeirra sem um ræðir í 1. mgr. skulu þeir láta tollstjóra í té skriflega aðflutningsskýrslu um vöru áður en hún er tekin úr vörslu farmflytjanda, póststofnunar eða annars aðila sem hefur slíkar vörur í sinni vörslu.

Tollstjórum er heimilt að bjóða innflytjendum aðstoð við útfyllingu aðflutningsskýrslu gegn hæfilegu gjaldi sem ákveðið skal í reglugerð og miða skal við eðlilegan rekstrarkostnað af slíkri þjónustu.

Ráðherra getur í reglugerð eða með öðrum fyrirmælum heimilað afhendingu og viðtöku póstsendinga og vara sem ekki eru á farmskrá, án þess að aðflutningsskýrsla samkvæmt þessari grein sé send eða afhent tollstjóra.

7. gr.

15. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Form aðflutningsskýrslu.

Ríkistollstjóri ákveður form aðflutningsskýrslu og hvaða upplýsingar skuli þar koma fram, svo sem um innflytjanda, vöru, flutningsfar og annað sem nauðsynlegt getur talist og varðar innflutning. Ákvæði þetta gildir bæði um aðflutningsskýrslu sem send er tollstjóra með tollskjalasendingum milli tölva vegna SMT-tollafgreiðslu og skriflega aðflutningsskýrslu sem annars ber að afhenda tollstjóra.

Ríkistollstjóri skal hafa til sölu eyðublöð fyrir skriflegar aðflutningsskýrslur. Er honum heimilt að ákveða verð eyðublaðanna með hliðsjón af kostnaði við prentun, dreifingu og aðra umsýslu tollyfirvalda.

Innflytjendur geta sjálfir lagt til eyðublöð fyrir aðflutningsskýrslur, enda uppfylli þau skilyrði sem ríkistollstjóri setur um form þeirra.

8. gr.

16. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Ábyrgð á upplýsingum sem gefnar eru með aðflutningsskýrslu.

Sá sem sendir tollstjóra aðflutningsskýrslu um vöru með rammaskeyti um gagnaflutningsnet vegna SMT-tollafgreiðslu ber ábyrgð á því að upplýsingar, sem þar eru veittar, séu réttar. Enn fremur ber hann ábyrgð á að um sé að ræða allar þær upplýsingar sem eiga að koma fram vegna tollafgreiðslunnar og að þær séu byggðar á þeim tollskjölum sem hefði átt að leggja fram með aðflutningsskýrslu ef vöru hefði ekki verið ráðstafað til SMT-tollafgreiðslu. Þessi málsgrein tekur til innflytjanda og annarra sem ráðstafa vöru til SMT-tollafgreiðslu, auk aðila sem heimild hafa til að skuldbinda þá.

Innflytjandi, eigandi eða annar aðili, sem afhendir tollstjóra skriflega aðflutningsskýrslu eða veitir upplýsingar með öðrum hætti vegna tollafgreiðslu vöru, ber ábyrgð á því að þær upplýsingar séu réttar. Sama gildir um hvern þann sem kemur fram gagnvart tollstjóra fyrir hönd aðila sem um ræðir í þessari grein.

9. gr.

20. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Tollafgreiðsla farangurs ferðamanna og farmanna.

Ferðamenn og farmenn, sem koma til landsins frá útlöndum, skulu gera tollgæslunni grein fyrir tollskyldum varningi sem þeir hafa meðferðis. Sama gildir um varning sem er háður sérstökum innflutningsskilyrðum eða óheimilt er að flytja til landsins. Þeim er

skylt að opna töskur og aðrar umbúðir um farangur þegar tollvörður óskar þess, taka upp úr þeim og veita þá aðstoð og gefa þær upplýsingar um farangurinn sem óskað er eftir.

Þar sem tollafgreiðsla ferðamanna fer fram er tollstjóra heimilt að hafa aðskilda tollafgreiðslu, annars vegar fyrir þá sem hafa meðferðis tollskyldan varning eða varning sem háður er sérstökum innflutningsskilyrðum eða óheimilt er að flytja til landsins og hins vegar fyrir þá sem hafa engan slíkan varning meðferðis. Farþegar skulu þá sjálfir velja sér tollafgreiðslu og teljast þeir með vali sínu gefa til kynna hvort þeir hafi meðferðis varning sem þeim ber að gera tollgæslunni grein fyrir.

Taki tollgæslan farangur í sína vörslu til skoðunar síðar getur viðkomandi krafist þess að hann sé innsiglaður þar til skoðun fer fram og að honum verði gefinn kostur á að vera viðstaddur skoðunina. Enn fremur skal honum látin í té fullnægjandi kvittun ef hann óskar þess.

Með ferðamönnum er í grein þessari átt við farþega sem koma til landsins frá útlöndum með skipum eða flugvélum, en farmenn eru skipverjar og flugliðar sem eru í áhöfn slíkra fara.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um tollafgreiðslu samkvæmt þessari grein.

10. gr.

Við 21. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr. og orðast svo:

Reynist við tollafgreiðslu nauðsynlegt að fresta lokaákvörðun um tollverð vöru samkvæmt ákvæðum 8.–11. gr. eða önnur atriði sem lög þessi taka til skal innflytjanda engu að síður heimilt að leysa til sín vöruna, að því tilskildu að hann setji fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda sem kunna að verða lögð á vöruna, tollstjóri telji ekki ástæðu til að halda vörunni vegna endanlegrar ákvörðunar um þau atriði sem upplýsingar skortir um eða ágreiningur er um og ákvæði annarra laga séu því ekki til fyrirstöðu.

11. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Tollyfirvald getur neitað um SMT-tollafgreiðslu ef upplýsingar, sem láta ber viðkomandi tollstjóra í té í rammaskeyti sem sent er með skjalasendingum milli tölva, eru ekki réttar, þeim er áfátt eða öðrum skilyrðum um tollafgreiðslu ekki fullnægt.

Sama gildir ef aðflutningsskýrslueyðublað er ekki rétt og nákvæmlega útfyllt, tilskilin gögn ekki afhent eða öðrum settum skilyrðum um tollmeðferð vöru eða sendingar ekki fullnægt.

12. gr.

Við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 1. mgr. og orðast svo:

Tollyfirvöldum er skylt að veita almennar upplýsingar og leiðbeiningar um tollflokkun vöru, ákvörðun tollverðs, gjaldtöku og hvaðeina sem lýtur að tollafgreiðslu, sbr. þó 141. gr.

13. gr.

Við 27. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ráðherra getur þó með reglugerð breytt mörkum tollumdæma ef sérstaklega stendur á.

14. gr.

Orðið „tollgæslustjóri“ í fyrirsögn VI. kafla laganna og orðin „og tollgæslustjóra“ í 2.–4. mgr. 28. gr. þeirra falla brott.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 29. gr. laganna:

a. Orðin „í samráði við tollgæslustjóra“ í 1. málsl. falla brott.
b. Í stað orðsins „Tollgæslustjóri“ í 3. málsl. kemur: Tollstjóri.
c. Við bætist nýr málsliður er orðast svo: Tilkynna skal ríkistollstjóra þegar um slík leyfi.

16. gr.

1. málsl. 30. gr. laganna orðast svo: Fjármálaráðherra er æðsti yfirmaður tollamála samkvæmt lögum þessum og hefur eftirlit með því að ríkistollstjóri, ríkistollanefnd og tollstjórar ræki skyldur sínar.

17. gr.

Í stað 31.–40. gr. laganna koma tíu nýjar greinar, ásamt fyrirsögnum, er orðast svo:

a. (31. gr.)

Ríkistollstjóri.

Fjármálaráðherra skipar ríkistollstjóra.

Ríkistollstjóri ræður aðra starfsmenn embættisins og skiptir með þeim verkum. Að tillögu ríkistollstjóra getur ráðherra ákveðið að einn þeirra skuli vera staðgengill ríkistollstjóra.

b. (32. gr.)

Ríkistollstjóri fer í umboði ráðherra með yfirstjórn tollheimtu og tolleftirlits hvarvetna á tollsvæði ríkisins.

Ríkistollstjóri skal auk annarra starfa sem honum eru falin lögum samkvæmt hafa eftirlit með störfum tollstjóra og umboðsmanna þeirra og gæta þess að tollframkvæmdin sé í samræmi við lög og reglur og önnur fyrirmæli varðandi tollamálefni og alþjóðasamninga um þau efni sem Ísland er aðili að. Ríkistollstjóri getur kannað tollskjöl aðila og hvert það atriði er varðar framkvæmd laga þessara og annarra laga um tolla og aðra skatta eða gjöld sem lögð eru á af tollstjórum eða umboðsmönnum þeirra. Getur hann í því skyni krafist allra upplýsinga og gagna sem hann telur þörf á frá tollstjórum, umboðsmönnum þeirra og öðrum þeim sem fram koma gagnvart tollstjórum vegna tollafgreiðslu samkvæmt lögum þessum eða öðrum lögum, svo og þeim sem um ræðir í 24. og 122. gr.

Ríkistollstjóri getur að eigin frumkvæði eða samkvæmt kæru hafið rannsókn á hverju því atriði er varðar innflutning, umflutning og útflutning á vörum til og frá landinu og ferðir og flutning fara og fólks til og frá landinu, svo og flutning á ótollafgreiddum varningi innan lands samkvæmt lögum þessum eða öðrum lagafyrirmælum.

Ríkistollstjóri getur falið tollstarfsmönnum við embætti sitt að annast eftirlits- og rannsóknarstörf hvar sem er á landinu og er tollstjórum skylt að veita nauðsynlega aðstoð við framkvæmd starfanna.

Ríkistollstjóri skal annast framkvæmd og samskipti við erlend tollyfirvöld samkvæmt þeim milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að og lúta að framkvæmd tollamála, nema annað sé þar ákveðið.

c. (33. gr.)

Ríkistollstjóri setur tollstjórum og umboðsmönnum þeirra starfsreglur og fyrirmæli varðandi tollframkvæmd. Hann skal veita þeim leiðbeiningar um tollframkvæmdina og kynna þeim dóma, úrskurði og aðrar ákvarðanir sem þýðingu kunna að hafa fyrir störf þeirra. Enn fremur skal hann sjá tollstarfsmönnum fyrir nauðsynlegri fræðslu um tollamál. Ríkistollstjóri skal gefa út leiðbeiningar, úrskurði og önnur gögn sem hann metur að rétt sé að kynnt verði fyrirtækjum og almenningi.

d. (34. gr.)

Ríkistollstjóri skal sjá um þróun og rekstur þess tölvu- og upplýsingakerfis sem notað er af hálfu tollyfirvalda við tollafgreiðslu samkvæmt lögum þessum. Hann getur sett innflytjendum, útflytjendum, farmflytjendum og öðrum, sem senda tollyfirvöldum upplýsingar vegna tollafgreiðslu um gagnaflutningsnet, samskiptareglur.

Ríkistollstjóri ákveður form tollskjala og eyðublaða sem notuð eru við tollframkvæmdina og hvaða atriði skuli þar tilgreina.

e. (35. gr.)

Telji ríkistollstjóri ástæðu að lögum til að breyta ákvörðun tollstjóra um eitthvað sem lýtur að framkvæmd laga þessara eða annarra laga um tollamál, m.a. gjöld og skatta sem tollstjórar leggja á og innheimta, getur hann skriflega og með rökstuddum hætti breytt ákvörðun tollstjóra eða falið honum að taka málið upp að nýju.

Áður en ríkistollstjóri tekur ákvörðun skv. 1. mgr. um breytingu á gjaldtöku skal málsaðilum gefinn kostur á að tjá sig. Endurákvörðun ríkistollstjóra um breytingu á gjöldum skal rökstudd þannig að ljóst megi vera á hvaða forsendum hún er byggð. Gjaldanda skal send tilkynning um endurákvörðun með ábyrgðarbréfi og honum jafnframt bent á heimild til að kæra endurákvörðunina til ríkistollanefndar, sbr. 101. gr. Hafi tollstjóra verið falin endurákvörðun gjalda samkvæmt þessari grein gilda sömu málsmeðferðarreglur.

Ákvæði 1. og 2. mgr. taka ekki til úrskurðar og ákvörðunar tollstjóra skv. 100. og 142. gr.

f. (36. gr.)

Tollstjórar.

Tollstjórar eru tollstjórinn í stjórnsýsluumdæmi Reykjavíkur og sýslumenn í öðrum stjórnsýsluumdæmum, sbr. lög nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Ráðherra skipar tollstjórann í Reykjavík.

Tollstjórar, hver í sínu tollumdæmi, annast álagningu og innheimtu tolla og annarra skatta og gjalda sem greiða ber við tollafgreiðslu samkvæmt lögum þessum eða öðrum lögum. Þeir annast jafnframt hver í sínu tollumdæmi eftirlit með innflutningi, umflutningi og útflutningi á vörum til og frá landinu og ferðum og flutningi fara og fólks til og frá landinu, svo og flutningi á ótollafgreiddum varningi innan lands, auk annars eftirlits lögum samkvæmt.

Tollstjórar ráða tollstarfsmenn og skipta með þeim störfum. Tollstarfsmenn, þar með taldir tollgæslumenn, starfa í umboði og á ábyrgð viðkomandi tollyfirvalds.

g. (37. gr.)

Fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra geta ákveðið að þar sem henta þykir skuli lögreglumenn annast tolleftirlit jafnframt öðrum löggæslustörfum.

Fela má starfsmönnum Landhelgisgæslu Íslands að annast tolleftirlit.

Þegar lögreglumönnum, starfsmönnum Landhelgisgæslu Íslands eða öðrum er falið að vinna tollgæslustörf, án þess að þeir hafi tollgæslu að aðalstarfi, hafa þeir sömu heimildir til starfa og gegna sömu starfsskyldum og tollverðir.

Tollstjórar geta falið tollvörðum að gegna almennum löggæslustörfum, hverjum í sínu tollumdæmi.

h. (38. gr.)

Ríkistollanefnd.

Ríkistollanefnd skal vera óháður úrskurðaraðili í ágreiningsmálum sem til hennar er skotið skv. 101. og 102. gr. um ákvörðun tolla og annarra skatta og gjalda sem greiða ber við tollafgreiðslu, tollverð, tollflokkun, og annað eftir því sem lög þessi mæla fyrir um.

Ráðherra skipar þrjá menn í ríkistollanefnd, þar af einn sem formann og skal hann fullnægja skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti. Aðrir nefndarmenn skulu hafa staðgóða þekkingu á tollamálum. Nefndarmenn skulu skipaðir til tveggja ára í senn.

i. (39. gr.)

Um kærur til ríkistollanefndar og störf hennar fer eftir ákvæðum 101. og 102. gr.

j. (40. gr.)

Vanhæfi.

Eigi má maður taka þátt í rannsókn eða annarri meðferð máls, hvorki ákvörðun né kæru, ef honum hefði borið að víkja sæti sem héraðsdómari í málinu.

18. gr.

2. mgr. 47. gr. laganna orðast svo:

Ríkistollstjóri ákveður gerð innsigla og notkun þeirra.

19. gr.

Við 50. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 1. mgr. og orðast svo:

Tollyfirvöld annast rannsókn brota á lögum þessum að svo miklu leyti sem slík rannsókn er ekki í höndum lögreglu. Skulu þau, hvenær sem þess er þörf, hefja rannsókn út af vitneskju eða grun um refsivert brot. Hafi tollstjóri grun um að stórfelld tollsvik hafi verið framin skal hann þegar tilkynna það ríkistollstjóra sem ákveður um framhald málsins. Um rannsókn skulu að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála.

20. gr.

Í stað orðsins „hafnsögumenn“ í 3. mgr. 52. gr. laganna kemur: leiðsögumenn.

21. gr.

1. mgr. 53. gr. laganna orðast svo:

Ríkistollstjóri ákveður form skýrslna og skjala vegna fara í utanlandsferðum og hvaða upplýsingar skuli þar koma fram, svo sem um flutningsfar, vörur sem það flytur og annað sem nauðsynlegt getur talist og varðar ferðir þess til og frá landinu. Ákvæði þetta gildir bæði um skýrslur og skjöl sem sendar eru tollstjóra með skjalasendingum milli tölva vegna SMT-tollafgreiðslu og um skriflegar skýrslur og skjöl sem annars ber að afhenda tollstjóra. Upplýsingar þessar skulu sendar eða afhentar fyrir eða við komu fars inn á tollsvæði ríkisins en fyrir brottför sé far á leið til útlanda. Ákvæði 14.–25. gr. skulu að öðru leyti gilda eftir því sem við getur átt um slíkar SMT-tollafgreiðslur.

22. gr.

54. gr. laganna orðast svo:

Vörur skulu settar á farmskrá til þeirrar tollhafnar sem er ákvörðunarstaður þeirra.

23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 64. gr. laganna:

a. Orðin „og tollgæslustjóra“ í 1. málsl. 2. mgr. falla brott.
b. 6. mgr. orðast svo:

Farmflytjendum er heimilt að geyma umflutningsvörur í geymslu- eða afgreiðslustöðum sem viðurkenndir hafa verið samkvæmt þessari grein.

24. gr.

Orðin „í samráði við tollgæslustjóra“ í 65. gr. laganna falla brott.

25. gr.

Í stað 97.–100. gr. laganna koma fjórar nýjar greinar, ásamt fyrirsögnum, er orðast svo:

a. (97. gr.)

Álagning tolla og annarra gjalda.

Tollstjórar annast álagningu tolla og annarra gjalda sem greiða ber við tollafgreiðslu vara.

Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að innflytjandi eða umboðsmaður hans skuli reikna út tolla og önnur gjöld í aðflutningsskýrslu.

Ef tollstjóra er látin í té útreiknuð aðflutningsskýrsla má hann leiðrétta augljósar reikningsskekkjur. Enn fremur má hann leiðrétta einstaka liði aðflutningsskýrslu ef óyggjandi upplýsingar eru fyrir hendi, en gera skal hann innflytjanda viðvart um slíkar breytingar.

Ef aðflutningsskýrslu er ekki skilað innan tilskilins frests, sbr. 3. mgr. 14. gr. og 23. gr., getur tollstjóri áætlað aðflutningsgjöld eða knúið innflytjanda til að skila aðflutningsskýrslu með stöðvun tollafgreiðslu.

b. (98. gr.)

Komi í ljós eftir að aðflutningsskýrsla hefur verið látin tollstjóra í té að hún eða einstakir liðir hennar eða fylgiskjöl eru ófullnægjandi, óglögg eða tortryggileg, eigi skráð á lögmæltan hátt eða undirrituð á ófullnægjandi hátt eða tollstjóri telur frekari skýringa þörf á einhverju atriði skal hann skora á viðkomandi að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skýringar og þau gögn sem tollstjóri telur þörf á. Fái tollstjóri fullnægjandi skýringar og gögn innan frests leggur hann toll og önnur gjöld á samkvæmt aðflutningsskjölum og fengnum skýringum og gögnum. Ef eigi er bætt úr annmörkum á aðflutningsskýrslu, svar frá viðkomandi berst ekki innan tiltekins tíma, skýringar hans eru ófullnægjandi, eigi eru send þau gögn sem óskað er eftir eða send gögn eru ófullnægjandi eða tortryggileg skal tollstjóri áætla aðflutningsgjöld.

Telji tollstjóri að mat vegna ákvörðunar tollverðs eða annarra atriða sem varða tollafgreiðslu vöru sé eigi á færi annarra en sérfróðra manna skal honum heimilt án dómskvaðningar að láta mat fara fram á kostnað innflytjanda. Um matið skulu gilda ákvæði IX. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, eftir því sem við getur átt. Tollstjóra er einnig heimilt að láta fara fram sérfræðilega rannsókn á vöru á kostnað innflytjanda sé það talið nauðsynlegt vegna tollflokkunar hennar samkvæmt tollskrá.

Ef innflytjandi vill ekki una við ákvörðun tollstjóra samkvæmt þessari grein getur hann óskað eftir úrskurði tollstjóra skv. 100. gr.

c. (99. gr.)

Endurákvörðun gjalda.

Tollstjóri skal í samræmi við ákvæði þessarar greinar endurákvarða innflytjanda aðflutningsgjöld ef í ljós kemur að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu.

Hafi innflytjandi eða sá sem ráðstafaði vöru til tollmeðferðar látið tollstjóra í té við tollafgreiðslu fullnægjandi upplýsingar og, eftir atvikum, gögn sem byggja mátti rétta álagningu aðflutningsgjalda á skal tollstjóri hafa lokið endurákvörðun aðflutningsgjalda innan 60 daga, talið frá því að hann heimilaði afhendingu vöru. Hafi heimild verið veitt til innflutnings vöru tímabundið en síðan komið til endanlegrar tollafgreiðslu hennar skal frestur til endurákvörðunar vera 60 dagar, talið frá því að aðflutningsgjöld voru ákvörðuð.

Áður en til endurákvörðunar tollstjóra á aðflutningsgjöldum kemur skv. 1. mgr. skal hann tilkynna viðkomandi skriflega um að til endurákvörðunar geti komið og lýsa í meginatriðum þeim ástæðum sem hann telur að eigi að leiða til þess. Skal tollstjóri jafnframt gefa viðkomandi kost á að tjá sig um hina fyrirhugðu endurákvörðun innan hæfilegs frests og, eftir atvikum, framvísa þeim gögnum sem hann telur máli kunna að skipta við þá ákvörðun. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. um 60 daga frest til endurákvörðunar er nægjanlegt að tollstjóri sendi viðkomandi tilkynningu samkvæmt þessari málsgrein innan þess tíma.

Endurákvörðun aðflutningsgjalda skv. 2. mgr. skal rökstudd þannig að ljóst megi vera á hvaða forsendum ákvörðun er byggð. Innflytjanda skal tilkynnt um endurákvörðun með ábyrgðarbréfi og honum jafnframt bent á heimild til að kæra hana til ríkistollanefndar, sbr. 101. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er tollstjóra heimilt að endurákvarða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi, í eftirfarandi tilvikum, enda sé gætt ákvæða 3. og 4. mgr. þessarar greinar eftir því sem við á:

1. Hafi framlögðum gögnum eða þeim upplýsingum, sem látin voru í té við tollafgreiðslu, verið áfátt þannig að ekki var unnt að byggja á þeim rétta álagningu aðflutningsgjalda. Skiptir í því sambandi ekki máli hvort innflytjandi eða sá sem ráðstafaði vöru til tollafgreiðslu vissi eða mátti vita um réttmæti þessara gagna eða upplýsinga.
2. Hafi innflytjandi vitað eða mátt vita um rétta tollmeðferð vöru. Það getur m.a. átt við hafi innflytjandi áður fengið úrskurð tollstjóra eða bindandi ákvörðun tollstjóra um tollflokkun vöru í tiltekið tollskrárnúmer samkvæmt tollskrá en síðan tollflokkað sams konar vöru í annað tollskrárnúmer við tollafgreiðslu eða áður flutt inn sams konar vöru og fengið tollafgreidda í ákveðnu tollskrárnúmeri án athugasemda eða með samþykki tollstjóra.
3. Þegar um SMT-tollafgreiðslu er að ræða.

Um greiðslu vaxta vegna oftekinna aðflutningsgjalda gilda ákvæði laga nr. 29/1995, um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda, með síðari breytingum.

Um greiðslu dráttarvaxta af vangreiddum aðflutningsgjöldum gilda ákvæði vaxtalaga, nr. 25/1987, með síðari breytingum.

d. (100. gr.)

Kærur til tollstjóra.

Telji innflytjandi ákvörðun tollstjóra um gjaldskyldu, tollflokkun, tollverð eða fjárhæð aðflutningsgjalda við tollmeðferð vöru eigi rétta getur hann sent skriflega rökstudda kæru, studda nauðsynlegum gögnum, til viðkomandi tollstjóra. Ef ágreiningur er um tollmeðferð vöru sem hefur verið endanlega tollafgreidd skal kæra send tollstjóra innan 60 daga frá tollafgreiðsludegi eða innan 60 daga frá póstlagningardegi tilkynningar um endurákvörðun tollstjóra á aðflutningsgjöldum samkvæmt 99. gr.

Telji tollstjóri óljóst á hvaða rökum kæra er reist eða að fylgigögn séu ófullnægjandi skal hann gefa kæranda kost á að bæta úr því innan hæfilegs tíma. Ef þess er eigi gætt varða meinbugir frávísun kæru.

Úrskurða skal um kæru svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan 30 daga frá því að gagnaöflun er lokið. Úrskurður tollstjóra skal rökstuddur þannig að ljóst megi vera á hvaða forsendum hann er byggður. Innflytjanda skal sendur úrskurður í ábyrgðarbréfi og honum bent á heimild til að kæra úrskurðinn til ríkistollanefndar, sbr. 101. gr.

26. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 101. gr. laganna:

a. 1. mgr. ásamt fyrirsögn greinarinnar orðast svo:

Kærur til ríkistollanefndar

Úrskurði og ákvörðun tollstjóra skv. 98., 99., 100. og 142. gr. má skjóta til ríkistollanefndar og skal kærufrestur vera 30 dagar, talið frá póstlagningu úrskurðar eða ákvörðunar tollstjóra.

b. 2. mgr. orðast svo:

Ríkistollstjóra er heimilt að skjóta úrskurði eða ákvörðun tollstjóra, sbr. 1. mgr., til ríkistollanefndar á næstu þremur mánuðum eftir dagsetningu úrskurðar eða ákvörðunar.

c. 5. mgr. orðast svo:

Nefndin skal hafa úrskurðað í öllum kærum innan 30 daga frá því að gagnaöflun er lokið. Sé munnlegur málflutningur viðhafður skal úrskurður kveðinn upp innan 30 daga frá lokum málflutnings.

d. Við bætast tvær nýjar málsgreinar sem verða 6. og 7. mgr. og orðast svo:

Ríkistollanefnd er heimilt að kveðja sér til aðstoðar við úrlausn ágreiningsmála sérfróða menn og krefjast upplýsinga samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Úrskurður ríkistollanefndar er fullnaðarúrskurður á stjórnsýslustigi. Málskot til almennra dómstóla um úrlausnarefni sem farið hefur fyrir nefndina frestar eða breytir ekki niðurstöðu hennar fyrr en dómur er genginn.

27. gr.

1. og 3. mgr. 102. gr. laganna falla brott.

28. gr.

Í stað tilvísunarinnar „36/1986“ í 2. mgr. 105. gr. laganna kemur: 25/1987.

29. gr.

106. gr. laganna orðast svo:

Aðflutningsgjöld skal greiða tollstjóra í því tollumdæmi þar sem vara er flutt úr fari því sem hana flytur til landsins samkvæmt farmskrá. Sé vara framsend ótollafgreidd í annað tollumdæmi en þar sem afferming fór fram, sbr. VII. kafla, skal þó greiða gjöldin í því tollumdæmi sem varan er send til.

Aðflutningsgjöld af póstsendingum skulu greidd í því pósthúsi þar sem þeirra skal vitjað samkvæmt tilkynningu pósthúss.

Aðflutningsgjöld af vörum í tollvörugeymslu eða á frísvæði skulu greidd tollstjóra í því tollumdæmi þar sem tollvörugeymsla eða frísvæði er, nema vörurnar séu framsendar ótollafgreiddar í annað tollumdæmi, en þá skal greiða gjöldin þar.

Hafi innflytjanda verið veittur greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum skv. 109. gr. skal hann greiða aðflutningsgjöld þar sem hann á lögheimili.

30. gr.

107. gr. laganna orðast svo:

Póst- og símamálastofnun annast tollheimtu og tollmeðferð póstsendinga sem hún sér um flutning á og skal standa ríkissjóði skil á þeim aðflutningsgjöldum sem hún innheimtir. Póstafgreiðslumenn, sem Póst- og símamálastofnunin tilnefnir, geta krafist þess að fá að skoða í viðurvist viðtakanda póstsendingu sem ætla má að í séu tollskyldar vörur til að ganga úr skugga um að innihaldi hennar beri saman við upplýsingar sem viðtakanda ber að gefa við tollmeðferð sendingarinnar eða nauðsynlegar eru til að hún verði tollafgreidd og að í póstsendingu séu ekki vörur sem bannaður er innflutningur eða útflutningur á eða háðar eru innflutnings- eða útflutningstakmörkunum. Hafni viðtakandi slíkri kröfu skal málið sent tollstjóra til ákvörðunar.

Tollstjóri getur heimilað aðilum, sem annast vörslu vara eða skipaðir eru sérstakir umboðsmenn tollstjóra, að annast með sama hætti og um ræðir í 1. mgr. tollheimtu og tollmeðferð vara eða veita greiðslu aðflutningsgjalda viðtöku og standa ríkissjóði skil á þeim. Binda má leyfi því skilyrði að leyfishafi setji ríkissjóði tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og annarra gjalda sem leiða kann af tollmeðferð vöru hjá leyfishafa.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um tollheimtu og tolleftirlit samkvæmt þessari grein og má þar kveða svo á um að ákvæði laganna skuli, eftir því sem við getur átt, gilda um þá aðila sem grein þessi tekur til, svo og starfsmenn þeirra.

31. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 108. gr. laganna:

a. Á undan orðunum „stöðvun tollafgreiðslu“ kemur: dráttarvexti og.
b. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Eindagi aðflutningsgjalda, sem innflytjandi hefur vanreiknað í aðflutningsskýrslu eða vanreiknuð reynast samkvæmt upplýsingum sem gefnar hafa verið við tollafgreiðslu, er tollafgreiðsludagur varanna.

Ef aðflutningsgjöld eru ekki greidd á eindaga eins og hann er ákveðinn samkvæmt þessari grein skal frá og með eindaga reikna dráttarvexti af kröfunni fram að greiðsludegi. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta skulu gilda ákvæði vaxtalaga, nr. 25/1987, með áorðnum breytingum.

32. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 109. gr. laganna:

a. Orðin „enda hafi þeir verið skráðir skv. 110. gr.“ í 1. mgr. falla brott.
b. Í stað 1. og 2. málsl. 3. mgr. kemur nýr málsliður er orðast svo: Ráðherra ákveður í reglugerð uppgjörstímabil og eindaga lánaðra aðflutningsgjalda.
c. Í stað tilvísunarinnar „36/1986“ í 3. mgr. kemur: 25/1987.

33. gr.

110. gr. laganna fellur brott.

34. gr.

Við 111. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 6. mgr. og orðast svo:

Um mótmæli gegn nauðungarsölu gilda ákvæði XI. og XIV. kafla laga nr. 90/1991, um nauðungarsölu.

35. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 121. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Þeir sem stunda útflutning á vörum í atvinnuskyni skulu, áður en vara eða sending er afhent farmflytjanda eða öðrum vörsluaðila til útflutnings, senda viðkomandi tollstjóra með skjalasendingum milli tölva þær upplýsingar sem láta ber honum í té við tollafgreiðslu vara. Ákvæði 14.–25. gr. skulu að öðru leyti gilda um útflutning eftir því sem við getur átt.

b. 2. mgr. fellur brott.
c. 6. mgr. fellur brott.

36. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 122. gr. laganna:

a. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Sé útflytjandi framleiðsluvara sem um ræðir í 1. mgr. annar en framleiðandi þeirra skal auk upprunavottorðs útflytjanda liggja fyrir yfirlýsing framleiðanda sem staðfesti að framleiðsluvörurnar upp-

fylli skilyrði um fríðindameðferð samkvæmt fríverslunar- eða milliríkjasamningi sem Ísland er aðili að.

b. 5. mgr. fellur brott.

c. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ráðherra getur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum sett nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

37. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 126. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „rangar upplýsingar, sbr. 1. mgr.“ í 2. mgr. kemur: eða leggja ekki fram til tollmeðferðar gögn sem 18.–20. gr. taka til eða með öðrum hætti skýra rangt eða villandi frá einhverju því sem máli skiptir við álagningu aðflutningsgjalda.

b. Á eftir orðinu „sektum“ í 2. mgr. kemur: sem nema skulu að lágmarki tvöfaldri en að hámarki tífaldri þeirri fjárhæð sem undan var dregin af aðflutningsgjöldum.

c. Síðari málsliður 4. mgr. fellur brott.

d. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:

Gera má lögaðila og fyrirsvarsmanni hans að greiða *in solidum* sekt fyrir brot á lögum þessum þrátt fyrir að ekki sé upplýst um saknæman verknað starfsmanna lögaðilans, enda hafi brotið verið framið til hagsbóta fyrir lögaðilann.

38. gr.

134. gr. laganna fellur brott.

39. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 139. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Tollyfirvöldum“ og „tollyfirvald“ í 2. mgr. kemur: Tollstjóra, og: tollstjóri.

b. Á eftir orðunum „ólöglegan innflutning“ í 2. mgr. kemur: eða önnur brot gegn lögum þessum.

c. Í stað fjárhæðanna „50.000 kr.“ og „100.000 kr.“ í 2. mgr. kemur: 150.000 kr., og: 300.000 kr.

d. Við bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr. og orðast svo:

Sektir og eignaupptaka samkvæmt þessari grein skulu ákveðnar af tollstjóra eða löglærðum fulltrúa hans.

e. 3. mgr., sem verður 4. mgr., orðast svo:

Senda skal ríkissaksóknara skrá um mál sem lokið er skv. 2. mgr. eftir þeim reglum sem dómsmálaráðherra setur, en m.a. skulu ákvæði 19. og 115. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, gilda um færslu á sakaskrá og leiðbeiningu ríkissaksóknara um sektarfjárhæð fyrir hverja tegund brots.

40. gr.

142. gr. laganna orðast svo:

Ef óskað er bindandi upplýsinga um tollflokkun vöru skal senda skriflega beiðni þar að lútandi til tollstjóra. Tollstjóri tekur ákvörðun um tollflokkun vöru samkvæmt þessari grein sem er bindandi fyrir fyrirspyrjanda og tollyfirvöld, nema hún sé afturkölluð af tollstjóra eða henni breytt eftir kæru til ríkistollanefndar, sbr. 101. gr.

Tollstjóra er ekki skylt að verða við beiðni skv. 1. mgr. ef hún lýtur að vöru sem þegar hefur verið tollafgreidd eða vöru sem er í sendingu sem flutt hefur verið til landsins. Sama gildir ef beiðni reynist augljóslega vera tilefnislaus.

Erindi skulu fylgja þau gögn sem eru nauðsynleg til þess að unnt sé að ákveða tollflokkun vöru, svo sem teikning, mynd, vörulýsing eða bæklingur. Ef nauðsyn ber til að mati tollstjóra getur hann sett skilyrði um að sýnishorn af vöru sé lagt fram áður en hann tekur ákvörðun um tollflokkun.

Tollstjóri skal svara beiðni skriflega innan 30 daga frá því að hún berst. Í svari tollstjóra skal í meginatriðum koma fram á hvaða rökum niðurstaða er byggð. Telji tollstjóri að beiðni hafi ekki að geyma fullnægjandi upplýsingar eða henni fylgi ekki nauðsynleg gögn til þess að unnt sé að ákveða tollflokkun skal hann tilkynna viðkomandi hvaða upplýsingar eða gögn vanti. Þegar úr því hefur verið bætt skal tollstjóri svara beiðni innan 30 daga. Afrit af svari tollstjóra ásamt ljósriti af mikilvægustu gögnum skal sent ríkistollstjóra sem skotið getur ákvörðuninni til ríkistollanefndar.

41. gr.

146. gr. laganna orðast svo:

Ríkistollstjóri setur nánari reglur um skil tollstjóra á upplýsingum úr aðflutnings- eða útflutningsskjölum og öðrum gögnum að höfðu samráði við Hagstofu Íslands.

42. gr.

Á eftir orðunum „einfalda tollmeðferð“ í 147. gr. laganna kemur: vegna gagnkvæmra upplýsingaskipta og innheimtu vangreiddra gjalda.

43. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 149. gr. og orðast svo:

Ákvæði laga þessara um innflutning skulu gilda um útflutning og umflutning eftir því sem við getur átt.

44. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 55 30. mars 1987, ásamt síðari breytingum og breytingum á viðaukum við þau, og gefa þau út með samfelldri greinatölu svo breytt.

45. gr.

Við gildistöku laga þessara kemur í stað orðsins „tollgæslustjóra“ í 3. mgr. 4. gr. laga nr. 56/1972, um lögreglumenn: ríkistollstjóra.

Ákvæði til bráðabirgða.

Til 1. janúar 2000 er heimilt að skila tollskjölum í því formi sem ákveðið var fyrir gildistöku þessara laga en SMT-tollafgreiðsla er heimil að því leyti sem hún hefur þegar verið tekin upp eða verður tekin upp eftir gildistöku þessara laga og skulu ákvæði þessara laga þá gilda að öllu leyti um framkvæmd hennar. Reglugerðir og öll önnur fyrirmæli, sem sett hafa verið skv. 14. gr., 15. gr., 1. mgr. 53. gr. og 1. og 2. mgr. 121. gr. tollalaga, nr. 55/1987, eins og þau voru fyrir gildistöku þessara laga, skulu halda gildi sínu til 1. janúar 2000.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almennar athugasemdir.

Frumvarp þetta er liður í áformum sem fram koma í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að kveða skýrar á um hlutverk, ábyrgð og verkaskiptingu milli æðri sem lægri stjórnsýslustiga innan tollakerfisins til að gera það skilvirkara. Jafnframt að tryggja borgurunum betur en nú rétt til að fá efnislega umfjöllun sinna mála, m.a. þegar ágreiningur rís um tollmeðferð vöru. Með frumvarpinu eru settar skýrar reglur um upplýsingaskyldu tollyfirvalda um hvaðeina sem snýr að tollafgreiðslu. Lagt er til að einfölduð verði tollafgreiðsla ýmiss smávarnings m.a. í pósti, jafnframt því sem gert er ráð fyrir að tollmeðferð við inn- og útflutning á vörum í atvinnuskyni verði alfarið sniðin að nútímaupplýsingatækni og tölvuvæddri tollafgreiðslu komið á í því skyni árið 2000.

Skipulag yfirstjórnar tollamála.

Við gildistöku tollalaga nr. 55/1987 var ákveðið að stofna nýtt embætti, embætti ríkistollstjóra. Sérstakt heimildarákvæði var jafnframt sett í lögin þar sem gert var ráð fyrir að ákveða mætti að tollstjórinn í Reykjavík gegndi starfi ríkistollstjóra auk starfa sinna sem tollstjóri.

Af hálfu þeirra sem unnu að undirbúningi lagasetningarinnar var þetta fyrirkomulag einungis hugsað sem liður í undirbúningi að stofnun sjálfstæðs embættis er hefði með höndum yfirstjórn framkvæmdar tollheimtu og tolleftirlits og eftirlit og boðvald gagnvart einstökum tollstjórum. Ljóst var að ekki gengi til lengdar að eitt hliðsettra stjórnvalda, tollstjórinn í Reykjavík, hefði í raun bæði eftirlit með eigin gerðum og annarra tollstjóra og því var fyrirhugað að þessi skipan mála yrði tekin til endurskoðunar að fenginni nokkurri reynslu. Fyrirkomulag þetta á sér hins vegar sína forsögu sem hér skal að nokkru rakin.

Frá því að tilskipun handa Íslandi um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum var sett árið 1872, og landssjóður fékk þar með sinn fyrsta fasta tekjustofn, hefur tollheimta og tolleftirlit um land allt með litlum breytingum verið í höndum bæjarfógeta og sýslumanna, en ekki sjálfstæðra tollstjóra eða innheimtumanna. Á þessu varð þó nokkur breyting árið 1917 er bæjarfógetaembættinu í Reykjavík var skipt upp og lögreglustjóraembætti stofnað í Reykjavík er auk annarra löggæslustarfa skyldi sjá um tollheimtu og tollgæslu í Reykjavík. Umfang tollheimtunnar í Reykjavík óx verulega á næstu árum og var svo komið árið 1927 að óhjákvæmilegt var talið að stofna sjálfstætt tollstjóraembætti þar er sinnti alfarið tollheimtu og tolleftirliti. Breytingar á samgöngum, vöruflutningum til landsins og vinnubrögðum almennt við innflutning leiddu til þess að ástæða var talin til þess að breyta fyrirkomulagi tolleftirlits utan Reykjavíkur með því að setja í lög heimild fyrir fjármálaráðuneytið, m.a. til að ráða menn til tollgæslu um stundarsakir eða við sérstök tækifæri, sbr. 2. gr. laga nr. 47/1956. Nánari fyrirmæli um framkvæmd þessarar heimildar voru síðan sett með 3. gr. reglugerðar nr. 41/1957. Þar sagði að utan Reykjavíkur heyrðu tollgæslumenn undir yfirstjórn sérstaks umboðsmanns fjármálaráðuneytisins sem annaðist þar fyrir hönd ráðuneytisins umsjón með framkvæmd tollgæslunnar samkvæmt því sem nánar yrði ákveðið í erindisbréfi hans.

Með lögum nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit, var þessu fyrirkomulagi síðan breytt er tekið var upp heimildarákvæði fyrir fjármálaráðherra til þess að fela tollstjóranum í Reykjavík yfirstjórn ákveðinna þátta tollamála, eftir því sem henta þætti. Var jafnframt ákveðið að setja sérstakan tollgæslustjóra við embætti tollstjóra í Reykjavík að

fengnum tillögum tollstjóra er annaðist í umboði hans stjórn tollgæslunnar í Reykjavík og yfirstjórn tollgæslunnar utan Reykjavíkur.

Um þetta sagði þáverandi fjármálaráðherra, Magnús Jónsson, í framsöguræðu er hann mælti fyrir frumvarpi að nefndum lögum um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. C-deild Alþingistíðinda frá 1967, dálk 509–510:

„Þá er með þessu frv. lagt til að lögfesta ástand, sem í rauninni hefur skapast, án þess að væri gert ráð fyrir því í l., en það hefur verið ákveðið með reglugerð, en það er, *að tollstjórinn í Reykjavík fari formlega með yfirstjórn tollgæslunnar um land allt*, þótt sýslumenn og bæjarfógetar verði að sjálfsögðu áfram tollstjórar á sínum stað. En það hefur verið framkvæmt þannig að undanförnu, að sérstakur tollgæslustjóri hefur verið skipaður við embætti tollstjóra, og hefur honum verið falið umboð til þess að hafa *yfirumsjón* með tollgæslunni um land allt. Þetta hefur gefið mjög góða raun og þykir því sjálfsagt að lögfesta þessa skipan mála."

Við breytta stjórnskipulega stöðu ríkisendurskoðunar árið 1987, er starfsemi hennar varðandi endurskoðun og eftirlit með fésýslu ríkisins var færð undir Alþingi, varð ekki hjá því komist að taka afstöðu til þess með hvaða hætti framkvæmdarvaldið, í þessu tilviki fjármálaráðuneytið, kæmi fyrir innra eftirliti með störfum tollstjóra/innheimtumanna ríkissjóðs, bæjarfógeta, sýslumanna, lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli og tollstjórans í Reykjavík, við álagningu og innheimtu aðflutningsgjalda og að tollamálum almennt. Tveir kostir komu á því stigi til álita. Annars vegar að yfirtaka þau verkefni Ríkisendurskoðunar er sneru að tollamálum og færa þau til tolladeildar fjármálaráðuneytisins en hins vegar að stofna nýtt embætti er færi með þennan málaflokk. Síðari kosturinn varð fyrir valinu og var jafnframt ákveðið að byggja embætti ríkistollstjóra upp með hliðstæðum hætti og embætti ríkisskattstjóra. Um leið var ákveðið að færa vissa þætti tollamála til tollstjóranna og setja á laggirnar sjálfstæðan úrskurðaraðila, ríkistollanefnd, er færi með úrskurðarvald í tollamálum, en það vald hafði legið hjá fjármálaráðherra. Tollgæslan var í heild sinni færð undir embætti ríkistollstjóra ásamt tollgæslustjóra sem áður tilheyrði embætti tollstjórans í Reykjavík eins og þegar er komið fram.

Auk nefndra breytinga á tollstjórninni voru gerðar ýmsar breytingar á gildandi lagaákvæðum og ný ákvæði tekin upp í tengslum við fyrirhugaða tölvuvinnslu upplýsinga úr tollskýrslum. Ekki er ástæða til að rekja þessar breytingar í einstökum atriðum hér en ítarleg grein var gerð fyrir þeim í frumvarpi til tollalaga sem lagt var fyrir Alþingi og afgreitt sem lög nr. 55/1987.

Nú að tæpum níu árum liðnum frá setningu tollalaga er fengin nokkur reynsla af þeirri skipan tollstjórnarinnar og ýmsum þeim lagafyrirmælum sem þá voru lögfest. Verður að telja í ljósi fenginnar reynslu af framkvæmd laganna að nauðsynlegt sé að gera á þeim ýmsar breytingar, bæði að því er varðar yfirstjórn tollamála og einstök ákvæði er mæla fyrir um tolleftirlit, álagningu, innheimtu og úrlausn ágreiningsmála. Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim breytingum sem lagt er til að gerðar verði á lögunum.

Grundvallaratriði í allri stjórnsýslu er að réttarstaða þeirra sé skýr sem framfylgja eiga eða hlíta þeirri löggjöf sem á hverjum tíma gildir um tollamál. Gildir það jafnt um sambandið á milli æðra og lægra setts stjórnvalds og um samskipti borgaranna við þessi stjórnvöld. Eins og áður sagði var sá kostur valinn við setningu tollalaga árið 1987 að heimila ráðherra að fela tollstjóranum í Reykjavík að hafa eftirlit með og boðvald yfir hliðsettu stjórnvaldi. Jafnframt var ákveðið að setja tollgæsluna í heild sinni undir yfirstjórn ríkistollstjóra og fela líkt og áður sérstökum tollgæslustjóra stjórn hennar.

Reynslan hefur leitt í ljós að staða þessara aðila, svo og valdmörk milli þeirra, er óljós auk þess að vera stjórnunarlega og stjórnskipunarlega óæskileg. Sé á annað borð talin ástæða til þess að færa yfirstjórn vissra þátta tollamála, sem stjórnunarlega eiga undir fjármálaráðuneytið, frá ráðuneytinu og fela öðru stjórnvaldi ætti tvímælalaust að fela hana sjálfstæðu embætti og kveða nánar í lögum á um verkefni sem það bæri ábyrgð á, svo og kveða skýrt á um stöðu lægra settra tollyfirvalda gagnvart slíku embætti.

Um tvo kosti er að ræða í þessum efnum. Annars vegar að halda áfram á þeirri braut sem mörkuð var í tollalögum og gera ráð fyrir sjálfstæðu ríkistollstjóraembætti. Hins vegar að feta í fótspor Dana og sameina í einu embætti alla yfirstjórn tolla- og skattamála. Það mundi í raun þýða að starfsemi ríkistollstjóra og ríkisskattstjóra yrði sameinuð í einu embætti. Ef fylgt yrði danska fyrirkomulaginu fylgdi sameining embætta skattstjóra og tollstjóra (sýslumanna að því marki sem störf þeirra tengdust skatta- og tollamálum) í kjölfarið.

Þrátt fyrir að Danir hafi valið þann kost að sameina starfsemi nefndra aðila er alls ekki víst að sá kostur henti hér á landi. Ljóst er að ákvarðanataka í þessum efnum kallar á víðtæka athugun á áhrifum slíkrar breytingar á íslenskt skatt- og innheimtukerfi þar sem ýmsir þættir aðrir en hagkvæmni spila inn í og hafa áhrif á hina endanlegu pólitísku ákvörðun í málinu. Þar þarf að skoða m.a.:

1. Mismunandi umdæmaskipan, þ.e. skattumdæmin (sem eru 9) falla ekki saman við tollumdæmin en þau síðarnefndu falla saman við umdæmi sýslumanna (sem eru 27).
2. Nýlega hafa verið sett lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Eflaust þyrfti að breyta þessum lögum ef af sameiningu yrði. Samkvæmt frumvarpi til lögreglulaga, sem dómsmálaráðherra hefur látið semja, er gert ráð fyrir að landinu verði skipt upp í 10 rannsóknarumdæmi og umdæmismörk lögreglustjóra verði að því leyti önnur en núverandi stjórnsýsluumdæma.
3. Ekki er víst að staðsetning einstakra skattstjóraembætta væri eðlileg miðað við tollhafnir (aðaltollhafnir) eða komu- eða brottfararstaði flutningsfara til og frá landinu.
4. Einungis yrði um að ræða tilfærslu á skattalegum verkefnum. Eftir yrðu ýmis verkefni löggæslulegs eðlis eins og eftirlit með ferðum útlendinga til landsins sem tollgæslumenn hafa sinnt ásamt lögreglu.

Hér hafa aðeins verið nefnd einstök dæmi. Af þeim má þó ljóst vera að það krefst vandaðs undirbúnings að gera jafnviðamikla breytingu og hér um ræðir. Alls er óvíst að sú breyting mundi leiða til hagræðingar í rekstri hins opinbera. Meðal annars af þeirri ástæðu er lagt til að á þessu stigi verði einungis gerðar þær breytingar að embætti ríkistollstjóra verði gert að sjálfstæðu embætti sem fari með yfirstjórn tollheimtu og tolleftirlits og hafi jafnframt eftirlit með störfum tollstjóra sem fari með stjórn þessara mála, hver í sínu tollumdæmi, þar á meðal stjórn tollgæslu. Þegar stjórn þessara verkefna hefur verið færð heim í héruðin eins og reyndar er gert ráð fyrir í lögum nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, er ekki lengur grundvöllur fyrir því að gerður sé sérstakur greinarmunur á einstökum stöðum innan ríkistollstjóraembættisins eins og nú er, enda ekkert sem bendir til þess að einn þáttur tollamála sé öðrum mikilvægari. Með tilkomu sjálfstæðs ríkistollstjóraembættis, sem er stjórnvaldsstig milli fjármálaráðuneytisins og einstakra tollstjóra, eru ekki lengur rök til þess að sérstaks umboðsmanns fjármálaráðuneytisins sé sérstaklega getið í lögunum. Tollgæslumál eru aðeins einn þáttur tollamála og eiga eins og önnur eftirlitsstörf að heyra undir ríkistollstjóra. Ber því að

skipa tollgæslumálum þannig að þau verði eðlilegur hluti verkefna sem heyra undir embætti ríkistollstjóra. Því er lagt til að horfið verði frá því að innan ríkistollstjóraembættisins starfi sérstakur embættismaður sem beri starfsheiti tollgæslustjóra og að starfið verði lagt niður.

Réttaröryggi borgaranna.

Á árinu 1992 tók umboðsmaður Alþingis að eigin frumkvæði til athugunar skilyrði stjórnsýslukæru til ríkistollanefndar. Tilefnið var að umboðsmaður hafði orðið þess var við athuganir á kvörtunum og ábendingum sem honum höfðu borist hve þröng kæruheimild innflytjenda var skv. 100. og 101. gr. tollalaga. Meðal skilyrða þess að ríkistollanefnd taki mál til efnismeðferðar er að tollstjóri hafi kveðið upp úrskurð í málinu skv. 100. gr. laganna. Til að tollstjóri taki mál til kæranlegs úrskurðar verður hins vegar sending eða vara að vera í vörslu farmflytjanda eða póststofnunar, eða tollstjóri að hafa veitt sérstaka heimild til afhendingar hennar þrátt fyrir framkomna kæru, sbr. 2. málsl. 100. gr. Skilyrði þetta var rökstutt með því að illmögulegt gæti verið að staðreyna hvernig vara hefði verið úr garði gerð er hún var tekin til tollmeðferðar, en aðflutningsgjöld miðuðust við tollflokkun á því tímamarki. Umboðsmaður taldi skilyrðið ganga mun lengra en nauðsyn bæri til. Benti hann á í því sambandi að ágreiningur, sem borinn væri undir tollyfirvöld, væri ekki alltaf um gerð vöru, og jafnvel þegar svo stæði á kynni innflytjandi að geta framvísað vörunni og sýnt fram á með nokkuð tryggum hætti að hún hefði ekki tekið breytingum. Taldi umboðsmaður því æskilegt, að umrætt skilyrði 2. málsl. 100. gr. yrði tekið til endurskoðunar. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögunum í samræmi við þessar tillögur umboðsmanns Alþingis.

Mikilvægt er að framkvæmd tollalaga sé með þeim hætti að réttaröryggi borgaranna sé tryggt komi til ágreinings, m.a. um tollmeðferð vöru. Einnig varðar miklu að skýrt sé kveðið á um réttaráhrif bindandi upplýsinga sem tollstjórar veita um tollflokkun vara. Þá er ekki síður mikilvægt að öllum sé ljós sú almenna upplýsingaskylda sem hvílir á tollyfirvöldum vegna tollmeðferðar vara og í öðru tilliti. Það er mikilvægt fyrir aðila að geta átt málskotsrétt að fengnu áliti tollstjóra um tollflokkun. Niðurstaða um tollflokkun getur haft úrslitaáhrif á viðskipti og því mikilvægt að unnt sé að leita úrlausnar óháðs úrskurðaraðila.

Samkvæmt 2. mgr. 142. gr. núgildandi tollalaga getur innflytjandi nú óskað eftir bindandi upplýsingum ríkistollstjóra um tollflokkun vöru, en hins vegar er ekki reiknað með að hann geti fengið niðurstöðu ríkistollstjóra endurskoðaða hjá ríkistollanefnd. Í 1. mgr. 101. gr. laganna, sbr. 8. gr. laga nr. 96/1987, um breytingu á þeim, er tæmandi talið hvaða ágreiningsmálum verði skotið til ríkistollanefndar. Þar er einungis reiknað með því að unnt sé að kæra til nefndarinnar úrskurði skv. 100. gr. og endurákvörðun ríkistollstjóra, sbr. 3. mgr. 32. gr. Þar sem ekki er hægt að kæra bindandi upplýsingar ríkistollstjóra um tollflokkun hefur innflytjandi, sem ekki sættir sig við niðurstöðuna, ekki aðra möguleika til að fá mál sitt endurskoðað hjá ríkistollanefnd en að flytja vöru til landsins og leita síðan úrskurðar tollstjóra skv. 100. gr. Síðan getur hann skotið niðurstöðu tollstjóra til ríkistollanefndar.

Í gildandi lögum er ekki tekið af skarið um hvaða réttaráhrif bindandi upplýsingar um tollflokkun hafa. Til að mynda er ekki ljóst hvort tollstjóri er bundinn af slíku áliti eða upplýsingum ríkistollstjóra um tollflokkun ef innflytjandi kærir til tollstjóra ákvörðun um tollflokkun vöru. Í frumvarpinu er lagt til að málsmeðferð í þessum efnum verði öll einföldu með því að tollstjórum í stað ríkistollstjóra verði falið þetta verkefni, sbr. 40. gr.

frumvarpsins, og innflytjanda heimilað að skjóta ákvörðun tollstjóra til ríkistollanefndar, sbr. 26. gr. frumvarpsins. Sama gildi um ríkistollstjóra sem hafa skal eftirlit með því að ákvarðanir tollstjóra séu lögum samkvæmt.

Auk þessara breytinga á ákvæðum laganna um upplýsingagjöf vegna tollflokkunar er lagt til að kveðið verði skýrt á um upplýsingaskyldu tollyfirvalda, m.a. vegna tollmeðferðar vara. Lögin kveða rækilega á um upplýsingaskyldu viðskiptavina tollyfirvalda en í minna mæli um upplýsingaskyldu tollyfirvalda sjálfra. Full ástæða er til að árétta leiðbeiningarskyldu tollyfirvalda, þrátt fyrir almennt ákvæði 7. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 um leiðbeiningarskyldu stjórnvalda. Er því lagt til að ákvæði um upplýsingaskyldu tollyfirvalda verði tekið upp í tollalög, sbr. 12. gr. frumvarpsins.

Tölvuvædd tollafgreiðsla.

Fyrirtæki í dag vinna almennt með upplýsingar um viðskipti í tölvuvæddu umhverfi, hvort sem um milliríkjaviðskipti eða viðskipti innan lands er að ræða. Upplýsingaskipti milli fyrirtækja og jafnvel einstaklinga fara jafnframt í auknum mæli fram með skjalaskiptum milli tölva. Af því er augljóst hagræði að allar grunnupplýsingar, sem fara eiga á milli aðila, séu aðeins skráðar einu sinni, þ.e. hjá sendanda þeirra, og þær síðan notaðar aftur af viðtakanda án endurtekinnar skráningarvinnu.

Þegar síðasta heildarendurskoðun laga sem snertu tollamál fór fram árið 1987 og heildarlöggjöf var gefin út um þann málaflokk með tollalögum, nr. 55/1987, var tekið upp heimildarákvæði í lögin til þess að hægt yrði að taka upp tölvuvædda afgreiðsluhætti eftir því sem tæknilegar aðstæður sköpuðust. Allt frá árinu 1977 hafði verið unnið að athugun og undirbúningi þessara mála. Tæknilegar forsendur voru fyrir hendi til þess að taka upp vélræna álagningu aðflutningsgjalda 1. janúar 1988 en nokkrum árum áður hafði tölvuvinnsla upplýsinga úr farmskrám verið tekin upp, fyrst með skilum á disklingum en síðar beinlínutengingu farmflytjenda við tollkerfið. Tölvuvædd álagning aðflutningsgjalda hófst hins vegar í upphafi árs 1988 og hefur reynst vel. Þessi áfangi var hins vegar aðeins sá fyrsti af mörgum í átt til breyttra tollafgreiðsluhátta sem síðan hefur verið unnið að. Í dag fer tollafgreiðsla í pósti fram með sama hætti.

Á árinu 1988 var jafnframt farið að taka við upplýsingum úr aðflutningsskýrslum á disklingum sem skráðar voru vélrænt í tölvukerfi tollsins. Þessi vinnsla var aðeins undirbúningur undir fullkomnari upplýsingaskipti þar sem innflytjendur og tollyfirvöld skiptust á upplýsingum með vélrænum skjalaskiptum milli tölva. Takmarkið var að innflytjendur gætu lokið skýrslugerð sinni gagnvart tollyfirvöldum í hvaða tollumdæmi sem er frá starfsstöðvum sínum. Jafnframt ætti ekki að skipta máli á hvaða tíma sólarhringsins unnið væri í kerfinu — hið endanlega markmið var allt að 24 tíma afgreiðslutími, enda innflytjendur skuldfærðir vélrænt fyrir öllum aðflutningsgjöldum, þar með töldum virðisaukaskatti.

Í september 1992 var tæknilegum undirbúningi lokið að alsjálfvirku tollafgreiðslukerfi og sérstök reglugerð sett um þessa tollafgreiðsluhætti, sbr. reglugerð nr. 309/1992, um tollafgreiðslu og greiðslufrest á aðflutningsgjöldum þegar tollskjöl eru send milli tölva. Ætla má að yfir 25% allra vörusendinga, sem tollafgreiddar verða hjá tollstjórum á þessu ári, fari um alsjálfvirkt tollafgreiðslukerfi. Til viðbótar skila innflytjendur upplýsingum úr aðflutningsskýrslum í um 55% tilvika á disklingum.

Þótt mikil hagræðing hafi náðst fram með þessum nýju tollafgreiðsluháttum er ljóst að markmiðinu um fullkomlega tölvuvætt tollafgreiðslukerfi verður ekki náð nema breyting verði á viðhorfum allra, jafnt yfirvalda sem fyrirsvarsmanna fyrirtækja, til mikilvægis þess að hámarka nýtingu þess tölvubúnaðar sem fjárfest hefur verið í.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. apríl 1995 eru í fyrsta skipti á Íslandi tekin upp á vettvangi opinberrar stjórnmálaumræðu ákvæði er beinlínis varða beitingu upplýsinga- og fjarskiptatækni til að bæta stjórnsýsluna. Þar segir m.a.: „Þjónusta ríkisins verði sniðin að nútíma tækni, t.d. með nettengingu þjónustustofnana og *pappírslausum tollviðskiptum*."

Í frumvarpi þessu, sem tekur mið af nefndri stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og áliti ráðgjafarnefndar fjármálaráðuneytisins um upplýsinga- og tölvumál, er lagt til að horfið verið frá hefðbundnum skriflegum tollskýrslum sem afhenda beri hjá tollstjóra. Í þess stað verði stefnt að því á næstu árum að taka upp alsjálfvirka tölvuvædda tollafgreiðslu og aðilum, sem stunda milliríkjaviðskipti eða vöruflutninga í atvinnuskyni, verði gert skylt að senda upplýsingar um vöruviðskipti og vöruflutninga með skjalasendingum milli tölva. Gert er ráð fyrir að slíkir tollafgreiðsluhættir, hvort sem þeir snerta tollafgreiðslu vara eða flutningsfara, verði komnir á um aldamótin 2000.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Vegna þeirra breytinga sem leiðir af breyttri skipan yfirstjórnunar tollamála samkvæmt frumvarpi þessu er lagt til að viðeigandi breytingar verði gerðar á skýringu 1. gr. laganna á hugtakinu „tollyfirvald".

Jafnframt er lagt til að teknar verði upp nokkrar orðskýringar sem tengjast þeim breytingum sem verða með upptöku tölvuvæddrar tollafgreiðslu. Ýmis réttaráhrif eru til að mynda tengd slíkri tollmeðferð vöru og getur skipt verulegu máli við hvaða atvik miða eigi stofnun réttinda eða skyldu í því sambandi.

Um 2. gr.

Með 2. gr. frumvarpsins er lagt til að nokkrar minni háttar breytingar verði gerðar á heimildum ráðherra skv. 6. gr. tollalaga í því skyni að auðvelda tollmeðferð og kveða skýrar á um efni heimildanna.

Í fyrsta lagi er lagt til að rýmkuð verði heimild í 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. þannig að hægt verði að ljúka tollmeðferð smásendinga á einfaldan og ódýran hátt. Margar smásendingar berast til landsins, m.a. í pósti. Reynt hefur verið í framkvæmd að einfalda tollmeðferð þessara sendinga með því að sameina þær undir eitt tollskrárnúmer þótt vörur í sendingunni falli strangt tiltekið undir fleiri en eitt númer. Þó hefur verið skilyrði að tollskrárnúmerin sem einstakar vörur í sendingunni falla undir beri sömu gjöld. Æskilegt er að hægt verði að ganga lengra í þessum efnum og tollafgreiða án sérstakrar tollflokkunar allar smásendingar. Viðmiðunarmörk smásendingar í þessu sambandi gætu verið hin sömu og gilda um smásendingar skv. 26. gr. bókunar 4 við EES-samninginn eða 500 ECU. Þannig mundu slíkar vörusendingar verða samflokkaðar og njóta tollfrelsis við innflutning frá EES að uppfylltum skilyrðum nefndrar bókunar en hlutfallslegt gjald, t.d. 5% aðflutningsgjald, greitt af smásendingum frá löndum utan EES-svæðisins.

Í öðru lagi er lagt til að lögfest verði skýr heimild til tímabundins tollfrjáls innflutnings á hópferðabifreiðum sem erlendir ferðamenn og aðrir flytja til landsins til ferðalaga hér á landi. Þessi háttur ferðalaga til landsins hefur aukist hin síðari ár eins og slík ferðalög Íslendinga til útlanda. Núgildandi tollalög taka ekki skýrt á slíkum innflutningi hópferðabifreiða til landsins en í framkvæmd hefur gilt sú regla sem lagt er til að tekin verði upp skv. b-lið 2. gr. frumvarpsins.

Að lokum er lagt til að bætt verði við nýjum málslið í 13. tölul. 6. gr. laganna sem kveði skýrt á um að endurgreiðsla eða niðurfelling tolla af efnivörum til innlendrar framleiðslu leiði til þess að hin íslenska framleiðsluvara glati rétti til fríðindameðferðar samkvæmt EES-samningnum, þ.e. geti ekki notið tollfrelsis vegna útflutnings til annarra aðildarríkja EES-samningsins.

Um 3. gr.

Núgildandi ákvæði um tollmeðferð vara, sem sendar hafa verið til viðgerðar eða annarrar aðvinnslu erlendis, taka ekki mið af þeim breytingum sem orðið hafa eða verða á komandi árum með tölvuvæddri tollafgreiðslu. Ýmis skilyrði um staðfestingar og útfyllingu sérstaks eyðublaðs koma í veg fyrir hagræðingu við tollafgreiðslu. Því er lagt til að ráðherra verði veitt heimild til að setja um tollafgreiðslu þessara vara þær reglur sem tryggi rétta tollmeðferð þeirra og taki þá mið af þeirri tækni sem notuð verður í framtíðinni til að vinna úr upplýsingum um viðkomandi vörusendingu.

Um 4. gr.

Með aðild Íslands að samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina 1994 gerðist Ísland jafnframt aðili að Samningnum um framkvæmd VII. gr. GATT 1994 sem felur í sér samræmdar reglur um ákvörðun tollverðs. Nefndar reglur eru að mestu samhljóða þeim samningi sem gerður var í tengslum við svonefndar Tókýó-viðræður 1979, en í framhaldi af þeim voru tollverðsreglur þess samnings teknar upp með tollalögum, nr. 55/1987.

Þar sem tollverðsskýring 1. mgr. 8. gr. tollalaga er ekki að öllu leyti í samræmi við orðalag hliðstæðs ákvæðis í Samningnum um framkvæmd VII. gr. GATT 1994 er lagt til að orðalag 1. mgr. 8. gr. laganna verði fært til samræmis við ákvæði nefnds samnings þannig að ekki sé hætta á að mismunandi túlkun komi upp í framkvæmd og staðið verði við samningsskuldbindingar Íslands að þessu leyti.

Um 5. gr.

Samkvæmt heimild í 18. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, er gengisskráning nú tvíþætt. Annars vegar er skráð viðskiptagengi banka og sparisjóða og hins vegar Seðlabankagengi. Í stað sölugengis Seðlabankans er því nú annars vegar komið almennt viðskiptagengi sem hver banki gefur út til greiðslu fjárhæða og hins vegar opinbert viðmiðunargengi sem Seðlabankinn skráir og er notað m.a. vegna samninga sem áður miðuðust við gengisskráningu Seðlabankans. Rétt þykir að orðalag 1. mgr. 13. gr. laganna verði fært til samræmis við breytta gengisskráningu Seðlabankans.

Þar sem rekstur tölvuvædds tollafgreiðslukerfis hefur verið falinn ríkistollstjóraembættinu og öll álagning aðflutningsgjalda er byggð á opinberu viðmiðunargengi skráðu af Seðlabankanum þykir rétt að gengisskráning verði tilkynnt ríktollstjóraembættinu beint.

Um 6.–8. gr.

Í almennum athugasemdum er gerð grein fyrir þeirri meginbreytingu vegna skýrslugjafar sem stefnt er að með frumvarpi þessu. Lagt er til að meginregla tollalaga verði sú að aðilar í atvinnurekstri sendi tollstjóra með skjalasendingum milli tölva (nefnt SMT-tollafgreiðsla) þær upplýsingar sem láta ber honum í té við tollafgreiðslu vara. Gert er ráð fyrir að viðkomandi verði veittur greiðslufrestur á öllum aðflutningsgjöldum, sbr. 109. gr. tollalaga, og hann skuldfærður vélrænt fyrir öllum aðflutningsgjöldum nema greiðsla fari fram með vélrænum hætti sem úttekt af bankareikningi viðkomandi innflytjanda.

Gert er ráð fyrir að einstaklingar, sem ekki nýta sér miðlara eða aðra sem nota SMT-afgreiðsluhætti, geti skilað skriflegri aðflutningsskýrslu til tollstjóra eða keypt hjá honum aðstoð við skýrslugerðina gegn hæfilegu endurgjaldi.

Settar eru ítarlegar reglur um SMT-samskipti í 6.–8. gr. sem skýra sig að mestu sjálfar.

Þar sem nokkurn tíma tekur að innleiða SMT-afgreiðsluhætti á hinum ýmsu sviðum tollamála og jafnt innflytjendur, útflytjendur, farmflytjendur og aðrir, sem samskipti eiga við tollyfirvöld, þurfa nokkurn tíma til aðlögunar er í ákvæði til bráðabirgða gert ráð fyrir að núgildandi ákvæði um skýrslugjöf haldi jafnframt gildi sínu næstu fjögur árin en árið 2000 verði kerfisbreytingunni að fullu lokið.

Um 9. gr.

Engar skýrar reglur eru í tollalögum um upplýsingagjöf ferðamanna við komu til landsins sem byggist á því að ferðamaður gangi í gegnum svonefnd tollhlið eða tollafgreiðslur sem aðskildar eru fyrir farþega sem hafa meðferðis annars vegar tollskyldan varning og hins vegar engan eða tollfrjálsan varning. Lagt er til með 9. gr. frumvarpsins að skýr ákvæði verði lögfest um þetta efni þannig að réttaróvissu verði eytt og ferðamönnum jafnframt tryggð eðlileg réttindi vegna skoðunar varnings sem þeir kunna að hafa meðferðis.

Um 10. gr.

Lagt er til að tekið verði upp skýrt lagaákvæði sem tryggi rétt innflytjanda til þess að leysa vöru til sín þrátt fyrir að upplýsingar skorti um einhver atriði sem snerta tollverð vöru eða annað, t.d. tollflokkun, gegn fullnægjandi tryggingu að mati tollstjóra.

Um 11. gr.

Í þessari grein er lagt til að tekið verði upp sérstakt lagaákvæði um synjun SMT-tollafgreiðslu þegar upplýsingar, sem láta ber tollstjórum í té við tollafgreiðslu, eru ekki lögum samkvæmt. Ákvæði núgildandi 22. gr., um synjun móttöku á skriflegum aðflutningsskýrslum þegar þeim er áfátt, verður 2. mgr.

Um 12. gr.

Lagt er til að fjallað verði um upplýsingaskyldu tollyfirvalda gagnvart viðskiptavinum þeirra. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum kveða tollalög ræki lega á um skyldur innflytjenda, en lítið er fjallað um réttindi þeirra, m.a. til að fá upplýsingar frá tollyfirvöldum um verklag og reglur sem gilda vegna tollmeðferðar vöru. Rétt þykir að kveða sérstaklega á um skyldu tollyfirvalda til að veita upplýsingar um tollflokkun vöru, gjaldtöku og hvaðeina sem lýtur að tollafgreiðslu. Í 7. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993,

er að sönnu að finna almennar reglur um leiðbeiningarskyldu stjórnvalda sem innflytjendur og aðrir sem samskipti eiga við tollyfirvöld geta borið fyrir sig telji þeir gengið á rétt sinn til upplýsinga og leiðbeininga. Engu að síður þykir rétt að árétta í tollalögum skyldur tollyfirvalda og starfsmanna þeirra í þessum efnum.

Með vísan í 141. gr. tollalaga er áréttað að upplýsingaskylda tollyfirvalda takmarkast við þagnarskyldu tollstarfsmanna varðandi verslunarhagi einstakra manna og fyrirtækja. Sé óskað eftir bindandi ákvörðun (upplýsingum) um tollflokkun fer um slíkar beiðnir skv. 142. gr. tollalaga.

Um 13. gr.

Lagt er til að tekið verði upp að nýju ákvæði sem fellt var úr tollalögum árið 1992 og heimilar fjármálaráðherra að breyta mörkum tollumdæma, m.a. til að ná fram sem mestri hagkvæmni við tollheimtu og tolleftirlit.

Um 14.–17. gr.

Í 15.-18. gr. frumvarpsins er fjallað um þær skipulagsbreytingar sem lagt er til að gerðar verði á yfirstjórn tollamála með því að tollstjórar fari almennt með álagningu og ákvarðanatöku vegna tollheimtu og tolleftirlits, hver í sínu umdæmi. Þau tolleftirlitsverkefni, sem tollgæslustjóri hefur sinnt undir yfirstjórn ríkistollstjóra, verða almennt færð til viðkomandi tollstjóra sem beri ábyrgð á og fari með stjórn þeirra þar, en yfirstjórn og eftirlit með framkvæmd þessara verkefna verði í höndum ríkistollstjóra. Með þessari breytingu er komið á skýrri verkaskiptingu milli embættis ríkistollstjóra og tollstjóra um tollgæslumálefni. Eftir sem áður er gert ráð fyrir að rannsókn meiri háttar tollsvikamála verði vísað til ríkistollstjóra sem taki ákvörðun um framhald málsmeðferðar. Með tilliti til þessara skipulagsbreytinga, svo og þeirra breytinga sem gerðar verða á verkefnum og verkaskiptingu innan ríkistollstjóraembættisins, er lagt til að sérstök staða tollgæslustjóra innan embættisins verði lögð niður. Gert er ráð fyrir að embættinu verði skipt í fjórar deildir eftir verkefnum og yfir þær settir forstöðumenn sem stjórni og beri ábyrgð á rekstri þeirra í umboði ríkistollstjóra.

Um einstakar greinar skal að öðru leyti eftirfarandi tekið fram:

Breytingar samkvæmt 14., 15., 18., 23. og 24. gr. frumvarpsins leiðir eingöngu af þeirri ákvörðun að kveða skýrt á um stjórnsýslusamband ríkistollstjóra og tollstjóra og mynda með því einfalda og skýra boðleið ákvarðanatöku þessara stjórnvalda sjálfra og borgaranna sem við þau skipta en af því leiðir að staða tollgæslustjóra, sem heyrir undir embætti ríkistollstjóra, verður lögð niður.

Í 17. gr. er lagt til að ýmsar breytingar, sem leiðir af því sem að ofan er rakið, verði gerðar á 31. til 40. gr. tollalaga.

Í fyrsta lagi er lagt til að skorið verði á tengslin milli embættis tollstjórans í Reykjavík og embættis ríkistollstjóra sem gert verði að sjálfstæðri stofnun með þau verkefni sem um ræðir í þeim greinum sem gert er ráð fyrir að verði 32.–35. gr. laganna. Embættið hefur í raun starfað sem sjálfstæð stofnun frá árinu 1991 er sérstakur ríkistollstjóri var settur yfir það.

Lagt er til að fjármálaráðherra skipi ríkistollstjóra. Til að tryggja sjálfstæði og ábyrgð ríkistollstjóra í starfi er jafnframt lagt til að hann ráði sjálfur samstarfsmenn sína.

Í 32. gr., eins og lagt er til að hún hljóði, eru talin upp þau verkefni sem ríkistollstjóra eru falin. Samkvæmt henni fer ríkistollstjóri í umboði fjármálaráðherra með yfirstjórn tollheimtu og tolleftirlits hvarvetna á tollsvæði ríkisins. Í því felst heimild fyrir rík-

istollstjóra til að setja tollstjórum almennar framkvæmdareglur um tollheimtu og tolleftirlit og eins vald til að hafa eftirlit með störfum tollstjóra, þar á meðal vegna framkvæmdar milliríkjasamninga um tollamál og framkvæmdar tollareglna EES-samningsins. Kveðið er á um að ríkistollstjóri hafi heimild til að senda starfsmenn sína í öll tollumdæmi vegna eftirlits og rannsókna og beri tollstjórum skylda til að veita nauðsynlega aðstoð við framkvæmd þessa.

Lagt er til að núgildandi ákvæði um sérstakan tollskóla verði fellt brott. Er það í samræmi við þá almennu stefnumörkun að ekki skuli reknir sérstakir skólar innan embætta. Eftir sem áður verður haldið uppi fræðslu um tollamál innan embættis ríkistollstjóra og er kveðið á um það í 33. gr.

Í 34. gr., eins og lagt er til að hún verði orðuð, er ríkistollstjóra falið að annast rekstur þess tölvukerfis sem komið hefur verið upp eða komið verður upp í framtíðinni og notað verður vegna tölvuvæddrar tollafgreiðslu.

Í 36. gr., eins og lagt er til að hún hljóði, er kveðið nánar á um skipun, stöðu og verkefni tollstjóra. Í 2. mgr. er lagt til að ráðherra skipi tollstjórann í Reykjavík.

Ákvæði 38. og 39. gr., eins og lagt er til að þær verði orðaðar, eru efnislega samhljóða 37. og 38. gr. núgildandi laga en jafnframt tekið fram í 38. gr. að aðrar ákvarðanir, eins og ákvarðanir tollstjóra um breytingar á aðflutningsgjöldum skv. 99. gr. og bindandi ákvarðanir samkvæmt 142. gr., megi kæra til ríkistollanefndar.

Tillaga að orðalagi 40. gr. laganna er efnislega samhljóða 39. gr. núgildandi laga, sbr. einnig hliðstætt ákvæði 103. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Um 18. gr.

Vísað er til þess sem segir í athugasemdum við 14.–17. gr.

Um 19. gr.

Lagt er til að kveðið verði skýrt á um það í lögunum að tollyfirvöld annist rannsókn brota á þeim enda sé slík rannsókn ekki í höndum lögreglu samkvæmt öðrum lagafyrirmælum. Þar sem tollalagabrot geta tengst tollmeðferð vara í fleiri en einu tollumdæmi og því verið mjög umfangsmikil, auk þess sem leita getur þurft aðstoðar erlendra tollyfirvalda við rannsókn þeirra, er lagt til að tollstjórar skuli tilkynna ríkistollstjóra, þegar grunur er um stórfelld tollsvik, sem ákveði um framhald málsins.

Um 20. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

Lagt er til að ríkistollstjóri ákveði hvaða upplýsingar og í hvaða formi og hvenær eigandi eða stjórnandi fars í utanlandsferðum eða umboðsmaður hans skuli senda eða afhenda tollstjóra vegna aðkomuafgreiðslu o.fl. Gert er ráð fyrir að upplýsingar þessar verði sendar í framtíðinni með skjalasendingum milli tölva með líkum hætti og gildir um SMT-tollafgreiðslu, sbr. það sem segir í 6. gr. frumvarpsins um slíka tollafgreiðsluhætti.

Um 22. gr.

Vörur eru almennt í dag settar á farmskrá miðað við þá tollhöfn sem talin er ákvörðunarstaður þeirra. Breytingin er því staðfesting á gildandi framkvæmdareglu.

Um 23. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 24. gr.

Lagt er til að tollstjórar sjái alfarið um viðurkenningu á geymslustöðum undir ótollafgreiddar vörur.

Um 25. gr.

Í fyrsta lagi er kveðið skýrt á um það að tollstjórar skuli annast álagningu tolla og annarra gjalda skv. 97. gr. Þetta er í samræmi við þá framkvæmd sem gildir í dag varðandi innflutning, en eins og komið hefur fram eru upplýsingar þær, sem innflytjendur gefa í aðflutningsskýrslum sínum, unnar í tölvuvæddu tollafgreiðslukerfi sem leggur aðflutningsgjöld á vélrænt auk þess að skuldfæra viðkomandi fyrir öllum gjöldum ef um SMT-tollafgreiðslu er að ræða.

Í öðru lagi er lagt til að réttarstaða innflytjanda verði betur tryggð í 99. gr. en nú, komi til endurákvörðunar gjalda. Skiptir þar ekki máli hvort tollstjóri hefur veitt heimild til afhendingar vöru og hún er tekin úr vörslu farmflytjanda eða ekki. Þá er tekinn upp almennur sex ára fyrningarfrestur vegna endurákvörðunar aðflutningsgjalda sem bundinn er við nánar tilgreind skilyrði, til samræmis við endurákvörðunarheimildir skattstjóra skv. 1. mgr. 97. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Þetta á meðal annars við um SMT-tollafgreiðslu, enda eru öll gögn, sem slík tollafgreiðsla er byggð á, í vörslu innflytjanda og endurskoðun tollstjóra því nær eingöngu framkvæmd eftir á.

Í þriðja lagi er rýmkuð heimild til að krefjast úrskurðar tollstjóra um t.d. tollflokkun, tollverð og fjárhæð aðflutningsgjalda, en úrskurður tollstjóra er forsenda þess að máli verði skotið til ríkistollanefndar.

Um 26. gr.

Breytingar þær sem lagðar eru til á 101. gr. laganna leiðir m.a. af breytingum á ákvörðunarvaldi tollstjóra um álagningu eða endurákvörðun gjalda og tollflokkun vara. Jafnframt eru frestir nokkuð rýmkaðir til að tryggja betur að fullnægjandi gögnum verði komið að við málsmeðferðina.

Um 27. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 28. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 29. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 106. gr. núgildandi tollalaga, en áréttað er að greiða skuli aðflutningsgjöld af póstsendingum í því pósthúsi sem tilkynnir viðtakanda um póstsendinguna. Með tilkomu SMT-tollafgreiðslu er ekki lengur talin þörf á sérstakri heimild til greiðslu aðflutningsgjalda í öðru tollumdæmi en varan er í og er því lagt til að ákvæði 2. mgr. 106. gr. verði fellt niður.

Um 30. gr.

Í EES-samningnum er gert ráð fyrir að tollafgreiðsla vara verði einfölduð til að greiða fyrir vöruskiptum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Til þess að fullnægja þessu ákvæði samningsins þykir rétt að gera viðeigandi breytingar á tollalögum að því er varðar tollmeðferð á póstsendingum. Í 107. gr. núgildandi laga er ákvæði um að póststarfsmenn sjái um innheimtu aðflutningsgjalda, en að öðru leyti er gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um framkvæmdina. Fjármálaráðuneytið hefur sett reglugerð um tollmeðferð póstsendinga sem meðal annars miðar að því að greiða fyrir tollmeðferð slíkra sendinga auk þess sem gert er ráð fyrir skipulagsbreytingu varðandi flokkun póstsendinga til tollmeðferðar, svo og alla vinnu við álagningu og innheimtu aðflutningsgjalda. Þessar breytingar miða að því að ná fram sparnaði hjá bæði póststjórninni og tollinum auk þess að efla þjónustu við viðtakendur póstsendinga. Til þess að enginn vafi leiki á um lagalegan grundvöll þessara breytinga þykir rétt að taka upp skýrari ákvæði en nú er að finna í 107. gr. um tollheimtuna. Gert er ráð fyrir að póststjórnin annist bæði álagningu og innheimtu þeirra gjalda sem lögð eru á eða kunna að verða lögð á við tollmeðferð á vörum sem fluttar eru í pósti og gangi að öðru leyti úr skugga um að rétt gjöld verði lögð á umræddar vörur.

Jafnframt er lagt til að hliðstæð heimild gildi í öðrum tilvikum, enda viðbúið að einkaaðilar taki með tímanum að sér póstflutning í einni eða annarri mynd auk þess sem bankaútibú eru þegar rekin í tengslum við afgreiðslur farmflytjenda eða geymsluaðila til að taka við greiðslum fyrir hönd viðkomandi tollstjóra.

Um 31. gr.

Lagt er til að kveðið verði skýrt á um að auk annarra úrræða, sem greinin tekur til og ætlað er að knýja á um fullnaðartollafgreiðslu vara, verði heimilt að beita innheimtu dráttarvaxta.

Samkvæmt þessari grein er lagt til að teknar verði upp tvær nýjar málsgreinar í 108. gr. þar sem kveðið verði skýrt á um frá hvaða tíma vangreidd aðflutningsgjöld teljast vera komin í eindaga lögum samkvæmt, svo og um greiðslu dráttarvaxta af þeim.

Um 32. gr.

Um a-lið vísast til athugasemda við 33. gr. hér á eftir.

Lagt er til að ekki verði bundið í tollalögum hvaða uppgjörstímabil skuli vera vegna greiðslufrests á aðflutningsgjöldum. Aðflutningsgjöld eru margs konar, þar á meðal virðisaukaskattur og vörugjald, og eru uppgjörstímabil mismunandi samkvæmt þeim lögum sem um þessa skatta gilda. Til þess að hægt verði að samræma betur innheimtu allra þeirra gjalda sem greiðslufrestur er veittur á í tolli er lagt til að ráðherra ákveði með reglugerð uppgjörstímabil sem almennt verði ekki lengri en uppgjörstímabil virðisaukaskatts.

Um 33. gr.

Ákvæði 110. gr. fjallar um sérstaka skráningu aðila, sem flytja vörur inn í atvinnuskyni, hjá tollstjórum. Ákvæði þetta hefur aldrei komist í framkvæmd. Telja verður nægilegt að fyrirtæki séu skráð sem slík í fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands auk skráningar hjá skattstjórum vegna virðisaukaskatts, en tollstjórar hafa aðgang að síðarnefndu skráningunni. Þykir óþarfi að bæta enn einni skráningunni við og því lagt til að ákvæðið verði fellt úr lögum.

Um 34. gr.

Lagt er til að tekið verði upp sérstakt ákvæði sem vísi til þess réttarúrræðis sem borgararnir hafa komi til nauðungarsölu vegna innheimtu aðflutningsgjalda og tryggja réttaröryggi borgaranna þegar ágreiningsmál hafa ekki fengið efnislega umföllun á stórnsýslustigi.

Um 35. gr.

Breyting þessi er liður í tölvuvinnslu upplýsinga úr útflutningsskjölum. Vísast að öðru leyti til almennra athugasemda og greinargerðar með 6. gr. frumvarpsins varðandi SMT-tollafgreiðslu.

Um 36. gr.

Lagt er til að tekið verði upp sjálfstætt ákvæði er skyldi útflytjendur íslenskra framleiðsluvara, sem ætlað er að njóta fríðindameðferðar samkvæmt fríverslunar- eða millirikjasamningum og þeir hafa ekki sjálfir framleitt, til að hafa í bókhaldi sínu og leggja fram við tollafgreiðslu auk upprunavottorðs (t.d. EUR. 1 flutningsskírteini) yfirlýsingu framleiðanda varanna um að þær uppfylli skilyrði viðkomandi samninga til að öðlast upprunaréttindi. Rannsóknir ríkistollstjóraembættisins á útflutningi hafa leitt í ljós að gefin hafa verið ranglega út slík upprunavottorð sem leitt hefur til rangrar tollmeðferðar þeirra í viðkomandi innflutningslandi. Sjálfstæð yfirlýsing framleiðanda ætti að tryggja betur en nú er að ekki séu gefin út upprunavottorð fyrir aðrar vörur en þær sem raunverulega teljast upprunavörur samkvæmt þeim milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Röng yfirlýsing framleiðanda varðar einnig við lög, sbr. 126. gr. tollalaga.

Um 37. gr.

Í 2. mgr.126. gr. núgildandi laga er kveðið á um að ef maður verður uppvís að því að láta í té rangar upplýsingar, m.a. um tegund, magn eða verðmæti vöru, í því skyni að svíkja undan eða fá ívilnun á tolli eða gjöldum varði það sektum, svo og varðhaldi eða fangelsi ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað. Hins vegar er ekki kveðið á um það hverju það varði ef aðili leynir upplýsingum fyrir tollyfirvöldum í sama skyni. Skv. 134. gr. mundi slíkt brot varða 20% viðauka (álagi) á tollverð eða toll. Telja verður eðlilegt að um slík brot fari með sama hætti og um þau brot er um ræðir í 2. mgr. 126. gr. Því er lögð til breyting á þeirri grein í samræmi við það. Jafnframt er lagt til að kveðið verði á um lágmarks- og hámarksfjárhæð sektar í greininni.

Samhliða þessari breytingu er lagt til að 134. gr. laganna falli brott þar sem um brot samkvæmt þeirri grein færi við breytinguna eftir 126. gr.

Samkvæmt 2. málsl. 4. mgr. 126. gr. má falla frá málssókn ef sá sem misgert er við hefur ekki krafist hennar eða málssókn reynist ekki réttmæt á grundvelli þeirra sönnunargagna sem fyrir liggja. Rétt þykir að saksóknari taki sjálfstætt ákvörðun um hvort efni séu til málshöfðunar.

Samkvæmt tollalögum hvílir rík upplýsingaskylda um ýmis atriði, m.a. vegna inn- og útflutnings á vörum. Fyrirtækjum jafnt sem einstaklingum ber að veita slíkar upplýsingar, oftast í tollskýrslum en einnig með reikningum og upprunavottorðum sem viðkomandi gefur út. Mjög mikilvægt er að útflytjendur veiti réttar upplýsingar, m.a. um upprunaréttindi vegna sjávarafurða sem njóta tollfríðinda við innflutning til EES-svæðisins, að uppfylltum skilyrðum EES-samningsins. Á hverjum einstökum útflytjanda hvílir sú

skylda að veita réttar upplýsingar og gefa ekki út upprunavottorð yfir sjávarafurðir sem standast ekki kröfur samningsins. Brögð hafa verið að því að einstakir útflytjendur fari ekki að lögum í þessum efnum, en það gæti leitt til refsiaðgerða og skaðað hagsmuni þjóðarinnar. M.a. af þessum ástæðum er lagt til að lögfest verði lagaákvæði sem kveði á um að gera megi lögaðilum og fyrirsvarsmönnum þeirra að greiða *in solidum* sekt vegna brota á lögunum. Um er að ræða hlutlæga refsiábyrgð þar sem lögaðila og fyrirsvarsmanni yrði gert að greiða fésekt án tillits til þess hvort hægt væri að sanna sök á starfsmann eða ekki. Ákvæðið á hliðstæðu í 8. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, 8. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og í lögum nr. 145/1994, um bókhald.

Um 38. gr.

Lagt er til að 134. gr. laganna falli brott. Vísað er til athugasemda við 37. gr. um þessa breytingu.

Um 39. gr.

Í samræmi við það meginmarkmið frumvarpsins að ákvarðanataka og afgreiðsla mála í hverju tollumdæmi fyrir sig sé í höndum viðkomandi tollstjóra en ríkistollstjóraembættið hafi almennt eftirlit með því að framkvæmdin sé í samræmi við lög og reglur er lagt til að sektir og eignaupptaka vegna smærri tollalagabrota samkvæmt nefndri grein verði aðeins á forræði tollstjóra en ekki jafnframt ríkistollstjóra eins og nú er.

Þá er lagt til að heimild tollstjóra til að ljúka smærri málum með sektum og eignaupptöku verði rýmkuð. Skv. 2. mgr. 139. gr. núgildandi laga er heimild til að ljúka máli með sekt, sem sökunautur játast undir, bundin við þau tilvik er brot felst í ólöglegum innflutningi. Lagt er til að heimild til að ljúka málum með sekt sem hinn brotlegi gengst undir verði látin ná til annarra brota gegn lögunum. Slík heimild er til þess fallin að einfalda og flýta málsmeðferð í þeim tilvikum þegar ekki er um stórfellt brot að ræða og brot er sannað. Jafnframt er lagt til að hámarksfjárhæðum ákvæðisins verði breytt með hliðsjón af þeim breytingum sem orðið hafa á verðlagi í landinu. Við útreikning er miðað við sektar- og eignaupptökuheimildir eins og þær voru settar með lögum nr. 46/1984, um breyting á lögum nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit, uppfært miðað við þá breytingu sem orðið hefur á vísitölu neysluverðs frá árinu 1984. Vísitalan var á þeim tíma 43,74 stig, en í nóvember 1995 var hún 174,9 stig. Nokkru rýmri heimildir eins og hér eru lagðar til ættu að létta á störfum dómstóla. Heimild tollstjóra er eins og áður bundin við að sökunautur játist undir ákvörðun tollstjóra og greiði sektina eða ákvörðun tollstjóra um eignaupptöku.

Til þess að tryggja sem vandaðasta meðferð þessara mála er jafnframt lagt til að tollstjóri eða löglærður fulltrúi hans annist afgreiðslu þeirra mála sem lagaákvæðið tekur til.

Um 40. gr.

Í samræmi við þá stefnu að borgararnir eigi að geta snúið sér til tollstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili og fengið upplýsingar um tollframkvæmdina er lagt til að tollstjórar annist bindandi upplýsingagjöf um tollflokkun vara.

Um 41. gr.

Breytingu þessa leiðir af SMT-tollafgreiðslu.

Um 42. gr.

Breytingu þá, sem lögð er til í þessari grein, leiðir m.a. af þeim milliríkjasamningum sem gerðir hafa verið vegna Evrópska efnahagssvæðisins og Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Um 43. gr.

Til þess að tryggja að samræmi sé í þeim reglum sem gilda samkvæmt tollalögum um innflutning og útflutning er lagt til að sérstakt ákvæði verði tekið í tollalögin sem kveði skýrt á um framkvæmd laganna að þessu leyti.

Um 44. gr.

Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á tollalögum frá því að þau voru sett á árinu 1987. Rétt þykir til þess að heildarmynd fáist af gildandi lögum að breytingar þær, sem gerðar hafa verið á lögunum og viðaukum við þau, verði felldar inn í megintexta laganna og þau gefin út í heild með samfelldri greinatölu svo breytt. Með slíkri heildarútgáfu verður einnig meira öryggi í framkvæmd laganna.

Um 45. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum hér að framan er gert ráð fyrir að tölvuvæddri tollafgreiðslu verði að fullu komið á eftir fjögur ár eða árið 2000. Lagt er til að þau ákvæði frumvarpsins sem fjalla um SMT-tollafgreiðslu taki gildi 1. júlí 1996 en jafnframt verði í gildi þau ákvæði núgildandi tollalaga sem fjalla um afhendingu skriflegra tollskjala.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á tollalögum, nr. 55 30. mars 1987, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er einkum að finna ákvæði um skipulag yfirstjórnar tollamála, málsmeðferðarreglur í tollamálum og tölvuvæðingu á tollafgreiðslu.

Í fyrsta lagi er lagt til að breytingar verði gerðar á yfirstjórn tollamála. Lagt er til að tollstjórar fari með álagningu og ákvarðanatöku vegna tollheimtu og tolleftirlits, hver í sínu umdæmi. Tolleftirlit, sem tollgæslustjóri hefur sinnt undir yfirstjórn ríkistollstjóra, verði fært til viðkomandi tollstjóra sem beri ábyrgð á og fari með stjórn þeirra þar, en yfirstjórn og eftirlit verði í höndum ríkistollstjóra. Lagt er til að sérstök staða tollgæslustjóra innan ríkistollstjóraembættisins verði lögð niður. Ekki verður séð að þessi breyting hafi í för með sér aukinn kostnað ríkissjóð.

Í annan stað eru ítarleg ákvæði í frumvarpinu um tölvuvæðingu tollafgreiðslu. Lagt er til að horfið verði frá hefðbundnum skriflegum tollskýrslum og stefnt að því að öll tollafgreiðsla fari fram með tölvusamskiptum árið 2000. Gera verður ráð fyrir að slík tölvuvæðing muni hafa í för með sér hagræðingu og lækkun á kostnaði við tollafgreiðslu þegar til lengri tíma er litið.

Í þriðja lagi eru ýmis ákvæði í frumvarpinu sem ætlað er að tryggja réttaröryggi borgaranna betur en nú er. Lagt er til að lögfestar verði skýrari reglur en eru í núgildandi lögum um réttarúrræði borgaranna ef til ágreinings kemur um tollmeðferð vöru.

Fjármálaráðuneytið fyrirhugar að framangreindum breytingum verði komið við innan óbreytts fjárlagaramma.

774. Frumvarp til laga [442. mál]

um breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakan skatt, þungaskatt, af eftirtöldum ökutækjum:

a. bifreiðum sem skráðar eru hér á landi og nota annan orkugjafa en bensín,
b. eftirvögnum sem skráðir eru hér á landi og eru 6.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd,
c. bifreiðum sem skráðar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín og fluttar eru hingað til lands til notkunar,
d. eftirvögnum sem skráðir eru erlendis og eru 6.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd og fluttir eru hingað til lands til notkunar.

Við ákvörðun á því hvort greiða eigi þungaskatt af ökutæki, sem skráð er hér á landi, skal líta til skráningar þess í ökutækjaskrá.

Bifreiðar erlendra sendisveita og bifreiðar erlendra ræðismanna sem eigi eru íslenskir ríkisborgarar eru undanþegnar skattskyldu.

2. gr.

Á eftir orðinu „vegáætlun“ í 2. gr. laganna kemur: að frádregnum 0,5% sem renna í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði við framkvæmd laga þessara.

3. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Ríkisskattstjóri annast álagningu þungaskatts og aðra framkvæmd laganna. Ríkisskattstjóra er heimilt að fela skattstjórum og Vegagerðinni framkvæmd einstakra verkefna sem honum eru falin í lögunum.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á A-lið 4. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „frá og með árinu 1986 greiða árlega þungaskatt“ í 1. mgr. kemur: greiða fast gjald þungaskatts.

b. Í stað fjárhæðanna „36.000 kr.“, „46.016 kr.“ og „2.633 kr.“ í 2. mgr. kemur: 103.309 kr., 132.053 kr. og 7.555 kr.
c. Í stað orðanna „að framan greinir“ í 3. mgr. kemur: skv. 1. mgr.
d. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Skráning ökutækis samkvæmt þessari málsgrein tekur gildi á næsta gjaldtímabili eftir að heimild hefur verið veitt og gildir í a.m.k. tólf mánuði.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á B-lið 4. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Kílómetragjald skv. 1. mgr. þessa stafliðar skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.	Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.
4.000–4.999	7,09	18.000–18.999	18,50
5.000–5.999	7,54	19.000–19.999	19,92
6.000–6.999	8,15	20.000–20.999	20,98
7.000–7.999	8,56	21.000–21.999	22,19
8.000–8.999	8,93	22.000–22.999	23,59
9.000–9.999	9,33	23.000–23.999	24,71
10.000–10.999	9,90	24.000–24.999	25,83
11.000–11.999	10,27	25.000–25.999	27,09
12.000–12.999	11,57	26.000–26.999	28,29
13.000–13.999	12,65	27.000–27.999	29,55
14.000–14.999	14,00	28.000–28.999	30,81
15.000–15.999	15,07	29.000–29.999	32,06
16.000–16.999	16,27	30.000–30.999	33,32
17.000–17.999	17,45	31.000 og yfir	34,58

b. 3. mgr. orðast svo:

Nú er ökutæki eingöngu notað vegna flutninga þar sem leyfð heildarþyngd nýtist ekki til fulls og getur eigandi eða umráðamaður þá fengið gjaldþyngd ökutækisins skráða lægri en leyfð heildarþyngd þess er. Þó skal gjaldþyngd ekki vera lægri en eigin þyngd ökutækis. Ríkisskattstjóri veitir heimild samkvæmt þessari grein og getur bundið hana tilteknum tímamörkum. Ef í ljós kemur við eftirlit að heildarþyngd ökutækis með farmi er meiri en skráð gjaldþyngd þess skv. 1. mgr. skal heimild til að skrá gjaldþyngd niður afturkölluð og ekki veitt á ný fyrr en að liðnum fullum tveimur árum. Þungaskattur skal vera 70% lægri af akstri almenningsvagna í áætlunarferðum. Enn fremur skal endurgreiða 70% þungaskatts sem greiddur hefur verið af akstri ökutækja í eigu sérleyfishafa á leiðum sem sérleyfi þeirra nær til.

c. Eftirfarandi breytingar verða á 4. mgr.:
   1. Í stað orðanna „Ráðherra er heimilt að ákveða að veittur skuli allt að 10% afsláttur“ kemur: Veita skal 10% afslátt.
   2. Orðin „allt að“ þar sem þau koma fyrir í málsgreininni falla brott.
   3. Í stað orðsins „má“ kemur: skal.

d. Við bætist ný málsgrein sem verður 5. mgr. er orðast svo:
Samanlögð gjaldþyngd samtengdra ökutækja skal vera að hámarki 40.000 kg fyrir fimm ása samtengd ökutæki og 44.000 kg fyrir sex ása samtengd ökutæki.
e. Við bætist ný málsgrein sem verður 7. mgr. er orðast svo:
Ef skylt er að búa ökutæki ökurita til eftirlits með aksturs- og hvíldartíma ökumanna skv. reglugerð nr. 136/1995 skal ökuritinn notaður sem ökumælir. Nú er ökuriti notaður sem ökumælir og er ökumanni þá skylt að hafa skráningarblað (skífu) í ökuritanum.
f. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 6. mgr., er verður 8. mgr., kemur: Ríkisskattstjóri.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á C-lið 4. gr. laganna:
a. Í stað orðanna „samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra í reglugerð“ í 1. mgr. kemur: skv. 3. mgr.
b. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:
Af öðrum ökutækjum skráðum erlendis skal greiða þungaskatt fyrir hverja byrjaða viku sem ökutækið er hér á landi sem hér segir:

Eigin þyngd bifreiðar, kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku, kr.	Eigin þyngd bifreiðar, kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku, kr.
Allt að 1000	3.246	2.800–2.999	5.336
1.000–1.999	4.035	3.000–3.199	5.556
2.000–2.199	4.386	3.200–3.399	5.807
2.200–2.399	4.623	3.400–3.599	6.029
2.400–2.599	4.863	3.600–3.799	6.285
2.600–2.799	5.096	3.800–3.999	6.519

sé eigin þyngd ökutækis meiri en 4.000 kg skal þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku hækka um 1.000 kr. fyrir hver byrjuð 1.000 kg sem eigin þyngd er umfram 4.000 kg. Við ákvörðun þungaskatts samkvæmt þessari málsgrein reiknast brot úr viku sem heil vika.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:
a. Í stað orðsins „bifreiðaskrá“ í 1. mgr. kemur: ökutækjaskrá.
b. Í stað orðanna „lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti)“ í 1. og 2. mgr. kemur: skráningaraðila.
c. 4. mgr. orðast svo:
Þungaskattur af ökutækjum sem nota innlenda orkugjafa í tilraunaskyni skal vera 50% lægri en þungaskattur skv. 4. gr.
d. 5. mgr. fellur brott.

8. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Ökumaður ökutækis sem þungaskattur er greiddur af skv. B-lið 4. gr. skal við lok hvers dags, sem ökutæki er ekið, lesa kílómetrastöðu af ökumæli og skrá hana í sérstaka akstursbók sem ríkisskattstjóri gefur út. Jafnframt skal ökumaður, ef annars konar ökumælir en ökuriti er notaður, skrá kílómetrastöðu hraðamælis í bókina. Ökumaður skal athuga hvort ökuriti eða ökumælir og hraðamælir hafi talið rétt og að kílómetrastöðu beri saman við akstur dagsins. Ökumaður skal staðfesta skráningu með nafnritun sinni.

Eiganda eða umráðamanni fólksbifreiðar sem er undir 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekki er nýtt til atvinnurekstrar er ekki skylt að skrá kílómetrastöðu ökumælis og hraðamælis oftar en einu sinni í mánuði.

Eigandi og umráðamaður ökutækis bera ábyrgð á að ökumælir telji rétt og að akstur sé skráður í akstursbók við lok hvers dags sem ökutæki er ekið.

Eiganda eða umráðamanni ökutækis ber að varðveita skráningarblöð ökurita og akstursbók í sjö ár frá lokum gjaldárs.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á A-lið 7. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „næsta mánaðar eftir gjalddaga“ í 1. mgr. kemur: sama mánaðar.
b. Við 3. mgr. bætast tveir nýir málsliðir er orðast svo: Sama gildir ef framvísað hefur verið útflutnings- og innflutningsskýrslum til sönnunar á tímabundnum útflutningi í jafnlangan tíma. Þá er ríkisskattstjóra heimilt að lækka eða endurgreiða fast gjald að réttri tiltölu ef sýnt er fram á það með fullnægjandi hætti að bifreið hafi ekki verið í notkun hér á landi í a.m.k. þrjátíu daga samfellt vegna viðgerðar á viðurkenndu verkstæði, þó ekki hærri fjárhæð en sem nemur gjaldi í þrjátíu daga.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á B-lið 7. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „næsta mánaðar eftir gjalddaga“ í 1. mgr. kemur: sama mánaðar.
b. Í stað orðanna „eftirlitsmanns fjármálaráðuneytis eða bifreiðaeftirlits“ í 2. mgr. kemur: álestraraðila.
c. 3. mgr. orðast svo:

   Nú kemur í ljós við skráningu á kílómetrastöðu ökurita eða ökumælis og hraðamælis, sbr. 6. gr., eða við skoðun á skráningarblöðum ökurita að einhver fyrrgreindra mæla telur rangt eða telur ekki og skal ökumaður þá svo fljótt sem honum er unnt tilkynna um bilun mælis til Vegagerðarinnar. Jafnframt skal hann, innan tveggja virkra daga frá því er bilun í mæli kom fram, fara með hann á löggilt verkstæði til viðgerðar.
d. 4. mgr. orðast svo:

   Ef taka þarf ökumæli úr ökutæki til viðgerðar skal lesið af ökumælinum áður en hann er tekinn úr og annar settur í stað hins bilaða. Tilkynna skal þegar í stað til Vegagerðarinnar ef nýr ökumælir er settur í ökutæki. Jafnframt skal lesið af ökumæli sem settur er í ökutækið. Nú verður því ekki við komið að setja annan ökumæli í ökutæki og er þá heimilt að aka án ökumælis gegn greiðslu daggjalds enda sé það tilkynnt til Vegagerðarinnar á eyðublaði í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Heimild skal ekki veitt til lengri tíma en fimm virkra daga. Greiða skal daggjald fyrir þann tíma sem ekið er án ökumælis og skal gjaldið nema sem svarar til a.m.k.

200 km aksturs fyrir hvern dag sem heimildin nær til. Heimilt skal við ákvörðun gjaldsins að miða við raunverulegan akstur, verði því komið við samkvæmt fyrirliggjandi gögnum.

11. gr.

8. gr. laganna orðast svo:
Innheimtumenn ríkissjóðs annast innheimtu þungaskatts.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „taka af henni skráningarmerki og afhenda þau lögreglustjóra, en lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu skattsins“ í 1. mgr. kemur: og tilkynna lögreglu um það þegar í stað.
b. 2. mgr. orðast svo:
Óheimilt er að skrá eigendaskipti að ökutæki, nema greiddur hafi verið gjaldfallinn þungaskattur. Sé þungaskattur greiddur eftir akstri er óheimilt að skrá eigendaskipti, nema lesið hafi verið af ökumæli og þungaskattur vegna þess álestrar greiddur. Verði eigendaskipti að ökutæki skal lækkun þungaskatts skv. 4. mgr. B-liðar 4. gr. ákvarðast til þess dags sem eigendaskipti eru skráð í ökutækjaskrá.
c. 5. mgr. fellur brott.

13. gr.

10. gr. laganna orðast svo:
Ríkisskattstjóri annast eftirlit með því að gjaldskyld ökutæki, skráning þeirra og búnaður, svo og skráning ökumanna á akstri, sé í samræmi við fyrirmæli laga þessara, reglur um ökumæla og skráningu ökutækisins í ökutækjaskrá.

Eftirlitsmönnum er heimilt að stöðva ökutæki og gera þær athuganir á ökutækinu sem taldar eru nauðsynlegar til að staðreyna að ökutæki, mælabúnaður þess og skráning ökumanns á akstri sé í samræmi við skráningu ökutækisins í álestrarskrá ökumæla, lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Þannig er heimilt að mæla heildarþyngd ökutækis, athuga ökurita eða ökumæli og hraðamæli og kanna skráningarskírteini, skráningarblöð ökurita og akstursbók ökutækis. Jafnframt er eftirlitsmönnum heimilt að leggja hald á skráningarblöð ökurita og akstursbók. Að öðru leyti fer um eftirlit samkvæmt lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, eftir því sem þau geta átt við.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir vaxtalögum, nr. 25/1987, með síðari breytingum.
b. 3. málsl. 1. mgr. fellur brott.
c. 3. mgr. fellur brott.

15. gr.

Við lögin bætast níu nýjar greinar er orðast svo:

a. (12. gr.)
Komi í ljós að ökutæki hafi verið í röngum gjaldflokki, ranglega skráð í ökutækja-

skrá eða að fast gjald þungaskatts hafi að öðru leyti ekki verið réttilega á lagt skal ríkisskattstjóri tilkynna eiganda eða umráðamanni ökutækisins skriflega um fyrirhugaða endurákvörðun fasts gjalds og skora á hann að láta í té skýringar og gögn innan a.m.k. fimmtán daga. Berist ríkisskattstjóra ekki fullnægjandi skýringar eða gögn eiganda eða umráðamanns innan frests endurákvarðar ríkisskattstjóri fast gjald.

b. (13. gr.)

Ríkisskattstjóri annast á gjalddaga álagningu kílómetragjalds vegna ökutækja sem færð hafa verið til álestrar á álestrartímabili, sbr. 3. gr. Ríkisskattstjóri skal jafnframt, sé lesið af ökumæli ökutækis utan álestrartímabils, annast álagningu kílómetragjalds vegna aksturs frá síðasta álestri til álestrardags.

Ef eigandi eða umráðamaður ökutækis lætur ekki lesa af ökumæli þess á álestrartímabili skal ríkisskattstjóri áætla þungaskatt. Áætlun skal svara til þess að ökutækinu hafi verið ekið 8.000 km á mánuði, nema fyrirliggjandi gögn bendi til þess að akstur kunni að hafa verið meiri. Ríkisskattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og skattgreiðanda um áætlanir sem gerðar hafa verið. Komi eigandi eða umráðamaður með ökutæki til álestrar utan álestrartímabils skal álestur tekinn sem kæra og sendur ríkisskattstjóra til ákvörðunar. Komi eigandi eða umráðamaður, sem sætt hefur áætlun á fyrri gjaldtímabilum, með ökutæki til álestrar á álestrartímabili gjaldtímabils sem ekki hefur verið áætlað fyrir skal álagning miðast við að allur aksturinn hafi átt sér stað á því.

Til viðbótar áætlun og álagningu skv. 2. mgr. skal bætt við álagi sem skal vera 1% af fjárhæð þungaskatts fyrir hvern dag sem dregið hefur verið að koma með ökutækið til álestrar fram yfir lok álestrartímabils. Álag skal vera að hámarki 20% af fjárhæð þungaskatts. Gjalddagi álags skal vera sá sami og gjalddagi þungaskatts. Fella má niður álag ef aðili færir gildar ástæður sér til málsbóta og getur ríkisskattstjóri metið það í hverju tilviki hvað teljist gildar ástæður í þessu sambandi.

c. (14. gr.)

Berist ríkisskattstjóra, fyrir eða eftir álagningu, tilkynning um að ökutæki hafi heimildarlaust verið í umferð án þess að vera búið ökumæli, akstur hafi verið ranglega færður eða ekki færður í akstursbók, ökumælir hafi verið óvirkur, innsigli verið rofið eða mælir talið of lítið eða telji ríkisskattstjóri að öðru leyti að akstur ökutækis hafi verið meiri en álestur af ökumæli gefur til kynna skal hann tilkynna eiganda eða umráðamanni ökutækisins skriflega um fyrirhugaða endurákvörðun vegna vantalins aksturs og skora á hann að láta í té skýringar og gögn innan a.m.k. fimmtán daga. Berist ríkisskattstjóra fullnægjandi skýringar eða gögn innan frests endurákvarðar hann skatt á grundvelli fyrirliggjandi gagna, en að öðrum kosti endurákvarðar hann skatt skv. 2. mgr.

Endurákvörðun vegna vantalins aksturs skal nema sem svarar til 2.000 km aksturs fyrir hverja byrjaða viku sem talið verður að akstur hafi verið vantalinn, nema fyrirliggjandi gögn bendi til þess að akstur kunni að hafa verið meiri. Þó skal endurákvörðun vegna vantalins aksturs bifreiða sem falla undir 2. mgr. 6. gr. nema sem svarar til 500 km aksturs fyrir hverja byrjaða viku sem talið verður að akstur hafi verið vantalinn. Ríkisskattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og skattgreiðanda um endurákvörðun.

Verði talið að akstur á því tímabili sem endurákvörðun nær til hafi að einhverju leyti komið fram á kílómetrastöðu ökumælis skal sá akstur koma til frádráttar við endurákvörðun.

d. (15. gr.)

Berist ríkisskattstjóra tilkynning eftirlitsmanna um að heildarþyngd ökutækis með farmi hafi mælst vera meiri en sem nemur gjaldþyngd þess skal hann tilkynna eiganda eða umráðamanni ökutækisins skriflega um fyrirhugaða endurákvörðun vegna vanreiknaðrar gjaldþyngdar og skora á hann að láta í té skýringar og gögn innan a.m.k. fimmtán daga. Berist ríkisskattstjóra ekki fullnægjandi skýringar eða gögn eiganda eða umráðamanns innan frests endurákvarðar ríkisskattstjóri skatt vegna vanreiknaðrar gjaldþyngdar.

Endurákvörðun vegna of lágrar gjaldþyngdar, sbr. 1. mgr., skal nema sem svarar til mismunar á kílómetragjaldi gjaldþyngdar og þeirrar þyngdar er mælist við eftirlit. Endurákvörðun skal ná til alls aksturs ökutækisins á síðustu sextíu dögum áður en mæling fer fram.

Hafi gjaldþyngd ökutækis verið rangt skráð í álestrarskrá ökutækja er heimilt að endurákvarða þungaskatt miðað við rétta gjaldþyngd vegna aksturs ökutækisins frá því er gjaldþyngd var skráð.

e. (16. gr.)

Heimild til endurákvörðunar skatts skv. 12., 14. og 15. gr. nær til þungaskatts síðustu sex ára sem næst eru á undan því ári er endurákvörðun fer fram. Verði skattskyldum aðila eigi um það kennt að þungaskattur var vanálagður er þó eigi heimilt að endurákvarða honum skatt nema vegna síðustu tveggja ára sem næst eru á undan því ári sem endurákvörðun fer fram á.

f. (17. gr)

Eiganda og/eða umráðamanni ökutækis er heimilt að kæra til ríkisskattstjóra álagningu þungaskatts skv. 3. og 13. gr. innan þrjátíu daga frá því að skatturinn var ákvarðaður.

Heimilt er að kæra endurákvörðun skv. 12., 14. og 15. gr. og úrskurð ríkisskattstjóra um kæru skv. 1. mgr. til yfirskattanefndar. Kærufrestur er þrjátíu dagar frá póstlagningu endurákvörðunar eða úrskurðar ríkisskattstjóra. Yfirskattanefnd kveður upp fullnaðarúrskurð.

g. (18. gr.)

Brjóti eigandi eða umráðamaður ökutækis af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi gegn ákvæðum laga þessara, svo sem með því að ökutæki hafi heimildarlaust verið í umferð án þess að vera búið ökumæli, skráning þess í ökutækjaskrá hafi verið röng, ökumælir hafi verið óvirkur, innsigli verið rofið, mælir talið of lítið, ekki hafi verið komið með ökutæki til álestrar innan þrjátíu daga frá lokum álestrartímabils, akstur verið ranglega færður eða ekki færður í akstursbók eða heildarþyngd ökutækis með farmi hafi verið meiri en gjaldþyngd þess, skal hann greiða sekt allt að tífaldri þeirri fjárhæð sem ætla má að hann hafi dregið undan eða ofendurgreidd hafi verið. Sekt samkvæmt þessari grein skal nema að lágmarki tvöfaldri þeirri fjárhæð sem ætla má að dregin hafi verið undan eða ofendurgreidd hafi verið. Séu brot stórfelld eða ítrekuð gegn lögum þessum má auk sektar beita varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum. Tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð skv. III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Ef skattrannsóknarstjóri ríkisins telur að brot skv. 1. mgr. varði ekki þyngri refsingu en sekt er honum heimilt að ljúka máli með því að gefa eiganda eða umráðamanni ökutækis kost á að greiða sekt, sem greiðist innan tveggja mánaða, í stað sektarmeðferðar skv. 19. gr. Sé sekt greidd innan þess tíma telst máli vera lokið af hálfu skattyfirvalda. Greiðist sekt ekki fer um um sektarmeðferð skv. 19. gr.

Hafi eigandi eða umráðamaður ökutækis brotið gegn 1. mgr. án þess að talið verði að akstur hafi verið vantalinn skal ríkisskattstjóri ákvarða honum sekt að lágmarki 5.000 kr. en að hámarki 50.000 kr. Sektarákvörðun ríkisskattstjóra er kæranleg til yfirskattanefndar innan þrjátíu daga frá póstlagningu ákvörðunar. Sektarfjárhæð, sem ríkisskattstjóri ákvarðar, dregst frá sektarfjárhæð skv. 1. og 2. mgr.

Gera má lögaðila sekt fyrir brot á lögum þessum óháð því hvort brotið megi rekja til saknæms verknaðar fyrirsvarsmanns eða starfsmanns lögaðilans.

h. (19. gr.)

Yfirskattanefnd úrskurðar sektir skv. 1. mgr. 18. gr., nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 2. mgr. Úrskurður yfirskattanefndar er fullnaðarúrskurður. Vararefsing fylgir ekki sektarúrskurðum nefndarinnar.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur eftir kröfu sökunauts eða af sjálfsdáðum vísað máli til opinberrar rannsóknar.

Sök skv. 18. gr. fyrnist á sex árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum skattrannsóknarstjóra ríkisins eða rannsóknarlögreglustjóra ríkisins gegn skattaðila sem sökunaut, enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

i. (20. gr.)

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

Um þau atriði, sem ekki er kveðið sérstaklega á um í lögum þessum, fer samkvæmt lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Ákvæði laga þessara um álagningu þungaskatts, svo og um áætlun á þungaskatti og álag á skattinn ef mætt er of seint eða ekki er mætt í álestur, skulu gilda við álagningu þungaskatts vegna aksturs á öðru gjaldtímabili ársins 1996. Ákvæði laganna um skyldu til skráningar í akstursbók, eftirgjöf þungaskatts, endurákvörðun og refsingu skulu gilda um akstur frá upphafi þriðja gjaldtímabils ársins 1996, 11. júní 1996. Ákvæði laganna um málsmeðferð vegna brota á lögum nr. 3/1987 skulu gilda um brot sem framin voru fyrir gildistöku laga þessara.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal ákvæðum þessara laga frá gildistöku þeirra ætíð beitt við ákvörðun þungaskatts vegna aksturs á fyrri gjaldtímabilum, að því leyti sem þau eru ívilnandi fyrir greiðendur skattsins.

II.

Frá og með 1. ágúst 1996 falla úr gildi heimildir sem verkstæðum hafa verið veittar til ísetningar og úrtöku ökumæla og mælabúnaðar. Verkstæði, sem óska eftir því að fá slíka heimild, skulu sækja um það til ríkisskattstjóra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 34/1995, um vörugjald af olíu, ákvað Alþingi að frá 1. janúar 1996 yrði tekið upp vörugjald á gas- og dísilolíu sem flokkast í tollskrárnúmer 2710.0060 og nothæf er sem eldsneyti á ökutæki. Gjald þetta er nefnt olíugjald í lögunum og var ætlað að koma í stað þungaskatts, en hann er lagður á ökutæki sem nota annan orkugjafa en bensín. Fjármálaráðherra skipaði sérstaka samráðsnefnd sem vera átti til ráðgjafar um undirbúning og framkvæmd laganna og kanna þær forsendur er lægju til grundvallar fjárhæð gjaldsins.

Nefndin skilaði skýrslu til fjármálaráðherra í október 1995. Í skýrslunni lagði meiri hluti nefndarinnar til að gildistöku laga nr. 34/1995, um vörugjald af olíu, yrði frestað um tvö ár, á meðan unnið yrði að útfærslu hagkvæmrar litunarleiðar. Lagt var til að lög nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, skyldu vera áfram í gildi þar til olíugjaldi með litun gjaldfrjálsrar olíu yrði komið á. Þá skyldi skipuð ný nefnd eða nefndir til að útfæra litun gjaldfrjálsrar olíu, endurskoða lög nr. 3/1987 og athuga nánar forsendur gjaldsins og áhrif. Fallist var á sjónarmið meiri hluta nefndarinnar og með lögum nr. 120/1995 var gildistöku laga nr. 34/1995 frestað til 1. janúar 1998 og gildistími laga nr. 3/1987 framlengdur til sama tíma.

Í áliti meiri hluta samráðsnefndar um olíugjald kom fram sú skoðun nefndarmanna að nauðsynlegt væri að gera breytingar á lögum nr. 3/1987 í því skyni að bæta innheimtu þungaskatts. Meðal annars var bent á að ástæða var talin til að ætla að aukið eftirlit með þungaskattsmælum gæti skilað enn meiri árangri en raunin væri og fulltrúi Vegagerðarinnar lýsti stofnunina reiðubúna til að leggja til mannafla og kostnað í enn umfangsmeira eftirlit. Lagt var til að endurskoðuð yrðu þau ákvæði í lögunum sem varða brot, undanskot og sektir. Tryggja yrði að málsmeðferð væri með þeim hætti að brotlegir aðilar sættu viðeigandi refsingu. Í því sambandi var bent á að verulega hefði skort á að ríkisvaldinu hefði tekist að fylgja málum eftir á fullnægjandi hátt þegar aðilar væru staðnir að brotum. Þyngja þyrfti viðurlög við brotum og auka réttarheimildir ríkisvaldsins í þeim efnum.

Á undanförnum árum hefur komið fram mikil gagnrýni á þungaskattskerfið. Því hefur verið haldið fram að mikið sé um undanskot á skattinum. Í því sambandi hefur verið bent á að álestrarskrá ökumæla sýni að algengt sé að stórum vöruflutningabifreiðum, sem notaðar eru í atvinnurekstri, sé ekki ekið meira en sem svarar til meðalnotkunar einkabifreiðar. Undanskot séu mikil, enda sé auðvelt að hægja á eða stöðva talningu ökumæla, jafnvel án þess að mælabúnaður beri þess nein merki. Jafnframt hafi eftirlit ekki verið nægilegt. Þá sé erfitt að sanna ásetning eða gáleysi ökumanns ef í ljós kemur við eftirlit að mælabúnaður er í ólagi. Af þeim sökum hafi viðurlög við brotum ekki verið nægilega hörð og mjög mismunandi eftir umdæmum. Auk þess sé flókið og seinvirkt að áætla akstur og beita viðurlögum gagnvart þeim sem gerst hafi brotlegir. Undanskot á þungaskatti hafi lækkað mjög tekjur af þungaskatti og að auki brenglað verulega samkeppnisaðstöðu aðila í rekstri, skilvísum aðilum í óhag.

Af þessum sökum var hafist handa við endurskoðun laga nr. 3/1987. Við þá endurskoðun varð fljótlega ljóst að gera þyrfti verulegar breytingar á lögunum til að tryggja viðunandi framkvæmd.

Má þar nefna í fyrsta lagi að í lögunum er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra hafi víðtækt vald til ákvörðunar á fjárhæð þungaskatts, m.a. geti hann ákveðið lækkun og veitingu afsláttar af skattinum. Samræmist það ekki ákvæði 77. gr. stjórnarskrárinnar, eins og því var breytt með 15. gr. laga nr. 97/1995, en þar segir að skattamálum skuli skipað með lögum og ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því í lögunum að sami aðili, innheimtumaður ríkissjóðs, annist bæði álagningu og innheimtu skattsins. Verður að telja að réttaröryggi greiðenda sé mun betur tryggt ef sinn hvor aðilinn annist álagningu og innheimtu skatta, enda er það meginreglan í skattaframkvæmd. Að auki verður að telja að skattyfirvöld séu mun betur í stakk búin en innheimtumenn til að annast álagningu skatta, enda búa þau yfir meiri sérþekkingu á því sviði. Sérstaklega á þetta við um alla málsmeðferð, þ.e. endurákvörðun, kærumeðferð og úrskurði.

Í þriðja lagi skortir með öllu ákvæði í lögin um skyldu ökumanna til skráningar á akstri og eftirlits með því að mælabúnaður sé í lagi. Í reglugerð um ökumæla er gert ráð fyrir að ökumanni sé einungis skylt að skrá stöðu ökumælis einu sinni í mánuði. Mikilvægt er að gera strangari kröfur og setja skýrari ákvæði um skyldu ökumanna að þessu leyti.

Í fjórða lagi er lítið fjallað um það í lögunum með hvaða hætti skuli haga eftirliti opinberra aðila með gjaldskyldum ökutækjum og hvaða viðurlögum skuli beitt ef ákvæði laganna eru brotin. Nauðsynlegt er að kveðið sé á um þessi atriði með skýrum hætti, sérstaklega í ljósi þess að talið hefur verið að undanskot þungaskatts séu mjög mikil. Þau undanskot leiða til þess að háar fjárhæðir skila sér ekki til ríkisins og raska jafnframt verulega samkeppnisstöðu þeirra sem standa heiðarlega að málum.

Þær breytingar á lögum nr. 3/1987, sem lagðar eru til með þessu frumvarpi, taka fyrst og fremst mið af framangreindum atriðum. Við samningu frumvarpsins var haft náið samráð við embætti ríkisskattstjóra og Vegagerðina.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir breytingu á uppbyggingu þess kerfis sem þungaskattur er innheimtur eftir í dag og reynt að samræma það öðrum gjaldkerfum ríkisins. Í núverandi þungaskattskerfi eru innheimtumenn ríkissjóðs bæði í hlutverki álagningaraðila og innheimtuaðila. Taka þeir því bæði ákvarðanir er lúta að álagningu þungaskatts og beitingu viðurlaga annars vegar og innheimtu skattsins hins vegar. Telja verður að slík málsmeðferð sé í ósamræmi við málsmeðferðarreglur skattaréttarins og almennar stjórnsýslureglur.

Af þeim sökum er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að innheimtumenn annist einungis innheimtu á þungaskatti. Álagning þungaskatts og ákvörðun viðurlaga verði hins vegar í höndum skattyfirvalda. Í frumvarpinu eru ákvæði um skattheimtu, álagningu þungaskatts, ökumæla, eftirlit með gjaldskyldum ökutækum og skráningu á akstri, svo og meðferð kærumála. Með þessari breytingu er reynt að tryggja að við ákvörðun þungaskatts verði gætt málsmeðferðarreglna skattaréttarins og verður að telja breytinguna auka mjög réttaröryggi skattgreiðenda.

Lagt er til að álagning verði í höndum eins aðila, ríkisskattstjóra, í stað þess að skattstjórar hver í sínu umdæmi annist álagninguna. Ástæðan er einkum sú að gert er ráð fyrir því að lögin muni einungis gilda í skamman tíma þar sem olíugjald muni leysa þungaskatt af hólmi. Verður að telja að óþarft sé að koma á sérfræðiþekkingu á öllum skattstofum landsins, heldur nægi að sérþekkingin sé á einum stað, hjá ríkisskattstjóra. Talið er heppilegra að aðilar með sérþekkingu annist álagningu, endurákvörðun, beitingu viðurlaga og annað sem skattinn varðar.

Heimildir til skattlagningar hafa verið töluvert til umræðu að undanförnu vegna breytingar sem gerð var á 77. gr. stjórnarskrárinnar með 15. gr. laga nr. 97/1995. Er nú tekið fram í 77. gr. stjórnarskrárinnar að ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort skattur verði lagður á, honum verði breytt eða hann verði afnuminn. Í samræmi við þetta er gert ráð fyrir því í frumvarpi þessu að löggjafinn kveði á um öll atriði er varða álagningu þungaskatts, breytingar á skatti eða niðurfellingu hans. Er það mikil breyting frá núverandi framkvæmd.

Ein mikilvægasta breytingin sem lögð er til í frumvarpi þessu, er að mun ríkari skyldur eru lagðar á ökumenn til skráningar á akstri í akstursbók. Ekki er kveðið á um skyldu til skráningar í akstursbók í núgildandi lögum, en samkvæmt reglugerð nr. 62/1977, um ökumæla, er skylt að skrá akstur mánaðarlega í akstursbók. Í framkvæmd hefur mjög skort á að þessari skyldu sé fylgt og að eftirlit sé haft með skráningunni. Lagt er til að ökumanni ökutækis sem þungaskattur er greiddur af eftir akstri verði skylt við lok hvers dags, sem ökutæki er ekið, að lesa kílómetrastöðu af ökumæli og skrá í akstursbók. Telja verður að með daglegri skráningu eigi ökumaður að uppgötva samdægurs ef ökumælir bilar. Í skráningu felst því eftirlit ökumanns með því að mælabúnaður sé í lagi. Skráning á kílómetrastöðu hraðamælis gerir eftirlit ökumannsins enn öruggara og á jafnframt að veita tryggingu fyrir því að talning ökumælis hafi ekki verið stöðvuð tímabundið.

Ekki er talið rétt að leggja jafn stranga skyldu á eigendur eða umráðamenn fólksbifreiða, sem búnar eru ökumælum en ekki eru nýttar í atvinnurekstri, til skráningar á akstri og á ökumenn annarra bifreiða. Lagt er til að kílómetrastaða ökumælis og hraðamælis verði í þessum tilvikum skráð mánaðarlega í akstursbók.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að níu nýjar greinar bætist við lögin. Í þeim er fjallað um endurákvörðun þungaskatts ef þungaskattur hefur ekki verið réttilega á lagður, áætlun þungaskatts ef ekki er mætt til álestrar, beitingu álags, heimildir til að kæra álagningu og refsingu vegna brota á lögunum.

Í lögum nr. 3/1987 er ekki að finna neinar heimildir til endurákvörðunar þungaskatts ef í ljós kemur að þungaskattur hefur ekki verið réttilega á lagður. Einungis er gert ráð fyrir að beitt verði viðurlögum er samsvara allt að 10.000 km akstri á mánuði ef í ljós kemur að ökumælir er óvirkur, innsigli rofið eða ekki hefur verið komið með ökutæki til álestrar. Því er gert ráð fyrir að beitt sé refsikenndum viðurlögum sem háð eru mati hverju sinni, í stað endurákvörðunar á þungaskatti, ef ætla má að akstur hafi verið vantalinn af fyrrgreindum sökum. Þá er ekki að finna neinar heimildir til endurákvörðunar þungaskatts ef hann hefur af öðrum ástæðum verið ranglega á lagður. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir ítarlegum ákvæðum að þessu leyti.

Gert er ráð fyrir að ríkisskattstjóri hafi heimild til að endurákvarða fast gjald ef í ljós kemur að gjaldið hefur ekki verið réttilega á lagt, t.d. vegna þess að ökutækið hafi verið ranglega skráð í ökutækjaskrá.

Kveðið er með skýrum hætti á um heimildir til endurákvörðunar kílómetragjalds ef talið verður að akstur ökutækis hafi verið meiri en álestur af ökumæli gefur til kynna, t.d. vegna þess að mælir hafi verið óvirkur eða akstur ekki skráður í akstursbók. Gert er ráð fyrir að endurákvörðun verði hlutlæg, þ.e. byggist ekki á huglægu mati ríkisskattstjóra á því hve mikið ökutæki hafi raunverulega verið ekið á því tímabili sem talið verður að akstur hafi verið vantalinn, heldur miði við tiltekinn fjölda kílómetra í hverri viku. Jafnframt er kveðið á um heimild til endurákvörðunar ef gjaldþyngd ökutækis hefur verið skráð of lág miðað við notkun ökutækisins.

Í lögum nr. 3/1987 er ekki að finna heimild til að áætla þungaskatt ef ekki er mætt með ökutæki til álestrar, heldur er gert ráð fyrir að beitt verði viðurlögum er samsvari allt að 10.000 km akstri sé ekki mætt með ökutæki í álestur. Jafnframt er heimilað að beita dagsektum í allt að þrjátíu daga sé ekki mætt í álestur á álestrartímabili, en dagsektirnar nema nú 300 kr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að áætlaður verði þungaskattur ef ekki er mætt í álestur, og skal áætlun að jafnaði svara til þess að ökutækinu hafi verið ekið 8.000 km á mánuði. Gert er ráð fyrir að ef eigandi eða umráðamaður, sem sætt hefur áætlun, kemur með ökutæki sitt til álestrar að loknu álestrartímabili skuli álestur tekinn sem kæra á áætlun og sendur ríkisskattstjóra til ákvörðunar. Þá er gert ráð fyrir að í stað dagsekta verði bætt við 1% álagi á fjárhæð skattsins fyrir hvern dag sem dregið hefur verið að koma með ökutæki til álestrar, í allt að tuttugu daga.

Samkvæmt frumvarpinu er hægt að kæra álagningu þungaskatts til ríkisskattstjóra innan þrjátíu daga frá því er skatturinn var ákvarðaður. Þá er gert ráð fyrir að hægt verði að kæra úrskurð ríkisskattstjóra og endurákvörðun á þungaskatti til yfirskattanefndar innan þrjátíu daga frá póstlagningu úrskurðar eða endurákvörðunar.

Kveðið er á um heimildir til að beita refsingu gagnvart þeim sem brýtur gegn ákvæðum laganna. Þannig skal brot gegn ákvæðum laganna varða sekt er nemi að lágmarki tvöfaldri og allt að tífaldri þeirri fjárhæð sem ætla má að dregin hafi verið undan. Séu brot stórfelld eða ítrekuð er auk sektar heimilt að beita varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum. Ef skattrannsóknarstjóri ríkisins telur að brot varði ekki þyngri refsingu en sekt er kveðið á um að honum sé heimilt að ljúka máli með því að gefa eiganda eða umráðamanni ökutækis kost á að ljúka málinu með greiðslu sektar sem greiðist innan tveggja mánaða. Ef sekt yrði greidd innan þess tíma teldist máli vera lokið af hálfu skattyfirvalda. Loks er gert ráð fyrir því að ef eigandi eða umráðamaður ökutækis brýtur gegn ákvæðum laganna án þess að talið verði að akstur hafi verið vantalinn skuli ríkisskattstjóri ákvarða honum sekt að lágmarki 5.000 kr. en að hámarki 50.000 kr. Slík sektarákvörðun ríkisskattstjóra yrði kæranleg til yfirskattanefndar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um það af hvaða ökutækjum skuli greiða þungaskatt. Ekki er kveðið með beinum hætti á um þetta í lögum nr. 3/1987 og er ákvæðið til þess fallið að afmarka skattskyldu með skýrari hætti en nú er. Hins vegar er ekki um að ræða breytingu frá núverandi framkvæmd. Lagt er til að ákvæðið verði 1. gr. laganna en ákvæði þeirrar greinar er fallið úr gildi.

3. mgr. er óbreytt frá fyrri framkvæmd.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að frá tekjustofni Vegagerðarinnar dragist 0.5% sem renni í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði við framkvæmd laga þessara. Ákvæði þetta er eðlilegt í ljósi þess að framkvæmd og yfirumsjón með eftirliti þungaskattskerfisins verður hjá ríkisskattstjóra, en eftirlit með ökumælum hjá Vegagerðinni.

Um 3. gr.

Í 3. gr. er lagt til að ríkisskattstjóra sé heimilt að fela skattstjórum og Vegagerðinni framkvæmd einstakra verkefna sem honum eru falin í lögunum. Hér er verið að tryggja að Vegagerðin sinni eftir sem áður eftirliti með ökumælum samhliða þungaeftirliti þrátt fyrir að lögin kveði á um að ríkisskattstjóri fari með framkvæmd laga þessara og annist eftirlit, sbr. 13. gr. frumvarpsins. Lagt er til að ákvæðið verði 3. gr. laganna, en ákvæði þeirrar greinar er fallið úr gildi í lögunum.

Um 4. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpinu er lagt til að upphæð þungaskatts verði ákveðin í lögunum. Í 6. gr. laganna er heimild ráðherra til að hækka fjárhæð þungaskatts með reglugerð í réttu hlutfalli við vísitölu byggingarkostnaðar og er lagt til að hún verði felld brott. Í framtíðinni verður það því hlutverk löggjafans að ákveða breytingar á þungaskatti sem yrði væntanlega gert í tengslum við afgreiðslu fjárlaga ár hvert. Ekki er gert ráð fyrir hækkun á gjaldinu. Til að gera þessa breytingu mögulega eru fjárhæðir þær, sem fram koma í lögunum, hækkaðar til samræmis við upphæð gjaldsins við álagningu 1. janúar 1996, sbr. reglugerð nr. 677/1995, um breyting á reglugerð nr. 593/1987, um þungaskatt.

Í d-lið er lagt til að við 4. mgr. bætist nýr málsliður sem taki til þeirra tilvika þegar eigandi ökutækis á föstu gjaldi óskar eftir að greiða þungaskatt í formi kílómetragjalds samkvæmt ökumæli. Kjósi eigandi ökutækis þá tilhögun skal hún vara í a.m.k. eitt ár. Ástæða þess að heimild þessi er bundin við 12 mánuði er sú að telja verður óeðlilegt að skattskyldur aðili geti ákvarðað sér álagningu skatts með því að breyta skráningu eftir verkefnum. Einnig yrði það of mikið álag fyrir þá aðila sem skrá breytingarnar.

Um 5. gr.

Samkvæmt a-lið er lagt til að fjárhæð þungaskatts verði lögfest. Ekki er gert ráð fyrir að um hækkun á skattinum verði að ræða, sbr. það sem fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpinu og athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins.

Í b-lið er veitt heimild til að skrá gjaldþyngd ökutækis lægri en leyfð heildarþyngd þess er samkvæmt ökutækjaskrá í þeim tilvikum sem leyfð heildarþyngd ökutækis nýtist ekki til fulls. Um er að ræða svipaða heimild og er í núgildandi lögum. Gera má ráð fyrir að aðilar, sem eingöngu flytja mjög léttan farm miðað við rúmmál, geti nýtt sér þessa heimild, til dæmis þeir sem flytja vikur, svo og þeir sem geta ekki nýtt flutningsgetu ökutækja sinna vegna tímabundinna þungatakmarkana. Í 4. málsl. kemur fram að ef aðili sem fengið hefur heimild til að lækka gjaldþyngd ökutækis reynist við eftirlit með þyngri farm en gjaldþyngd segir til um er það brot gegn ákvæðinu. Afleiðingar þess eru annars vegar leyfissvipting og hins vegar viðbótarálagning skv. c-lið og refsing skv. g-lið 15. gr. frumvarpsins. Þetta verður skýrt nánar við umfjöllun um þá grein. Í 5. málsl. er kveðið á um að þungaskattur skuli lækka um 70% hjá almenningsvögnum. Skilyrði er þó að vagnarnir séu eingöngu nýttir til aksturs í áætlunarferðum. Séu þeir einnig nýttir

í tilfallandi hópferðaakstur ber að greiða fullan þungaskatt og sækja svo um endurgreiðslu skv. 6. málsl. Skv. 6. málsl. skal endurgreiða sérleyfishöfum 70% af þungaskatti sem þeir hafa greitt vegna sérleyfisaksturs.

Í d-lið er bætt við nýrri málsgrein er verður 5. mgr. þar sem kveðið er á um hámarksgjaldþyngd fimm og sex ása samtengdra ökutækja. Meginreglan er sú, samkvæmt reglugerð nr. 425/1995, um stærð og þyngd ökutækja, að bifreið og eftirvagn með samanlagt fimm ása má vera mest samtals 40 tonn og með sex ása mest 44 tonn. Skv. 14. gr. reglugerðarinnar getur Vegagerðin þó heimilað fimm ása samtengd ökutæki allt að 44 tonn að heildarþyngd og sex ása allt að 49 tonn að heildarþyngd. Þetta er háð ýmsum skilyrðum um útbúnað þessara ökutækja sem lúta að því að draga úr álagi á vegina. Gerð er krafa um tvöföld hjól á öllum ásum nema framási, loftfjöðrun eða sambærilegan fjöðrunarbúnað, lægri loftþrýsting í dekkjum o.fl. Ljóst er að töluverður kostnaður er samfara því að búa ökutækin með þeim hætti sem krafa er gerð um. Að mati Vegagerðarinnar er æskilegt að stuðla að því að sem flestir búi ökutæki sín með þeim hætti sem að framan greinir þar sem þannig búin ökutæki eru talin valda minna sliti og niðurbroti vega. Í e-lið er bætt við nýrri málsgrein er verður 7. mgr. þar sem fjallað er um það hvenær ökuriti skuli notaður sem ökumælir og skyldur ökumanns til notkunar á skráningarblöðum og til skráningar í akstursbók. Skylt er að setja ökurita í stóran hluta af þeim ökutækjum sem notaður er til fólksflutninga og vöruflutninga. Byggist það á skuldbindingum okkar vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Kveðið er á um skyldu til notkunar á ökurita hér á landi í reglugerð nr. 136/1995, um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins, með síðari breytingum. Það er álit fagaðila sem rætt hefur verið við að ökuritar séu öruggustu mælar sem unnt er að nota við ákvörðun á þungaskatti. Þar kemur tvennt til. Annars vegar það að ökumönnum er skylt að hafa skráningarblað í ökuritanum við akstur ökutækisins. Skráningarblöð veita eftirlitsmönnum og álagningaraðila ítarlegar upplýsingar um akstur ökutækisins og hvort átt hafi verið við ökuritann. Hins vegar það að vart mun vera hægt að stöðva talningu ökurita á eknum kílómetrum án þess að ökuritinn beri þess augljós merki. Af framangreindum ástæðum er kveðið á um það í e-lið 5. gr. frumvarpsins að ef skylt er að búa ökutæki ökurita samkvæmt fyrrgreindri reglugerð skuli ökuritinn notaður sem ökumælir.

Um 6. gr.

Hér er lagt til, á sama hátt og í 4. og 5. gr. frumvarpsins, að upphæð þungaskatts af ökutækjum skráðum erlendis verði lögfest. Ekki er um breytingu á gjaldskrá að ræða frá því sem verið hefur. Hins vegar hefur gjaldið verið hækkað á milli ára í samræmi við breytingu á vísitölu. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda með frumvarpinu.

Um 7. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skyldu ökumanns til skráningar á akstri í akstursbók. Lagt er til að ákvæðið komi í stað núgildandi 6. gr. laganna sem kveður á um heimild ráðherra til hækkunar á þungaskatti. Það ákvæði er talið óþarft þar sem gert er ráð fyrir að fjárhæð þungaskatts verði ákveðin með lögum.

Skv. 1. mgr. er meginreglan sú að ökumaður skal við lok hvers dags sem ökutæki hefur verið ekið lesa kílómetrastöðu af ökumæli og skrá í akstursbók. Ef annars konar ökumælir en ökuriti er notaður ber ökumanni jafnframt að skrá kílómetrastöðu hraðamælis í bókina. Með slíkri daglegri skráningu á kílómetrastöðu ökurita eða ökumælis og hraðamælis verður að telja að ökumaður geti við lok hvers dags gengið úr skugga um að ökumælir telji rétt. Þannig getur hann, ef ökuriti er notaður borið kílómetrastöðu saman við þá leið sem hann hefur ekið um daginn og að auki kemur fram á skráningarblaði ef ökumælir hættir að telja. Ef annars konar ökumælir er notaður, veitir samanburður á kílómetrastöðu ökumælis og hraðamælis ökumanni fulla vissu fyrir því að mælir telji rétt. Skráning í akstursbók veitir því m.a. mikilvægar upplýsingar um grandleysi eða grandsemi ökumanns ef í ljós kemur við eftirlit að akstur hefur verið vantalinn.

Í 2. mgr. er kveðið á um að eiganda eða umráðamanni fólksbifreiðar sem er undir 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekki er nýtt til atvinnurekstrar sé ekki skylt að skrá kílómetrastöðu ökumælis og hraðamælis oftar en einu sinni í mánuði. Þykir ekki heppilegt að leggja of ríka skráningarskyldu á eigendur eða umráðamenn fólksbifreiða sem ekki eru nýttar í atvinnurekstri.

Tekið er fram í 3. mgr. að eigandi eða umráðamaður beri ábyrgð á því að ökumælir telji rétt og að akstur sé skráður í akstursbók við lok hvers dags, en þeir eru greiðsluskyldir vegna endurákvörðunar skv. c-lið 15. gr.

Um 9. gr.

Í a-lið er lögð til sú breyting að eindagi fasts gjalds verði síðasti dagur sama mánaðar og gjalddagi, í stað næsta mánuðar á eftir eins og nú er. Er talið ástæðulaust að hafa lengri tíma á milli gjalddaga og eindaga, einkum þegar haft er í huga að gjaldið er greitt eftir á. Með því að hafa lengri tíma á milli gjalddaga og eindaga er verið að gefa gjaldendum óeðlilega langan gjaldfrest sem ætla má að komi niður á skilum.

Í b-lið er kveðið á um aukna heimild til eftirgjafar á föstu gjaldi þungaskatts. Skv. 3. mgr. A-liðar 7. gr. laganna er heimilt að lækka eða endurgreiða fast gjald þungaskatts ef bifreið hefur verið afskráð sem ónýt eða skráningarmerki afhent til geymslu í þrjátíu daga samfellt. Hér er því nýmæli bætt við að sama skuli gilda ef framvísað hefur verið útflutnings- og innflutningsskýrslu til sönnunar á tímabundnum útflutningi í a.m.k. þrjátíu daga. Einnig er lagt til að ríkisskattstjóra verði heimilað að lækka eða endurgreiða fast gjald ef sýnt er fram á að bifreið hafi ekki verið í notkun í a.m.k. þrjátíu daga samfellt vegna viðgerðar á viðurkenndu verkstæði. Í slíkum tilvikum er þó ekki heimilt að lækka eða endurgreiða hærri fjárhæð en sem nemur gjaldi í þrjátíu daga. Eigandi eða umráðamaður ökutækis getur tekið skráningarmerki af ökutæki og afhent til geymslu ef fyrir liggur að viðgerð taki lengri tíma.

Um 10. gr.

Í a-lið er lagt til að eindagi kílómetragjalds verði síðasti dagur sama mánaðar og gjalddagi í stað næsta mánaðar eins og nú er. Um þessa breytingu vísast til umfjöllunar um a-lið 9. gr.

Í c-lið er fjallað um það hvað ökumanni ber að gera ef hann kemst að því við skráningu eða eftirlit skv. 13. gr. frumvarpsins að ökuriti, ökumælir eða hraðamælir í ökutæki telur rangt eða telur ekki. Skal ökumaður þá, hvort sem um ökumæli eða hraðamæli er að ræða, tilkynna svo fljótt sem unnt er um bilun til Vegagerðarinnar og jafnframt fara með hinn bilaða mæli á verkstæði til viðgerðar innan tveggja virkra daga frá því er í ljós kom að mælir taldi ekki rétt.

Í d-lið er lagt til að lesa skuli af ökumæli sem taka þarf úr ökutæki til viðgerðar áður en hann er tekinn úr og jafnframt að tilkynna skuli til Vegagerðarinnar ef nýr ökumælir er settur í ökutæki. Gert er ráð fyrir að nýr mælir verði settur í ökutæki ef taka þarf ökumæli úr ef því verður komið við. Þó sé heimilt að aka án ökumælis gegn greiðslu daggjalds, enda sé það áður tilkynnt til Vegagerðarinnar. Daggjaldið skal að lágmarki svara til 200 km aksturs ökutækisins, en þó skal heimilt við ákvörðun gjaldsins að miða við raunverulegan akstur verði því við komið. Tekið er fram að heimild skuli ekki veitt til lengri tíma en fimm virkra daga. Eftir þann tíma er óheimilt að aka án ökumælis og líta ber á slíkan akstur sem heimildarlausan akstur gjaldskylds ökutækis án ökumælis.

Um 11. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Samkvæmt b-lið er gert ráð fyrir að eigendaskipti að ökutæki geti ekki átt sér stað, nema greiddur hafi verið gjaldfallinn þungaskattur. Sé þungaskattur greiddur eftir akstri skal óheimilt að skrá eigendaskipti, nema lesið hafi verið af ökumæli og þungaskattur greiddur samkvæmt álagningu. Er talið eðlilegt að þungaskattur hafi verið að fullu gerður upp áður en eigendaskipti fara fram. Kemur það í veg fyrir ágreining um greiðsluskyldu síðar.

Aðrir liðir greinarinnar þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Í 13. gr. er fjallað um eftirlit. Gert er ráð fyrir að greinin verði 10. gr. laganna, en ákvæði gildandi greinar falli brott þar sem skattlagning sú, sem þar er heimiluð, er talin brjóta gegn stjórnarskránni.

Í greininni er kveðið á um að ríkisskattstjóri annist eftirlit með gjaldskyldum ökutækjum, skráningu þeirra og búnaði, svo og skráningu ökumanna á akstri. Gert er ráð fyrir að Vegagerðinni verði falið að sinna eftirliti með ökumælum ökutækja eins og hún hefur gert, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Ekki er gert ráð fyrir neinni breytingu á eftirliti frá fyrri framkvæmd að öðru leyti en því að yfirumsjón með eftirlitinu verður nú í höndum ríkisskattstjóra. Reynslan hefur sýnt að slíkt eftirlit er nauðsynlegt til að stemma stigu við undanskotum, sbr. nánari umfjöllun í almennum athugasemdum.

Í 2. mgr. er kveðið á um heimildir eftirlitsmanna við störf sín. Tekið er fram að heimilt sé að stöðva ökutæki og gera þær athuganir sem eftirlitsmenn telja nauðsynlegar til að ganga úr skugga um að ökutækið, mælabúnaður og skráning ökumanns á akstri í akstursbók sé í samræmi við skráningu ökutækisins í álestrarskrá ökumæla. Nefnd eru dæmi um tilteknar athuganir sem eftirlitsmönnum er heimilt að gera.

Um 14. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Í 15. gr. er lagt til að við lögin bætist níu greinar sem verði 12.-20. gr. laganna. Í greinunum er fjallað um endurákvörðun þungaskatts ef hann hefur ekki verið réttilega á lagður, áætlun á skattinum ef ekki er mætt til álestrar, beitingu álags, heimildir til að kæra álagningu og refsingu fyrir brot á lögunum.

Í a-lið (sem verður 12. gr. laganna) er kveðið á um heimild ríkisskattstjóra til að endurákvarða álagt fast gjald ef í ljós kemur að gjaldið hefur ekki verið réttilega á lagt. Um málsmeðferð vísast til umfjöllunar um c-lið.

Í b-lið (sem verður 13. gr. laganna) er fjallað um álagningu kílómetragjalds af ökutækjum sem færð hafa verið til álestrar og áætlun þungaskatts ef ekki hefur verið komið með ökutæki til álestrar, svo og að álag leggist á fjárhæð þungaskatts ef ekki er mætt til álestrar fyrr en að loknu álestrartímabili.

Skv. 1. mgr. er gert ráð fyrir að ríkisskattstjóri annist á gjalddaga álagningu hvers gjaldtímabils þungaskatts vegna ökutækja sem færð hafa verið til álestrar á álestrartímabili. Er því gert ráð fyrir að ríkisskattstjóri annist álagninguna í stað innheimtumanna ríkissjóðs eins og nú er. Um rökin fyrir þessari breytingu vísast til almennra athugasemda með frumvarpinu. Ríkisskattstjóri skal jafnframt, sé lesið af ökumæli ökutækis utan álestrartímabils, leggja þungaskatt á eiganda þess fyrir akstur frá síðasta álestri til álestrardags. Hér er einkum átt við þau tilvik þegar álestur fer fram vegna eigendaskipta.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ríkisskattstjóri skuli áætla þungaskatt ef eigandi eða umráðamaður ökutækis lætur ekki lesa af ökumæli þess á álestrartímabili og að áætlun skuli svara til þess að ökutækinu hafi verið ekið 8.000 km á mánuði, nema fyrirliggjandi gögn bendi til þess að akstur kunni að hafa verið meiri. Einnig er kveðið á um það að komi eigandi eða umráðamaður með ökutæki til álestrar utan álestrartímabils skuli álestur tekinn sem kæra og sendur ríkisskattstjóra til ákvörðunar. Með því er tryggt að álestur, sem fer fram eftir að lögbundnu álestrartímabili er lokið ‚fái nákvæmari skoðun í stað þess að áætlun sé felld niður án athugunar. Í lokamálslið 2. mgr. er lagt til að ef eigandi eða umráðamaður, sem sætt hefur áætlun á fyrri gjaldtímabilum, kemur með ökutæki til álestrar á álestrartímabili gjaldtímabils sem ekki hefur verið áætlað fyrir skuli álagning miðast við að allur aksturinn hafi átt sér stað á því. Þetta þýðir að ef eigandi eða umráðamaður, sem sætt hefur áætlun, mætir til álestrar fyrir upphaf næsta álestrartímabils yrði álesturinn tekinn sem kæra. Ef hann hins vegar mætti ekki fyrr en á næsta álestrartímabili yrði litið svo á að hann sætti sig við áætlunina og að akstur frá síðasta álestri teldist allur hafa átt sér stað á síðasta gjaldtímabili. Yrði hann þá að kæra áætlunina sérstaklega.

Í 3. mgr. kemur fram að til viðbótar álagningu skv. 2. mgr. skuli bætt við álagi sem nemi 1% af fjárhæð þungaskattsins fyrir hvern dag sem dregið hefur verið að koma með ökutækið til álestrar fram yfir lok álestrartímabils. Álag skal þó vera að hámarki 20%. Álagið kemur í stað dagsekta sem beitt er í dag ef eigandi eða umráðamaður vanrækir að koma með ökutæki til álestrar, en þær nema 300 kr. á dag í allt að þrjátíu daga.

Í c-lið (sem verður 14. gr. laganna) er ríkisskattstjóra veitt heimild til endurákvörðunar þungaskatts komi fram við eftirlit, álestur eða með öðrum hætti að akstur ökutækis hafi verið meiri en skráning á álestri gefur til kynna. Í 1. mgr. kemur fram að berist ríkisskattstjóra tilkynning eftirlitsmanna um brot sem varða skráningu ökutækis, ástand

mælabúnaðar, skráningu á akstri eða annað sem gefur ríkisskattstjóra tilefni til að ætla að akstur hafi verið vantalinn skuli hann tilkynna eiganda ökutækisins skriflega um fyrirhugaða endurákvörðun vegna vantalins aksturs og skora á hann að láta í té skýringar og gögn innan a.m.k. fimmtán daga. Talin eru upp nokkur tilvik til viðmiðunar, upptalning er þó ekki tæmandi.

Við endurákvörðun er ríkisskattstjóra skylt að boða fyrirhugaða endurákvörðun vegna vantalins aksturs og skora á eiganda eða umráðamann að láta í té skýringar og gögn innan a.m.k. fimmtán daga. Eiganda eða umráðamanni er með þessu gefinn kostur á að andmæla fyrirhugaðri endurákvörðun telji hann ákvörðunina ekki vera á rökum reista. Ríkisskattstjóri kannar síðan framkomin gögn og kveður upp rökstuddan úrskurð sem kæranlegur er til yfirskattanefndar. Málsmeðferð þessi er til þess fallin að auka skilvirkni í stjórnsýslu skattaréttarins án þess að skerða réttaröryggi skattþegna. Ríkisskattstjóra ber eftir sem áður að gæta almennra stjórnsýslureglna um rannsóknar- og rökstuðningsskyldu, sem og að gæta andmælaréttar.

Skv. 2. mgr. skal endurákvörðun vegna vantalins aksturs nema sem svarar til 2.000 km aksturs fyrir hverja byrjaða viku sem talið verður að akstur hafi verið vantalinn, nema fyrirliggjandi gögn bendi til þess að akstur kunni að hafa verið meiri. Hér er gert ráð fyrir að endurákvörðun sé hlutlæg að því leyti að kveðið er á um tiltekið lágmark endurákvörðunar í stað þess að eingöngu verði beitt huglægu mati á því hvað telja megi sennilegan akstur eins og tíðkast hefur. Ástæðan er sú að afar erfitt getur verið að staðreyna það hver sennilegur akstur ökutækis hefur verið, einkum ef endurákvörðun nær til langs tímabils. Í annan stað má nefna að telja verður að eigandi eða umráðamaður geti án vandkvæða fylgst með því að mælabúnaður og annað sé í lagi með því að framfylgja skyldum frumvarpsins til skráningar á akstri og þannig tryggt að ekki komi til endurákvörðunar. Þó skal endurákvörðun vegna vantalins aksturs fólksbifreiða sem ekki eru nýttar í atvinnurekstri nema sem svarar til 500 km aksturs fyrir hverja byrjaða viku sem talið verður að akstur hafi verið vantalinn. Ástæðan fyrir lægri áætlunargrundvelli fyrir fólksbifreiðar sem ekki eru nýttar í atvinnurekstri er að ætla má að akstur þeirra sé að jafnaði mun minni en akstur bifreiða sem nýttar eru í atvinnurekstri.

Í 3. mgr. segir að verði talið að akstur á því tímabili sem endurákvörðun nær til hafi að einhverju leyti komið fram á kílómetrastöðu ökumælis skuli sá akstur koma til frádráttar við endurákvörðun.

Í d-lið (sem verður 15. gr. laganna) er kveðið á um skyldu til endurákvörðunar skatts í þeim tilvikum sem heildarþyngd ökutækis reynist meiri en gjaldþyngd þess í álestrarskrá ökumæla. Skiptir ekki máli hvort gjaldþyngd hefur verið skráð lægri skv. b-lið 5. gr. frumvarpsins. Í þessu ákvæði er ekki verið að fylgjast með hámarksöxulþunga á vegum, heldur hvort þungaskattur sé greiddur af raunverulegri gjaldþyngd. Meginreglan samkvæmt lögum þessum er að leyfð heildarþyngd ökutækis er gjaldþyngd þess samkvæmt álestrarskrá, nema þegar gjaldþyngd ákvarðast skv. b-lið 5. gr fumvarpsins. Komi í ljós við eftirlit að ökutæki, sem hefur fengið skráða lægri gjaldþyngd í álestrarskrá skv. b-lið 5. gr. fumvarpsins, sé með meiri heildarþunga á ökutæki ber ríkisskattstjóra eftir tilkynningu eftirlitsmanna að endurákvarða skatt sem svarar til mismunar á kílómetragjaldi gjaldþyngdar og þeirrar þyngdar sem mælist við eftirlit vegna aksturs á síðustu sextíu dögum áður en mæling fór fram. Um málsmeðferð vísast til umfjöllunar um c-lið 15. gr

Í e-lið (sem verður 16. gr. laganna) er lagt til að heimild til endurákvörðunar skatts skv. a-lið, c-lið eða d-lið (12. 14. eða 15. gr.) nái til síðustu sex ára sem næst eru á undan því ári er endurákvörðun fer fram á. Er hér um að ræða sams konar heimild og er í 97. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Jafnframt er tekið fram að heimildin nái einungis til síðustu tveggja ára verði skattskyldum aðila eigi kennt um að þungaskattur hafi verið vanálagður. Með ákvæði þessu er verið að lögfesta það sem talið hefur verið gilda hingað til, á grundvelli lögjöfnunar frá öðrum skattalögum, og tekin af tvímæli um heimildir álagningaraðila til að fjalla um mál skattaðila á síðari stigum.

Málsmeðferðarreglur eru lögfestar í f-lið (sem verður 17. gr. laganna). Í 1. mgr. er kveðið á um kæruheimild skattaðila vegna álagningar eða áætlunar skv. 3. gr. og b-lið 15. gr. (13. gr.) til ríkisskattstjóra.

Ítarleg ákvæði eru um málsmeðferð við endurákvörðun eftir álagningu skv. a-lið, c-lið og d-lið 15. gr. (12., 14. og 15. gr.). Gert er ráð fyrir að ferill málsmeðferðar hjá ríkisskattstjóra eftir álagningu verði styttri en í dag gerist á skattstjórastigi. Málsmeðferð þessi er svipuð og lögð var til í 11. og 12. gr. frumvarps til breytingar á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sem lagt var fyrir Alþingi á haustþingi 1995. Sýnt þykir að þessi málsmeðferð auki skilvirkni við afgreiðslu þessara mála, þó án þess að skerða réttaröryggi skattgreiðenda. Miðað er við að rannsóknar- og rökstuðningsskylda ríkisskattstjóra verði sú sama og hjá skattstjórum almennt, sem og skylda til að gæta andmælaréttar við afgreiðslu mála.

Í 2. mgr. kemur fram að kæra má úrskurði ríkisskattstjóra skv. 1. mgr. og endurákvarðanir skv. a-, c- eða d-lið 15. gr. (12., 14. og 15. gr.) til yfirskattanefndar innan þrjátíu daga. Úrskurður yfirskattanefndar er fullnaðarúrskurður. Um málsmeðferð fyrir yfirskattanefnd vísast til laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

Í g-lið (sem verður 18. gr. laganna) er að finna heimildir til að beita refsingum vegna brota gegn ákvæðum frumvarpsins. Fram kemur að skilyrði refsiábyrgðar er að eigandi eða umráðamaður hafi gerst brotlegur við ákvæði frumvarpsins af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Um skilgreiningu á hugtökunum ásetningur og gáleysi vísast til refsiréttar. Í ákvæðinu er verknaðarlýsing, þó er ekki um að ræða tæmandi talningu þeirra verknaða sem falla undir ákvæðið, enda vísar orðalag greinarinnar til ákvæða laganna að því leyti sem upptalningin nær ekki til. Um skýringu á þeim atriðum sem refsiverð eru samkvæmt þessari grein vísast til umfjöllunar um þau í viðeigandi greinum frumvarpsins.

Í h-lið 15. gr. (19. gr.) kemur fram að yfirskattanefnd úrskurðar um sektir skv.1. mgr. g-liðar (18. gr.), nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar eða dómsmeðferðar eftir ákvörðun skattrannsóknarstjóra ríkisins eða að kröfu sökunauts. Úrskurðum yfirskattanefndar fylgja hins vegar ekki vararefsingar. Sektarúrskurðir yfirskattanefndar verða ekki bornir undir dómstóla. Stórfelldum brotum gegn ákvæði þessu ber að kröfu skattrannsóknarstjóra ríkisins að vísa til dómstóla. Enda er það mikilsverð grundvallarregla í íslenskum rétti að dómstólar annast ákvörðun refsinga, jafnt fésekta sem refsivistar, og að jafnaði í dómsformi að undangenginni tryggilegri rannsókn og málshöfðun. Undantekningar frá meginreglu þessari koma fram í 115. og 124. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála. Á síðari árum hafa verið lögfestar heimildir fyrir tiltekna stjórnvaldshafa eða starfsmenn framkvæmdarvaldsins til að ákveða sektir í sáttarformi fyrir nánar tilgreind brot, án atbeina dómstóla. Hefur verið gert að skilyrði að um skýlaust sannað brot hafi verið að ræða, að refsiskilyrði hafi að öðru leyti verið uppfyllt og að sökunautur hafi játast undir sáttina með undirskrift sinni. Heimildir þessar hafa einnig oft verið

takmarkaðar við ákveðnar brotategundir, hámark sekta ákveðið og vararefsing ekki verið heimil. Með lögum nr. 19/1991 var hlutur stjórnsýslusátta aukinn til muna í íslenskum rétti, sbr. 2. mgr. 115. gr. um sektargerðir lögreglustjóra. Skv. 2. mgr. 115. gr. er lögreglustjóra heimilt, í þeim málum sem hann hefur ákæruvald, að gefa sökunaut bréflega kost á að ljúka máli með greiðslu sektar innan mánaðar frá því að kæra um brot barst, enda játist sökunautur undir þessa ákvörðun með undirskrift.

Í ljósi þeirrar aukningar sem orðið hefur á lögfestingu heimilda fyrir stjórnvaldshafa til að ákveða sektir í sáttarformi fyrir nánar tilgreind brot er lagt til í 2. mgr. g-liðar (18. gr.) að skattrannsóknarstjóra ríkisins verði veitt heimild til að gefa eiganda eða umráðamanni ökutækis sem gerst hefur brotlegur gegn ákvæði þessu kost á að greiða sekt í stað sektarmeðferðar skv. h-lið (19. gr.), þó einungis í þeim tilvikum sem brot varða að mati skattrannsóknarstjóra ríkisins ekki þyngri refsingu en sekt. Hinn brotlegi ákveður hvort hann gengst við þessum málalokum, óskar þess að málið fái sektarmeðferð fyrir yfirskattanefnd eða fer fram á að mál hljóti almenna meðferð fyrir dómstólum. Með þessu fyrirkomulagi er réttaröryggi sökunauts tryggt við ákvörðun sekta. Telja verður að heimild skattrannsóknarstjóra ríkisins skv. 2. mgr. muni hafa mikil áhrif á skilvirkni við ákvörðun sekta og um leið varnaðaráhrif gegn skattsvikum. Réttaröryggi sökunauts er ekki skert með þessari tilhögun, enda tryggt að hann geti valið þá leið sem hann telur þjóna hagsmunum sínum best. Þessi heimild skattrannsóknarstjóra ríkisins í 2. mgr. skerðir ekki þau lágmarksréttindi sem sökuðum einstaklingum eru tryggð í 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur var með lögum nr. 62/1994, lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, og samkvæmt meginreglum íslensks stjórnskipunarréttar. Sektum, sem skattrannsóknarstjóri ríkisins gefur aðila kost á að greiða, fylgir ekki vararefsing, en gangist sökunautur við sekt með því að greiða hana telst málsmeðferð lokið að hálfu skattyfirvalda.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að ríkisskattstjóri geti ákvarðað eiganda eða umráðamanni ökutækis sekt brjóti hann gegn ákvæðum laganna án þess þó að talið verði að akstur hafi verið vantalinn. Sekt skal vera að lágmarki 5.000 kr. en að hámarki 50.000 kr. Gert er ráð fyrir að sektarákvörðun ríkisskattstjóra sé kæranleg til yfirskattanefndar.

Varðandi umfjöllun um úrskurð yfirskattanefndar, sbr. h-lið 15. gr. (sem verður 19. gr. laganna) vísast til umfjöllunar um g-lið. Í 2. mgr. er tekið sérstaklega fram að sökunautur getur farið fram á við skattrannsóknarstjóra að máli verði vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er að finna ákvæði um skattheimtu, álagningu þungaskatts, ökumæla, eftirlit með gjaldskyldum ökutækjum og skráningu og akstri, svo og meðferð kærumála.

Þar er lagt til að uppbyggingu þess kerfis sem notað er við innheimtu þungaskatts verði breytt og það samræmt öðrum gjaldkerfum ríkisins. Í núverandi þungaskattskerfi eru innheimtumenn ríkissjóðs bæði í hlutverki álagningaraðila og innheimtuaðila. Með breytingunni er reynt að tryggja að við ákvörðun þungaskatts verði gætt málsmeðferðarreglna skattaréttarins.

Í ljósi þess að sérþekkingu þarf við álagningu, endurákvörðun, beitingu viðurlaga og annað sem þungaskattinn varðar er lagt til að starfsemi þessi verði í höndum ríkisskattstjóra. Áætlað er að rekstrarkostnaður embættisins hækki um 20 m.kr. við þetta. Skiptist kostnaðaraukinn þannig að 15 m.kr. eru vegna launa, 4 m.kr. vegna auglýsinga- og útgáfustarfsemi og 1 m.kr. vegna skrifstofukostnaðar. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir að lögleiðing frumvarpsins leiði til þess að þróa verði hugbúnað hjá Ríkisbókhaldi og er áætlað að það kosti 2 m.kr. Í frumvarpinu er ráðgert að 1% af þungaskatti, sem er tekjustofn Vegagerðarinnar, verði varið til að standa straum af framangreindum kostnaði. Ef miðað er við áætlun um innheimtu þungaskatts í fjárlögum 1996 er þetta tæpar 24 m.kr. Einnig er verið að létta á verkefnum í innheimtu sem leiðir ýmist til þess að innheimtumenn geta sinnt öðrum verkum eða vinnustundum þeirra fækkar.

Í frumvarpinu er kveðið á um að ef skylt er að búa ökutæki ökurita til eftirlits með aksturs- og hvíldartíma ökumanna þá skuli ökuritinn notaður sem ökumælir til ákvörðunar á þungaskatti. Ökuritar eru taldir mun öruggari en hefðbundnir ökumælar til ákvörðunar á akstri. Þá er ökumönnum gert skylt að skrá stöðu ökumælis daglega í akstursbók, í stað mánaðarlega eins og nú er. Jafnframt er þeim gert skylt að skrá stöðu hraðamælis sé annars konar ökumælir en ökuriti notaður til ákvörðunar á þungaskatti. Telja verður að notkun ökurita og aukin skylda til skráningar á akstri geri innheimtu þungaskatts öruggari en til þessa. Árið 1995 nam innheimta þungaskatts 2.375 m.kr. og í fjárlögum 1996 er áætlað að skatturinn skili 2.350 m.kr. Ekki er mögulegt að gera sér grein fyrir því hvað aukið öryggi í innheimtu skattsins skilar Vegagerðinni miklum viðbótartekjum.

775. Frumvarp til fjáraukalaga [443. mál]

fyrir árið 1995, sbr. lög nr. 163/1995.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

Samkvæmt niðurstöðum greiðsluuppgjörs ríkissjóðs 1995 verða eftirtaldar breytingar á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1995 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1995, sbr. lög nr. 163/1995:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		**-7 000**
Tekjuskattar	1 062 000	
Tryggingagjöld, launaskattar	93 000	
Eignaskattar	182 000	
Skattar á vörur og þjónustu	-1 642 000	
Vaxtatekjur	239 000	
Aðrar tekjur	59 000	
Gjöld		**-2 093 800**
Samneysla	785 000	
Rekstrargjöld	449 000	
Viðhald	336 000	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	-813 100	
Vaxtagjöld	-190 000	
Fjárfesting	-1 875 800	
Gjöld umfram tekjur		**-2 086 800**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		53 000
Hluta- og stofnfjárframlög		-425 000
Viðskiptareikningar		-49 000
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**-1 665 800**
Afborganir af teknum lánum		1 320 000
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**-2 985 800**
Lántökur		-3 000 000
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**-14 200**

2. gr.

Útgjöld ríkissjóðs breytast frá ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1995, sbr. 2. gr. laga nr. 163/1995, samkvæmt nánari sundurliðun í 3. gr.:

		Þús.kr.	Þús.kr.
00	Æðsta stjórn ríkisins	19 654	
01	Forsætisráðuneyti	46 545	
02	Menntamálaráðuneyti	293 137	
03	Utanríkisráðuneyti	220 181	
04	Landbúnaðarráðuneyti	167 708	
05	Sjávarútvegsráðuneyti	89 451	
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	87 073	
07	Félagsmálaráðuneyti	353 664	
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	55 000	
09	Fjármálaráðuneyti	657 961	
10	Samgönguráðuneyti	70 534	
11	Iðnaðarráðuneyti	16 712	
12	Viðskiptaráðuneyti	-3 467	
13	Hagstofa Íslands	2 215	
14	Umhverfisráðuneyti	17 503	
	Samtals öll ráðuneyti		2 093 871

3. gr.

Sundurliðun gjalda skv. 2. gr. á stofnanir er þessi:

00	**Æðsta stjórn ríkisins**		
101	Embætti forseta Íslands	4.603	
520	Opinberar heimsóknir	3.798	
610	Umboðsmaður Alþingis	614	
	Óhafnar fjárveitingar	-28.669	
	Samtals ráðuneyti		-19.654
01	**Forsætisráðuneyti**		
190	Ýmis verkefni	747	
901	Húsameistari ríkisins	28.622	
	Óhafnar fjárveitingar	-75.914	
	Samtals ráðuneyti		-46.545

02 Menntamálaráðuneyti

201	Háskóli Íslands	6.310
203	Raunvísindastofnun Háskólans	6.176
205	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	2.894
206	Orðabók Háskólans	2.359
207	Íslensk málstöð	121
209	Verkfræðistofnun Háskóla Íslands	18.434
210	Háskólinn á Akureyri	169
211	Tækniskóli Íslands	900
221	Kennaraháskóli Íslands	2.060
236	Vísindasjóður	564
303	Menntaskólinn á Laugarvatni	3.930
304	Menntaskólinn við Hamrahlíð	16.313
305	Menntaskólinn við Sund	4.302
306	Framhaldsskóli Vestfjarða	1.917
308	Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut	5.175
309	Kvennaskólinn í Reykjavík	4.849
352	Flensborgarskóli, fjölbraut	1.905
356	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	3.145
359	Verkmenntaskólinn á Akureyri	6.491
360	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	2.119
430	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	409
506	Vélskóli Íslands	1.588
507	Stýrimannaskólinn í Reykjavík	1.598
523	Fósturskóli Íslands	4.481
531	Íþróttakennaraskóli Íslands	716
551	Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	1.924
562	Leiklistarskóli Íslands	3.745
571	Sjómannaskólahúsið	858
580	Samvinnuskólinn	200
700	Grunnskólar, Reykjavík	34.367
701	Grunnskólar, Reykjanesi	67.249
703	Grunnskólar, Vesturlandi	4.695
704	Grunnskólar, Vestfjörðum	5.772
705	Grunnskólar, Norðurlandi vestra	4.060
707	Grunnskólar, Austurlandi	2.284
711	Fræðsluskrifstofa Reykjanessumdæmis	89
713	Fræðsluskrifstofa Vesturlandsumdæmis	59
715	Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra	109
718	Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis	604
725	Námsgagnastofnun	510
730	Skólabúðir að Reykjum	1.944
750	Skólar fyrir fatlaða	543
752	Öskjuhlíðarskóli	2.879
799	Heyrnleysingjaskólinn	2.144

884	Jöfnun á námskostnaði	7.595	
904	Safnahúsið við Hverfisgötu	3.583	
905	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	2.435	
909	Blindrabókasafn Íslands	791	
972	Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn	21.271	
973	Þjóðleikhús	13.230	
974	Sinfóníuhljómsveit Íslands	45	
977	Þjóðarbókhlaða	56.318	
979	Húsafriðunarsjóður	663	
980	Listskreytingasjóður	1	
983	Ýmis fræðistörf	13.828	
985	Alþjóðleg samskipti	373	
997	Uppgjör við sveitarfélög	49	
999	Ýmislegt	1.135	
	Óhafnar fjárveitingar	-647.414	
	Samtals ráðuneyti		-293.137

03 Utanríkisráðuneyti

101	Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	19.005	
201	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	4.480	
301	Sendiráð Íslands í Bonn	2.522	
302	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	2.205	
303	Sendiráð Íslands í London	3.483	
304	Sendiráð Íslands í Moskvu	267	
305	Sendiráð Íslands í Ósló	1.577	
306	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá Evrópuráðinu, OECD og UNESCO	3.142	
307	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	1.095	
308	Sendiráð Íslands í Washington	3.450	
309	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York	3.975	
310	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu	3.676	
311	Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	1.760	
312	Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	3.239	
314	Sendiráð Íslands í Peking	657	
	Óhafnar fjárveitingar	-274.714	
	Samtals ráðuneyti		-220.181

04 Landbúnaðarráðuneyti

101	Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	7.348	
211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	2.479	
233	Yfirdýralæknir	6.776	
261	Bændaskólinn á Hvanneyri	4.880	

271	Bændaskólinn á Hólum	7.174	
293	Hagþjónusta landbúnaðarins	216	
321	Skógrækt ríkisins	48	
331	Héraðsskógar	50	
831	Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	35	
841	Fiskeldisrannsóknir	61	
	Óhafnar fjárveitingar	-196.775	
	Samtals ráðuneyti		-167.708

05 Sjávarútvegsráðuneyti

101	Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	56	
203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	14.199	
901	Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	28	
	Óhafnar fjárveitingar	-103.734	
	Samtals ráðuneyti		-89.451

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

101	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	1.283	
103	Lagasafn	529	
190	Ýmis verkefni	57	
212	Héraðsdómur Vesturlands	20	
213	Héraðsdómur Vestfjarða	533	
232	Opinber réttaraðstoð	3.797	
302	Rannsóknarlögregla ríkisins	1.961	
311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	24.304	
321	Almannavarnir ríkisins	875	
391	Húsnæði löggæslustofnana	2.760	
412	Sýslumaðurinn á Akranesi	16.160	
416	Sýslumaðurinn á Patreksfirði	1.571	
419	Sýslumaðurinn á Hólmavík	97	
426	Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	4.590	
429	Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	103	
433	Sýslumaðurinn á Selfossi	3.089	
434	Sýslumaðurinn í Keflavík	4.735	
437	Sýslumaðurinn í Kópavogi	3.457	
490	Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta	29.811	
491	Húsnæði og búnaður sýslumanna	24.739	
501	Fangelsismálastofnun ríkisins	18.358	
701	Biskup Íslands	24.627	
	Óhafnar fjárveitingar	-254.529	
	Samtals ráðuneyti		-87.073

07 Félagsmálaráðuneyti

331	Vinnueftirlit ríksins	14.092	
700	Málefni fatlaðra	1.226	
701	Málefni fatlaðra, Reykjavík	10.130	
702	Málefni fatlaðra, Reykjanesi	4.807	
703	Málefni fatlaðra, Vesturlandi	1.223	
704	Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	3.445	
706	Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	8.757	
707	Málefni fatlaðra, Austurlandi	703	
708	Málefni fatlaðra, Suðurlandi	2.802	
711	Styrktarfélag vangefinna	5.774	
750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	184	
	Óhafnar fjárveitingar	-406.807	
	Samtals ráðuneyti		-353.664

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

101	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	48	
201	Tryggingastofnun ríkisins	10.408	
204	Lífeyristryggingar	20.000	
206	Sjúkratryggingar	107.080	
214	Eftirlaunasjóður aldraðra	9.000	
301	Landlæknir	5.935	
315	Héraðslæknir á Norðurlandi Eystra	11	
324	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	12.518	
350	Sjúkrahúsið Akranesi	1	
355	Sjúkrahús Austur-Húnvetninga, Blönduósi	1	
360	Sjúkrahúsið Seyðisfirði	543	
371	Ríkisspítalar	33.592	
510	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	5.420	
511	Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi nyrðra	411	
512	Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi syðra	4.276	
513	Heilsugæsla í Reykjavík, Miðbæjarumdæmi	1.433	
514	Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturbæjarumdæmi	6.032	
515	Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík	700	
522	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	929	
524	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	2.704	
525	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	53	
526	Heilsugæslustöðin Búðardal	846	
541	Heilsugæslustöðin Hvammstanga	1	
551	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	1	
555	Heilsugæslustöðin Kópaskeri	48	
556	Heilsugæslustöðin Raufarhöfn	217	
564	Heilsugæslustöðin Neskaupstað	1	
567	Heilsugæslustöðin Djúpavogi	9	
568	Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði	171	

575	Heilsugæslustöðin Hellu	507	
578	Heilsugæslustöðin Hverageröi	35	
579	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	151	
583	Heilsugæslustöðin Garðabæ	547	
584	Heilsugæslustöðin Kópavogi	2.116	
585	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	1.761	
	Óhafnar fjárveitingar	-282.506	
	Samtals ráðuneyti		-55.000
09	**Fjármálaráðuneyti**		
103	Ríkisbókhald	1.353	
104	Ríkisfjárhirsla	15	
105	Ríkislögmaður	93	
202	Skattstofan í Reykjavík	7.181	
204	Skattstofa Vestfjarða	75	
205	Skattstofa Norðurlands vestra	717	
207	Skattstofa Austurlands	376	
208	Skattstofa Suðurlands	141	
209	Skattstofa Vestmannaeyja	132	
262	Tollstjórinn í Reykjavík	1.732	
381	Uppbætur á lífeyri	6.609	
402	Fasteignamat ríkisins	262	
989	Launa- og verðlagsmál	53.479	
	Óhafnar fjárveitingar	-730.126	
	Samtals ráðuneyti		-657.961
10	**Samgönguráðuneyti**		
101	Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	1.161	
341	Siglingamálastofnun ríkisins	677	
471	Flugmálastjórn	1.006	
	Óhafnar fjárveitingar	-73.378	
	Samtals ráðuneyti		-70.534
11	**Iðnaðarráðuneyti**		
101	Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	4.428	
203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	2.076	
240	Iðnaðarrannsóknir	1.353	
301	Orkustofnun	2.316	
302	Rafmagnseftirlit ríkisins	7.213	
	Óhafnar fjárveitingar	-34.098	
	Samtals ráðuneyti		-16.712

12	**Viðskiptaráðuneyti**		
101	Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	4.412	
301	Löggildingarstofan	3.359	
	Óhafnar fjárveitingar	-4.304	
	Samtals ráðuneyti		3.467
13	**Hagstofa Íslands**		
101	Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa	9.274	
	Óhafnar fjárveitingar	-11.489	
	Samtals ráðuneyti		-2.215
14	**Umhverfisráðuneyti**		
101	Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	5.695	
201	Náttúruverndarráð	3.433	
202	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	152	
221	Hollustuvernd ríkisins	3.453	
310	Landmælingar Íslands	149	
410	Veðurstofa Íslands	3.593	
	Óhafnar fjárveitingar	-33.978	
	Samtals ráðuneyti		-17.503

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Með frumvarpi þessu eru lagðar fyrir Alþingi niðurstöðutölur ársins 1995 annars vegar um óhafnar fjárveitingar og hins vegar um greiðslur úr ríkissjóði umfram þær heimildir sem veittar voru af Alþingi í fjárlögum ársins 1995 og lögum nr. 163/1995, fjáraukalögum fyrir árið 1995.

Frumvarp að fyrri fjáraukalögum ársins 1995 var lagt fram á Alþingi 6. október sl. Í greinargerð frumvarpsins er fjallað um meginatriðin í framvindu ríkisfjármála á árinu 1995 og rakin helstu frávik tekna og gjalda frá fjárlögum. Þar koma einnig fram ítarlegar skýringar á nýjum fjárveitingum sem óskað var eftir til viðbótar við heimildir fjárlaga. Þá var hinn 26. febrúar sl. lögð fyrir Alþingi *Skýrsla um ríkisfjármál árið 1995*, þar sem afkoma ríkissjóðs eftir greiðsluuppgjör ríkisbókhalds er skýrð með samanburði við áform samkvæmt fjárlögum. Er vísað til þess rits varðandi nánari upplýsingar.

Eftirfarandi yfirlit sýnir fjárveitingar ársins 1995 í samanburði við útkomu:

Afkoma ríkissjóðs

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1995 m.kr.	Fjáraukalög 163/1995 m.kr.	Heimildir alls 1995 m.kr.	Greiðslur 1995 m.kr.	Mismunur heimilda og greiðslna m.kr.
Tekjur	112.092	2.328	114.420	114.436	16
Gjöld	119.528	5.909	125.437	123.344	-2.093
Rekstrarafkoma	**-7.436**	**-3.581**	**-11.017**	**-8.908**	**2.109**
Veitt lán, nettó	-960	-8.120	-9.080	-9.133	-53
Hluta- og stofnfjárframlög	-500	-	-500	-75	425
Viðskiptareikningar	-500	-	-500	-451	49
Hrein lánsfjárþörf	**-9.396**	**-11.701**	**-21.097**	**-18.567**	**2.530**
Lántökur, nettó	**9.400**	**11.750**	**18.850**	**17.806**	**-1.044**
Innlend lántaka – afborganir	-	-	4.400	2.192	-2.208
Erlend lántaka – afborganir	-	-	14.450	15.614	1.164
Greiðsluafkoma	**4**	**49**	**-2.247**	**-761**	**1.486**

Halli á rekstrarafkomu ríkissjóðs reyndist þannig vera 8,9 milljarðar króna á árinu 1995, eða 1,5 milljörðum króna hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Til samanburðar var rekstrarhallinn 7,4 milljarðar króna á árinu 1994.

Heildartekjur ríkissjóðs árið 1995 urðu 114,4 milljarðar króna, eða þær sömu og gert var ráð fyrir í endurskoðaðri áætlun fjármálaráðuneytsins sem fram kom í fyrri fjáraukalögum ársins 1995. Tekjuaukinn frá fjárlögum nam um 2,3 milljörðum króna og skýrist af betra efnahagsástandi en spáð hafði verið fyrir um við setningu þeirra. Heildarútgjöld reyndust vera 123,3 milljarðar króna, eða 2,1 milljarði króna lægri en samþykktar heimildir. Stafar það í fyrsta lagi af nokkrum stórum liðum sem reyndust hafa verið ofmetnir, s.s. vextir, ríkisábyrgðir og greiðslur vegna sauðfjár-

framleiðslu. Í öðru lagi koma nokkrir liðir af ýmsum ástæðum að hluta til ekki til greiðslu fyrr en í ár, s.s. stofnkostnaður framhaldsskóla og hæstaréttarhúss og framlög til Húsnæðisstofnunar ríkisins og Byggðastofnunar. Helstu frávik hvers ráðuneytis eru rakin nánar í skýringum við 3. grein frumvarpsins.

Óhafnar fjárveitingar og umframgjöld. Óhafnar fjárveitingar ráðuneyta í árslok 1995 námu alls 3.158 m.kr. en greiðslur umfram veittar heimildar voru 1.065 m.kr. Sótt er um heimildir vegna umframgreiðslnanna í þessu frumvarpi til síðari fjáraukalaga ársins 1995.

Vakin er athygli á því hér að þessar fjárhæðir og þær sem birtar eru í 3. grein frumvarpsins, bæði umframgreiðslur og óhafnar fjárveitingar, byggja á uppgjöri á heildargreiðslustöðu fjárlagaliða án tillitis til sundurgreiningar veittra heimilda eftir hagrænni skiptingu í rekstur, tilfærslur, viðhald og stofnkostnað. Í fyrri fjáraukalögum ársins 1996, eins og undanfarin ár, verða síðan gerðar ráðstafanir til lækkunar eða hækkunar á gildandi fjárheimildum með hliðsjón af frávikum liðins árs. Til að undirbúa þær ákvarðanir þingsins þykir hins vegar nauðsynlegt að miða við uppgjör eftir hagrænni skiptingu framlaga. Er það gert til að sú aðgreining fjárveitinga í fjárlögum raskist ekki milli ára. Við uppgjör með hagrænni skiptingu geta í sumum tilvikum verið til staðar á sama liðnum bæði umframgreiðslur, t.d. í rekstri, og óhafin fjárveiting, t.d. í stofnkostnaði, en heildargreiðslustaðan verður eftir atvikum annað hvort jákvæð eða neikvæð. Af þessari ástæðu kemur fram frávik á samtölum umframgreiðslna og afgangsheimilda í nokkrum ráðuneytum eftir því hvort uppgjörið er lagt til grundvallar. Mismunur óhafinna fjárveitinga og umframgreiðslna fjárlagaliða og ráðuneyta er hins vegar sá sami í báðum tilvikum. Miðað er við uppgjör eftir hagrænni skiptingu í þeim hluta umfjöllunarinnar hér að neðan sem beinist að fyrirhuguðum breytingum á fjárveitingum ársins 1996 vegna greiðslustöðu ársins 1995.

Breytingar framlaga 1996 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda 1995

Greiðslugrunnur	Umframgj. 1995 þús. kr.	Óhafið 1995 þús. kr.	Rekstur flutt umframgj. þús. kr.	Rekstur fluttur afgangur þús. kr.	Tilfærslur flutt staða þús. kr.	Stofnkost. og viðhald flutt staða þús. kr.
00 Æðsta stjórn	26.315	45.969	614	10.715	10.110	-
01 Forsætisráðuneyti	29.369	75.914	747	4.660	1.120	70.132
02 Menntamálaráðuneyti	411.899	705.036	299.414	181.891	71.207	339.451
03 Utanríkisráðuneyti	54.581	274.762	54.533	-	182.370	72.333
04 Landbúnaðarráðuneyti	29.106	196.814	21.797	12.196	92.257	-7.174
05 Sjávarútvegsráðuneyti	23.005	112.456	14.255	65.019	11.293	9.500
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	214.393	301.466	106.064	107.480	2.230	90.654
07 Félagsmálaráðuneyti	53.152	406.816	53.143	71.442	73.808	165.566
08 Heilbr.- og tryggingamálaráðuneyti	306.525	361.526	157.082	125.842	90.718	131.623
09 Fjármálaráðuneyti	144.824	802.783	12.062	122.795	6.581	121.457
10 Samgönguráðuneyti	6.676	77.210	4.687	27.496	19.182	28.543
11 Iðnaðarráðuneyti	20.336	37.048	17.386	5.332	31.716	-
12 Viðskiptaráðuneyti	7.771	4.304	7.771	3.305	999	-
13 Hagstofa Íslands	9.274	11.489	9.274	11.489	-	-
14 Umhverfisráðuneyti	19.582	37.085	18.450	35.585	368	-
Samtals	**1.356.808**	**3.450.678**	**777.279**	**785.247**	**593.959**	**1.022.085**

Í töflunni hér að framan eru sýndar þær breytingar á gildandi fjárveitingum ráðuneyta sem fyrirhugað er að ákvarða með fyrri fjáraukalögum ársins 1996 vegna greiðslustöðu í árslok 1995. Gert er ráð fyrir að óhafnar fjárveitingar sem felldar verði niður og komi því ekki til viðbótar heimildum í fjárlögum ársins 1996 verði alls að fjárhæð 845 m.kr. Er þá gert ráð fyrir að í frumvarpi til fjáraukalaga ársins 1996 verði sótt um nýjar heimildir sem samsvari öðrum óhöfnum fjárveitingum fjárlagaliða á árinu 1995, en þær nema að þessu sinni 2.605 m.kr. Á sama hátt er gert ráð fyrir að með því frumvarpi verði fjárveitingar til ýmissa liða í gildandi fjárlögum skertar sem nemur umframgreiðslum þeirra á síðasta ári, eða alls um 981 m.kr. Er þá miðað við að umframgreiðslur að fjárhæð 376 m.kr. komi ekki til lækkunar á framlögum yfirstandandi árs.

Þannig er fyrirhugað að heimildir til rekstrar verði auknar um 785 m.kr. á árinu 1996 vegna afgangsheimilda liðins ár, en að rekstarfjárveitingar skerðist á móti um 777 m.kr. vegna umframgjalda. Afgangur á tilfærsluframlögum sem gert er ráð fyrir að komi með sama hætti til viðbótar við gildandi fjárlög nemur 594 m.kr. Þá nema óhafnar fjárveitingar til viðhalds og stofnkostnaðar 1.022 m.kr. Í fylgiskjali 1 eru þessar fyrirhuguðu breytingar á fjárveitingum sundurliðaðar nánar eftir málefnaflokkum og einstökum fjárlagaliðum.

Skýringar við 3. grein frumvarpsins

00 Æðsta stjórn ríkisins

Greiðslur til æðstu stjórnar ríkisins voru 19,7 m.kr. lægri en fjárveitingar í fjárlögum og fjáraukalögum. Leitað er eftir viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 9 m.kr. en óhafnar fjárveitingar voru 28,7 m.kr.

Gert er ráð fyrir að umframgjöld að fjárhæð 8,4 m.kr. á fjárlagaliðum forseta Íslands og opinberra heimsókna komi ekki til lækkunar á fjárveitingum ársins 1996 þar sem forsetaskipti verða á árinu. Einnig er gert ráð fyrir að 17,3 m.kr. stofnkostnaður umfram heimildir falli niður hjá Alþingi. Hins vegar er fyrirhugað að fjárveitingar í gildandi fjárlögum skerðist sem nemur öðrum umframgjöldum að fjárhæð 0,6 m.kr. með fyrri fjáraukalögum ársins 1996.

Miðað er við að 7,4 m.kr. af óhöfnum fjárveitingum falli niður á fjárlagalið ríkisstjórnarinnar þar sem kostnaður við biðlaun í kjölfar alþingiskosninga varð minni en ætlað var. Þá verði felldur niður 17,3 m.kr. afgangur í rekstri og viðhaldi hjá Alþingi á móti niðurfelldum umframgjöldum í stofnkostnaði. Af óhöfnum fjárveitingum sem gert er ráð fyrir að bætist við fjárveitingar í ár vega þyngst 10,7 m.kr. af rekstrarheimild Ríkisendurskoðunar, en það er svipuð fjárhæð og á síðasta ári. Hjá Lýðveldissjóði er óhafin fjárveiting að fjárhæð 10,1 m.kr. sem fyrirhugað er að verði veitt að nýju á þessu ári, en þar er um að ræða fast árlegt framlag fram til ársins 1999 óháð verkefnastöðu við áramót.

01 Forsætisráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 46,5 m.kr. lægri en fjárveitingar. Farið er fram á viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 29,4 m.kr. en óhafnar fjárveitingar voru 75,9 m.kr.

Fyrirhugað er að umframgjöld ráðuneytisins falli að mestu niður, eða sem nemur 28,6 m.kr. rekstrarhalla hjá Húsameistara ríkisins, en ákveðið hefur verið að leggja embættið niður á árinu.

Gert er ráð fyrir að allar óhafnar fjárveitingar í árslok 1995 verði veittar að nýju með fyrri fjáraukalögum ársins 1996. Fjárhæðin skýrist að stærstum hluta af 69 m.kr. fjármagnstilfærslu til Byggðastofnunar sem ekki kemur til greiðslu fyrr en á næsta ári. Stofnunin hefur ekki nýtt að fullu heimild frá árinu 1994 vegna svonefndrar Vestfjarðaaðstoðar. Þá er óhafin fjárveiting til reksturs norrænu ráðherranefndarinnar 4,3 m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 293,1 m.kr. lægri en fjárveitingar. Óskað er eftir viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 354,3 m.kr. en óhafnar fjárveitingar voru 647,4 m.kr.

Fyrirhugað er að framlög ráðuneytisins samkvæmt fjárlögum þessa árs verði lækkuð sem nemur öllum umframgjöldunum. Stærstur hluti umframgjaldanna er vegna rekstrarkostnaðar stofnana, eða samtals 299,4 m.kr. Þar af eru 136 m.kr. vegna grunnskóla, 92,4 m.kr. vegna framhaldsskóla, 37,4 m.kr. vegna háskóla og rannsókna og 33,2 m.kr. vegna safna og listastofnanna. Af einstökum stofnunum voru greiðslur umfram rekstrarframlög líkt og árið áður mestar hjá Íslenska dansflokknum og Listdansskólanum, eða 21,3 m.kr., og hjá Menntaskólanum við Hamrahlíð, eða 16,3 m.kr. Hjá Verkfræðistofnun Háskóla Íslands voru umframgjöld í rekstri 18,4 m.kr. en þau skýrast að mestu af bókhaldslegum ástæðum þar sem á móti koma tekjur sem skila sér síðar. Þá falla 36,1 m.kr. af umframgjöldunum undir tilfærsluframlög en þar eru hæstu fjárhæðirnar 13,8 m.kr. vegna framlaga til ýmissa fræðistarfa og 13,2 m.kr. til Þjóðleikhússins. Loks skýrast 74,3 m.kr. af viðhaldi og stofnkostnaði. Þar munar mest um að kostnaður við að ljúka Þjóðarbókhlöðu varð 56,3 m.kr. umfram heimildir fjárlaga.

Miðað er við að allar óhafnar fjárveitingar í árslok 1995 verði veittar að nýju á árinu 1996. Ríflega helmingur afgangsheimildanna, eða 413,8 m.kr., fellur undir viðhald og stofnkostnað. Þar vega þyngst 311,9 m.kr. vegna framhaldsskóla og munar mest um að framkvæmdir við byggingu Borgarholtsskóla fóru hægar af stað en ætlað var. Þá má nefna að óhafnar heimildir til viðhalds og stofnkostnaðar hjá Þjóðminjasafni Íslands og Þjóðskjalasafni Íslands eru annars vegar 44,8 m.kr. og hins vegar 31,7 m.kr. Afgangur á rekstrarheimildum nemur 181,9 m.kr. Af þeirri fjárhæð eru 130 m.kr. vegna framhaldsskóla, en þar af eru 52,5 m.kr. á óskiptum lið skólanna, aðallega vegna námskrárgerðar. Þá er 36,8 m.kr. afgangur á fjárlagaliðum grunnskólanna. Óhafin tilfærsluframlög nema 107,3 m.kr. Mest munar um 52,4 m.kr. sem ætlaðar voru til listasjóða og 18,2 m.kr. til óskipts liðar framhaldsskóla.

03 Utanríkisráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 220,2 m.kr. lægri en fjárveitingar. Sótt er um viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 54,5 m.kr. en óhafnar fjárveitingar voru 274,7 m.kr.

Gert ráð fyrir að framlög ráðuneytisins samkvæmt fjárlögum þessa árs verði lækkuð sem nemur öllum umframgjöldunum. Þau skýrast að mestu af rekstrarhalla sendiráða, sem nam 31 m.kr., þrátt fyrir að þau hafi fengið 70 m.kr. viðbótarframlag í fyrri fjáraukalögum ársins til þess að mæta að fullu uppsöfnuðum halla sínum. Þá var rekstrarhalli aðalskrifstofu ráðuneytisins 19 m.kr. en skrifstofan fékk alls 16 m.kr. í aukafjárveitingar á árinu.

Fyrirhugað er að óhafin fjárveiting sem nemur 20 m.kr. á liðnum Alþjóðastofnanir falli niður vegna lægri kostnaðar við friðargæsluverkefni Sameinuðu þjóðanna í Sómalíu og Kambódíu en áður var talið. Miðað er við að aðrar afgangsheimildir, samtals að fjárhæð 254,7 m.kr., verði veittar að nýju með fyrri fjáraukalögum ársins 1996. Þar munar mest um 104,5 m.kr. til Alþjóðastofnana, aðallega vegna ýmissa friðargæsluverkefna Sameinuðu þjóðanna, og 81,5 m.kr. til Þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi, s.s. vegna þróunaraðstoðar Sameinuðu þjóðanna og aðstoðar Íslands við svæði Palestínumanna í Ísrael. Í báðum tilvikum hafa greiðslur frestast til næsta árs. Þá eru 72,3 m.kr. óhafnar af stofnkostnaðarheimildum þar sem lóðakaupum fyrir sendiráð í Berlín seinkaði. Loks er 16,4 m.kr. afgangsheimild af styrkjum sem eftir er að úthluta til stuðnings við markaðsátak í EES-löndum, en sú fjárveiting hefur verið millifærð af liðnum Ríkisstjórnarákvarðanir hjá fjármálaráðuneytinu.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 167,7 m.kr. lægri en fjárveitingar. Farið er fram á viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 29 m.kr. en óhafnar fjárveitingar voru 196,8 m.kr.

Gert er ráð fyrir að öll umframgjöld ráðuneytisins komi til lækkunar á fjárveitingum í ár. Stærsti hluti þeirra, eða 21,8 m.kr., stafar af halla á ýmsum rekstrarliðum ráðuneytisins, mest hjá aðalskrifstofu, eða sem nemur 7,3 m.kr. Þá voru greiðslur umfram rekstrarheimildir 6,8 m.kr. hjá Yfirdýralækni. Loks varð 4,9 m.kr. halli á rekstri Bændaskólans á Hvanneyri. Skólinn fékk 5 m.kr. aukafjárveitingu á árinu gegn samkomulagi við stjórnendur um að reksturinn verði lagaður að mörkuðum fjárveitingum.

Fyrirhugað er að óhafnar fjárveitingar sem nema 92,4 m.kr. falli niður og komi ekki til viðbótar við fjárveitingar í ár. Þar er í fyrsta lagi um að ræða afgang á samningsbundnum beinum greiðslum til bænda vegna mjólkur- og sauðfjárframleiðslu, annars vegar 10,9 m.kr. og hins vegar 58,4 m.kr. Í annan stað urðu tilfærsluframlög vegna riðuveiki 23 m.kr. lægri en talið var við setningu fjárlaga. Aðrar afgangsheimildir er ráðgert að veita að nýju í ár og nema þær 104,5 m.kr. Þar af eru 85,2 m.kr. tilfærsluframlög vegna sauðfjárframleiðslu, sem veitt voru að stærstum hluta í fyrri fjáraukalögum ársins en koma ekki til greiðslu fyrr en í ár. Fjárhæðin skiptist þannig að 14 m.kr. eru auknar greiðslur til Lífeyrissjóðs bænda, 46 m.kr. eru óúthlutaðar stuðningsgreiðslur ársins til afsetningar á birgðum í samræmi við nýjan búvörusamning og 25 m.kr. eru beingreiðslur vegna ársins 1995 sem ekki verða gerðar upp að fullu fyrr en á þessu ári.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 89,5 m.kr. lægri en fjárveitingar. Sótt er um viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 14,3 m.kr. en óhafnar fjárveitingar voru 103,7 m.kr.

Fyrirhugað er að 7,6 m.kr. umframgreiðslur vegna viðhaldsframkvæmda hjá skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna falli niður ásamt 1,2 m.kr. á ýmsum verkefnum. Önnur umframgjöld skerða framlög þessa árs sem nemur 14,3 m.kr., en þau eru öll vegna Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og skýrast af endurbótum á vinnuferlum og kvörðun búnaðar vegna skilyrða um eftirlit með skelfiskvinnslu sem heilbrigðisyfirvöld í Bandaríkjunum settu fyrir sölu á mörkuðum þar.

Gert er ráð fyrir að af óhöfnum fjárveitingum falli 26,6 m.kr. niður en 85,8 m.kr. verði veittar að nýju á þessu ári. Stærsti hlutinn af niðurfelldum afgangi, eða 18 m.kr., er vegna minni kostnaðar við störf tveggja nefnda en ætlað var, nefndar um upptöku ólögmæts sjávarafla og skiptaverðsnefndar sjómanna og útgerðaraðila. Afgangsheimild Fiskistofu sem fyrirhugað er að bætist við fjárveitingar í gildandi fjárlögum nemur 30 m.kr. og skýrist að stórum hluta af sértekjum sem gert hafði verið ráð fyrir að féllu ekki til fyrr en á árinu 1996. Afgangur á nokkrum viðfangsefnum undir liðnum Ýmis verkefni varð einnig 30 m.kr., en þar af eru 9,5 m.kr. stofnkostnaðarframlag sem færist til þessa árs. Þá nemur rekstrarafgangur Hafrannsóknastofnunar 14,2 m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 87,1 m.kr. lægri en fjárveitingar. Leitað er eftir viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 167,5 m.kr. en óhafnar fjárveitingar voru 254,5 m.kr.

Gert er ráð fyrir að umframgjöld að fjárhæð 38,5 m.kr. komi ekki til skerðingar á fjárveitingum í ár. Þar af eru 29,8 m.kr. á lið fyrir ýmsan rekstrarkostnað sýslumanna, sem skýrast nær alfarið af ófyrirséðum kostnaði í tengslum við lög um aukatekjur ríkissjóðs. Umframgjöld sem ráðgert er að komi til lækkunar á fjárveitingum annarra liða í ár nema 175,9 m.kr. og eru að mestu vegna rekstrarhalla stofnana. Hæstu fjárhæðirnar eru 25,6 m.kr. hjá Biskupi Íslands, þar sem embættiskostnaður presta var ákvarðaður of lágur í fjárlögum, 24,3 m.kr. hjá Lögreglustjóranum í Reykjavík, sem er svipuð fjárhæð og árið þar á undan, 18,4 m.kr. hjá Fangelsismálastofnun, sem einnig er nær óbreytt frá fyrra ári, og 16,2 m.kr. hjá Sýslumanninum á Akranesi, en embættið hefur um nokkurra ára skeið dregið af innheimtufé ríkissjóðs og notað til eigin reksturs. Þá varð viðhald og stofnkostnaður ráðuneytisins 69,8 m.kr. umfram heimildir. Þar af voru 65,7 m.kr. vegna uppsafnaðra umframgjalda við smíði upplýsingakerfa sýslumanna.

Fyrirhugað er að af óhöfnum fjárveitingum falli niður 31,3 m.kr. Þar munar mest um 24,6 m.kr. vegna málskostnaðar í opinberum málum sem varð minni en ætlað var í fjárlögum. Miðað er við að aðrar afgangsheimildir að fjárhæð 270,2 m.kr. verði veittar að nýju með fyrri fjáraukalögum ársins 1996. Af þeirri fjárhæð

eru 160,4 m.kr. vegna viðhalds og stofnkostnaðar. Þar vega þyngst 119 m.kr. vegna seinkunar á framkvæmdum við Hæstaréttarhús. Þá var 20 m.kr. afgangur á framlagi til breytinga á húsnæði og tölvulagna sem vegur á móti umframgjöldum við smíði á upplýsingakerfum sýslumanna. Afgangsheimildir í rekstri nema 107,5 m.kr. Þar af eru 45,7 m.kr. á liðum löggæslustofnana og öryggismála, 31,9 m.kr. á liðum héraðsdómsstóla, 21,2 á liðum sýslumannsembætta og 8,7 m.kr. á aðalskrifstofu ráðuneytisins og tengdum liðum. Hæsta fjárhæðin er 37,5 m.kr. rekstrarafgangur hjá Landhelgisgæslu ríksins.

07 Félagsmálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 353,7 m.kr. lægri en fjárveitingar. Farið er fram á viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 53,1 m.kr. en óhafnar fjárveitingar námu 406,8 m.kr.

Miðað er við að öll umframgjöldin komi til skerðingar á fjárveitingum í gildandi fjárlögum. Umframgjöldin skýrast öll af halla á ýmsum rekstrarliðum, en þar eru hæstu fjárhæðirnar 14,1 m.kr. hjá Vinnueftirliti ríkisins og 10,1 m.kr. hjá málefnum fatlaðra í Reykjavík.

Gert er ráð fyrir að 96 m.kr. af óhöfnum fjárheimildum falli niður. Þar er um að ræða afgang á lögbundnum útgjöldum tveggja sjóða, annars vegar 74,7 m.kr. hjá Ábyrgðasjóði launa og hins vegar 21,3 m.kr. hjá Atvinnuleysistryggingasjóði. Sótt verður um framlög sem samsvara öðrum afgangsheimildum, samtals að fjárhæð 310,8 m.kr., í fyrri fjáraukalögum ársins 1996. Óhafnar stofnkostnaðarheimildir nema 165,6 m.kr., en þar af eru 81,1 m.kr. vegna söluandvirðis Sólborgar á Akureyri sem rann til Framkvæmdasjóðs fatlaðra og 73,5 m.kr. vegna framlags til Byggingarsjóðs verkamanna sem kemur til greiðslu á árinu 1996. Óhafnar heimildir í rekstri nema 71,4 m.kr. Hæsta fjárhæðin er 32,7 m.kr. afgangur hjá Brunamálastofnun ríkisins, sem safnast hefur upp undanfarin ár þar sem umfang starfseminnar hefur verið nokkru minna en markaðar tekjur stofnunarinnar. Afgangur á tilfærsluframlögum nemur 73,8 m.kr. á þremur liðum. Í fyrsta lagi eru 34 m.kr. á liðnum Vinnumál, en þar af eru 12,7 m.kr. vegna framlags til atvinnumála kvenna sem kemur til greiðslu á þessu ári og 12 m.kr. vegna seinkunar á úthlutun aukafjárveitingar til starfsþjálfunar ungs fólks í atvinnuleit. Í öðru lagi eru 21,1 m.kr. á liðnum Félagsmál, ýmis starfsemi, en fjárhæðin skiptist á nokkur smærri verkefni sem frestast til þessa árs, s.s. 6 m.kr. til greiðslu meðlaga vegna útlendinga og 3 m.kr. aukafjárveiting til að undirbúa aðgerðir til að draga úr launamun karla og kvenna. Í þriðja lagi var 18,7 m.kr. viðbótarframlag til Sólheima í Grímsnesi í fyrri fjáraukalögum ársins 1995 ekki greitt út á árinu þar sem það var bundið skilyrði um gerð þjónustusamnings við félagsmálaráðuneytið. Framlagið kemur til greiðslu í ár þar sem samningar hafa nú tekist milli aðila.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 55 m.kr. lægri en fjárveitingar. Sótt er um viðbótarheimildir vegna umframgjalda að fjárhæð 227,5 m.kr. en óhafnar fjárveitingar voru 282,5 m.kr.

Miðað er við að umframgjöld lögbundinna tilfærsluliða lífeyris- og sjúkratrygginga og eftirlaunasjóðs aldraðra, samtals að fjárhæð 136,1 m.kr., falli niður og komi ekki til skerðingar á fjárveitingum yfirstandandi árs. Fyrirhugað er að framlög annarra fjárlagaliða lækki í fjáraukalögum 1996 sem nemur umframgjöldum þeirra. Nær öll fjárhæðin, eða 157,1 m.kr., er á rekstrarliðum og þar af eru 111,8 m.kr. vegna Ríkisspítala og 28,4 m.kr. vegna heilsugæslustöðva.

Gert er ráð fyrir að allar óhafnar fjárveitingar í árslok 1995 verði veittar að nýju með fyrri fjáraukalögum ársins 1996. Óhafnar viðhalds- og stofnkostnaðarfjárveitingar nema 131,6 m.kr. og eru vegna frestunar á framkvæmdum sjúkrastofnana, annars vegar 78,2 m.kr. hjá Ríkisspítölum og hins vegar 53,4 m.kr. hjá sjúkrahúsum og læknisbústöðum. Afgangsheimildir í rekstri voru 125,9 m.kr. Þar af voru 91 m.kr. á liðnum sjúkrahús með fjölþætta starfsemi, sem að stærstum hluta voru viðbótarframlag í fyrri fjáraukalögum ársins 1995 til þess að mæta rekstrarvanda nokkurra sjúkrahúsa. Gert er ráð fyrir að fjárveitingunni verði skipt á þessu ári þegar gengið hefur verið frá samkomulagi við stjórnir sjúkrahúsanna um aðhaldsaðgerðir og starfsumfang. Óhafnar tilfærslur námu 104 m.kr. Mest munar um 77,1 m.kr. afgang hjá Framkvæmdasjóði aldraðra, sem skýrist af því að í fyrri fjáraukalögum ársins 1995 var sjóðnum greidd 209 m.kr. inneign á mörkuðum tekjum og voru 130 m.kr. nýttar til að fjármagna halla á nokkrum liðum sjúkratrygginga. Þá varð 16 m.kr. afgangur á nokkrum viðfangsefnum undir Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.

09 Fjármálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 658 m.kr. lægri en fjárveitingar. Sótt er um viðbótarheimildir vegna umframgjalda að fjárhæð 72,2 m.kr. en óhafnar fjárveitingar voru 730,1 m.kr

Gert er ráð fyrir að 132,8 m.kr. af umframgjöldum ráðuneytisins á árinu 1995 falli niður. Þar af eru 83,5 launabætur til að mæta umframgjöldum í rekstri stofnana ríkisins vegna launahækkana í kjölfar kjarasamninga og úrskurða á síðustu vikum ársins, sem reyndust vera nokkru meiri en áætlað var í fjárlögum og fyrri fjáraukalögum ársins 1995. Einnig er gert ráð fyrir að fella niður 42,7 m.kr. útgjöld umfram framlög vegna lögbundinna greiðslna á tryggingabótum og dómkröfum. Fyrirhugað er að umframgjöld annarra fjárlagaliða skerði rekstrarframlög þeirra á þessu ári sem nemur 12 m.kr.

Miðað er við að stærsti hluti óhafinna fjárveitinga falli niður, eða sem nemur 552 m.kr. Um það bil fjórir fimmtu hlutar fjárhæðarinnar skýrast af frávikum á þremur stórum liðum. Í fyrsta lagi reyndist þróun vaxtakjara vera ríkissjóði nokkru hagstæðari en spáð var fyrir um í áætlunum, eða sem nam 190,2 m.kr. Í annan stað voru útgjöld vegna ríkisábyrgða og tjónabóta 166 m.kr. lægri en miðað var við í

forsendum fjárlaga. Loks urðu útgjöld samkvæmt 6. grein fjárlaga 82,2 m.kr. lægri en heimildir, enda eru þær greiðslur jafnan háðar talsverðri óvissu. Óhafin framlög sem gert er ráð fyrir að verði veitt að nýju á þessu ári nema alls 250,8 m.kr. Óhafin rekstrarframlög nema 122,8 m.kr. og eru stærstu fjárhæðirnar 37,4 m.kr. vegna ýmissa verkefna í skattamálum, 33,8 m.kr. vegna afgangs í rekstri fjármálatölvukerfa ríkisins og 26,9 m.kr. vegna nokkurra verkefna undir liðnum Ýmislegt sem frestast fram til þessa árs. Afgangsheimildir til viðhalds og stofnkostnaðar nema 121,5 m.kr. en þar munar mestu um 64,1 m.kr. vegna fasteignakaupa og endurbóta sem seinkar fram á þetta ár og 51,7 m.kr. vegna verktafa í smíði hugbúnaðarkerfa.

10 Samgönguráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 70,5 m.kr. lægri en fjárveitingar. Leitað er eftir viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 2,8 m.kr. en óhafnar fjárveitingar voru 73,4 m.kr.

Miðað er við að fjárveitingar ráðuneytisins samkvæmt fjárlögum þessa árs verði lækkaðar sem nemur umframgjöldunum en þar er um að ræða rekstrarhalla á nokkrum liðum.

Fyrirhugað er að allar afgangsheimildir ráðuneytisins í lok ársins 1995 verði veittar að nýju á þessu ári. Þyngst vegur 28,5 m.kr. stofnkostnaðarheimild hjá Vita- og hafnamálastofnun en afgangurinn skýrist að mestu af nokkrum óhöfnum rekstrar- og tilfærsluframlögum til ýmissa verkefna sem dregist hefur að komi til framkvæmda, s.s. 16,4 m.kr. vegna sjálfvirks tilkynningakerfis skipa, 15,6 m.kr. vegna ferðaátaks erlendis og 6,4 m.kr. vegna GPS staðsetningarkerfis.

11 Iðnaðarráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 16,7 m.kr. lægri en fjárveitingar. Óskað er eftir viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 17,4 m.kr. en óhafnar fjárveitingar voru 34,1 m.kr.

Gert er ráð fyrir að umframgreiðslur að fjárhæð 3 m.kr. vegna niðurgreiðslna á rafhitun komi ekki til skerðingar á fjárveitingum samkvæmt fjárlögum þessa árs. Fjárveitingar annarra liða verða lækkaðar sem nemur umframgjöldum þeirra, en þar er einkum um að ræða 7,2 m.kr. rekstrarhalla hjá Rafmagnseftirliti ríkisins þar sem skil á hluta markaðra tekna stofnunarinnar dragast fram á þetta ár. Þá var 4,4 m.kr. halli á aðalskrifstofu ráðuneytisins.

Fyrirhugað er að allar afgangsheimildir ráðuneytisins komi til viðbótar fjárveitingum á yfirstandandi ári. Þar er um að ræða ýmis rekstrar- og tilfærsluframlög til verkefna í iðnaðar- og orkumálum sem dregist hefur að komi til framkvæmda eða til greiðslu. Hæsta fjárhæðin er 15 m.kr. til jöfnunaraðstoðar við skipasmíðaiðnað og þar á eftir 7,8 m.kr. til stuðnings við iðnþróun og tækninýjungar og 5 m.kr. til lítilla hitaveitna.

12 Viðskiptaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 3,5 m.kr. hærri en fjárveitingar. Óskað er eftir viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 7,8 m.kr. en óhafnar fjárveitingar voru 4,3 m.kr.

Umframgjöldin eru annars vegar 4,4 m.kr. vegna rekstrarhalla aðalskrifstofu ráðuneytisins og hins vegar 3,4 m.kr. vegna Lögggildingarstofunnar og er fyrirhugað að þau komi til lækkunar á fjárveitingum í gildandi fjárlögum.

Gert er ráð fyrir að allar óhafnar fjárveitingar verði veittar að nýju í fyrri fjáraukalögum þessa árs, en þar er einkum um að ræða 2,8 m.kr. rekstrarafgang hjá Samkeppnisstofnun.

13 Hagstofa Íslands

Greiðslur Hagstofunnar voru 2,2 m.kr. lægri en fjárveitingar. Farið er fram á viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 9,3 m.kr. en óhafnar fjárveitingar voru 11,5 m.kr.

Fyrirhugað er að fjárveitingar Hagstofunnar á þessu ári verði lækkaðar sem nemur 9,3 m.kr. umframgjöldum aðalskrifstofunnar en jafnframt hækkaðar sem nemur 11,5 m.kr. óhafinni heimild á liðnum Þjóðskrá.

14 Umhverfisráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 17,5 m.kr. lægri en fjárveitingar. Sótt er um viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 16,5 m.kr. en óhafnar fjárveitingar voru 34 m.kr.

Fyrirhugað er að með fyrri fjáraukalögum ársins 1996 verði fjárveitingar ráðuneytisins í gildandi fjárlögum skertar sem nemur öllum umframgjöldum, en þau stafa einkum af rekstrarhalla s.s. 7,7 m.kr. á aðalskrifstofu ráðuneytisins og tengdum liðum.

Gert er ráð fyrir að í fyrri fjáraukalögum ársins 1996 verði jafnframt veittar að nýju allar óhafnar fjárveitingar ársins 1995. Þær skýrast að mestu af 27,3 m.kr. afgangi hjá Skipulagsstjóra ríkisins vegna meiri innheimtu skipulagsgjalda frá sveitarfélögum en ætlað var við setningu fjárlaga.

B-hluti

Samkvæmt bráðabirgðatölum um fjárstreymi milli A- og B-hluta ríkissjóðs 1995 voru tilfærslur til B-hluta fyrirtækja og sjóða um 336 m.kr. lægri en ætlað var í fjárlögum að viðbættum lögum nr. 163/1995. Þá voru skil B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð um 725 m.kr. lægri en fjárlög. Eftirfarandi yfirlit sýnir greiðslustreymi milli A-og B-hluta ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum og lögum nr. 163/1995 svo og greiðsluuppgjöri 1995.

Greiðslustreymi milli A- og B-hluta ríkissjóðs 1995

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1995 m.kr.	Lög nr. 163 1995 m.kr.	Greiðslur 1995 m.kr.	Mismunur m.kr.
Tilfærslur úr A-hluta til B-hluta fyrirtækja og sjóða ...	6.999	181	6.844	-336
Skil B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð	8.478	-	7.753	-725

Sjö fyrirtækjum í B-hluta ríkissjóðs var ætlað að skila hagnaði af starfsemi sinni í ríkissjóð. Frávik á greiðsluskilum þeirra til A-hluta frá áætlun koma fram í eftirfarandi yfirliti. Eins og þar kemur fram varð hagnaður af starfsemi ÁTVR nokkru lægri en gert var ráð fyrir í fjárlögum.

Greiðslur B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð 1995

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1995 m.kr.	Lög nr. 163 1995 m.kr.	Greiðslur 1995 m.kr.	Mismunur m.kr.
22 201 Happdrætti Háskóla Íslands	60	-	51	-9
22 202 Lyfjabúð Háskóla Íslands	6	-	-	-6
23 101 Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli	560	-	563	3
23 121 Sala varnarliðseigna	27	-	31	4
29 101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	6.865	-	6.148	-717
30 101 Póst- og símamálastofnunin	860	-	860	-
31 321 Rafmagnsveitur ríkisins	100	-	100	-
Samtals	**8.478**	-	**7.753**	**-725**

Frávik milli fjárlaga að viðbættum lögum nr. 163/1995 og endanlegs greiðsluuppgjörs, hvað varðar tilfærslur frá A-hluta ríkissjóðs til einstakra fyrirtækja og sjóða í B-hluta, urðu eins og sýnt er í töflunni á næstu síðu.

Eins og fram kemur í yfirlitinu urðu frávik mest á þremur liðum. Hjá Lánasýslu ríkisins nam mismunurinn 154 m.kr., hjá Ábyrgðasjóði launa var hann 75 m.kr. og hjá Byggingarsjóði verkamanna var hann 73 m.kr. Önnur frávik eru mun minni.

Tilfærslur til B-hluta fyrirtækja og sjóða 1995

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1995 þús. kr.	Lög nr. 163 1995 þús. kr.	Greiðslur 1995 þús. kr.	Mismunur þús. kr.
Menntamálaráðuneyti				
22 236 Visindasjóður	25.000	-	25.574	-574
22 237 Tæknisjóður	200.000	-86	199.782	132
22 238 Bygginga- og tækjasjóður	60.000	-	60.000	-
22 239 Rannsóknarnámssjóður	25.000	-	-	25.000
22 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.480.000	-35.905	1.443.591	504
22 973 Þjóðleikhúsið	296.000	-3.873	305.357	-13.230
22 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands	108.000	-	108.045	-45
Samtals	**2.194.000**	**-39.864**	**2.142.349**	**11.787**
Landbúnaðarráðuneyti				
24 831 Jarðeignir ríkisins og Jarðasjóður	30.500	-	30.535	-35
24 841 Laxeldisstöðin Kollafirði	22.400	-	22.461	-61
Samtals	**52.900**	**-**	**52.996**	**-96**
Sjávarútvegsráðuneyti				
25 272 Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging	24.000	-	21.000	3.000
Samtals	**24.000**	**-**	**21.000**	3.000
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti				
26 731 Kristnisjóður	18.300	-	18.813	-513
Samtals	**18.300**	**-**	**18.813**	**-513**
Félagsmálaráðuneyti				
27 272 Byggingarsjóður verkamanna	608.000	-249	534.263	73.488
27 982 Ábyrgðarsjóður launa	400.000	-60.000	265.309	74.691
27 984 Atvinnuleysistryggingasjóður	3.264.000	280.000	3.522.700	21.300
Samtals	**4.272.000**	**219.751**	**4.322.272**	**169.479**
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti				
28 378 Læknishéraðasjóður	2.500	1.068	3.395	173
Samtals	**2.500**	**1.068**	**3.395**	**173**
Fjármálaráðuneyti				
29 402 Fasteignamat ríkisins	41.500	-32	43.730	-2.262
29 271 Lánasýsla ríkisins, vegna ríkisábyrgðasjóðs	225.000	-	71.035	153.965
Samtals	**266.500**	**-32**	**114.765**	**151.703**
Samgönguráðuneyti				
30 333 Hafnabótasjóður	40.600	-	40.600	-
Samtals	**40.600**	**-**	**40.600**	**-**
Iðnaðarráðuneyti				
31 321 Rafmagnsveitur ríkisins	100.000	-	100.000	-
31 371 Orkusjóður	28.000	-48	27.952	-
Samtals	**128.000**	**-48**	**127.952**	**-**
Tilfærslur til B-hluta alls	**6.998.800**	**180.875**	**6.844.142**	**335.533**

Fylgiskjal 1

Breytingar framlaga 1996 vegna óhafinna heimilda og umframgjalda 1995

Þúsundir króna		Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Tilfærslur	Stofnkost. og viðhald	Samtals
00	**Æðsta stjórn ríkisins**	**10.715**	**614**	**10.110**	**-**	**20.211**
	Alþingi og stofnanir þess	*10.715*	*614*	*10.110*	-	*20.211*
211	Lýðveldissjóður	-	-	10.110	-	10.110
610	Umboðsmaður Alþingis	-	614	-	-	-614
620	Ríkisendurskoðun	10.715	-	-	-	10.715
01	**Forsætisráðuneyti**	**4.660**	**747**	**1.120**	**70.132**	**75.165**
	Ráðuneyti	-	*747*	*1.120*	*35*	*408*
101	Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	-	-	-	35	35
190	Ymis verkefni	-	747	-	-	-747
199	Ráðstöfunarfé	-	-	1.120	-	1.120
	Annað	*4.660*	-	-	*70.097*	*74.757*
221	Byggðastofnun	-	-	-	69.000	69.000
231	Norræna ráðherranefndin	4.332	-	-	-	4.332
241	Umboðsmaður barna	328	-	-	-	328
902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	-	-	-	1.097	1.097
02	**Menntamálaráðuneyti**	**181.891**	**299.414**	**71.207**	**339.451**	**293.135**
	Ráðuneyti	*5.229*	-	-	-	*5.229*
101	Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	5.229	-	-	-	5.229
	Háskólar og rannsóknir	*2.249*	*37.363*	*8.408*	*15.740*	*-10.966*
201	Háskóli Íslands	-	6.310	-	-	-6.310
202	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	-	-	-	6.505	6.505
203	Raunvísindastofnun Háskólans	-	6.176	-	-	-6.176
205	Stofnun Arna Magnússonar á Íslandi	-	2.894	-	-	-2.894
206	Orðabók Háskólans	-	2.359	-	-	-2.359
207	Íslensk málstöð	-	121	-	-	-121
208	Örnefnastofnun	34	-	-	-	34
209	Verkfræðistofnun Háskóla Íslands	-	18.434	-	-	-18.434
210	Háskólinn á Akureyri	-	169	-	-	-169
211	Tækniskóli Íslands	-	900	-	-	-900
221	Kennaraháskóli Íslands	1.851	-	-	-3.911	-2.060
223	Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	364	-	-	828	1.192
236	Vísindasjóður	-	-	-	-564	-564
237	Tæknisjóður	-	-	-	12.882	12.882
239	Rannsóknarnámssjóður	-	-	147	-	147
299	Háskóla- og rannsóknastarfsemi	-	-	8.261	-	8.261
	Framhaldsskólar og héraðsskólar	*129.995*	*92.396*	*18.626*	*311.944*	*368.169*
301	Menntaskólinn í Reykjavík	2.897	-	-	-	2.897
302	Menntaskólinn á Akureyri	1.119	-	-	-	1.119
303	Menntaskólinn á Laugarvatni	-	3.930	-	-	-3.930
304	Menntaskólinn við Hamrahlíð	-	16.313	-	-	-16.313
305	Menntaskólinn við Sund	-	4.302	-	-	-4.302
306	Framhaldsskóli Vestfjarða	-	1.917	-	-	-1.917
307	Menntaskólinn á Egilsstöðum	1.804	-	-	-	1.804
308	Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut	-	5.175	-	-	-5.175
309	Kvennaskólinn í Reykjavík	-	4.849	-	-	-4.849
318	Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður	-	-	-	311.944	311.944
319	Framhaldsskólar, almennt	52.531	27.140	18.200	-	43.591
350	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	493	-	-	-	493
351	Fjölbrautaskólinn Ármúla	4.229	-	-	-	4.229
352	Flensborgarskóli, fjölbraut	-	1.905	-	-	-1.905
353	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	4.356	-	-	-	4.356
354	Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi	4.513	-	-	-	4.513
355	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	4.128	-	-	-	4.128
356	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	-	3.145	-	-	-3.145
357	Fjölbrautaskóli Suðurlands	7.001	-	-	-	7.001
358	Verkmenntaskóli Austurlands	848	-	-	-	848

Þúsundir króna		Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Tilfærslur	Stofnkost. og viðhald	Samtals
359	Verkmenntaskólinn á Akureyri	-	6.491	-	-	-6.491
360	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	-	2.119	-	-	-2.119
361	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	1.697	-	-	-	1.697
362	Framhaldsskólinn á Húsavík	776	-	-	-	776
363	Framhaldsskólinn á Laugum	833	-	-	-	833
440	Fullorðinsfræðsla	-	-	426	-	426
441	Fullorðinsfræðsla fatlaðra	8.551	-	-	-	8.551
506	Vélskóli Islands	-	1.588	-	-	-1.588
507	Stýrimannaskólinn í Reykjavík	-	1.598	-	-	-1.598
514	Iðnskólinn í Reykjavík	12.682	-	-	-	12.682
516	Iðnskólinn í Hafnarfirði	6.602	-	-	-	6.602
517	Hótel- og veitingaskóli Islands	2.257	-	-	-	2.257
523	Fósturskóli Islands	-	4.481	-	-	-4.481
524	Þroskaþjálfaskóli Islands	8.347	-	-	-	8.347
531	Iþróttakennaraskóli Islands	-	716	-	-	-716
541	Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	2.328	-	-	-	2.328
551	Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	-	1.924	-	-	-1.924
561	Myndlista- og handíðaskóli Islands	36	-	-	-	36
562	Leiklistarskóli Islands	-	3.745	-	-	-3.745
563	Tónlistarskólinn í Reykjavík	344	-	-	-	344
571	Sjómannaskólahúsið	-	858	-	-	-858
580	Samvinnuskólinn	-	200	-	-	-200
581	Verslunarskóli Islands	668	-	-	-	668
606	Héraðsskólinn Skógum	414	-	-	-	414
610	Héraðsskólar, almennt	541	-	-	-	541
	Grunnskólar og sérskólar	*36.825*	*136.045*	*-643*	*3.292*	*-96.571*
222	Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Islands	1.932	-	-	-408	1.524
700	Grunnskólar, Reykjavík	-	34.367	-	-	-34.367
701	Grunnskólar, Reykjanesi	-	67.249	-	-	-67.249
703	Grunnskólar, Vesturlandi	-	4.695	-	-	-4.695
704	Grunnskólar, Vestfjörðum	-	5.772	-	-	-5.772
705	Grunnskólar, Norðurlandi vestra	-	4.060	-	-	-4.060
706	Grunnskólar, Norðurlandi eystra	4.373	-	-	-	4.373
707	Grunnskólar, Austurlandi	-	2.284	-	-	-2.284
708	Grunnskólar, Suðurlandi	2.397	-	-	-	2.397
710	Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis	360	-	-	-	360
711	Fræðsluskrifstofa Reykjanessumdæmis	-	89	-	-	-89
713	Fræðsluskrifstofa Vesturlandsumdæmis	-	59	-	-	-59
714	Fræðsluskrifstofa Vestfjarðaumdæmis	299	-	-	-	299
715	Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra	-	109	-	-	-109
716	Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra	306	-	-	-	306
717	Fræðsluskrifstofa Austurlandsumdæmis	2.332	-	-	-	2.332
718	Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis	-	604	-	-	-604
720	Grunnskólar, almennt	23.000	9.280	-100	3.700	17.320
725	Námsgagnastofnun	-	510	-	-	-510
730	Skólabúðir að Reykjum	-	1.944	-	-	-1.944
750	Skólar fyrir fatlaða	-	-	-543	-	-543
752	Oskjuhlíðarskóli	-	2.879	-	-	-2.879
754	Safamýrarskóli	974	-	-	-	974
755	Dalbrautarskóli	94	-	-	-	94
758	Hvammshlíðarskóli	180	-	-	-	180
798	Einholtsskóli	578	-	-	-	578
799	Heymleysingjaskólinn	-	2.144	-	-	-2.144
	Námsaðstoð	-	-	*-7.091*	-	*-7.091*
872	Lánasjóður íslenskra námsmanna	-	-	504	-	504
884	Jöfnun á námskostnaði	-	-	-7.595	-	-7.595
	Söfn, listastofnanir o.fl.	*6.804*	*33.201*	*-13.186*	*10.273*	*-29.310*
902	Þjóðminjasafn Islands	5.615	-	-	33.475	39.090

Þúsundir króna		Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Tilfærslur	Stofnkost. og viðhald	Samtals
903	Þjóðskjalasafn Íslands	-	5.121	-	31.707	26.586
904	Safnahúsið við Hverfisgötu	-	3.583	-	-	-3.583
905	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	-	2.435	-	-	-2.435
906	Listasafn Einars Jónssonar	1.189	-	-	-	1.189
907	Listasafn Íslands	-	-	-	1.409	1.409
909	Blindrabókasafn Íslands	-	791	-	-	-791
919	Söfn, ýmis framlög	-	-	89	-	89
972	Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn	-	21.271	-	-	-21.271
973	Þjóðleikhús	-	-	-13.230	-	-13.230
974	Sinfóníuhljómsveit Íslands	-	-	-45	-	-45
977	Þjóðarbókhlaða	-	-	-	-56.318	-56.318
	Annað	*789*	*409*	*65.093*	*-1.798*	*63.675*
430	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	-	409	-	-	-409
804	Kvikmyndaeftirlit ríkisins	789	-	-	-	789
976	Menningarsjóður	-	-	1.024	-	1.024
978	Listasjóðir	-	-	52.405	-	52.405
979	Húsafriðunarsjóður	-	-	-	-663	-663
981	Kvikmyndasjóður	-	-	8.238	-	8.238
982	Listir, framlög	-	-	9.623	-	9.623
983	Ýmis fræðistörf	-	-	-13.828	-	-13.828
984	Norræn samvinna	-	-	197	-	197
985	Alþjóðleg samskipti	-	-	-373	-	-373
988	Æskulýðsmál	-	-	877	-	877
989	Ýmis íþróttamál	-	-	6.930	-	6.930
999	Ýmislegt	-	-	-	-1.135	-1.135
03	**Utanríkisráðuneyti**	**-**	**54.533**	**182.370**	**72.333**	**200.170**
	Ráðuneyti	-	*19.005*	*16.356*	-	*-2.649*
101	Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	-	19.005	-	-	-19.005
190	Ýmis verkefni	-	-	16.356	-	16.356
	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	-	*4.480*	-	-	*-4.480*
201	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	-	4.480	-	-	-4.480
	Sendiráð og fastanefndir	-	*31.048*	-	*72.333*	*41.285*
301	Sendiráð Íslands í Bonn	-	2.522	-	-	-2.522
302	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	-	2.205	-	-	-2.205
303	Sendiráð Íslands í London	-	3.483	-	-	-3.483
304	Sendiráð Íslands í Moskvu	-	267	-	-	-267
305	Sendiráð Íslands í Ósló	-	1.577	-	-	-1.577
306	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá Evrópuráð	-	3.142	-	-	-3.142
307	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	-	1.095	-	-	-1.095
308	Sendiráð Íslands í Washington	-	3.450	-	-	-3.450
309	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðal	-	3.975	-	-	-3.975
310	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu	-	3.676	-	-	-3.676
311	Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalagi	-	1.760	-	-	-1.760
312	Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í	-	3.239	-	-	-3.239
314	Sendiráð Íslands í Peking	-	657	-	-	-657
320	Sendiráð, almennt	-	-	-	72.333	72.333
	Þróunarmál og alþjóðastofnanir	-	-	*166.014*	-	*166.014*
391	Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi	-	-	81.469	-	81.469
401	Alþjóðastofnanir	-	-	84.545	-	84.545
04	**Landbúnaðarráðuneyti**	**12.196**	**21.797**	**92.257**	**-7.174**	**75.482**
	Ráðuneyti	*9.279*	*7.348*	-	-	*1.931*
101	Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	-	7.348	-	-	-7.348
190	Ýmis verkefni	9.279	-	-	-	9.279
	Landbúnaðarstofnanir	*367*	*14.351*	-	*-7.174*	*-21.158*
211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	-	2.479	-	-	-2.479
221	Veiðimálastofnun	160	-	-	-	160
233	Yfirdýralæknir	-	6.776	-	-	-6.776

Þúsundir króna		Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Tilfærslur	Stofnkost. og viðhald	Samtals
236	Aðfangaeftirlit ríksins	104	-	-	-	104
261	Bændaskólinn á Hvanneyri	-	4.880	-	-	-4.880
271	Bændaskólinn á Hólum	-	-	-	-7.174	-7.174
283	Garðyrkjuskóli ríkisins	103	-	-	-	103
293	Hagþjónusta landbúnaðarins	-	216	-	-	-216
	Skógrækt og landgræðsla	*2.550*	*98*	-	-	*2.452*
311	Landgræðsla ríkisins	2.550	-	-	-	2.550
321	Skógrækt ríkisins	-	48	-	-	-48
331	Héraðsskógar	-	50	-	-	-50
	Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	-	-	*90.757*	-	*90.757*
801	Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu	-	-	5.553	-	5.553
805	Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu	-	-	85.204	-	85.204
	Ymis framlög	-	-	*1.500*	-	*1.500*
821	Framleiðnisjóður landbúnaðarins	-	-	1.500	-	1.500
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**	**65.019**	**14.255**	**11.293**	**9.500**	**71.557**
	Ráðuneyti	*20.544*	*56*	-	*9.500*	*29.988*
101	Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	-	56	-	-	-56
190	Ymis verkefni	20.544	-	-	9.500	30.044
	Rannsókna- og eftirlitsstofnanir	*44.475*	*14.199*	*11.293*	-	*41.569*
201	Fiskifélag Islands	-	-	11.293	-	11.293
202	Hafrannsóknastofnun	14.239	-	-	-	14.239
203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	-	14.199	-	-	-14.199
204	Fiskistofa	30.236	-	-	-	30.236
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**	**107.480**	**106.064**	**2.230**	**90.654**	**94.300**
	Ráðuneyti	*8.744*	*1.812*	*-57*	-	*6.875*
101	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	-	1.283	-	-	-1.283
102	Stjórnartíðindi	8.744	-	-	-	8.744
103	Lagasafn	-	529	-	-	-529
190	Ymis verkefni	-	-	-57	-	-57
	Dómsmál	*31.852*	*553*	-	*118.983*	*150.282*
201	Hæstiréttur	8.744	-	-	-	8.744
211	Héraðsdómur Reykjavíkur	2.257	-	-	-	2.257
212	Héraðsdómur Vesturlands	-	20	-	-	-20
213	Héraðsdómur Vestfjarða	-	533	-	-	-533
214	Héraðsdómur Norðurlands vestra	961	-	-	-	961
215	Héraðsdómur Norðurlands eystra	4.495	-	-	-	4.495
216	Héraðsdómur Austurlands	1.387	-	-	-	1.387
217	Héraðsdómur Suðurlands	4.289	-	-	-	4.289
218	Héraðsdómur Reykjaness	6.660	-	-	-	6.660
290	Dómsmál, ýmis kostnaður	3.059	-	-	-	3.059
291	Húsnæði og búnaður dómstóla	-	-	-	118.983	118.983
	Löggæslustofnanir og öryggismál	*45.658*	*27.140*	-	*-2.760*	*15.758*
301	Ríkissaksóknari	252	-	-	-	252
302	Rannsóknarlögregla ríkisins	-	1.961	-	-	-1.961
305	Lögregluskóli ríkisins	6.997	-	-	-	6.997
311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	-	24.304	-	-	-24.304
321	Almannavarnir ríkisins	-	875	-	-	-875
331	Umferðarráð	626	-	-	-	626
341	Afengis- og fíkniefnamál	310	-	-	-	310
391	Húsnæði löggæslustofnana	-	-	-	-2.760	-2.760
395	Landhelgisgæsla Islands	37.473	-	-	-	37.473
	Sýslumenn	*21.226*	*32.558*	-	*-24.739*	*-36.071*
411	Sýslumaðurinn í Reykjavík	1.722	-	-	-	1.722
412	Sýslumaðurinn á Akranesi	-	16.160	-	-	-16.160
413	Sýslumaðurinn í Borgarnesi	1.340	-	-	-	1.340
414	Sýslumaðurinn í Stykkishólmi	706	-	-	-	706

Þúsundir króna	Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Tilfærslur	Stofnkost. og viðhald	Samtals
415 Sýslumaðurinn í Búðardal	564	-	-	-	564
416 Sýslumaðurinn á Patreksfirði	-	1.571	-	-	-1.571
417 Sýslumaðurinn í Bolungarvík	67	-	-	-	67
418 Sýslumaðurinn á Ísafirði	614	-	-	-	614
419 Sýslumaðurinn á Hólmavík	-	97	-	-	-97
420 Sýslumaðurinn á Blönduósi	2.090	-	-	-	2.090
421 Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	2.361	-	-	-	2.361
422 Sýslumaðurinn á Siglufirði	1.268	-	-	-	1.268
423 Sýslumaðurinn á Ólafsfirði	948	-	-	-	948
424 Sýslumaðurinn á Akureyri	1.326	-	-	-	1.326
425 Sýslumaðurinn á Húsavík	762	-	-	-	762
426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	-	4.590	-	-	-4.590
427 Sýslumaðurinn í Neskaupstað	343	-	-	-	343
428 Sýslumaðurinn á Eskifirði	381	-	-	-	381
429 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	-	103	-	-	-103
430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal	519	-	-	-	519
431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	32	-	-	-	32
432 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	261	-	-	-	261
433 Sýslumaðurinn á Selfossi	-	3.089	-	-	-3.089
434 Sýslumaðurinn í Keflavík	-	4.735	-	-	-4.735
436 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	5.922	-	-	-	5.922
437 Sýslumaðurinn í Kópavogi	-	2.213	-	-	-2.213
491 Húsnæði og búnaður sýslumanna	-	-	-	-24.739	-24.739
Fangelsismál	-	*18.358*	-	*441*	*-17.917*
501 Fangelsismálastofnun ríkisins	-	18.358	-	-	-18.358
591 Fangelsisbyggingar	-	-	-	441	441
Kirkjumál	-	*25.643*	*2.287*	*-1.271*	*-24.627*
701 Biskup Íslands	-	25.643	2.287	-1.271	-24.627
07 Félagsmálaráðuneyti	**71.442**	**53.143**	**73.808**	**165.566**	**257.673**
Ráðuneyti	*12.323*	-	-	-	*12.323*
101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	12.323	-	-	-	12.323
Húsnæðismál	-	-	-	*73.488*	*73.488*
272 Byggingarsjóður verkamanna	-	-	-	73.488	73.488
Stjórnsýslustofnanir	*36.642*	*14.092*	-	-	*22.550*
302 Ríkissáttasemjari	3.574	-	-	-	3.574
311 Jafnréttisráð	381	-	-	-	381
321 Brunamálastofnun ríkisins	32.687	-	-	-	32.687
331 Vinnueftirlit ríksins	-	14.092	-	-	-14.092
Málefni barna og ungmenna	*5.638*	-	-	*11.000*	*16.638*
400 Málefni barna og ungmenna	5.602	-	-	11.000	16.602
401 Barnaverndarráð	36	-	-	-	36
Málefni fatlaðra	*5.448*	*39.051*	*18.700*	*81.078*	*66.175*
700 Málefni fatlaðra	-	1.226	-	-	-1.226
701 Málefni fatlaðra, Reykjavík	-	10.130	-	-	-10.130
702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi	-	4.807	-	-	-4.807
703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi	-	1.223	-	-	-1.223
704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	-	3.445	-	-	-3.445
705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	4.261	-	-	-	4.261
706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	-	8.757	-	-	-8.757
707 Málefni fatlaðra, Austurlandi	-	703	-	-	-703
708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi	-	2.802	-	-	-2.802
710 Meðferðarheimili og sambýli einhverfra	1.120	-	-	-	1.120
711 Styrktarfélag vangefinna	-	5.774	-	-	-5.774
720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	67	-	-	-	67
722 Sólheimar Grímsnesi	-	-	18.700	-	18.700
750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	-	184	-	-	-184
795 Framkvæmdasjóður fatlaðra	-	-	-	81.078	81.078

Þúsundir króna		Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Tilfærslur	Stofnkost. og viðhald	Samtals
	Vinnumál	*2.070*	-	*33.984*	-	*36.054*
980	Vinnumálaskrifstofa	2.070	-	-	-	2.070
981	Vinnumál	-	-	33.984	-	33.984
	Rekstrarhagræðing	*9.321*	-	-	-	*9.321*
950	Rekstrarhagræðing	9.321	-	-	-	9.321
	Annað	-	-	*21.124*	-	*21.124*
999	Félagsmál, ýmis starfsemi	-	-	21.124	-	21.124
08	**Heilbrigðis- og trygg.málaráðun.**	**125.842**	**157.082**	**90.718**	**131.623**	**191.101**
	Ráðuneyti	-	*48*	-	-	*-48*
101	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifsto	-	48	-	-	-48
	Tryggingamál	-	*10.408*	-	-	*-10.408*
201	Tryggingastofnun ríkisins	-	10.408	-	-	-10.408
	Sjúkrastofnanir	*94.923*	*112.335*	*77.121*	*131.623*	*191.332*
357	Sjúkrahúsið Siglufirði	1.201	-	-	-	1.201
358	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	1.501	-	-	-	1.501
360	Sjúkrahúsið Seyðisfirði	-	543	-	-	-543
370	Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	91.014	-	-	-	91.014
371	Ríkisspítalar	-	111.792	-	78.200	-33.592
375	Sjúkrahús Reykjavíkur	1.207	-	-	-	1.207
381	Sjúkrahús og læknisbústaðir	-	-	-	53.423	53.423
385	Framkvæmdasjóður aldraða	-	-	77.121	-	77.121
	Heilsugæsla	*7.369*	*28.356*	*6.270*	-	*-14.717*
378	Læknishéraðasjóður	-	-	173	-	173
500	Heilsugæslustöðvar, almennt	-	-	6.097	-	6.097
510	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	-	5.420	-	-	-5.420
511	Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi nyrðri	-	411	-	-	-411
512	Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi syðra	-	4.276	-	-	-4.276
513	Heilsugæsla í Reykjavík, Miðbæjarumdæmi	-	1.433	-	-	-1.433
514	Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturbæjarumdæmi	-	6.032	-	-	-6.032
515	Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík	-	700	-	-	-700
522	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	-	929	-	-	-929
524	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	-	2.704	-	-	-2.704
525	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	-	53	-	-	-53
526	Heilsugæslustöðin Búðardal	-	846	-	-	-846
531	Heilsugæslustöðin Patreksfirði	4.799	-	-	-	4.799
544	Heilsugæslustöðin Siglufirði	400	-	-	-	400
552	Heilsugæslustöðin Dalvík	80	-	-	-	80
553	Heilsugæslustöðin Akureyri	413	-	-	-	413
555	Heilsugæslustöðin Kópaskeri	-	48	-	-	-48
556	Heilsugæslustöðin Raufarhöfn	-	217	-	-	-217
557	Heilsugæslustöðin Þórshöfn	62	-	-	-	62
561	Heilsugæslustöðin Vopnafirði	207	-	-	-	207
565	Heilsugæslustöðin Eskifirði	258	-	-	-	258
566	Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	18	-	-	-	18
568	Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði	-	170	-	-	-170
571	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	79	-	-	-	79
574	Heilsugæslustöðin Hvolsvelli	520	-	-	-	520
575	Heilsugæslustöðin Hellu	-	507	-	-	-507
576	Heilsugæslustöðin Laugarási	29	-	-	-	29
577	Heilsugæslustöðin Selfossi	400	-	-	-	400
578	Heilsugæslustöðin Hveragerði	-	35	-	-	-35
579	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	-	151	-	-	-151
582	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	104	-	-	-	104
583	Heilsugæslustöðin Garðabæ	-	547	-	-	-547
584	Heilsugæslustöðin Kópavogi	-	2.116	-	-	-2.116
585	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	-	1.761	-	-	-1.761
	Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir	*6.057*	*5.935*	*-12.518*	-	*-12.396*

Þúsundir króna		Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Tilfærslur	Stofnkost. og viðhald	Samtals
301	Landlæknir	-	5.935	-	-	-5.935
311	Héraðslæknir í Reykjavík	145	-	-	-	145
323	Tryggingaeftirlitið	2.146	-	-	-	2.146
324	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	-	-	-12.518	-	-12.518
326	Sjónstöð Íslands	202	-	-	-	202
327	Geislavarnir ríkisins	1.922	-	-	-	1.922
330	Manneldisráð	1.642	-	-	-	1.642
	Rekstrarhagræðing	*4.479*	-	-	-	*4.479*
950	Rekstrarhagræðing	4.479	-	-	-	4.479
	Annað	*13.014*	-	*19.845*	-	*32.859*
340	Málefni fatlaðra	-	-	1.405	-	1.405
393	Lyfjamál	430	-	-	-	430
395	Lyfjaeftirlit ríkisins	4.071	-	-	-	4.071
396	Lyfjanefnd	8.513	-	-	-	8.513
399	Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	-	-	15.154	-	15.154
621	Afengisvarnir og bindindismál	-	-	3.286	-	3.286
09	**Fjármálaráðuneyti**	**122.795**	**12.062**	**6.581**	**121.457**	**238.771**
	Ráðuneyti o.fl.	*1.264*	*1.446*	*6.581*	-	*6.399*
101	Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	1.264	-	-	-	1.264
103	Ríkisbókhald	-	1.353	-	-	-1.353
105	Ríkislögmaður	-	93	-	-	-93
199	Ráðstöfunarfé	-	-	6.581	-	6.581
	Skatta- og tollamál	*55.009*	*10.354*	-	*1.825*	*46.480*
201	Ríkisskattstjóri	-	-	-	1.825	1.825
202	Skattstofan í Reykjavík	-	7.181	-	-	-7.181
203	Skattstofa Vesturlands	1.869	-	-	-	1.869
204	Skattstofa Vestfjarða	-	75	-	-	-75
205	Skattstofa Norðurlands vestra	-	717	-	-	-717
206	Skattstofa Norðurlands eystra	2.617	-	-	-	2.617
207	Skattstofa Austurlands	-	376	-	-	-376
208	Skattstofa Suðurlands	-	141	-	-	-141
209	Skattstofa Vestmannaeyja	-	132	-	-	-132
211	Skattstofa Reykjaness	2.089	-	-	-	2.089
212	Skattamál, ýmis útgjöld	37.438	-	-	-	37.438
214	Yfirskattanefnd	989	-	-	-	989
215	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	841	-	-	-	841
259	Gjaldheimta Suðurnesja	1.500	-	-	-	1.500
261	Ríkistollstjóri	7.666	-	-	-	7.666
262	Tollstjórinn í Reykjavík	-	1.732	-	-	-1.732
	Rekstrarhagræðing	*3.100*	-	-	-	*3.100*
950	Rekstrarhagræðing	3.100	-	-	-	3.100
	Annað	*63.422*	*262*	-	*119.632*	*182.792*
402	Fasteignamat ríkisins	-	262	-	-	-262
901	Framkvæmdasýslan	2.719	-	-	-	2.719
981	Ymsar fasteignir ríkissjóðs	-	-	-	64.138	64.138
995	Skýrsluvélakostnaður	33.770	-	-	51.707	85.477
999	Ymislegt	26.933	-	-	3.787	30.720
10	**Samgönguráðuneyti**	**27.496**	**4.687**	**19.182**	**28.543**	**70.534**
	Ráðuneyti	*23.079*	*3.004*	*19.182*	-	*39.257*
101	Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	-	1.161	-	-	-1.161
190	Ymis verkefni	23.079	1.843	19.182	-	40.418
	Siglingamál	-	*677*	-	*28.543*	*27.866*
330	Vita- og hafnamálastofnun	-	-	-	28.543	28.543
341	Siglingamálastofnun ríkisins	-	677	-	-	-677
	Flugmál	-	*1.006*	-	-	*-1.006*
471	Flugmálastjórn	-	1.006	-	-	-1.006

Þúsundir króna		Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Tilfærslur	Stofnkost. og viðhald	Samtals
	Ferðamál	*1.064*	-	-	-	*1.064*
651	Ferðamálaráð	1.064	-	-	-	1.064
	Annað	*3.353*	-	-	-	*3.353*
511	Fjarskiptaeftirlit ríkisins	3.353	-	-	-	3.353
11	**Iðnaðarráðuneyti**	**5.332**	**17.386**	**31.716**	**-**	**19.662**
	Ráðuneyti	*4.638*	*4.428*	-	-	*210*
101	Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	-	4.428	-	-	-4.428
102	Einkaleyfastofan	4.638	-	-	-	4.638
	Iðnaðarmál	*694*	*3.429*	*26.716*	-	*23.981*
201	Iðntæknistofnun Islands	694	-	-	-	694
203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	-	2.076	-	-	-2.076
240	Iðnaðarrannsóknir	-	1.353	-	-	-1.353
299	Iðja og iðnaður, framlög	-	-	26.716	-	26.716
	Orkumál	-	*9.529*	*5.000*	-	*-4.529*
301	Orkustofnun	-	2.316	-	-	-2.316
302	Rafmagnseftirlit ríkisins	-	7.213	-	-	-7.213
399	Ymis orkumál	-	-	5.000	-	5.000
12	**Viðskiptaráðuneyti**	**3.305**	**7.771**	**999**	**-**	**-3.467**
	Ráðuneyti	-	*4.412*	*999*	-	*-3.413*
101	Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	-	4.412	-	-	-4.412
190	Ymis verkefni	-	-	999	-	999
	Viðskiptamál	*3.305*	*3.359*	-	-	*-54*
301	Löggildingarstofan	-	3.359	-	-	-3.359
902	Samkeppnisstofnun	2.847	-	-	-	2.847
903	Skráning hlutafélaga	458	-	-	-	458
13	**Hagstofa Islands**	**11.489**	**9.274**	**-**	**-**	**2.215**
	Hagstofa Islands	*11.489*	*9.274*	-	-	*2.215*
101	Hagstofa Islands, aðalskrifstofa	-	9.274	-	-	-9.274
102	Þjóðskráin	11.489	-	-	-	11.489
14	**Umhverfisráðuneyti**	**35.585**	**18.450**	**368**	**-**	**17.503**
	Ráðuneyti	*2.681*	*7.670*	*368*	-	*-4.621*
101	Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	-	5.695	-	-	-5.695
190	Ymis verkefni	2.681	1.975	368	-	1.074
	Umhverfisvernd	*4.029*	*7.038*	-	-	*-3.009*
201	Náttúruverndarráð	-	3.433	-	-	-3.433
202	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	-	152	-	-	-152
210	Veiðistjóri	4.029	-	-	-	4.029
221	Hollustuvernd ríkisins	-	3.453	-	-	-3.453
	Skipulagsmál	*27.343*	*149*	-	-	*27.194*
301	Skipulagsstjóri ríkisins	27.343	-	-	-	27.343
310	Landmælingar Islands	-	149	-	-	-149
	Rannsóknir	*1.532*	*3.593*	-	-	*-2.061*
401	Náttúrufræðistofnun Islands	26	-	-	-	26
403	Náttúrustofur	1.506	-	-	-	1.506
410	Veðurstofa Islands	-	3.593	-	-	-3.593
	Samtals öll ráðuneyti	***785.247***	***777.279***	***593.959***	***1.022.085***	***1.624.012***

776. Frumvarp til laga [444. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

Í stað orðsins „virðisaukaskatt“ í 1. málsl. 2. mgr. 42. gr. laganna kemur: 60% þess virðisaukaskatts.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1996.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpinu er lagt til að endurgreiðsla á virðisaukaskatti til byggjenda íbúðarhúsnæðis vegna vinnu manna á byggingarstað verði lækkuð í 60% af greiddum virðisaukaskatti. Þetta er gert í tengslum við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að leggja fram frumvarp til breytinga á lögum nr. 97/1987, um vörugjald. Gert er ráð fyrir að breytingar á vörugjaldslögunum muni lækka tekjur ríkissjóðs um u.þ.b. 450 millj. kr. Til þess að mæta tekjutapinu ákvað ríkisstjórnin að draga úr endurgreiðslum á virðisaukaskatti af vinnu við íbúðarhúsnæði. Var ákveðið að endurgreiðsla vegna vinnu við íbúðarhúsnæði skuli nema 60% af greiddum virðisaukaskatti. Áætlað var að sú endurgreiðsla mundi árið 1996 nema u.þ.b. 1.100 millj. kr. Með þessari breytingu má gera ráð fyrir að endurgreiðsla á virðisaukaskatti af vinnu við íbúðarhúsnæði muni lækka um 440 millj. kr. Til mótvægis við lækkun á endurgreiðslu á virðisaukaskatti verða vörugjöld felld niður eða lækkuð, þar á meðal af ýmsum byggingarvörum, t.d. málningu, einangrunarefni og lagnaefni, svo og af heimilistækjum.

Lagt er til að orðalagi 2. mgr. 42. gr. laganna verði breytt þannig að byggjendur íbúðarhúsnæðis fá einungis 60% af greiddum virðisaukaskatti af vinnu manna á byggingarstað endurgreidd, í stað þess að fá virðisaukaskattinn endurgreiddan að fullu eins og nú er.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er að finna ákvæði um breytingu á 2. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum. Lagt er til að endurgreiðsla á virðisaukaskatti til byggjenda íbúðarhúsnæðis vegna vinnu manna á byggingarstað verði lækkuð í 60% af greiddum virðisaukaskatti. Gert er ráð fyrir að endurgreisla á virðisaukaskatti vegna byggingar íbúðarhúsnæðis muni af þessum sökum lækka úr u.þ.b. 1.100 millj. kr. í 660

millj. kr. á þessu ári. Ekki verður þó um tekjuaukningu fyrir ríkissjóð að ræða því ákveðið hefur verið að fella niður og lækka vörugjöld af ýmsum vörum með frumvarpi til breytinga á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta mun ekki hafa í för með sér breytingu á framkvæmd endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna byggingar íbúðarhúsnæðis. Kostnaður ríkissjóðs af þeim breytingum sem frumvarpið gerir ráð fyrir verður því óverulegur.

777. Frumvarp til laga [445. mál]

um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „í 3. gr.“ í 1. mgr. kemur: í viðauka I við lög þessi.
b. Við 1. mgr. bætist við nýr málsliður er orðast svo: Sala á gjaldskyldri vöru til varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, sbr. lög nr. 110/1951, telst sala úr landi í skilningi laga þessara.
c. Orðin „og gilda ákvæði þeirra jafnframt um úrskurðarvald í ágreiningsmálum um tollflokkun vara“ í 2. mgr. falla brott.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Vörugjald skal reiknað með tvenns konar hætti; annars vegar sem tiltekin fjárhæð fyrir hvert kílógramm eða hvern lítra af gjaldskyldri vöru (magngjald), en hins vegar sem tiltekið hlutfall af verðmæti gjaldskyldrar vöru (verðgjald).

Af vörum, sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í A–lið í viðauka I, skal greiða tiltekna fjárhæð fyrir hvert kílógramm af vörunni án umbúða, eftir því sem nánar er kveðið á um í viðaukanum.

Af vörum, sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í B–lið í viðauka I, skal greiða tiltekna fjárhæð fyrir hvern lítra af vörunni, eftir því sem nánar er kveðið á um í viðaukanum.

Af vörum, sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í C–F-liðum í viðauka I, skal greiða gjald af verðmæti vöru sem hér segir:

1. 15% af vörum sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í C–lið.
2. 20% af vörum sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í D–lið.
3. 25% af vörum sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í E–lið.
4. 30% af vörum sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í F–lið.

3. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 4. gr. laganna:

a. 2. málsl. 2. tölul. 1. mgr. fellur brott.

b. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Aðilar, sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr., aðrir en þeir sem flytja vörur til landsins til eigin nota, skulu ótilkvaddir og eigi síðar en 15 dögum áður en vörugjaldsskyld starfsemi hefst, tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi til skráningar hjá skattstjóra ef um framleiðanda er að ræða, en hjá tollstjóra ef um innflytjanda er að ræða, þar sem aðilar eiga lögheimili.

4. gr.

5. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Gjaldstofn verðgjalds.

Gjaldstofn vörugjalds af innfluttum vörum, sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í C–F-liðum í viðauka I, er tollverð þeirra eins og það er ákveðið í 8.–10. gr. tollalaga, að viðbættum tollum eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt þeim lögum.

5. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Gjaldstofn vörugjalds af innlendum framleiðsluvörum, sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í C–F-liðum í viðauka I, er verksmiðjuverð þeirra.

Verksmiðjuverð er söluverð vöru frá framleiðanda, þ.e. það verð sem kaupandi greiðir eða ber að greiða við kaup á vöru af framleiðanda án frádráttar nokkurs kostnaðar eða þjónustugjalds.

Samsvari verksmiðjuverð ekki heildarandvirði vöru, t.d. vegna þess að kaupandi eða annar framleiðandi leggur til hráefni, efnivörur eða annað verðmæti sem vörugjald hefur ekki þegar verið greitt af, skal heildarandvirði vörunnar teljast gjaldstofn til vörugjalds.

Ef framleiðandi er jafnframt heildsali eða smásali vöru eða ef verksmiðjuverð vöru liggur ekki fyrir af öðrum ástæðum skal gjaldstofn vera almennt gangverð á sömu eða sams konar vöru við sölu frá framleiðendum. Ef slíkt almennt gangverð liggur ekki fyrir skal gjaldstofn vera verksmiðjuverð framleiðanda á sömu eða sams konar vöru í sambærilegum viðskiptum við óháða aðila.

Ef framleiðandi og kaupandi eru háðir hvor öðrum í skilningi 2. mgr. 8. gr. tollalaga er skattyfirvöldum heimilt að ákvarða gjaldstofn samkvæmt ákvæðum 4. mgr.

Ríkisskattstjóri skal gefa út reglur um mat til verðs samkvæmt þessari grein.

6. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Vörugjald af innfluttum vörum skal reiknast við tollafgreiðslu.

Vörugjald af innlendum framleiðsluvörum skal reiknast við sölu eða afhendingu vöru frá framleiðanda og skiptir ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla kaupanda fer fram.

7. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Hvert uppgjörstímabil aðila sem skráðir eru samkvæmt 2. mgr. 4. gr. er tveir mánuðir, desember og janúar, febrúar og mars, apríl og maí, júní og júlí, ágúst og september, október og nóvember. Gjalddagi hvers uppgjörstímabils er fimmtándi dagur annars mánaðar eftir lok þess.

Gjaldskyldir aðilar, sem skráðir eru skv. 2. mgr. 4. gr., skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs vörugjald vegna gjaldskyldra vara sem voru tollafgreiddar eða voru seldar eða afhentar á uppgjörstímabilinu. Aðrir gjaldskyldir aðilar skulu greiða vörugjald við tollafgreiðslu.

Gjaldskyldir aðilar skv. 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. skulu skila vörugjaldsskýrslu vegna sölu eða afhendingar á innlendum framleiðsluvörum eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils. Skattstjóri skal áætla vörugjald af viðskiptum þeirra aðila sem ekki skila skýrslu innan tilskilins tíma, senda enga skýrslu eða ef skýrslu eða fylgigögnum er ábótavant. Skattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og gjaldskyldum aðila um áætlanir og leiðréttingar sem gerðar hafa verið.

Sé vörugjald ekki greitt á tilskildum tíma skal aðili sæta álagi til viðbótar því vörugjaldi sem honum ber að standa skil á. Sama gildir ef vörugjaldsskýrslu hefur ekki verið skilað eða henni er ábótavant og vörugjald því áætlað, nema aðili hafi greitt fyrir gjalddaga vörugjaldsins upphæð er til áætlunar svarar eða gefið fyrir lok kærufrests fullnægjandi skýringu á vafaatriðum. Álag skal vera 1% af þeirri upphæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 10%.

Sé vörugjald ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir vaxtalögum, nr. 25/1987, með síðari breytingum.

8. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Við skil á vörugjaldi í ríkissjóð er gjaldanda heimilt að draga frá það vörugjald sem hann hefur sannanlega greitt við kaup á hráefni og efnivöru til gjaldskyldrar framleiðslu á viðkomandi uppgjörstímabili, hvort sem varan er seld innan lands með vörugjaldi eða úr landi án vörugjalds.

Sé vörugjald af aðföngum hærra á uppgjörstímabili en vörugjald af sölu skal mismunur endurgreiddur úr ríkissjóði. Hafi vörugjaldsskýrslu verið skilað á tilskildum tíma skal endurgreiðsla fara fram innan 15 daga frá lokum skilafrests.

9. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 10. gr. og orðast svo:

Álagning vörugjalds er kæranleg, til tollstjóra ef um innflutta vöru er að ræða en til skattstjóra ef um innlenda framleiðsluvöru er að ræða, innan þrjátíu daga frá gjalddaga gjaldsins. Kæru skal fylgja skriflegur rökstuðningur. Innsend fullnægjandi vörugjaldsskýrsla skal tekin sem kæra þegar um er að ræða áætlanir skv. 3. mgr. 8. gr. Tollstjóri eða skattstjóri skal kveða upp skriflegan rökstuddan úrskurð um kæruna og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi innan þrjátíu daga frá lokum kærufrests.

Gjaldskyldur aðili og ríkistollstjóri geta skotið úrskurði tollstjóra skv. 1. mgr. til ríkistollanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Um kærufresti og málsmeðferð fer eftir ákvæðum 101. gr. tollalaga.

Gjaldskyldur aðili og ríkisskattstjóri geta skotið úrskurði skattstjóra skv. 1. mgr. til yfirskattanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Um kærufresti og málsmeðferð fer eftir ákvæðum 2.–7. mgr. 29. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

10. gr.

10. gr. laganna, sem verður 11. gr., orðast svo:

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum um álagningu, gjaldskyldu, gjaldfrelsi, veð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði tollalaga, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um álagningu, innheimtu, tilhögun bókhalds, framtöl, eftirlit, stöðvun atvinnurekstrar, viðurlög, sektir, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald af innlendri framleiðsluvöru skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 50/1988, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

11. gr.

Viðauki við lögin orðast svo:

Viðauki I við lög um vörugjald.

A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða í vörugjald krónur fyrir hvert kílógramm af vörunni án umbúða, sem hér segir:

Tollskrárnúmer	*kr./kg*	*Tollskrárnúmer*	*kr./kg*	*Tollskrárnúmer*	*kr./kg*
0813.4001	80	1701.9901	30	1704.9001	65
0813.5001	80	1701.9902	30	1704.9002	65
0901.1100	32	1701.9903	30	1704.9003	65
0901.1200	32	1701.9904	30	1704.9004	65
0901.2101	40	1701.9905	30	1704.9005	65
0901.2109	40	1701.9906	30	1704.9006	65
0901.2201	40	1701.9907	30	1704.9007	65
0901.2209	40	1701.9909	30	1704.9009	65
0901.9000	40	1702.1100	30	1805.0001	15
0902.1000	40	1702.1900	30	1805.0009	15
0902.2000	40	1702.2000	30	1806.1000	65
0902.3000	40	1702.3001	30	1806.2001	65
0902.4000	40	1702.3002	30	1806.2003	65
0903.0000	40	1702.3009	30	1806.2004	65
0909.1001	80	1702.4001	30	1806.2005	65
0909.5001	80	1702.4002	30	1806.2006	65
1211.9001	80	1702.4009	30	1806.2009	65
1211.9002	80	1702.5000	30	1806.3101	65
1701.1100	30	1702.6000	30	1806.3109	65
1701.1200	30	1702.9001	30	1806.3201	65
1701.9101	30	1702.9002	30	1806.3202	65
1701.9102	30	1702.9003	30	1806.3203	65
1701.9103	30	1702.9004	30	1806.3209	65
1701.9104	30	1702.9009	30	1806.9011	15
1701.9105	30	1703.1002	30	1806.9012	15
1701.9106	30	1703.1009	30	1806.9019	15
1701.9107	30	1703.9009	30	1806.9023	65
1701.9109	30	1704.1000	65	1806.9024	65

1806.9025	65	2008.5001	12	3004.9004	65
1806.9026	65	2008.5009	12	3302.1002	70
1806.9027	65	2008.6001	12	3302.1029	65
1806.9028	65	2008.6009	12	3916.1001	10
1806.9029	65	2008.7001	12	3916.2001	10
1806.9039	65	2008.7009	12	3916.9001	10
1901.9011	15	2008.8001	12	3917.2101	10
1901.9019	15	2008.8009	12	3917.2201	10
1904.1001	40	2008.9100	12	3917.2301	10
1905.2000	40	2008.9201	12	3917.2901	10
1905.3011	40	2008.9209	12	3917.3201	10
1905.3019	40	2008.9901	12	3921.1101	10
1905.3021	40	2008.9902	12	3921.1201	10
1905.3029	40	2008.9909	12	3921.1902	10
1905.3030	40	2101.1100	80	3921.9002	10
1905.9030	20	2101.1201	80	4011.1000	20
1905.9060	20	2101.1209	80	4011.2000	20
2005.2003	20	2101.2001	80	4011.4000	20
2006.0011	12	2101.2009	80	4011.5000	20
2006.0012	12	2101.3001	80	4011.9100	20
2006.0019	12	2101.3009	80	4011.9900	20
2006.0021	12	2106.9021	400	4012.1000	20
2006.0022	12	2106.9022	30	4012.2000	20
2006.0023	12	2106.9023	80	4012.9000	20
2006.0029	12	2106.9024	80	4013.1000	20
2006.0030	12	2106.9025	80	4013.2000	20
2007.1000	12	2106.9026	80	4013.9000	20
2007.9100	12	2106.9031	25	4016.9922	20
2007.9900	12	2106.9039	80	4016.9925	20
2008.1101	12	2106.9041	25	4504.1005	10
2008.1109	12	2106.9042	25	4504.9003	10
2008.1900	12	2106.9048	25	4811.1000	10
2008.2001	12	2106.9049	25	4823.9005	10
2008.2009	12	2106.9061	65	6806.1009	10
2008.3001	12	2106.9062	12	7019.3101	10
2008.3009	12	2106.9063	30	7019.3901	10
2008.4001	12	3003.9001	65	7019.9003	10
2008.4009	12	3004.5004	65	7019.9009	10

.

B. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða í vörugjald krónur fyrir hvern lítra af vörunni sem hér segir:

Tollskrárnúmer	*kr./l*	*Tollskrárnúmer*	*kr./l*	*Tollskrárnúmer*	*kr./l*
2009.1101	9	2009.9009	9	2204.2161	9
2009.1109	9	2105.0011	9	2204.2131	9
2009.1901	9	2105.0019	9	2204.2141	9
2009.1909	9	2105.0021	9	2204.2911	9
2009.2001	9	2105.0029	9	2204.2921	9
2009.2009	9	2106.9011	9	2204.2931	9
2009.3001	9	2106.9019	9	2204.2941	9
2009.3009	9	2201.1000	9	2204.2951	9
2009.4001	9	2202.1001	9	2204.2961	9
2009.4009	9	2202.1002	9	2204.3001	9
2009.5001	9	2202.1009	9	2205.1001	9
2009.5009	9	2202.9001	9	2205.9001	9
2009.6001	9	2202.9002	9	2206.0001	9
2009.6009	9	2202.9009	9	2206.0009	9
2009.7001	9	2203.0001	9	2208.9009	9
2009.7009	9	2204.1001	9	2208.9091	9
2009.8001	9	2204.2111	9	2209.0000	9
2009.8009	9	2204.2121	9	3302.1021	9
2009.9001	9	2204.2151	9	3302.1030	9

C. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða 15% vörugjald:

3303.0001	3701.9109	3918.1001	3920.7101	4407.1001
3303.0002	3701.9909	3918.1002	3920.7301	4407.2101
3304.1000	3702.2000	3918.9011	3920.7901	4407.2201
3304.2000	3702.3100	3918.9019	3920.9101	4407.2401
3304.3000	3702.3200	3918.9021	3920.9401	4407.2501
3304.9100	3702.3909	3918.9029	3920.9902	4407.2601
3304.9900	3702.4402	3919.9010	3922.1000	4407.2901
3305.2000	3702.5100	3920.1002	3922.2000	4407.9101
3305.3000	3702.5200	3920.2001	3922.9001	4407.9201
3305.9000	3702.5300	3920.3001	3922.9009	4407.9901
3307.1000	3702.5400	3920.4101	3925.9002	4409.1001
3307.2000	3702.5500	3920.4202	3926.3001	4409.2001
3307.3000	3702.5600	3920.5101	4008.1101	4410.1101
3307.4100	3702.9100	3920.5901	4008.2101	4410.1901
3307.4900	3702.9200	3920.6101	4016.9100	4410.9001
3307.9002	3702.9300	3920.6201	4016.9918	4411.1101
3307.9009	3702.9400	3920.6301	4016.9919	4411.1901
3701.2000	3702.9500	3920.6901	4016.9925	4411.2101

4411.2901	5705.0009	7320.9001	8535.4000	8544.6000
4411.3101	5805.0000	7324.1000	8535.9000	8544.7000
4411.3901	5904.1000	7324.2100	8536.1000	8714.1100
4411.9101	5904.9100	7324.2900	8536.2000	8714.1900
4411.9901	5904.9200	7324.9000	8536.3000	8716.8001
4412.1301	6702.1000	7417.0000	8536.4100	8716.8009
4412.1401	6702.9000	7418.2000	8536.4900	8716.9009
4412.1901	6802.1000	7419.9904	8536.5000	9007.1100
4412.2201	6802.2109	8301.2000	8536.6100	9007.1900
4412.2301	6802.2209	8301.4001	8536.6900	9007.2100
4412.2901	6802.2309	8302.1001	8536.9000	9007.2009
4412.9201	6802.2909	8302.3000	8537.1009	9007.9100
4412.9301	6802.9109	8302.4901	8537.2000	9007.9200
4412.9901	6802.9209	8407.3100	8538.1000	9405.1001
4413.0001	6802.9309	8407.3200	8538.9000	9405.1009
4418.3000	6802.9909	8407.3300	8539.1000	9405.2001
4504.1002	6803.0000	8407.3400	8539.2100	9405.2009
4601.2000	6806.2000	8408.2000	8539.2200	9405.3000
4815.0000	6806.9001	8426.1201	8539.2900	9405.4001
5602.9001	6806.9009	8426.1900	8539.3100	9405.4009
5701.1000	6807.1001	8426.1209	8539.3200	9405.5000
5701.9000	6807.9001	8426.2000	8539.3900	9405.6001
5702.1000	6808.0000	8426.3000	8539.4000	9405.6009
5702.2000	6809.1101	8426.4101	8539.4100	9405.9101
5702.3100	6809.1901	8426.4109	8539.4900	9405.9109
5702.3200	6809.9001	8426.4900	8539.9000	9405.9201
5702.3900	6809.9009	8426.9100	8540.1100	9405.9202
5702.4100	6811.2001	8426.9900	8540.1200	9405.9209
5702.4200	6811.9001	8428.1001	8540.2000	9405.9901
5702.4900	6811.9009	8428.4000	8540.4000	9405.9909
5702.5100	6814.1000	8431.3100	8540.5000	9405.9910
5702.5200	6904.9000	8481.1000	8540.6000	9405.9921
5702.5900	6905.1000	8481.2000	8540.7100	9405.9929
5702.9100	6905.9000	8481.3000	8540.7200	
5702.9200	6907.1000	8481.4000	8540.7900	
5702.9900	6907.9000	8481.8000	8540.8100	
5703.1001	6908.1000	8481.9000	8540.8900	
5703.1009	6908.9000	8507.1000	8540.9100	
5703.2001	6910.1000	8507.2000	8540.9900	
5703.2009	6910.9000	8507.3009	8544.1100	
5703.3001	7007.1101	8507.4000	8544.1900	
5703.3009	7007.2101	8507.8000	8544.2009	
5703.9001	7009.1000	8507.9000	8544.3000	
5703.9009	7014.0001	8535.1000	8544.4100	
5704.1000	7315.9001	8535.2100	8544.4900	
5704.9000	7320.1000	8535.2900	8544.5100	
5705.0001	7320.2001	8535.3000	8544.5900	

D. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða 20% vörugjald:

7321.1100	8421.3901	8476.8900	8516.7909	8708.9900
7321.1200	8422.1100	8476.9000	8516.8001	9608.1000
7321.1300	8433.1100	8479.6001	8544.3000	9608.2000
7321.8100	8433.1900	8479.8901	8545.9001	9608.3100
7321.8200	8450.1100	8511.1000	8708.1000	9608.3900
7321.8300	8450.1200	8511.2000	8708.2900	9608.4000
7321.9000	8450.1900	8511.3000	8708.3100	9608.5000
8418.1001	8450.9000	8511.4000	8708.3900	9608.6000
8418.2100	8451.1009	8511.5000	8708.4000	9608.9100
8418.2200	8451.2100	8511.8000	8708.5000	9608.9900
8418.2900	8451.3001	8511.9000	8708.6000	9609.1000
8418.3001	8476.1100	8516.5000	8708.7000	9609.2000
8418.4001	8476.1900	8516.6001	8708.8000	9609.9000
8418.6101	8476.2100	8516.6002	8708.9100	
8418.6901	8476.2900	8516.6009	8708.9300	
8421.1201	8476.8100	8516.7901	8708.9400	

E. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða 25% vörugjald:

8517.1901	8518.9000	8519.9100	8520.2000	8521.1021
8518.2109	8519.1000	8519.9200	8520.3100	8521.1029
8518.2209	8519.2100	8519.9300	8520.3200	8521.9021
8518.2900	8519.2900	8519.9901	8520.3300	8521.9029
8518.3000	8519.3100	8519.9902	8520.3900	8522.1000
8518.4009	8519.3900	8519.9909	8520.9001	8522.9000
8518.5009	8519.4000	8520.1000	8520.9009	

F. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða 30% vörugjald:

8527.1201	8527.2900	8528.1302	8543.9001	9305.2100
8527.1209	8527.3101	8528.1309	9301.0000	9305.2900
8527.1301	8527.3102	8528.2109	9302.0000	9305.9000
8527.1302	8527.3109	8528.2209	9303.1000	9306.1000
8527.1309	8527.3200	8528.3009	9303.2000	9306.2100
8527.1900	8527.3900	8529.1009	9303.3000	9306.2900
8527.2101	8527.9009	8529.9009	9303.9009	9306.3009
8527.2102	8528.1202	8543.8001	9304.0000	9306.9009
8527.2109	8528.1209	8543.8901	9305.1000	9307.0000

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1996. Ákvæði þeirra skulu taka til allra vara sem þá eru ótollafgreiddar, þó ekki vara sem afhentar hafa verið með bráðabirgðatollafgreiðslu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Allir þeir sem framleiða eða flytja til landsins vöru sem skattskyld er samkvæmt lögum þessum og eru ekki skráðir á vörugjaldsskrá skv. 2. mgr. 4. gr. við gildistöku laga þessara skulu tilkynna innan 15 daga frá því að lög þessi öðlast gildi um rekstur sinn og starfsemi til skattstjóra eða tollstjóra þar sem þeir eiga lögheimili.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Hinn 20. mars 1994 gerði Eftirlitsstofnun EFTA (EFTA Surveillance Authority, skammstafað ESA) formlega athugasemd við álagningu vörugjalds hér á landi. Stofnunin taldi að lög nr. 97/1987, um vörugjald, samræmdust ekki að öllu leyti ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Tilefni þess að ESA hóf rannsókn á íslensku vörugjaldslögunum var kæra frá innlendum hagsmunaaðilum. Íslensk stjórnvöld gerðu stofnuninni ítarlega grein fyrir gjaldtökunni, bæði skriflega og á fundum. Þrátt fyrir að ýmsar skýringar stjórnvalda hafi verið teknar til greina af stofnuninni gaf hún út rökstutt álit (Reasoned Opinion) 21. júní 1995 um málið þar sem gerðar voru athugasemdir við tvö atriði í álagningu vörugjalds, þ.e. sérstakt 25% álag á gjaldstofn innfluttrar vöru og mismunandi greiðslufresti á vörugjaldi af innfluttum vörum og innlendum framleiðsluvörum. Hefur ESA nú kært málið til EFTA-dómstólsins. Af Íslands hálfu hefur stofnuninni verið tilkynnt að gerðar verði breytingar á lögum um vörugjald til að mæta þessum athugasemdum.

Ríkisstjórnin ákvað nú fyrir skömmu að leggja fram frumvarp til breytinga á lögum um vörugjald. Frumvarpið felur í sér ýmsar breytingar á álagningu vörugjalds. Í fyrsta lagi er lagt til að magngjald verði lagt á sælgæti, drykkjarvörur, sykur og fleiri matvæli og að gjaldið reiknist sem krónur á hvert kílógramm eða á hvern lítra vörunnar, í stað þess verðgjalds sem nú er lagt á. Fjárhæð gjaldsins verður miðuð við að gjald á þessar vörur lækki að jafnaði. Þá kemur magngjald einnig í stað verðgjalds á hjólbarða og einangrunarefni. Í öðru lagi verður vörugjald fellt niður af nokkrum vöruflokkum. Í þriðja lagi verður verðgjald á ýmsar aðrar vörur, sem nú bera vörugjald, samræmt og gjaldflokkum fækkað. Verðgjaldið mun framvegis verða reiknað af tollverði innfluttrar vöru og verksmiðjuverði innlendrar framleiðsluvöru. Í fjórða lagi verður frestur til greiðslu á vörugjaldi hinn sami vegna innfluttrar vöru og innlendrar framleiðslu.

Gera má ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs muni lækka um u.þ.b. 450 milljónir króna við þessa breytingu. Til þess að mæta því tekjutapi verður lagt til að dregið verði úr endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna vinnu við íbúðarhúsnæði sem nemur sömu fjárhæð.

Þessar breytingar ættu að leiða til nokkurrar lækkunar á verði á þeim vörum sem vörugjald nær til. Er áætlað að lækkun gjaldsins svari til um 1,5% lækkunar á verði þeirra að meðaltali, eða um 0,5% lækkunar á innfluttum vörum en um 3,7% lækkunar á innlendri vörugjaldsskyldri framleiðslu sem styrkist í samkeppnisstöðu með þessum breytingum. Verðáhrifin eru nokkuð mismunandi milli einstakra vörutegunda, sbr. töflu á bls. 10–11.

Ríkisstjórnin stefnir að frekari lækkun vörugjalda um 350 milljónir króna í tengslum við samræmingu á tryggingargjaldi á milli atvinnugreina sem ríkisstjórnin mun undirbúa á næstunni og koma mun til framkvæmda á næstu árum. Í þeim áfanga er reiknað með frekari lækkun magngjalda, lækkun hæstu flokka verðgjalds og að vörugjaldsskyldum vörum fækki.

2. Lög nr. 97/1987, um vörugjald.

Lög nr. 97/1987, um vörugjald, voru sett sem hluti af kerfisbreytingu sem gerði ráð fyrir að tollkerfið yrði í stórum dráttum byggt á tveimur tekjustofnum, almennum tollum og vörugjaldi, í stað margra smærri tekjustofna. Þá var til einföldunar tekið upp það nýmæli að miða gjaldstofn vörugjalds við heildsöluverð vöru, hvort sem um var að ræða innflutta vöru eða vöru framleidda innan lands. Áætluð heildsöluálagning var tekin upp við ákvörðun gjaldstofns á innfluttri vöru þannig að gjaldstofn við innflutning varð tollverð að viðbættum tollum auk 25% áætlaðrar heildsöluálagningar. Þá varð jafnframt sú breyting að þeir aðilar, sem annast heildsöludreifingu innlendrar framleiðslu, urðu gjaldskyldir með sama hætti og framleiðendurnir sjálfir.

Samkvæmt lögum nr. 97/1987 er vörugjaldið verðgjald sem greiða ber af tilteknum innfluttum vörum og vörum sem framleiddar eru, unnið er að eða pakkað er hér á landi. Gjaldflokkar vörugjalds eru sjö og er hlutfall gjaldsins 6, 11, 16, 18, 20, 25 eða 30% af verði. Gjaldstofn innfluttra vara er tollverð þeirra samkvæmt tollalögum auk 25% áætlaðrar heildsöluálagningar. Gjaldstofn af innlendum framleiðsluvörum er hins vegar heildsöluverð vöru, þ.e. það verð sem greitt er eða greiða ber við sölu vörunnar til smásala.

Vörugjaldi, ásamt vörugjaldsskýrslu, skal skila eigi síðar en á gjalddaga. Gjalddagi vörugjalds er fimmti dagur þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils vegna sölu eða afhendingar á því tímabili. Sé vörugjald ekki greitt á gjalddaga reiknast álag, sem nemur 2% af þeirri upphæð sem vangreidd er, fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 20%. Sé vörugjald ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga reiknast dráttarvextir af því sem gjaldfallið er. Gjaldanda er heimilt að draga frá innheimtu gjaldi af sölu það vörugjald sem hann hefur sannanlega greitt við kaup á hráefni og efnivöru til gjaldskyldrar framleiðslu á viðkomandi uppgjörstímabili.

3. Athugasemdir ESA.

Í athugasemdum ESA eru ekki gerðar almennar athugasemdir við álagningu skatta eða gjalda hér á landi í formi almennra vörugjalda. Það þýðir að lög nr. 97/1987 eru að mati stofnunarinnar ekki andstæð ákvæðum 14. gr. EES-samningsins, enda verði þeim breytt í samræmi við vilja hennar.

Hins vegar eru í áliti ESA gerðar sérstakar athugasemdir við tvö atriði í framkvæmd vörugjalds hér á landi. Stofnunin telur þau ósamrýmanleg EES-samningnum þar sem þau feli í sér mismunun við skattlagningu á innlendri framleiðsluvöru annars vegar og á innfluttri vöru hins vegar. Það álit byggist meðal annars á lögskýringargögnum og dómaframkvæmd sambærilegra ákvæða í stofnsáttmála Evrópusambandsins.

Athugasemdir ESA varða eftirfarandi atriði í vörugjaldslögunum:

a. Mismunandi gjaldstofn er fyrir innfluttar vörur og innlendar framleiðsluvörur: Skv. 5. gr. laga nr. 97/1987 er 25% áætlað heildsöluálag lagt á tollverð innfluttra vara að viðbættum tollum. Aftur á móti er ekki um sambærilegt álag að ræða á gjaldskyldar vörur sem framleiddar eru innan lands eða fengið hafa einhverja vinnslumeðferð hér á landi, heldur miðast gjaldstofn þeirra að jafnaði við raunverulegt heildsöluverð hverju sinni samkvæmt reikningi.
b. Greiðslufrestur vörugjalds er mismunandi eftir því hvort um er að ræða innfluttar vörur eða innlendar framleiðsluvörur: Skv. 7. gr. laga nr. 97/1987 ber að greiða gjald af innfluttum vörum við tollafgreiðslu, en í 8. gr. er kveðið á um lengri greiðslufrest af vörum sem framleiddar eru hér á landi.

4. Efni frumvarpsins.

Í frumvarpi þessu er komið til móts við fyrrgreindar athugasemdir ESA, bæði hvað varðar mismunandi greiðslufrest og mismunandi gjaldstofn vörugjalds, eftir því hvort um er að ræða innfluttar vörur eða innlendar framleiðsluvörur.

Lagt er til að greiðslufrestur vegna vörugjalds af innfluttum vörum og innlendum framleiðsluvörum verði samræmdur með því að lengja greiðslufrest á vörugjaldi af innfluttum vörum en stytta greiðslufrest á gjaldi af innlendum framleiðsluvörum. Gert er ráð fyrir að uppgjörstímabil allra gjaldskyldra aðila verði tveir mánuðir og gjalddagi 15. dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Þá er gert ráð fyrir að uppgjörstímabil færist til frá því sem nú er þannig að t.d. desember og janúar myndi eitt uppgjörstímabil í stað janúar og febrúar áður.

Þær leiðir, sem taldar hafa verið koma til greina til að breyta lögum nr. 97/1987 til samræmis við athugasemdir ESA um mismunandi gjaldstofn af innfluttum vörum og af innlendum framleiðsluvörum, eru eftirfarandi:

a. Að miða gjaldstofn vörugjalds við verksmiðjuverð: Það mundi þýða að við innflutning yrði vörugjald lagt á tollverð hinnar innfluttu vöru að viðbættum tollum, en án áætlaðrar heildsöluálagningar. Gjaldstofn innlendrar framleiðslu yrði hins vegar söluverð vöru frá framleiðanda hennar. Gjaldendur yrðu því að öllu jöfnu innflytjendur og innlendir framleiðendur. Með þessu móti yrði áætluð heildsöluálagning í tolli afnumin og þar með komið til móts við athugasemdir ESA.
b. Að miða gjaldstofn við heildsöluverð: Þá yrði endanleg gjaldskylda á heildsölustigi, bæði hvað varðar innfluttar vörur og vörur sem framleiddar eru innan lands. Með þessu væri unnt að afnema áætlaða heildsöluálagningu í tolli til samræmis við athugasemdir ESA og leggja raunverulegt heildsöluverð til grundvallar gjaldtökunni. Hins vegar mundi þetta leiða til mikillar fjölgunar á gjaldskyldum aðilum og gera eftirlit og framkvæmd dýrari og flóknari.
c. Að miða gjaldstofn við smásöluverð: Með þeirri leið yrði komið til móts við athugasemdir ESA varðandi áætlaða heildsöluálagningu þar sem ekki þyrfti að leggja á áætlað álag í tolli. Á hinn bóginn yrði mikil fjölgun á gjaldskyldum aðilum. Samhliða því ykist kostnaður gjaldskyldra aðila, sem og stjórnvalda, vegna meira umstangs og fyrirhafnar við innheimtu og skil á gjaldinu.
d. Að breyta vörugjaldi úr verðgjaldi í magngjald: Þessi leið þýðir að gjaldstofn vörugjalds yrði ekki verðmæti vörunnar eins og nú er heldur magn hennar, þ.e. gjaldið reiknast sem ákveðin krónutala á tiltekið magn vöru. Skil gjaldsins færu þá fram við innflutning eða hjá framleiðanda innlendrar vöru. Með þessari leið yrði komið til móts við athugasemdir ESA þar sem ekki þyrfti að koma til áætlun á gjaldstofni. Þá yrði framkvæmdin tiltölulega einföld. Þessari aðferð er þó einungis hægt að beita á hluta þeirra vörutegunda sem eru gjaldskyldar samkvæmt núgildandi vörugjaldslögum. Magngjald á t.d. illa við varðandi rafmagnstæki þar sem þyngd segir lítið um innihald eða gæði.

Í frumvarpi þessu er lagt til að síðasttalda leiðin, þ.e. að breyta vörugjaldi í magngjald, verði farin í þeim tilvikum þar sem það er unnt. Þannig verði þyngd eða rúmmál vöru, mælt í kílógrömmum eða lítrum, gjaldstofn vörugjalds í stað þess að gjaldið sé reiknað af verðmæti vörunnar. Lagt er til að magngjald verði lagt á sælgæti, drykkjarvörur, sykur og fleiri matvæli og að gjaldið reiknist sem krónur á hvert kílógramm eða

á hvern lítra vörunnar, í stað verðgjalds sem nú er lagt á sem hlutfall af verði. Er fjárhæð gjaldsins miðuð við það að gjöld á þessar vörur lækki að jafnaði. Þá verður magngjald einnig látið koma í stað verðgjalds á hjólbarða og einangrunarefni.

Gert er ráð fyrir að vörugjald verði áfram lagt á sem verðgjald, þ.e. tiltekið hlutfall af verðmæti vörunnar, ef ekki er unnt að leggja á magngjald. Gjaldstofn innfluttrar vöru verður í þeim tilvikum tollverð að viðbættum tollum en án áætlaðrar heildsöluálagningar, en gjaldstofn innlendrar framleiðsluvöru verður verksmiðjuverð hennar.

5. Magngjöld.

Eins og fram hefur komið varð sú leið fyrir valinu að taka upp magngjöld á flestar þær vörur, þar sem því verður við komið. Með magngjöldum er komist hjá erfiðleikum við að finna sambærilegan gjaldstofn fyrir innlenda og erlenda framleiðslu. Magngjöld hafa einnig þann kost að þau eru einföld í framkvæmd og fela ekki í sér möguleika á undanskotum með röngum verðupplýsingum sem talið er að hætta sé á ef verðgjöld eru há. Ókostur við magngjöld er að þau geta raskað verðhlutföllum ef verðmunur er mikill á sams konar vörum og gjöldin eru há í hlutfalli við verð. Leggjast þau þá af meiri þunga á ódýra vöru en dýra. Var því leitast við að halda magngjöldum eins lágum og unnt var.

Röskun verðhlutfalla er ekki einskorðuð við magngjöld. Augljóst er að álagning gjalda á heildsöluverð en þó einkum á verksmiðjuverð og innflutningsverð getur haft mjög mismunandi áhrif á lokaverð vöru eftir því hvernig verðlagningu hennar er háttað. Þannig hafa innlendir framleiðendur talið að núverandi kerfi fæli í sér mismunun innlendrar framleiðslu og innflutnings innlendu framleiðslunni í óhag. Þær upplýsingar, sem fram komu við undirbúning þessa frumvarps, renna stoðum undir þessa skoðun. Kemur þetta m.a. fram í því að við breytingu í magngjöld lækkar álagning á innlenda vöru meira en á erlenda sem bendir til þess að heildsöluálagning hafi í reynd verið meiri en þau 25% sem gjaldtökukerfið gerði ráð fyrir.

Magngjöld eins og lagt er til í frumvarpi þessu að tekin verði upp eru engin nýjung, hvorki hér á landi né erlendis. Magngjöldum var beitt í talsverðum mæli áður fyrr og hafa þau lengi verið þekkt í tollakerfum ýmissa landa. Með tollalagabreytingum hér og víða erlendis í kjölfar WTO-samningsins á síðasta ári varð mikil aukning magngjalda. Má segja að þau séu ríkjandi gjaldform fyrir tolla á landbúnaðarvörum og matvörum í mörgum ríkjum Vestur-Evrópu.

Magngjöld eru ekki einungis notuð sem hluti af tollum. Segja má að þar sem skattar eru lagðir á vörur umfram virðisaukaskatt sé algengast að það sé gert í formi magngjalda og er svo í einhverjum mæli í öllum ríkjum Vestur-Evrópu. Þannig leggja t.d. öll ríki ESB vörugjöld í því formi á vissar vörutegundir eins og áfengi, tóbak og olíuvörur og í reynd á sykur. Til viðbótar við það leggja einstök lönd vörugjöld á aðrar vörur, fyrst og fremst sykurvörur, sætindi og drykkjarvörur, í formi magngjalda en sem hlutfallsgjald þegar um er að ræða aðrar iðnaðarvörur.

Hér á landi eru þegar lögð magngjöld á bensín og áfengi auk þess sem tollar á landbúnaðarvörur eru að hluta til í formi magngjalda.

Fjárhæð magngjaldanna, eins og tillaga er gerð um í frumvarpi þessu var ákveðin með hliðsjón af meðaltali þeirra gjalda sem leggjast á viðkomandi vöru samkvæmt núverandi fyrirkomulagi og með tilliti til þess að heildarálagning minnkaði. Var það gert bæði með það í huga að raska verðhlutföllum sem minnst ódýrari vöru í óhag og með það almenna sjónarmið að æskilegt sé að draga úr sértækri neysluskattlagningu. Í því efni eru þó

einnig þau sjónarmið til staðar að slík skattlagning sé réttlætanleg og æskileg í þeim tilgangi að beina neyslu frá vörum sem taldar eru óhollar og skaðlegar fyrir neytendur eða umhverfið. Sérstök skattlagning sykurvöru, sætinda og gosdrykkja hefur t.d. verið studd slíkum rökum. Hér á eftir fer yfirlit yfir helstu vöruflokka sem lagt er til að magngjöld verði lögð á:

Kaffi og te.

Óbrennt kaffi, 32 kr./kg.
Brennt kaffi, 40 kr./kg.
Te, 40 kr./kg.
Ýmislegt til lögunar á seyði, 80 kr./kg.

Núverandi gjald svarar til um 25 kr. á kg af kaffi og 50 kr. á kg af tei. Til samanburðar má geta þess að í Danmörku eru vörugjöld á kaffi og te 50 til 60 kr. á kg.

Efni með kakói til framleiðslu á drykkjarvörum.

Gjald þetta er svipað og nú, 15 kr./kg.

Safar, gosdrykkir, óáfeng vín.

9 kr./l.

Núverandi gjald á gosdrykki er að jafnaði um 12 kr./l, en nokkru hærra á safa. Lækkun á gosdrykki yrði því nálægt 30% en nokkuð meiri á söfum. Í Danmörku eru gjöld á svaladrykki 9–10 kr./l og í Noregi 11–12 kr./l.

Sykur.

30 kr./kg.

Núverandi gjald er að jafnaði um 15 kr. á kg. Hækkunin skilar sér ekki nema að hluta sem tekjur þar sem gjaldið er endurgreitt af vörum sem notaðar eru í gjaldskylda framleiðslu. Í Danmörku eins og í ESB er lagður tollur á sykur við innflutning til bandalagsins og innan þess eru lögð gjöld á sykurframleiðslu. Sykur er þannig gjaldlagður beint og það gjald skilar sér líka í framleiðslu sem sykur er notaður í þar sem gjaldið er ekki endurgreitt vegna sölu innan lands. Tollar ESB á sykur eru 40–50 kr. á kg. Gjald á sykur í Noregi er um 40 kr. á kg.

Sælgæti.

65 kr./kg.

Ís og mjólkurdrykkir.

9 kr./l.

Gjald á innflutt sælgæti svarar til að jafnaði um 64 kr. á kg en er talið vera nálægt 90 kr. á kg á innlenda framleiðslu. Lækkun á innlenda framleiðslu yrði því um ⅓ en nokkru minni á erlenda framleiðslu. Gjöld á samsvarandi vöru í Danmörku eru um 145 kr. á kg af sælgæti og um 35 kr. á kg af ís. Í Noregi er gjald á sælgæti um 125 kr. á kg.

Kökur og sætakex.

40 kr./kg.

Nasl og saltkex.
20 kr./kg.

Niðursoðnir ávextir, sultur o.fl.
12 kr./kg.
Gjöld þessi eru svipuð álagningu á þessar vörur að jafnaði.

Einangrunarplast, glerull, steinull.
10 kr./kg.
Gjald á þessar vörur er nú nokkuð hærra.

Hjólbarðar og gúmmívörur.
20 kr./kg.
Gjaldið er svipað og nú er.

6. Verðgjöld.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að verðgjöldum verði haldið á þeim vöruflokkum í vörugjaldskerfinu sem magngjöld verða ekki lögð á og vörugjald er ekki fellt af. Sú breyting er gerð frá núverandi fyrirkomulagi að gjaldstofninn verður tollverð vöru, þ.e. cifverð hennar án þess álags sem nú er notað.

Vörugjöld eru nú í sjö flokkum frá 7,5% til 37,5% þegar 25% álagið er meðtalið. Allar vörur, sem nú eru í lægsta flokknum, verða andlag magngjalda eða falla úr vörugjaldskerfinu. Gert er ráð fyrir að aðrar vörur verði settar í fjögur gjaldþrep, 15%, 20%, 25% og 30%. Hér á eftir fer yfirlit yfir helstu vöruflokka í hverju þrepi og hvaða gjöld eru á þeim nú. Þá eru taldir upp þeir vöruflokkar þar sem vörugjöld verða felld niður.

Verðgjaldsflokkar (núverandi gjald í sviga):

Gjaldflokkur 1,15%
Rafmagnsvír (13,75)
Raflagnaefni og lampar (13,75)
Lampaefni og perur (25)
Gólfefni, veggklæðingar (13,75)
Bílavarahlutir, vélar og tæki (13,75)
Snyrtivörur (13,75)
Filmur (20)

Gjaldflokkur 2,20%
Bílavarahlutir (20)
Eldunarbúnaður (25)
Frystitæki (25)
Þvottavélar (25)
Ofnar (13,75)
Ritföng (25)

Gjaldflokkur 3,25%
Mynd- og hljómflutningstæki (25)

Gjaldflokkur 4,30%
Mynd- og hljómflutningstæki (37,5)
Útvörp og segulbönd (37,5)
Byssur og skotfæri (31,25)

Gjald fellt af:
Málning og litarvörur (7,5 og 13,75)
Bárujárn, grindur o.fl. (13,75)
Veggfóður (13,75)
Minni rafmagnsvörur til heimilisnota (25)
Sjampó (13,75)
Kveikjarar o.fl. (25)

7. Áhrif á tekjur og verðlag.

Á árinu 1995 námu tekjur af vörugjöldum rúmlega 2,8 milljörðum kr. Þar af fengust um 2 milljarðar kr. af innflutningi en af innlendri framleiðslu var skilað tæplega 900 m.kr. Gjaldstofn vörugjalda við innflutning að frátöldum aðföngum til innlendrar gjaldskyldrar framleiðslu var um 11 milljarðar kr. og álögð gjöld um 2 milljarðar kr. þannig að meðalgjaldið var um 18%. Gjaldstofn innlendrar framleiðslu var um 6,3 milljarðar kr. og álögð gjöld um 900 m.kr. og meðalgjaldið var um 14,3%.

Með þeim breytingum sem í frumvarpinu felast lækka vörugjöld nokkuð. Áætlað er að tekjur af innflutningi lækki um nálægt 80 m.kr. og verði tæplega 2 milljarðar kr. sem svarar til þess að gjaldið sé um 17,6%, reiknað á sama stofn og áður. Tekjur af innlendri framleiðslu lækka meira, eða um 270 m.kr. og verða því um 630 m.kr., eða sem svarar 10% af sama stofni og áður. Sé tekið tillit til þess sem fellt er úr kerfinu er þetta hlutfall um 12,7%.

Í heild er áætlað að tekjur ríkissjóðs af vörugjaldinu sjálfu lækki um 350 m.kr. Því til viðbótar lækkar virðisaukaskattur af þessum vörum um rúmlega 100 m.kr., þannig að tekjutapið í heild verður um 450 m.kr.

Lækkun vörugjalda í samræmi við framangreint ætti að leiða til lækkunar á þeim vörum sem um er að ræða. Skili lækkunin sér að fullu út í verðlag er áætlað að verð á þeim ætti að lækka um nálægt 1,5%. Lækkun á innfluttum vörum er þó minni eða um 0,6%, en um 3,7% á innlendri framleiðslu um 3,7%. Lækkunin verður misjöfn eftir vörutegundum, mest á þeim vörum sem falla út úr kerfinu.

Í eftirfarandi töflu er gerð grein fyrir vörugjöldum, breytingum á þeim, áhrifum á tekjur og verðlag. Tölurnar eru miðaðar við innflutning og reiknuð gjöld af honum og sýna því smávægileg frávik frá þeim innheimtutölum sem nefndar hafa verið.

Vöruflokkur	Magn, tonn/stk.	Gjaldstofn, m.kr.	Vörugjald 1995, m.kr.	Tekjur, áætlaðar	Tekju- breyting	Áætl. verð- breyting
Innflutningur:						
Kaffi, te o.fl.	2.146	807	61	82	21	2,5%
Aðrar drykkjarvörur og efni til þeirra	3.845	790	170	129	-41	-4,3%
Sykur og kandís	12.486	516	187	375	187	26,6%
Sælgæti	1.951	550	124	126	2	0,3%
Kökur, kex og nasl	1.932	395	73	69	-4	-0,9%
Niðursoðnir ávextir, súpur o.fl.	2.272	303	23	28	5	1,5%
Málningarvörur	1.310	374	31	0	-31	-7,7%
Byggingarvörur o.fl.	3.154	818	106	96	-10	-1,1%
Raflagnaefni, lampar, perur o.fl.	1.497	1.739	265	261	-4	-0,2%
Hreinlætistæki, vaskar o.fl.	444	153	21	23	2	1,1%
Gólfefni, veggfóður o.fl.	10.700	1.289	180	192	12	0,8%
Bílavörur, rafgeymar, járn og gler	1.141	383	61	46	-15	-3,3%
Dekk og slöngur	2.826	714	57	57	-1	-0,1%
Vélar og hlutar í ökutæki	stk.	1.757	303	303	0	0,0%
Heimilistæki	stk.	1.927	580	483	-98	-3,9%
Snyrtivörur	1.042	824	113	108	-5	-0,6%
Filmurúllur o.fl.	74	107	21	16	-5	-4,2%
Byssur	114	43	13	13	-1	-1,0%
Ritföng	72	99	25	20	-5	-4,0%
Pípur og kveikjarar	16	14	3	0	-3	-20,0%
Samtals innflutningur	**47.023**	**13.601**	**2.419**	**2.424**	**6**	**0,0%**
Endurgreidd aðföng, áætlað	**-13.784**	**-2.520**	**-380**	**-468**	**-88**	
Samtals innflutt, nettó	**33.238**	**11.081**	**2.039**	**1.956**	**-82**	**-0,6%**
Innlend framleiðsla:	**tonn/þús.**					
Kaffi	667	217	13	27	14	6,0%
Öl og gosdrykkir	46.800	3.186	573	421	-152	-4,0%
Sælgæti og ís	5.100	1.433	210	164	-46	-2,8%
Kex og nasl	425	109	17	15	-2	-1,7%
Sultur og grautar	425	50	3	5	2	4,0%
Málning, sápur o.fl.		1.273	81	0	-81	-6,0%
Samtals innlent		**6.268**	**898**	**632**	**-266**	**-3,7%**
Samtals innflutt og innlent		**17.349**	**2.937**	**2.738**	**-349**	**-1,6%**
Virðisaukaskattur					**-107**	
Samtals tekjubreyting					**-456**	

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein eru lagðar til smávægilegar breytingar á orðalagi 2. gr. laganna. Auk þess er kveðið á um að sala á gjaldskyldri vöru til varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli teljist sala úr landi í skilningi laganna. Þessu ákvæði er fyrst og fremst ætlað að tryggja samkeppnisstöðu innlendra framleiðenda gagnvart erlendum framleiðendum vegna vörukaupa varnarliðsins. Loks er lagt til að fellt verði brott ákvæði um að ákvæði tollalaga gildi um úrskurðarvald í ágreiningsmálum um tollflokkun vara.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um breytingu á gjaldstofni vörugjalds. Gert er ráð fyrir að vörugjald reiknist með tvenns konar hætti, annars vegar sem tiltekin fjárhæð vegna tiltekins magns af vöru, ákvarðað eftir þyngd eða rúmmáli hennar, mælt í kílógrömmum eða

lítrum (magngjald), en hins vegar sem tiltekið hlutfall af verðmæti hennar (verðgjald). Hér er um að ræða verulega breytingu frá núgildandi lögum, en í dag er vörugjald einungis innheimt sem verðgjald. Gert er ráð fyrir að gjaldflokkum verðgjalds verði fækkað úr sjö í fjóra og að gjaldið verði 15, 20, 25 og 30% af gjaldstofni.

Um 3. gr.

Í þessari grein er lagt til að skylda til að greiða vörugjald af innlendri framleiðslu vöru hvíli eingöngu á framleiðanda hennar. Er það í samræmi við þá tilhögun að gjaldið leggist ætíð á við sölu frá framleiðanda.

Sú breyting er gerð á 2. mgr. að aðilum, sem flytja til landsins vörur í atvinnurekstri, verður gert skylt að skrá starfsemi sína hjá tollstjóra á sama hátt og innlendum aðilum er skylt að gera samkvæmt núgildandi lögum. Telja verður breytingu þessa eðlilega með hliðsjón af því að innflytjendur munu greiða vörugjald á ákveðnum uppgjörstímabilum, sbr. 7. gr., en ekki við tollafgreiðslu eins og samkvæmt núgildandi lögum.

Um 4. gr.

Lagt er til að gjaldstofn vörugjalds af innfluttum vörum verði tollverð þeirra að viðbættum tollum. Hins vegar verði 25% áætlaðri heildsöluálagningu ekki bætt við gjaldstofn eins og gert er samkvæmt núgildandi lögum. Þetta er í samræmi við þá breytingu að gjaldið verði ákvarðað af verði vörunnar við sölu frá framleiðanda, í stað heildsöluverðs. Með þessu er komið til móts við athugasemdir ESA vegna mismununar við álagningu vörugjalds á innfluttar vörur og innlendar framleiðsluvörur og tryggt að jafnræði ríki á milli innlendra og erlendra framleiðenda.

Um 5. gr.

Í þessari grein er lagt til að gjaldstofn vörugjalds sem ákvarðast af verðmæti innlendrar framleiðsluvöru verði söluverð frá framleiðanda hennar. Þetta felur í sér verulega breytingu frá núgildandi lögum þar sem nú er miðað við heildsöluverð, þ.e. það verð sem greitt er eða greiða ber við sölu vörunnar til smásala.

Í mörgum tilvikum kann að vera erfitt að ákvarða gjaldstofn vörugjalds með þessum hætti. Þannig getur framleiðandi vöru jafnframt selt vöruna í heildsölu eða smásölu. Því er kveðið á um hvernig ákvarða skuli gjaldstofn í slíkum tilvikum. Þannig skal fyrst ákvarða gjaldstofn út frá almennu gangverði við sölu á sömu eða sams konar vöru frá framleiðendum, en ef slíkt almennt gangverð liggur ekki fyrir skal gjaldstofn vera söluverð frá framleiðanda á sömu eða sams konar vöru í sambærilegum viðskiptum við óháða aðila. Þá er skattyfirvöldum heimilt að ákvarða gjaldstofn vörugjalds með fyrrgreindum hætti ef framleiðandi og kaupandi eru háðir hvor öðrum í skilningi 2. mgr. 8. gr. tollalaga, nr. 55/1987.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Í þessari grein er kveðið á um uppgjörstímabil vörugjalds. Lagt er til að uppgjörstímabil og gjalddagar þeirra verði hin sömu, hvort sem vara er innflutt eða framleidd hér á landi. Með þessu móti er brugðist við athugasemdum ESA við núgildandi lög, þess efnis að mismunandi greiðslufrestur á vörugjaldi af innfluttum vörum og innlendum

framleiðsluvörum feli í sér mismunun. Gert er ráð fyrir að uppgjörstímabil allra gjaldskyldra aðila verði tveir mánuðir og gjalddagi fimmtándi dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Þó verður aðilum, sem flytja inn vörur til eigin nota, gert skylt að greiða vörugjald við tollafgreiðslu. Jafnframt er gert ráð fyrir að uppgjörstímabil færist til frá því sem nú er, þannig að t.d. desember og janúar myndi eitt uppgjörstímabil í stað janúar og febrúar áður.

Um 8. gr.

Með ákvæðinu er gjaldanda heimilað, við skil á vörugjaldi í ríkissjóð, að draga frá innheimtu gjaldi af sölu það vörugjald sem hann hefur sannanlega greitt við kaup á hráefni og efnivöru til gjaldskyldrar framleiðslu eða sölu á viðkomandi uppgjörstímabili. Ekki er heimilt að draga frá vörugjald af aðföngum sem ekki varða beinlínis og eingöngu framleiðslu og sölu á gjaldskyldri vöru, þó svo að aðföngin varði reksturinn að öðru leyti. Uppgjör vörugjalds yrði samkvæmt þessu að vissu leyti með samsvarandi hætti og í virðisaukaskatti.

Um 9. gr.

Í þessari grein er kveðið á um málsmeðferð vegna ágreinings um álagningu vörugjalds. Lagt er til að frestir verði samræmdir, en að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir breytingum frá núverandi framkvæmd.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

Í frumvarpi þessu er lagt til að gjaldstofni vörugjalds af ýmsum vörum verði breytt og magngjald tekið upp fyrir flestar vörur þar sem því verður við komið. Jafnframt verði breytt álagningarhlutfalli vörugjalds af þeim vörum sem bera vörugjald í formi verðgjalds. Auk þess er lagt til að greiðslufrestur vegna vörugjalds af innfluttum vörum og innlendum framleiðsluvörum verði samræmdur með því að lengja greiðslufrest á vörugjaldi af innfluttum vörum en stytta greiðslufrest á gjaldi af innlendum framleiðslu-

vörum. Gert er ráð fyrir að uppgjörstímabil allra gjaldskyldra aðila verði tveir mánuðir og gjalddagi 15. dagur annars mánaðar eftir lok upppgjörstímabils.

Frumvarpið hefur ekki í för með sér breytingu á fyrirkomulagi við álagningu og innheimtu vörugjalds. Þó verður að gera lítils háttar breytingar á hugbúnaði álagningaraðila. Gera verður ráð fyrir að kostnaður af þeim breytingum verði óverulegur.

778. Frumvarp til laga [446. mál]

um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80/1987, með síðari breytingum.

Flm.: Svavar Gestsson.

1. gr.

Við 81. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Áður en kjósandi gerir grein fyrir sér getur hann óskað eftir því við kjörstjórn að umboðsmenn lista fái ekki að vita nafn hans og ber henni að verða við þeirri ósk.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt 31. gr. stjórnarskrárinnar skulu alþingismenn kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu. Samkvæmt kosningalögum er umboðsmönnum þeirra lista sem í kjöri eru heimilt að fylgjast með framkvæmd kosninga, m.a. með því að sitja í kjörfundarstofu. Með þessu fá flokkarnir upplýsingar um hverjir þeirra sem á kjörskrá eru hafa neytt kosningarréttar síns. Þær eru síðan nýttar til þess að hafa samband við hugsanlega kjósendur listans sem ekki hafa kosið en listinn telur æskilegt að kjósi, svokölluð kosningasmölun. Kjósandi hlýtur að eiga rétt á því, í landi þar sem ekki er skylda að greiða atkvæði við alþingiskosningar, að ekki sé haft eftirlit með því hvort hann nýti atkvæðisrétt sinn eða ekki. Taka verður allan vafa af um að hugtakið „leynileg kosning“ nái einnig til þessa atriðis og því er þetta frumvarp flutt. Er til þess ætlast að kjörstjórn tryggi kjósendum þann rétt sem hér er gert ráð fyrir og að hún beiti til þess þeim aðferðum sem æskilegar teljast.

779. Frumvarp til laga [447. mál]

um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940.

Flm.: Svavar Gestsson, Steingrímur J. Sigfússon, Bryndís Hlöðversdóttir.

1. gr.

Orðin „æðsta ráðamann, þjóðhöfðingja þess“ í 1. mgr. 95. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilefni þessa frumvarps er að fyrir nokkrum vikum skrifaði eitt dagblaðanna allkjarnyrtan leiðara um forseta tiltekins ríkis. Enginn kippti sér upp við það en í utanríkisráðuneytinu var skrifað bréf þar sem leiðarahöfundurinn og dagblaðið voru átalin fyrir að hafa hagað orðum sínum með þessum hætti um þennan tiltekna þjóðhöfðingja. Flutningsmenn veltu því fyrir sér hver gæti verið ástæðan fyrir íhlutun ráðuneytisins. Í 1. mgr. 95. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum, er enn þá þetta ákvæði:

„Hver, sem opinberlega smánar erlenda þjóð eða erlent ríki, æðsta ráðamann, þjóðhöfðingja þess, fána þess eða annað viðurkennt þjóðarmerki, fána Sameinuðu þjóðanna eða fána Evrópuráðs, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum, ef miklar sakir eru."

Augljóst er að ákvæðið á ekkert erindi við samtímann. Aftur og aftur kemur fyrir að í blöðum, m.a. í forustugreinum, er veist mjög harkalega að tilteknum þjóðhöfðingjum. Um suma þjóðhöfðingja er talið að segja megi hvað sem er, sbr. forustugrein Morgunblaðsins 28. febrúar sl. Greinin heitir „Samviskulaus einræðisherra" en þar er fjallað um Saddam Hussein og er hann kallaður samviskulaus harðstjóri. Til þess er fullt tilefni en spyrja má: Er eðlilegt að hafa í lögum landsins ákvæði sem heimilar að ritstjórar Morgunblaðsins séu tyftaðir af opinberum aðilum fyrir að fara þessum orðum um þjóðhöfðingjann?

Því miður standa þessi lagaákvæði ekki aðeins á lögbókinni heldur hafa þau verið notuð, t.d. í máli ríkisins gegn Þórbergi Þórðarsyni fyrir óviðurkvæmileg ummæli hans um Adolf Hitler. Í niðurstöðu Hæstaréttar í því máli segir:

„Það verður að telja það meiðandi og móðgandi fyrir erlenda menningarþjóð að segja það að hún hafi sadista í formannssæti stjórnar sinnar og hann og stjórn hans hafi skipulagt og fyrirskipað hinar hryllilegustu kvalir og pyndingar á varnarlausum mönnum."

Ákærði, Þórbergur Þórðarson, var dæmdur til að greiða 200 kr. sekt í ríkissjóð og skyldi 15 daga einfalt fangelsi koma í stað sektarinnar væri hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Hér er lagt til að núgildandi ákvæðum um þessi efni verði breytt og að eftir breytinguna hljóði greinin svo:

Hver, sem opinberlega smánar erlenda þjóð eða erlent ríki, fána þess eða annað viðurkennt þjóðarmerki, fána Sameinuðu þjóðanna eða fána Evrópuráðs, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum, ef miklar sakir eru.

Sömu refsingu skal hver sá sæta, sem smánar opinberlega eða hefur annars í frammi skammaryrði, aðrar móðganir í orðum eða athöfnum, eða ærumeiðandi aðdróttanir við aðra starfsmenn erlends ríkis, sem staddir eru hér á landi.

780. Frumvarp til laga [448. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, með síðari breytingum.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Sveitarfélög eru lögaðilar og ákveða sjálf nafngift sína sem þó þarf að hljóta staðfestingu félagsmálaráðuneytis.

2. gr.

Í stað orðsins „Kaupstaðir“ í 4. málsl. 4. mgr. 6. gr. laganna kemur: Öll sveitarfélög.

3. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Framkvæmdastjóri sveitarfélags nefnist sveitarstjóri, sbr. 69. gr. Formaður sveitarstjórnar nefnist oddviti. Sveitarstjórn er þó heimilt að gefa störfum sveitarstjóra og oddvita önnur heiti í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

4. gr.

Í stað 2. og 3. málsl. 1. mgr. 26. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Í fyrirsögn efst á kjörseðli skal tilgreina að um sé að ræða sveitarstjórnarkosningar í tilteknu sveitarfélagi, dagsetningu þeirra og ártal.

5. gr.

Orðin „borgarstjóri, bæjarstjóri eða sveitarstjóri“ í 1. mgr. 50. gr. laganna falla brott.

6. gr.

1. mgr. 55. gr. laganna orðast svo:

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að kosið skuli byggðarráð og skal það kjörið úr hópi aðalfulltrúa í sveitarstjórn.

7. gr.

3. mgr. 69. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með gildistöku sveitarstjórnarlaganna, nr. 8/1986, varð réttarstaða allra sveitarfélaga á Íslandi hin sama. Sýslufélög voru þá lögð niður og þar með urðu hreppar og kaupstaðir samkvæmt eldri lögum jafnréttháir. Eftirlit sýslunefnda með hreppum heyrði sögunni til og kaupstaðarréttindi sköpuðu viðkomandi sveitarfélögum ekki lengur neina sérstöðu. Sveitarstjórnarstigið var þar með skýrar afmarkað en fyrr þótt eftir sem áður væri gífurlegur munur á íbúafjölda milli sveitarfélaga. Eftir þessar breytingar átti m.a. að vera kleift að gera þetta stjórnsýslustig skiljanlegra og gegnsærra fyrir alla, jafnt uppbyggingu þess sem verkefni. Vissir annmarkar á löggjöfinni drógu hins vegar úr eða komu í

veg fyrir að öllum almenningi yrði ljós sú grundvallarbreyting sem orðin var þar sem viðhaldið var lagaboði um mismunandi heiti sveitarfélaga eftir íbúafjölda og ýmissa stofnana og stöðuheita á þeirra vegum. Vafalítið hefur fastheldni og metnaður hinna stærri sveitarfélaga ráðið hér miklu og Alþingi hróflaði ekki að þessu leyti við þeim tillögum sem félagsmálaráðherra lagði þá fyrir þingið og undirbúnar höfðu verið af stjórnskipuðum nefndum.

Við framkvæmd sveitarstjórnarlaganna hafa komið í ljós ýmsir annmarkar á ákvæðum laganna að því er varðar þau atriði sem tekið er á með frumvarpi þessu. Á það ekki síst við um ákvæðin um mismunandi heiti sveitarfélaga eftir íbúafjölda. Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar að því er varðar heiti sveitarfélaga og kveðið skýrt á um heiti formanns og framkvæmdastjóra sveitarstjórnar, sem og heiti framkvæmdanefndar sveitarfélagsins. Allar lúta þessar breytingar að því að afnema lögbindingu á nafngiftum eftir íbúafjölda en festa í sessi tiltekin samheiti fyrir öll sveitarfélög, svo sem sveitarstjórn, oddviti, sveitarstjóri og byggðarráð. Frumvarpið gerir enn fremur ráð fyrir að sveitarstjórn sé í sjálfsvald sett að nota jafnframt aðrar nafngiftir á stöðuheitum og binda í samþykktir sínar, ef þær svo kjósa.

Nú er svo fyrir mælt í 1. gr. sveitarstjórnarlaganna að sveitarfélög verði að bera eitthvert heitanna hreppur, bær eða kaupstaður. Enginn greinarmunur er í lögunum gerður á bæ og kaupstað sem hvorir tveggja verða að hafa haft 1.000 íbúa hið fæsta „í þrjú ár samfellt“. Hins vegar skuli sveitarfélög heita hreppar sé íbúafjöldi þeirra undir þessum mörkum. Engin rök eru til þess að mati flutningsmanns að viðhalda slíkri aðgreiningu með lagaboði auk þess sem viðbætur af þessu tagi fara oft ekki vel í íslensku máli. Einnig er óæskilegt vegna sameiningar sveitarfélaga sem víða er á döfinni að binda nafngiftir sveitarfélaga við tiltekna íbúatölu.

Breytingar samkvæmt frumvarpinu gera ráð fyrir að sveitarstjórn ráði nafni síns sveitarfélags, en gert er ráð fyrir staðfestingu af hálfu félagsmálaráðuneytis til að koma í veg fyrir hugsanlega árekstra og tryggja samfellu. Ætti ekki að þurfa að reyna á inngrip af hálfu ráðuneytisins nema í algjörum undantekningartilvikum. Samkvæmt þessu geta sveitarfélög haldið núverandi nafngiftum óátalið en eru jafnframt frjáls að því að breyta þeim, t.d. að fella niður viðbót í sérheiti, hvort sem viðbótin er hreppur, bær eða kaupstaður. Sama máli gegnir um Reykjavík sem stundum skreytir sig með borgarheiti þótt ekki sé það lögboðið.

Athygli vekur að nýlega hafa sveitarfélög tekið upp heitin *byggð* eða *sveit* sem hluta af sérnafni eða sem viðbót þótt engin stoð sé sjáanleg fyrir því í lögum og það stangist á við ákvæði núgildandi sveitarstjórnarlaga. Sýnir það eitt með öðru að þörf er á að rýmka lagaákvæði frá því sem nú er að því er varðar nafngiftir sveitarfélaga. Sveitarfélögin í landinu má flokka eftir heitum, miðað við árslok 1995, sem hér segir: Borg 1, kaupstaðir 16, bæir 12, byggðir 3, sveitir 4 og hreppar 134.

Ákvæði frumvarpsins um starfs- og stöðuheiti á vegum sveitarstjórna eru til verulegrar einföldunar frá gildandi lögum og til samræmis við þá stefnu að hætta að gera lögbundinn greinarmun á sveitarfélögum eftir íbúafjölda. Þannig breytt kvæðu lögin aðeins á um það að framkvæmdastjóri sveitarfélags nefndist sveitarstjóri og formenn sveitarstjórna oddvitar. Sveitarstjórnum verður þó í sjálfsvald sett að velja til viðbótar eða viðhalda öðrum sértækari stöðuheitum ef þær svo kjósa, eins og t.d. bæjarstjóri, borgarstjóri og forseti. Æskilegt væri þó og til skilningsauka fyrir almenning um eðli þessara starfa að ein aðalnafngift sé notuð um hliðstæð störf innan sveitarstjórnarstigsins.

Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að aðeins heitið byggðarráð verði notað sem samheiti yfir fjárhags- og framkvæmdanefndir sveitarstjórna sem gengið hafa undir ýmsum nöfnum, svo sem bæjar-, borgar- eða hreppsráð. Þykir óheppilegt og ástæðulaust að viðhalda ólíkum nöfnum yfir þessa þýðingarmiklu nefnd innan sveitarstjórna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að sveitarfélögunum í landinu verði frjálst að ákveða nafn sitt og því felld niður sú skylda að þau skuli ýmist bera heitin hreppar, bæir eða kaupstaðir. Rétt þykir þó að gera ráð fyrir staðfestingu félagsmálaráðuneytisins. Þannig þarf ráðuneytið að staðfesta nafn hvers sveitarfélags og verður þannig t.d. hægt að koma í veg fyrir að tvö sveitarfélög velji svo svipuð nöfn að ruglingi geti valdið.

Um 2. gr.

Í samræmi við breytingar á 1. gr. laganna er lagt til að heimild til aðildar að héraðsnefndum verði ótvírætt fengin öllum sveitarfélögum, en af gildandi lögum mætti ætla að *bæir* og *sveitir* væru þar útilokuð.

Um 3. gr.

Hér er lögð til sú breyting að framkvæmdastjóri sveitarfélags skuli bera heitið sveitarstjóri og formaður sveitarstjórnar heitið oddviti. Þó er með vísan til 69. gr. laganna lögð áhersla á að ekki er skylt að ráða framkvæmdastjóra sveitarfélags þar sem eru 500 íbúar eða færri. Þá er og gert ráð fyrir að sveitarstjórn sé heimilt að nefna störf sveitarstjóra og oddvita öðru heiti í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

Um 4. gr.

Breyting sú, sem hér er lögð til, er gerð til samræmis við aðrar breytingar og til skýringar og vísast til athugasemda við 1. gr.

Um 5. gr.

Hér vísast til athugasemda við 1. gr.

Um 6. gr.

Með breytingum á greininni er lagt til að ákvæði í 4. mgr. 10. gr. laganna frá 1986 þess efnis að fulltrúar í byggðarráði séu kosnir úr hópi aðalfulltrúa í sveitarstjórn verði tekið upp hér sem 1. mgr. 55. gr. þar sem rætt er um byggðarráð. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 1. gr.

Um 7. gr.

Til samræmis við aðrar breytingar á lögunum er ákvæði 3. mgr. 69. gr. fellt brott. Vísast til athugasemda við 1. gr.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

781. Frumvarp til laga [449. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Kristín Ástgeirsdóttir,
Bryndís Hlöðversdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir.

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 2. mgr. A-liðar 68. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Nú heldur maður heimili með og framfærir barn sitt á aldrinum 16–19 ára, að báðum árum meðtöldum, og á ekki rétt á millifæranlegum persónuafslætti skv. 2. mgr., skal honum þá heimil nýting 80% óráðstafaðs persónuafsláttar barnsins og skulu ákvæði 2. mgr. gilda um ráðstöfun persónuafsláttarins hjá framfæranda. Sækja ber um slíka meðferð til ríkisskattstjóra.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

2. gr.

5. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Ef launamaður eða maki hans hefur eigi nýtt allan persónuafslátt launamannsins og ekki haft tekjur sem undanþegnar eru staðgreiðslu sem honum samsvarar er launamanni heimilt að sækja um útgáfu skattkorts sem hefur uppsafnaðan persónuafslátt frá ársbyrjun staðgreiðsluárs til næsta mánaðar á undan útgáfudegi. Ríkisskattstjóri annast útgáfu skattkorts með uppsöfnuðum persónuafslætti. Falla má frá skilyrðum um útgáfu skattkortsins ef óyggjandi upplýsingar liggja fyrir um uppsöfnun hans, t.d. skráning fyrri launagreiðanda á kortið um nýtingu afsláttarins.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Ákvæði þessarar greinar skulu gilda um meðferð og millifærslu á persónuafslætti barna á aldrinum 16–19 ára, að báðum árum meðtöldum, sem eru á framfæri foreldra sinna.

b. Fyrirsögn greinarinnar verður: *Skattkort maka og barna.*

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við staðgreiðslu á árinu 1996 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 1997 á tekjur á árinu 1996 og eignir í lok þess árs.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 118. löggjafarþingi en náði þá ekki fram að ganga. Með því eru lagðar til tvær meginbreytingar á reglum skattalaga um persónuafslátt. Í fyrsta lagi er lagt til að þeim sem hafa á framfæri sínu barn á aldrinum 16–19 ára sé heimilt að nýta 80% óráðstafaðs persónuafsláttar barnsins og í öðru lagi að skattþegn verði heimilað að nýta uppsafnaðan persónuafslátt sinn, hversu lítill sem hann er, um leið og hann hefur störf að loknu tímabundnu hléi eða þegar farið er af lægri launum yfir á laun sem fullnýta persónuafslátt.

Í núgildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt eru ákvæði sem heimila hjónum eða sambýlisfólki að nýta 80% af óráðstöfuðum persónuafslætti þess sem lægri tekjur hefur. Engar slíkar heimildir eru fyrir hendi um nýtingu óráðstafaðs persónuafsláttar barna. Verður að telja að í því felist mikið óréttlæti, einkum þegar í hlut eiga einstæðir foreldrar. Framfærslukostnaður vegna barna 16 ára og eldri er mjög mikill og ljóst að þau afla sér aðeins tekna fyrir litlum hluta þess kostnaðar sem hlýst af framfærslu þeirra og skólagöngu. Samkvæmt könnun sem Félag einstæðra foreldra gerði árið 1991 á framfærslukostnaði barna á aldrinum 13–15 ára var hann áætlaður um 500 þús. kr. árlega. Hér er um mjög mikil útgjöld að ræða, ekki síst í ljósi þess að ætla má að stór hluti einstæðra foreldra þurfi að framfleyta sér á lágmarkslaunum og þeir þurfi að verulegu leyti einnig að sjá um kostnað af menntun og uppeldi barna. Búast má við að hjá mörgum foreldrum sé framfærslukostnaður barna á aldrinum 16–19 ára jafnvel meiri en þetta.

Samkvæmt upplýsingum úr álagningargögnum fyrir árið 1994 vegna tekna á árinu 1993 er ónýttur skattafsláttur þeirra sem eru fæddir á árunum 1973–77, að báðum árum meðtöldum, um 2,5 milljarðar króna og fjöldi þeirra er 16.704. Aðeins um 30% barna 16–19 ára hafa verið á vinnumarkaði undanfarin ár. Mikill meiri hluti barna á þessum aldri, eða um 70%, hefur hins vegar farið í framhaldsskóla. Ljóst er að þau börn, sem eru í skóla, afla sér það lítilla tekna að skattafslátturinn er langt frá því að nýtast að fullu. Öll sanngirni mælir því með því að foreldrum sé heimilt að nýta ónýttan persónuafslátt barna með sama hætti og nú er mögulegt milli hjóna og sambýlisfólks.

Hitt efnisatriði þessa frumvarps felur í sér að skattþegn geti nýtt sér uppsafnaðan persónuafslátt sinn um leið og hann hefur störf að loknu tímabundnu hléi, svo sem vegna atvinnuleysis eða þegar farið er af lægri launum yfir á laun sem fullnýta persónuafslátt. Gildandi lög gera kröfu um að 50% persónuafsláttar séu vannýtt til að heimilt sé að sækja um útgáfu skattkorts með uppsöfnuðum persónuafslætti og jafnframt gildir sú regla að ekki er unnt að sækja um uppsafnaðan persónuafslátt fyrr en eftir 1. júlí ár hvert. Þessi skilyrði eru mjög þröng og óeðlileg. Ljóst er að það getur komið sér afar illa fyrir fólk sem t.d. hefur búið við atvinnuleysi eða veikindi að geta ekki nýtt ónýttan persónuafslátt þegar það hefur vinnu að nýju, nema 50% persónuafsláttar séu vannýtt. Auk þess verður að telja það eðlilegt réttlætismál að hægt sé að sækja um að fullnýta persónuafslátt þegar þörf er fyrir hann en að umsókn sé ekki bundin við að sótt sé um eftir 1. júlí ár hvert.

Frumvarp um þetta efni kom einnig til kasta Alþingis árið 1989 og 1990, en þá fluttu þingmenn Kvennalistans frumvarp um málið. Alþingi samþykkti að vísa frumvarpinu til ríkisstjórnarinnar 28. mars 1990.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið gerir ráð fyrir að þeir foreldrar, sem ekki eiga rétt á millifæranlegum persónuafslætti milli hjóna eða sambúðaraðila, skv. 2. mgr. A-liðar 68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, geti sótt um að fá að nýta 80% af óráðstöfuðum persónuafslætti barna sinna á aldrinum 16–19 ára. Það er þó skilyrði að barnið búi á heimili foreldra sinna og sé á framfæri þeirra. Gera má ráð fyrir að það verði helst einstæðir foreldrar sem geti nýtt sér þennan rétt.

Um 2. gr.

Greinin gerir ráð fyrir nokkrum breytingum á ákvæði staðgreiðslulaga um nýtingu uppsafnaðs persónuafsláttar. Þar ber fyrst að nefna að hægt verði að nýta sér ónotaðan persónuafslátt á árinu hversu lítill sem hann er en núverandi regla gerir ráð fyrir að réttturinn falli niður ef launamaður hefur nýtt meira en 50% af persónuafslætti sínum þegar komið er fram yfir mitt staðgreiðsluár eða flutt hann til maka. Þá er fellt niður skilyrðið um að komið þurfi að vera fram yfir mitt staðgreiðsluár. Þannig getur t.d. launþegi sem hefur starf 1. apríl á staðgreiðsluári farið fram á að fá að nýta sér uppsafnaðan afslátt fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins. Loks er gert ráð fyrir tæknilegri breytingu á staðgreiðslulögunum þannig að falla megi frá því skilyrði að sækja þurfi um útgáfu sérstaks skattkorts ef óyggjandi upplýsingar eru fyrir hendi um uppsöfnun afsláttarins.

Um 3. gr.

Nauðsynlegt er að laga ákvæði staðgreiðslulaganna um skattkort til samræmis við I. kafla frumvarpsins.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

782. Frumvarp til laga [450. mál]

um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

25. gr. laganna orðast svo:

1. Með ákæruvald fara ríkissaksóknari og lögreglustjórar, þar á meðal ríkislögreglustjóri.

2. Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákæruvalds. Hann skal skipaður af forseta Íslands og fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti við Hæstarétt. Hann skal njóta sömu lögkjara og hæstaréttardómarar, eftir því sem við verður komið.

3. Ríkissaksóknari hefur embættisskrifstofu í Reykjavík. Honum til aðstoðar eru vararíkissaksóknari og saksóknarar sem dómsmálaráðherra skipar. Skal vararíkissaksóknari fullnægja sömu lagaskilyrðum og ríkissaksóknari en aðrir saksóknarar skilyrðum til skipunar í embætti héraðsdómara. Ríkissaksóknari ræður annað starfslið við embætti sitt.

4. Dómsmálaráðherra er heimilt að skipa saksóknara við einstök embætti lögreglustjóra, þar á meðal embætti ríkislögreglustjóra, til að annast saksókn og málflutning samkvæmt lögum þessum í umboði þeirra. Saksóknarar skulu fullnægja skilyrðum til skipunar í embætti héraðsdómara.

2. gr.

1. málsl. 2. mgr. 26. gr. laganna orðast svo: Nú telur dómsmálaráðherra að ákvörðun um að fella niður mál, þar á meðal skv. 2. mgr. 114. gr., sé lögum andstæð eða fjarstæð að öðru leyti, og getur hann þá lagt til við forseta Íslands að ákvörðunin skuli felld úr gildi.

3. gr.

27. gr. laganna orðast svo:

1. Ríkissaksóknari skal, eftir því sem unnt er, fylgjast með því að þeir sem afbrot fremja verði beittir lögmæltum viðurlögum.

2. Ríkissaksóknari gefur út almenn fyrirmæli um meðferð ákæruvalds. Hann hefur eftirlit með framkvæmd ákæruvalds hjá lögreglustjórum.

3. Ríkissaksóknari höfðar opinber mál ef um er að ræða eftirgreind brot á almennum hegningarlögum:

a. brot á ákvæðum X.–XVI. kafla laganna,
b. brot á ákvæðum XVII. kafla laganna, öðrum en 155.–158. gr.,
c. brot á ákvæðum XVIII.–XXII. kafla laganna,
d. brot á ákvæðum XXIII. kafla laganna, öðrum en 215. og 219. gr., ef brot tengist broti á umferðarlögum, og 217. gr.,
e. brot á ákvæðum XXIV. og XXV. kafla laganna, öðrum en 231. og 232. gr.,
f. brot á 251. og 252. gr. laganna.

4. Ef háttsemi felur í sér annað eða önnur brot en tilgreind eru í 3. mgr., auk brots eða brota sem þar eru greind, tekur ríkissaksóknari ákvörðun um það hvort hann höfðar málið sjálfur eða hvort lögreglustjóri gerir það.

5. Ríkissaksóknari getur gefið öðrum ákærendum fyrirmæli um einstök mál sem þeim er skylt að hlíta. Hann getur kveðið á um rannsókn máls, mælt fyrir um framkvæmd hennar og fylgst með henni.

6. Ríkissaksóknari tekur ákvörðun um áfrýjun máls.

4. gr.

28. gr. laganna orðast svo:

1. Lögreglustjórar, þar á meðal ríkislögreglustjóri, höfða önnur opinber mál en þau sem ríkissaksóknari höfðar skv. 3. mgr. 27. gr. Ríkissaksóknari getur þó tekið ákvörðun um saksókn í sínar hendur, þar á meðal gefið út ákæru, hvenær sem hann telur þess þörf.

2. Lögreglustjóri vísar máli til ákvörðunar ríkissaksóknara ef hann telur að mál eigi að höfða í öðru umdæmi, ef hann telur sig vanhæfan eða ef mál er vandasamt, m.a. þegar vafi leikur á um hvort mál skuli höfða. Ef ríkissaksóknari telur, að athugun lokinni, ástæðu til að höfða mál gerir hann það sjálfur eða leggur fyrir lögreglustjóra að gera það.

3. Nú hefur lögreglustjóri ákveðið að falla frá saksókn skv. 113. gr. og ber honum þá að tilkynna ríkissaksóknara það. Ef ríkissaksóknari telur að ekki hafi verið efni til að falla frá saksókn getur hann, innan tveggja mánaða frá því að sú ákvörðun var tekin, ákveðið að höfða mál sjálfur eða lagt fyrir lögreglustjóra að gera það.

4. Dómsmálaráðherra skal með reglugerð kveða á um verkaskiptingu milli ríkislögreglustjóra og annarra lögreglustjóra skv. 1. mgr.

5. gr.

Í stað orðanna „rannsóknarlögreglustjóra ríkisins“ í 1. mgr. 29. gr. laganna kemur: ríkislögreglustjóra.

6. gr.

Í stað orðanna „Rannsóknarlögreglu ríkisins“ í 1. mgr. 66. gr. laganna kemur: ríkislögreglustjóra.

7. gr.

E- og f-liðir 98. gr. laganna falla brott.

8. gr.

4. mgr. 113. gr. laganna orðast svo:

4. Í málum þar sem lögreglustjóri fer með ákæruvald getur hann fallið frá saksókn. Ef hann telur ástæðu til að falla frá saksókn skv. 2. mgr. en vafa leika á heimild til þess skal hann senda ríkissaksóknara málið með tillögum sínum.

9. gr.

114. gr. laganna orðast svo:

1. Nú er mál fellt niður skv. 112. gr. eða fallið er frá saksókn skv. 113. gr. og skal ákærandi sem þá ákvörðun tók tilkynna sakborningi hana og ef því er að skipta þeim sem misgert hefur verið við. Í tilkynningu skal tiltekið við hvaða lagaheimild ákvörðunin styðst.

2. Sá sem ekki vill una við ákvörðun lögreglustjóra skv. 1. mgr. getur kært hana til ríkissaksóknara innan eins mánaðar frá því honum var tilkynnt um hana. Skal ríkissaksóknari taka afstöðu til kærunnar innan eins mánaðar frá því að hún berst honum nema svo standi á sem í 3. mgr. 28. gr. segir.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997.

11. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirtalin ákvæði almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 17/1962 og nr. 20/1981:

a. Í stað orðanna „saksóknara ríkisins“ í 1. mgr. 56. gr. laganna kemur: ákæranda.
b. Í stað orðsins „saksóknari“ í 2., 5. og 6. mgr. 56. gr., 1. og 2. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 58. gr. og 1.–3. mgr. 59. gr. laganna kemur (í viðeigandi beygingarfalli): ákærandi.
c. Í stað orðanna „(rannsóknarlögreglustjóra ríkisins)“ í 1. mgr. 59. gr. laganna kemur: (ríkislögreglustjóra).

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Inngangur.

Þann 31. maí 1995 skipaði dómsmálaráðherra nefnd til að yfirfara og endurskoða frumvarp til lögreglulaga, sem lagt var fyrir Alþingi til kynningar á 117. löggjafarþingi 1993–94, með það fyrir augum að leggja frumvarpið fram á 120. löggjafarþingi 1995–96.

Jafnframt fól dómsmálaráðherra tveimur nefndarmanna, þeim Eiríki Tómassyni prófessor og Sigurði T. Magnússyni skrifstofustjóra, að huga að endurskoðun á þeim ákvæðum laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, sem nauðsynlegt væri að breyta til að ná fram markmiðum sem stefnt var að með frumvarpi til lögreglulaga. Símon Sigvaldason deildarsérfræðingur hefur verið til aðstoðar við frumvarpssmíðina.

Meðal fyrrnefndra markmiða var að tengja ákvæði lögreglulaga við endurskoðun á ákvæðum um ákæruvald í lögum um meðferð opinberra mála með það fyrir augum að gera rannsóknir afbrota hraðari og skilvirkari. Því markmiði má ná með því að einfalda feril mála á rannsóknar- og ákærustigi og fela lögreglustjórum ákæruvald í fleiri brotaflokkum þannig að allur þorri sakamála verði rannsakaður undir stjórn þess lögreglustjóra sem semur ákæru í máli og sækir það fyrir héraðsdómi.

II.

Helstu nýmæli.

Helstu nýmæli í frumvarpinu eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að lögreglustjórum verði falið ákæruvald við hlið ríkissaksóknara í stað þess að lögreglustjórar fari með ákæruvald á grundvelli almennra fyrirmæla ríkissaksóknara. Sjá 1. gr. frumvarpsins.

2. Lagt er til að dómsmálaráðherra verði veitt heimild til að skipa saksóknara við einstök embætti lögreglustjóra, þar á meðal embætti ríkislögreglustjóra, til að annast saksókn og málflutning í umboði lögreglustjóra. Sjá 1. gr. frumvarpsins.

3. Ákæruvald ríkissaksóknara er skilgreint með nýjum hætti. Ríkissaksóknara er falið að höfða opinber mál vegna brota gegn flestum ákvæðum almennra hegningarlaga sem talin eru upp í 3. mgr. 27. gr., þar á meðal alvarlegustu brotunum, svo sem landráðum, stórfelldum fíkniefnabrotum, manndrápi, stórfelldum líkamsmeiðingum, kynferðisbrotum, ráni og fjárkúgun. Sjá 3. gr. frumvarpsins.

4. Lögreglustjórum er falið að höfða önnur opinber mál en ríkissaksóknari höfðar. Undan ákæruvaldi ríkissaksóknara eru skilin brot gegn 17 ákvæðum almennra hegningarlaga en meðal þeirra eru algengustu brotin, svo sem skjalafals, minni líkamsmeiðingar, húsbrot, þjófnaður, fjárdráttur, fjársvik, eignaspjöll og nytjastuldur. Sjá 4. gr. frumvarpsins.

5. Lögreglustjórum verður skv. 4. mgr. 113. gr. heimilað að falla frá saksókn en slíka ákvörðun getur sá sem ekki vill við hana una kært til ríkissaksóknara, skv. 2. mgr. 114. gr. Þá getur ríkissaksóknari að eigin frumkvæði tekið slíka ákvörðun til endurskoðunar og ákveðið að höfða mál eða lagt fyrir lögreglustjóra að gera það. Sjá í 4. gr. frumvarpsins nýja málsgrein, 3. mgr. 28. gr., í 8. gr. breytingu á 4. mgr. 113. gr. og í 9. gr. nýja málsgrein, 2. mgr. 114. gr.

III.
Almennt.

Allt frá árinu 1961 hefur ríkissaksóknari verið æðsti handhafi ákæruvalds í landinu og eru ekki lagðar til breytingar á því í frumvarpinu. Í V. kafla laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, var tekið upp það nýmæli að lögreglustjórum var fengið ákæruvald í minni háttar opinberum málum. Ríkissaksóknara var falið að gefa út almenn fyrirmæli til lögreglustjóra um ákæruvald þeirra skv. 2. mgr. 28. gr. og gaf hann út slík fyrirmæli 24. apríl 1992. Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 7. janúar 1993 í máli nr. 437/1992 komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að lögreglustjórum yrði ekki fengið ákæruvald vegna brota gegn almennum hegningarlögum, lægju þyngri viðurlög við þeim en sektir, upptaka eigna eða varðhald.

Í kjölfar dómsins var 28. gr. laganna breytt í það horf sem nú er með lögum nr. 38/1993 og ríkissaksóknara fengin rýmri heimild til að fela lögreglustjórum saksókn vegna brota sem varða við almenn hegningarlög. Ríkissaksóknari gaf síðast út slík fyrirmæli 14. maí 1993.

Í 28. gr. laganna og fyrirmælum ríkissaksóknara er heimildin bundin við að ekki liggi þyngri viðurlög við broti en sektir, upptaka eigna, varðhald eða fangelsi allt að tveimur árum. Einnig nær heimildin til brota gegn 219. gr. almennra hegningarlaga ef brot tengist umferðarlagabroti og 1. mgr. 259. gr. sömu laga að því er tekur til nytjastuldar á bifreið og öðrum vélknúnum ökutækjum en skipi og flugfari. Þá nær heimildin til brota gegn tilgreindum sérrefsilögum sem þyngri viðurlög liggja við en tveggja ára fangelsi.

Með frumvarpinu er ætlunin að færa ákæruvald til lögreglustjóra, þar á meðal ríkislögreglustjóra, í ríkara mæli en áður. Rökin eru einkum þau að ákæruvald lögreglustjóra í smærri málum hafi reynst vel. Verði frumvarp til lögreglulaga lögfest færast rannsóknir flestra brotamála frá rannsóknarlögreglu ríkisins til lögreglustjóra. Með því að fela lögreglustjórum ákæruvald í ríkari mæli, hverjum í sínu umdæmi, verður rannsókn og saksókn fyrir flest algengustu brotin í höndum sama embættis sem spara mun vinnu lögreglumanna og lögfræðinga í réttarvörslukerfinu í heild. Sá ákærandi sem gefa mun út ákæru í máli og sækja það fyrir héraðsdómi getur fylgst með máli frá upphafi og eftir atvikum haft áhrif á gang rannsóknarinnar. Ákvarðanir um hvort rannsóknarniðurstöður séu líklegar til að meintur brotamaður verði sakfelldur ættu að liggja fyrr fyrir, þannig að ekki sé eytt óþarfa vinnu í mál sem litlar líkur eru á að sekt sannist í.

Með breytingunum ætti að nást fram meiri hraði í meðferð mála. Mál þar sem ákærði gengst við sakargiftum og brot þykja upplýst að fullu ættu þannig í ríkara mæli að geta gengið fyrr til dóms en áður. Sparnaður ætti að nást fram þar sem boðunum sakborninga og vitna vegna skýrslutöku hjá lögreglu ætti að fækka verulega. Þá eru líkur á að framburðir ákærðu og vitna fyrir dómi verði markvissari þar sem atburðir eru enn í fersku minni manna.

Við það að einfalda og stytta rannsóknar- og ákæruferil þeirra mála sem játning liggur fyrir í ætti að gefast betri tími að sinna flóknari rannsóknarverkefnum.

Breytingarnar sem lagðar eru til á lögunum eru nánar tiltekið að horfið er frá þeirri aðferð að takmarka ákæruvald lögreglustjóra við tiltekinn refsiramma. Lagt er til að ákæruvaldinu verði skv. 3. mgr. 27. gr. komið fyrir með þeim hætti að ríkissaksóknari höfði mál vegna brota á meginþorra ákvæða almennra hegningarlaga, þar á meðal vegna alvarlegustu brotanna, svo sem landráða, stórfelldra fíkniefnabrota, manndráps, alvarlegra líkamsárása, kynferðisbrota, rána og fjárkúgana. Fæst þessara brota eru þó mjög algeng.

Lagt er til að lögreglustjórar höfði mál vegna brota á tiltölulega fáum ákvæðum almennra hegningarlaga. Meðal þeirra eru hins vegar brot á þeim ákvæðum sem oftast eru framin, svo sem um skjalafals, minni líkamsárásir, þjófnað, fjárdrátt, fjársvik, eignaspjöll og nytjastuld.

Í fylgiskjali I með frumvarpinu er að finna samantekt á málum sem höfðuð hafa verið fyrir héraðsdómstólunum átta vegna brota gegn almennum hegningarlögum frá árinu 1993 til 1995. Samantektin er unnin á grundvelli upplýsinga úr málaskráningarkerfum héraðsdómstólanna. Annars vegar er tafla yfir fjölda mála á tímabilinu sundurliðuð eftir dómstólum og hins vegar meðalmálafjöldi á ári sundurliðaður með sama hætti. Alls var um að ræða 2.136 opinber mál vegna brota á hegningarlögum á þremur árum eða 712 mál á ári að meðaltali. Mál vegna brota á sérrefsilögum voru ekki talin sérstaklega.

Í fylgiskjali II með frumvarpinu er að finna samantekt á fjölda opinberra mála sem höfðuð hafa verið vegna brota á einstökum ákvæðum almennra hegningarlaga fyrir héraðsdómi á árunum 1993 til 1995. Samantektin sýnir að ákært hefur verið vegna brota á alls 69 greinum almennra hegningarlaga á þessu tímabili, samtals 2.732 sinnum. Þannig hefur verið ákært að meðaltali 911 sinnum fyrir brot á almennum hegningarlögum á ári. Þess ber að geta að málin sjálf eru nokkru færri eða 712 að meðaltali á ári sem stafar af því að í mörgum málum er ákært vegna brots eða brota sem varða við fleiri en eitt hegningarlagaákvæði.

Það er mjög mismunandi hvaða ákvæði almennra hegningarlaga oftast er ákært fyrir brot á. Þannig var aðeins ákært oftar en 10 sinnum á ári fyrir brot á 14 greinum almennra hegningarlaga. Samtals var ákært 558 sinnum á ári fyrir brot á ákvæðum um skjalafals, minni háttar líkamsárásir, þjófnaði, fjársvik og nytjastuld eða í 61,3% tilvika.

Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkissaksóknara hefur hann gefið út rúmlega 600 ákærur á ári síðustu ár vegna brota á almennum hegningarlögum. Ef þær breytingar á fyrirkomulagi ákæruvalds sem lagðar eru til í frumvarpinu ná fram að ganga mun ákærum frá ríkissaksóknara fækka verulega.

Í fylgiskjali III er að finna samantekt á fjölda ákvæða almennra hegningarlaga sem ákært hefur verið fyrir á árunum 1993 til 1995 og eru þau flokkuð eftir köflum í almennum hegningarlögum í samræmi við það fyrirkomulag ákæruvalds sem lagt er til í 3. gr. frumvarpsins. Draga má þá ályktun af niðurstöðum samantektarinnar að ákærum sem ríkissaksóknari gefur út muni fækka í um 160 á ári en þar sem ákærur eru færri en brotin gæti ákærum ríkissaksóknara fækkað í 130 á ári. Þar sem ríkissaksóknari getur sjálfur höfðað mál vegna annarra brota má reikna með að heildarfjöldi ákæra sem ríkissaksóknari gefur út verði á bilinu 150 til 200 á ári eða um þriðjungur af því sem nú er. Þess verður hins vegar að gæta að eftir sem áður mun ríkissaksóknari fara með erfiðustu ákærumálin vegna alvarlegustu brotanna og eins þeirra sjaldgæfari.

Af samantektinni í fylgiskjali I má ætla að í um 60% þeirra ákærumála sem færast frá ríkissaksóknara til lögreglustjóra muni lögreglustjórinn í Reykjavík fara með ákæruvald en 40% skiptast milli hinna lögreglustjóraembættanna 26. Erfitt er að áætla hversu mörg ákærumál embætti ríkislögreglustjóra kemur til með að fara með. Þegar tilfærsla á verkefnum er metin verður einnig að taka tillit til þess að lögreglustjórar utan höfuðborgarsvæðisins hafa sótt stærstan hluta þeirra mála sem ríkissaksóknari hefur höfðað en á höfuðborgarsvæðinu hafa starfsmenn ríkissaksóknara flutt málin. Verkefni embætta lögreglustjóranna á höfuðborgarsvæðinu munu því aukast tiltölulega meira en embætta á landsbyggðinni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að ríkissaksóknari og lögreglustjórar, þar á meðal ríkislögreglustjóri, fari með ákæruvald. Um skiptingu starfa milli ríkissaksóknara og einstaka lögreglustjóra er fjallað í athugasemdum með 3. og 4. gr. frumvarpsins. Embætti ríkislögreglustjóra er ætlað ákæruvald í skatta- og efnahagsbrotum, sem rannsökuð verða við embættið.

Lagt er lagt til í 3. mgr. að dómsmálaráðherra skipi vararíkissaksóknara og saksóknara við embætti ríkissaksóknara, en samkvæmt gildandi lögum er það forseti Íslands sem skipar þá. Er það í samræmi við tilfærslur á veitingarvaldi annarra en æðstu embættismanna frá forseta Íslands í hendur ráðherra. Ekki er um að ræða aðra breytingu á ákvæðum 2. og 3. mgr. frá gildandi lögum, utan að samkvæmt niðurlagi 3. mgr. er ríkissaksóknara ætlað að ráða starfslið við embætti sitt, annað en vararíkissaksóknara og saksóknara. Samkvæmt gildandi lögum er það dómsmálaráðherra sem ræður starfslið við embætti ríkissaksóknara eftir tillögu ríkissaksóknara.

Ákvæði 4. mgr. er nýmæli. Samkvæmt því er dómsmálaráðherra heimilt að skipa sérstaka saksóknara við einstök embætti lögreglustjóra til að annast saksókn og málflutning. Ekki er ætlunin að sérstakir saksóknarar verði skipaðir nema við stærstu embættin, svo sem við embætti lögreglustjórans í Reykjavík. Samkvæmt ákvæðinu nær heimild þessi jafnframt til embættis ríkislögreglustjóra, en með því er unnt að skipa saksóknara sem annast saksókn skatta- og efnahagsbrotamála.

Lögð hefur verið fram á Alþingi, 120. löggjafarþingi, tillaga til þingsályktunar um sérstakan ákæranda í efnahagsbrotamálum (þskj. 224). Með breytingum er lagðar eru til í frumvarpinu á lögum um meðferð opinberra mála er lagður grundvöllur að þessari sérstöku saksóknarastöðu og því væntanlega ekki þörf á sérstöku embætti ákæranda í efnahagsbrotamálum.

Saksóknarar við embætti lögreglustjóra skulu fullnægja sömu skilyrðum til skipunar í embætti og héraðsdómarar. Eru það sömu skilyrði og gilda um saksóknara við embætti ríkissaksóknara samkvæmt 3. mgr.

Um 2. gr.

Lagt er til að við ákvæði 2. mgr. verði bætt því ákvæði að dómsmálaráðherra geti einnig lagt til við forseta Íslands að ákvörðun um að fella mál niður af hálfu ákæranda skv. 2. mgr. 114. gr. skuli felld úr gildi.

Um 3. gr.

Lagt er til að efni 1. mgr. 27. gr. verði klofið í tvær málsgreinar, 1. og 2. mgr., að tekið verði út ákvæði um að ríkissaksóknari skipti verkum með öðrum ákærendum. Þess í stað er fjallað um skiptingu ákæruvaldsins milli ríkissaksóknara og annarra í 3. og 4. gr.

1. mgr. 27. gr. er samhljóða núgildandi 1. málsl. 1. mgr. 27. en þar segir að ríkissaksóknari, sem æðsti handhafi ákæruvalds, fylgist með því að þeir sem afbrot fremja verði beittir lögmæltum viðurlögum.

Lagt er til að í 2. mgr. verði heimild fyrir ríkissaksóknara til að gefa út almenn fyrirmæli um meðferð ákæruvalds og ákvæði um eftirlit hans með framkvæmd ákæruvalds hjá lögreglustjórum. Verði ákæruvald í fleiri tegundum brota fært til lögreglustjóra eykst þöfin fyrir virkt eftirlit með framkvæmd ákæruvalds í einstökum umdæmum. Útgáfa al-

mennra fyrirmæla og virkt eftirlit eiga að stuðla að því að sem best samræmi verði í framkvæmd ákæruvalds lögreglustjóra um allt land.

Í 3. mgr. er lagt til að skilgreiningu á því hvaða opinber mál ríkissaksóknari höfði verði breytt. Í stað neikvæðrar skilgreiningar á hlutverki ríkissaksóknara að þessu leyti, eins og nú er í 2. mgr. 27. gr., verði honum falið að höfða mál vegna brota gegn nákvæmlega tilgreindum hegningarlagaákvæðum. Í 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins er hins vegar lagt til að málshöfðunarheimildir lögreglustjóra verði skilgreindar með svokallaðri neikvæðri skilgreiningu, þannig að lögreglustjórar höfði önnur opinber mál en þau sem ríkissaksóknari höfðar.

Með frumvarpinu er stefnt að því að skipting ákæruvalds milli ríkissaksóknara og lögreglustjóra verði með þeim hætti að ríkissaksóknari höfði mál vegna brota gegn flestum ákvæðum almennra hegningarlaga, þar á meðal vegna alvarlegustu brotanna. Lögreglustjórar fari aftur á móti með ákæruvald vegna brota á tiltölulega fáum ákvæðum almennra hegningarlaga sem oft er brotið gegn, svo sem vegna skjalafals, minni líkamsárása, þjófnaða, fjárdráttar, fjársvika, eignaspjalla og nytjastulds. Einnig höfða lögeglustjórar mál vegna brota á sérrefsilögum.

Frumvarpið felur nánar tiltekið í sér að ákæruvald í eftirfarandi brotaflokkum færist frá ríkissaksóknara til lögreglustjóra:

a. 155–158. gr. almennra hegningarlaga sem fjalla um skjalafals, skjalamisnotkun og slík brot.
b. 215. gr. almennra hegningarlaga um manndráp af gáleysi ef brot tengist broti á umferðarlögum.
c. XXVI. kafla sem fjallar um auðgunarbrot, þó þannig að ríkissaksóknari mun áfram fara með saksókn vegna brota gegn 251. og 252. gr. sem fjalla um rán og fjárkúgun.
d. 2. mgr. 257. gr. um mikil eignaspjöll.

Í 4. mgr. er fjallað um fyrirkomulag málshöfðunar þegar háttsemi felur í sér annað eða önnur brot en þau sem falla undir málshöfðunarheimildir ríkissaksóknara. Lagt er til að ríkissaksóknari taki í slíkum tilvikum ákvörðun um hvort hann höfði mál sjálfur eða feli lögreglustjóra að gera það.

Í 5. mgr. er hluti af efni núverandi ákvæði í 1. mgr. 27. gr. Ekki er um efnislega breytingu að ræða. Núverandi ákvæði 1. mgr. 27. gr. um að ríkissaksóknari geti tekið ákvörðun um saksókn í sínar hendur er í 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

Í 6. mgr. eru efnislega óbreytt ákvæði 3. mgr. 27. gr. Ríkissaksóknari mun eftir sem áður sækja öll opinber mál fyrir Hæstarétti Íslands.

Um 4. gr.

Svo sem fram kemur í athugasemdum með 3. gr. hefur verið horfið frá því að skilgreina ákæruvald lögreglustjóra með þeim hætti að fela þeim að höfða opinber mál, að fenginni almennri ákvörðun ríkissaksóknara, vegna brota sem varða refsingu innan tiltekins refsiramma og nokkurra tiltekinna brota að auki. Þess í stað er lagt til í 1. mgr. að lögreglustjórum verði beinlínis falið að höfða opinber mál vegna annarra brota en talin eru upp í 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Þá er lagt til að ríkissaksóknari hafi áfram heimild, sem hann hefur nú skv. 1. mgr. 27. gr., til að taka ákvörðun um málshöfðun í sínar hendur.

Í fyrri málsl. 2. mgr. eru lagðar til litlar breytingar á 2. mgr. 28. gr. en þó er lagt til lögreglustjórum verði heimilað að vísa máli til ríkissaksóknara ef mál er vandasamt. Kemur hér einkum til að í breytingum á fyrirkomulagi ákæruvalds felst að lögreglustjórum hefur verið fengið ákæruvald í vandasamari málum en áður. Í smærri umdæmum getur reynst skortur á fullnægjandi sérfræðiþekkingu til fara með ákæruvald í einstaka málum sem falla undir ákæruvald lögreglustjóra. Í þessu sambandi má þó benda á að flóknustu auðgunarbrotin verða væntanlega rannsökuð af embætti ríkislögreglustjóra sem mun þá fara með ákæruvaldið í þeim.

Þá er lagt er til að í síðari málslið 2. mgr. verði kveðið á um heimildir ríkissaksóknara þegar lögreglustjóri kýs að vísa máli til hans til ákvörðunar. Í því tilviki getur ríkissaksóknari ákveðið að taka saksókn í sínar hendur eða lagt til að lögreglustjóri höfði mál.

Í 8. gr. frumvarpsins er lagt til að 4. mgr. 113. gr. verði breytt þannig að lögreglustjórar geti tekið ákvörðun um niðurfellingu máls. Bein afleiðing af þeirri breytingu er sú sem lögð er til í 3. mgr. þ.e. að sú skylda er lögð á herðar lögreglustjóra að tilkynna ríkissaksóknara um ákvörðun um niðurfellingu máls og getur ríkissaksóknari þá, innan tveggja mánaða frá því að hún var tekin, fellt hana úr gildi með ákvörðun um að höfða sjálfur mál eða að leggja fyrir lögreglustjóra að gera það.

Í 4. mgr. er lagt til að dómsmálaráðherra kveði á um verkaskiptingu ríkislögreglustjóra og annarra lögreglustjóra með reglugerð.

Svo sem fram kemur í almennum athugasemdum á frumvarpið samleið með frumvarpi til lögreglulaga. Í því frumvarpi er kveðið á um stofnun embættis ríkislögreglustjóra og niðurlagningu rannsóknarlögreglu ríkisins. Embætti ríkislögreglustjóra eru ekki ætlaðar lögregluranns óknir í sama mæli og rannsóknarlögreglu ríkisins. Gert er ráð fyrir að hjá embætti ríkislögreglustjóra verði sérstök rannsóknardeild í skatta- og efnahagsbrotamálum. Rannsókn annarra brota verði falin lögreglustjórum í hlutaðeigandi umdæmi en þeim til aðstoðar við erfiðar rannsóknir verði stoðdeild ríkislögreglustjóra og sérstakar rannsóknardeildir við nokkur stærstu lögreglustjóraembættin.

Sem fyrr segir er lögð til sú almenna stefnumörkun að í sem flestum brotamálum verði ákæra gefin út af þeim lögreglustjóra sem stjórnað hefur rannsókn máls, þannig að ferill máls frá því að rannsókn er hafin og þar til saksókn í héraði lýkur verði sem einföldust og greiðust.

Þar sem skatta- og efnahagsbrot eru að uppistöðu augðunarbrot og sérrefsilagabrot, svo sem skattalagabrot, fellur þessi brotaflokkur að stærstum hluta undir ákæruvald lögreglustjóra. Lagt er til að ríkislögreglustjóra verði falið ákæruvald í skatta- og efnahagsbrotamálum en skv. 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins er dómsmálaráðherra heimilt að skipa sérstakan saksóknara við embætti ríkislögreglustjóra til að annast saksókn og málflutning slíkra mála.

Um 5. gr.

Lagt er til að orðin „rannsóknarlögreglustjóra ríkisins“ falli brott í 1. mgr. 29. gr. gildandi laga og í stað þeirra komi: ríkislögreglustjóri. Er það í samræmi við nýskipan á yfirstjórn lögreglu sem lögð er til í frumvarpi til lögreglulaga. Með því frumvarpi er embætti rannsóknarlögreglu ríkisins lagt niður og yfirstjórn lögreglu færð í hendur ríkislögreglustjóra í umboði dómsmálaráðherra.

Um 6. gr.

Um skýringar með greininni vísast til umfjöllunar um 5. gr.

Um 7. gr.

Í frumvarpi til lögreglulaga er lagt til að ákvæði um handtöku sem nú er að finna í XII. kafla laga um meðferð opinberra mála sæti nokkrum breytingum. Eðlilegt þykir að handtökuheimildir sé að finna í lögum um lögreglu, aðrar en þær er tengjast rannsókn eða meðferð opinbers máls. Jafnframt verða handtökuheimildir tengdar afplánun refsingar áfram í lögum um meðferð opinberra mála. Er lagt til í frumvarpi til lögreglulaga að handtökuheimildir samkvæmt e- og f-liðum 98. gr. laga um meðferð opinberra mála verði að finna í lögreglulögum.

Um 8. gr.

XIV. kafli laganna fjallar um saksókn og undirbúning málsmeðferðar. Skv. 1. mgr. 113. gr. má falla frá saksókn þegar beita má ákvæðum almennra hegningarlaga um frestun ákæru, svo og ef sakborningur gengst undir viðurlög skv. 115. gr. Þá má falla frá saksókn skv. 2. mgr. 113. gr. ef skilyrði a-f- liða ákvæðisins eru uppfyllt. Ríkissaksóknari getur borið upp við dómsmálaráðherra að gera tillögu til forseta Íslands um niðurfall saksóknar samkvæmt ákvæðum 29. gr. stjórnarskrár, ef hann telur vafa leika á um heimild sína til þess. Samkvæmt gildandi lögum skal lögreglustjóri í málum þar sem hann fer með ákæruvald, ef hann telur að til greina komi að falla frá saksókn samkvæmt fyrirmælum b–f-liða 2. mgr. 113. gr., senda ríkissaksóknara málið með tillögum sínum. Í greininni er lagt til að lögreglustjóri geti sjálfur fallið frá saksókn í málum sem hann fer með ákæruvald í. Ef hann telji á hinn bógin vafa leika á um heimil síns til þess skuli hann senda ríkissaksóknara málið með tillögum sínum. Er sjálfstæð heimild lögreglustjóra til að falla frá saksókn tekin upp með frumvarpi þessu, en það er í samræmi við það aukna ákæruvald sem lögreglustjóra er falið í frumvarpinu.

Um 9. gr.

Ef mál er fellt niður skv. 112. gr. laga um meðferð opinberra mála eða fallið er frá saksókn skv. 113. gr. laganna ber ákæranda skv. 114. gr. að tilkynna það sakborningi eða ef því er að skipta þeim sem misgert er við. Lagt er til að það komi í hlut þess sem þá ákvörðun tók að sjá um þá tilkynningu.

Ákvæði 2. mgr. er nýmæli. Samkvæmt því getur sá er ekki vill una við ákvörðun lögreglustjóra um að fella niður mál eða að falla frá saksókn kært þá ákvörðun til ríkissaksóknara innan eins mánaðar frá því að honum var tilkynnt um hana. Er hér um skemmri kærufrest en almennt gildir um stjórnsýslukærur skv. 27. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1991, þar sem miðað er við þriggja mánaða kærufrest. Er það eðlilegt þar sem þörf er á að málunum verði lokið sem fyrst. Ríkissaksóknari skal taka afstöðu til kærunnar innan eins mánaðar frá því að hún barst honum, nema ríkissaksókari ákveði að höfða málið sjálfur eða leggi fyrir lögreglustjóra að gera það, sbr. 3. mgr. 28. gr. laganna.

Um 10. gr.

Frumvarpi til lögreglulaga er ætlað að taka gildi 1. júlí 1997. Frumvarp þetta er fylgifrumvarp þess lagafrumvarps og miðast gildistaka þess því við sama tíma.

Um 11. gr.

Í samræmi við efni frumvarps þessa er lagt til að nokkrum ákvæðum almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, verði breytt þannig að orðið „ákærandi“ verði tekið upp í stað „saksóknari“ eða „saksóknari ríkisins“.

Fylgiskjal I.

Fjöldi mála vegna brota á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, árin 1993–1995.

Dómstóll	Fjöldi mála 1993-1995	Hlutfall %
Héraðsdómur Reykjavíkur	1228	57,2
Héraðsdómur Reykjaness	319	14,9
Héraðsdómur Vesturlands	105	4,9
Héraðsdómur Vestfjarða	73	3,4
Héraðsdómur Norðurlands vestra	49	2,3
Héraðsdómur Norðurlands eystra	175	8,2
Héraðsdómur Austurlands	77	3,6
Héraðsdómur Suðurlands	110	5,2
Samtals	**2136**	**100%**



Fjöldi mála á ári vegna brota á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940. Meðaltal áranna 1993-1995

Dómstóll	Ársmeðaltal 1993-1995	Hlutfall %
Héraðsdómur Reykjavíkur	410	57,2
Héraðsdómur Reykjaness	106	14,9
Héraðsdómur Vesturlands	35	4,9
Héraðsdómur Vestfjarða	24	3,4
Héraðsdómur Norðurlands vestra	16	2,3
Héraðsdómur Norðurlands eystra	58	8,2
Héraðsdómur Austurlands	26	3,6
Héraðsdómur Suðurlands	37	5,2
Samtals	**712**	**100%**

Ársmeðaltal 1993-1995



Fylgiskjal II.

Fjöldi mála samkvæmt einstökum greinum í almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, árin 1993–1995.

	Héraðsdómstólar										
grein	Reykjav.	Reykjan.	Vesturl.	Vestfj.	Norðl.v	Norðl.e	Austurl.	Suðurl.	Samtals	Á ári	%
100	2								2	0,3	0,07
106	10	8	1	3	2		1	2	27	9	0,99
107				1					1	0,3	0,04
108		1							1	0,3	0,04
110								1	1	0,3	0,04
113	1					2			3	1	0,11
120	1	1		1		2		1	6	2	0,22
123							1		1	0,3	0,04
128					2				2	0,7	0,07
137	1								1	0,3	0,04
138	10				1	1			12	4	0,44
139					2				2	0,7	0,07
142	1								1	0,3	0,04
146				1					1	0,3	0,04
147	4	1				1			6	2	0,22
148	10	1	1						12	4	0,44
149	1								1	0,3	0,04
155	302	29	8	6	2	13	5	8	373	124,3	13,65
157	9	17	1	4			1	3	35	11,7	1,28
158	1			1					2	0,7	0,07
164	4	1				1			6	2	0,22
165			3						3	1	0,11
168	3	3				1			7	2,3	0,26
173A	3								3	1	0,11
177		1							1	0,3	0,04
183	2								2	0,7	0,07
184	2								2	0,7	0,07
187	1								1	0,3	0,04
193	1								1	0,3	0,04
194	19	7		1		3	1	1	32	10,7	1,17
195	1					1			2	0,7	0,07
196	11	6	2	2		3	1		25	8,3	0,92
197				1		1			2	0,7	0,07
198						2			2	0,7	0,07
200	2	1		1				1	5	1,7	0,18
201	2	2		1	1	1			7	2,3	0,26
202	14	8	1	3	1	1	2	1	31	10,3	1,13
209	5	3	1	3		2		1	15	5	0,55
210		1	2						3	1	0,11
211	5					1			6	2	0,22
213			1						1	0,3	0,04
215	10	4	3		3	1	1	2	24	8	0,87

grein	Reykjav.	Reykjan.	Vesturl.	Vestfj.	Norðl.v	Norðl.e	Austurl.	Suðurl.	Samtals	Á ári	%
217	130	39	18	9	10	20	16	16	258	86	9,44
218	86	25	10	9	12	18	14	25	209	69,7	7,65
219	34	11	3	2	2	5	4	3	64	21,3	2,34
220	7	2	1				1	2	13	4,3	0,48
225	2	1							3	1	0,11
226	2								2	0,7	0,07
231	19	4	6	4		4	2		39	13	1,43
232	3	1					1		5	1,7	0,18
233	3	2		1					6	2	0,22
244	341	85	29	10	13	47	11	14	550	183,3	20,13
245	10	1				1			12	4	0,44
246	20	1						1	22	7,3	0,81
247	51	21	4	6		10	4	6	102	34	3,73
248	214	23	8	2	1	22	3	5	278	92,7	10,18
249	32	1		3		1			37	12,3	1,35
250	1	5	2			3			11	3,7	0,4
251	1								1	0,3	0,04
252	12	2							14	4,7	0,51
253	6	1							7	2,3	0,26
254	32	7		1		2	1	2	45	15	1,65
255		1							1	0,3	0,04
256	7	4				7			18	6	0,66
257	70	20	13		6	12	9	6	136	45,3	4,98
259	116	38	13	10	9	15	9	6	216	72	7,91
261		1							1	0,3	0,04
262	3			1		1			5	1,7	0,18
263	6								6	2	0,22
1656	391	131	87	67	205	88	107	2732	911	100%	

Fylgiskjal III.

Fjöldi mála samkvæmt einstökum köflum í almennum hegningarlögum, nr. 19/1940. Tölur um fjölda mála sem ákæruvald lögreglustjóra nær til samkvæmt frumvarpinu eru feitletraðar.

Héraðsdómstólar

kaflar	Reykjav.	Reykjan.	Vesturl.	Vestfj.	Norðl.v.	Norðl.e.	Austurl.	Suðurl.	Samt.	Á ári	%
X									0	0	0
XI									0	0	0
XII	13	9	1	4	2	2	1	3	35	11,7	1,28
XIII	1	1		1		2	1	1	7	2,3	0,26
XIV	11				5	1			17	5,7	0,62
XV	16	2	1	1		1			21	7	0,77
XVI									0	0	0
XVII hluti									0	0	0
155-158	***312***	***46***	***9***	***11***	***2***	***13***	***6***	***11***	***410***	***137***	***15***
XVIII	10	4	3			2			19	6,3	0,7
XIX		1							1	0,3	0,04
XX	5								5	1,7	0,18
XXI	1								1	0,3	0,04
XXII	54	28	6	12	2	14	4	4	124	41,3	4,54
XXIII hluti	108	27	12	9	12	19	15	27	229	76,3	8,38
215,217,219	***174***	***54***	***24***	***11***	***15***	***26***	***21***	***21***	***346***	***115***	***12,66***
XXIV	4	1							5	1,7	0,18
XXV hluti	3	2		1					6	2	0,22
231 og 232	***22***	***5***	***6***	***4***		***4***	***3***		***44***	***14,7***	***1,61***
XXVI hluti	***714***	***150***	***43***	***22***	***14***	***93***	***19***	***28***	***1083***	***361***	***39,64***
251 og 252	13	2							15	5	0,55
XXVII	***195***	***59***	***26***	***11***	***15***	***28***	***18***	***12***	***364***	***121***	***13,32***
Samtals	1656	391	131	87	67	205	88	107	2732	911	100%

Fylgiskjal IV.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Frumvarp þetta er tengt frumvarpi til lögreglulaga sem felur í sér endurskoðun á skipulagi æðstu stjórnar lögreglunnar auk annarra þátta. Frumvörpin hafa það sameiginlega markmið að einfalda feril opinberra mála á rannsóknar- og ákærustigi.

Umsögn þessi er unnin í samráði við dóms- og kirkjumálaráðuneyti en að mati fjármálaráðuneytis munu eftirfarandi þættir frumvarpsins hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs:

1. Lagt er til að ákæruvald í héraði, þ.e. útgáfa ákæru og saksókn, verði fært til lögreglustjóra með fáum undantekningum. Lögreglustjórum verði falið að höfða önnur opinber mál en ríkissaksóknari höfðar. Hér er um að ræða algengustu brotin svo sem skjalafals, minni líkamsmeiðingar, húsbrot, þjófnað, fjárdrátt, fjársvik, eignaspjöll og nytjastuld. Talið er að breyting þessi hafi eftirfarandi kostnaðaráhrif í för með sér:
   a. Verkefnum ríkissaksóknara fækkar en verkefni lögreglustjóra aukast að sama skapi. Að sögn dómsmálaráðuneytis er fyrirhugað að flytja þrjú stöðugildi löglærðra fulltrúa frá embætti ríkissaksóknara til embættis lögreglustjórans í Reykjavík. Ætla má að það hafi í för með sér 1–2 m.kr. kostnaðarauka vegna kaupa á húsbúnaði og tækjum. Ekki er gert ráð fyrir biðlaunakostnaði þar sem miðað er við að þessum þremur lögfræðingum verði boðnar sambærilegar stöður við embætti lögreglustjórans í Reykjavík. Talið er að verkefni annarra lögreglustjóra aukist nokkuð en að sú aukning dreifist það mikið að hvergi verði þörf á að bæta við stöðugildum. Í því sambandi má geta þess að lögreglustjórar á landsbyggðinni sjá um saksókn í flestum þeirra mála sem ríkissaksóknari höfðar.
   b. Gert er ráð fyrir að þessi breyting hafi í för með sér betri nýtingu starfsmanna og töluverða hagræðingu vegna markvissari rannsókna og komi í mörgum tilvikum í veg fyrir tvíverknað. Kerfisbreytingin leiðir þó væntanlega ekki til sparnaðar heldur til aukinna afkasta og hraðari málsmeðferðar í opinberum málum.
   c. Flutningur ákæruvalds í nokkrum brotaflokkum til lögreglustjóra skapar þörf fyrir fræðslu en reikna má með að senda þurfi um 60 lögfræðinga á vikunámskeið í samningu ákæra og saksókn í þessum málaflokkum. Kostnaður getur orðið mjög mismunandi eftir því með hvaða hætti þessari fræðslu yrði sinnt en talið er að hann geti numið 1,5–2 m.kr. Miðað er við að u.þ.b. þriðjungur þátttakenda komi frá lögreglustjórum utan höfuðborgarsvæðisins með tilheyrandi ferða- og uppihaldskostnaði. Ekki er talinn kostnaður við vinnutap vegna fjarveru starfsmanna frá hefðbundnum störfum.
2. Lagt er til að dómsmálaráðherra verði veitt heimild til að skipa saksóknara við einstök embætti lögreglustjóra, þar á meðal embætti ríkislögreglustjóra, til að annast saksókn og málflutning í umboði lögreglustjóra. Talið er að árlegur launakostnaður við slíkan saksóknara nemi um 4 m.kr. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að ekki er ætlunin að sérstakir saksóknarar verði skipaðir nema við stærstu emb-

ættin og að sögn dómsmálaráðuneytis er fyrst um sinn fyrirhugað að skipa tvo saksóknara, annan við embætti lögreglustjórans í Reykjavík og hinn við embætti ríkislögreglustjóra. Ekki er gert ráð fyrir að um nýjar stöður verið að ræða heldur að tveimur stöðum löglærðra fulltrúa verði breytt í stöður saksóknara. Að því gefnu að ekki verði um fleiri stöður saksóknara að ræða en að framan greinir er áætlaður kostnaðarauki um 3 m.kr. vegna mismunandi launakjara löglærðra fulltrúa og héraðssaksóknara.

Það er mat fjármálaráðuneytis að verði frumvarp þetta óbreytt að lögum muni það hafa í för með sér um 3 m.kr. útgjaldaauka fyrir ríkissjóð á ári. Til viðbótar er á fyrsta ári eftir gildistöku laganna gert ráð fyrir kostnaði að fjárhæð 2,5–4 m.kr. vegna tilflutnings á stöðugildum og fræðslu fyrir lögfræðinga lögreglustjóraembættana.

783. Frumvarp til lögreglulaga. [451. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

I. KAFLI
Hlutverk lögreglu o.fl.

1. gr.
Hlutverk.

1. Ríkið heldur uppi starfsemi lögreglu.
2. Hlutverk lögreglu er:
   a. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og vernda eignarrétt, opinbera hagsmuni og hvers konar lögmæta starfsemi,
   b. að stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins,
   c. að vinna að uppljóstran brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð opinberra mála eða öðrum lögum,
   d. að greiða götu borgaranna eftir því sem við á og aðstoða þá þegar hætta steðjar að,
   e. að veita yfirvöldum vernd eða aðstoð við framkvæmd starfa sinna samkvæmt fyrirmælum laga eða venju eftir því sem þörf er á,
   f. að starfa í samvinnu við önnur stjórnvöld og stofnanir sem hafa með höndum verkefni sem tengjast starfssviði lögreglu,
   g. að sinna öðrum verkefnum sem henni eru falin í lögum eða leiðir af venju.

2. gr.
Tengsl við þjóðarétt.

Lögregla skal í störfum sínum hafa í heiðri þær þjóðréttarlegu skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist.

3. gr.

Lögreglumenn.

Til lögreglumanna teljast þeir sem skipaðir eru eða settir til lögreglustarfs skv. 3. mgr. 28. gr. eða ráðnir tímabundið skv. 4. mgr. 28. gr.

II. KAFLI
Skipulag lögreglu og æðsta stjórn.

4. gr.

Æðsta stjórn lögreglu.

Dómsmálaráðherra er æðsti yfirmaður lögreglunnar í landinu. Ríkislögreglustjóri fer með málefni lögreglunnar í umboði hans.

5. gr.

Ríkislögreglustjóri.

1. Hlutverk ríkislögreglustjóra er:

a. að flytja og kynna lögreglustjórum boð og ákvarðanir æðstu handhafa ríkisvaldsins sem snerta starfsemi lögreglunnar með einum eða öðrum hætti og vinna að og fylgjast með að þeim ákvörðunum verði fylgt í starfsemi lögreglunnar,
b. að láta dómsmálaráðherra í té upplýsingar um hvers konar lögreglumálefni sem hann getur notað til að undirbúa og byggja ákvarðanir sínar á,
c. að gera tillögur til dómsmálaráðherra um almenn fyrirmæli til lögreglustjóra,
d. að vinna að og gera tillögur um hagræðingu, samræmingu, framþróun og öryggi í starfsemi lögreglunnar,
e. að annast alþjóðasamskipti á sviði löggæslu,
f. að veita lögreglustjórum aðstoð og stuðning í lögreglustörfum,
g. að annast viðfangsefni sem eðli máls samkvæmt eða aðstæðna vegna kalla á miðstýringu eða samhæfingu á landsvísu eða samstarf við lögreglu í öðru landi,
h. að hafa með höndum yfirstjórn eða gefa fyrirmæli um framkvæmd einstakra löggæsluverkefna sem krefjast viðamikils undirbúnings eða þátttöku lögreglumanna úr fleiri en einu umdæmi. Ríkislögreglustjóri skal að fengnu samþykki dómsmálaráðherra tilkynna hlutaðeigandi lögreglustjóra eða lögreglustjórum ákvörðun sína varðandi stjórn löggæsluverkefnis með hæfilegum fyrirvara.

2. Sérstök verkefni sem ríkislögreglustjóra ber að hafa með höndum eru:

a. að starfrækja lögregluranns óknardeild sem rannsakar skatta- og efnahagsbrot,
b. að starfrækja lögregluranns óknardeild sem rannsakar landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess og aðstoðar lögreglustjóra við rannsókn alvarlegra brota, deildin skal rannsaka mál vegna kæra á hendur lögreglumönnum vegna brots í starfi,
c. að starfrækja almenna deild er annist kerfisbundna skráningu upplýsinga um lögreglumálefni, hafi umsjón með kaupum á ökutækjum, búnaði og fatnaði lögreglu og hafi reglulegt eftirlit með lögreglustöðvum, tækjum þeirra og búnaði,
d. að starfrækja alþjóðadeild er annist alþjóðleg boðskipti,
e. að starfrækja rannsóknarstofu sem annist skjalarannsóknir, fingrafararannsóknir og aðrar slíkar tæknilegar lögregluranns óknir.

3. Dómsmálaráðherra mælir nánar fyrir um starfsemi ríkislögreglustjóra.

4. Ríkislögreglustjóra til aðstoðar er vararíkislögreglustjóri. Hann er staðgengill ríkislögreglustjóra.

5. Þegar ríkislögreglustjóri er svo við málsefni eða aðila riðinn að hann mætti eigi gegna dómarastörfum í því skal hann víkja sæti og setur dómsmálaráðherra þá löghæfan mann til meðferðar þess máls.

6. gr.

Lögregluumdæmi og stjórn þeirra.

1. Landið skiptist í lögregluumdæmi sem fara saman við skiptingu þess í stjórnsýsluumdæmi. Sýslumenn eru lögreglustjórar hver í sínu umdæmi nema í Reykjavík þar sem lögreglustjórn er í höndum sérstaks lögreglustjóra. Við embætti lögreglustjórans í Reykjavík skal starfa varalögreglustjóri.

2. Lögreglustjórar fara með stjórn lögregluliðs, hver í sínu umdæmi. Þeir annast daglega stjórn og rekstur lögreglunnar í umdæmi sínu og bera ábyrgð á framkvæmd lögreglustarfa innan þess.

3. Dómsmálaráðherra getur falið öðrum en hinum reglulega lögreglustjóra umdæmis að fara með lögreglustjórn þar tímabundið þegar sérstaklega stendur á.

4. Dómsmálaráðherra er heimilt að setja annan löghæfan mann í stað hins reglubundna lögreglustjóra til meðferðar einstaks máls.

7. gr.

Starfssvæði lögreglu.

1. Lögreglumenn hafa lögregluvald hvar sem er á landinu.

2. Starfssvæði lögreglumanns er það umdæmi sem hann er skipaður, settur eða ráðinn til þess að starfa í.

3. Dómsmálaráðherra getur ákveðið að hluti lögregluliðs skuli gegna lögreglustörfum alls staðar á landinu. Hann setur reglur um störf þess lögregluliðs og hvernig stjórn þess skuli háttað.

4. Heimilt er að víkja frá ákvæði 2. mgr. í eftirfarandi tilvikum:

a. Ríkislögreglustjóri getur ákveðið að höfðu samráði við lögreglustjóra að lögreglulið í einu umdæmi skuli tímabundið gegna lögreglustörfum í öðru umdæmi og ákveður þá jafnframt hver skuli fara með stjórn þess. Þá getur dómsmálaráðherra samkvæmt tillögu ríkislögreglustjóra falið lögreglustjórum tímabundið tiltekin löggæsluverkefni utan síns umdæmis ef hagfellt þykir vegna staðhátta.
b. Lögreglumanni er heimilt að fara út fyrir starfssvæði sitt til þess að ljúka lögregluaðgerð sem hann hefur hafið innan þess. Á sama hátt getur lögreglumaður unnið lögregluverk utan umdæmis síns ef verkefnið krefst þess eða brýna nauðsyn ber til.
c. Lögreglumanni, sem er að störfum en á leið um annað lögregluumdæmi, er heimilt að hafa afskipti af mönnum sem hann stendur að lögbrotum.

5. Lögreglumaður skal tilkynna yfirmanni sínum um aðgerðir sínar skv. b- og c-liðum 4. mgr. svo fljótt sem kostur er. Með sama hætti ber að tilkynna lögreglustjóra hlutaðeigandi umdæmis um aðgerðir lögreglumanns.

8. gr.

Sérstakar rannsóknardeildir.

1. Við embætti eftirtalinna lögreglustjóra skulu vera sérstakar rannsóknardeildir:

a. lögreglustjórans í Reykjavík fyrir umdæmi hans,
b. lögreglustjórans á Akranesi fyrir umdæmi hans, lögreglustjórans í Borgarnesi, í Stykkishólmi og í Búðardal,

c. lögreglustjórans á Ísafirði fyrir umdæmi hans, lögreglustjórans á Patreksfirði, í Bolungarvík og á Hólmavík,
d. lögreglustjórans á Sauðárkróki fyrir umdæmi hans, lögreglustjórans á Blönduósi og á Siglufirði,
e. lögreglustjórans á Akureyri fyrir umdæmi hans, lögreglustjórans á Ólafsfirði og á Húsavík,
f. lögreglustjórans á Seyðisfirði fyrir umdæmi hans, lögreglustjórans í Neskaupstað, á Eskifirði og á Höfn,
g. lögreglustjórans á Selfossi fyrir umdæmi hans, lögreglustjórans í Vík í Mýrdal og á Hvolsvelli,
h. lögreglustjórans í Vestmannaeyjum fyrir umdæmi hans,
i. lögreglustjórans í Keflavík fyrir umdæmi hans og lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli,
j. lögreglustjórans í Hafnarfirði fyrir umdæmi hans og lögreglustjórans í Kópavogi.

2. Lögreglumenn í rannsóknardeildum skulu rannsaka brot í sínu lögregluumdæmi eftir fyrirmælum hlutaðeigandi lögreglustjóra.

3. Lögreglustjóra í umdæmi þar sem ekki er starfandi rannsóknardeild skv. 1. mgr. er heimilt að leita eftir aðstoð lögreglumanna í rannsóknardeildum skv. 1. mgr. við rannsókn brota. Ef brot er alvarlegt skal hann að jafnaði leita eftir slíkri aðstoð og er þá ríkislögreglustjóra heimilt að fela lögreglustjóra í umdæmi þar sem rannsóknardeild starfar stjórn rannsóknarinnar.

4. Ríkislögreglustjóri sker úr um í hvaða umdæmi mál skuli rannsakað.

5. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um starfsemi rannsóknardeilda.

6. Við embætti lögreglustjórans í Reykjavík skal starfrækt tæknideild sem sinni vettvangsrannsóknum og öðrum slíkum rannsóknum. Tæknideildin skal þjóna öllum lögregluumdæmum og setur dómsmálaráðherra nánari reglur um starfrækslu hennar.

9. gr.

Handhafar lögregluvalds.

1. Ríkislögreglustjóri, vararíkislögreglustjóri, lögreglustjórar, varalögreglustjórinn í Reykjavík, skólastjóri Lögregluskóla ríkisins, löglærðir fulltrúar lögreglustjóra og lögreglumenn fara með lögregluvald.

2. Dómsmálaráðherra er heimilt í undantekningartilvikum að fela öðrum starfsmönnum lögreglu lögregluvald tímabundið eða til að sinna sérstökum verkefnum.

3. Skipshafnir varðskipa fara með lögregluvald þegar þeir annast eða aðstoða við löggæslu.

4. Tollverðir fara með lögregluvald á sínu starfsviði og þegar þeir annast eða aðstoða við löggæslu.

5. Hreppstjórar fara með lögregluvald samkvæmt lögum um hreppstjóra.

6. Héraðslögreglumenn fara með lögregluvald þegar þeir gegna starfinu.

7. Þeir sem kvaddir eru lögreglu til aðstoðar lögum samkvæmt fara með lögregluvald á meðan þeir gegna starfanum.

8. Nemar í Lögregluskóla ríkisins fara með lögregluvald þegar þeir gegna lögreglustarfi.

10. gr.

Héraðslögreglumenn.

1. Lögreglustjóra er heimilt að fengnu samþykki ríkislögreglustjóra að ráða héraðslögreglumenn til starfa í umdæmi sínu, enda fullnægi þeir skilyrðum í a-, b- og c-liða 2. mgr. 39. gr. laganna.

2. Hlutverk héraðslögreglumanna er að gegna almennum löggæslustörfum þegar á þarf að halda, þar á meðal að halda uppi lögum og reglu á mannfundum og skemmtunum undir stjórn lögreglumanna.

3. Dómsmálaráðherra setur reglur um fjölda héraðslögreglumanna og störf þeirra.

4. Héraðslögreglumenn njóta sömu réttinda og bera sömu skyldur og lögreglumenn á meðan þeir gegna lögreglustörfum.

11. gr.

Samvinna lögreglu við önnur stjórnvöld og stofnanir.

1. Lögreglan skal aðstoða ákæruvaldið við störf þess.

2. Lögregla og önnur stjórnvöld og stofnanir skulu hafa gagnkvæmt samstarf varðandi verkefni sem tengjast löggæslu, svo sem forvarnir. Sérstaklega skal lögregla vinna með félagsmálayfirvöldum, heilbrigðisyfirvöldum og menntamálayfirvöldum að forvörnum eftir því sem tilefni gefst til og aðstæður leyfa og upplýsa þessa aðila um málefni sem krefjast afskipta þeirra.

12. gr.

Samstarfsnefndir lögreglu og sveitarfélaga.

1. Í hverju lögregluumdæmi skal starfa samstarfsnefnd um málefni lögreglunnar. Í henni sitja þrír menn: Lögreglustjóri viðkomandi umdæmis sem jafnframt er formaður nefndarinnar og tveir sveitarstjórnarmenn tilnefndir af hálfu sveitarstjórna þeirra sveitarfélaga sem eru í lögregluumdæminu. Fundi skal halda eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

2. Nefndin er vettvangur fyrir samskipti og samvinnu lögreglunnar og sveitarfélaga í umdæminu. Hún gerir m.a. tillögur um úrbætur í málefnum sem varða löggæslu í umdæmi hennar og beitir sér fyrir því að almenningi verði kynnt starfsemi lögreglunnar.

III. KAFLI

Skyldur lögreglumanna og framkvæmd lögreglustarfa.

13. gr.

Almennar reglur.

1. Handhafa lögregluvalds ber að sýna árvekni í starfi sínu og kunna glögg skil á skyldum sínum og þeirri ábyrgð sem starfinu fylgir.

2. Handhafa lögregluvalds ber að rækja starfa sinn af kostgæfni og samviskusemi og ávallt gæta fyllstu hlutlægni og réttsýni. Þeir skulu gæta þess að mönnum verði ekki gert tjón, óhagræði eða miski framar en óhjákvæmilegt er eftir því sem á stendur. Ekki mega þeir beita sakaðan mann harðræði fram yfir það sem lög heimila og nauðsynlegt er til þess að vinna bug á mótþróa hans gegn lögmætum aðgerðum né á annan hátt beita hann ólögmætri þvingun í orði eða verki, svo sem með hótunum.

3. Við framkvæmd starfa sinna skulu handhafar lögregluvalds bera á sér sérstök skilríki er sýni m.a. nafn þeirra og stöðu ásamt mynd. Ráðherra ákveður notkun lögregluskilríkja með reglugerð.

14. gr.

Valdbeiting.

Handhöfum lögregluvalds er heimilt að beita valdi við framkvæmd skyldustarfa sinna. Aldrei mega þeir þó ganga lengra í beitingu valds en þörf er á hverju sinni.

15. gr.

Aðgerðir í þágu almannafriðar, allsherjarreglu o.fl.

1. Lögreglu er heimilt að hafa afskipti af borgurunum til að halda uppi almannafriði og allsherjarreglu eða koma í veg fyrir yfirvofandi röskun til að gæta öryggis einstaklinga eða almennings eða til að afstýra afbrotum eða stöðva þau.

2. Í þessu skyni er lögreglu m.a. heimilt að taka í sínar hendur umferðarstjórn, banna dvöl á ákveðnum svæðum, svo sem með því að girða af eða hindra umferð um þau, taka í sínar vörslur hættulega muni, vísa á brott eða fjarlægja fólk, fyrirskipa stöðvun eða breytingu á aðgerðum eða starfsemi, fara inn á svæði í einkaeign og fyrirskipa brottflutning fólks af þeim.

3. Óhlýðnist maður fyrirmælum lögreglu skv. 2. mgr. getur hún gripið til nauðsynlegra ráðstafana á hans kostnað til að koma í veg fyrir að óhlýðni hans valdi tjóni eða stofni almenningi í hættu.

4. Lögreglu er heimilt að krefjast þess að maður segi til nafns síns, kennitölu og heimilisfangs og sýni skilríki því til sönnunar.

5. Lögreglu er heimilt að hafa afskipti af málefnum sem samkvæmt lögum heyra undir önnur stjórnvöld ef það er talið nauðsynlegt til að stöðva eða koma í veg fyrir alvarlega röskun á almannafriði og allsherjarreglu og ekki næst til viðkomandi stjórnvalds eða aðgerðir af þess hálfu eru útilokaðar, þýðingarlausar eða fyrirsjáanlegt er að þær muni hefjast of seint. Tilkynna skal hlutaðeigandi stjórnvaldi um aðgerðir lögreglu svo fljótt sem auðið er.

16. gr.

Heimild til handtöku.

1. Handhafa lögregluvalds er heimilt að handtaka mann og færa á lögreglustöð eða á annan stað þar sem lögregla hefur aðstöðu:

a. í þeim tilgangi að halda uppi lögum og reglu, svo sem ef maður ærist á almannafæri eða veldur þar hneyksli eða hættu á óspektum,
b. ef hann hefur hér ekki landvistarleyfi,

2. Lögregla skal gera manni grein fyrir ástæðum þess að hann er færður á starfsstöð lögreglu. Ekki má halda manni lengur en nauðsyn ber til.

17. gr.

Leit á mönnum.

1. Lögreglu er heimilt ef ástæða er til að leita að vopnum eða öðrum hættulegum munum á hverjum þeim sem fjarlægður er eða handtekinn af lögreglu.

2. Sé maður vistaður í fangageymslu er lögreglu heimilt að leita á honum og taka til varðveislu muni sem hann hefur á sér og hann getur notað til þess að vinna tjón á sjálfum sér eða öðrum. Ef ástand manns eða aðstæður að öðru leyti gefa tilefni til er heimilt að taka af honum peninga og muni sem hann hefur á sér og hætta þykir á að geti skemmst, eyðilagst eða glatast.

3. Verðmætum, sem lögregla tekur til varðveislu skv. 2. og 3. mgr., ber að skila aftur þegar maður er látinn laus enda séu ekki skilyrði til að leggja hald á þau samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

18. gr.

Afskipti af börnum.

Lögreglu er heimilt að hafa afskipti af börnum yngri en 16 ára sem eru á stöðum þar sem heilsu þeirra eða velferð er alvarleg hætta búin og koma þeim í hendur forsjármanna eða barnaverndaryfirvalda ef nauðsynlegt þykir.

19. gr.

Skylda til að hlýða fyrirmælum lögreglu.

Almenningi er skylt að hlýða fyrirmælum sem lögreglan gefur, svo sem vegna umferðarstjórnar eða til þess að halda uppi lögum og reglu á almannafæri.

20. gr.

Skylda til að aðstoða lögreglu.

1. Ef nauðsyn ber til geta lögreglumenn kvatt sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, þar á meðal til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri. Maður er skyldur til að hlýða kvaðningu lögreglu ef hann getur veitt aðstoð án þess að stofna lífi, heilbrigði, velferð eða verulegum hagsmunum sjálfs sín eða nánustu vandamanna í hættu.

2. Þeir sem kvaddir eru lögreglunni til aðstoðar skv. 1. mgr. fara með lögregluvald meðan þeir gegna starfinu og njóta sömu verndar og aðrir lögreglumenn.

21. gr.

Bann við að tálma lögreglu í störfum sínum.

Enginn má á neinn hátt tálma því að maður gegni lögreglustörfum.

22. gr.

Þagnarskylda.

1. Lögreglumönnum og öðru starfsliði lögreglu ber þagnarskylda um þau atvik sem þeim verða kunn í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna. Tekur þetta til upplýsinga um einkahagi manna sem eðlilegt er að leynt fari, upplýsinga sem varða skipulag og starfsemi lögreglu og fyrirhugaðar lögregluaðgerðir og annarra upplýsinga sem leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls.

2. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

23. gr.

Afskipti af eigin málum eða nákominna vandamanna.

Starfsmanni lögreglu er í starfi sínu óheimilt að aðhafast í eigin málum eða nákominna vandamanna nema afskipti hans af máli séu nauðsynleg til verndar lífi eða heilsu manna eða eignum gegn yfirvofandi hættu eða hætta sé á að frestun aðgerðar muni leiða til þess að tilgangi hennar verði ekki náð.

24. gr.

Afskipti af vinnudeilum.

Lögreglu er óheimilt að hafa önnur afskipti af vinnudeilum en að halda þar, eins og annars staðar, uppi friði og afstýra skemmdum, meiðslum og vandræðum.

25. gr.

Lögreglustörf utan vinnutíma.

1. Lögreglumanni er heimilt að sinna lögreglustörfum í frítíma sínum ef:

a. þess er þörf til verndar lífi eða heilsu fólks eða verulegum opinberum hagsmunum,
b. þess er þörf til að afstýra eða stöðva alvarlegt lögbrot eða
c. þess er þörf til að handtaka megi mann sem grunaður er um alvarlegan refsiverðan verknað.

2. Hafi lögreglumaður haft afskipti af máli skv. 1. mgr. ber honum tafarlaust að tilkynna það yfirmanni sínum. Hafi hann unnið slík verk utan starfsumdæmis síns skal hann tilkynna það lögreglustjóra þess umdæmis.

26. gr.

Heimild til að fela lögreglu tollgæslustörf.

Dómsmálaráðherra er heimilt að ákveða með samkomulagi við fjármálaráðherra að lögreglumenn skuli gegna tollgæslustörfum jafnframt öðrum löggæslustörfum eftir nánari fyrirmælum lögreglustjóra og eftir reglum sem settar eru í samráði við tollgæslustjóra. Þar sem slík starfstilhögun er ákveðin skal þess getið í auglýsingu um starf lögreglumanns.

IV. KAFLI
Um veitingu starfa í lögreglu.

27. gr.

Fjöldi lögreglumanna.

Ráðherra ákveður á hverjum tíma í samráði við ríkislögreglustjóra að fengnum tillögum hlutaðeigandi lögreglustjóra fjölda lögreglumanna í hverju umdæmi.

28. gr.

Veiting starfa í lögreglu.

1. Forseti Íslands skipar ríkislögreglustjóra, vararíkislögreglustjóra, lögreglustjóra og varalögreglustjóra í Reykjavík.

2. Ríkislögreglustjóri, vararíkislögreglustjóri, lögreglustjórar og varalögreglustjóri í Reykjavík skulu fullnægja sömu almennum hæfisskilyrðum og héraðsdómarar til skipunar í embætti. Þó eiga skilyrði um lágmarksaldur ekki við um lögreglustjórana og varalögreglustjóra í Reykjavík.

3. Dómsmálaráðherra skipar lögreglumenn til lögreglustarfa enda hafi þeir staðist próf frá Lögregluskóla ríkisins. Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um starfsstig lögreglumanna.

4. Dómsmálaráðherra getur heimilað lögreglustjóra að ráða mann tímabundið til lögreglustarfa vegna orlofstöku, veikinda- eða slysaforfalla eða tímabundinna leyfa lögreglumanna þó að hann hafi ekki lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins enda fullnægi hann skilyrðum a-, b- og c-liða 2. mgr. 39. gr. laganna, staðan hafi verið auglýst með venjulegum hætti og enginn með próf frá Lögregluskóla ríkisins sótt um hana.

29. gr.

Heitstafur.

Allir lögreglumenn sem eru skipaðir eða ráðnir til starfa skulu vinna svofellt heit: Því heiti ég og legg við drengskap minn og heiður að lögreglumannsstarfa minn skal ég rækja með kostgæfni og samviskusemi í hvívetna og vinna að því eftir fremsta megni að halda uppi stjórnarskrá lýðveldisins og öðrum lögum þess.

V. KAFLI
Atriði sem varða starfskjör lögreglumanna.

30. gr.

Bótagreiðslur.

Ríkissjóður skal bæta lögreglumönnum líkamstjón og munatjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns. Greiða skal bætur fyrir missi framfæranda ef því er að skipta.

31. gr.

Bann við verkföllum.

Lögreglumenn mega hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðun.

32. gr.

Aukastörf.

1. Heimilt er að fela lögreglumanni að vinna fyrir sanngjarnt endurgjald aukastörf í þágu ríkisins enda valdi það ekki vanrækslu á þeim störfum er stöðu hans fylgja. Að öðru leyti er lögreglumönnum óheimilt að hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkafyrirtækja eða reka sjálfstæða atvinnustarfsemi.

2. Heimilt er að veita undanþágu frá banni 2. málsl. 1. mgr. Undanþágu skal ekki veita ef ástæða er til að ætla að aukastarfið valdi vanrækslu á þeim störfum er stöðu fylgja, ástæða er til að ætla að það brjóti á einhvern hátt í bága við lögreglustarfið eða það geti með öðrum hætti hamlað því að viðkomandi geti sinnt lögreglustarfinu forsvaranlega. Heimilt er að afturkalla undanþágu hvenær sem er án þess að tilgreina sérstakar ástæður. Gefa skal lögreglumanni hæfilegan frest til að láta af aukastarfinu ef kostur er.

3. Ríkislögreglustjóri veitir undanþágu skv. 2. mgr. en lögreglumaður getur skotið synjun til dómsmálaráðherra.

VI. KAFLI
Löggæslukostnaður.

33. gr.

Kostnaður við rekstur lögreglu.

Kostnaður af starfsemi lögreglunnar greiðist úr ríkissjóði.

34. gr.

Sérstakur löggæslukostnaður.

1. Lögreglustjóra er heimilt að binda skemmtanaleyfi því skilyrði að lögreglumenn verði á skemmtistað og jafnframt að leyfishafi greiði kostnað af þeirri löggæslu samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur.

2. Enn fremur má í slíkum reglum kveða á um greiðslu kostnaðar af gæslustörfum vegna framkvæmda á almannafæri og flutnings á óvenjulegum eða hættulegum farmi þar sem lögreglustjóri telur nauðsynlegt að fyrirskipa slíka löggæslu.

VII. KAFLI
Kærur á hendur lögreglu.

35. gr.

Berist kæra á hendur lögreglumanni fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd lögreglustarfa, eða vakni grunur um slíkt brot, skal lögreglustjóri þegar í stað tilkynna ríkislögreglustjóra um ætlað brot. Ríkislögreglustjóri annast rannsókn málsins. Ef kæra beinist að starfsmanni ríkislögreglustjóra, víkur hann sæti við meðferð málsins, sbr. 5. mgr. 5. gr.

VIII. KAFLI
Lögregluskóli ríkisins.

36. gr.

Hlutverk Lögregluskóla ríkisins.

1. Lögregluskóli ríkisins er sjálfstæð stofnun. Skólinn skal starfrækja grunnnámsdeild er veiti lögreglunemum menntun í almennum lögreglufræðum og framhaldsdeild er veiti starfandi lögreglumönnum símenntun, framhaldsmenntun og sérmenntun.

2. Lögregluskóli ríkisins skal vera vettvangur rannsókna í lögreglufræðum og stjórnvöldum til ráðgjafar um lögreglumálefni.

37. gr.

Stjórn Lögregluskóla ríkisins.

1. Dómsmálaráðherra skipar skólastjóra Lögregluskóla ríkisins. Hann skal fullnægja sömu skilyrðum fyrir skipan í embætti og lögreglustjórar og hafa staðgóða þekkingu á lögreglumálefnum.

2. Við Lögregluskóla ríkisins skulu starfa yfirlögregluþjónn og aðstoðaryfirlögregluþjónn sem dómsmálaráðherra skipar.

38. gr.

Inntaka nýnema og námstilhögun.

1. Ríkislögreglustjóri auglýsir eftir nemum í skólann um land allt. Hann ákveður fjölda nemenda sem hefja skulu nám ár hvert á grundvelli áætlunar um endurnýjun í lögreglu ríkisins.

2. Lögreglumannsefni skulu fullnægja eftirtöldum almennum skilyrðum:

a. vera íslenskir ríkisborgarar, 20 til 35 ára og ekki hafa sætt opinberri refsingu,
b. vera andlega- og líkamlega heilbrigð og standast læknisskoðun trúnaðarlæknis. Dómsmálaráðherra setur í reglugerð ákvæði um lágmarkshæð lögreglumannsefna,
c. hafa lokið grunnskólaprófi og a.m.k. tveggja ára almennu framhaldsnámi eða öðru sambærilegu námi með fullnægjandi árangri, þau skulu hafa gott vald á íslensku, einu Norðurlandamáli auk ensku eða þýsku, þau skulu hafa almenn ökuréttindi til bifreiðaaksturs, lögreglumannsefni skulu synd,
d. standast inntökupróf samkvæmt kröfun skólanefndar með áherslu á íslensku og þrek.

3. Valnefnd velur nema í lögregluskólann úr hópi umsækjenda. Nefndina skipa fimm menn, einn tilnefndur af dómsmálaráðherra, einn af ríkislögreglustjóra, einn af Sýslumannafélagi Íslands, einn af Landssambandi lögreglumanna og einn af skólastjóra Lögregluskóla ríkisins er skal vera formaður nefndarinnar.

4. Nám í lögregluskólanum skiptist í tvær annir og skal nám á fyrri önn ólaunað. Áður en nám á síðari önn hefst skal ríkislögreglustjóri sjá nemum fyrir starfsþjálfun í lögreglu ríkisins í a.m.k. átta mánuði. Nám á síðari önn skólans skal vera launað.

39. gr.

Reglugerð um Lögregluskóla ríkisins.

Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um stjórn skólans og starfslið, inntökuskilyrði, námstilhögun og prófkröfur.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

40. gr.

Nánari reglur um framkvæmd laganna.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

41. gr.

Refsingar.

Brot gegn 19.–21. gr. varða fésektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

42. gr.

Gildistaka.

1. Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997.

2. Frá sama tíma falla úr gildi lög um lögreglumenn, nr. 56/1972, ásamt síðari breytingum. Þá falla úr gildi lög um rannsóknarlögreglu ríkisins, nr. 108/1976, ásamt síðari breytingum.

43. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirfarandi lagaákvæði:

1. Í stað orðanna „(rannsóknarlögreglustjóra ríkisins)“ í 1. málsl. 4. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, kemur: (ríkislögreglustjóra).

2. Í stað orðanna „lögreglustjórinn í Reykjavík“ í 2. mgr. 4. gr. laga um almannavarnir, nr. 94/1962, kemur: ríkislögreglustjóri.

3. 1. mgr. 5. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands nr. 25/1967, orðast svo:

Skipshafnir varðskipa fara með lögregluvald þegar þær annast eða aðstoða við löggæslu.

4. 1. málsl. 2. mgr. 108. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, fellur brott.

5. Í stað orðanna „Rannsóknarlögreglu ríkisins“ í 2. málsl. 8. mgr. 28. gr. og 5. mgr. 31. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, kemur: lögreglu. 1. málsl. 2. mgr. 31. gr. sömu laga fellur brott.

6. Í stað orðanna „lögreglustjórinn í Reykjavík“ í 2. mgr. 113. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 kemur: ríkislögreglustjóri.

7. Í stað orðanna „Rannsóknarlögreglu ríkisins“ í 9. mgr. 27. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, kemur: lögreglu. 1. málsl. 2. mgr. 41. gr. sömu laga fellur brott.

8. Við 1. mgr. 22. gr. laga um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992, bætist nýr málsliður sem hljóðar svo: Lögreglustjóri skal sjá um að lögregluranns6kn fari fram þegar eftir brunatjón.

9. Í stað orðsins „rannsóknarlögreglustjóri“ í 1. mgr. 9. gr. laga um Kjaradóm og kjaranefnd, nr. 120/1992, kemur: ríkislögreglustjóri.

10. Í stað orðanna „lögreglustjórinn í Reykjavík“ í 1. mgr. 20. gr. laga um eftirlit með útlendingum, nr. 45/1965, kemur: ríkislögreglustjóri.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Þann 29. janúar 1992 skipaði Þorsteinn Pálsson dómsmálaráðherra nefnd til þess m.a. að endurskoða lög um lögreglumenn og lög um Rannsóknarlögreglu ríkisins. Í nefndina voru skipaðir: Þorsteinn Geirsson, ráðuneytisstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, formaður, Bogi Nilsson, rannsóknarlögreglustjóri ríkisins, Böðvar Bragason, lögreglustjóri í Reykjavík, Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari og Ólafur K. Ólafsson, sýslumaður í Stykkishólmi. Ritari nefndarinnar var Hjalti Zóphóníasson, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Þá var Svala Ólafsdóttir lögfræðingur ráðin starfsmaður nefndarinnar í apríl 1993.

Nefndin skilaði tillögum sínum í nóvember 1993 og var full samstaða í nefndinni um önnur atriði en skipulag yfirstjórnar lögreglunnar, en um það atriði komu fram tvær tillögur. Lögðu tveir nefndarmenn til að Rannsóknarlögregla ríkisins yrði lögð niður en verkefni hennar yrðu falin lögreglustjórum og ríkislögreglustjóra sem skyldi auk stjórnsýslu starfrækja rannsóknardeildir til aðstoðar lögreglustjórum en auk þess rannsaka tiltekin brot sjálfstætt. Þrír nefndarmenn lögðu hins vegar til að ríkislögreglustjóri fengist eingöngu við stjórnsýslu en að Rannsóknarlögregla ríkisins yrði starfrækt áfram í nokkuð breyttri mynd þar sem henni var samkvæmt tillögunni ætlað að fást einvörðungu við rannsókn stærri brotamála. Þessar tillögur voru yfirfarnar í dómsmálaráðuneytinu og m.a. leitað umsagnar Sýslumannafélags Íslands sem studdi tillögu meiri hluta nefndarinnar.

Meginniðurstaðan varð sú að í frumvarpinu var lagt til að embætti ríkislögreglustjóra yrði komið á fót og Rannsóknarlögregla ríkisins lögð niður í núverandi mynd. Auk þessa gerði ráðuneytið ýmsar breytingar á ákvæðum sem varða lögreglumenn í samræmi við athugasemdir Landssambands lögreglumanna við upphafleg frumvarpsdrög.

Frumvarp þetta var lagt fyrir Alþingi til kynningar á 117. löggjafarþingi 1993–94.

Þann 31. maí 1995 skipaði dómsmálaráðherra nefnd til að yfirfara og endurskoða frumvarp til lögreglulaga. Nefndin var skipuð þeim Sigurði T. Magnússyni skrifstofustjóra sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Eiríki Tómassyni prófessor og Jónasi Magnússyni rannsóknarlögreglumanni. Símon Sigvaldason, deildarsérfræðingur í dómsmálaráðuneyti, hefur verið ritari nefndarinnar.

Nefndinni var jafnhliða falið að gera tillögur að breytingum á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, sem nauðsynlegar væru til að samræmi næðist við efni lögreglulagafrumvarpsins.

Nefndin hefur að miklu leyti stuðst við fyrra frumvarp en auk þess víða leitað fanga, svo sem í norrænni löggjöf um lögreglumálefni og hugmyndum sem fram hafa komið á fundum með lögreglustjórum og lögreglumönnum.

Markmið nefndarinnar hafa einkum verið þessi:

1. Endurskoðun á skipulagi æðstu stjórnar lögreglunnar.
2. Að tengja ákvæði lögreglulaga við endurskoðun á ákvæðum um ákæruvald í lögum um meðferð opinberra mála með það að markmiði að gera rannsóknir afbrota hraðari og skilvirkari. Ferill mála á rannsóknar- og ákærustigi verði einfaldaður og lögreglustjórum falið ákæruvald í fleiri brotaflokkum þannig að allur þorri sakamála verði rannsakaður undir stjórn þess lögreglustjóra sem semur ákæru í máli og sækir það fyrir héraðsdómi.
3. Lögfesting skýrari reglna um framkvæmd lögreglustarfa, þar á meðal um þær aðgerðir sem lögreglu er heimilt er að grípa til í þeim tilgangi að halda uppi lögum og reglu í landinu.
4. Lögfesting skýrari reglna um réttindi og skyldur lögreglumanna.

Frumvarpið hefur verið endurskoðað í heild og talsverðar breytingar verið gerðar á greinaskipan þess. Endurskoðunin hefur þó einkum beinst að ákvæðum um yfirstjórn lögreglunnar. Eins og í fyrra frumvarpi er lagt til að embætti ríkislögreglustjóra verði komið á fót og að það taki við ýmsum verkefnum dómsmálaráðuneytisins, hluta af verkefnum Rannsóknarlögreglu ríkisins sem gert er ráð fyrir að verði lögð niður og ýmsum smærri verkefnum frá lögreglustjóranum í Reykjavík.

Flest rannsóknarverkefni Rannsóknarlögreglu ríkisins verði færð til lögreglustjóra í héraði. Rannsóknardeildir eða vísir að rannsóknardeildum eru til staðar hjá ellefu lögregluembættum. Til að mæta auknum rannsóknarverkefnum er lagt til að tveimur nýjum rannsóknardeildum verði komið á fót, þ.e. við embætti lögreglustjóranna á Sauðárkróki og Seyðisfirði. Rannsóknarlögregludeildir, sem nú eru við embætti lögreglustjóranna í Kópavogi og á Keflavíkurflugvelli, munu ekki teljast til sérstakra rannsóknardeilda skv. 8. gr. en starfsemi þeirra verður þó að mestu óbreytt frá því sem nú er. Ekki er gert ráð fyrir fækkun lögreglumanna í þessum deildum. Hins vegar er lagt til að rannsóknardeild verði færð frá embætti sýslumannsins á Eskifirði til sýslumannsins á Seyðisfirði. Þar með verði starfræktar tíu sérstakar rannsóknardeildir sem sinni meginþorra allra viðameiri lögreglurannśokna í landinu. Þar sem stærsti hluti þeirra rannsókna sem Rannsóknarlögregla ríkisins hefur farið með tengist umdæmi lögreglustjórans í Reykjavík er fyrirsjáanlegt að verkefni embættisins munu stóraukast. Leitast verður við að flytja til stöðugildi í samræmi við tilflutning verkefna.

Mörg ákvæði frumvarpsins eru efnislega samhljóða eldri lagaákvæðum eða staðfesting á gildandi ólögfestri réttarframkvæmd. Gerð er grein fyrir helstu nýmælum í frumvarpinu síðar í þessum athugasemdum.

Frumvarpinu, ef að lögum verður, er ætlað að koma í stað laga um lögreglumenn, nr. 56/1972, ásamt síðari breytingum. Þau lög eru að stofni til lög nr. 92/1933 sem síðan hafa sætt nokkrum breytingum og þrívegis verið gefin út sem ný lög, síðast sem lög nr. 56/1972. Í frumvarpinu er enn fremur gert ráð fyrir að lög um Rannsóknarlögreglu ríkisins, nr. 108/1976, ásamt síðari breytingum, falli úr gildi.

II.
Sögulegt yfirlit.

A. Lögreglustjórn.

Til hagræðis þykir rétt að skipta umfjölluninni um lögreglustjórn í landinu í tvo þætti, þ.e. lögreglustjórn utan Reykjavíkur og lögreglustjórn í Reykjavík. Verður hér aðeins drepið á aðalatriði.

Lögreglustjórn utan Reykjavíkur.

Sýslumenn hafa frá fornu fari haft með höndum lögreglustjórn. Þeirra er fyrst getið sem embættismanna konungs hér á landi í Gamla sáttmála, Járnsíðu og Jónsbók. Sýslumenn voru lögreglustjórar og innheimtumenn konungstekna. Þá önnuðust þeir fullnustu dóma o.fl.

Þótt margvíslegar breytingar hafi verið gerðar á skipan lögreglumála í Reykjavík hefur lögreglustjórn utan Reykjavíkur áfram verið í höndum sýslumanna eins og hún er raunar nú. Sýslumenn hafa lengst af haft með höndum hlutverk flestra þeirra aðila sem nú eiga hlut að meðferð sakamála, þ.e. lögreglustjórn, rannsókn mála utan og innan réttar og hlutverk sækjanda. Þá áttu þeir að sinna ýmsum þeim skyldum sem verjendum eru nú faldar. Loks fóru sýslumenn með dómsvald í héraði. Hlutverk sýslumanna hefur raunar lengst af verið víðtækara en þetta svo sem kunnugt er þótt ekki verði fjallað frekar um það hér.

Með lögum um meðferð opinberra mála, nr. 27/1951, var dregið úr ákæruvaldi dómara (lögreglustjóra) og ákvörðun um saksókn færð að mestu leyti til dómsmálaráðherra. Angi af málshöfðunarvaldi dómara hélst þó í einföldum málum. Með lögum nr. 57/1961 var gerð sú breyting að ákæruvaldið var fært til sérstaks opinbers ákæranda, saksóknara ríkisins. Tók hann þá við ákæruvaldi því sem dómsmálaráðherra hafði haft með höndum samkvæmt lögum nr. 27/1951.

Hlutverk ákærandans breyttist að öðru leyti ekki þannig að dómarar fóru áfram með þá þætti ákæruvalds sem áður var lýst.

Með lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, var sérstökum héraðsdómstólum komið á fót víðs vegar um landið (alls átta talsins) og dómsvaldið tekið af sýslumönnum og fengið sérstökum héraðsdómurum í hendur sem starfa við hina nýju héraðsdómstóla. Með lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, var lögreglustjórum falið ákæruvald í veigaminni málum, hverjum í sínu umdæmi, sbr. nánar 28. gr. þeirra laga, sbr. 3. gr. laga nr. 38/1993, auk þess sem þeim var falinn flutningur þeirra mála sem þeir höfða í héraði, sbr. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 19/1991. Eftir þessar breytingar eiga sýslumenn ekki annan hlut að meðferð sakamála en almenna lögreglustjórn, rannsókn mála utan réttar og ákæruvald í ákveðnum málaflokkum.

Þegar bæir uxu og fengu kaupstaðarréttindi urðu þeir jafnframt sérstök lögsagnarumdæmi og þar voru sett á stofn sérstök embætti bæjarfógeta sem höfðu sama hlutverk og sýslumenn, þar með talin lögreglustjórn. Þá voru sérstök lögreglustjóraembætti sett á stofn í Ólafsfirði, Bolungarvík, Hafnarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu og á Keflavíkurflugvelli. Þótt embætti þessi bæru þannig annað heiti var hlutverk þeirra í öllum aðalatriðum hið sama og sýslumanna og bæjarfógeta. Með lögum um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl., nr. 74/1972, var kveðið á um stofnun sérstakra dómaraembætta í tengslum við sum embætti bæjarfógeta og sýslumanna. Var slíkum dómaraembættum komið á fót á Akureyri, í Vestmannaeyjum, á Selfossi og í Keflavík, Hafnarfirði og Kópavogi. Þar var þó ekki um að ræða „sjálfstæða“ dómstóla í venjulegri merk-

ingu þess orðs. Eftir gildistöku aðskilnaðarlaganna, nr. 92/1989, er heitið „sýslumaður“ notað um öll þau embætti sem áður hétu ýmist sýslumaður, bæjarfógeti eða lögreglustjóri. Eftir sem áður er þó sérstakur lögreglustjóri í Reykjavík eins og nánar verður vikið að hér á eftir.

Lögreglustjórn í Reykjavík.

Árið 1803 var Reykjavík gerð að sérstakri dómþinghá og skipaður þar bæjarfógeti, en fram að þeim tíma heyrði bærinn undir umdæmi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Fyrst um sinn gegndi sýslumaðurinn þar embætti bæjarfógeta, eða til ársins 1806.

Lögreglustjórn og meðferð sakamála í Reykjavík var í höndum bæjarfógeta allt til ársins 1917. Með lögum um skiftingu bæjarfógetaembættisins í Reykjavík og um stofnun sjerstakrar tollgæslu í Reykjavíkurkaupstað, nr. 26/1917, var stofnað sérstakt lögreglustjóraembætti og verkefni færð frá bæjarfógetaembættinu til lögreglustjóraembættisins. Undir embætti lögreglustjóra heyrðu stjórn lögreglu- og tollamála, aðalinnheimta á tekjum landssjóðs, skipaafgreiðslur o.fl., sbr. 1. gr. laganna.

Aftur voru sett lög um dómsmálastarfa, lögreglustjórn, gjaldheimtu o.fl. í Reykjavík árið 1928 (nr. 67). Megininntak þeirra var stofnun sérstaks embættis tollstjóra og voru verkefni færð frá lögreglustjóraembættinu til hans. Skv. 3. gr. laganna skyldi lögreglustjóri hafa á hendi: Lögreglustjórn, meðferð sakamála og almennra lögreglumála og að leggja dóm á þau. Þá skyldu falla til hans strandmál, lögskráning skipshafna, mæling og skrásetning skipa, heilbrigðismál, firmaskrásetning, vegabréf, úrskurðun fátækramála, umsjón hegningarhússins í Reykjavík, útnefning mats- og skoðunarmanna utan réttar, afgreiðsla leyfisbréfa til atvinnurekstrar, löggilding atvinnubóka, afgreiðsla vottorða um uppruna vöru, hlunninda- og aflaskýrslur og manntal í Reykjavík. Þar með var lögreglustjóraembættið í Reykjavík orðið að sjálfstæðu embætti þó að því fylgdu að vísu enn margvísleg störf lögreglumálum óviðkomandi. Með lögum nr. 67/1928 var enn fremur stofnað embætti lögmanns í Reykjavík sem hafði með höndum þau verkefni sem síðar voru falin embættum borgardómara og borgarfógeta.

Með lögum um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o.fl. í Reykjavík, nr. 67/1939, var embætti lögreglustjórans í Reykjavík skipt í tvennt: Sakadómaraembætti og lögreglustjóraembætti. Þar með fluttist rannsóknarvald og dómsvald í opinberum málum í hendur sakadómara. Lögreglustjórinn fór með lögreglustjórn, strandmál, útlendingaeftirlit, heilbrigðismál og útgáfu vegabréfa, sbr. 4. gr. laganna. Sakadómara var aftur á móti falið að fara með opinber mál og barnsfaðernismál, rannsókn þeirra fyrir dómi og utan dóms og dómsuppsögn, uppkvaðningu meðlagsúrskurða, framkvæmd refsidóma, stjórn rannsóknarlögreglu og umsjón hegningarhússins, sbr. 3. gr. laganna. Fyrir gildistöku laga nr. 67/1939 voru engin sérstök ákvæði í lögum rannsóknarlögreglu þótt vísir að rannsóknarlögreglu hefði orðið til með 2. gr. laga um lögreglumenn, nr. 92/1933.

Með lögum um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o.fl. í Reykjavík, nr. 65/1943, var hvorki hróflað við starfssviði sakadómara né lögreglustjóra. Meginbreytingin, sem fólst í þessum lögum, var sú að lögmannsembættinu var skipt í tvennt: Embætti borgardómara og borgarfógeta.

Lög nr. 65/1943 voru felld úr gildi með lögum um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o.fl. í Reykjavík, nr. 98/1961. Ekki er ástæða til að rekja hér þær breytingar sem þau höfðu í för með sér þar sem þær fólu ekki í sér neinar breytingar á lögreglustjórn. Enn voru lög nr. 98/1961 felld úr gildi með lögum um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl., nr. 74/1972. Meginbreytingin, sem fólst í lögunum frá

1972, var sú að við nokkur umfangsmestu embætti sýslumanna og bæjarfógeta voru skipaðir dómarar í stað löglærðra fulltrúa sem höfðu fram að því verið löggiltir til þess að fara með og dæma mál á ábyrgð yfirmanna sinna. Þá var ákvæði þess efnis að lögreglustjóri færi með heilbrigðismál eins og verið hafði í eldri lögum fellt niður þótt hann annaðist eftir sem áður hvers konar löggæslu á þessu sviði.

Með lögum um rannsóknarlögreglu ríkisins, nr. 108/1976, og með lögum um breyting á lögum nr. 74/1972, um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl., nr. 109/1976, voru gerðar verulegar breytingar á skipan lögreglumála. Meginbreytingin fólst í stofnun Rannsóknarlögreglu ríkisins. Með því var stjórn rannsóknarlögreglu tekin úr höndum sakadómaraembættisins í Reykjavík og hún fengin rannsóknarlögreglustjóra ríkisins. Með þessu var stigið spor í þá átt að aðskilja dómsvald í opinberum málum og lögreglustjórn þótt eigi þætti fært að stíga það skref til fulls.

Rannsóknarlögregla ríkisins.

Samkvæmt 3. gr. laga um rannsóknarlögreglu ríkisins, nr. 108/1976, sbr. 1. og 2. tölul. 70. gr. laga nr. 92/1991, hefur hún með höndum lögregluranns óknir brotamála í stjórnsýsluumdæmum Reykjavíkur, Kópavogs og Hafnarfjarðar að því leyti sem þær eru ekki í höndum lögreglustjóra þar samkvæmt ákvæðum laganna eða annarra réttarreglna. Auk þess er dómsmálaráðherra heimilt að auka við aðalstarfssvæði Rannsóknarlögreglunnar með því að fela henni brotarannsóknir almennt í stjórnsýsluumdæmum Keflavíkur og Keflavíkurflugvallar. Þá skal Rannsóknarlögregla ríkisins skv. 4. gr. laga nr. 108/1976, sbr. 3. tölul. 70. gr. laga nr. 92/1991, veita lögreglustjórum hvar sem er á landinu aðstoð við rannsókn brotamála þegar þeir óska og rannsóknarlögreglustjóri og/eða ríkissaksóknari telja það nauðsynlegt. Ríkissaksóknari getur og falið rannsóknarlögreglu ríkisins rannsóknir einstakra mála hvar sem er á landinu þegar hann telur þess þörf. Loks getur rannsóknarlögreglustjóri að eigin frumkvæði tekið í sínar hendur rannsókn máls utan þeirra umdæma sem upp eru talin í 3. gr., en tilkynna skal hann viðkomandi lögreglustjóra um málið svo fljótt sem verða má enda ber honum að veita rannsóknarlögreglu ríkisins alla nauðsynlega aðstoð. Embætti Rannsóknarlögreglustjóra ríkisins heyrir beint undir dómsmálaráðherra. Talið var að þetta væri nauðsynlegt þar sem rannsóknarlögreglustjóri þyrfti að hafa jafna aðstöðu gagnvart öllum lögreglustjórum á landinu stöðu sinnar vegna. Hann verður þó að hlíta fyrirmælum ríkissaksóknara lögum samkvæmt eins og aðrir lögreglustjórar.

Samkvæmt 6. gr. laganna um Rannsóknarlögreglu ríkisins skulu starfa sérstakar rannsóknarlögregludeildir undir stjórn viðkomandi lögreglustjóra við embætti lögreglustjóra í umdæmum þar sem Rannsóknarlögregla ríkisins hefur með höndum lögregluranns óknir brotamála sem talin eru upp í 3. gr. sömu laga. Samkvæmt ákvæðinu er verksvið þeirra takmarkað við ákveðnar tegundir brota, sbr. einnig reglugerð um samvinnu og starfsskiptingu milli lögreglustjóra og rannsóknarlögreglu ríkisins nr. 253/1977, sbr. reglugerð nr. 315/1986.

Þrátt fyrir stofnun Rannsóknarlögreglu ríkisins gera lögin ráð fyrir því að við lögreglustjóraembættin utan þeirra umdæma sem talin eru upp í 3. gr. skuli starfa sérstakar rannsóknarlögregludeildir samkvæmt nánari ákvörðun dómsmálaráðherra, sbr. 7. gr. Þær eru nú starfræktar við eftirtalin lögreglustjóraembætti: á Akranesi, Ísafirði, Akureyri, Eskifirði, í Vestmannaeyjum og á Selfossi.

B. Löggæslumenn.

Fyrstu löggæslumennirnir.

Fyrsti vísir að sérstakri stétt löggæslumanna hér á landi í nútímaskilningi varð ekki til fyrr en um miðja 18. öld þegar ráðnir voru sérstakir næturverðir í Reykjavík í tengslum við Innréttingar Skúla Magnússonar landfógeta. Hlutverk þeirra var fyrst og fremst að vakta verksmiðjurnar um nætur. Kostnaður vegna þessa var greiddur af innréttingunum. Í erindisbréfi, sem næturvörðum var sett 1778, kemur fram að þeim hafi einnig verið ætlað almennt löggæsluhlutverk í bænum, þ.e. það starf sem nú er falið lögregluþjónum. Næturverðirnir voru að jafnaði tveir talsins. Þessi löggæsla næturvarðanna var látin nægja fram til 1803. Kostnaður vegna hennar færðist þó yfir á bæjarsjóð árið 1791.

Þegar Reykjavík var gerð að sérstakri dómþinghá og skipaður bæjarfógeti þar árið 1803 voru enn fremur tveir daglögregluþjónar ráðnir honum til aðstoðar.

Þessi skipan á löggæslumálum í Reykjavík hélst allt til ársins 1855 er daglögregluþjónum var fjölgað í þrjá. Laun tveggja þeirra voru lengst af greidd úr landssjóði en þess þriðja úr Jafnaðarsjóði Suðuramtsins. Frá 1879 greiddi bæjarsjóður kostnað vegna daglögreglumanna. Jafnframt daglögregluþjónunum störfuðu næturverðir í Reykjavík sem kostaðir voru af bæjarsjóði. Þó var aðeins einn næturvörður frá árinu 1803 fram til 1865, en eftir það voru þeir tveir. Var öðrum ætlaður austurbærinn til eftirlits, en hinum vesturbærinn.

Fyrsta erindisbréf handa löggæslumönnum í Reykjavík var sett 21. mars 1889 og náði bæði til lögregluþjóna og næturvarða, sjá kansellíbréf frá 19. nóvember 1839. Í 1. gr. erindisbréfsins sem bar heitið „Erindisbréf til bráðabirgða handa löggæzlumönnum í Reykjavík“ sagði:

„Það er skylda löggæzlumanna, hvort heldur eru lögregluþjónar eða næturverðir, að reyna að sporna við glæpum og afbrotum og leitazt við að koma þeim upp. Svo ber þeim og að hafa vakandi auga á því, að almennum friði og reglu sé eigi raskað, og að breytt sé eftir þar að lútandi lagafyrirmælum og lögregluskipunum.“

Þá er í erindisbréfinu mælt fyrir um búnað og einkenni lögregluþjóna og næturvarða, nánar kveðið á um starfsskyldur þeirra, heimildir þeirra til að taka menn fasta o.fl. Í erindisbréfinu er að finna mörg þau fyrirmæli og grundvallarreglur sem gildandi lögreglulög byggja á. Má sem dæmi nefna að í 4. gr. erindisbréfsins, sem fjallar um heimild lögreglu til að taka menn fasta, gætir meðalhófsreglunnar. Þar segir m.a.:

„Heimild þá er löggæzlumönnum er veitt til að taka menn fasta, skulu þeir varast að nota að ófyrirsynju, og, þegar þeir beita henni, forðast allar misþyrmingar.“

Árið 1890 voru sett lög nr. 1. um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina. Lögreglusamþykkt var gerð í Reykjavík með heimild í þeim lögum strax sama ár, sbr. lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 172/1890. Í lögunum og samþykktinni voru m.a. ákvæði um greiðslu kostnaðar vegna starfsemi lögreglunnar.

Lög um lögreglumenn.

Gildandi lögreglulög eru að stofni til lög um lögreglumenn, nr. 92/1933. Megintilgangur laganna frá 1933 var að mæla fyrir um þátttöku ríkisins í greiðslu kostnaðar vegna rekstrar lögregluliða. Í greinargerð með frumvarpi því, er varð að lögum nr. 92/1933, kom fram að ríkið hefði fram til þessa ekki tekið annan þátt í rekstri lögreglu en að skipa og launa lögreglustjóra sem stjórnuðu lögregluliði því sem bæjarfélögin lögðu til. Talið var eðlilegt, m.a. til að efla löggæsluna í landinu, að leggja aukinn kostnað á ríkið vegna þessa. Um þetta eru fyrirmæli í 1. og 2. gr. laganna.

Í lögunum er enn fremur að finna ýmis fyrirmæli sem lúta að störfum lögreglumanna, réttindum þeirra og skyldum, en nokkur þeirra ákvæða er að finna í gildandi lögum, lítið eða ekkert breytt. Í lögunum var enn fremur að finna heimild fyrir ráðherra til að kalla til varalögreglu þegar sérstaklega stæði á og hann teldi nauðsynlegt öryggi bæjar að aukið væri við hið reglulega lögreglulið. Þá var vísi að rannsóknarlögreglu komið á fót með lögunum og hún gerð að sérstakri deild lögreglunnar í Reykjavík. Fljótlega eftir gildistöku laganna frá 1933 kom í ljós sá galli á þeim að erfitt var að hreyfa lögreglulið milli staða. Á haustþingi 1939 var því flutt frumvarp til laga um breytingar á lögum um lögreglumenn, nr. 92/1933, sem miðaði að því að bæta úr þessum ágalla, m.a. með því að rýmka heimild ráðherra til að kalla til varalögreglumenn sem ríkið skyldi greiða allan kostnað af og að setja fyrirmæli um skyldur nánar tilgreindra lögreglumanna til að gegna löggæslustörfum hvar sem var á landinu ef sérstaklega stæði á. Þá var í lögunum að finna ákvæði sem miðaði að því að koma upp sjálfboðaliðssveitum löggæslumanna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að samkomur úti um sveitir og sjávarþorp þar sem var lítil eða engin löggæsla færu úr böndunum vegna drykkjuskapar. Frumvarpið var samþykkt og fellt inn í lög nr. 92/1933 og lögin gefin út í heild á ný sem lög um lögreglumenn, nr. 50 12. febrúar 1940.

Engar mikilvægar breytingar voru gerðar á skipan löggæslunnar í landinu fyrr en með gildandi lögum um lögreglumenn, nr. 56 29. maí 1972.

Allt frá gildistöku laganna frá 1940 höfðu þau sjónarmið verið áberandi að styrkja þyrfti löggæsluna í landinu enn frekar og auka hlutdeild ríkisins í greiðslu kostnaðar vegna hennar. Voru ákvæðin um hlutdeild ríkissjóðs í greiðslu kostnaðar við löggæslu í kaupstöðum af ýmsum talin ósanngjörn og leiða til misréttis (Alþt. A 1959, bls. 409). Vegna þessa voru tvívegis gerðar smávægilegar breytingar á lögunum frá 1940 sem áttu að koma til móts við framangreind sjónarmið, sbr. lög nr. 45/1956 og lög nr. 61/1961. Þá voru aftur gerðar nokkrar breytingar árið 1963 og lögin gefin út í heild á ný sem lög um lögreglumenn, nr. 56 20. apríl 1963.

Það var svo ekki fyrr en á 92. löggjafarþingi 1971–72 sem næst var lagt fyrir Alþingi frumvarp til nýrra laga um lögreglumenn. Veigamesta breytingin, sem það frumvarp fól í sér, var sú að gert var ráð fyrir því að ríkið bæri allan kostnað af almennri löggæslu í landinu. Lögreglumenn urðu þar af leiðandi starfsmenn ríkisins í stað þess að vera starfsmenn sveitarfélaga. Enn fremur var í 1. gr. sett almennt ákvæði um verkefni lögregluliðs, en samsvarandi ákvæði hafði ekki verið í lögum um lögreglumenn fram að því. Loks voru reglur um yfirstjórn lögreglu markaðar með skýrari hætti en áður hafði verið. Frumvarp þetta var samþykkt sem lög um lögreglumenn, nr. 56 29. maí 1972.

Frá 1972 hafa nokkrar breytingar verið gerðar á lögunum. Með lögum nr. 82/1986 var lagt bann við því að lögreglumenn ríkisins gerðu verkföll eða tækju þátt í verkfallsboðun. Með lögum nr. 26/1987 var sett ákvæði sem heimilaði lækkun eða niðurfellingu skaðabóta vegna tjóns sem lögreglumenn valda við skyldustörf og eru af völdum mistaka eða vanrækslu. Ákvæði þetta var afnumið með nýjum skaðabótalögum, nr. 50/1993. Þá voru með lögum nr. 64/1989 sett ákvæði um menntun lögreglumanna og bótaskyldu ríkissjóðs gagnvart lögreglumönnum sem slasast eða verða fyrir öðru tjóni vegna starfs síns. Lítils háttar breytingar voru gerðar með lögum nr. 108/1988 og 92/1991 sem ekki er ástæða til að rekja hér.

Samantekt um núverandi skipan löggæslumála.

Æðsti yfirmaður löggæslunnar í landinu er dómsmálaráðherra. Undir hann heyra embætti lögreglustjóra, þ.e. lögreglustjórar í umdæmum og rannsóknarlögreglustjóri ríkisins. Lögreglustjórar í umdæmum fara með almenna lögreglustjórn á hverjum stað en rannsóknarlögreglustjóri fer með rannsókn opinberra mála með þeim takmörkunum sem nánar er kveðið á um í lögum og reglugerðum.

III.
Helstu breytingar og nýmæli frumvarpsins.

Frumvarpið sem hér liggur fyrir skiptist í níu kafla.

I. kafli fjallar um hlutverk lögreglu o.fl.,
II. kafli um skipulag lögreglu og æðstu stjórn,
III. kafli um skyldur lögreglumanna og framkvæmd lögreglustarfa,
IV. kafli um veitingu lögreglumannsstarfa,
V. kafli um ýmis atriði sem varða starfskjör lögreglumanna,
VI. kafli um löggæslukostnað,
VII. kafli um kærur á hendur lögreglu,
VIII. kafli um Lögregluskóla ríkisins og
IX. kafla, ýmis ákvæði.

Helstu nýmæli í frumvarpi til lögreglulaga.

1. Lagt er til að gerð verði sú grundvallarbreyting á skipulagi lögreglunnar og æðstu stjórn hennar að komið verði á fót embætti ríkislögreglustjóra er fari með yfirstjórn lögreglu ríkisins í umboði dómsmálaráðherra. Ríkislögreglustjóraembættinu er ætlað að taka við ýmsum verkefnum sem fram til þessa hafa heyrt undir löggæsluskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, Rannsóknarlögreglu ríkisins og að litlu leyti lögreglustjórann í Reykjavík. Sjá 4. og 5. gr.
2. Við embætti ríkislögreglustjóra verði starfrækt rannsóknardeild í skatta- og efnahagsbrotamálum og stoðdeild sérhæfðra rannsóknarmanna til að aðstoða einstök lögregluembætti við rannsókir erfiðra brotamála. Sjá a- og b-lið 2. mgr. 5. gr.
3. Við embætti ríkislögreglustjóra verði starfrækt rannsóknarstofa til að sinna skjalarannsóknum, fingrafararannsóknum og slíkum tæknilegum rannsóknum. Sjá e-lið 2. mgr. 5. gr.
4. Við embætti lögreglustjórans í Reykjavík verði skipaður varalögreglustjóri. Sjá 1. mgr. 6. gr.
5. Lögfesting ákvæða um starfssvæði lögreglumanna, þar á meðal heimild dómsmálaráðherra til að ákveða að hluti lögregluliðs skuli gegna lögreglustörfum alls staðar á landinu. Með þessu er ætlað að tryggja nauðsynlegan hreyfanleika lögreglu. Sjá 7. gr.
6. Rannsóknir meginþorra mála verði fluttar til lögreglustjóra í héraði. Sjá. 8. gr.
7. Landinu verði skipt í tíu rannsóknarumdæmi og sérstakar rannsóknardeildir starfræktar við embætti tíu lögreglustjóra. Lögreglumenn í rannsóknardeildum rannsaki eða aðstoði við rannsókn á stærri brotum í umdæmi rannsóknardeildarinnar undir stjórn lögreglustjóra á hlutaðeigandi embætti. Sjá 8. gr.
8. Tæknideild verði rekin fyrir allt landið við embætti lögreglustjórans í Reykjavík til að sinna eða aðstoða við rannsóknir á vettvangi og aðrar slíkar rannsóknir. Sjá 4. mgr. 8. gr.

9. Lögfest verði hverjir hafi lögregluvald. Sjá 9. gr.
10. Lögfesting ákvæða um samstarfsnefndir lögreglu og sveitarfélaga og samvinnu lögreglu við önnur stjórnvöld. Sjá 11. og 12. gr.
11. Lögfest ákvæði um skyldur lögreglumanna, valdbeitingarheimildir, handtökuheimildir, leit á mönnum og önnur afskipti af borgurunum. Sjá III. kafla.
12. Lögfest verði sérstakt ákvæði um þagnarskyldu starfsmanna lögreglu. Sjá 22. gr.
13. Lögfesting ákvæða um aukastörf lögreglumanna. Sjá 32. gr.
14. Lögfesting reglna um meðferð kæra á hendur lögreglumönnum vegna ætlaðra refsiverðra brota við framkvæmd lögreglustarfa. Sjá VII. kafla.
15. Breytingar á skipulagi Lögregluskóla ríkisins. Sjá 36.–38. gr.
    a. Ríkislögreglustjóri ákveður fjölda nema ár hvert og auglýsir eftir nemum í skólann á landsvísu. Sjá 1. mgr. 38. gr.
    b. Inntökuskilyrði sett í lög. Sjá 2. mgr. 38. gr.
    c. Valnefnd velur nema í skólann. Sjá 3. mgr. 38. gr.
    d. Fyrri önn ólaunuð. Sjá 4. mgr. 38. gr.
    e. Skólastjóri lögfræðingur. Sjá 1. mgr. 37. gr.
    f. Yfirlögregluþjónn og aðstoðaryfirlögregluþjónn verði starfandi við skólann. Sjá 2. mgr. 37. gr.

IV.
Bætt staða kvenna í lögreglu.

Um áramótin 1995/1996 voru einungis 25 konur við störf sem lögreglumenn í lögreglu ríkisins eða rúmlega 4% af heildarfjölda lögreglumanna. Hlutfall kvenna í starfsliði lögreglustjóra var þó nokkru hærra. Nokkuð hefur verið gert til að bæta hér úr en svo lágt hlutfall kvenna í lögreglu er óviðunandi. Lögreglustjórum hefur m.a. verið bent á að setja í auglýsingar um lausar stöður innan lögreglu sérstaka hvatningu til kvenna um að sækja um stöðurnar. Hlutastörf í lögreglu hafa verið fátíð og vinnutími oft á tíðum ósveigjanlegur. Þetta ásamt fleiru hefur ekki laðað konur að lögreglustörfum og eins hafa reglur um lágmarkshæð þrengt verulega þann hóp kvenna sem átt hefur þess kost að komast í Lögregluskóla ríkisins.

Í þessu frumvarpi eru nokkur nýmæli sem eru til þess fallin að auðvelda konum inngöngu í lögreglu. Má þar helst nefna breytingar á ákvæðum um inntöku nema í lögregluskólann í 38. gr., sbr. einnig fyrirætlanir um að færa niður lágmarkshæð kvenna með nýrri reglugerð um skólann.

Dómsmálaráðherra hefur nýlega komið á fót starfshópi til að kanna stöðu kvenna innan lögreglunnar og gera tillögur að úrbótum á þeim sviðum þar sem talin verður þörf á að bæta stöðu kvenna innan lögreglu ríkisins. Starfshópnum er einnig ætlað að gera tillögur um aðgerðir sem leitt geti til fjölgunar kvenna í lögreglu ríkisins. Þess má vænta að tillögur vinnuhópsins muni hafa áhrif á framkvæmd þessara laga og setningu reglugerða á grundvelli þeirra.

V.
Aldur lögreglumanna.

Meðalaldur lögreglumanna í nokkrum lögregluliðum hér á landi er orðinn mjög hár og nálgast hjá einstaka embættum 50 ár. Nú eru 33 lögreglumenn 65 ára eða eldri og 43 til viðbótar á aldrinum 60 til 64 ára. Þessi aldursdreifing lögreglumanna þykir að mörgu leyti óheppileg.

Um aldurshámark lögreglumanna gilda nú ákvæði 13. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Samkvæmt 1. mgr. 13. gr. skal starfsmanni veitt lausn þegar hann er fullra 70 ára. Þó er starfsmanni heimilt, skv. 2. mgr. 13. gr., að láta af störfum með rétti til eftirlauna og/eða lífeyris, hvenær sem er eftir að hann er orðinn 65 ára eða fyrr ef hann hefur unnið sér þann rétt samkvæmt öðrum lögum. Nokkur umræða hefur verið um nauðsyn þess að lækka aldurshámark lögreglumanna umfram það sem almennt gildir um opinbera starfsmenn. Byggist sú umræða á eðli lögreglumannsstarfans. Lögreglumenn vinni óreglulegan vinnutíma, samfara mikilli spennu. Er almennt talið að þær óvæntu aðstæður er bíða lögreglumanna í starfi og oft á tíðum óhugnalegar aðkomur hafi umtalsverð áhrif á andlega og líkamlega líðan þeirra. Færð hafa verið fyrir því gild rök að lífaldur lögreglumanna sé styttri en almennt gerist. Þá þurfa flestir lögreglumenn að vera undir það búnir í störfum sínum að beita líkamlegu valdi eða taka þátt í lögregluaðgerðum þar sem reynir á þrek og úthald.

Á grundvelli framangreindra sjónarmiða hefur aldurshámark lögreglumanna verið fært niður frá því sem almennt gerist í nágrannalöndum okkar. Í Danmörku er hámarksaldur lögreglumanna 63 ár, en annarra starfsmanna 67 ár. Lögreglumenn geta þó látið af störfum eftir 60 ára aldur með samsvarandi frádrátt í eftirlaunum. Í Noregi er aldurshámark lögreglumanna 60 ár, en annarra starfsmanna 67 ár. Í Finnlandi fara lægra settir lögreglumenn á eftirlaun 60 ára en þeir hærra settu 63 ára. Á Írlandi er aldushámark lögreglumanna 57 ár, en annarra starfsmanna 65 ár. Í Belgíu, Hollandi, Lúxemborg og Þýskalandi er eftirlaunaaldur lögreglumanna almennt 60 ár en eftirlaunaaldur starfsmanna lögreglu með stjórnsýsluverkefni er þó í sumun tilfellum 65 ár.

Í nefnd þeirri sem falið var að semja frumvarp þetta var rætt um að færa hámarksaldur lögreglumanna niður í 65 ár í áföngum fram til ársins 2001. Einn nefndarmanna vildi ganga lengra og færa hámarksaldurinn niður í 63 ár.

Ríkisstjórnin taldi ekki heppilegt að svo stöddu að leggja til að hámarksaldur lögreglumanna yrði lækkaður en samþykkti hins vegar að dómsmálaráðherra skipaði sérstaka nefnd til að gera tillögur varðandi hina óheppilegu aldurssamsetningu lögreglumanna. Um ýmsa aðra kosti getur verið að ræða í því sambandi aðra en að færa hámarksaldurinn niður, svo sem að gefa lögreglumönnum sem komnir eru á sjötugsaldur kost á öðrum störfum hjá ríkinu, með skipulögðum hætti, án skerðingar á kjörum eða áunnum réttindum.

VI.
Fyrirmyndir.

Við samningu þessa lagafrumvarps var löggjöf annars staðar á Norðurlöndum sem fyrr segir höfð til hliðsjónar, einkum norsk og finnsk lögreglulög frá árinu 1995.

Ákvæði um lögregluna í Danmörku er að finna í 11. kafla dönsku réttarfarslaganna (lov om rettens pleje), nr. 905 frá 1992. Gildandi lög um lögregluna í Svíþjóð (polislag) eru nr. 387 frá 1984. Í Finnlandi eru lög um lögregluna (polislag) nr. 493 frá 1995. Í Noregi eru gildandi lög um lögregluna (lov om politiet) nr. 53 frá 1995.

Í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi eru ríkislögreglustjórar undir yfirstjórn dómsmálaráðherra. Ríkislögreglustjórinn í Danmörku hefur undir sinni stjórn þær deildir lögreglunnar sem ekki eru bundnar við umdæmi, þar á meðal umferðarlögregludeild og rannsóknardeild (kriminalpolitiets rejseafdeling). Ríkislögreglustjórinn í Finnlandi hefur m.a. undir sinni stjórn ríkisrannsóknarlögreglu sem aðstoðar hin staðbundnu lögregluyfirvöld við rannsókn alvarlegri brota. Verkefni ríkislögreglustjórans í Svíþjóð eru einkum á sviði

stjórnsýslu en hann getur skipulagt aðgerðir lögreglunnar í meiri háttar brotamálum. Í Noregi er ekki ríkislögreglustjóri en sérstök deild í dómsmálaráðuneytinu hefur æðstu stjórn lögreglumála og er rannsóknarlögreglusveit á vegum deildarinnar til aðstoðar staðbundinni rannsóknarlögreglu.

Við samningu frumvarps þessa var enn fremur tekið mið af lögregluyfirlýsingu Evrópuráðsins frá 8. maí 1979. Þá var þess gætt að ákvæði frumvarpsins samræmdust ákvæðum þeirra alþjóðasamninga sem Ísland hefur gerst aðili að.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í I. kafla frumvarpsins er að finna almenn ákvæði um starfsemi lögreglu og hlutverk hennar. Þá er þar sérstakt ákvæði sem mælir fyrir um að lögreglu beri í störfum sínum að hafa í heiðri þjóðréttarlegar skuldbindingar sem íslenska ríkið er aðili að. Loks er í 3. gr. skilgreint hugtakið lögreglumaður.

Um 1. gr.

Í 1. gr. eru almenn ákvæði um hlutverk lögreglu auk þess sem í 1. mgr. er lögð sú skylda á herðar ríkisvaldinu að halda uppi lögregluliði.

Í 2. mgr. eru talin upp hlutverk lögreglunnar. Ákvæðið, eins og það er hér, er mun ítarlegra en 1. gr. gildandi lögreglulaga. Samkvæmt ákvæðinu er hlutverk lögreglu margþætt.

Í a-lið er orðuð sú almenna skylda lögreglu að halda uppi almannaöryggi og allsherjarreglu en í því felst einnig gæsla öryggis einstakra borgara ef því er að skipta. Þetta er efnislega í samræmi við það sem fram kemur í 1. gr. gildandi lögreglulaga.

Í b-lið er m.a. skilgreint það hlutverk lögreglu að stemma stigu við afbrotum. Hér er fyrst og fremst átt við skyldu hennar til afskipta þar sem brot kunna að vera yfirvofandi. Hér fellur einnig undir forvarnarstarf en sífellt meiri áhersla hefur verið lögð á þann þátt í starfi lögreglunnar hin síðustu ár.

Í c-lið er kveðið á um rannsóknarhlutverk lögreglu og skyldu hennar til að stöðva ólögmæta hegðun ef því er að skipta. Fyrirmæli um rannsókn mála og þvingunaraðgerðir lögreglu í þágu rannsóknar máls er að finna í IX.–XIII. kafla laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991. Í þessum lið er einnig kveðið á um skyldu lögreglu til að fylgja málum eftir. Hér er vísað til þess að í lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, sbr. 7. og 8. tölul. 107. gr. laga nr. 92/1991 og 2. og 4. gr. laga nr. 38/1993, er lögreglu fengin heimild til þess að ljúka minni háttar opinberum málum með sektargerð, sbr. 115. gr., og lögreglustjórum er falið ákæruvald í veigaminni málum, sbr. 28. gr.

Í lagatextanum er látið nægja að vísa til laga um meðferð opinberra mála í heild án frekari tilgreiningar. Þykir fara betur á því í lagatexta þar sem hætta er á að nákvæmar tilvitnanir til laga verði gagnslitlar vegna breytinga á þeim. Má í því sambandi benda á tilvitnun í 1. gr. gildandi lögreglulaga til laga um meðferð opinberra mála, nr. 82/1961. Þau lög voru felld úr gildi með lögum nr. 74/1974 sem aftur voru felld úr gildi með gildandi lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Í d-lið er kveðið á um þjónustu- og hjálparhlutverk lögreglunnar. Orðalag ákvæðisins er að hluta sótt til 2. málsl. 34. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974.

Í e-lið er kveðið á um þá skyldu lögreglu að leggja yfirvöldum, þ.e. stjórnvöldum og öðrum opinberum aðilum, svo sem dómstólum, lið við framkvæmd starfa sinna eftir beiðni þeirra þegar lög bjóða eða venja stendur til þess. Í fjölmörgum ákvæðum laga er gert ráð fyrir þessu. Má sem dæmi nefna 3. mgr. 6. gr. berklavarnalaga, nr. 66/1939, 1. mgr. 14. gr. laga um tilkynningar aðsetursskipta, nr. 73/1952, 4. mgr. 2. gr., 10. gr., 12. gr. og 13. gr. farsóttalaga, nr. 10/1958 (sbr. 14. gr. laga nr. 108/1988 og 37. gr. laga nr. 92/1991), 3. mgr. 144. gr. laga um loftferðir, nr. 34/1964, 2. mgr. 29. gr. laga um náttúruvernd, nr. 47/1971, 3. mgr. 82. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, 3. mgr. 7. gr. lögræðislaga, nr. 68/1984, 4. mgr. 230. gr. siglingalaga, nr. 34/1985 (sbr. 1. gr. laga nr. 21/1986 og 13. tölul. 82. gr. laga nr. 92/1991), 4. mgr. 9. gr. laga um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987, 3. mgr. 29. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987 (sbr. 14. gr. laga nr. 90/1987), 4. gr. laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988, 3. mgr. 4. gr. laga um bifreiðagjald, nr. 39/1988, 3. mgr. 28. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, 3. mgr. 24. gr., 29.–31. gr. og 75. gr. laga um aðför, nr. 90/1989, 11. gr. og 1. mgr. 32. gr. laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl., nr. 31/1990, 2. mgr. 22. gr. og 2. mgr. 58. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, 2. mgr. 60. gr. laga um nauðungarsölu, nr. 90/1991, 3. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 55. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, 14. gr. og 2. mgr. 17. gr. laga um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992, 22. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, 1. mgr. 23. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, og 18. gr. laga um dýravernd, nr. 15/1994.

Í f-lið er kveðið á um skyldu lögreglu til samvinnu við önnur stjórnvöld og stofnanir að því marki sem lög eða stjórnvaldsfyrirmæli eru því ekki til fyrirstöðu. Slík samvinna við t.d. skóla og félagsmiðstöðvar er mikilvægur þáttur í forvarnarstarfi lögreglunnar. Í einstökum lagaákvæðum er beinlínis gert ráð fyrir slíkri samvinnu. Má sem dæmi nefna 1. mgr. 7. gr. laga um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, nr. 24/1936, 267. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, 2. mgr. 30. gr. áfengislaga, nr. 82/1969, 3. mgr. 4. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, 3. mgr. 26. gr. laga um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992, og 1. og 5. mgr. 16. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992

Loks kemur fram í g-lið skylda lögreglu til að hafa með höndum önnur verkefni sem hin ýmsu lög fela henni eða byggjast á venju. Dæmi um lagaákvæði þar sem lögreglu er falinn starfi, auk þeirra sem að framan eru talin, má nefna: Opið bréf (frá kansellíinu) um meðferð á fundnu fé í kaupstöðum, frá 8. júní 1811, 3. gr. tilskipunar um skyldu manna að bjarga mönnum sem sýnast dauðir, frá 4. ágúst 1819, 2. gr. laga um siglingar og verzlun á Íslandi, frá 15. apríl 1854, 1. gr. laga um viðauka við tilskipun fyrir Ísland 12. febr. 1872 um síldar- og upsaveiði með nót, nr. 53/1901, 7.–9. gr. laga um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum, nr. 42/1913, 2. mgr. 138. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, 1. mgr. 1. gr. laga um happdrætti (lotterí) og hlutaveltur (tombólur), nr. 6/1926, 1.–2., 6.–8., 10.–14., 16.–21., 23.–24., 26. og 28.–29. gr. laga um um skipströnd og vogrek, nr. 42/1926 (sbr. 1.–2. gr. laga nr. 44/1965, 1. tölul. 91. gr. laga nr. 90/1991 og 12. gr. laga nr. 92/1991), 9. gr. laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar, nr. 45/1926, 10. gr. laga um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, nr. 24/1936, 4. tölul. 2. mgr. 3. gr. laga um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt, nr. 16/1938 (sbr. 1. tölul. 195. gr. laga nr. 19/1991), 6. mgr. 9. gr. berklavarnalaga, nr. 66/1939, 2.–3. mgr. 52. gr. og 3. mgr. 54. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 (sbr. 42. tölul. 194. gr.

laga nr. 19/1991 og 1. tölul. 23. gr. laga nr. 92/1991), 9. og 10. gr. laga um þjóðfána Íslendinga, nr. 34/1944, 2. mgr. 6. gr. laga um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952, 2. mgr. 1. gr. laga um íslensk vegabréf, nr. 18/1953, 1. mgr. 23. gr. laga um prentrétt, nr. 57/1956, 6. gr. og 5. mgr. 15. gr. farsóttalaga, nr. 10/1958, 1. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 8. gr. laga um almannavarnir, nr. 94/1962 (sbr. 4.–5. gr. laga nr. 85/1985), 6. mgr. 52. gr. og 142. gr. laga um loftferðir, nr. 34/1964, 1. gr. laga um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, nr. 39/1964, 7. mgr. 1. gr. laga um útgáfu og notkun nafnskírteina, nr. 25/1965, 2. mgr. 20. gr. laga um eftirlit með útlendingum, nr. 45/1965, 1. mgr. 10. gr. laga um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, nr. 30/1966, 1. mgr. 4. gr., 5. gr., 2.–3. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 20. gr. áfengislaga, nr. 82/1969 (sbr. 3. og 8. gr. laga nr. 25/1989 og 2. tölul. 36. gr. laga nr. 37/1993), 1. og 5. gr. laga um gæðamat á æðardún, nr. 39/1970 (sbr. 54. gr. laga nr. 92/1991), 4. gr. laga um skemmtanaskatt, nr. 58/1970, 4. mgr. 35. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, 3. gr. og 2. mgr. 7. gr. laga um opinberar fjársafnanir, nr. 5/1977, 5. mgr. 10. gr., 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 17. gr., 1. og 6. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 31. gr. og 32. gr. laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda, nr. 46/1977 (sbr. 4. tölul. 36. gr. laga nr. 37/1993), 12. og 13. gr. iðnaðarlaga, nr. 42/1978, 1. gr., 3. gr., 4. gr. og 8. gr. laga um sölu notaðra lausafjármuna, nr. 61/1979, 2. mgr. 81. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, 3., 7. og 11. gr. laga um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985, 2. mgr. 29. gr. laga um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986 (sbr. 1. tölul. 87. gr. laga nr. 92/1991), 2. mgr. 5. gr. og 9. gr. laga um fjáröflun til vegagerðar nr. 3/1987, 2. mgr. 34. gr., 1. og 2. mgr. 47. gr., 1. mgr. 48. gr., 5. mgr. 51. gr., 2. mgr. 52. gr., 1. mgr. 53. gr., 1. mgr. 70. gr., 3. mgr. 75. gr., 3. mgr. 76. gr., 3. mgr. 77. gr., 1. mgr. 78. gr., 2.–3. mgr. 81. gr., 82. gr., 2. mgr. 83. gr., 85. gr., 2. mgr. 87. gr., 1. mgr. 103. gr., 2. mgr. 106. gr. og 1.–4. mgr. 110. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987 (sbr. lög nr. 90/1991 og 44/1993), 7. gr. laga um lögreglusamþykktir, nr. 36/1988, 4. gr. laga um bifreiðagjald, nr. 39/1988, 3. mgr. 23. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988 (sbr. lög nr. 1/1992), 1. mgr. 37. gr. þjóðminjalaga, nr. 88/1989, 1. mgr. 20. gr., 28. gr., 1.–2. mgr. 29. gr. og 115. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991 (sbr. 7. tölul. 107. gr. laga nr. 92/1991 og 2. og 4. gr. laga nr. 38/1993), auk ýmissa fyrirmæla í VI. og IX.–XIV. kafla sömu laga, 3. mgr. 11. gr. laga um búfjárhald, nr. 46/1991, 21. gr. og 1. og 3. mgr. 22. gr. laga um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992 (sbr. 1. gr. laga nr. 67/1994), 14. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992 (sbr. 5. gr. laga nr. 58/1992), 1. mgr. 5. gr. og 26. gr. laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993, 19. gr. og 2. mgr. 32. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, 2. mgr. 3. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, 9. gr., 1. mgr. 10. gr., 1. mgr. 12. gr. og 18. gr. laga um dýraverndd, nr. 15/1994, 10., 57. og 58. gr. vegalaga, nr. 45/1994, 81. gr. húsaleigulaga, nr. 36/1994, og 9. gr. laga um skoðun kvikmynda og bann við ofbelsiskvikmyndum, nr. 47/1995.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er lagt til að kveðið verði sérstaklega á um það að lögregla skuli í störfum sínum virða þær þjóðréttarlegu skuldbindingar sem Ísland hefur gerst aðili að. Hér eru einkum höfð í huga lög um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62/1994, sem lögfestu hér á landi Evrópuráðssamning um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950, ásamt síðari viðaukum (mannréttindasáttmála Evrópu). Einnig koma til álita mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna frá 1948 og alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi frá 1966 sem gerður var á vegum Sameinuðu þjóðanna. Þá má

nefna Vínarsamninga um stjórnmála- og ræðissamband frá 24. apríl 1963 og Evrópusamning um gagnkvæma aðstoð í sakamálum frá 20. apríl 1959, ásamt síðari viðauka. Loks má hér geta Evrópusamnings um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu frá 26. nóvember 1987, sbr. lög nr. 15/1990.

Ákvæði 2. gr. þjónar fyrst og fremst þeim tilgangi að minna á tilvist þessara laga og sáttmála og undirstrika mikilvægi þeirra.

Um 3. gr.

Í 3. gr. frumvarpsins er leitast við að skilgreina hvað átt sé við með hugtakinu „lögreglumaður". Er lagt til að greint verði á milli notkunar hugtaksins „lögreglumaður" annars vegar og „handhafi lögregluvalds" hins vegar, sbr. 9. gr. frumvarpsins. Í frumvarpinu er orðið „lögregla" notað sem heildarheiti á þeirri stofnun þjóðfélagsins sem hefur með höndum löggæslu í víðustu merkingu.

Í 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins er nánar kveðið á um það hvaða starfsmenn lögreglu það eru sem hafa lögregluvald. Aðrir þeir sem taldir eru upp í 2.–8. mgr. 9. gr. frumvarpsins teljast ekki til lögreglumanna enda þótt þeir hafi lögregluvald. Að öðru leyti vísast til athugasemda við þá grein.

Um II. kafla.

Í II. kafla frumvarpsins er fjallað um skipulag lögreglu og æðstu stjórn. Í honum er að finna helsta nýmæli laganna sem er stofnun embættis ríkislögreglustjóra. Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins er ríkislögreglustjóra ætlað að taka við fjölmörgum verkefnum sem fram til þessa hafa verið í höndum dómsmálaráðuneytisins, rannsóknarlögreglu ríkisins og lögreglustjórans í Reykjavík. Ríkislögreglustjóra er í aðalatriðum falið að fara með málefni lögreglunnar í umboði dómsmálaráðherra. Stofnun embættis ríkislögreglustjóra er byggist m.a. á því að nauðsynlegt sé að fela einum aðila yfirstjórn, reglubundið eftirlit og samræmingu í störfum hinna 27 lögregluembætta landsins. Embætti ríkislögreglustjóra kemur til með að verða falin ýmis stjórnsýsla á sviði löggæslumála, svo sem stjórn bifreiða-, tækja- og fatakaupa lögreglu, útgáfu lögregluskilríkja og jafnvel vegabréfa.

Þá er gert ráð fyrir að við embætti ríkislögreglustjóra verði starfræktar sérstakar rannsóknardeildir. Annars er gert ráð fyrir að rannsóknarhlutverk embættis ríkislögreglustjóra verði mun minna í sniðum en Rannsóknarlögreglu ríkisins. Meginþunginn af lögregluranns óknum Rannsóknarlögreglu ríkisins færist samkvæmt 8. gr. til sérstakra rannsóknardeilda við embætti tíu lögreglustjóra.

Í 4. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um æðstu stjórn lögreglunnar. Dómsmálaráðherra er enn sem áður æðsti yfirmaður lögreglunnar í landinu. Þá er gert ráð fyrir að sérstakt embætti ríkislögreglustjóra fari með málefni lögreglunnar í umboði dómsmálaráðherra. Hann verður þó að hlíta fyrirmælum ríkissaksóknara um rannsókn mála lögum samkvæmt eins og aðrir lögreglustjórar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ríkislögreglustjóri skeri skv. 3. mgr. 8. gr. úr um það hvar mál skuli rannsakað og hvaða lögreglustjóri skuli stjórna rannsókn þó að ríkissaksóknari geti gefið fyrirmæli um rannsóknina að öðru leyti.

Í 5. gr. er hlutverkum ríkislögreglustjóra lýst. Þá er gert ráð fyrir að skipaður verði vararíkislögreglustjóri sem ætlað er að vera staðgengill ríkislögreglustjóra í fjarveru hans eða forföllum.

Í 1. mgr. 6. gr. er kveðið á um skiptingu landsins í lögregluumdæmi og er það í samræmi við lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, sbr. 11. gr. þeirra laga. Í 2.–4. mgr. 6. gr. frumvarpsins er að finna ýmis nýmæli. Í 2. mgr. er sérstaklega kveðið á um sjálfstæði lögreglustjóra í starfi þrátt fyrir að komið verði á fót embætti ríkislögreglustjóra. Með því er átt við að eftir sem áður sé hver lögreglustjóri ábyrgur fyrir framkvæmd lögreglustarfa í umdæmi sínu og rekstri embættis síns frá degi til dags. Ríkislögreglustjóra er ekki að jafnaði ætlað að skipta sér af daglegum rekstri lögreglustjóraembættanna né á hann að gefa lögregluliðunum fyrirmæli í einstökum málum nema svo sé um mælt annars staðar í þessum lögum eða í öðrum lögum, sbr. t. d. h-lið 1. mgr. 5. gr., a-lið 4. mgr. 7. gr. og 3. mgr. 8. gr.

Í 3. og 4. mgr. 6. gr. er síðan að finna heimildir ráðherra til að fela öðrum en hinum reglubundna lögreglustjóra umdæmis lögreglustjórn þess.

Í 7. gr. eru reglur um starfssvæði lögreglu. Þar er að finna ýmis nýmæli sem þó eru að mestu leyti í samræmi við ríkjandi framkvæmd. Í 1. mgr. segir að lögreglumenn fari með lögregluvald hvar sem er á landinu. Þá kemur fram í 2. mgr. meginreglan um starfssvæði lögreglumanna en í 4. mgr. eru síðan tilgreindar aðstæður sem réttlæta undantekningar frá henni.

Í 8. gr. er að finna nýmæli um starfsemi sérstakra rannsóknardeilda sem munu taka við rannsóknarhlutverki Rannsóknarlögreglu ríkisins að stærstum hluta. Kveðið er á um hvenær kalla eigi lögreglumenn í rannsóknardeild til að rannsaka mál eða aðstoða við rannsókn. Eftir sem áður verða smærri brot rannsökuð hjá hverju lögregluembætti, eftir atvikum í rannsóknarlögregludeildum þar sem þær hafa verið til staðar, svo sem í Kópavogi og á Keflavíkurflugvelli.

Í 9. gr. eru þeir tilgreindir sem hafa lögregluvald. Þeir sem nefndir eru í 1. mgr. teljast til lögreglumanna ríkisins, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Í 10. gr. eru ákvæði um héraðslögreglumenn.

Í 11. gr. ákvæði um samvinnu lögreglu við önnur stórnvöld og stofnanir. Ákvæðið er nýmæli, en almennt lagaákvæði um samvinnu lögreglu við önnur stjórnvöld hefur þótt skorta.

Í 12. gr. eru ákvæði um samstarfsnefndir lögreglu og sveitarfélaga sem ætlunin er að koma á fót í hverju lögregluumdæmi landsins. Ákvæðið er einnig nýmæli. Hugmyndin að stofnun slíkra nefnda hefur þó komið fram áður. Var hún m.a. reifuð af Ólafi Jóhannessyni, þáverandi forsætisráðherra, er hann mælti fyrir frumvarpi því sem síðar varð að gildandi lögreglulögum, nr. 56/1972 (Alþt. B 1971, bls. 1751).

Um 4. gr.

Samkvæmt ákvæðinu er dómsmálaráðherra æðsti yfirmaður lögreglunnar. Þá er gert ráð fyrir sérstöku embætti ríkislögreglustjóra er fari með yfirstjórn lögreglunnar í landinu í umboði ráðherra. Embætti ríkislögreglustjóra hefur lengi verið til í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi en annar háttur er á yfirstjórn lögreglu í Noregi. Gert er ráð fyrir að embætti ríkislögreglustjóra heyri undir dómsmálaráðherra. Um hlutverk ríkislögreglustjóra er nánar fjallað í 5. gr. frumvarpsins.

Þess skal sérstaklega getið að skv. 10. mgr. 14. gr. auglýsingar um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands nr. 96/1969 fer utanríkisráðuneyti með framkvæmd varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna, þar á meðal lögreglumál innan marka varnarsvæðanna, sbr. lög um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl., nr. 106/1954. Löggæsla í umdæmi sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli heyrir því ekki undir dóms-

málaráðherra en engu að síður er ráð fyrir því gert að málefni lögreglunnar á Keflavíkurflugvelli heyri undir ríkislögreglustjóra, í því tilviki í umboði utanríkisráðherra.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er hlutverki ríkislögreglustjóra lýst í meginatriðum:

A-liður: Miðlun upplýsinga/ákvarðana og eftirlit.

Eitt af meginhlutverkum ríkislögreglustjóra er að miðla upplýsingum innan lögreglunnar og fylgjast með og vinna að því að ákvörðunum æðstu handhafa ríkisvaldsins, hinum pólitísku ákvörðunum sem lúta að löggæslu, t.d. forgangsröðun verkefna og hvers konar öðrum áhersluatriðum, verði fylgt eftir.

B-liður: Miðlun upplýsinga til dómsmálaráðherra.

Ríkislögreglustjóra er jafnframt ætlað að miðla upplýsingum frá lögreglunni til æðstu handhafa ríkisvaldins (dómsmálaráðherra). Til þess að geta sinnt því hlutverki verður ríkislögreglustjóri m.a. að halda eða hafa yfirumsjón með og viðhalda miðlægum upplýsingakerfum sem lögreglustjórar beina upplýsingum til með öllu því sem máli skiptir varðandi starfsemi lögreglunnar í landinu svo sem nánar verður kveðið á um í reglugerð. Á síðustu þremur árum hefur miklum fjármunum verið varið í gerð miðlægra upplýsingakerfa fyrir lögreglu. Þau kerfi, sem þegar eru komin í notkun eru m.a. dagbók lögreglu og kæruskrá. Dagbók og kæruskrá eru landskerfi og er verið að vinna að uppsetningu þeirra á lögreglustöðvum um land allt ásamt því sem verið er að tengja lögregluembættin í eitt víðnet. Ríkislögreglustjóri mun ásamt dómsmálaráðuneyti hafa yfirumsjón með þróun og viðhaldi upplýsingakerfa lögreglu og þessir aðilar munu ásamt ríkissaksóknara hafa aðgang að kerfunum.

C-liður: Tillögur til dómsmálaráðherra um almenn fyrirmæli til lögreglustjóra.

Ríkislögreglustjóra er ætlað að vera til ráðuneytis og vinna að tillögum til dómsmálaráðherra um hvers kyns lögreglumálefni í formi reglugerða, reglna eða almennra fyrirmæla.

D-liður: Hagræðing, samræming, framþróun og öryggi.

Ríkislögreglustjóra er ætlað að vinna að og gera tillögur um hvaðeina í þessum efnum og síðan miðla ákvörðunum, verklagsreglum og leiðbeiningum til lögreglustjóra og lögregluliða.

Honum ber m.a. að veita dómsmálaráðuneyti upplýsingar og vera til ráðgjafar um ætlaða fjárþörf og nýtingu fjárveitinga, mannahald, tækjabúnað, þar með talið tölvubúnað, stjórnun lögregluliða, samræmingu í störfum á landinu öllu, þróun nýrra vinnuaðferða og vinnubragða, forvarnarstarf, nýmæli í tæknilegum efnum og þjálfun, menntun, öryggismál þeirra sem starfa við löggæslu og enn fremur að réttaröryggi borgaranna.

E-liður: Alþjóðasamskipti.

Hér er einkum átt við samskipti innan alþjóðasamtaka, svo sem alþjóðalögreglunnar Interpol, en einnig er embætti ríkislögreglustjóra ætlað að vera tengiliður lögreglu ríkisins í lögreglusamstarfi við önnur Norðurlönd og innan Evrópska efnahagssvæðisins. Gert er ráð fyrir að dómsmálaráðherra muni kveða nánar á um í reglugerð hvernig samskiptum milli ríkja í löggæslumálum verði háttað.

F-liður: Aðstoð og stuðningur við lögreglustjóra.

Byggt er á þeirri grundvallarreglu að lögreglustjórar stjórni og beri ábyrgð á hvers kyns löggæslustörfum, hver í sínu umdæmi. Ríkislögreglustjóra er ætlað að veita lögreglustjórum stuðning og aðstoð þegar þeir leita eftir auk þess sem hann hefur íhlutunarvald gagnvart lögreglustjórum í ýmsum efnum samkvæmt frumvarpinu. Stuðningur eða

aðstoð ríkislögreglustjóra kann að vera fólginn í upplýsingamiðlun einni en annars í milligöngu um sendingu liðsstyrks úr öðru umdæmi, sbr. a-lið 4. mgr. 7. gr. frumvarps þessa, eftirgrennslan, milligöngu um aðstoð tæknirannsóknarmanna á vettvangi eða á rannsóknarstofu, aðstoð rannsóknarlögreglumanna úr stoðdeild embættis ríkislögreglustjóra við rannsókn alvarlegra brota o.s.frv.

Íhlutun ríkislögreglustjóra getur hins vegar verið fólgin í yfirtöku á stjórn eða fyrirmælum um framkvæmd vandasamra löggæsluverkefna, sbr. ákvæði h-liðar 1. mgr. 5. gr., tillögu til dómsmálaráðherra um að fela lögreglustjóra tímabundið tiltekin löggæsluverkefni utan síns umdæmis, sbr. niðurlag a-liðar 4. mgr. 7. gr., eða fyrirmælum um hvaða lögreglustjóri skuli stjórna rannsókn tiltekins brots, sbr. 3. mgr. 8. gr.

G-liður: Viðfangsefni á landsvísu.

Til dæmis um viðfangsefni á landsvísu, sem rétt þykir að ríkislögreglustjóri annist, má fyrst nefna kerfisbundna söfnun og úrvinnslu upplýsinga um afbrot og afbrotamenn sem nota má til afbrotagreiningar og miðlunar til lögreglustjóra í þágu löggæslunnar.

Upplýsingar um afbrot eiga að berast tafarlaust frá öllum lögreglustjórum á landinu inn í miðlægar skrár og sama máli gengir um fingraför af afbrotamönnum, ljósmyndir, brotaferil o.s.frv. Inn í þessar skrár eða upplýsingakerfi verða jafnframt að berast upplýsingar frá ríkissaksóknara, dómstólum og fangelsisyfirvöldum um framgang og lyktir mála til þess að upplýsingar um feril tiltekins máls, þar með talið fullnustu dóms, liggi fyrir á einum stað. Gert er ráð fyrir að dómsmálaráðherra mæli nánar fyrir um þetta efni í reglugerð.

H-liður: Yfirstjórn einstakra löggæsluverkefna.

Rétt þykir að ríkislögreglustjóri hafi möguleika á að hafa yfirstjórn eða gefa fyrirskipanir um stjórnun vandasamra löggæsluverkefna. Hér er einkum höfð í huga stjórn opinberra hátíðarhalda, samkoma eða annarra viðburða, svo sem heimsókna erlendra þjóðhöfðingja eða annarra gesta. Einnig gæti ríkislögreglustjóri tekið í sínar hendur vandasöm löggæsluverkefni, svo sem stjórn lögregluaðgerða vegna hefndarverka eða þegar almannavá eða hættuástand kallaði á samhæfingu lögregluliða. Þannig gæti ríkislögreglustjóri til að mynda tekið í sínar hendur stjórn sérsveitar lögreglunnar í Reykjavík ef þurfa þætti. Þar sem ákvæðið er undantekning frá þeirri meginreglu 6. gr. að lögreglustjórar fari með lögreglustjórn hver í sínu umdæmi þykir rétt að samþykkis dómsmálaráðherra verði leitað hverju sinni áður en ríkislögreglustjóri tekur stjórn lögregluaðgerða í sínar hendur og einnig að ákvörðunin sé kynnt viðkomandi lögreglustjóra eða lögreglustjórum með hæfilegum fyrirvara sem getur þó verið skammur ef aðstæður kalla á skjót viðbrögð lögreglu. Í ákvæðinu er einnig gefinn sá möguleiki að ríkislögreglustjóri gefi fyrirmæli um lögregluaðgerðir í stað þess að taka yfir stjórn þeirra en sömu skilyrði eru sett fyrir slíkum afskiptum ríkislögreglustjóra.

Í 2. mgr. 5. gr. eru nokkur sérstök viðfangsefni eða verkefni ríkilögreglegustjóra tilgreind en ekki er þar um tæmandi talningu að ræða þar sem löggjafinn eða dómsmálaráðherra kann að fela ríkislögreglustjóra ýmis þeirra verkefna sem dómsmálaráðuneyti sinnir nú eða ný verkefni á sviði löggæslu.

Í a-lið 2. mgr. er gert ráð fyrir að starfrækt verði rannsóknardeild sem rannsaki undir stjórn ríkislögreglustjóra umfangsmikil afbrot á sviði fjármála og viðskipta. Þessi brot sem nefnd eru skatta- og efnahagsbrot, en ganga einnig undir samheitinu „hvítflibbabrot“, geta verið gróf auðgunarbrot, brot sem lúta að löggjöf um tekjuöflun hins opinbera, gjaldeyrismál, verðlags- og samkeppnismál, verðbréfaviðskipti, stjórn fiskveiða og önnur brot sem eðli máls samkvæmt teljast til efnahagsbrota.

Rannsókn efnahagsbrota getur oft staðið í mánuði, jafnvel ár, og krefst sérstakrar þekkingar á viðskiptum og bókhaldi. Brot þessi eru meðal þeirra flóknustu sem lögregla þarf að glíma við og krefjast sérhæfingar sem telja verður að útilokað sé að byggja upp í fleiri en einni rannsóknardeild á landinu. Fela verður ríkislögreglustjóra að móta verklagsreglur og skera úr um það í einstaka tilfellum hvaða brot eða brotastarfsemi verði rannsökuð af þessari deild en þess má vænta að einkum verði tekið tillit til eftirfarandi atriða:

a. umfangs rannsóknarinnar og hve margslungið málið er,
b. verðmætanna eða fjármunanna sem málsrannsóknin snýst um,
c. hvort málið eða viðskiptin, sem fjallað er um í rannsókninni, tengist öðru landi,
d. hvort um sé að ræða brotastarfsemi í atvinnurekstri eða aðra skipulagða brotastarfsemi,
e. hvort málið hafi grundvallarþýðingu með tilliti til almannahagsmuna og um leið fordæmisgildi.

Mikilvægt er að þeir aðilar, sem falið verður ákæruvald í þessum málaflokki, hafi náið og fastmótað samstarf við rannsóknardeildina um rannsókn brota allt frá upphafi til þess að tryggja skilvirkni í rannsókn og meðferð mála þessarar tegundar. Í þessu samhengi má minna á möguleika ríkissaksóknara samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála til að gefa lögreglustjórum fyrirmæli um rannsókn brota.

Í b-lið 2. mgr. 5. gr. er gert ráð fyrir að starfrækt verði við embætti ríkislögreglustjóra sérstök rannsóknardeild sem annist rannsóknir á landráðabrotum og brotum gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum. Deildin starfi einnig sem stoðdeild sem aðstoði lögreglustjóra við rannsóknir alvarlegra brota. Með alvarlegum brotum er m.a. átt við manndráp, nauðgun, stórfellda líkamsárás og brennu. Í slíkum tilvikum geta lögreglustjórar óskað aðstoðar eða ríkislögreglustjóri beinlínis sent aðstoð. Gert er ráð fyrir að rannsóknarmenn frá embætti ríkislögreglustjóra aðstoði hlutaðeigandi rannsóknardeild við rannsóknina undir stjórn hlutaðeigandi lögreglustjóra nema ríkislögreglustjóri geri þar aðra skipan á.

Loks er í niðurlagi b-liðar 2. mgr. gert ráð fyrir að deildin taki við því hlutverki Rannsóknarlögreglu ríkisins að rannsaka mál vegna kæra á hendur lögreglumönnum vegna meints brots í starfi.

Gert er ráð fyrir að í þessari deild vinni fámennur hópur sérfræðinga sem tryggður verði aðgangur að þekkingu á sérhæfðum rannsóknum hérlendis og erlendis og miðli öðrum lögreglumönnum sem við rannsóknir starfa af þeirri þekkingu.

Í c-lið 2. mgr. er gert ráð fyrir að við embætti ríkislögreglustjóra verði almenn deild sem sinni verkefnum sem embætti ríkislögreglustjóra er falið skv. 1. mgr. og ekki falla undir verksvið annara deilda, sbr. a-, b- og e-liði.

Í d-lið 2. mgr. er gert ráð fyrir að starfrækt verði alþjóðadeild við embætti ríkislögreglustjóra. Deildin kemur til með að sinna því hlutverki sem ríkislögreglustjóra er falið skv. e-lið 1. mgr. Vísir að alþjóðadeild er nú starfrækt hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins og sinnur hún m.a. samskiptum við Interpol.

Í e-lið 2. mgr. er gert ráð fyrir að rannsóknarstofa á sviði lögregluranns ókna verði starfrækt við embætti ríkislögreglustjóra. Þær rannsóknir, sem einkum er ætlast til að rannsóknarstofan sinni, eru fingrafararannsóknir, skjalarannsóknir og rannsóknir á sporum, fatnaði og þess háttar. Ekki er gert ráð fyrir að starfsmenn rannsóknarstofunnar annist rannsóknir á vettvangi nema í undantekningartilfellum heldur annist úrvinnslu rannsóknargagna sem aflað er á vettvangi.

Gert er ráð fyrir að við embætti lögreglustjórans í Reykjavík verði starfrækt öflug tæknideild sem annast geti sérhæfðar vettvangsrannsóknir fyrir öll lögregluembætti landsins. Gott samstarf þarf að takast milli tæknideildar og starfsmanna rannsóknarstofu ríkislögreglustjóra. Afar mikilvægt er að myndir af brotamönnum, upplýsingar um fingraför og aðrar slíkar upplýsingar berist tafarlaust inn í miðlæga gagnagrunna sem varðveittir verða hjá ríkilögreglustjóra svo að fullt gagn verði af slíkum skrám eða upplýsingakerfum á landsvísu.

Eðlilegt er að kennslburðarnefnd eða ID-nefnd heyri undir ríkislögreglustjóra en hlutverk hennar er að aðstoða lögreglustjóra við að þekkja lík sem ekki er mögulegt að bera kennsl á með einföldum aðferðum.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra setji nánari fyrirmæli um starfsemi embættis ríkisslögreglustjóra.

Í 4. mgr. er kveðið á um stöðu vararíkislögreglustjóra og hlutverk hans. Um skipun hans og hæfniskröfur vísast til 28. gr. frumvarpsins.

Í 5. mgr. er að finna ákvæði um setningu sérstaks ríkislögreglustjóra til að fara með einstakt mál vegna vanhæfis skipaðs ríkislögreglustjóra. Ríkisögreglustjóri skal senda dómsmálaráðherra tilkynningu þegar hann telur sig svo tengdan málsefni að hann geti ekki um það fjallað.

Um 6. gr.

Í 6. gr. frumvarpsins er kveðið á um skiptingu landsins í lögregluumdæmi og stjórn þeirra.

Samkvæmt 1. mgr. falla lögregluumdæmin saman við stjórnsýsluumdæmin eins og þau eru nú ákvörðuð í 11. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, sbr. reglugerð nr. 57/1992. Þau eru nú 27 talsins. Í aðskilnaðarlögunum er einnig tekið fram að sýslumenn samkvæmt þeim lögum fari jafnframt með lögreglustjórn að því leyti sem hún er ekki falin öðrum, sbr. 10. gr. þeirra laga. Með þessu síðasttalda er átt við embætti lögreglustjórans í Reykjavík, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 12. gr. aðskilnaðarlaganna. Um skipun í embætti lögreglustjóra og hæfiskröfur gilda ákvæði 14. gr. aðskilnaðarlaganna, sbr. einnig 28. gr. frumvarps þessa.

Í niðurlagi 1. mgr. er að finna nýmæli þar sem lagt er til að við embætti lögreglustjórans í Reykjavík skuli starfa varalögreglustjóri. Allt frá stofnun Rannsóknarlögreglu ríkisins hefur starfað vararannsóknarlögreglustjóri við embættið. Ef frumvarp þetta verður að lögum fjölgar starfsmönnum lögreglustjórans í Reykjavík verulega og umsvif starfseminnar eykst. Varalögreglustjóra er ætlað að vera næstráðandi lögreglustjóra og staðgengill hans.

Í fyrri málslið 2. mgr. er kveðið á um að lögreglustjórar annist stjórn lögreglu, hver í sínu umdæmi, og er ákvæðið samhljóða 1. mgr. 2. gr. gildandi lögreglulaga. Þá er í síðari málslið lögð áhersla á sjálfstæði einstakra lögreglustjóra við daglega stjórn og rekstur embætta sinna og við framkvæmd lögreglustarfa í umdæmi sínu. Við túlkun ákvæðisins verður þó að hafa í huga að embætti ríkislögreglustjóra fer með yfirstjórn lögreglu ríkisins í umboði dómsmálaráðherra skv. 4. gr., svo og ýmis ákvæði í 5., 7. og 8. gr. Sérstaklega getur ákvæði h-liðar 1. mgr. 5. gr. takmarkað boðvald einstakra lögreglustjóra tímabundið.

Í 3. og 4. mgr. er mælt fyrir um heimild dómsmálaráðherra til að fela öðrum en hinum reglubundna lögreglustjóra umdæmis lögreglustjórn.

Samkvæmt 3. mgr. getur dómsmálaráðherra falið öðrum en hinum reglubundna lögreglustjóra umdæmis að fara með lögreglustjórn þar tímabundið þegar sérstaklega stendur á eða þegar embætti er laust. Algengt er við þessar aðstæður að ráðherra feli lögreglustjóra í nærliggjandi umdæmi lögreglustjórn tímabundið.

Í 4. mgr. er kveðið á um setningu lögreglustjóra „ad hoc“ til meðferðar einstaks máls. Hér er einkum haft í huga ef talið verður að hinn reglubundni lögreglustjóri sé vanhæfur til meðferðar máls samkvæmt almennum reglum. Þá er hugsanlegt að ákvæðinu verði beitt ef verkefnið er mjög sérstakt eða umfangsmikið og því talið heppilegt að fela það öðrum.

Um 7. gr.

Í 7. gr. frumvarpsins er fjallað um starfssvæði lögreglumanna. Í 1. mgr. er sérstaklega tekið fram að lögreglumenn hafi lögregluvald hvar sem er á landinu. Um lögregluvald er að öðru leyti fjallað í 9. gr. frumvarpsins og athugasemdum við hana.

Í 3. mgr. 2. gr. og 6. gr. gildandi lögreglulaga eru ákvæði um starfssvæði lögreglu. Þótt ekki komi það berum orðum fram í þeim lögum hefur sú meginregla gilt að starfsvettvangur lögreglumanns sé það umdæmi sem hann er skipaður, settur eða ráðinn til þess að starfa í, enda hefur hingað til verið tilgreint í skipunarbréfum lögreglumanna við hvaða embætti þeir væru skipaðir, settir eða ráðnir.

Þrátt fyrir þessa meginreglu er dómsmálaráðherra heimilt skv. 3. mgr. 2. gr. gildandi lögreglulaga að ákveða að hluti lögregluliðs skuli gegna lögreglustörfum hvar sem er á landinu. Svokallaðri þjóðvegalögreglu, sem er hluti af umferðardeild lögreglunnar í Reykjavík, var fyrir rúmum áratug falið að gegna slíku hlutverki með formlegum hætti og um það settar starfsreglur. Þá kemur enn fremur fram í 6. gr. gildandi lögreglulaga að standi sérstaklega á geti ráðherra mælt svo fyrir að lögreglulið skuli gegna löggæslustörfum utan umdæmis síns og ákveði þá jafnframt hver skuli fara með stjórn þess. Þá segir að þess skuli þó jafnframt gæta að hægt sé að halda uppi löggæslu á þeim stað sem lið er flutt frá. Í framkvæmd hefur þó verið vikið frá meginreglunni í ríkari mæli. Má þar nefna að um árabil hefur tíðkast að lögreglumaður fari ásamt starfsmanni Vegagerðarinnar til að annast þungamælingar í ýmsum lögregluumdæmum. Sama hefur gilt um Bifreiðaskoðun Íslands hf. og áður Bifreiðaeftirlit ríkisins að lögreglumaður hefur farið í eftirlitsferðir um landið ásamt skoðunar-/bifreiðaeftirlitsmanni frá stofnuninni til löggæsluverkefna. Ekki hefur verið gengið frá því með formlegum hætti, hvorki með ákvörðun ráðherra né annars konar staðfestingu, að þessir lögreglumenn megi starfa hvar sem er á landinu og er það óheppilegt. Hlutaðeigandi lögreglumenn hafa ýmist verið frá embætti lögreglustjórans í Reykjavík, Kópavogi eða Hafnarfirði. Þá annast lögreglan í Reykjavík öryggisgæslu vegna erlendra þjóðhöfðingja og annarra fyrirmenna á ferð um landið.

Í frumvarpinu er lagt til að reglur um starfssvæði lögreglu verði markaðar með skýrari hætti en gert er í gildandi lögum. Í 2. mgr. greinarinnar er orðuð sú meginregla sem talin hefur verið gilda að starfsvettvangur lögreglumanns sé það umdæmi sem hann er skipaður, settur eða ráðinn í samkvæmt skipunarbréfi ráðherra.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að dómsmálaráðherra geti kveðið á um að hluti lögregluliðs skuli gegna lögreglustörfum alls staðar á landinu. Heimild þessari kemur til með að verða beitt varðandi ýmis löggæsluverkefni, svo sem sérsveit lögreglunnar í Reykjavík sem fengið hefur þjálfun í að fást við hefndarverk og hvers kyns vopnaða brotamenn. Þar sem lögreglumenn í sérsveit eru þeir einu sem fengið hafa slíka þjálfun hér á landi er gert

ráð fyrir að dómsmálaráðherra geti sett reglur um hlutverk sveitarinnar á landsvísu. Önnur löggæsluverkefni, sem ákvæðið getur tekið til, er rannsóknardeild ávana- og fíkniefnamála hjá lögreglustjóranum í Reykjavík sem gegnt hefur lykilhlutverki í baráttu við innflutning og dreifingu á fíkniefnum. Mörg verkefni deildarinnar teygja anga sína út fyrir umdæmi lögreglustjórans í Reykjavík og kann að vera heppilegt að deildin fái tilteknar heimildir utan síns umdæmis auk þess sem nauðsynlegt er að hún aðstoði aðrar rannsóknardeildir við rannsókn fíkniefnabrota.

Ákvæðið getur einnig tekið til öryggislögreglu vegna heimsókna erlendra þjóðhöfðingja og eftirlits með ökuritum, þungaskattsmælum, ásþunga bifreiða og öðru eftirliti með öryggi bifreiða en verið er að vinna að breyttu skipulagi löggæslu á því sviði.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um undantekningar frá meginreglunni í 2. mgr.

Í a-lið er að finna heimild fyrir ríkislögreglustjóra til að ákveða, að höfðu samráði við lögreglustjóra, að hluti lögregluliðs skuli tímabundið sinna löggæslustörfum utan umdæmis síns. Gert er ráð fyrir að heimildinni verði aðeins beitt þegar sérstaklega stendur á, svo sem vegna útisamkoma eða annarra slíkra viðburða þar sem þörf er fyrir aukna löggæslu um tíma. Þess verður þó jafnan að gæta að slíkar ákvarðanir komi ekki niður á löggæslu í því umdæmi sem lið er flutt frá. Fyrirmynd ákvæðisins er 6. gr. gildandi lögreglulaga.

Í niðurlagi a-liðar 4. mgr. er að finna nýmæli þar sem lagt er til að dómsmálaráðherra geti að tillögu ríkislögreglustjóra falið lögreglustjóra tímabundið tiltekin löggæsluverkefni utan síns umdæmis.

Hér er gengið lengra en í fyrri málslið a-lið 4. mgr. og raunar er verið að leggja til undantekningu frá umdæmaskiptingu 1. mgr. 6. gr. Þörfin fyrir slíkt ákvæði er nokkur þar sem víða um landið hafa skapast venjur sem yfirleitt stafa af fámenni lögreglu, fjarlægð eða af öðrum hagkvæmnisástæðum um það að lögreglumenn hafi með höndum lögreglustörf í öðru umdæmi en sínu eigin, ýmist að beiðni viðkomandi lögreglustjóra eða án beiðni. Í slíkum tilvikum þykir rétt að lögreglustjóra í því umdæmi sem viðkomandi lögreglumenn starfa hjá verði formlega falið að fara með tiltekin löggæsluverkefni í nágrannaumdæmi ef það þykir sérstaklega hagfellt vegna staðhátta eða af öðrum slíkum staðbundnum ástæðum. Slíkt fyrirkomulag getur haft verulegan sparnað í för með sér, dreift verkefnum milli lögregluliða á heppilegan hátt og eflt löggæslu á tilteknum svæðum. Dæmi um þetta gæti verið að lögregla á Akranesi fengi það verkefni að annast umferðarlöggæslu á þjóðvegi nr.1 upp í Hvalfjarðarbotn eða að lögreglumanni á Kirkjubæjarklaustri verði falið að annast löggæslu í Skaftafelli.

Um greiðslu kostnaðar af flutningi lögregluliðs skv. 3. mgr. og a-lið 4. mgr. vísast til athugasemda með 3. mgr. 8. gr. hér á eftir.

Í b-lið er mælt fyrir um þrenns konar undanþágur frá umdæmamörkum: Í fyrsta lagi er lögreglumanni heimilt að fara út fyrir umdæmi sitt til þess að ljúka lögregluaðgerð sem hafin er innan þess. Sem dæmi má nefna ef lögreglumaður hefur hafið eftirför í sínu eigin umdæmi en verður að fara inn í annað umdæmi til að halda henni áfram. Í öðru lagi er lögreglumanni heimilt að fara út fyrir umdæmi sitt ef verkefnið krefst þess. Með því er átt við að mál þoli ekki bið eða gæti spillst við biðina. Að síðustu er settur sá almenni fyrirvari að lögreglumaður geti farið út fyrir umdæmi sitt ef brýna nauðsyn ber til, svo sem til þess að afstýra yfirvofandi hættu á slysum eða eignaspjöllum.

Í c-lið er lagt til að lögfest verði venja sem myndast hefur í þessu efni. Sú óskráða starfsregla hefur jafnan gilt að lögreglumaður, sem er einkennisbúinn að störfum en á leið um annað lögregluumdæmi, láti til sín taka lögbrot sem hann stendur menn að og hafi afskipti af þeim. Sé þess kostur reynir lögreglumaður jafnan að kveðja til staðarlögreglu þannig að hún taki við máli en verði slíku ekki komið við lýkur hann sjálfur afgreiðslu þess með skriflegri kæru. Ávallt skal tilkynna um slíkar kærur og senda þær til lögreglustjórans í umdæminu þar sem brot var framið svo fljótt sem verða má.

Ekki þykir ástæða til að takmarka heimildina samkvæmt ákvæðinu við lögreglumann sem er einkennisklæddur að störfum heldur þykir eðlilegt að hún taki til allra lögreglumanna, sem eru að störfum, á ferð um annað lögreglumdæmi hvort sem þeir eru einkennisklæddir eða ekki.

Í 5. mgr. er lögð sú skylda á lögreglumann að tilkynna yfirmanni sínum um aðgerðir sínar skv. c- eða d-lið 4. mgr. svo fljótt sem verða má. Þá skal á sama hátt tilkynna viðkomandi lögreglustjóra í umdæmi um aðgerðir lögreglumanns. Mundi yfirmaður lögreglumanns gera það eða lögreglumaðurinn sjálfur eftir atvikum.

Um 8. gr.

Í 8. gr. er að finna ákvæði um starfrækslu rannsóknardeilda við embætti tíu lögreglustjóra. Í 6. gr. laga um Rannsóknarlögreglu ríkisins, nr. 108/1976, er mælt fyrir um að rannsóknarlögregludeildir skuli starfa undir stjórn lögreglustjóra í umdæmum þar sem Rannsóknarlögregla ríkisins hefur með höndum lögregluarannsóknir brotamála. Þá er í 7. gr. sömu laga kveðið svo á að við lögreglustjóraembætti utan starfssvæðis Rannsóknarlögreglu ríkisins skuli starfa rannsóknarlögregludeildir samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra. Rannsóknarlögregludeildir eru nú starfræktar við embætti lögreglustjóranna í Reykjavík, í Kópavogi, í Hafnarfirði, á Akranesi, á Ísafirði, á Akureyri, á Eskifirði, á Selfossi, í Vestmannaeyjum, í Keflavík og á Keflavíkurflugvelli eða við 11 embætti.

Ef frumvarp þetta verður að lögum verður Rannsóknarlögregla ríkisins lögð niður. Í 5. gr. laganna er einungis gert ráð fyrir að við embætti ríkislögreglustjóra verði rannsökuð skatta- og efnahagsbrot, landráðabrot, brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum og kærur á lögreglumenn vegna meintra brota í starfi en auk þess mun embættið aðstoða við rannsóknir alvarlegra afbrota. Í 8 gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að rannsóknir meginþorra afbrota færist til lögreglustjóra sem stjórni rannsókn brota hver í sínu umdæmi. Við 13 af 27 lögregluembættum á landinu starfa fimm eða færri lögreglumenn og í aðeins tíu þeirra eru fleiri en tíu lögreglumenn starfandi. Vegna þessarar staðreyndar þykir óheppilegt og jafnvel óframkvæmanlegt að stærri brotamál verði rannsökuð af lögreglumönnum í minni umdæmum. Útilokað er að lögreglumenn í fámennum lögregluliðum fái þá þjálfun og sérhæfingu sem nauðsynleg er til að tryggja vandaðar rannsóknir flókinna brotamála og að sem flest brotamál upplýsist.

Því er lagt til í frumvarpinu að sérstakar rannsóknardeildir, sem taki við hlutverki Rannsóknarlögreglu ríkisins að stærstum hluta, verði starfræktar við embætti lögreglustjóranna í Reykjavík, á Akranesi, á Ísafirði, á Sauðárkróki, á Akureyri, á Seyðisfirði, á Selfossi, í Vestmannaeyjum, í Keflavík og í Hafnarfirði. Rannsóknardeildir þær sem fyrir eru verði efldar og til þeirra færð stöðugildi frá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Þannig verði færð 21 stöðugildi rannsóknarlögreglumanna frá rannsóknarlögreglu ríkisins til lögreglustjórans í Reykjavík og átta til annarra embætta sem sérstakar rannsóknardeildir verða starfræktar í, þar af fjögur stöðugildi út fyrir aðalstarfsvæði Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir nýrri rannsóknardeild á Sauðárkróki, einnig nýrri rannsóknardeild við embætti lögreglustjórans á Seyðisfirði sem heppilegast þykir að staðsett verði á Egilsstöðum. Hlutverk rannsóknarlögregludeilda, sem nú eru starfræktar við embætti lögreglustjóranna í Kópavogi og á Keflavíkurflugvelli, verður nánast óbreytt frá því sem nú er en þær deildir falla ekki undir ákvæði 8. gr.

Með orðunum „sérstök rannsóknardeild“ í 8. gr. er fyrst og fremst verið að tryggja að rannsóknum alvarlegra brota verði sinnt með viðeigandi hætti á nokkrum stærri lögregluembættanna. Þannig er ekki verið að festa í lögum nýja deild innan lögregluliðanna þar sem starfi rannsóknarlögreglumenn sem sinni ekki öðrum verkefnum en rannsóknum alvarlegra brota. Þvert á móti er æskilegt að múrar verði ekki reistir milli deilda í lögregluliði og að allir lögreglumenn í liðinu vinni að því sameiginlega markmiði að koma í veg fyrir brot, upplýsa brot og rannsaka þau af kostgæfni.

Í 2. mgr. 8. gr. er kveðið á um að lögreglumenn í rannsóknardeildum skuli rannsaka brot í því umdæmi þar sem þeir starfa. Með ákvæðinu er þó ekki verið að útiloka að aðrir lögreglumenn við hlutaðeigandi embætti rannsaki smærri brot eða taki þátt í rannsókn alvarlegri brota.

Í 3. mgr. 8. gr. er mælt fyrir um að unnt sé að kalla lögreglumenn í rannsóknardeildum skv. 1. mgr. til rannsóknarstarfa í öðrum umdæmum. Ef brot eru alvarlegs eðlis eða óvenjuleg skal að jafnaði leita eftir slíkri aðstoð. Lögreglumenn í rannsóknardeildum skulu þá taka yfir rannsókn eða eftir atvikum aðstoða lögreglumenn í umdæminu við rannsóknina. Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að lögreglustjóri í hlutaðeigandi umdæmi stjórni að jafnaði rannsókn máls en að ríkislögreglustjóri geti gert aðra skipan á stjórn rannsóknar. Gert er ráð fyrir að lögreglustjórar geti leitað eftir aðstoð og að ríkislögreglustjóri hafi milligöngu um að kalla til aðstoðina. Sérstaklega getur orðið þörf fyrir slíka aðstoð við allra minnstu lögregluembættin, t.d. þau fimm embætti þar sem einungis einn eða tveir lögreglumenn starfa.

Oft hagar svo til að brotaslóði einstakra brotamanna nær yfir tvö eða fleiri umdæmi eða brot einstaklinga sem búsettir eru í fleiri en einu umdæmi tengjast og getur verið álitamál í hvaða umdæmi skuli rannsaka mál og undir stjórn hvaða lögreglustjóra. Heppilegast þykir að ríkislögreglustjóri ákveði hvar slík mál skuli rannsökuð og hver stjórni rannsókn eins og mælt er fyrir um í 4. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Ágreiningi má skjóta til dómsmálaráðuneytisins.

Í 5. mgr. 8. gr. er mælt fyrir um að dómsmálaráðherra setji nánari reglur um starfsemi rannsóknardeilda. Hér er átt við verklagsreglur varðandi það hvenær og með hvaða hætti skuli leita eftir aðstoð rannsóknardeilda, kostnað o.fl. Kemur til greina að festa í reglur hvaða brot það eru nákvæmlega sem að jafnaði verði falin rannsóknardeildum. Þá er þörf á að ákveða forgangsröðun verkefna þegar fleiri en einn lögreglustjóri þarf á vinnuframlagi rannsóknarlögreglumanna að halda.

Þegar rannsóknarlögreglumenn eru sendir til að rannsaka mál í öðru umdæmi en því sem þeir starfa að jafnaði í fellur til aukakostnaður sem álitamál getur verið á hvaða embætti á að lenda. Rétt þykir að ætla embættum þar sem rannsóknardeild er starfrækt nægjanlegar fjárveitingar til að standa straum af launagreiðslum þeirra rannsóknarlögreglumanna sem við deildina starfa. Um kostnað af ferðum og uppihaldi gegnir öðru máli og þykir heppilegra að slíkur kostnaður verði greiddur af því embætti sem kallar eftir rannsókn eða af sameiginlegum fjárlagalið sem ríkislögreglustjóri hafi umsjón með.

Sömu leið má fara með aðstoð sem kallað er eftir frá stoðdeild ríkislögreglustjóra og sérsveit eða rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum frá lögreglustjóranum í Reykjavík. Erfitt getur verið fyrir hin smærri embætti að gera ráð fyrir slíkum óvæntum útgjöldum í fjárlagatillögum sínum en auðveldara fyrir embætti ríkislögreglustjóra að áætla árlega þörf fyrir slíka aðstoð við lögregluembættin.

Í 6. mgr. er að finna ákvæði um að við embætti lögreglustjórans í Reykjavík skuli starfrækt tæknideild. Mörg verkefni tengd vettvangsrannsóknum krefjast bæði sérhæfðra lögreglumanna og tækja. Má þar nefna brunarannsóknir. Heppilegt þykir að ein slík tæknideild verði starfrækt í Reykjavík fyrir landið allt þótt ýmsar tæknilegar rannsóknir verði að sjálfsögðu framkvæmdar af rannsóknarlögreglumönnum í öðrum rannsóknardeildum eins og verið hefur. Gert er ráð fyrir að lögreglustjóranum í Reykjavík verði tryggð fjárveiting til reksturs deildarinnar þannig að fyrir þjónustu hennar þurfi ekki að greiða sérstaklega.

Um 9. gr.

Hugtakið „lögregluvald“ er ekki notað í gildandi lögreglulögum. Það kemur aftur á móti fyrir í 6. gr. laga um hreppstjóra, nr. 62/1965, sbr. 43. gr. laga nr. 92/1991. Þá kom hugtakið fyrir í 2. og 3. mgr. 65. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, þar sem bifreiðaeftirlitsmönnum var fengið lögregluvald á starfssviði sínu. Þau ákvæði voru afnumin með 17. gr. laga nr. 44/1993. Hugtakið kom einnig fyrir í 2. mgr. 19. gr. áfengislaga, nr. 82/1969, en það ákvæði var afnumið með 56. tölul. 194. gr. laga nr. 19/1991.

Í framangreindum ákvæðum er ekki að finna skilgreiningu á hugtakinu. Fræðilega er lögregluvald ein tegund opinbers valds sem stjórnvöld fara með. Nánar telst lögregluvald til réttarvörsluvalds eins og fullnustuvald sýslumanna, enda felst í hvoru tveggja valdbeitingarheimild ef þörf krefur. Með „lögregluvaldi“ er nánar átt við vald sem lögreglunni einni er falið til að gefa fyrirskipanir og til að grípa til aðgerða gagnvart þegnunum, með valdbeitingu ef nauðsynlegt er. Slíkt vald hafa aðeins þeir starfsmenn lögreglu sem beinlínis hafa það hlutverk að halda uppi lögum og reglu í samfélaginu frá degi til dags og þeir sem eru í stöðum æðstu yfirmanna, sbr. 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins.

Rétt er að taka fram að með orðinu „lögreglumaður“ í ákvæðinu er einnig átt við þá sem gegna stöðum yfirmanna í lögregluliði, svo sem yfirlögregluþjóna, varðstjóra o.s.frv. Löglærðir fulltrúar lögreglustjóra, sem margir hverjir hafa þau verkefni að stjórna, skipuleggja og aðstoða við rannsókn mála, og skólastjóri Lögregluskóla ríkisins hafa lögregluvald samkvæmt ákvæðinu. Skrifstofufólk og annað starfslið lögreglunnar, sem ekki gegnir hefðbundnum löggæslustörfum, hefur ekki slíkt vald. Lögregluvald fylgir því aðeins nánar tilgreindum störfum innan lögreglunnar.

Samkvæmt 2. mgr. er dómsmálaráðherra einnig heimilt að fela öðrum starfsmönnum lögreglu lögregluvald tímabundið eða til þess að sinna sérstökum verkefnum. Hér undir gætu fallið sérfróðir rannsóknarmenn, t.d. endurskoðendur.

Í 3. mgr. er kveðið á um að skipshafnir varðskipanna fari með lögregluvald þegar þær annist eða aðstoði við löggæslu og í 4. mgr. að tollverðir fari með lögregluvald á sínu starfssviði og þegar þeir annist eða aðstoði við löggæslu. Ákvæðin er að mestu leyti í samræmi við 1. mgr. 4. gr. gildandi lögreglulaga, sbr. og 1. mgr. 5. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 25/1967, og 1. mgr. 36. gr. tollalaga, nr. 55/1987. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að þeir teljist til lögreglumanna ríkisins eins og gildandi lögreglulög gera ráð fyrir. Er það í samræmi við skilgreiningu á hugtakinu lögreglumaður í 3. gr., sbr. 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins.

Í 5. gr. laga um hreppstjóra, nr. 62/1965, sbr. 43. gr. laga nr. 92/1991, kemur m.a. fram að hreppstjórar fari með lögregluvald. Ákvæði 5. mgr. er í samræmi við það.

Samkvæmt 6. mgr. fara héraðslögreglumenn með lögregluvald þegar þeir gegna lögreglustarfinu. Í 10. gr. er að finna sérstakar reglur um héraðslögreglumenn.

Í 7. mgr. er kveðið á um að aðrir þeir sem kvaddir eru lögreglunni til aðstoðar lögum samkvæmt fari með lögregluvald á meðan þeir gegna starfanum. Lagaákvæði sem gera ráð fyrir aðstoð borgaranna við löggæslu eru: 20. gr. frumvarps þessa, sbr. 2. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr. gildandi lögreglulaga, sbr. 1. gr. laga nr. 64/1989, 127. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, 4. mgr. 41. gr. tollalaga, nr. 55/1987, og 73. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Í 8. mgr. er kveðið á um að nemar í Lögregluskóla ríksins fari með lögregluvald þegar þeir gegna lögreglustarfi. Lögregluvald þeirra þarf að vera ótvírætt á meðan þeir sinna lögreglustörfum á námstíma, svo sem meðan á starfsþjálfun stendur. Ekki er gert ráð fyrir að nemar í lögregluskólanum gegni lögreglustarfi fyrr en að lokinni fyrri önn í grunnnámi.

Í 9. gr. frumvarpsins er það tæmandi talið hverjir það eru sem fara með lögregluvald.

Um 10. gr.

Í 10. gr. frumvarpsins er fjallað um héraðslögreglumenn, hlutverk þeirra og réttarstöðu. Sambærilegt ákvæði kom fyrst inn í lög um lögreglu árið 1940 (nr. 50/1940). Ástæðan var sú að þörf var talin á einhvers konar varaliði til að aðstoða við að halda uppi löggæslu á útisamkomum. Hefur ákvæðið verið í lögreglulögum allar götur síðan, en hlutverk héraðslögreglumanna orðið víðtækara. Heimildin í gildandi lögreglulögum er mikið notuð, sérstaklega utan Stór-Reykjavíkursvæðisins. Í ljósi þess þykir rétt að hafa þessa heimild áfram í lögum. Þótt héraðslögreglumenn þiggi föst laun fyrir starfa sinn er aðeins um aukastarf að ræða og einkum til þeirra leitað þegar þörf er aukinnar löggæslu af sérstökum ástæðum.

Ákvæði 10. gr. frumvarpsins er hliðstætt 7. gr. gildandi lögreglulaga, sbr. 2. gr. laga nr. 108/1988. Í 1. mgr. hefur þó verið fellt niður ákvæði um fjölda héraðslögreglumanna í umdæmi þar sem ekki þykir ástæða til að binda fjölda þeirra í lögum. Þá er gert ráð fyrir að fá þurfi samþykki ríkislögreglustjóra fyrir ráðningu héraðslögreglumanns. Skulu þeir fullnægja skilyrðum 39. gr. frumvarpsins um að vera íslenskir ríkisborgarar, 20 til 35 ára, ekki kunnir af refsiverðri háttsemi, vera andlega og líkamlega heilbrigðir og hafa lokið tiltekinni menntun.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um fjölda héraðslögreglumanna og störf. Núgildandi reglugerð um héraðslögreglumenn og aðra afleysingamenn í lögreglustarfi er nr. 284/1981.

Ákvæði 4. mgr. 10. gr. frumvarpsins um réttarstöðu héraðslögreglumanna er efnislega samhljóða ákvæði 1. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar, en rétt þykir að það verði lögfest að öðru leyti en því að héraðslögreglumenn teljast ekki til lögreglumanna ríkisins skv. 3. gr., sbr. 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins. Þá er felld niður heimild í 4. mgr. 7. gr. gildandi laga fyrir héraðslögreglumenn til að taka sér aðstoðarmenn. Þykir heimildin óþörf þar sem hún hefur aldrei verið notuð. Samkvæmt niðurlagi 2. mgr. skulu héraðslögreglumenn vera undir stjórn lögreglumanna er þeir eru að störfum.

Um 11. gr.

Mikilvægt er að lögregla og önnur stjórnvöld vinni saman að verkefnum sem tengjast löggæslu með einum eða öðrum hætti. Í athugasemdum með 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins þar sem mælt er fyrir um hlutverk lögreglu eru talin upp fjölmörg lagaákvæði þar sem mælt er fyrir um aðstoð og samvinnu lögreglu og annara stjórnvalda. Rétt þykir að setja í lög almennt ákvæði um slíka samvinnu. Ákvæðið er til frekari áréttingar á f- og g-liðum 1. gr.

Í 1. mgr. er sérstaklega mælt fyrir um að lögregla skuli aðstoða ákæruvaldið við störf þess. Ákvæðið tengist m.a. 1. mgr. 27. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, þar sem kveðið er á um að ríkissaksóknari geti kveðið á um rannsókn máls og mælt fyrir um framkvæmd hennar eða tekið rannsókn eða ákvörðun um málshöfðun í sínar hendur ef svo ber undir. Ákvæðið er því í raun staðfesting á gildandi rétti.

Í 2. mgr. er lögfest ákvæði um gagnkvæma samvinnu lögreglu og annarra stjórnvalda. Þá er sérstaklega vikið að samvinnu lögreglu, félagsmálayfirvalda, heilbrigðisyfirvalda og menntamálayfirvalda um forvarnir en mikilvægt er að þessir aðilar vinni saman að þessum mikilvæga málaflokki en árangur næst þar ekki nema með víðtækri samvinnu. Með forvörnum er hér átt við baráttu gegn áfengi, ólöglegum vímuefnum og hvers kyns aðrar afbrotavarnir.

Um 12. gr.

Samvinna lögreglu og sveitarstjórna hefur aukist nokkuð á síðustu árum á ýmsum sviðum, m.a. við lausn ýmissa félagslegra vandamála. Má þar nefna samvinnu um málefni barna og ungmenna og svonefndra „útigangsmanna“. Sem dæmi um hið fyrrnefnda má nefna að í Reykjavík hefur lögreglan í samvinnu við borgaryfirvöld rekið athvarf fyrir unglinga um helgar, svonefnda „útideild“. Þá má einnig geta hér um samstarf lögreglu og sveitarstjórna á sviði forvarna, en sífellt meiri áhersla er lögð á forvarnir til viðnáms gegn félagslegum vandamálum, t.d. afbrotum. Loks ber að nefna samstarf á sviði umferðarmála.

Í 12. gr. frumvarpsins er lagt til að í hverju lögregluumdæmi landsins verði komið á fót samstarfsnefnd lögreglu og sveitarfélaga um málefni lögreglunnar í umdæminu undir forustu lögreglustjóra í því umdæmi. Ætlunin er að þessar nefndir verði vettvangur fyrir samstarf þessara aðila og fjalli um sameiginleg málefni þeirra. Rétt þykir að héraðsnefnd eða önnur slík samtök sveitarfélaga í umdæminu tilnefni fulltrúa sveitarstjórna í samstarfsnefnd. Rétt er að lögreglustjóri hafi frumkvæði að því að kalla nefndina saman.

Nokkur reynsla er komin á samstarf af þessu tagi þar sem slíkar nefndir starfa nú þegar í stærstu sveitarfélögum landsins, þar með talið í Reykjavík. Þetta fyrirkomulag mun hafa gefist vel og er ástæða til að mæla fyrir um stofnun slíkra nefnda í lögum.

Um III. kafla.

Í III. kafla er fjallað um skyldur lögreglumanna og framkvæmd lögreglustarfa. Þetta er einn þýðingarmesti kafli frumvarpsins.

Í kaflanum er að finna reglur um þær heimildir sem lögreglan hefur til þess að halda uppi lögum og reglu í landinu og um samskipti lögreglu og borgaranna. Þar er m.a. tilgreint af hvaða tilefni og með hvaða hætti lögreglunni er heimilt að hafa afskipti af borgurunum. Loks er fjallað um ýmis réttindi og skyldur lögreglumanna.

Sum ákvæðin eru hliðstæð ákvæðum sem er að finna í gildandi lögum um lögreglu eða í eldri lögum um meðferð opinberra mála. Önnur ákvæði eru aftur á móti nýmæli en taka mið af ríkjandi réttarframkvæmd.

Mikilvægasta nýmæli kaflans er að lögfestar verði ýmsar heimildir lögreglu sem áður voru taldar felast í svonefndu „allsherjarumboði" lögreglu, sbr. 15.–18. gr. Um þetta vísast nánar til athugasemda við einstakar greinar.

Í 13. gr. frumvarpsins eru almennar reglur um skyldur lögreglumanna og framkvæmd lögreglustarfa. Sum ákvæðanna sem þar eru voru áður í eldri lögum um meðferð opinberra mála. Önnur ákvæði eru nýmæli í lögum um lögreglu en eiga sér að nokkru leyti fyrirmynd í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954. Ákvæði 3. mgr. um lögregluskilríki er nýmæli í lögum sem er í samræmi við ríkjandi framkvæmd.

Í 14. gr. er beinlínis tekið fram að lögreglu sé heimilt að beita valdi við framkvæmd skyldustarfa sinna að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Að sjálfsögðu er lögreglu aldrei heimilt að grípa til valdbeitingar nema önnur vægari úrræði hafi verið reynd. Þetta er í samræmi við 12. gr. stjórnsýslulaganna, nr. 37/1993, en þar er lögfest ein af grundvallarreglum stjórnsýsluréttarins sem nefnd hefur verið meðalhófsreglan. Samkvæmt henni skal stjórnvald því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Þá segir að þess skuli gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn beri til. Grundvallarregla þessi felur í sér að stjórnvöld verði að gæta hófs í meðferð valds síns. Lögreglunni ber ávallt að hafa meðalhófsregluna í heiðri við framkvæmd starfa sinna. Hún má þar af leiðandi aldrei ganga lengra en nauðsynlegt er hverju sinni. Ákvæðið er nýmæli í lögunum en í samræmi við ríkjandi framkvæmd.

Í 15. gr. eru m.a. tilgreindar þær aðstæður sem taldar eru réttlæta afskipti lögreglu af þegnunum. Ákvæðið er almennt orðað í þeim tilgangi að sem flest tilvik falli þar undir þar sem nauðsynlegt getur verið fyrir lögregluna að hafa afskipti af fólki. Ákvæði 15. gr. eru nýmæli í lögunum en í samræmi við ríkjandi framkvæmd.

Í 16. gr. er að finna heimild fyrir lögregluna til að handtaka mann og færa á lögreglustöð ef ákveðin skilyrði eru fyrir hendi. Heimildir lögreglumanna til handtöku hefur verið að finna í XII. kafla laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991. Með frumvarpi þessu eru handtökuheimildir e- og f-liða 98. gr. færðar úr lögum nr. 19/1991 og í lögreglulög. Verður þá í lögum nr. 19/1991 einvörðungu að finna handtökuheimildir er tengjast rannsókn og meðferð opinbers máls, auk þess sem heimildir til handtöku tengdar afplánun refsingar verða áfram í lögum nr.19/1991.

Í 17. gr. er nýmæli á ferðinni. Þar er lögreglu heimilað að leita á mönnum ef ákveðnar aðstæður eru fyrir hendi, sbr. 1. mgr. Þá er lögreglu jafnframt heimilað að leita á fólki sem vistað er í fangageymslu, sbr. 2. mgr. Ákvæði 2. mgr. miðar fyrst og fremst að því að vernda þann mann sjálfan sem vistaður er og eignir hans.

18. gr., sem fjallar um afskipti lögreglu af börnum undir 16 ára aldri, er nýmæli í lögunum og er það í samræmi við ríkjandi framkvæmd.

Í 19. gr. er almennt ákvæði sem mælir fyrir um skyldu almennings til að hlýða fyrirmælum lögreglu. Þetta er nýmæli í lögum. Hliðstætt ákvæði er að finna í einstaka lögreglusamþykktum.

Í 20. gr. er kveðið á um skyldu borgaranna til að aðstoða lögreglu að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Ákvæði svipaðs efnis er í 2. mgr. 4. gr. gildandi lögreglulaga. Ákvæði 20. gr. er þó víðtækara.

Í 21. gr. er lagt bann við því að tálma lögreglu í störfum sínum. Greinin á sér fyrirmynd í gildandi lögreglulögum.

Um þagnarskyldu allra starfsmanna lögreglunnar eru ákvæði í 22. gr. frumvarpsins. Ekki hefur áður verið lögfest sérstakt ákvæði þessa efnis er gildi um alla starfsmenn lögreglunnar, hvort sem þeir fara með lögregluvald eða ekki. Fram að þessu hefur þagnarskylda starfsmanna lögreglunnar, eins og annarra opinberra starfsmanna, stuðst við almennt ákvæði þess efnis í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954. Vegna eðlis lögreglumannsstarfans þykir mikilvægt að mæla sérstaklega fyrir um þagnarskyldu starfsmanna hennar í lögum um lögreglu.

Í 23. gr. eru ákvæði um afskipti starfsmanna lögreglu af eigin málum eða nákominna vandamanna í starfi sínu. Hér er byggt á því að það teljist grundvallarregla að starfsmenn lögreglu beiti hvorki heimildum sínum í eigin málum né málum þeirra sem eru þeim nákomnir. Slíkt er augljóslega til þess fallið að ala á tortryggni í garð lögreglu. Á þetta reyndi að nokkru í dómi Hæstaréttar frá árinu 1989 (H.1989.512). Segja má að dómur þessi hafi verið tilefni þess að lagt er til að ákvæði þessa efnis verði beinlínis lögfest.

Ákvæði í 24. gr. frumvarpsins um afskipti lögreglu af vinnudeilum eru óbreytt miðað við gildandi lögreglulög.

Í 25. gr. frumvarpsins er lagt til að settar verði um það skýrar reglur hvenær lögreglumönnum sé heimilt að sinna lögreglustörfum í frítíma sínum. Þegar lögreglumenn grípa til aðgerða utan síns vinnutíma er ætlast til þess að þeir hafi samband við lögreglumenn sem eru að störfum þá stundina og láti þá taka við máli eins fljótt og unnt er.

Síðasta greinin í kaflanum fjallar um heimild til að fela lögreglu tollgæslustörf ef þörf er á. Greinin er tekin efnislega óbreytt úr gildandi lögreglulögum.

Um 13. gr.

Í 1. mgr. er lýst almennum skyldum lögreglumanna. Í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, er skyldum starfsmanna hins opinbera lýst í sérstökum kafla og er þar m.a. kveðið á um þessar skyldur. Þrátt fyrir það þykir rétt að lögfesta sérstakt ákvæði þessa efnis í lögum um lögreglu.

Í 2. mgr. (2. og 3. málsl.) er sett fram almenn regla um framkvæmd lögreglustarfa. Reglan er grundvölluð á svonefndri meðalhófsreglu (á dönsku proportionalitetsprincip). Grundvallaregla þessi felur m.a. í sér að stjórnvöld verði að gæta hófs í meðferð valds síns. Í samræmi við þetta skal lögregla í stað harkalegs úrræðis ávallt velja vægara úrræði ef það dugir og eðlilegt samræmi verður að vera milli þess óhagræðis sem stafar af úrræði því sem beitt er og þýðingar þess. Jafnan skal lögreglan því beita vægasta úrræði sem völ er á ef það nægir til að náð verði því markmiði sem að er stefnt og valdbeiting verður að vera hófleg miðað við þá almannahagsmuni sem í húfi eru. Meðalhófsreglan er talin mjög þýðingarmikil við framkvæmd lögreglustarfa. Meðalhófsreglan er lögfest í 12. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Þar segir að stjórnvald skuli því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verði ekki náð með öðru vægara móti. Skuli þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.

Að öðru leyti er gert ráð fyrir því í 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins (1. málsl.) að lögregla skuli ávallt gæta fyllsta hlutleysis og réttsýni. Þetta er í samræmi við lög um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, þar sem sérstaklega er tekið fram að lögregla skuli gæta hlutleysis er hún vinnur að rannsókn mála, sbr. 31. gr. þeirra laga.

Í 3. mgr. er lögfest ákvæði um lögregluskilríki, þ.e. skilríki sem lögreglumönnum er ætlað að bera við framkvæmd starfa sinna. Hér er í reynd um að ræða lögfestingu á þeirri framkvæmd sem tíðkast hefur hér á landi. Eðlilegt verður að telja að í skilríki sé tilgreindur gildistími þess. Með því er komið í veg fyrir að í umferð séu skírteini manna sem látið hafa af störfum en bera þó með sér að vera enn í gildi.

Þegar hafa verið samin drög að reglum um lögregluskilríki. Heppilegt þykir að ríkislögreglustjóri annist útgáfu þeirra.

Um 14. gr.

Ganga verður út frá því sem meginreglu að lögreglumenn framkvæmi skyldustörf sín án valdbeitingar. Það er þó ljóst að þær aðstæður skapast að nauðsynlegt er að grípa til hennar. Í 14. gr. frumvarpsins er lögreglumönnum heimilað að beita valdi við framkvæmd starfa sinna og er heimildin bundin því skilyrði að aldrei sé gengið lengra í beitingu valds en nauðsynlegt er hverju sinni.

Ákvæðið byggir á meðalhófsreglunni sem lýst er í athugasemdum við 13. gr. og vísast til þess. Í henni felst m.a. sú almenna skylda stjórnvalda, þar með talið lögreglu, að beita ekki harkalegra úrræði en nauðsynlegt er til að náð verði því markmiði sem að er stefnt hverju sinni. Með þessu er lögð áhersla á að einungis verði gripið til valdbeitingar að önnur mildari úrræði hafa verið reynd, en án árangurs.

Um 15. gr.

Greinin er nýmæli. Þar er mælt fyrir um rétt lögreglu til þess að hafa afskipti af borgurunum við nánar tilgreindar aðstæður og með hvaða hætti. Tilgangur ákvæðisins er að treysta lagalegan grundvöll þessa réttar lögreglu. Hliðstætt ákvæði er ekki að finna í gildandi lögreglulögum. Talið hefur verið að heimildir lögreglu í þeim tilfellum sem getið er í greininni rúmist innan þess sem kallað hefur verið allsherjarumboð (á dönsku generalfuldmagt) lögreglu. Með því er átt við þá óskráðu reglu að lögreglan hafi almenna venjumyndaða heimild innan vissra marka til að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til þess að halda uppi lögum og reglu í landinu. Það er mat nefndarinnar sem samið hefur þetta frumvarp að rétt sé að lögfesta þessar heimildir lögreglu. Byggist sú afstaða á svonefndri lögmætisreglu (á dönsku legalitetsprincip), þ.e. þeirri reglu að hið opinbera, lögreglan sem aðrir, þurfi að hafa heimild í lögum til afskipta af borgurunum gegn vilja þeirra.

Lagagreinin er þannig upp byggð að í 1. mgr. eru tilgreindar aðstæður sem taldar eru réttlæta afskipti lögreglu af þegnunum. Í 2. mgr. eru síðan taldar upp aðgerðir sem lögreglu er heimilt að grípa til við þessar aðstæður. Sú upptalning er ekki tæmandi. Allar þær aðstæður og heimildir, sem nefndar eru í 1. og 2. mgr., hafa fram til þessa verið taldar rúmast innan allsherjarumboðsins. Í reynd er því lagt til að núverandi framkvæmd verði lögfest. Hér er því hvorki ætlunin að þrengja né rýmka þetta umboð lögreglu heldur miðar ákvæðið fyrst og fremst að því að tiltaka aðstæður og aðgerðir sem eru algengastar og taka þar með af allan vafa um lögmæti afskipta lögreglu.

Það er ljóst að erfitt er að setja sundurliðaðar og nákvæmar reglur sem kveða á um öll tilvik sem lögreglan kann að standa andspænis og þær aðgerðir sem hún kann að þurfa að grípa til. Þess vegna er 2. mgr. orðuð á almennan hátt þannig að litið verði á hana sem leiðbeinandi um hin ýmsu úrræði sem lögreglan getur gripið til en ekki sem tæmandi talningu á þeim.

Heimild til afskipta skv. 15. gr. er bundin við þá sem hafa lögregluvald.

Í 1. mgr. eru taldar upp þær aðstæður sem heimila afskipti lögreglu af borgurunum. Ákvæðið er almennt orðað og ætlað að taka til allra aðstæðna þar sem þörf kann að vera fyrir afskipti lögreglu af borgurunum í því skyni að halda uppi almannafriði og allsherjarreglu, að gæta öryggis einstaklinga eða almennings eða að afstýra eða stöðva afbrot.

Í 2. mgr. eru nefnd dæmi um aðgerðir sem lögreglan getur gripið til. Upptalningin er ekki tæmandi.

Í 3. mgr. kemur fram að óhlýðnist maður fyrirmælum lögreglu sem gefin eru skv. 2. mgr. geti hún á hans kostnað gripið til ráðstafana sem hún telur nauðsynlegar til að koma í veg fyrir að óhlýðni hans valdi tjóni eða stofni almenningi í hættu.

Í 4. mgr. er sérstök heimild fyrir lögreglu til að krefjast þess að menn segi á sér deili. Ákvæði svipaðs efnis er nú t.d. í 8. gr. lögreglusamþykktar fyrir Garðakaupstað nr. 627/1987 og 7. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 625/1987.

Í 5. mgr. er kveðið á um heimildir lögreglu til afskipta af málefnum sem með réttu heyra undir önnur stjórnvöld þegar nauðsyn ber til.

Um 16. gr.

Ákvæði um handtöku er nú að finna í XII. kafla laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála. Í 97. gr. er mælt fyrir um handtöku manns vegna rannsóknar opinbers máls. Í 98. gr. ræðir um rétt lögreglu til þess að handtaka mann af ýmsum öðrum ástæðum. Samkvæmt ákvæðinu er lögreglumanni rétt að handtaka mann:

a. ef hann á að afplána refsingu,
b. ef hann hefur leyfislaust vikið úr refsivist eða gæslu eða rofið bann við för af ákveðnu svæði,
c. ef rökstuddur grunur leikur á um að hann hafi rofið í verulegum atriðum skilyrði sem honum hafa verið sett í skilorðsbundnum dómi, reynslulausn eða náðun,
d. ef hann hefur ekki að forfallalausu sinnt fyrirkalli um að mæta á dómþing eða gegnt kvaðningu til að gefa skýrslu í opinberu máli,
e. ef hann ærist á almannafæri eða veldur þar hneyksli eða hættu á óspektum,
f. ef hann hefur hér ekki landvistarleyfi.

Eðlilegt þykir að handtökuheimildir sé að finna í lögum um lögreglu, aðrar en þær er tengjast rannsókn eða meðferð opinbers máls. Handtökuheimildir tengdar afplánun refsingar verða einnig áfram í lögum nr. 19/1991. Samkvæmt því hefur verið horfið til þess að færa handtökuheimildir samkvæmt e- og f-liðum 98. gr. laga nr. 19/1991 yfir í frumvarp til lögreglulaga. Er f-liður tekinn þar óbreyttur upp en e-liður felldur inn í almenna heimild lögreglu til handtöku í þeim tilgangi að halda uppi lögum og reglu.

Um 17. gr.

Í 17. gr. eru lögfestar sérstakar leitarheimildir fyrir lögreglu sem miða að því að hún fái gegnt því almenna hlutverki sínu að halda uppi lögum og reglu. Þessum heimildum ber að halda aðgreindum frá þeim heimildum sem lögregla hefur samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála og eru liður í rannsókn einstakra mála, sbr. XI. kafla laga nr. 19/1991 sem fjallar um leit og 2. mgr. 101. gr. sömu laga sem heimilar leit á handteknum manni. Almennt hefur verið litið svo á að lögreglan hefði þessar leitarheimildir við þær aðstæður sem lýst er í ákvæðinu þótt ekki hafi sérstaklega verið kveðið á um þær í lögum. Það er mat nefndarinnar að rétt sé að lögfesta þessar heimildir sérstaklega.

Bent er á að leitarheimildir skv. 17. gr. eru þrengri en leitarheimildir samkvæmt XI. kafla laga um meðferð opinberra mála að því leyti að þær taka aðeins til leitar á manni, þ.e. til leitar að utanaðkomandi hlutum sem menn kunna að bera á sér. Ákvæði laga um meðferð opinberra mála um líkamsleit taka ekki aðeins til leitar að utanaðkomandi hlutum sem menn bera á sér heldur einnig til leitar að utanaðkomandi hlutum sem menn kunna að hafa í sér, þ.e. innvortis. Af þessari ástæðu þótti ekki fært að nota orðið „líkamsleit“ í þessu samhengi.

Í 1. mgr. er leitarheimild lögreglu bundin við nánar tilgreindar aðstæður, þ.e. í fyrsta lagi ef maður er fjarlægður, sbr. 2. mgr. 15. gr., eða ef maður er handtekinn, sbr. 16. gr. Heimildin tekur aðeins til þess að leita að vopnum eða öðrum munum sem hætta gæti hugsanlega stafað af, sbr. þó heimild 2. mgr. sem er víðtækari að þessu leyti þegar maður er vistaður í fangageymslu.

Samkvæmt 1. málsl. 2. mgr. hefur lögreglan heimild til að leita á manni sem vistaður er í fangageymslu og taka til varðveislu muni sem hann hefur á sér og hann gæti notað til að vinna sjálfum sér eða öðrum tjón með. Dæmi um slíka hluti eru belti, axlabönd og hálsbindi. Þá er heimilt skv. 2. málsl. 2. mgr. að taka af manni, sem vistaður er í fangageymslu, peninga og muni sem hann hefur á sér og hætta þykir á að geti skemmst, eyðilagst eða glatast. Dæmi um slíkar aðstæður er þegar margir menn eru hafðir saman í fangaklefa og hætta er á að hlutum verði stolið.

Samkvæmt 3. mgr. ber lögreglu að skila aftur þeim munum sem hún hefur tekið af mönnum með heimild í 1. eða 2. mgr. þegar þeir eru látnir lausir enda séu ekki skilyrði til að leggja hald á þá samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

Um 18. gr.

Í 18. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um afskipti lögreglu af börnum.

Samkvæmt ákvæðinu er lögreglu heimilt að hafa afskipti af börnum yngri en 16 ára sem eru á stöðum þar sem heilsu þeirra eða velferð þykir alvarleg hætta búin. Skýra verður ákvæðið svo að afskipti lögreglu samkvæmt því komi því aðeins til að barni sé augljós og mikil hætta búin. Sem dæmi má nefna ef barn er í fylgd með foreldrum eða öðrum forsjármönnum sem eru illa á sig komnir sökum ölvunar eða áhrifa annarra vímuefna. Afskipti lögreglu samkvæmt þessu ákvæði eru óháð lögmæltum útivistartíma barna. Með börnum er í ákvæðinu átt við einstaklinga innan 16 ára aldurs og er það í samræmi við 2. mgr. 1. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992. Um útivistartíma barna eru að öðru leyti fyrirmæli í 57. gr. þeirra laga.

Um 19. gr.

Í gildandi lögum um lögreglu er ekki að finna almennt ákvæði er kveður á um skyldu borgaranna til hlýðni við fyrirmæli lögreglunnar. Slík ákvæði er þó að finna í lögreglusamþykktum, sbr. t.d. 1. mgr. 8. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 625/1987 og 10. gr. lögreglusamþykktar fyrir Garðakaupstað nr. 627/1987. Rétt þykir að hafa ákvæði þessa efnis í lögum.

Í 41. gr. frumvarpsins er kveðið á um refsingar við því að óhlýðnast fyrirmælum þessa ákvæðis.

Um 20. gr.

Í 1. mgr. 20. gr. er að finna ákvæði sem heimilar lögreglu að kveðja sér til aðstoðar hvern fulltíða mann ef nauðsyn ber til, þar á meðal til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri.

Ákvæðið er hliðstætt 2. mgr. 4. gr. gildandi lögreglulaga en felur þó í sér þrjár breytingar: Í fyrsta lagi er fellt niður það skilyrði gildandi lögreglulaga að viðkomandi maður, sem kvaddur er til aðstoðar, „sé viðstaddur“. Samkvæmt því getur lögreglan kvatt sér til aðstoðar menn sem ekki eru á staðnum, svo sem símleiðis, ef brýna nauðsyn ber til. Í öðru lagi er bætt inn orðunum „þar á meðal“. Í því felst að það tekur til fleiri tilvika en þeirra sem beinlínis eru talin upp í ákvæðinu, enda teljist þau sambærileg. Í þriðja lagi er lagt til að lögfestur verði fyrirvari þess efnis að manni verði ekki gert skylt að sinna kvaðningu lögreglu ef hætta þykir á að hann stofni lífi, heilbrigði, velferð eða öðrum verulegum hagsmunum sjálfs sín eða nánustu vandamanna í hættu með því. Samkvæmt 41. gr. frumvarpsins getur sá sætt fésektum sem að ófyrirsynju neitar lögreglu um aðstoð.

Í 127. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, er það lýst refsivert að sinna ekki kvaðningu yfirvalds um aðstoð til þess að koma í veg fyrir brot eða annan ófarnað sem lífi, heilbrigði eða velferð manna er búin hætta af þótt maður hefði getað veitt aðstoðina án þess að stofna sér eða verulegum hagsmunum í hættu. Refsing við slíku broti getur varðað sektum eða allt að þriggja mánaða varðhaldi.

1. mgr. 20. gr. frumvarpsins tekur til minni háttar brota á aðstoðarskyldu borgaranna við lögreglu enda mega viðurlög við þeim ekki fara fram úr fésektum, sbr. 41. gr. Sé um alvarlegri brot að ræða ber að beita nefndu hegningarlagaákvæði. Ákvæðum lögreglulaga og almennra hegningarlaga verður því ekki beitt samhliða.

Í 2. mgr. er kveðið á um að þeir sem kvaddir eru lögreglu til aðstoðar skv. 1. mgr. hafi lögregluvald á meðan þeir gegna starfanum. Þá er jafnframt áréttað að þeir njóti verndar sem aðrir lögreglumenn. Hér er m.a. átt við vernd skv. 21. og 30. gr. frumvarpsins og samkvæmt ákvæðum XII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Um 21. gr.

Fyrirmynd ákvæðisins er í 1. málsl. 3. mgr. 5. gr. gildandi lögreglulaga, sbr. 1. gr. laga nr. 64/1989. Í 41. gr. frumvarpsins er kveðið á um refsingar ef brotið er gegn banni 21. gr.

Brot gegn 21. gr. frumvarpsins varðar aðeins fésektum.

Um 22. gr.

Í 22. gr. er að finna ákvæði um þagnarskyldu lögreglu. Í 32. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, er að finna almennt ákvæði um þagnarskyldu ríkisstarfsmanna. Vegna eðlis starfa lögreglu þykir rétt að hafa sérstakt ákvæði í lögum um lögreglu um þetta efni. Tekur það til allra starfsmanna lögreglu.

Þagnarskyldan tekur bæði til upplýsinga sem viðkomandi fær í starfi sínu og vegna þess. Í 2. mgr. er áréttað að þagnarskyldan haldist þótt látið sé af starfi.

Þau atriði, sem þagnarskyldan tekur til, eru greind í þremur liðum:

a. Upplýsingar um einkahagi manna sem geta varðað viðkvæm málefni og eðlilegt er og sanngjarnt að leynt fari.

b. Upplýsingar um skipulag og starfsemi lögreglu og fyrirhugaðar lögregluaðgerðir. Í því sambandi er bent á að mikilvægt er að haldið sé leyndum upplýsingum um vissa þætti í starfsemi lögreglu og um skipulagningu og útfærslu einstakra lögregluaðgerða. Að öðrum kosti er óvíst um árangur af þeim.
c. Aðrar upplýsingar sem leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins.

Þagnarskylda starfsmanna lögreglu kemur aftur á móti ekki í veg fyrir að eftirtöldum aðilum verði veittar eða kynntar upplýsingar sem þagnarskyldan tekur annars til:

a. Öðrum starfsmönnum lögreglu eða starfsmönnum ákæruvalds ef upplýsingarnar eru nauðsynlegar vegna starfa þeirra.
b. Íslenskum eða erlendum yfirvöldum, sem starfa að lögreglu- og öryggismálum, ef þau þurfa á upplýsingum að halda í því skyni að fyrirbyggja brot eða til að afstýra broti.
c. Vitnum eða heimildarmönnum þegar það er nauðsynlegt svo að lögreglan geti notið liðsinnis þeirra til að fyrirbyggja eða afstýra broti.

Að sjálfsögðu verður starfsmaður lögreglu að fara gætilega í að veita upplýsingar í þessum tilvikum, sérstaklega samkvæmt b- og c-lið. Aldrei skal veita frekari upplýsingar en þörf er á hverju sinni.

Ákvæðinu er ekki ætlað að þrengja að stjórnarskrárvernduðu tjáningarfrelsi lögreglumanna eða koma í veg fyrir gagnrýni á yfirstjórn lögreglu heldur að sporna við því að lögreglumenn láti af hendi upplýsingar sem leynt eiga að fara, spillt geta árangri af lögregluaðgerðum eða skaðað löggæsluhagsmuni verulega á annan hátt.

Í 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, er að finna ákvæði sem lýsir brot á þagnarskyldu opinberra starfsmanna refsivert.

Um 23. gr.

Í 23. gr. er lagt til að lögfest verði sú grundvallarregla að starfsmenn lögreglu aðhafist hvorki í eigin málum né nákominna vandamanna sinna þegar þeir gegna starfi sínu. Þessi regla kemur m.a. fram í dómi Hæstaréttar frá 21. mars 1989 (H 1989,512), en þar segir m.a.:

„Það verður að teljast grundvallarregla að lögreglumenn rannsaki ekki sjálfir mál sín og nákominna vandamanna."

Þykir við hæfi að reglan verði lögfest. Við skýringu á því hverjir teljist til nákominna vandamanna þykir mega hafa hliðsjón af d-lið 5. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Í því ákvæði er mælt fyrir um vanhæfi dómara vegna tiltekins skyldleika eða tengda við aðila máls.

Um 24. gr.

Efnislega óbreytt ákvæði 10. gr. gildandi lögreglulaga. Ákvæðið kom upphaflega inn í lögreglulög með lögum nr. 92/1933, sbr. 4. gr., og hefur haldist óbreytt síðan.

Um 25. gr.

Ákvæðið er nýmæli í lögreglulögum hér á landi. Vegna eðlis starfa lögreglumanna er rétt að gera ráð fyrir að þeir geti þurft að sinna lögreglustörfum í frítíma sínum.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir afskiptum lögreglumanns að hans eigin frumkvæði þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þarfnast þeir liðir ekki sérstakra skýringa. Þó skal bent á að ekki er ætlast til að lögreglumaður sinni störfum skv. b- eða c-lið nema um sé að ræða alvarleg brot. Ekki er átt við að hann sé að sinna veigaminni málum, svo sem vegna aksturs gegn rauðu ljósi og þess háttar. Í slíkum tilfellum er eðlilegra að hann láti við það sitja að tilkynna um brot ef hægt er að koma því við og hann sér ástæðu til.

Um 26. gr.

Ákvæðið er efnislega óbreytt ákvæði 3. mgr. 4. gr. gildandi lögreglulaga, sbr. 2. mgr. 36. gr. tollalaga, nr. 55/1987.

Um IV. kafla.

Í IV. kafla er fjallað um veitingu lögreglumannsstarfa.

Í 27. gr. er fjallað um fjölda lögreglumanna.

Í 28. gr. er kveðið á um skipun og ráðningu í stöður lögreglumanna og um hæfniskröfur.

Í 29. gr. er fjallað um heitstaf lögreglumanna. Sams konar ákvæði var áður í lögum um meðferð opinberra mála en þykir eiga betur heima í lögum um lögreglu.

Í kaflanum eru felld niður nokkur ákvæði sem er að finna í gildandi lögreglulögum og varða efni þessa kafla:

1. Ákvæði 2.–3. málsl. 3. mgr. 3. gr. gildandi lögreglulaga um svonefnda „varalögreglumenn“ er ekki tekið upp í frumvarpið. Það á rætur sínar að rekja til fyrstu lögreglulaganna sem sett voru hér á landi á fjórða áratug aldarinnar, sbr. lög nr. 92/1933. Við samningu ákvæðisins var fyrst og fremst hafður í huga órói og upphlaup sem urðu vegna stéttaátaka á þeim árum, t.d. Gúttóslagurinn 9. nóvember 1932. Vegna fámennis í lögregluliði á þeim tíma var talið nauðsynlegt að ráðherra hefði heimild til að fjölga í því fasta lögregluliði sem kveðið var á um í lögum þegar sérstaklega stæði á eða það teldist nauðsynlegt fyrir öryggi borgaranna. Á þessum tíma var gert ráð fyrir að í bæjum (kaupstöðum og kauptúnum) þar sem væru 1.000 íbúar eða fleiri skyldu vera allt að tveir starfandi lögregluþjónar á hverja 1.000 íbúa, enda væri lögreglustjóri þar búsettur. Ákvæðinu hefur ekki verið beitt um lengri tíma og þótti ekki ástæða til að taka það með í frumvarpið.

2. Ákvæði 4. mgr. 3. gr. gildandi lögreglulaga er ekki tekið með í frumvarpið, en það fjallar um aukna löggæslu vegna sérstakra aðstæðna. Þar segir að á stöðum þar sem þörf er á löggæslu vegna sérstakra aðstæðna, svo sem á vertíðum, megi ráða lögreglumenn til starfa, eftir því sem fé er veitt til þess á fjárlögum. Ákvæðið kom fyrst inn í lögreglulög, nr. 56/1963. Um efni þess segir í athugasemdum að þar sé fjallað um löggæslu vegna sérstakra tímabundinna aðstæðna, svo sem á Þingvöllum miðsumars, á Keflavíkurflugvelli og í ýmsum verstöðvum þar sem sérstök þörf sé aukinnar löggæslu hluta úr ári. Í II. kafla þessa frumvarps er að finna ákvæði sem koma í stað heimildar 4. mgr. 3. gr. gildandi laga. Má þar sérstaklega nefna a-lið 4. mgr. 7. gr.

Um 27. gr.

Ákvæði 27. gr. frumvarpsins er efnislega óbreytt ákvæði 1. mgr. 3. gr. gildandi lögreglulaga með þeirri undantekningu að dómsmálaráðherra hefur samráð við ríkislögreglustjóra um fjölda lögreglumanna. Greinin er í samræmi við ákvæði 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins um að ríkið haldi uppi starfsemi lögreglu í landinu.

Samkvæmt greininni ákveður dómsmálaráðherra fjölda lögreglumanna í hverju lögregluumdæmi í samráði við ríkislögreglustjóra að fengnum tillögum viðkomandi lögreglustjóra. Hann er að sjálfsögðu bundinn af fjárveitingum, en óþarft þykir að taka það sérstaklega fram í lögunum eins og gert er í 1. málsl. 3. mgr. 3. gr. gildandi lögreglulaga. Þá þykir ekki heldur ástæða til að binda í lagatexta fjölda lögreglumanna í hverju umdæmi þar sem þörfin getur verið misjöfn frá einum tíma til annars.

Um 28. gr.

Í 28. gr. er mælt fyrir um skipun og ráðningu í störf innan lögreglunnar og hæfisskilyrði. Skv. 1. mgr. er gert ráð fyrir að forseti Íslands skipi í æðstu stöður innan lögreglunnar, þ.e. í stöður ríkislögreglustjóra, vararíkislögreglustjóra, lögreglustjóra og varalögreglustjóra í Reykjavík. Ákvæðið um að forsetinn skipi í stöðu lögreglustjóra er í samræmi við 1. mgr. 14. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, en þar segir að forseti Íslands skipi sýslumenn. Sýslumenn fara með lögreglustjórn hver í sínu umdæmi, nema í Reykjavík þar sem hún er falin sérstökum lögreglustjóra.

Þá er gert ráð fyrir því í 3. mgr. að dómsmálaráðherra skipi lögreglumenn til lögreglustarfa, enda hafi þeir lokið námi í Lögregluskóla ríkisins. Eru ákvæði um skipun lögregluþjóna nánast óbreytt frá gildandi lögum. Ekki þótti rétt að gera breytingar á því grundvallaratriði í lögum um lögreglumenn að lögreglumenn skuli hljóta skipun sem lögreglumenn. Nefnd á vegum fjármálaráðuneytisins hefur verið falið að gera tillögur að heildarendurskoðun á starfsmannastefnu ríkisins, þar á meðal ráðningarformi opinberra starfsmanna. Lögreglulaganefndinni þótti rétt að láta endurskoðun á ráðningarformi lögreglumanna bíða niðurstöðu þeirrar heildarendurskoðunar.

Í 2. mgr. kemur fram að ríkislögreglustjóri, vararíkislögreglustjóri, lögreglustjórar og varalögreglustjórinn í Reykjavík skuli fullnægja sömu almennu hæfisskilyrðum og héraðsdómarar. Þó er í samræmi við 2. mgr. 14. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, ekki gert ráð fyrir að aldurskilyrðið gildi um lögreglustjórana og varalögreglustjórann í Reykjavík. Um skilyrði til að gegna embætti héraðsdómara að öðru leyti vísast til 1. mgr. 5. gr. sömu laga.

Í niðurlagi 3. mgr. er kveðið á um að dómsmálaráðherra setji í reglugerð nánari fyrirmæli um starfsstig lögreglumanna. Samsvarandi ákvæði er að finna í 2. mgr. 3. gr. laga um lögreglumenn, nr. 56/1972, en slíkar reglur hafa þó ekki verið settar. Engar heildarreglur eru þannig til um starfsstig lögreglumanna en í ýmsum lögum, reglugerðum, reglum og öðrum almennum fyrirmælum, svo og kjarasamningum fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs við Landssamband lögreglumanna, er þó gengið út frá tilteknum stöðuheitum og þeirra er nú getið í flestum skipunarbréfum lögreglumanna. Dómsmálaráðherra hefur þegar lagt grunn að skipun nefndar til að gera tillögur að reglum um starfsstig lögreglumanna. Í nefndinni munu eiga sæti fulltrúar dómsmálaráðuneytis, lögreglustjóra og Landssambands lögreglumanna.

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. gildandi laga um lögreglumenn hefur engan mátt ráða eða skipa lögreglumann eftir 1. júlí 1991 án þess að hann hafi lokið námi í Lögregluskóla ríkisins. Frá þessu eru gerðar þær undantekningar að heimilt er að lausráða nema til reynslu til lögreglustarfa meðan á námi þeirra stendur í Lögregluskóla ríkisins. Þá hefur verið heimilt að ráða menn til lögreglustarfa án prófs frá Lögregluskóla ríkisins til afleysinga í sumarleyfum frá 15. maí til 30. september ár hvert.

Í 4. mgr. 28. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir, að dómsmálaráðherra sé heimilt að ráða mann tímabundið til lögreglustarfa vegna orlofstöku, veikindaforfalla eða tímabundinna leyfa lögreglumanna þótt hann hafi ekki lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Gert er að skilyrði, að hann fullnægi skilyrðum a-, b- og c-liða 2. mgr. 29. gr. frumvarpsins, staðan hafi verið auglýst með venjulegum hætti og enginn með próf frá Lögregluskóla ríkisins hafi sótt um hana.

Þær aðstæður hafa alloft komið upp að enginn lögreglumaður með próf frá Lögregluskóla ríkisins hefur sótt um lausa stöðu lögreglumanns. Á það fyrst og fremst við utan höfuðborgarsvæðisins. Í slíkum tilvikum þykir ófært annað en að lögregluyfirvöld eigi þess kost að manna stöðuna tímabundið með manni er ekki hefur lokið námi. Skilyrðin eru þó þröng þar sem heimildin er bundin við orlofstöku, veikindaforföll eða tímabundin leyfi lögreglumanns.

Um 29. gr.

Samhljóða ákvæði var að finna í 3. málsl. 1. mgr. 33. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974. Með gildandi lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, voru þau lög felld úr gildi. Aftur á móti voru ýmis ákvæði V. kafla eldri laganna, sem fjölluðu um lögreglumenn og upphaf rannsóknar, ekki tekin upp í nýju lögin, þar á meðal þetta ákvæði. Í greinargerð með frumvarpi til gildandi laga um meðferð opinberra mála kemur fram að margar þeirra reglna sem skipað var í V. kafla eldri laga um meðferð opinberra mála, eigi fremur heima í lögum um lögreglumenn. Er því ákvæði þetta tekið upp hér. Ætlast er til að lögreglumaður vinni heitstafinn er hann hefur störf.

Um V. kafla.

Í V. kafla er fjallað um nokkur atriði sem varða starfskjör lögreglumanna.

Lögreglumenn teljast að sjálfsögðu til opinberra starfsmanna og njóta lögkjara og bera skyldur í samræmi við það eftir því sem lög og kjarasamningar mæla nánar fyrir um. Í 1. mgr. 5. gr. gildandi lögreglulaga, sbr. 1. gr. laga nr. 64/1989, er þetta sérstaklega tekið fram en ekki þótti þörf á að taka það ákvæði upp í frumvarpið.

Í 30. gr. er mælt fyrir um rétt lögreglumanna til bóta úr ríkissjóði fyrir líkams- og munatjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns. Þá er kveðið á um bætur fyrir missi framfæranda ef því er að skipta.

Í 5. mgr. 5. gr. gildandi lögreglulaga, sbr. 1. gr. laga nr. 26/1987, var að finna sérstaka heimild til lækkunar skaðabóta vegna tjóns sem lögreglumaður olli í starfi sínu. Ákvæði þetta var fellt brott með 5. tölul. 29. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, ásamt hliðstæðum ákvæðum í ýmsum öðrum lögum. Í stað þessara ákvæða er lögfest almenn lækkunarheimild í 24. gr. skaðabótalaganna. Að þessu athuguðu þótti fara best á að sleppa því að fjalla um þetta atriði sérstaklega í frumvarpinu.

Í 31. gr. er lagt bann við því að lögreglumenn geri verkfall og taki þátt í verkfallsboðun. Ákvæði þessa efnis var bætt inn í lög um lögreglumenn, nr. 56/1972, árið 1986, sbr. lög nr. 82/1986. Rétt er að vekja athygli á að ákvæði 31. gr. frumvarpsins tekur eingöngu til þeirra sem fara með lögregluvald.

Ákvæði 32. gr. er nýmæli sem fjallar um aukastörf lögreglumanna. Um er að ræða sérákvæði sem gildir um lögreglumenn og gengur framar almennu ákvæði 34. gr. laga nr. 38/1954 um aukastörf opinberra starfsmanna.

Ákvæði 33. gr. er nýmæli sem fjallar um aldurshámark lögreglumanna. Skulu lögreglumann samkvæmt frumvarpinu leystir frá störfum sínum þegar þeir eru orðnir fullra 65 ára. Í 3. mgr. 43. gr. frumvarpsins er gerð grein fyrir hvernig lækkun á aldurshámarki lögreglumanna verði framkvæmd.

Um 30. gr.

Fyrri málsliður er tekinn efnislega úr gildandi lögum með áorðnum breytingum, sbr. hér lög nr. 26/1987, en ákvæðið um bætur fyrir missi framfæranda er nýtt. Hér er kveðið á um beina bótaábyrgð ríkissjóðs vegna lögreglumanna sem verða fyrir munatjóni, líkamstjóni eða látast vegna starfs síns. Rétt þykir að ríkissjóður greiði lögreglumönnum eða þeim sem eru á framfæri þeirra slíkar bætur í stað þess að þeir verði að sækja mál sín á hendur þeim er tjóni hafa valdið. Slík málaferli geta tekið langan tíma og engin trygging er fyrir því að tjónvaldur reynist borgunarmaður. Vegna eðlis starfa lögreglumanna þykir eðlilegt að hafa í lögum sérstakt ákvæði sem skyldar ríkissjóð til að greiða bætur í slíkum tilvikum. Ríkissjóður eignast síðan endurkröfurétt á hendur tjónvaldi ef því er að skipta. Um lækkun bóta vegna eigin sakar tjónþola og ákvörðun bótafjárhæðar að öðru leyti gilda almennar reglur skaðabótaréttarins.

Um 31. gr.

Efnislega óbreytt ákvæði er í 4. mgr. 4. gr. gildandi lögreglulaga, sbr. breytingalög nr. 82/1986. Með hugtakinu „lögreglumenn“ er eins og áður átt við þá sem fara með lögregluvald, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Með frumvarpi til laga nr. 82/1986 fylgdi ítarleg greinargerð, sbr. Alþt. A 1985–86, bls. 1548–1550, og vísast til hennar.

Augljós rök búa að baki ákvæðinu, enda er það meginhlutverk lögreglu að halda uppi lögum og reglu í þjóðfélaginu. Starfsemi lögreglu er þannig ein meginforsenda þess að haldið verði uppi skipulögðu og lögbundnu þjóðfélagi. Telja verður það ósamrýmanlegt þessu hlutverki lögreglu ef lögreglumenn gætu gert verkfall með löglegum hætti.

Bent er á að hliðstætt ákvæði er í 7. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 25/1967. Þar kemur fram að starfsmenn landhelgisgæslunnar megi hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðunum.

Um 32. gr.

Í 32. gr. er mælt fyrir um aukastörf lögreglumanna.

Í 1. málsl. 1. mgr. kemur fram að heimilt sé að fela lögreglumanni að vinna fyrir sanngjarnt endurgjald aukastörf í þágu ríkisins, enda valdi það ekki vanrækslu á þeim störfum er stöðu hans fylgja. Þetta er í samræmi við 1. mgr. 34. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954. Að öðru leyti eru í 1. mgr. reistar skorður við því að þeir starfsmenn lögreglu sem fara með lögregluvald gegni launuðum aukastörfum samhliða aðalstarfinu. Þar að baki búa þau rök að slík störf geti verið til þess fallin að draga úr möguleikum viðkomandi til að beita sér að fullu í lögreglustarfinu. Með þessu er jafnframt lögð áhersla á mikilvægi þess að þessir aðilar séu eins sjálfstæðir og öðrum óháðir í starfi sínu og kostur er. Ákvæðið tekur jafnt til starfa í þjónustu annarra sem og sjálfstæðs atvinnureksturs.

Samkvæmt 2. mgr. er heimilt að veita undanþágu frá banni 2. málsl. 1. mgr. ef sýnt þykir að aukastarfið geti samrýmst lögreglustarfinu og að lögreglumaður geti eftir sem áður rækt skyldur sínar í aðalstarfinu af samviskusemi og trúnaði. Gera verður ráð fyrir að unnt sé að binda undanþágu ýmsum skilyrðum, svo sem því að aukastarfið sé ekki

unnið í einkennisfötum lögreglumanns eða öðrum einkennisfötum, að eignir ríkisins, þar með talið húsnæði, bifreiðar, sími, tölvur o.fl., séu ekki nýttar í þágu aukastarfsins, að ekki sé vísað á lögreglumann vegna aukastarfsins á þeim tíma sem hann sinnir lögreglustarfinu, að lögreglumanni verði gert ljóst að ekki verði tekið tillit til aukastarfsins ef kalla þurfi hann til lögreglustarfa og að umfang aukastarfsins sé ekki svo mikið að það geti komið niður á starfi viðkomandi sem lögreglumanns.

Undanþága er afturkallanleg hvenær sem er án þess að tilgreina þurfi ástæðu afturköllunar. Þá er gert ráð fyrir að starfsmaður fái hæfilegan frest áður en honum er gert að láta af aukastarfi ef unnt er að koma því við.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um það hvert beri að snúa sér með beiðni um undanþágu frá banni 2. málsl. 1. mgr. og um málskot. Sérstaklega er tekið fram að ákvörðun ríkislögreglustjóra sé unnt að skjóta til dómsmálaráðherra.

Um VI. kafla.

Í VI. kafla er fjallað um löggæslukostnað.

Fyrir rúmum tveimur áratugum var rekstur lögreglunnar í landinu færður frá sveitar- og sýslufélögum til ríkisins. Með frumvarpinu er engar breytingar gerðar á því fyrirkomulagi, sbr. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins þar sem fram kemur að ríkið haldi uppi starfsemi lögreglu. Í samræmi við þetta kemur fram í 33. gr. frumvarpsins að ríkið beri allan kostnað af almennri löggæslu í landinu.

Í 34. gr. eru efnislega óbreytt ákvæði gildandi lögreglulaga þess efnis að unnt sé að krefja einstaklinga eða lögaðila um kostnað löggæslu á skemmtistað, vegna framkvæmda á almannafæri og vegna flutnings á hættulegum eða óvenjulegum farmi. Ákvæðið um greiðslu kostnaðar af löggæslu á skemmtistað kom fyrst inn í lög um lögreglumenn nr. 56/1963. Í greinargerð með sams konar ákvæðum í 8. gr. gildandi lögreglulaga segir eftirfarandi:

„Tíðkazt hefur um langt skeið við tilkvaðningu lögreglumanna til gæzlustarfa vegna sérstakrar þarfar, í sambandi við atvinnustarfsemi eða skemmtanir einstakra aðila, að lögreglustjórar hafa gert sérstaka kröfu um að lögregla sé tilkvödd, og að þá sé jafnframt hlutaðeigandi aðilum gert að greiða kostnað af störfum löggæzlumanna, sbr. um skilyrði fyrir skemmtanaleyfi ákvæði í 4. málsgr. 8. greinar gildandi laga um lögreglumenn. Rétt þykir að marka þessa heimild lögreglustjóranna skýrar en gert er í gildandi lögum.“ (Alþt. A 1971, bls. 1258.)

Að öðru leyti er meginreglan sú að ríkissjóður greiði allan kostnað af störfum lögreglu.

Um 33. gr.

Ákvæðið er í samræmi við það sem fram kemur í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Um 34. gr.

Ákvæðið er tekið efnislega óbreytt úr 8. gr. gildandi lögreglulaga að því viðbættu að skv. 2. mgr. má krefja um greiðslu kostnaðar af gæslustörfum vegna flutnings á óvenjulegum eða hættulegum farmi.

Um 1. mgr. eru fyrirmæli í reglugerð um löggæslu á skemmtunum og um slit á skemmtunum og öðrum samkvæmum, nr. 587/1987. Rétt er að benda á að aðalreglan er eftir sem áður sú að kostnaður vegna löggæslu á skemmtistað, sem og á öðrum stöðum, greiðist úr ríkissjóði, sbr. það sem fram kemur í 33. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er enn fremur gert ráð fyrir að unnt sé að kveða á um greiðslu kostnaðar af gæslustörfum lögreglu vegna framkvæmda á almannafæri og flutnings á óvenjulegum eða hættulegum farmi. Dæmi um slíkan kostnað er þegar sumarhús eru flutt milli staða í fylgd lögreglu.

Um VII. kafla.

Í VII. kafla frumvarpsins er fjallað um meðferð kæra á hendur lögreglu. Ákvæði 35. gr. taka til meðferðar kæra á hendur lögreglu vegna ætlaðra ólögmætra athafna við framkvæmd lögreglustarfa. Hér er því ekki fjallað um kærur á hendur lögreglumönnum vegna ætlaðra ólögmætra athafna sem ekki tengjast framkvæmd lögreglumannsstarfa. Með þess háttar kærur ber að fara eftir almennum reglum laga um meðferð opinberra mála eins og aðrar kærur á hendur mönnum fyrir ætluð refsiverð brot. Þá eiga kvartanir vegna framkomu lögreglu, sem ekki telst ólögmæt, ekki heldur við hér.

Um 35. gr.

Í 35. gr. er mælt fyrir um meðferð kæru á hendur lögreglumanni fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd skyldustarfa sinna. Í núgildandi lögreglulögum er ekki að finna sérstakt ákvæði sem lýtur að þessu. Meginmarkmiðið með lögfestingu slíks ákvæðis er að tryggja að þessi mál hljóti vandaða og óhlutdræga rannsóknarmeðferð frá upphafi. Mikilvægt er að gagnkvæmt traust og trúnaður ríki milli almennings og lögreglunnar í landinu þannig að borgararnir beri nauðsynlega virðingu fyrir lögreglunni og störfum hennar og geti treyst því að að brot þau, sem hér um ræðir, séu rannsökuð af óhlutdrægum aðila.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að þegar kæra berst á hendur lögreglumanni eða vakni grunur um slíkt brot skuli lögreglustjóri þegar í stað tilkynna ríkislögreglustjóra um ætlað brot. Mikilvægt er að ríkislögreglustjóri fái þegar vitneskju um mál til að tryggja rétta og óhlutdræga meðferð þess frá upphafi. Samkvæmt niðurlagi 35. gr. víkur ríkislögreglustjóri sæti við meðferð málsins ef kæra beinist að starfsmanni ríkislögreglustjóra. Setur dómsmálaráðherra þá löghæfan mann til meðferðar málsins skv. 5. mgr. 5. gr. frumvarpsins.

Um VIII. kafla.

Í VIII. kafla eru ákvæði um Lögregluskóla ríkisins. Gert er ráð fyrir þeirri breytingu frá gildandi lögum að í stað þess að Lögregluskóli ríkisins sé starfræktur í tengslum við embætti lögreglustjórans í Reykjavík verði hann starfræktur sem sérstök stofnun sem heyri beint undir dómsmálaráðherra og verði í sömu tengslum við embætti ríkislögreglustjóra og lögregluembættin. Þá eru í kaflanum gerðar verulegar breytingar á lagaákvæðum um skólann, starfsmannamál, inntöku lögreglunema og kjör þeirra á meðan á skólagöngu stendur.

Um 36. gr.

Ákvæði 36. gr. frumvarpsins er hliðstætt 9. gr. gildandi laga um lögreglumenn. Nánari fyrirmæli um Lögregluskóla ríkisins er að finna í reglugerð um veitingu lögreglustarfs, lögregluskóla o.fl., nr. 660/1981, með síðari breytingum.

Í 1. mgr. er að finna ákvæði um að Lögregluskóli ríkisins verði sjálfstæð stofnun. Einnig er kveðið þar á um hlutverk ríkislögreglustjóra varðandi inntöku nema en að öðru leyti heyrir skólinn undir dómsmálaráðherra. Nánar er fjallað um hlutverk skólans í 1. mgr. 36. gr. og er samsvarandi ákvæði að finna í 1. mgr. 6. gr., 13. gr. og 14. gr. reglugerðar nr. 660/1981. Rétt þykir að festa hlutverk skólans í lög. Full þörf þykir á að hrinda í framkvæmd áformum um deildaskiptingu skólans en ákvæði um framhaldsdeild hefur verið í reglugerð frá árinu 1981 en ekki komist í framkvæmd. Lögregluskóli ríkisins hefur á síðustu árum staðið fyrir símenntunarnámskeiðum sem á fjórða hundrað starfandi lögreglumanna hafa sótt. Um eiginlegt framhaldsnám eða sérnám í lögreglufræðum hefur hins vegar ekki verið að ræða til þessa. Fyrir dyrum stendur hins vegar að bjóða upp á stjórnunarnámskeið fyrir yfirmenn í lögreglu og verður það væntanlega skipulagt sem liður í frekara framhaldsnámi við skólann.

Í 2. mgr. er að finna nýmæli í lögum en þar er kveðið á um það hlutverk skólans að vera vettvangur rannsókna í lögreglufræðum og stjórnvöldum til ráðgjafar um lögreglumálefni. Ljóst er að við kennslu í lögreglufræðum safnast saman mikill fróðleikur um löggæslumálefni sem stjórnvöldum og öllum almenningi getur verið mikið gagn að. Á síðari árum hefur fjölgað þeim erindum sem dómsmálaráðuneytið hefur beint til skólans til frumkönnunar eða umsagnar og með þessu lagaákvæði er þetta fræðahlutverk skólans fest í sessi.

Um 37. gr.

Í 1. mgr. 37. gr. er kveðið á um að dómsmálaráðherra skipi skólastjóra lögregluskólans og er það nýmæli í lögum að hann skuli fullnægja sömu skilyrðum fyrir skipan í embætti og lögreglustjórar. Að auki er gerð sú sjálfsagða krafa að hann hafi staðgóða þekkingu á lögreglumálefnum.

Í 2. mgr. 37. gr. er að finna nýmæli þess efnis að við skólann skuli starfa yfirlögregluþjónn og aðstoðaryfirlögregluþjónn. Í skólanum fer fram símenntun og starfsþjálfun lögreglumanna í hinum ýmsu stöðum innan lögeglunnar, allt upp í yfirlögregluþjóna. Það þykir í bestu samræmi við uppbyggingu lögreglunnar og hefðbundið boðvald og boðleiðir innan hennar að við skólann starfi lögreglumenn í a.m.k. jafnháum stöðum og þeir sem þangað sækja menntun.

Um 38. gr.

Í 38. gr. er að finna allnákvæm ákvæði um inntöku nema í skólann, inntökuskilyrði, val á nýnemum og fyrirkomulag náms.

Með 1. mgr. er farin ný leið við inntöku nema í skólann. Um langt árabil hefur inntaka nema í Lögregluskóla ríkisins farið þannig fram að á hverju sumri auglýsa lögreglustjórar eftir nemum til að fara í lögregluskólann. Gert hefur verið að skilyrði að um lausar stöður sé að ræða á viðkomandi embætti. Umsækjendur þreyta síðan inntökupróf í skólann í íslensku og þreki og fara að því loknu fyrir valnefnd sem gefur umsækjendum einkunn. Á grundvelli útkomu úr inntökuprófum og einkunnar valnefndarinnar velja lögreglustjórar nýnema í skólann úr hópi þeirra sem sóttu um stöðu við embætti þeirra.

Þessi aðferð við inntöku nýnema í skólann hefur sætt talsverðri gagnrýni og hefur aðgengi í skólann þótt nokkuð flókið og torsótt. Það er undir hælinn lagt hvar á landinu lögreglumannastöður losna hverju sinni og fyrst á næsta hausti eftir að staða losnar getur viðkomandi embætti byrjað að mennta nýjan lögreglumann. Næstu tvö árin bíður nemandans staða við embættið ef hann stenst kröfur skólans en þessa stöðu þarf lögreglu-

stjóri að manna um stundarsakir. Hefur þetta reynst erfitt fyrirkomulag fyrir minni embættin. Í raun er endurnýjun í lögregluliðum háð fleiri atriðum t.d. hvort lögreglumenn með próf frá lögregluskóla sækja um stöður en ef svo er fækkar nýnemum sem því nemur. Sá lögreglumaður, sem fékk stöðuna, getur komið úr starfi hjá öðru embætti sem skyndilega vantar lögreglumann til starfa en þá er e.t.v. orðið of seint að senda lögreglunema í skólann.

Í stað þessa fyrirkomulags hefur verið valin sú einfalda leið að ríkislögreglustjóri geri áætlun um hversu stóran hóp nýliða vanti til endurnýjunar í lögreglu á næstu árum og ákveði fjölda nýnema í samræmi við það. Ríkislögreglustjóri auglýsi síðan eftir nemum um land allt. Þessi leið ætti að opna skólann og jafna möguleika fólks á því að fá inngöngu í hann. Jafnvel má reikna með að þessi nýja aðferð muni stuðla að hærra hlutfalli kvenna í lögregluskólanum og þar með lögreglu ríkisins en verið hefur til þessa.

Í 2. mgr. eru lögfest inntökuskilyrði í skólann. Inntökuskilyrðin eru nánast óbreytt frá því sem er í 1. gr. reglugerðar nr. 660/1981. Þó er aldurshámark nýnema hækkað í 35 ár og heilbrigðiskröfur einfaldaðar. Í b-lið er mælt fyrir um að heimilt sé að setja í reglugerð ákvæði um lágmarkshæð lögreglumannsefna. Lágmarkshæð kvenna er nú samkvæmt fyrrgreindri reglugerð 172 sm en lágmarkshæð karla 178 sm. Rök eru til þess að færa þurfi lágmarkshæð kvenna neðar en nú er þar sem þessi hæðarmörk liggja talsvert ofan við meðalhæð íslenskra kvenna meðan lágmarkshæð karla liggur fyrir neðan meðalhæð íslenskra karla. Ákvæðið um lágmarkshæð kvenna útilokar því eitt og sér yfir 50% kvenna frá því að gerast lögreglumenn.

Ákvæði c-liðar er í samræmi við samsvarandi ákvæði í gildandi reglugerð um skólann.

Í 3. mgr., sem er nýmæli, er kveðið á um að valnefnd velji nýnema í skólann. Þótti rétt að nefndin væri skipuð fimm mönnum, einum tilnefndum af skólastjóra Lögregluskóla ríkisins sem jafnframt væri formaður, einum fulltrúa dómsmálaráðuneytis, einum fulltrúa Sýslumannafélags Íslands, einum fulltrúa Landssambands lögreglumanna og einum fulltrúa ríkislögreglustjóra.

Í 4. mgr. er fjallað um námstilhögun við skólann. Rétt þótti að taka slíkt ákvæði í lög þar sem með því er lögð til sú grundvallarbreyting á kjörum nemenda við skólann að þeir verði ekki ráðnir til lögreglustarfa í upphafi skólavistar eins og nú tíðkast heldur sitji ólaunaðir á fyrri önn skólans. Hins vegar er gert ráð fyrir að þeir nemendur sem standast próf í lok fyrri annar, verði ráðnir af ríkislögreglustjóra til starfsþjálfunar í lögreglu ríkisins. Lagt er á herðar ríkislögreglustjóri að skipuleggja starfsþjálfun fyrir lögreglunema í einstökum lögregluliðum. Með því ætti að vera tryggt að nemar fái sem víðtækasta reynslu, helst hjá fleiri en einu embætti og kynnist fleiri en einni tegund löggæslustarfa.

Gert er ráð fyrir að nám á síðari önn verði launað. Þessar breytingar á lögreglunáminu koma til með að hafa í för með sér nokkra endurskoðun á námstilhögun og skiptingu verkefna milli anna þar sem nemar hafa samkvæmt frumvarpinu fyrst stöðu lögreglumanna á síðari önninni og því er ekki hægt að kynna þeim fyrr ýmis málefni og aðferðir við löggæslu sem lögreglumönnum einum er ætluð þekking á. Sama á um um ýmsar verklegar æfingar og raunhæf verkefni við löggæslu sem hefur verið liður í námi lögreglumanna. Ætla má þó að slíkt skapi ekki teljandi vandamál við gerð námsskrár.

Um 39. gr.

Í 39. gr. er að finna almenna heimild fyrir dómsmálaráðherra til að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um stjórn skólans og önnur þau atriði sem snerta skólann. Ljóst er að gildandi reglugerð um skólann þarfnast verulegra lagfæringa við þar sem þróun skólans og löggæslunámsins hefur verið hröð á síðustu árum og reglugerðin er að sumu leyti komin úr takti við tímann. Við endurskoðun reglugerðarinnar þarf m.a. að huga að endurskoðun á ákvæðum um skipun skólanefndar fyrir Lögregluskóla ríkisins og skilgreina hlutverk hennar.

Um IX. kafla.

Í IX. kafla er safnað saman ákvæðum sem lúta að framkvæmd laganna, gildistöku þeirra og breytingum sem gera þarf á öðrum lögum ef frumvarp þetta verður að lögum. Í 41. gr. er að finna refsiákvæði.

Um 40. gr.

Í 40. gr. er mælt fyrir um heimild ráðherra til að setja nánari reglur um framkvæmd laganna. Gert er ráð fyrir að í þessum reglum verði m.a. ákvæði um einkenni og búnað lögreglumanna, réttindi þeirra og skyldur og störf þeirra og starfssvið, þar á meðal um starfsstig innan lögregluliða.

Um 41. gr.

Um skýringar á þessu ákvæði vísast til athugasemda með 19.–21. gr. Með mál vegna brota á ákvæðum þessum fer að hætti opinberra mála.

Um 42. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. júlí 1997. Nauðsynlegt þykir að gera ráð fyrir rúmum tíma til að undirbúa gildistöku laganna, einkum með hliðsjón af ráðagerð um stofnun embættis ríkislögreglustjóra og þeim breytingum á skipulagi lögreglu sem því eru samfara.

Heppilegt gæti þó verið að skipa ríkislögreglustjóra a.m.k. hálfu ári fyrr og fela honum undirbúning að stofnun embættisins.

Um 43. gr.

Breytingar sem mælt er fyrir um í 1., 4., 5., 6., 7., 8. og 9. tölul. eru í samræmi við þau ákvæði frumvarpsins sem gera ráð fyrir að Rannsóknarlögregla ríkisins verði lögð niður og verkefni hennar færð til ríkislögreglustjóra eða lögreglustjóra í umdæmum.

Í 2. tölul. er gert ráð fyrir að ríkislögreglustjóri taki sæti lögreglustjórans í Reykjavík í almannavarnarráði. Með tilliti til þess hlutverks sem ríkislögreglustjóra er ætlað samkvæmt frumvarpi þessu, þar á meðal boðvalds hans gagnvart öðrum lögreglustjórum við tilteknar aðstæður, þykir heppilegt að hann sitji í almannavarnaráði.

Breyting í 3. tölul. er í samræmi við 3. mgr. 9. gr. frumvarpsins en samkvæmt henni teljast skipshafnir varðskipa ekki til lögreglumanna ríkisins, sbr. og 3. gr. frumvarpsins.

Í 6. tölul. er gert ráð fyrir að ríkislögreglustjóri taki sæti lögreglustjórans í Reykjavík í Umferðarráði. Það þykir vera í samræmi við hlutverk ríkislögreglustjóra að hann hafi þetta verkefni með höndum þar sem það tekur til landsins alls.

Í 10. tölul. er gert ráð fyrir að lögreglustjórinn í Reykjavík fari ekki lengur með yfirstjórn þeirrar borgaralegu stofnunar sem útlendingaeftirlitið er. Útlendingaeftirlitið var gert að sjálfstæðri stofnun með lögum nr. 133/1993 sem breyttu lögum um eftirlit með útlendingum, nr. 45/1965. Lögreglustjórar fara með útlendingaeftirlit, hver í sínu umdæmi, með aðstoð löggæslumanna samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laganna. Lögsaga útlendingaeftirlitsins nær hins vegar til landsins alls og því er m.a ætlað að veita þau leyfi sem þarf til landgöngu og dvalar samkvæmt lögunum og úrskurða um hvort meina eigi útlendingi landgöngu. Ríkislögreglustjóri hefur umboð á landsvísu en ekki daglega stjórn lögregluliðs sem fæst við eftirlit með útlendingum og þykir því heppilegt að hann veiti Útlendingaeftirlitinu forstöðu og að stofnunin verði rekin í tengslum við embætti hans.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til lögreglulaga.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem falið var að endurskoða frumvarp til lögreglulaga sem lagt var fram til kynningar á 117. löggjafarþingi. Frumvarpið felur í sér endurskoðun á skipulagi æðstu stjórnar lögreglunnar auk annarra þátta. Með lögfestingu þessa frumvarps falla úr gildi lög nr. 56/1972, um lögreglumenn, og lög nr. 108/1976, um rannsóknarlögreglu ríkisins.

Umsögn þessi er unnin í nánu samráði við dóms- og kirkjumálaráðuneyti en að mati fjármálaráðuneytis munu eftirfarandi þættir frumvarpsins hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs:

1. Komið verði á fót embætti ríkislögreglustjóra sem fer með yfirstjórn lögreglumála í landinu í umboði æðstu handhafa ríkisvaldsins. Embættinu er ætlað að taka við ýmsum verkefnum sem fram til þessa hafa heyrt undir löggæsluskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, Rannsóknarlögreglu ríkisins (RLR) og að einhverju leyti lögreglustjórann í Reykjavík. Við embættið verði rannsóknardeildir sem aðstoði lögreglustjóra við rannsókn skatta- og efnahagsbrota og erfiðra brotamála. Auk þess hafi embættið á að skipa rannsóknarstofu og tæknideild. Áætlað er að við hið nýja embætti muni starfa ríkislögreglustjóri og vararíkislögreglustjóri. Til viðbótar er ætlað að þar verði þrír yfir- og aðstoðaryfirlögreglumenn og 13 aðrir rannsóknarlögreglumenn. Þá verði þar tveir lögfræðingar, einn viðskiptafræðingur, fimm skrifstofumenn auk þjónustustarfsliðs (húsvarsla, matur og ræsting). Á móti þessum kostnaðarauka falla niður launagjöld samtals 26 stöðugilda hjá RLR og rekstrarkostnaður tengdur þeim. Að auki færist stöðugildi yfirlögregluþjóns í dómsmálaráðuneyti til embættisins. Að lokum verður starfsemi útlendingaeftirlitsins færð frá lögreglunni í Reykjavík til ríkislögreglustjóra. Gert er ráð fyrir að embættið verði staðsett í húsnæði Rannsóknarlögreglunnar í Kópavogi og yfirtaki húsgögn og búnað þess. Því er ekki áætlaður útgjaldaauki vegna stofnkostnaðar. Að því gefnu að fjárveitingar til þeirrar starfsemi sem fellur niður færist til hinnar nýju starfsemi er talið að heildarkostnaðarauki vegna hins nýja embættis verði hverfandi. Einnig er

hugsanlegt að embættið geti aflað sér tekna með því að leigja þann hluta húsnæðis RLR sem embættið nýtir ekki. Að höfðu samráði við dómsmálaráðuneytið telur fjármálaráðuneytið að árlegur rekstrarkostnaður stofnunarinnar verði um 111 m.kr., auk 15 m.kr. kostnaðar útlendingaeftirlitsins, eða samtals 126 m.kr.

2. Rannsóknarlögregla ríkisins verði lögð niður sem sérstök stofnun og verður starfsemi stofnunarinnar færð til ríkislögreglustjóra og einstakra lögregluembætta og þeim falin rannsókn ýmissa málaflokka sem nú heyra undir RLR. Áætluð útgjöld stofnunarinnar eru 186,3 m.kr. í fjárlögum 1996 og færist fjárveitingin yfir á aðrar löggæslustofnanir. Áformað er að stöðugildi RLR færist til þannig að (a) 4 lögfræðingar, 14 lögreglumenn og 8 aðrir starfsmenn færist til embættis ríkislögreglustjóra, (b) 1 lögfræðingur, 21 lögreglumaður og 2 aðrir starfsmenn færist til lögreglustjórans í Reykjavík og (c) 8 lögreglumenn færist til annarra lögregluembætta. Áætluð útgjöld lögreglustjórans í Reykjavík eru 1.039,4 m.kr. í fjárlögum 1996. Með þessum breytingum og tilflutningi er talið að útgjöldin aukist um 73 m.kr. en vegna flutnings útlendingaeftirlitsins til ríkislögreglustjóra verður heildaraukning um 58 m.kr.

   Niðurlagning RLR mun væntanlega hafa í för með sér einhverjar biðlaunagreiðslur vegna niðurlagningar starfa rannsóknarlögreglustjóra, vararannsóknarlögreglustjóra og annarra starfsmanna. Ekki er stefnt að fækkun lögfræðinga eða lögreglumanna í þjónustu lögreglu og því munu sambærilegar eða svipaðar stöður verða til hjá öðrum embættum. Þó er talið að greiða þurfi 2–5 starfsmönnum RLR biðlaun og getur kostnaður numið 3,5–9 m.kr.

3. Stöðugildum hjá lögreglustjóranum í Reykjavík og öðrum lögregluembættum fjölgar vegna tilflutnings á stöðugildum frá RLR. Einnig er gert ráð fyrir að útlendingaeftirlitið sem nú er sjálfstæð stofnun og heyrir undir lögreglustjórann í Reykjavík verði sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn ríkislögreglustjóra. Ætla má að þessar tilfærslur á stöðugildum hafi í för með sér nokkurn kostnað vegna kaupa á húsbúnaði og tækjum. Að mati dómsmálaráðuneytis má að einhverju marki draga úr því með því að nýta húsbúnað RLR sem embætti ríkislögreglustjóra nýtir ekki. Gera má þó ráð fyrir að kostnaðarauki vegna þessa geti numið 3–5 m.kr. Ekki er talið að til útgjaldaauka komi vegna aukinna húsnæðisþarfa. Hjá lögreglustjóranum í Reykjavík er nægjanlegt húsnæði í lögreglustöðinni við Hverfisgötu og ekki þarf að stækka húsnæði lögreglustöðva á landsbyggðinni þar sem hvergi er um að ræða nema einn lögreglumann sem bætist við.

4. Áformað er að koma á fót stöðu varalögreglustjóra og er árlegur kostnaðarauki áætlaður 4 m.kr. Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir fjölgun starfsmanna vegna þessara breytinga á skipulagi lögreglunnar og vonast er til að þær leiði til betri nýtingar starfsmanna, m.a. vegna nánari samvinnu almennra lögreglumanna og rannsóknarmanna innan sama embættis. Ekki er heldur gert ráð fyrir breytingum á stöðuheitum lögreglumanna sem hafi launahækkanir í för með sér. Alls er talið að staða varalögreglustjóra, ofangreindar tilfærslur og aðrar smærri breytingar á stöðuheitum geti haft í för með sér 5–6 m.kr. útgjaldaauka.

5. Lagt er til að rekin verði framhaldsdeild við Lögregluskóla ríkisins. Þetta er nýtt ákvæði í lögum en kveðið hefur verið á um framhaldsnám í reglugerð. Því hefur að einhverju marki verið sinnt við skólann en gert er ráð fyrir að auka við framhaldsnámið og að mati dómsmálaráðuneytis þarf að bæta við 1/2 stöðugildi ritara og kennslumagni sem nemur 1 stöðugildi, hvort sem því verður mætt með stundakennslu eða fastráðningu kennara. Ætla má að viðbótarkostnaður geti numið 3–4

m.kr. Á móti kemur að í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum vegna nemenda í grunndeild skólans. Þeir eru nú á fullum launum báðar annir en lagt er til að fyrri önnin verði ólaunuð. Við það sparast laun um 20 nemenda í fjóra mánuði og er sparnaður áætlaður um 6 m.kr. Að jafnaði kemur helmingur nemenda utan af landi og við þetta sparast dagpeningar 10 nemenda sem er talið jafngilda um 3,8 m.kr. Að auki verða nemendur á seinni önn ekki lengur sendir í skólann frá einstökum embættum heldur ráðnir af ríkislögreglustjóra. Við það sparast dagpeningar 10 nemenda í 5 mánuði og er sparnaður talinn verða 4,7 m.kr. Í heild er því útgjaldalækkun áætluð 10,5–11,5 m.kr. vegna breyttra ákvæða um Lögregluskóla ríkisins. Gert er ráð fyrir að ríkislögreglustjóri ákveði fjölda nema á grundvelli áætlunar um endurnýjun í lögreglu ríksins, en hér eru ekki áætlaðar kostnaðarbreytingar vegna hugsanlegra breytinga á fjölda nema.

Að lokum er gert ráð fyrir 5–10 m.kr. í óviss útgjöld þar sem hér er um verulegar skipulagsbreytingar að ræða og eftir er að útfæra ýmsa þætti nánar.

Alls er talið að verði frumvarp þetta óbreytt að lögum muni það hafa í för með sér 5–19,5 m.kr. útgjaldauka á ári, sbr. töflu hér á eftir. Lögin eiga að taka gildi 1. júlí 1997 en að sögn dómsmálaráðuneytis er fyrirhugað að ráða ríkislögreglustjóra og varalögreglustjóra í Reykjavík til starfa frá og með næstu áramótum til að undirbúa stofnun embættis ríkislögreglustjóra og aðrar breytingar sem lögin munu hafa í för með sér. Útgjaldaauki á árinu 1997 er áætlaður 7,5–13,8 m.kr. sem er helmingur af áætluðum árlegum kostnaðarauka að viðbættum 4 m.kr. vegna tveggja framangreindra starfa.

		Lágmark	Hámark
1.	Embætti ríkislögreglustjóra	0,0	0,0
2.	Niðurlagning RLR	3,5	9,0
3.	Tilfærsla á stöðugildum	3,0	5,0
4.	Staða varalögreglustjóra	4,0	4,0
	Breytingar á stöðuheitum o.fl.	1,0	2,0
5.	Lögregluskóli ríkisins, framhaldsdeild	3,0	4,0
	Lögregluskóli ríkisins, laun og dagpeningar lögreglunema	–14,5	–14,5
	Óviss útgjöld	5,0	10,0
	Samtals	***5,0***	***19,5***

784. Breytingartillaga [73. mál]

við frv. til l. um mannanöfn.

Frá allsherjarnefnd.

Við 14. gr. Á eftir 4. mgr. komi ný málsgrein er orðist svo:

Heimilt er með leyfi dómsmálaráðherra að fósturbarn, sem er í varanlegu fóstri hjá fósturforeldrum, sé kennt til fósturforeldris. Leita skal samþykkis kynforeldra barnsins, ef unnt er, áður en ákvörðun er tekin um slíkt leyfi. Nú er kynforeldri ekki samþykkt

breytingu á kenninafni og getur dómsmálaráðherra þá engu að síður leyft breytinguna ef sérstaklega stendur á og telja verður að breytingin verði barninu til verulegs hagræðis.

785. Fyrirspurn [452. mál]

til fjármálaráðherra um rekstur mötuneyta.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hvað eru mörg mötuneyti rekin á vegum ríkisfyrirtækja og á vegum starfsmannafélaga ríkisfyrirtækja?
2. Hvað má ætla að margir hádegisverðir séu framreiddir á dag í þeim mötuneytum og hvert er meðalverð þeirra?
3. Hvernig er háttað skattalegri meðferð slíkra hlunninda hjá mötuneytum ríkisfyrirtækja?

Skriflegt svar óskast.

786. Fyrirspurn [453. mál]

til samgönguráðherra um álag á vörugjald af millifrakt í alþjóðaflutningum.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Hyggst ráðherra leggja af eða lækka 25% álag á vörugjald af millifrakt í alþjóðaflutningum sem rennur í Hafnabótasjóð, sbr. hafnalög, nr. 23/1994? Ef svo er ekki, hver eru rökin fyrir því?

787. Fyrirspurn [454. mál]

til fjármálaráðherra um innheimtu opinberra gjalda.

Frá Tómasi Inga Olrich.

1. Hver er að mati ráðherra ábyrgur fyrir þeirri innheimtuaðgerð að gera einum eiganda af mörgum að standa skil á heildarskipulagsgjaldi fyrir sameign án þess að sérstakar lagaheimildir standi til slíkrar innheimtu opinbers gjalds?
2. Telur ráðherra eðlilegt og sanngjarnt að einn aðili sé gerður ábyrgur fyrir greiðslu opinberra gjalda af sameign? Ef svo er, í samræmi við hvaða sanngirnis- eða jafnræðisreglu telur hann rétt að velja slíkan aðila?
3. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að bannað verði með lögum að krefja einn eiganda um heildargreiðslu opinbers gjalda af sameign?

788. Tillaga til þingsályktunar [455. mál]

um könnun á sameiningu ríkisviðskiptabankanna.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Hjörleifur Guttormsson, Kristinn H. Gunnarsson, Ólafur Ragnar Grímsson, Ragnar Arnalds, Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna sérstaklega sameiningu ríkisviðskiptabankanna í einn viðskiptabanka. Ríkisstjórnin skili skýrslu og tillögum um þetta efni til Alþingis haustið 1996.

Markmið sameiningar bankanna verði:

a. að spara verulega í rekstri bankanna frá því sem nú er,
b. að bæta stjórnkerfi bankanna þannig að þátttaka ríkisins í rekstri viðskiptabanka skili þjóðarbúinu sem mestum árangri,
c. að eign þjóðarinnar í ríkisviðskiptabönkunum tveimur skili sem mestri hagkvæmni út frá hagsmunum eigenda bankanna,
d. að tryggja og auka möguleika viðskiptabanka til þjónustu við atvinnulíf og einstaklinga hér á landi og
e. að skapa öflugan íslenskan aðila í því alþjóðlega fjármagnskerfi sem nú er í mótun.

Greinargerð.

Þessi tillaga er flutt í framhaldi af umræðum á Alþingi fyrir nokkru og í kjölfar samþykkta og yfirlýsinga Alþýðubandalagsins. Í tillögunni er ekki tekin afstaða til rekstrarforms ríkisviðskiptabankanna, en lagt er til að hagkvæmni við sameiningu bankanna verði könnuð sérstaklega. Í tillögunni er vísað til fimm atriða sem könnuð verði.

Það er skoðun flutningsmanna að nægileg samkeppni yrði í starfsemi viðskiptabankanna hér á landi þótt af sameiningu bankanna tveggja yrði. Aðalatriðið er að hér starfi sterkur íslenskur banki sem hefur í fullu tré við erlenda banka sem sjálfsagt munu hasla sér völl hér á landi í vaxandi mæli á komandi árum.

Í ræðu sinni á ársfundi Landsbankans nýverið mælti formaður bankastjórnar fyrir sameiningu ríkisbankanna. Kafli úr ræðu hans er birtur sem fylgiskjal með tillögunni.

Fylgiskjal.

SAMEINING RÍKISBANKA.
Kafli úr ræðu Björgvins Vilmundarsonar formanns bankastjórnar Landsbankans.
(8. mars 1996.)

Í aðhalds- og hagræðingaraðgerðum síðustu ára í Landsbankanum hefur náðst sýnilegur árangur sem kemur fram í verulegri fækkun starfsmanna og lækkun annars rekstrarkostnaðar. Það er þó skoðun bankastjórnar að við óbreytt rekstrarumhverfi verði ekki gengið mikið lengra í niðurskurði kostnaðar án þess að það fari að bitna á þjónustu við viðskiptamenn og samkeppnisstöðu bankans.

Í þjóðfélagsumræðu síðustu missira hefur breyting á ríkisviðskiptabönkunum í hlutafélög og síðar hugsanleg sala þeirra verið hvað mest áberandi. Ég tel hins vegar nauðsynlegt að í þeirri umræðu og ákvarðanatöku verði sérstaklega horft til þess með hvaða hætti við getum best náð fram hagræðingu og endurskipulagningu í bankakerfinu út frá sjónarmiðum eigenda ríkisviðskiptabankanna og fólksins í landinu, ekki síst ef slíkt getur skilað hinum sameiginlega sjóði landsmanna, ríkissjóði, betra verði fyrir bankana við sölu þeirra.

Það er vissulega skref í þá átt að jafna samkeppnisstöðu bankanna að breyta ríkisviðskiptabönkunum í hlutafélög og því ber að fagna, en sú breyting ein og sér skilar að mínum dómi ekki þeirri hagræðingu í bankakerfinu sem nauðsynleg er. Slík hagræðing í íslenska bankakerfinu næst ekki nema saman fari sala og/eða sameining ríkisviðskiptabankanna við aðra banka og/eða fjármálastofnanir. Bönkunum þarf að fækka og það þarf að hagræða í rekstri þeirra þannig að þeir séu betur í stakk búnir til að takast á við breyttar aðstæður á þessum markaði og mæta vaxandi samkeppni frá aðilum sem geta boðið lánsfé og þjónustu á lægra verði, þar með talda vexti, á grundvelli minni tilkostnaðar við rekstur sinn.

Það hlýtur líka að vera skylda okkar sem stöndum í fyrirsvari innan íslenska bankakerfisins að sjá til þess að hér á landi verði til, eftir slíka uppstokkun, banki sem er nógu stór og öflugur til að geta veitt stórum innlendum fyrirtækjum og stofnunum eðlilega bankafyrirgreiðslu á sanngjörnu og samkeppnishæfu verði. Ríkisviðskiptabankarnir hafa í gegnum árin byggst upp sem þjónustufyrirtæki með það fyrir augum að veita atvinnufyrirtækjum, opinberum stofnunum og einstaklingum sem víðtækasta bankaþjónustu og þá sem víðast um landið. Það fyrirkomulag að reka mörg útibú dreift um landið er kostnaðarsamt og það sparifé sem þar er veitt viðtaka og ávaxtað verður því dýrt útlánafé. Vextir af því þurfa auk ávöxtunar til eigenda sparifjárins að skila bönkunum vaxtamun til að mæta rekstrarkostnaði. Landsmenn, og þá ekki síst fólk á landsbyggðinni, hljóta að spyrja sig hvort það sé æskileg þróun að verulega dragi úr bankaþjónustu á landsbyggðinni. Ég tel að gæta verði að þessu við endurskipulagningu á bankakerfinu.

En hvernig verður þessum markmiðum náð og er hægt að ná þeim öllum í senn með einhverri einni aðgerð? Ég er þeirrar skoðunar að það sé unnt og þá með því að sameina ríkisviðskiptabankana, Búnaðarbanka Íslands og Landsbanka Íslands, í einn öflugan banka. Með því næst fram sú hagræðing í bankakerfinu sem ítrekað hefur verið rætt um og nauðsynlegt er að verði að raunveruleika samhliða því að til verður stór og öflugur banki sem getur sinnt þörfum einstaklinga og íslensks atvinnulífs hvar sem er á landinu. Það er einfaldlega staðreynd sem blasir við að skipulag útibúa og aðalstöðva

Landsbankans og Búnaðarbankans er með þeim hætti að ná má fram verulegri hagræðingu með sameiningu og þar með fækkun útibúa þessara banka án þess að það skerði þá þjónustu sem veitt er. Ég tel ekki fjarri lagi að sameining ríkisviðskiptabankanna mundi skila allt að 1 milljarði króna á ári í lægri rekstrarkostnaði miðað við núverandi rekstrarkostnað beggja bankanna. Þar vegur þungt fækkun útibúa og afgreiðslustaða með sameiningu, en ætla má að loka mætti einum 18 útibúum og afgreiðslustöðum án þess að þjónusta yrði skert. Þá mundi einnig nást verulegur sparnaður með sameiningu höfuðstöðva bankanna.

Þær gagnrýnisraddir heyrast að með sameiningu ríkisviðskiptabankanna yrði til alltof stór aðili á íslenskum fjármálamarkaði og ekki næðist jöfnuður í samkeppnisstöðu aðila á þessum markaði. Víst er að slíkur sameinaður banki yrði stórt fyrirtæki á íslenskan mælikvarða, en slíkur banki væri ekki stór í því fjölþjóðlega umhverfi sem Ísland er að verða hluti af. Fjármála- og bankaþjónusta er starfsemi sem í vaxandi mæli byggist á fjarskiptatækni og vélrænni starfsemi. Ísland verður innan skamms hluti af hinum fjölþjóðlega markaði á þessu sviði. Menn þurfa því að taka afstöðu til þess hvort þeir kjósa að áfram verði til öflugur innlendur banki sem er tilbúinn að takast á við gjörbreyttar aðstæður á þessum markaði. Það var á sínum tíma hluti af sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar að byggja upp innlenda banka og nú þurfa landsmenn að taka afstöðu til þess hvort þeir vilja áfram tryggja þann þátt sjálfstæðis þjóðarinnar.

789. Frumvarp til laga [456. mál]

um breytingu á lögræðislögum, nr. 68/1984, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson,
Margrét Frímannsdóttir.

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Maður er sjálfráða 18 ára gamall, nema sviptur sé sjálfræði, og fjárráða 18 ára gamall, nema sviptur sé fjárræði. Sá sem er sjálfráða og fjárráða er lögráða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu leggja flutningsmenn til að sjálfræðisaldur barna verði hækkaður úr 16 árum í 18 ár. Hækkun sjálfræðisaldurs hefur verið til umræðu á Íslandi um árabil og fagfólk verið mjög á einu máli um að hann beri að hækka.

Sjálfræðisaldur hefur verið 16 ár á Íslandi allt frá lokum þjóðveldisaldar. Með gildistöku fyrstu lögræðislaga árið 1917 var miðað við 16 ára sjálfræðisaldur og hefur það verið óbreytt síðan þrátt fyrir breytingar á lögunum.

Þróunin í nágrannalöndunum hefur verið önnur. Annars staðar á Norðurlöndum var sjálfræðisaldur víða orðinn 20 til 21 ár en var lækkaður aftur í 18 ár á þessari öld. Nú er sjálfræðisaldur í öllum löndunum 18 ár.

Í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1989 segir í 1. gr.: „Börn eru allt fólk í heiminum yngra en 18 ára.“ Samningurinn var fullgiltur af hálfu Íslands árið 1992. Barnasáttmálinn, sem er brjóstvörn mannréttinda barna, mælir fyrir um réttindi og vernd barna aðildarríkjanna. Hugsunin á bak við 1. gr. samningsins er sú að skapa varnarmúra umhverfis réttindi barna til 18 ára aldurs samtímis því að leggja ábyrgð á herðar foreldra og samfélagsins alls gagnvart ungviði þjóðanna. Hækkun sjálfræðisaldurs er framlenging á ábyrgð og skyldum foreldra, forráðamanna og samfélagsins í heild gagnvart börnum.

Á Íslandi eru foreldrar forsjárskyldir við barnið til 16 ára aldurs þess. Forsjáraðilar eru þó framfærsluskyldir gagnvart börnum sínum til 18 ára aldurs þeirra og geta einstakar forsjárskyldur haldist lengur ef þörf krefur. Framlag til menntunar eða starfsþjálfunar getur haldist til 20 ára aldurs.

Inntak forsjárskyldu er uppeldisskylda svo sem best hentar hag barns og þörfum. Foreldrum ber að afla barni sínu lögmæltrar fræðslu og ala með því iðjusemi og siðgæði. Foreldrum ber að stuðla að því eftir mætti að barn þeirra fái menntun og starfsþjálfun í samræmi við hæfileika þess og áhugamál. Í forsjá felst bæði réttur og skylda foreldra til að ráða persónulegum högum barnsins og gegna öðrum foreldraskyldum. Löggjöfin byggist öðru fremur á því að fela foreldrum ákveðið vald, þar sem börn hafi takmarkaða getu til að ráða sér sjálf, samfara þeirri hugsun að barnið eigi rétt á umsjá foreldra sinna til þess að þau fái náð fullum þroska. Framlenging á forsjárskyldum foreldra miðar því gagngert að auknu réttaröryggi barnsins. Í barnalögunum er mælt fyrir um að foreldrar skuli hafa samráð við barn sitt áður en persónulegum málefnum þess er ráðið til lykta eftir því sem gerlegt er, þar á meðal með tilliti til þroska barns. Barnasáttmálinn gerir ráð fyrir því að eðlilegt sé að miða aldursmörkin við 18 ár, en við þau mörk taki börnin yfir réttinn til að ráða sér alfarið sjálf og séu þá jafnframt tilbúin til að axla þá ábyrgð sem frelsinu fylgir. Þeir sem hafa forsjá barns á hendi hafa rétt og skyldu til að vera fjárráðamenn barnsins, sbr. ákvæði lögræðislaga.

Nú er það svo að þroski barna er einstaklingsbundinn. Mörg ungmenni eru fullfær um að bera ábyrgð á sjálfum sér þegar við 16 ára aldurinn og því eðlilegt að þau öðlist rétt til að ráða persónulegum högum sínum, svo sem dvalarstað, við 16 ára aldur. Þegar það er virt að framlenging á forsjárskyldum foreldra um tvö ár, sem eru oft miklvæg ár í þroska og félagsmótun barna, felur í sér aukna vernd fyrir börn eiga þau tilvik almennt ekki að leiða til skerðingar á réttaröryggi barna. Skjótur og eðlilegur þroski barna mælir ei heldur gegn því að foreldraskyldur og vald viðhaldist til 18 ára aldurs. Það er alkunna að þjóðfélagsaðstæður hafa gjörbreyst frá því að 16 ára reglan var innleidd í lög. Með auknum menntunarkröfum og atvinnuleysi ungs fólks dveljast ungmenni mun lengur í foreldrahúsum. Það reynir því meira á skyldur/vald foreldris gagnvart barni sínu en fyrr á tímum þegar börn voru oft komin í pláss á bátum við 12 ára aldur og algengt að þau væru orðin matvinnungar 16 ára gömul.

Nokkuð hefur borið á því í umræðu um áfengis- og vímuefnaneyslu unglinga að hinn lági sjálfræðisaldur geri foreldrum og þjóðfélaginu í heild erfitt að taka á vandanum. Þau úrræði sem fyrir hendi eru, svo sem meðferð ungmenna á lokuðum deildum, hafa ekki nýst sem skyldi og skoðun sérfræðinga og annarra þeirra sem komið hafa að þessu vandamáli er að hækka beri sjálfræðisaldurinn í 18 ár. Í tilvikum sem þessum er nauðsynlegt að foreldrar geti haft yfirráð og eftirlit með börnum sínum lengur en til 16 ára aldurs í því skyni að veita þeim vernd gegn vandamálum. Með þessu er ekki verið að gera ungmenni ábyrgðarlaus heldur er það viðurkenning á því að ábyrgðin sé ekki einungis þeirra

heldur og foreldranna og samfélagsins alls. Nú búa 80–90% ungmenna á aldrinum 16–18 ára í foreldrahúsum.

Hækkun sjálfræðisaldurs miðar að samræmi í íslenskri löggjöf þar sem framfærsluskyldu foreldra lýkur ekki fyrr en barnið verður 18 ára. Eðlilegt er að skyldu og ábyrgð foreldranna fylgi vald þegar nauðsyn krefur. Í lögum um umboðsmann barna, nr. 83/1994, er miðað við að börn séu einstaklingar allt að 18 ára aldri.

Samráðsnefnd um málefni barna og ungmenna skilaði áfangaskýrslu í október 1992. Þar kom eftirfarandi fram varðandi sjálfræðisaldurinn: „Það er álit samráðsnefndarinnar að fyrst á annað borð var farið að framkvæma víðtæka endurskoðun á barnaverndarlögunum hefði verið eðlilegt að hækka sjálfræðisaldur í 18 ár eins og tíðkast í nágrannalöndum okkar. Nú á tímum dveljast langflestir unglingar á Íslandi í heimahúsum fram að og jafnvel fram yfir tvítugt og lúta þar almennum húsaga og handleiðslu foreldra sinna og sjálfræði þeirra hefur því einungis táknrænt gildi. Einu tilvikin þar sem sjálfræðisaldurinn hefur einhverja verulega þýðingu er gagnvart unglingum í alvarlegum vanda. Þegar skjólstæðingurinn verður 16 ára og þar af leiðandi sjálfráða standa þeir sem starfa að meðferðarmálum unglinga oft frammi fyrir því að það meðferðarstarf sem hafið er ónýtist."

Í tillögum starfshóps á vegum borgarstjóra um úrbætur í miðbæ Reykjavíkur kom einnig fram tillaga um að sjálfræðisaldurinn verði hækkaður úr 16 árum í 18. Sömuleiðis hefur fulltrúaráð Sambands íslenskra sveitarfélaga lagt til við stjórn sambandsins að það beiti sér fyrir því að sjálfræðisaldur verði hækkaður úr 16 árum í 18 á yfirstandandi þingi.

Nái þetta frumvarp fram að ganga koma önnur lög til endurskoðunar, svo sem lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, nr. 25/1975, og lög um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt, nr. 16/1938.

790. Frumvarp til laga [457. mál]

um breytingu á lögræðislögum, nr. 68/1984, með síðari breytingum.

Flm.: Guðný Guðbjörnsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Halldórsdóttir.

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Einstaklingur er sjálfráða og fjárráða 18 ára, nema sviptur sé sjálfræði eða fjárræði. Sá sem er sjálfráða og fjárráða er lögráða.

41. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt þessu frumvarpi er sjálfræðisaldurinn hækkaður úr 16 árum í 18. Í 1. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1989, sem Ísland fullgilti árið 1992, segir: „Börn eru allt fólk í heiminum yngra en 18 ára." Skv. 1. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, eru íslensk börn einstaklingar innan 16 ára aldurs en 16–18 ára ein-

staklingar kallast ungmenni. Í vinnuverndarlögunum er barn einstaklingur innan 16 ára aldurs, en ungmenni eru unglingar á aldrinum 16 og 17 ára, sbr. 60. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og 1. gr. laga nr. 61/1990, um breytingar á þeim lögum. Þessi aðgreining og frávikið frá barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna skýrast að hluta til af því að samkvæmt núgildandi lögræðislögum, nr. 68/1984, verða íslensk börn sjálfráða 16 ára en fjárráða og lögráða 18 ára. Í 13. gr. barnalaga, nr. 20/1992, segir hins vegar að framfærsluskyldu ljúki er barn verður 18 ára. Þetta sýnir að í íslenskum lögum er ekki samræmi í því hvort að hugtakið barn nær til 18 ára aldurs, eins og í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, eða aðeins til 16 ára aldurs. Til samanburðar má benda á að samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins um vinnuvernd barna og ungmenna (ESB 94/33) merkir *ungmenni* einstaklingur undir 18 ára aldri, *barn* merkir einstaklingur sem er undir 15 ára aldri eða í skyldunámi og *unglingur* merkir einstaklingur sem er minnst 15 ára en hefur ekki náð 18 ára aldri og er ekki lengur í skyldunámi. Mismunandi skólaskyldualdur í Evrópusambandinu hefur því áhrif á hve lengi börn kallast börn og hugtakið unglingur hefur lagalega skilgreiningu sem skarast við hugtakið ungmenni.

Í langflestum nágrannalanda okkar er sjálfræðisaldurinn nú 18 ár. Eftir lok miðalda var sjálfræðisaldur annars staðar á Norðurlöndunum hækkaður úr 12 árum í 25 og á seinni hluta 19. aldar var hann lækkaður í 21 ár. Á árunum 1968–76 var sjálfræðisaldurinn á Norðurlöndum og í Englandi lækkaður úr 21 ári í 18 ár. Í Bandaríkjunum verða einstaklingar sjálfráða 18 ára.

Það er löngu orðið tímabært að mati flutningsmanna að sjálfræðisaldurinn á Íslandi verði hækkaður í 18 ár, til samræmis við það sem tíðkast í nágrannalöndunum. Sjálfræðisaldur hefur haldist óbreyttur á Íslandi síðan árið 1281, þegar Jónsbók var lögfest. Síðan hafa þjóðfélagsaðstæður breyst mikið, ekki síst á undanförnum áratugum. Um leið hefur staða ungmenna innan fjölskyldunnar einnig breyst. Í fyrstu lögræðislögunum sem sett voru hér á landi árið 1917 var 16 ára sjálfræðisaldrinum haldið og samkvæmt núgildandi lögræðislögum frá árinu 1985 er enn miðað við 16 ár. Ungmenni eru nú háðari foreldrum sínum efnahagslega en áður var raunin, með auknum kröfum um menntun og færni í nútímasamfélagi. Lengri skólaganga hefur almennt þýtt að ungmenni verða að treysta á að foreldrar sjái fyrir þeim lengur en áður tíðkaðist. Einnig hefur aukið atvinnuleysi á undanförnum árum gert það að verkum að atvinnuleysi meðal ungmenna hefur aukist verulega. Fjöldi þeirra sem eru á atvinnuleysisskrá á aldrinum 15–19 ára hefur rúmlega tífaldast á árunum 1987–94, þ.e. fjölgað úr 44 í 531. Þetta hefur haft þær afleiðingar að möguleikar barna og ungmenna til að standa á eigin fótum og vera efnahagslega sjálfstæð hafa minnkað. Hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár kemur til móts við þessar breytingar og tryggir réttarstöðu ungmenna á aldrinum 16–18 ára.

Auk þess að samræma íslenska löggjöf og nágrannalandanna á þessu sviði og koma til móts við þjóðfélagsbreytingar eru helstu rök fyrir þeirri lagabreytingu sem hér er lögð til þrenns konar:

Í fyrsta lagi skal vísað í 12. gr. lögræðislaga, nr. 68/1984, en þar segir um sjálfráða mann: „Sjálfráða maður ræður einn öðru en fé sínu, nema lög mæli sérstaklega fyrir á annan veg.“ Þessi lagagrein gerir foreldrum erfitt að halda 16–18 ára ungmennum heima, ef þau vilja flytja burt eða vera úti að nóttu til. Þetta er misskilið frelsi að mati flutningsmanna þegar ungmenni getur ekki unnið fyrir sér eða fengið vinnu. Því þykir eðlilegra að foreldrar beri ríkari ábyrgð en þá að framfæra ungmennið og geti komið í veg fyrir að það flytji eða dveljist langdvölum að heiman án samþykkis foreldra. Þetta mundi

einnig auðvelda allt eftirlit með skólagöngu 16–18 ára ungmenna þar sem kennurum bæri að hafa annars konar samskipti við foreldra þessa aldurshóps ef sjálfræði kæmi ekki til fyrr en við 18 ára aldur. Með hækkun sjálfræðisaldurs er réttarstaða ungmenna gagnvart foreldrum sínum gerð mun skýrari. Foreldrar fá meira vald til þess að setja unglingum takmörk, svo sem um útivistartíma o.fl. sem getur skipt sköpum í viðleitni þjóðfélagsins til að sporna gegn „unglingavandamálum“, m.a. fíkniefnaneyslu og almennu agaleysi.

Í öðru lagi segir um sjálfráða mann í 13. gr. sömu laga: „Sjálfráða maður verður ekki vistaður í sjúkrahúsi gegn vilja sínum.“ Þetta hefur þær afleiðingar að meðferð á ungum fíkniefnaneytendum reynist erfiðari en ella þar sem ungmennin geta útskrifað sig sjálf án samþykkis foreldra nema til forræðissviptingar komi. Af þessum sökum mun sú lagabreyting sem hér er lögð til auðvelda meðferð á ungum fíkniefnaneytendum, enda hafa meðferðaraðilar mælt með henni.

Í þriðja lagi öðlast ungt fólk á aldrinum 16–18 ára betri tryggingu fyrir því að geta verið í foreldrahúsum til a.m.k. 18 ára aldurs, enda gerist það æ erfiðara að standa á eigin fótum á þessum aldri. Þessi breytta réttarstaða ungs fólks ætti einnig að gera stöðu þeirra skýrari gagnvart þjónustu ríkis og sveitarfélaga, t.d. á skemmtanasviðinu og varðandi skatta. Ef um erfiðar heimilisaðstæður er að ræða tryggja lögin um vernd barna og ungmenna að barn eða ungmenni geti komist af heimili sé það talið því fyrir bestu.

Að mati flutningsmanna er það sjálfstæð ákvörðun, óháð lagabreytingunni sem hér er lögð til, hvort hækkun sjálfræðisaldurs hefur áhrif á skráð atvinnuleysi 16–18 ára ungmenna, það að hafa persónufrádrátt frá 16 ára aldri eða á það hvort barnabætur skulu greiddar til 18 ára aldurs. Lögleiðing tilskipunar Evrópusambandsins um vinnuvernd barna og ungmenna getur skipt máli í þessu sambandi þar sem hið almenna bann tilskipunarinnar tekur til ráðningar barna 16 ára og yngri í vinnu. Vinnuverndarákvæði tilskipunarinnar eiga við einstaklinga undir 18 ára aldri.

Flutningsmönnum frumvarpsins er ljóst að hækkun sjálfræðisaldurs hefur áhrif á merkingu annarra laga þar sem miðað er við að sjálfræðisaldurinn sé 16 ár. Í 29. gr. barnalaga, nr. 20/1992, segir að barn eigi rétt á forsjá foreldra sinna uns það verður sjálfráða og eru þeir forsjárskyldir við það. Þrátt fyrir þetta lýkur framfærsluskyldu við barn ekki fyrr en við 18 ára aldur skv. 13. gr. sömu laga. Þetta sýnir fyrst og fremst innbyrðis ósamræmi og tvískinnung í gildandi lögum sem hyrfi með lagabreytingunni sem hér er lögð til. Önnur lög sem snerta sjálfræðisaldurinn eru almenn hegningarlög, nr. 19/1940, lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, nr. 25/1975, og lög um skotvopn, sprengiefni og skotelda, nr. 46/1977. Ekki þykir ástæða til að breyta þeim lögum þó að frumvarpið verði að lögum.

Samantekið eru helstu rök fyrir þessari lagabreytingu þau að lögin taki mið af breyttum þjóðfélagsaðstæðum, séu í samræmi við það sem tíðkast í nágrannalöndum okkar, tryggi betur að ungt fólk búi við öryggi og aðhald foreldra til 18 ára aldurs og auðveldi meðferð á ungum fíkniefnaneytendum.

791. Tillaga til þingsályktunar [458. mál]

um rannsóknir á beitukóngi.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Sighvatur Björgvinsson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að standa fyrir úttekt á möguleikum til að nýta beitukóng við Ísland. Úttektin feli í sér mat á útbreiðslu tegundarinnar, veiðiþoli og æskilegum veiðiaðferðum en taki jafnframt til markaðsstöðu og leiða til að markaðssetja afurðir úr beitukóngi.

Greinargerð.

1. Lýsing og lífshættir.

Beitukóngurinn, *Buccatum undatum L.*, er botnlægt lindýr sem einkennist af kuðungi úr harðri kalkskel er dýrið myndar um líkama sinn. Hann hefur einnig gengið undir ýmsum öðrum nöfnum, svo sem ætiskóngur, kufungur, kúfungur, kuðlingur, kóngur, bobbi og bubbi. Sveinn Pálsson (1762–1840) nefndi hann ætiskúfung í Ferðabók sinni en sá merki galdra- og náttúrufræðingur, Jón lærði Guðmundsson (1574–1658), lét sér nægja að kalla hann bara kuðung.

Í bókinni Skeldýrafána Íslands gefur Ingimar Óskarsson eftirfarandi lýsingu á beitukóngi: „Hann er traustur, gulhvítur eða örlítið krómgulur að lit með stuttri eða langri hyrnu sem er nokkuð odddregin. Vindingarnir á sjálfum kuðungnum eru 7–8 og í minna lagi kúptir. Grunnvindingurinn er stór, oft ⅗ af allri kuðungslengdinni. Saumurinn víður, þó styttri en hyrnan og útrönd bogadregin. Skelin er með 12–16 breiðum, skálægum langfellingum. Grunnvindingurinn er oft fellingalaus eða því sem næst. Allt yfirborðið er með upphleyptum, allþéttstæðum snigilrákum sem iðulega eru svo grófar á hyrnunni að fellingahryggirnir verða meira eða minna hnúóttir. Lokan er frekar stór eða tvöfalt styttri en munnurinn. Lokukjarninn örmiðja. Beitukóngurinn getur orðið 10–11 cm langur.“ Þess má geta að miðað við nýlegar rannsóknir (sjá kafla 4) er beitukóngur af þeirri stærð um 13–15 ára, en eldri verður hann tæpast hér við land.

Tegundina er að finna bæði í Kyrrahafi og Atlantshafi. Kjörlendi hans er harður botn eða sendinn leirbotn og þótt beitukóngur haldi sig aðallega við fjöruborðið finnst hann víða erlendis niður á 200 metra dýpi. Hér er hann að finna í öllum landshlutum og til skamms tíma var talið að hann héldi sig ekki neðar en á 110 metra dýpi við Ísland. Nýjar, óbirtar rannsóknir á vegum hins alþjóðlega BIOICE-verkefnis, sem umhverfisráðuneytið hefur yfirumsjón með, hafa hins vegar leitt í ljós að umhverfis Ísland má finna beitukóng allt niður á 200 metra dýpi.

Beitukóngurinn er dæmigert rándýr. Hann hefur öfluga sag- eða skráptungu sem hann borar með gegnum skeljar annarra dýra. Sérstakur kirtill tengist tungunni og frá honum losar beitukóngurinn vökva sem lamar eða drepur bráðina. Kirtillinn er yfirleitt fjarlægður í vinnslu en sé beitukóngurinn etinn ferskur í miklu magni getur kirtilvökvinn leitt til eitrunareinkenna, svokallaðrar kuðungariðu (sjá síðar). Beitukóngurinn leggst á ýmis botndýr sem hann lamar og étur en hafi hann tækifæri til gerir hann sér líka veislu úr fiskum og dýrum sem hann rekst á í netum. Með því móti veldur hann stundum talsverðu tjóni á netafiski og til fróðleiks má nefna að í upphafi aldarinnar veltu Danir fyrir sér ráðum til að útrýma beitukóngi vegna þess hversu hart hann lék netaafla danskra

sjómanna. Beitukóngurinn leggst líka á hræ og er því einnig virkur í endurvinnslu náttúrunnar. Fram á þessa öld var þetta nýtt hér og í Færeyjum til að veiða hann til beitu og voru þá bornir niður hausar og dauðir fiskar sem beitukóngurinn settist á.

Tilraunir með merkta beitukónga sýna að hann ferðast lítt milli svæða og er því mjög staðbundinn. Af þeim sökum er nauðsynlegt að kanna vel magn á einstökum veiðisvæðum áður en veiðar eru hafnar í stórum stíl, til að draga úr líkum á ofveiði.

Við Ísland finnast sex afbrigði beitukóngs en eitt af einkennum tegundarinnar er hversu auðug hún er að afbrigðum. Erlendis eru þekkt a.m.k. 20 afbrigði. Íslendingar rugla stundum saman við beitukóng náskyldum ættingja sem heitir hafkóngur, *Neptunea despecta L.* Í framtíðinni kynni hafkóngur einnig að verða mögulegur kostur til veiða og vinnslu, enda fæst hann oft í humartroll á Meðallandsbugt og á Eldeyjarsvæðinu.

2. Markaðsmál.

Á síðustu árum hafa veiðar á beitukóngi brostið í Evrópu, ekki síst hjá Frökkum, sem löngum voru umsvifamestir í veiðum og vinnslu á tegundinni. Líklegt er að samdrátturinn verði að einhverju leyti varanlegur enda hafa veiðar Frakka verið á niðurleið síðan 1990. Aflabresturinn hefur leitt til verðhækkunar á beitukóngi svo forsendur fyrir veiðum og vinnslu eru nú Íslendingum hallkvæmari en nokkru sinni. Samhliða hafa sprottið nýir og vaxandi markaðir í Austur-Asíu, einkum Japan en Kóreumenn hafa jafnframt lýst áhuga á að kaupa héðan beitukóng. Sjálfir stunda Japanir hins vegar ekki veiðar á beitukóngi nema í litlum mæli og hafa því neyðst til að kaupa hann af öðrum. Einkum beindu þeir viðskiptum sínum til Rússa, enda þótti rússneski beitukóngurinn jafnan stærri og hvítari á holdið en ættingjar hans úr öðrum stöðum og er hvort tveggja eftirsóknarvert í augum Japana. Innanlandsþróun í Rússlandi í kjölfar hruns Sovétríkjanna hefur hins vegar leitt til þess að dregið hefur úr sókn Rússa í beitukóng. Þetta hefur leitt til aukinna veiða annars staðar í Evópu, t.d. hefur afli við Írland og Wales aukist mjög og byggja þarlendir aðallega á markaðnum í Japan. Hin jákvæða þróun í Japan, og verðhækkun í kjölfar aflabrests Frakka, styrkir væntanlega möguleika Íslands til að hasla sér varanlegan völl á heimsmarkaði fyrir afurðir beitukóngsins.

Árið 1990 var heildarveiði um tólfþúsund tonn. Frakkar voru sem fyrr segir umsvifamestir í veiðum og neyslu á beitukóngi og 1990 veiddu þeir 92% heildaraflans. Ári síðar var hlutur þeirra kominn niður í 80% og hefur lækkað verulega síðan enda í senn dregið úr afla þeirra meðan aðrar þjóðir hafa aukið sóknina. Til marks um þróunina í veiðum Frakka má nefna að samkvæmt skýrslum FAO öfluðu þeir árin 1990–1993 í tonnum: 6.000, 6.380, 1.726 og 996. Af þessum tölum má glöggt sjá að veiðar helstu afla- og neysluþjóðarinnar hafa bókstaflega hrunið hin síðustu ár. Meðal þeirra þjóða sem hafa nýtt lagið og aukið veiðar sínar eru t.d. Bretar. Árið 1990 veiddu þeir aðeins 673 tonn, juku afla sinn upp í 1.000 tonn árið 1991 og frá janúar til nóvember árið 1992 var veiði Breta næstum 1.500 tonn.

Meðal þjóða eins og Frakka þar sem löng hefð er fyrir neyslu beitukóngs þykir hann mest lostæti meðan hann er ferskur. En talsvert er líka selt niðursoðið, bæði í Frakklandi og Hollandi, og notað í pastasósur, svo sem á Ítalíu, eða súpur, eins og í Kanada og Bandaríkjunum. Einnig er beitukóngur seldur marineraður og jafnvel reyktur í Bretlandi. Til Japans og annarra landa í Asíu hefur beitukóngurinn einkum verið seldur djúpfrosinn frá Evrópu og verið notaður í sushi-rétti. Sé horft til vaxandi áherslu Asíumanna á ferskar afurðir væri væntanlega einnig hægt að ná upp markaði fyrir ferskan beitukóng í Japan.

3. Beitukóngsveiðar við Ísland.

Fyrr á öldum nýttu Íslendingar beitukóng svolítið til átu eins og rakið er síðar í greinargerðinni (sjá kafla 5). Íslendingar hófu þó ekki tilraunir með vinnslu og veiðar á beitukóngi af alvöru fyrr en síðla á áttunda áratugnum. Skriður komst á könnunarveiðar- og vinnslu þegar Sjávarréttagerðinni á Akranesi var komið á fót og á svipuðum tíma var Íslenskur skelfiskur hf stofnaður um veiðar og vinnslu á beitukóngi á Suðurnesjum. Þessi fyrirtæki unnu merkilegt brautryðjendastarf bæði á vinnslu og markaðssetningu á beitukóngi heima og erlendis. Þrjú tonn veiddust árið 1985 og tólf tonn árinu síðar. Skortur á fjármunum, og raunar hráefni einnig, leiddi til þess að starfsemin hlaut bráðari endi en til var stofnað. Hafrannsóknastofnun fylgdist hins vegar með starfseminni og á hennar vegum voru á þessum árum farnir nokkrir leiðangrar til að kanna beitukóng, þar af einn umhverfis landið. Skipulegar rannsóknir á tegundinni hafa hins vegar verið smáar í sniðum.

Á árunum 1993 og 1994 var hleypt af stokkunum samstarfsverkefni á milli Hafrannsóknastofnunar og Reykhólahrepps um rannsóknir á beitukóngi í norðanverðum Breiðafirði. Sjávarútvegsráðuneytið veitti nokkuð fjármagn til kaupa á sérhönnuðum krabba- og kuðungagildrum sem Hafrannsóknastofnun hafði síðan yfirumsjón með. Gildrurnar voru keilulaga með þéttriðnu neti umhverfis og op í efri endann. Þær reyndust prýðilega við veiðarnar. Upphaflega var fyrirhugað að örva sjómenn til að freista veiða á beitukóngi með því að lána gildrurnar án endurgjalds en skylda þá á móti til að skila skýrslum um veiðarnar. Misbrestur varð hins vegar á því að skýrslum væri skilað og söfnun upplýsinga um beitukónginn í tengslum við veiðarnar varð snöggtum minni en til var stofnað.

Gildrurnar nýttust hins vegar ágætlega til rannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunar á bæði beitukóngi og trjónukrabba, en þessar tegundir veiðast oft saman. Upplýsingarnar sem til féllu sýna ótvírætt að beitukóng er að finna mjög víða á grunnsævi við Ísland. Sums staðar virðist hann til staðar í verulegu magni, og má þar nefna bæði Faxaflóa og Breiðafirði. Enn hafa þó of litlar rannsóknir verið gerðar á beitukóngi hér við land til að hægt sé að gera grein fyrir útbreiðslu hans og veiðimöguleikum. Í slíkar rannsóknir þarf þó að ráðast hið fyrsta því að eins og greinir frá að framan eru að skapast forsendur fyrir því að Íslendingar nái fótfestu á heimsmarkaði fyrir beitukóng.

4. Nýlegar rannsóknir.

Fram til þessa hefur arðsvon Íslendinga af veiðum á beitukóngi verið lítil og væntanlega skýrir það litlar athuganir á tegundinni hér við land. Sólmundur T. Einarsson, fiskifræðingur á Hafrannsóknarstofnun, hefur þó unnið merkilegt starf að rannsóknum á beitukóngi með öðrum verkefnum á umliðnum árum og sömuleiðis Karl Gunnarsson, líffræðingur við sömu stofnun. Árið 1993 stóðu þeir saman að skipulegum veiðitilraunum á beitukóngi í Breiðafirði og á síðasta ári lögðu þeir fram niðurstöður sínar á vettvangi Alþjóðahafrannsóknaráðsins í skýrslunni „Observations on whelk populations (*Buccinum Undatum* L., Mollusca; Gastropoda) in Breiðifjörður, Western Iceland, C.M. 1995/K:20, Shellfish Committee, ICES."

Helstu niðurstöður þeirra má draga saman í eftirfarandi: Tilraunirnar fóru fram í maí og september árið 1993. Gildrur voru lagðar á tólf stöðum í Breiðafirði á 8–40 metra dýpi. Fjórar mismunandi gildrutegundir voru reyndar, allar um 30 lítrar að rúmmáli. Veiðunum var þannig háttað að sex til tíu gildrur voru bundnar saman á streng, með um tíu metra millibili, og látnar liggja sólarhring. Fersk síld var notuð sem agn í gildrurn-

ar. Meðalafli á gildru á sólarhring reyndist vel undir einu kílói en aflinn fór þó yfir fjögur kíló á gildru þar sem mest var. Eins og lögð er áhersla á í skýrslu þeirra félaga voru gildrurnar hins vegar lagðar af handahófi en ekki á grunni vitneskju um veiðisæld innan svæðisins.

Greining á stærð eftir aldri leiddi í ljós að vöxtur beitukóngs var tiltölulega hraður fyrstu fimm árin, en þá var meðallengd á kuðungi dýranna sem veiddust um 55 millimetrar. Eftir fimm ára aldur hægði á vextinum og tíu ára gamlir höfðu beitukóngarnir að meðaltali 65 millimetra langan kuðung. Elsta dýrið reyndist vera 13 ára og var með 104 millimetra kuðung. Vöxtur tegundarinnar við Ísland virðist vera svipaður og víða erlendis, t.d. við Frakkland. Þar er fimm ára gamall beitukóngur með 57 millimetra langan kuðung en þeir frönsku virðast þó vaxa talsvert betur en íslenskir frændur þeirra eftir að fimm árunum sleppir.

Eins og fyrr segir var meðalaflinn vel undir einu kílói á gildru yfir sólarhring. Þeir Karl og Sólmundur gátu þess í skýrslu sinni að veiðistöðvarnar hefðu verið valdar án nokkurrar fyrir fram þekkingar á svæðinu og gildrurnar því alls ekki lagðar á þær stöðvar sem aflasælastar væru af náttúrunnar hendi. Enn fremur kom fram hjá þeim að tilraunaveiðar, sem síðar var ráðist í, hafi gefið talsvert hærri aflatölur og rétt er að ítreka að fengsælasta slóðin í tilraun þeirra gaf meira en fjögur kíló. Niðurstöður Karls og Sólmundar benda því til að með veiðitilraunum á tilteknum svæðum sé hægt að finna hvar aflasælustu veiðistöðvarnar eru og þannig að ná upp góðum afla.

5. Nytsemd til forna.

Í íslenskum ritum er fyrst getið um kuðungaát í einu rita Jóns lærða Guðmundssonar sem var lítt menntaður en þó sannkallaður fjöllistamaður og fjölfræðingur á fyrri hluta sautjándu aldar. Hann skar t.d. dýrgripi af furðulegum hagleik úr tönnum hvala og rostunga, málaði einnig fallegar altaristöflur og var því stundum líka nefndur Jón tannsmiður eða Jón málari. Frægur varð hann einnig á sinni tíð fyrir að taka svari Gaskóna sem komu til hvalveiða í norðurhöfum en brutu skip sitt vestra og Ari sýslumaður í Ögri lét hundelta og drepa. Jón skrifaði varnarrit fyrir þeirra hönd og hraktist fyrir vikið af Vestfjörðum. Þekkingu Jóns lærða á varnargaldri var viðbrugðið, enda frægur fyrir að setja niður drauga, en sjálfur taldi hann sig allt til æviloka eiga í höggi við sendingar og má víða af ritum hans sjá merki þess að hann hefur á köflum verið meira en smáskrítinn, svo sem títt er um góða vísindamenn. En Jón lærði skrifaði einnig mjög merka texta um náttúrufræði, sem allt til þessa dags hafa verið vanmetnir, og svo víða fór hróður hans að erlendir náttúrufræðingar leituðu til hans um vitneskju um náttúru Íslands. Hann dvaldist um hríð í Stóra-Fjarðarhorni í Kollafirði vestra en þar um slóðir nýttu menn helst beitukóng til átu fyrr á tímum og líklegt er að Jón lærði hafi þar kynnst kuðungaáti. Því lýsir hann með svofelldum hætti: „Meistarar nýta það og fleira af vorum ætum kuðungum, að þeir brenna þá með fiskinum svo glóandi verði og slökkvi í uxaþvagi, og láti neyta í mat og drykkjum svo að hún eða hann ekki viti. Það varnar píku karlmannafari og svo lauslætismönnum óhóflegri kvensemi. Svo og einnig líka ganga sjósóttarmenn í fjöru leynilega og svelgja hráan fiskinn úr honum 3 sinnum, með vaxandi og svo þverrandi tungli með litlum sjósopa. Hann skríður mest úr djúpi í miðju fiskamerki og þaðan af.“ Kuðungur var talinn koma að liði við fleiri kvilla en sjóveiki. Þegar konur höfðu ekki börn á brjósti var þeim hætt við að fá viðsjálar bólgur og graftarmein í brjóstin. Þjóðráð þótti að bera á þau smyrsl sem gert var úr kuðungaösku eða muldum krabba blönduðum hunangi. Áburður úr kuðungaösku og smjöri var einnig talinn græða brunasár.

Hjá Jóni lærða er líka að finna fyrstu íslensku lýsinguna á ákveðinni tegund skelfiskeitrunar sem lýsir sér þannig að eti menn of mikið af beitukóngnum geta þeir dofnað upp og mega vart mæla. Um þetta farast Jóni svofelld orð: „Ef menn þá éta mikið af þeim, verða þeir sem fordrukknir menn svo þeir standa ekki. Það köllum vér kuðungariðu, og má af sér sofa.“ Þetta hlýst af eitrinu sem er í kirtlinum sem er áfastur skráptungu beitukóngsins og getur orðið varasamt að éta í miklu magni í einu. Við nútíma vinnslu er kirtillinn fjarlægður og þar með eituráhrifin.

Eins og nafnið gefur til kynna var beitukóngurinn einkum notaður sem agn við krókaveiðar. En önnur nöfn hans, svo sem ætiskóngur og ætiskúfungur, vísa einnig til þess að sums staðar var beitukóngur hirtur til matar. Vafalítið hefðu menn nýtt hann í enn ríkari mæli en gert var hefðu þeir haft vit og þekkingu til að skera frá kirtilinn sem framkallaði kuðungariðuna, en margir töldu beitukónginn baneitraðan vegna hennar og þorðu ekki að neyta hans. Sveinn Pálsson segir í Ferðabók sinni athyglisverða sögu af neyslu Þorskfirðinga á beitukóngi, sem hann nefndi raunar ætiskúfung: „Fyrir miðjum firði þessum og langt inn eftir honum liggur mjó vök eða áll, og veit enginn dýpt hans. Báðum megin og framan við vökina verður alveg þurrt um stórstraumsfjöru, svo að ganga má fram á barma þessa hyldýpis, sem eru því nær lóðréttir ... Um jafndægursstórstreymi á vorin eru barmanir á vök þessari, — svo langt niður sem séð verður alsettir hinum svonefnda ætikúfung eða bobba ... Menn í næsta nágrenni gá tímans og safnast þangað í stórhópum til að tína kúfung, sem þeir sjóða þegar með skel og öllu saman í fjörunni og flytja svo heim til átu. En veiði þessi verður aðeins stunduð þrjár fjörur í röð ...“

Það var einkum við Breiðafjörð sem beitukóngur var nýttur til manneldis enda líklega óvíða til staðar í jafnmiklu magni. Um þetta segir Lúðvík Kristjánsson í riti sínu um Íslenska sjávarhætti: „Kuðungur, trúlega beitukóngur, mun hvergi hérlendis hafa verið veiddur eða hirtur til matar, svo orð sé á gerandi, nema í Breiðafirði og sennilega mest í Reykhólasveit og Gufudalshreppi ... Eru þeir ýmist steiktir eða soðnir niður í vökva þeim, sem þeir gefa frá sér, þegar þeir hitna. Hvor aðferðin sem notuð er, þá eru þeir bragðgóðir, og verður mönnum gott af þeim. Sniglarnir eru öðrum skelfiski sætari og þykja holl og góð fæða.“ Beitukóngurinn, eins og aðrir sniglar og skelfiskur, var geymdur í brotnum súr og hélst þannig nokkuð lengi og var matbúinn með þeim hætti að gerð var úr sniglunum súpa með lítils háttar méli út á.

Auk þess sem beitukóngur var tíndur fyrr á tímum notfærðu menn sér fíkn hans í hræ fiska til að veiða hann. Þá var tekið fiskroð, einkum af steinbít, þorski eða ýsu, og steinuðu menn roðið niður á fjörunni. Þegar fjaraði aftur höfðu safnast beitukóngar á roðið og voru þeir þá tíndir af. Oft fékkst þannig nokkurt magn af beitukóngi. Frændur okkar Færeyingar veiða beitukóng enn þá þannig að þeir festa fiskhausa á snæri og sökkva niður á botn. Eftir nóttina eða sólarhringinn draga þeir upp færið og eru þá fiskhausarnir þéttsetnir beitukóngi. Færeyingar nota beitukóng eingöngu til beitu og bregst hún aldrei.

6. Möguleikar fyrir krókabáta.

Margt hnígur að því að auðvelt væri að halda úti veiðum á beitukóngi af smábátum sem færu með gildrur og legðu á álitlegum veiðistöðvum. Hér gæti verið um mikilvægt hagsmunamál að ræða fyrir smábáta því að ónógar veiðiheimildir gera að verkum að þeir hafa tíma aflögu sem mætti nota til að leggja gildrur fyrir beitukóng. Ef vel tækist til um slíkar veiðar gætu þær orðið mikilvæg aukageta fyrir smábáta og rennt stoðum undir afkomu þeirra. Ekki síst með hliðsjón af þessu er brýnt að hraðað verði rannsóknum á möguleikum til að veiða og afsetja beitukóng.

792. Svar [391. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um fjármál sveitarfélaga.

1. Hvaða sveitarstjórnir hafa ekki lokið við að gera fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi ár?

Leitað var upplýsinga hjá sveitarfélögum um svör við 1. lið fyrirspurnarinnar. Upplýsingarnar miðast við 27. mars 1996.

Hreppsnefnd Aðaldælahrepps
Hreppsnefnd Akrahrepps
Hreppsnefnd Austur-Landeyjahrepps
Hreppsnefnd Álftaneshrepps
Hreppsnefnd Árneshrepps
Hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps
Hreppsnefnd Borgarhrepps
Hreppsnefnd Bólstaðarhlíðarhrepps
Hreppsnefnd Bæjarhrepps, Austur-Skaftafellssýslu
Hreppsnefnd Bæjarhrepps, Strandasýslu
Hreppsnefnd Dalabyggðar
Hreppsnefnd Eiðahrepps
Hreppsnefnd Engihlíðarhrepps
Hreppsnefnd Eyja- og Miklaholtshrepps
Hreppsnefnd Fáskrúðsfjarðarhrepps
Hreppsnefnd Fellahrepps
Hreppsnefnd Flateyrarhrepps
Hreppsnefnd Fljótahrepps
Hreppsnefnd Fremri-Torfustaðahrepps
Hreppsnefnd Grímseyjarhrepps
Hreppsnefnd Hálshrepps
Hreppsnefnd Helgafellssveitar
Hreppsnefnd Hjaltastaðahrepps
Hreppsnefnd Hlíðarhrepps
Hreppsnefnd Hofshrepps, Austur-Skaftafellssýslu
Hreppsnefnd Hofshrepps, Skagafjarðarsýslu
Hreppsnefnd Holta- og Landsveitar
Hreppsnefnd Hólahrepps

Hreppsnefnd Hrunamannahrepps
Hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps
Hreppsnefnd Hvammstangahrepps
Hreppsnefnd Hvítársíðuhrepps
Hreppsnefnd Hvolhrepps
Hreppsnefnd Höfðahrepps
Hreppsnefnd Jökuldalshrepps
Hreppsnefnd Kirkjubólshrepps
Hreppsnefnd Kirkjuhvammshrepps
Hreppsnefnd Kjalarneshrepps
Hreppsnefnd Kolbeinsstaðahrepps
Hreppsnefnd Ljósavatnshrepps
Hreppsnefnd Lundarreykjadalshrepps
Hreppsnefnd Lýtingsstaðahrepps
Hreppsnefnd Mjóafjarðarhrepps
Hreppsnefnd Mýrahrepps
Hreppsnefnd Reykholtsdalshrepps
Hreppsnefnd Saurbæjarhrepps
Hreppsnefnd Seyluhrepps
Hreppsnefnd Skagahrepps
Hreppsnefnd Skefilsstaðahrepps
Hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps
Hreppsnefnd Skeiðahrepps
Hreppsnefnd Skilmannahrepps
Hreppsnefnd Skorradalshrepps
Hreppsnefnd Skógarstrandarhrepps
Hreppsnefnd Staðarhrepps, Vestur-Húnavatnssýslu
Hreppsnefnd Suðureyrarhrepps
Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps
Hreppsnefnd Svalbarðshrepps
Hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps
Hreppsnefnd Sveinsstaðahrepps
Hreppsnefnd Svínavatnshrepps
Hreppsnefnd Tjörneshrepps
Hreppsnefnd Torfalækjarhrepps
Hreppsnefnd Vestur-Landeyjahrepps
Bæjarstjórn Vesturbyggðar
Hreppsnefnd Viðvíkurhrepps
Hreppsnefnd Vindhælishrepps
Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps
Hreppsnefnd Þingeyrarhrepps
Hreppsnefnd Þingvallahrepps
Hreppsnefnd Þorkelshólshrepps
Hreppsnefnd Þórshafnarhrepps
Hreppsnefnd Þverárhrepps

2. *Hvaða sveitarstjórnir hafa fengið frest til að gera fjárhagsáætlun og hve langur er fresturinn í hverju tilviki?*
Hreppsnefnd Hraungerðishrepps var veittur frestur til 8. mars 1996.
Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar var veittur frestur til 15. febrúar 1996.
Bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar var veittur frestur til 15. febrúar 1996.
Hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps var veittur frestur til 1. mars 1996.

793. Frumvarp til laga [459. mál]

um lágmarkslaun, hámarkslaun og atvinnuleysisbætur.

Flm.: Gísli S. Einarsson.

1. gr.

Lægstu mánaðarlaun fyrir fulla dagvinnu skulu nema 80.000 kr. fyrir 16 ára og eldri.

2. gr.

Atvinnuleysisbætur skulu ekki vera lægri en 57.000 kr. á mánuði.

3. gr.

Föst umsamin hámarkslaun skulu ekki vera hærri en sexföld lágmarkslaun.

4. gr.

Lög þessi öðast þegar gildi.

Greinargerð.

Meginvandinn í íslensku þjóðfélagi er fátækt sem stafar af lágum launum. Þau hafa leitt til fólksflótta frá landinu. Íslendingum fjölgaði 50% meira í Danmörku en á Íslandi árið 1995. Alls fluttu 1.060 héðan til Danmerkur árið 1994. Íslendingum fjölgaði um 30% í Noregi og um 60% á Grænlandi. Alls eru 20.800 Íslendingar búsettir erlendis og fjölgaði þeim um 10% milli áranna 1994 og 1995.

Samkvæmt upplýsingum hjálparstofnana og ýmissa líknaraðila hafa þúsundir einstaklinga hér á landi notið matargjafa sökum fátæktar. Hjálparstarf hefur sífellt aukist innan lands vegna bágs ástands. Félagsleg aðstoð sveitarfélaga hefur aukist svo mjög síðustu mánuði að fjármunir til þessa málaflokks samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 1996 eru nú þegar uppurnir hjá mörgum sveitarfélögum. Félagsmálastofnanir hafa ekki um árabil átt jafnannríkt við fátækrahjálp.

Þar sem ekki hefur tekist með samningum að knýja fram hækkun lægstu launa ber Alþingi Íslendinga skylda til að grípa inn í þessi mál með lagasetningu. Ekki er þörf á miklum rökstuðningi í þessu sambandi, rökin eru við hvert fótmál. Hækkun lægstu launa í 80.000 kr. á mánuði mun auka velferð í íslensku þjóðfélagi, jafna laun og bæta afkomu margra einstaklinga.

Á undanförnum árum og síðastliðnum mánuðum hefur komið berlega í ljós að lágmarkslaun á Íslandi eru orðin áberandi lægri en í helstu viðmiðunarlöndum okkar. Ástæður eru líklega margar og flókið mál að rekja þær. Þegar borin eru saman lífskjör og laun á Íslandi og í nágrannalöndum okkar þarf að taka tillit til margra þátta, svo sem:

a. bótakerfis,
b. skattkerfis,
c. húsnæðiskerfis,
d. vaxta,
e. matvöruverðs,
f. heilbrigðiskerfis,
g. gjalda fyrir opinbera þjónustu.

Laun og bætur í Danmörku.

Hér skulu tilgreindar upplýsingar frá Danmörku, sem flutningsmaður hefur aflað sér, um lágmarkslaun og annað sem varðar miklu um framfærslumöguleika einstaklinga og fjölskyldna:

a. Lægsta tímakaup fyrir ófaglærðan verkamann er 72 dkr. fyrir unna klukkustund sem nemur u.þ.b. 839 íslenskum kr.
b. Barnabætur á ári til einstaklinga eru sem hér segir, án tillits til tekna foreldra:
   Fyrir barn 0–2 ára ..... 10.200 dkr.
   Fyrir barn 3–6 ára ..... 9.100 dkr.
   Fyrir barn 7–17 ára ..... 7.100 dkr.
c. 96–97% Dana tilheyra almenna sjúkratryggingakerfinu. Í því kerfi kostar ekkert að heimsækja heimilislækni og með tilvísun frá heimilislækni kostar ekkert að fara til sérfræðings.
d. Sjúkratryggingakerfið danska greiðir 45% af kostnaði við tannviðgerðir.
e. Vinnuvika er að meðaltali 36 klukkustundir í Danmörku.

Danska húsnæðiskerfið.

Búsetugreiðsla til þess sem leigir húsnæði er 75% af mismun á húsaleigu og reiknaðri eigingreiðslu. Eigingreiðsla byggist á sameiginlegum fjölskyldutekjum og nemur 16% af tekjunum. Ef tekjur fara yfir 139.000 dkr. er tekið tillit til 26,75% af tekjum umfram það mark.

Dæmi:

Tekjur fjölskyldu ..... 10.000 dkr.
Leiga á mánuði ..... 2.500 dkr.

Útreikningur búsetugreiðslu:
100% af húsaleigu ..... 2.500 dkr.
Frádregin eigingreiðsla ..... 1.600 dkr.
Mismunur ..... 900 dkr.
Búsetugreiðsla er 75% af mismun ..... 675 dkr.

Fjölskylda án barna:
Hámark 15% af húsaleigu ..... 375 dkr.

Ekki er unnt að fá hærri búsetugreiðslu en 27.216 dkr. á ári, eða u.þ.b. 2.268 dkr. á mánuði.

Ef ekki eru börn undir 23 ára aldri í fjölskyldunni er búsetugreiðsla þó aldrei hærri en sem nemur 15% af húsaleigu.

Ef búsetugreiðsla er lægri en 167 dkr. á mánuði fellur hún niður.

Frumvarpinu fylgdu tvö fylgiskjöl og vísast um til þingskjalsins (lausaskjalsins):

I. Laun verslunar- og skrifstofufólks á Íslandi og í Danmörku. *Edda Rós Karlsdóttir hagfræðingur* (febrúar 1996).

II. Samanburður á tekjum verkafólks á Íslandi og í Danmörku. *Edda Rós Karlsdóttir hagfræðingur* (október 1995).

794. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [460. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Jón Baldvin Hannibalsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Lúðvík Bergvinsson, Sighvatur Björgvinsson, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

31. gr. stjórnarskrárinnar verður svohljóðandi:

Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu til fjögurra ára. Landið er allt eitt kjördæmi. Tölu þingmanna má breyta með lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í núverandi kjördæmaskipan felst mikið ranglæti. Réttur þéttbýlisbúa er mjög fyrir borð borinn. Einkum snýr þetta að Reykjavík og Reykjanesi en einnig að Norðurlandi eystra. Réttur íbúa þessara kjördæma til að kjósa sér fulltrúa á þjóðþingið og hafa áhrif á stjórn landsins er aðeins þriðjungur samanborið við íbúa Vestfjarða. Þetta réttindaleysi kemur verst niður á alþýðufólki og þeim sem minna mega sín.

Með flutningi þessa frumvarps áréttar Alþýðuflokkurinn — Jafnaðarmannaflokkur Íslands stuðning sinn við það grundvallarsjónarmið að kosningarréttur landsmanna skuli vera jafn. Saga jafnaðarstefnunnar er samofin sögu mannréttindabaráttu alþýðufólks hvar sem hún hefur náð að festa rætur. Í árdaga hreyfingar jafnaðarmanna hér á landi sem annars staðar var barátttan fyrir pólitískum réttindum alþýðufólks óháð efnum, kynferði og búsetu í öndvegi. Þessar grundvallarforsendur jafnaðarstefnunnar hafa ekkert breyst; þær eru jafnsannar í dag og þegar þær voru fyrst fram settar. Til að jafna kosningarrétt mótaði Alþýðuflokkurinn þegar á fyrstu árum sínum þá stefnu að landið skyldi gert að

einu kjördæmi. Með þessu mætti ná fjórum markmiðum í einu. *Í fyrsta lagi* að jafna kosningarrétt alþýðufólks í bæjum og sveitum; *í öðru lagi* að jafna þingstyrk og kjörfylgi flokka; *í þriðja lagi* aðlagaðist slíkt kosningakerfi sjálfkrafa hröðum breytingum í atvinnuháttum og búsetu; og *í fjórða lagi* drægi það úr hrepparíg og óeðlilegri hagsmunagæslu.

Rökin fyrir því að gera landið að einu kjördæmi eru jafnsterk nú og fyrir 70 árum. Íslendingar eru fámenn þjóð í samfélagi þjóðanna. Á tímum aukinnar alþjóðlegrar samvinnu og samkeppni er nauðsynlegt að þjóðin sigli öll í sama báti. Heildarhagsmunir skipta meira máli en hagsmunir einstakra kjördæma. Vandamál framtíðarinnar krefjast nýrra leikreglna í íslenskum stjórnmálum.

Að mati Alþýðuflokksins er jafn atkvæðisréttur grundvallarmannréttindi sem ekki er verslunarvara eða skiptimynt fyrir önnur réttlætismál eða stefnumál í stjórnmálum. Flokkurinn tekur ekki þátt í pólitískum hrossakaupum um mannréttindi almennings.

Nýtt kosningakerfi og kjördæmaskipan eru eitt stærsta umbótamál nútímans. Brýnt er að við næstu kosningar liggi fyrir samþykkt breyting á stjórnarskrá og kosningalögum svo að unnt verði að kjósa í einu kjördæmi ekki seinna en árið 2003.

Í þessu frumvarpi er ekki gert ráð fyrir fækkun þingmanna, en þó er sú grundvallarbreyting gerð að nú má kveða á um fjölda þeirra í lögum.

Núverandi fyrirkomulag kjördæma og kosninga á Íslandi verður að teljast með öllu óviðunandi. Nefna má eftirfarandi því til stuðnings:

— Misvægi atkvæða er misvægi mannréttinda. Reglan *einn maður — eitt atkvæði* er hornsteinn lýðræðis. Þetta var Héðni Valdimarssyni ljóst árið 1927 og þetta er hverjum jafnaðarmanni jafnljóst árið 1996.
— Á sérhverju þingi síðan 1959 hafa setið menn með rétt ríflega 500 atkvæði að baki sér, meðan ekki hafa náð kosningu frambjóðendur með a.m.k. 2.200 og allt upp í 3.500 atkvæði. Þannig hafa allan tímann verið utan þings frambjóðendur með a.m.k. fimmfalt það atkvæðamagn sem dugði öðrum til að komast á þing.
— Kjördæmaskiptingin dregur úr samkennd og styður gæslu sérhagsmuna á kostnað heildarhagsmuna.
— Möguleikar kjósenda til að velja eða hafna einstökum frambjóðendum eru í reynd nær engir. Eftir breytingar á kosningalögum 1987 þarf helmingur kjósenda framboðslista að leggjast á eitt til að ná fram breytingu á röð frambjóðenda. Áður gátu t.d. 12% kjósenda í Reykjavík fært frambjóðanda upp um eitt sæti. Fyrir 1959 þurfti aðeins 4% kjósenda til að ná sama marki.
— Reiknireglur kosningalaganna eru of flóknar og viðkvæmar, enda soðnar saman í hrossakaupum.
— Nýlega var bent á að ein skýring á lágu hlutfalli kvenna á Alþingi Íslendinga gæti verið fjöldi lítilla kjördæma þar sem flestir listar eiga aðeins möguleika á einum þingmanni, þ.e. efsta manni listans. Hlutur kvenna meðal efstu manna hefur sögulega verið afar rýr og lítið batnað þótt konum hafi fjölgað á framboðslistum almennt. Ef þessi skýring er rétt gætu færri og stærri kjördæmi, þar sem stærri hluti lista næði kjöri, orðið til þess að auka hlut kvenna á þingi.

I. Saga kjördæmabreytinga.

Segja má að allt fram til 1959 hafi Íslendingar búið við nítjándu aldar kjördæmakerfi. Erfitt reyndist að aðlaga kerfið, sem byggðist á einmennings- og tvímenningskjördæmum, að nýjum samfélagsháttum. Alla tíð hefur kjördæmakerfið verið mörgum skrefum á

eftir þjóðfélagsþróuninni og í raun allt til þessa dags byggst á horfnum atvinnu- og samfélagsháttum. Í stað þess að byggja kerfið á grundvelli lýðréttinda hefur það verið byggt á ímynduðum fornum rétti héraða til þingmanna. Þetta hefur m.a. leitt til þess að allar kjördæmabreytingar hafa falið í sér fjölgun þingmanna, í stað þess að laga þann fjölda sem fyrir var að nýjum samfélagsháttum.

Hannes Hafstein, sá framsýni stjórnmálamaður, gerði sér mætavel grein fyrir því að það kjördæmakerfi sem mótaðist á 19. öldinni stæðist ekki efnahagslegar framfarir og tilheyrandi búseturöskun. Strax á heimastjórnartímanum hófust deilur um kjördæmakerfið og lagði Hannes m.a. fram frumvarp um nýtt kjördæmakerfi byggt á landsfjórðungum (en ekki sýslum) þar sem kosið yrði hlutfallskosningu. Nær engar úrbætur urðu þó í þessum málum. Þetta leiddi til stórkostlegs misvægis atkvæða.

31. gr. stjórnarskrárinnar kveður á um kosningafyrirkomulag til Alþingis. Nú er greinin mjög ítarleg. Þetta er afar óvenjulegt þar sem í flestum löndum eru kjördæma- og kosningakerfin ákveðin í venjulegum lögum, enda er litið svo á að oft þurfi að breyta þeim í samræmi við breyttar þjóðfélagsaðstæður. Hér á landi hefur kerfið ekki alltaf verið svo niðurnjörvað. Í stjórnarskránni frá 1915 segir: „Á Alþingi eiga sæti 40 þjóðkjörnir Alþingismenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.“ Þetta ákvæði var gert ítarlegra 1920, en þar er ekki kveðið á um nákvæma kjördæmaskipan. Einungis er sagt að kjósa skuli 34 þingmenn í óhlutbundnum kosningum í sérstökum kjördæmum og sex þingmenn hlutbundnum kosningum á landinu öllu. Árið 1934 sömdu Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn um breytingar á kjördæmakerfinu og var það nú í fyrsta skipti njörvað niður í stjórnarskrá með þeim óvenjulega hætti að segja að kjósa skuli 32 þingmenn í „einmennings- og tvímenningskjördæmum þeim sem nú eru“. Þetta var gert að kröfu Framsóknarflokksins. Helsta breytingin 1934 var sú að landskjörið var fellt niður og uppbótarþingsæti tekin upp í staðinn. Þessi breyting náði þó skammt og var kerfinu aftur breytt 1942. Þá var þingmönnum þéttbýlisins fjölgað lítillega og tekin upp hlutfallskosning í tvímenningskjördæmum. Róttækasta breytingin var síðan gerð 1959 þegar núverandi kjördæmakerfi var tekið upp. Breytingarnar 1942 og 1959 voru gerðar í samvinnu Alþýðuflokks, Alþýðubandalags (og forvera) og Sjálfstæðisflokks gegn hatrammri andstöðu Framsóknarflokks. Sérstaklega brást flokkurinn hart við 1959 og hélt því fram að verið væri að svipta héruðin fornum rétti og að hlutfallskosningar væru mikið ógæfuspor sem mundi leiða af sér sundrungu í landinu.

Færa má sterk rök fyrir því að markmið allra kjördæmabreytinga hafi verið að ná betra samræmi á milli kjörfylgis og þingstyrks flokka. Jöfnun á vægi atkvæða eftir búsetu hefur einungis verið leið að þessu markmiði þar sem flokkarnir hafa ekki getað komið sér saman um jafnvægi atkvæða eftir búsetu. Við nær allar breytingar hafa risið deilur milli þeirra sem hafa viljað stór kjördæmi og hlutfallskosningu og hinna sem hafa viljað einmenningskjördæmi. Að líkindum hefur fyrri kosturinn orðið ofan á þar sem hlutfallskosning gefur best samræmi á milli kjörfylgis og þingstyrks.

II. Alþýðuflokkurinn og kjördæmamálið.

Jafnaðarmannaflokkar hafa ávallt barist fyrir tvennu: bættum kjörum og almennum lýðréttindum umbjóðenda sinna. Framan af öldinni var kosningarrétturinn mál málanna. Það er athyglisvert að jafnaðarmenn litu á öll frávik frá jöfnum kosningarrétti sem skerðingu á mannréttindum. Barátta jafnaðarmanna snerist um að tryggja öllum jafnan kosningarrétt óháð efnahag, kynferði og búsetu. Jafnaðarmannaflokkar eiga rætur sínar meðal verkafólks í bæjum. Það hafði því mikil og afdrifarík áhrif á þróun Alþýðuflokksins

að vægi atkvæða í sveitum var mun meira en í bæjum á mótunarárum flokksins og hefur verið það allar götur síðan þótt í minna mæli sé.

Árið 1927 flutti Héðinn Valdimarsson einn síns liðs eitt merkilegasta frumvarp sem þingmaður hefur flutt í sögu Alþingis, „Frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands“. Þar var m.a. kveðið á um lækkun á kosningaaldri niður í 21 ár og að þeim sem þegið höfðu af sveit sökum fátæktar yrði veittur kosningarréttur. Það sem líklegast á mest erindi við okkur í nútímanum er 2. gr. frumvarpsins sem hljóðar svo: „Á Alþingi eiga sæti 25 þjóðkjörnir þingmenn, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum um land allt og sitja þeir allir í einni málstofu. Tölu þeirra má breyta með lögum. Þingmenn skulu kosnir til fjögurra ára í senn.“

Í greinargerð með frumvarpinu segir m.a.: „Þar sem kjördæmaskipuninni hefir að mestu verið haldið óbreyttri, er afleiðingin sú, að hver kjósandi í sumum kjördæmum hefir margföld áhrif á alþingiskosningar á við kjósanda, er búsettur er í öðrum kjördæmum, og þar með margföld áhrif á stjórn landsins í heild sinni. Eftir mannréttindakenningum þeim, er þingræðið hvílir á, eiga allir fullorðnir menn í landinu að hafa jafnrétti í þessum málum, og mun óvíða í siðuðum löndum sveigt svo langt frá því marki eins og hér á landi. Þetta kemur mjög mishart niður á stéttum þjóðfélagsins, þar sem verkalýðurinn hefur safnast til sjávarins, og það er því mest verkalýðurinn sem geldur hinnar úreltu kjördæmaskipunar.“ Í huga Héðins var jafn kosningarréttur mannréttindamál og gerði hann engan greinarmun á útilokun frá kosningarrétti og misvægi atkvæða. Hvort tveggja er brot á þeim mannréttindahugmyndum sem lýðræðisleg stjórnskipun byggir á. Þetta er einföld hugmynd og skýr. Það má því undrun sæta að umræða um kjördæma- og kosningamál á Íslandi skuli ekki nema að litlu leyti hafa snúist um þetta atriði, heldur önnur mál og óskyld.

Í þingræðu sem Héðinn hélt um málið rakti hann ástæðurnar fyrir því að kjördæmaskipunin væri úrelt. Helsta ástæðan væri breytingar í atvinnumálum sem gerði kjördæmamörk úrelt. Um hugsanlegar breytingar á því kerfi sem var við lýði á hans dögum sagði hann m.a.:

„Hægt er að hugsa sér ýmsa möguleika til að bæta úr þessu ástandi. Þá er fyrst að halda áfram einmennings- og tvímenningskjördæmum, en með breyttum „landamærum“. Þessi leið gæti áreiðanlega ekki talist heppileg, því að sakir flutnings landsmanna úr einum stað í annan við breytt atvinnuskilyrði, mundi brátt sækja í sama horfið aftur. Á fáum árum getur kauptún orðið fjölmennur bær, og þá kemur gamla ranglætið á ný. Af öðrum tillögum má t.d. nefna tillöguna um að skipta landinu í fjórðungakjördæmi, sem mig minnir að Hannes Hafstein héldi fram. Þá áttu innan þessara fjórðunga að vera hlutfallskosningar, og væri það stórt spor í rétta átt. Innan hvers fjórðungs hefðu kjósendur alltaf jafnrétti, en flutningur gæti alltaf átt sér stað í stórum stíl milli fjórðunganna, og gætu þeir þannig orðið misjafnlega réttháir.

Til að forðast þessa galla er aðeins eitt ráð óbrigðult: að gera landið allt að einu kjördæmi. Þá stæði á sama um alla fólksflutninga innan lands. Hver kjósandi héldi jafnan sínum fulla rétti gagnvart hinum, og hver flokkur kæmi mönnum á þing í réttu hlutfalli við fylgi sitt í landinu.

Ég býst við að þetta landkjör verði ekki vinsælt hjá sumum háttvirtum þingmönnum, sem hafa komist að sakir þess eins, að þeir eru að góðu kunnir í sínum hreppi. En með hinni nýju tillögu kæmu þeir einir til mála sem þingmenn, sem kunnir eru á stórum svæðum í landinu. Væri það trygging fyrir því, að hæfari menn væru kosnir. Þeir yrðu að standa reikningsskap gerða sinna frammi fyrir öllum almenningi, og mundi við það hreppapólitíkin hverfa."

Í milliþinganefnd um kjördæmamálið sem starfaði frá ágúst 1931 til febrúar 1932 setti fulltrúi Alþýðuflokksins í nefndinni, Jón Baldvinsson, fram þá tillögu að landið yrði gert að einu kjördæmi. Jón gaf í framhaldinu út bækling um störf nefndarinnar og færði svipuð rök fyrir máli sínu og Héðinn hafði gert. Lokaorð Jóns voru, að með því að gera landið allt að einu kjördæmi væri „viðurkennt á borði jafnrétti kjósenda til að hafa áhrif á skipun Alþingis, hvar á landinu sem þeir eru búsettir. Þá fellur það niður, sem nú er algengast, að alþingismenn telji sig fulltrúa fyrir tiltekinn fjölda ferhyrningsmílna af meira og minna hrjóstrugu landi, jöklum og eyðisöndum, þá verða þeir fulltrúar þjóðarinnar, fulltrúar fólksins, sem í landinu býr." Það var síðan stefna Alþýðuflokksins að gera landið að einu kjördæmi allt til 1959 og hefur oft komið til umræðu innan flokksins sem utan síðan þá.

Fullyrða má að Alþýðuflokkurinn hafði forustu um kjördæmabreytinguna 1959, þar sem núverandi kjördæmakerfi var tekið upp. Það er því rétt að glugga örlítið í ræðu Emils Jónssonar, formanns Alþýðuflokksins og þáverandi forsætisráðherra, þegar mælt var fyrir kjördæmabreytingunni á Alþingi: „Afstaða Alþýðuflokksins þarf ekki að koma neinum á óvart. Alþýðuflokkurinn hefur alla tíð verið því fylgjandi, að hlutfallskosningafyrirkomulag yrði upp tekið, og lengi vel á því að landið yrði gert eitt kjördæmi. Til samkomulags hefur Alþýðuflokkurinn þó breytt afstöðu sinni til þessa síðasta atriðis, að landið yrði eitt kjördæmi og hefur á síðasta flokksþingi flokksins samþykkt að svipaðri eða sömu aðferð og hér er lagt til að verði viðhöfð." Alþýðuflokkurinn sættist á núverandi kjördæmakerfi sem sáttaleið, til þess að ná fram breytingum í þá átt að kjörfylgdi og þingstyrkur fylgdust að. Það er þó ljóst af ræðu Emils að flokkurinn hafði ýmislegt við kerfið að athuga. „Alþýðuflokkurinn gerir sér ljóst," sagði Emil, „að með þessu frumvarpi er ekki náð fullu jafnrétti allra þegna þjóðfélagsins til þess að hafa áhrif á gang þjóðmála, sem þó hlýtur að verða stefnt að. Enn er ætlast til að heilir landshlutar hafi helmingi minni rétt en aðrir og ekki einu sinni það. Þó er þetta merkur og þýðingarmikill áfangi, þar sem enn meira óréttlæti verður hrundið." Emil Jónssyni var því ljóst að núverandi kjördæmakerfi er ekki beinlínis réttlátt, þótt í því sé fólgið minna ranglæti en í því kerfi sem fyrir var. Þetta er skiljanleg og eðlileg afstaða árið 1959.

Engar verulegar breytingar hafa verið gerðar á kjördæmakerfinu síðan 1959. Breytingin frá 1987 var smávægileg og fólst í því að misvægi atkvæða var gert sambærilegt við það sem það var 1959, og í leiðinni var óskiljanlegu kosningakerfi komið á. Alþýðuflokkurinn tók sáróánægður þátt í þessari breytingu og hafði í raun hina mestu skömm á henni.

III. Markmið breytinga.

Markmið kosningakerfa eru margvísleg. Með þessu frumvarpi á jafn kosningarréttur, sem er grundvallarmarkmið, að lögfestast. Á það markmið verða menn því að fallast áður en haldið er áfram með útfærslu kerfisins. Jafn kosningarréttur er spurning um mannréttindi og þar af leiðandi grundvallarafstaða. En ýmis önnur markmið koma hér til greina.

Fyrsta markmiðið sem menn vilja væntanlega ná er að samræmi sé á milli fylgis flokka og þingstyrks þeirra, þannig að ólík sjónarmið og hagsmunir eigi sína fulltrúa á löggjafarsamkomunni í samræmi við fylgi sitt meðal þjóðarinnar. Þetta er það markmið sem kjördæmabreytingar hingað til hafa stefnt að. Þessu markmiði fylgja hlutfallskosningar, helst í tiltölulega stórum kjördæmum. Ekki eru þó allir sammála um þetta markmið og vilja meirihlutakosningu að breskri og bandarískri fyrirmynd. Helsta röksemdin fyrir því eru skýrari línur í stjórnmálum þar sem í raun væri kosið um það hver ætti að fara með stjórn landsins.

Þetta tengist *öðru markmiði* sem er starfhæft þing. Þingið þarf helst að vera samsett af tiltölulega skýrum stjórnmálaflokkum sem geta samið sín á milli um stjórn landsins eða farið með hana einir. Margir smáflokkar gætu gert stjórn landsins erfiða. Það er því vel hugsanlegt að þetta markmið stangist á við það fyrra um jafnvægi milli atkvæða og þingstyrks. Ein leiðin til að ná þessu markmiði er að setja kröfur um ákveðið lágmarksfylgi, svokallaðan þröskuld, þannig að þeir flokkar sem ekki ná þessum þröskuldi fái ekki fulltrúa á Alþingi. Þröskuldar sem þessir eru alþekkt fyrirbæri víða um lönd, þótt mjög sé misjafnt hversu háir þeir eru. Í Danmörku er þröskuldurinn mjög lágur, enda eru flokkar þar margir; í Þýskalandi er þröskuldurinn 5% og flokkakerfið mjög stöðugt. Í Ísrael er landið eitt kjördæmi og enginn þröskuldur, enda vaða smáflokkar þar uppi með slæmum afleiðingum. Danir hafa hins vegar góða reynslu af sínu kerfi þótt sjaldan hafi verið þar meirihlutastjórnir síðustu árin. Hér er því engin töfratala til, það verður einfaldlega að metast hversu hár þröskuldurinn á að vera í hverju landi fyrir sig miðað við aðstæður og sjónarmið sem þar eru uppi. Að öllu jöfnu er þó æskilegast að þröskuldurinn verði ekki óþarflega hár þannig að sjónarmið minni hluta fái notið sín.

Þriðja markmiðið sem huga þarf að er að í kosningum er ekki síður verið að kjósa einstaklinga en flokka. Flokkar eru lýðræðinu ómissandi þar sem þeir birta þá stefnu sem tekist er á um í samfélaginu, þá valkosti sem í boði eru. Það eru flokkar sem mynda ríkisstjórnir, ekki einstaklingar. Prófkjör er sú aðferð sem flestir flokkarnir hafa notað á síðari árum til að velja einstaklinga á framboðslista. Kostir og gallar prófkjara eru vel þekktir. Auka þarf valfrelsi kjósenda um einstaklinga í kosningunum sjálfum.

Fjórða markmiðið er einfalt kosningakerfi sem allur almenningur skilur.

IV. Valkostir.

Draga má markmiðin sem rætt var um í III. kafla saman í eftirfarandi fimm meginmarkmið, sem síðan má nota til að bregða mælistiku á hina ýmsu kosti í kjördæma- og kosningamálum:

a. Atkvæði vegi jafnt milli flokka.
b. Atkvæði vegi jafnt milli kjördæma.
c. Kosningaathöfnin sjálf sé sem einföldust.
d. Reiknireglur séu auðskildar.
e. Kjósendur hafi valfrelsi.

Hér mætti einnig nefna almenn markmið á borð við valddreifingu og að hagsmunir heildarinnar eigi að ráða umfram sérhagsmuni.

Meðal þeirra valkosta sem bjóðast þegar kosningakerfi er valið eru:

1. **Kjördæmaskipting:** Hversu mörg kjördæmin skuli vera, allt frá einmenningskjördæmum til þess að allt landið sé eitt kjördæmi.

2. **Valfrelsi kjósenda:** Hér má nefna möguleika allt frá því að kjósandi megi aðeins krossa við lista til þess að kjósanda sé frjálst að velja einstaka frambjóðendur af fleiri en einum lista. Einnig má nefna rétt flokka til þess að bjóða fram fleiri en einn lista í sama kjördæmi (eins og leyft er í núverandi kosningalögum).
3. **Fjöldi þingmanna:** Þingmönnum mætti fækka ef óskað er, sérstaklega ef kjördæmum er fækkað í leiðinni. Fáir telja væntanlega ástæðu til að fjölga þingmönnum frá því sem nú er.
4. **Reiknireglur og þröskuldar:** Því stærri sem kjördæmin eru, því meiri ástæða er til að viðhafa þröskulda til að sporna við offjölgun smáflokka og tryggja starfhæft þing. Þannig má t.d. setja þann þröskuld að ekki séu færri en 2–3 þingmenn í hverjum þingflokki.

Hér á eftir verða skoðaðar nánar þrjár leiðir sem segja má að endurspegli í stórum dráttum þá kosti sem fyrir hendi eru til að leiðrétta misvægi atkvæða. Þær fela í sér a) fjölgun, b) fækkun eða c) óbreyttan fjölda kjördæma. Ákvörðun um fækkun þingmanna og sjálft kosningafyrirkomulagið, t.d. um frelsi kjósenda til að velja einstaka frambjóðendur, er að mestu óháð ákvörðun um æskilega kjördæmaskipan. Hér á eftir er þó í þágu samhengis lýst hugmyndum um fyrirkomulag í þeim efnum einnig.

Reynt er að meta mesta atkvæðamisvægi í hverju tilviki. Í dag er misvægið mest 1:3,1 milli Reykjavíkur og Vestfjarða, og er „flakkarinn“ þá ekki talinn með Vestfjarðaþingmönnum.

A. Óbreytt kjördæmaskipan.

Jafna má atkvæðavægi nokkuð að óbreyttri kjördæmaskipan með því að færa þingmenn til innan kjördæma. Samfara fækkun þingmanna má gera þetta á einfaldan hátt með því t.d. að fækka þingmönnum um einn í hverju kjördæmi og útrýma jafnframt „flakkaranum“. Á þennan máta yrðu þingmenn 54 og mesta misvægi yrði 1:2,6 milli Reykjavíkur og Vestfjarða.

Kostir: Sennilega einfaldasta jöfnunarleiðin í framkvæmd.

Ókostir: Misvægi atkvæða yrði eftir sem áður óviðunandi. Fækkun þingmanna úr 5 í 4 í helmingi kjördæmanna (Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Austurlandi) skapar erfið vandamál, t.d. verða aðrir flokkar en Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur fyrirsjáanlega þingmannslausir í nokkrum þessara kjördæma. Ekki er tekið á grundvallarástæðu misvægisins, sem liggur í kjördæmaskipaninni og hinum mikla stærðarmun sem er á kjördæmunum.

B. Fjölgun kjördæma í 11.

Þingmenn yrðu þrír úr hverju kjördæmi, eða 33 samtals, auk þess sem 20 þingmenn yrðu landskjörnir. Samtals yrðu þingmenn 53. Reykjavík væri skipt í þrjú kjördæmi og Reykjanesi í tvö.

Miðað við að landskjörnir þingmenn skiptust milli kjördæma í réttu hlutfalli við kjósendafjölda í hverju þeirra mundi misvægi verða mest milli núverandi Reykjaneskjördæmis og Vestfjarða, eða 1:2,7. Milli núverandi Reykjavíkurkjördæmis og Vestfjarða yrði misvægið 1:2,5. Til greina kæmi að minnka misvægið með því að skekkja úthlutunina Reykjavíkur- og Reykjaneskjördæmum í hag, en þá má segja að þau kjördæmi hafi í raun fleiri en þrjá fyrir fram úthlutaða kjördæmaþingmenn.

Kostir: Öll kjördæmi hefðu (a.m.k. í orði kveðnu) jafnmarga kjördæmakjörna þingmenn.

Ókostir: Misvægi atkvæða yrði enn óviðunandi. Kjördæmi yrðu eftir sem áður mjög misstór. Skipting Reyjavíkur í þrjú kjördæmi sprettur af tæknilegum ástæðum en ekki af raunverulegri þörf eða hagsmunum íbúa höfuðborgarinnar. Endurskoða þyrfti kjördæmamörk reglulega, e.t.v. fyrir hverjar kosningar.

C. Landið eitt kjördæmi.

Hugmyndin um eitt kjördæmi tryggir jöfnuð eftir búsetu og skoðunum. Gæta þarf að valfrelsi kjósenda milli einstakra frambjóðenda á listum, sem flestir yrðu nánast sjálfkjörnir nema einhvers konar prófkjör sé viðhaft, annaðhvort fyrir kosningar eða í kosningunum sjálfum. Margs konar leiðir eru færar í því efni, m.a. að kjósendum sé í sjálfsvald sett hvort þeir kjósi lista í heild eða einstaka frambjóðendur. Einnig má bjóða upp á val frambjóðenda af fleiri en einum lista og að flokkur geti boðið fram fleiri en einn lista (t.d. skipaðan frambjóðendum úr ákveðnum landshlutum, ef hann kýs svo). Hvert fyrirkomulag hefur sína kosti og galla. Jafnframt yrði eins og áður er getið að setja einhvers konar þröskuld, t.d. að þingflokkur sé aldrei minni en 2–3 þingmenn, til að slá á fjölda lítilla þingflokka.

Kostir: Nánast fullkomin jöfnun atkvæðavægis. Þingmenn væru formlega fulltrúar þjóðarinnar allrar. Þingmenn úr öllum flokkum nema Kvennalista, bæði úr dreifbýli og þéttbýli, hafa lýst stuðningi við hugmyndina.

Ókostir: Þarfnast vandaðrar kynningar og undirbúnings.

V. Landið eitt kjördæmi — punktar um útfærslu.

Ef landið er eitt kjördæmi þarf að huga að frelsi kjósenda til að velja og hafna einstökum frambjóðendum, annaðhvort í prófkjörum fyrir kosningar eða í kjörklefanum. Þetta má gera með ýmsum hætti. Lögbinda mætti prófkjör allra framboðslista sem færu fram samtímis, t.d. nokkrum vikum fyrir kosningar. Einfaldasta leiðin er þó sennilega sú að gera kjósendum kleift að merkja við einstaka frambjóðendur á kjörseðlinum, annaðhvort á einum lista eða mörgum („kjörbúðarfyrirkomulagið“).

Árið 1982 flutti Vilmundur Gylfason frumvarp á þingi um fyrirkomulag kosninga. Samkvæmt því geta kjósendur skipt atkvæði sínu. Þeir mega krossa á hefðbundinn hátt við flokkslista og deila þá atkvæðinu jafnt milli frambjóðenda listans. En þeir geta einnig valið að merkja við einstaklinga, einn eða fleiri, og ekki nauðsynlega af sama lista. Deilist þá atkvæði þeirra niður á þá einstaklinga sem þeir völdu. Heildarfylgi lista mælist sem samtala þeirra atkvæðabrota sem menn hans fá. Frambjóðendur hljóta kosningu af listum eftir atkvæðamagni hvers og eins.

Með þessari hugmynd er leitast við að sameina kosti persónukjörs og listakjörs. Sama markmið er haft að leiðarljósi t.d. á Írlandi, en þar er aðferðin mun flóknari.

Ástæða er til að árétta að ákvörðun um hvernig vali kjósenda skuli háttað er óháð ákvörðun um hvort landið eigi að vera eitt kjördæmi eða fleiri.

Viðauki — gagnrýni og andsvör.

Gagnrýni og andsvör um endurbætur í kjördæmamálum eru tekin saman í eftirfarandi töflu:

Gagnrýni	*Andsvör*
Misvægi atkvæða eftir búsetu er réttlætanlegt vegna aðstöðumunar kjósenda. Reykvíkingar hafa t.d. Alþingi og ráðuneyti innan seilingar.	1. Grundvallarmannréttindi eru ekki skiptimynt. 2. Aðstöðumunur vegna búsetu hefur minnkað stöðugt allt frá því að síminn kom til landsins og áfram á að vinna að því máli af krafti. Meðal nýlegra framfara á þessu sviði eru beint sjónvarp frá Alþingi, flutningur stofnana út á land, græn símanúmer, hringtenging ljósleiðarakerfis Pósts og síma, pappírslaus viðskipti og tölvupóstkerfi ríkisstofnana. 3. Atkvæðamisvægi milli t.d. Norðurlands eystra og vestra er nærri 1:2. Hvaða aðstöðumunur mundi skýra þetta misvægi? 4. Margvíslegur annar og í mörgum tilvikum meira aðkallandi aðstöðumunur er milli landsmanna, t.d. eftir efnahag og þjóðfélagsstöðu. Af hverju ætti að velja aðstöðumun eftir búsetu fremur en annan þegar kemur að vægi atkvæða?
Landsbyggðin tapar áhrifum á þingi; þingmenn verða langflestir af suðvesturhorni landsins ef landið verður eitt kjördæmi.	1. Flokkarnir munu eftir sem áður sjá sér hag í því að velja frambjóðendur af öllu landinu sem skírskota til fólks jafnt í dreifbýli sem þéttbýli. Helmingur atkvæða er í veði. 2. Þingmenn eiga að gæta heildarhagsmuna þjóðarinnar en ekki sérhagsmuna einstakra byggðarlaga. Einstök kjördæmi eða byggðarlög eiga ekki að hafa áhrif sem slík, heldur fólkið sem í þeim býr, eftir reglunni *einn maður — eitt atkvæði.*
Kjósendur munu missa tengsl við þingmenn ef landið verður eitt kjördæmi.	Stjórnmálamenn munu áfram beita öllum ráðum til að komast í tæri við kjósendur. Engin hætta er á að þeir gleymi þeim helmingi þjóðarinnar sem býr utan höfuðborgarsvæðisins. Ef „tengsl" þýða persónulega fyrirgreiðslu þingmanna er álitamál hvort að þeim sé mikill missir fyrir lýðræðið.
Ef landið verður eitt kjördæmi kallar það á meiri miðstýringu.	Eðlilegt er að gera landið að einu kjördæmi á sama tíma og vald er fært heim í hérað með öflugri sveitarfélögum og flutningi verkefna frá ríki til þeirra. Þessar sjálfsögðu og löngu tímabæru endurbætur á ísenskri stjórnskipan mynda samstæða heild til hagsbóta fyrir alla Íslendinga.
Það hlýtur að vera til auðveldari leið en að gera landið að einu kjördæmi. Þetta er allt of róttæk tillaga.	Það er ekki unnt að leiðrétta misvægi atkvæða svo nokkru nemi að óbreyttri kjördæmaskipan. Allar stærri breytingar eru tæknilega jafnerfiðar þar sem stjórnarskrárbreytingu þarf til, auk nýrra kosningalaga. Ef grannt er skoðað er bæði einfaldast og áhrifaríkast að gera landið að einu kjördæmi. Þingmenn úr öllum flokkum nema Kvennalista, bæði úr þéttbýli og dreifbýli, hafa opinberlega lýst stuðningi við hugmyndina. Auk þess hefur hugmyndin aðra grundvallarkosti og er í takt við þarfir íslensks þjóðfélags í dag. Í því umróti sem framundan er, m.a. á sviði utanríkis- og atvinnumála, er mikilvægt að Íslendingar séu á sama báti og leggist saman á árar. Að kveða niður kjördæmaríginn er góð byrjun.

795. Svar [379. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Bryndísar Guðmundsdóttur um kennara og leiðbeinendur í grunn- og framhaldsskólum.

1. *Hvert er hlutfallið milli grunnskólakennara og leiðbeinenda í fræðsluumdæmum landsins miðað við fullt stöðugildi annars vegar og fjölda kennara hins vegar?*

	Fjöldi	%	Stöðugildi	%
Reykjavíkurumdæmi				
Grunnskólakennarar	1.004	96,91	874,82	98,23
Leiðbeinendur	32	3,09	15,77	1,77
Reykjanesumdæmi				
Grunnskólakennarar	794	95,09	718,11	96,33
Leiðbeinendur	41	4,91	27,33	3,67
Vesturlandsumdæmi				
Grunnskólakennarar	200	80,32	181,68	84,87
Leiðbeinendur	49	19,68	32,39	15,13
Vestfjarðaumdæmi				
Grunnskólakennarar	87	51,78	82,82	55,97
Leiðbeinendur	81	48,22	65,18	44,03
Norðurlandsumdæmi vestra				
Grunnskólakennarar	127	64,79	112,50	71,55
Leiðbeinendur	69	35,21	44,73	28,45
Norðurlandsumdæmi eystra				
Grunnskólakennarar	321	77,54	267,07	82,91
Leiðbeinendur	93	22,46	55,05	17,09
Austurlandsumdæmi				
Grunnskólakennarar	183	70,38	147,50	77,27
Leiðbeinendur	77	29,62	43,40	22,73
Suðurlandsumdæmi				
Grunnskólakennarar	324	82,86	250,61	86,13
Leiðbeinendur	67	17,14	40,35	13,87
Landið allt				
Grunnskólakennarar	3.040	85,66	2.635,11	89,04
Leiðbeinendur	509	14,34	324,20	10,96

2. *Hvert er hlutfallið milli framhaldsskólakennara og leiðbeinenda í fræðsluumdæmum landsins miðað við fullt stöðugildi annars vegar og fjölda kennara hins vegar?*

	Fjöldi	%	Stöðugildi	%
Reykjavíkurumdæmi				
Framhaldsskólakennarar	588	80,99	713,19	87,72
Leiðbeinendur	138	19,01	99,79	12,28
Reykjanesumdæmi				
Framhaldsskólakennarar	168	73,36	199,52	81,46
Leiðbeinendur	61	26,64	45,42	18,54
Vesturlandsumdæmi				
Framhaldsskólakennarar	38	57,58	41,25	64,79
Leiðbeinendur	28	42,42	22,42	35,21

	Fjöldi	%	Stöðugildi	%
Vestfjarðaumdæmi				
Framhaldsskólakennarar	15	42,86	23,31	64,07
Leiðbeinendur	20	57,14	13,07	35,93
Norðurlandsumdæmi vestra				
Framhaldsskólakennarar	20	57,14	24,33	62,30
Leiðbeinendur	15	42,86	14,72	37,70
Norðurlandsumdæmi eystra				
Framhaldsskólakennarar	115	63,54	131,26	70,00
Leiðbeinendur	66	36,46	56,11	30,00
Austurlandsumdæmi				
Framhaldsskólakennarar	37	52,86	33,13	49,45
Leiðbeinendur	33	47,14	33,86	50,55
Suðurlandsumdæmi				
Framhaldsskólakennarar	72	64,29	80,98	67,15
Leiðbeinendur	40	35,71	39,61	32,85
Landið allt				
Framhaldsskólakennarar	1.053	72,42	1.246,97	79,32
Leiðbeinendur	401	27,58	325,00	20,68

3. *Hve margir leiðbeinendur á hvoru skólastigi fyrir sig starfa við stundakennslu?*

138 leiðbeinendur starfa við stundakennslu í grunnskóla og 106 leiðbeinendur í framhaldsskóla.

4. *Hve hátt hlutfall af sérkennslu á grunnskólastigi er í höndum sérkennara, sundurliðað eftir fræðsluumdæmum?*

	%
Reykjavíkurumdæmi	50,5
Reykjanesumdæmi	26,7
Vesturlandsumdæmi	46,8
Vestfjarðaumdæmi	41,7
Norðurlandsumdæmi vestra	21,1
Norðurlandsumdæmi eystra	32,9
Austurlandsumdæmi	27,8
Suðurlandsumdæmi	53,4

5. *Er í einhverjum tilvikum um það að ræða að leiðbeinendur stundi sérkennslu? Ef svo er, hve hátt hlutfall sérkennslunnar í hverju fræðsluumdæmi hafa leiðbeinendur með höndum?*

	%
Reykjavíkurumdæmi	0,0
Reykjanesumdæmi	2,4
Vesturlandsumdæmi	19,4
Vestfjarðaumdæmi	20,4
Norðurlandsumdæmi vestra	29,8
Norðurlandsumdæmi eystra	12,2
Austurlandsumdæmi	22,2
Suðurlandsumdæmi	0,0

6. Hvert er lægsta hlutfall leiðbeinenda annars vegar í grunnskóla og hins vegar í framhaldsskóla?

Lægsta hlutfall leiðbeinenda er í Reykjavík:
1,77% við grunnskóla og 12,28% við framhaldsskóla miðað við stöðugildi og
3,09% við grunnskóla og 19,01% við framhaldsskóla miðað við fjölda.

796. Frumvarp til laga [461. mál]

um Flugskóla Íslands hf.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

Samgönguráðherra skal heimilt að beita sér fyrir stofnun hlutafélags um rekstur flugskóla sem nefnast skal Flugskóli Íslands hf.

Í þessu skyni er ráðherra heimilt að leggja fram í reiðufé allt að 4 m.kr. sem hlutafé í hinu nýja félagi og kveðja aðra aðila til samstarfs um stofnun þess. Auk þess skal ráðherra heimilt að leggja félaginu til þann búnað sem Flugmálastjórn hefur nýtt til flugkennslu og verði hann metinn til hlutafjár.

2. gr.

Markmið skólastarfsins skal vera að veita menntun sem gerir nemendur hæfa til að taka að sér störf í þágu atvinnuflugs í samræmi við ákvæði laga og reglugerða um skírteini atvinnuflugmanna og áritana á þau. Samkvæmt því skal skólinn veita kennslu til undirbúnings prófa í atvinnuflugi.

Kennsla sú sem skólinn veitir skal miðast við öll stig atvinnuflugnáms og miða að því að búa nemendur undir próf loftferðaeftirlits Flugmálastjórnar til öflunar atvinnuflugréttinda í samræmi við gildandi reglur á hverjum tíma.

Flugskóli Íslands hf. skal leita samvinnu og samstarfs við aðra flugskóla um ákveðna kennsluþætti, einkum þá verklegu.

Skólinn skal sinna endurmenntun atvinnuflugmanna eftir því sem þörf krefur.

3. gr.

Þeir einir geta hafið nám í Flugskóla Íslands hf. sem:

1. uppfylla lágmarkskröfur um aldur og menntun, eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð,
2. fullnægja skilyrðum um andlegt og líkamlegt heilbrigði til að fá útgefið skírteini eða áritun atvinnuflugmanns.

Heimilt er að halda inntökupróf í Flugskóla Íslands hf. og gera tiltekinn prófárangur að skilyrði fyrir að geta hafið nám.

4. gr.

Þriggja manna stjórn, sem kosin skal á aðalfundi ár hvert, fer með yfirstjórn skólans.

Samgönguráðherra fer með eignarhlut ríkisins í félaginu og skipar hann meiri hluta stjórnar.

Stjórn skólans skipuleggur skólastarfið, ákvarðar tilhögun kennslu, undirbýr námskeið og stundaskrár og ákveður námsefni. Auk þess hefur stjórnin með höndum yfirstjórn annars þess sem varðar rekstur skólans. Hún ræður skólastjóra sem auk kennslu skal, sem framkvæmdastjóri, framfylgja ákvörðunum stjórnar. Stjórnin ræður kennara að skólanum í samráði við skólastjóra.

5. gr.

Samgönguráðherra skal beita sér fyrir gerð samnings milli ríkisins og hins nýja félags þar sem nánar skal kveðið á um það skólahald sem félagið á að sinna og hvernig greiðslum af hálfu ríkisins skuli háttað. Á fjárlögum hverju sinni skal síðan veita fé til að fullnægja skuldbindingum ríkisins samkvæmt samningnum.

Auk fjárframlaga samkvæmt samningi skólans við ríkið skal rekstur hans fjármagnaður með skólagjöldum nemenda. Stjórn skólans ákveður upphæð þeirra skólagjalda sem nemendum er gert að greiða.

6. gr.

Samgönguráðherra skal heimilt að selja hluti ríkisins í félaginu, en þó skal eignarhlutur ríkisins aldrei verða minni en 51% og enginn einn aðili annar en ríkissjóður eiga meira en 20% hlutafjár. Einnig skal ráðherra heimilt að taka þátt í hlutafjáraukningu sem ákveðin kann að verða á vettvangi félagsins samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga.

7. gr.

Stofnfund félagsins skal halda samkvæmt ákvörðun samgönguráðherra í samráði við þá sem hann kveður til samstarfs um stofnun hlutafélags um rekstur skólans. Fyrir stofnfundinn skal m.a. leggja drög að samþykktum félagsins.

Að öðru leyti en greinir í lögum þessum fer um stofnun og starfsemi Flugskóla Íslands hf. samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga.

8. gr.

Heimilt er samgönguráðherra að kveða nánar á um fyrirkomulag á kennslu til prófa í atvinnuflugi og um próftöku með reglugerð.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í samgönguráðuneytinu. Hafðar voru til hliðsjónar tillögur nefndar sem samgönguráðherra skipaði 2. október 1991. Nefndinni var m.a. falið að gera tillögur um framtíðarskipan kennslu til atvinnuflugprófs hér á landi. Í nefndinni áttu sæti Þórhallur Jósefsson, deildarstjóri í samgönguráðuneytinu, sem var formaður nefndarinnar, Grétar Óskarsson, framkvæmdastjóri loftferðaeftirlits Flugmálastjórnar, Skúli Jón Sigurðarson, deildarstjóri loftferðaeftirlits Flugmálastjórnar, Ólafur Arnarson frá menntamálaráðuneytinu, Ólafur W. Finnsson frá Félagi íslenskra atvinnuflugmanna og Hjálmar Árnason, skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Starfsmaður nefndarinnar var Davíð Stefánsson, deildarstjóri í samgönguráðuneytinu.

Flugráði var sent frumvarpið til umsagnar og kom fram í umsögn þess m.a. að rétt væri að leita álits starfandi flugskóla og flugrekenda á því hvað þeir teldu vera eðlilegt rekstrarform slíks skóla og hvort af þeirra hálfu væri áhugi á þátttöku í hlutafélagi um skólann.

Ráðuneytið ritaði öllum flugskólum og flugrekendum bréf 31. júlí 1995, alls 28 talsins, og spurði þá álits á framanrituðu. Fjórir aðilar svöruðu bréfi ráðuneytisins og tóku tveir flugrekendur afstöðu til rekstrarformsins. Flugleiðir hf. telja eðlilegt að skólinn verði í hlutafélagsformi fremur en að sett verði á laggirnar ný ríkisstofnun. Fyrirtækið segist reiðubúið að leggja slíku hlutafélagi lið í formi hlutafjár. Í bréfi félagsins kemur m.a. fram að það telji jafnframt eðlilegt að kostnaður við starfsemi skólans verði greiddur úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum hverju sinni en að öðru leyti standi skóla- og námsgjöld undir kostnaði. Í þessu sambandi er bent á að íslenska ríkið stendur nær alfarið straum af kostnaði við grunnmenntun langflestra starfsstétta og að ekki séu forsendur til að undanskilja bóklegt nám atvinnuflugmanna.

Hinn aðilinn, sem tók afstöðu til rekstrarforms skólans, er Flugfélag Norðurlands hf. Félagið telur eðlilegast að skólinn verði alfarið í eigu ríkisins og rekinn af ríkinu. Rök félagsins eru þau að þar sem Ísland sé lítill „markaður" gæti reynst erfitt fyrir einkaaðila að skapa nægilega góða kennsluaðstöðu með hæfum kennurum við skólann. Félagið telur ekki rúm fyrir fleiri en einn slíkan skóla hér á landi „en samkeppni hlýtur að vera forsenda þess að um einkarekstur verði að ræða í þessari grein".

Ráðuneytið er þeirrar skoðunar að kostir hlutafélagsformsins séu verulegir umfram ríkisrekstur á þessu sviði. Þar sem loftferðaeftirlit Flugmálastjórnar hefur eftirlit með flugskólum samkvæmt reglugerð og Flugmálastjórn fer með framkvæmd og umsjón prófa og útgáfu atvinnuskírteina er talið rétt að höggva á þau nánu rekstrarlegu tengsl sem verið hafa milli Flugmálastjórnar og skólans með stofnun hlutafélags um Flugskóla Íslands.

Annars staðar á Norðurlöndunum hafa ríkisreknir flugskólar ýmist verið lagðir niður eða yfirteknir af einkaaðilum eða her viðkomandi ríkja, nema í Noregi þar sem er ríkisrekinn flugskóli fyrir atvinnuflugmenn, en áform eru uppi um að leggja hann niður.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að stofnað verði hlutafélag um rekstur Flugskóla Íslands. Meginástæðan er sú að með því rekstrarformi er aðilum, sem hagsmuna eiga að gæta varðandi rekstur skólans, gefinn kostur á að gerast eignaraðilar að skólanum og hafa þannig áhrif á stefnu hans og viðgang. Gert er ráð fyrir að fyrst um sinn verði skólinn í meirihlutaeigu ríkisins og að samgönguráðherra fari með eignarhlut þess. Í því skyni er ráðherra veitt heimild til að leggja fram í reiðufé allt að 4 m.kr. Þessu til viðbótar er ráðherra heimilt að leggja félaginu til þann búnað sem Flugmálastjórn hefur nýtt til flugkennslu og verði hann metinn til hlutafjár. Hér er fyrst og fremst um að ræða þau tæki sem Flugmálastjórn hefur látið skólanum í té, svo sem flughermi.

Skólinn skal veita menntun til prófa í atvinnuflugi í samræmi við reglur sem samgönguráðherra setur.

Um 2. gr.

Markmiðið með starfsemi Flugskóla Íslands hf. er að veita nemendum bestu menntun sem völ er á hverju sinni. Skólinn mun veita menntun á öllum stigum atvinnuflugnáms og stefnt er að því að nemendur útskrifist með skírteini sem viðurkennd verði af Samtökum loftferðaeftirlita í Evrópu, Joint Aviation Authorities (JAA), og öðlist með því réttindi í öllum aðildarríkjum JAA. Þessi samtök vinna að setningu reglna um flugskóla sem eiga að skilgreina hvaða kröfur þeir skuli uppfylla til þess að framangreindu markmiði verði náð. Í þessum samtökum eru öll ESB-ríkin, svo og EFTA-ríkin. Reglurnar liggja fyrir í lokadrögum og er gert ráð fyrir að þær taki gildi hér á landi innan fárra ára.

Samkvæmt væntanlegum reglum JAA er það lykilatriði að bókleg og verkleg kennsla haldist í hendur. Stytta má atvinnuflugnám verulega ef bóklega og verklega námið er samhæft og hefur hlotið viðurkenningu loftferðaeftirlits Flugmálastjórnar sem ein heild. Slíkt er óhjákvæmilegt nema með samvinnu af þessu tagi. Í þessari grein er því ákvæði um að Flugskóli Íslands hf. skuli hafa samvinnu við aðra flugskóla um tiltekna þætti kennslunnar og er verklegi þátturinn sérstaklega nefndur. Enda þótt gert sé ráð fyrir því að höfuðverkefni skólans verði kennsla í bóklegum þáttum atvinnuflugnámsins er ekki loku fyrir það skotið að skólinn veiti verklega kennslu. Ekki er gert ráð fyrir að skólinn eigi kennsluvélar heldur semji hann við aðra starfandi flugskóla sem kenna til einkaflugprófs um afnot af flugvélum eða um aðra þjónustu. Ef Flugskóli Íslands hf. ætti að koma sér upp kennsluvélum yrði það afar kostnaðarsamt. Stofnkostnaður við flugvélar, flugskýli og búnað þess, er hár auk þess sem búast má við miklum rekstrarkostnaði. Því er gert ráð fyrir þeim möguleika að skólinn geti samið um afnot á slíkum vélum fyrir hönd nemenda sinna við framangreinda flugskóla, svo og um störf flugkennara. Þar sem nemendur í flugnámi greiða sjálfir kostnað af verklegu námi er talið eðlilegt að þeir eigi kost á að semja sjálfir um flugvélar eða leggja til eigin vélar, enda verði skilyrðum skólans að öllu leyti fullnægt.

Eitt af verkefnum skólans er að sinna endurmenntun atvinnuflugmanna eftir því sem þörf er á. Í þessu sambandi er hugsanlegt að skólinn taki að sér kennslu eða þjálfun fyrir flugrekendur og Flugmálastjórn.

Um 3. gr.

Þessi grein kveður á um skilyrði sem þeir aðilar þurfa að uppfylla sem óska inngöngu í skólann. Í fyrsta lagi þurfa þeir að uppfylla lágmarkskröfur um aldur og menntun eftir því sem nánar segir í reglugerð um skírteini gefin út af Flugmálastjórn, nú reglugerð nr. 344/1990, sbr. reglugerðir um breytingar á henni nr. 19/1995 og nr. 71/1996. Í grein 7.2.10 segir að „rétt til bóklegs atvinnuflugnáms hefur hver sá, sem náð hefur 17 ára aldri, lokið bóklegu og verklegu einkaflugnámi og er handhafi einkaflugmannsskírteinis.“ Í öðru lagi þurfa umsækjendur um skólavist að fullnægja skilyrðum framangreindrar reglugerðar um andlegt og líkamlegt heilbrigði til þess að fá útgefið skírteini eða áritun atvinnuflugmanns.

Í niðurlagsákvæðum þessarar greinar er skólanum heimilað að halda inntökupróf og gera tiltekinn prófárangur að skilyrði til að geta hafið nám. Gert er ráð fyrir að yfirstjórn skólans ákveði fjölda nemenda með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni.

Um 4. gr.

Hér er gert ráð fyrir að sérstök stjórn sé kosin af hluthöfum á aðalfundi ár hvert til að fara með yfirstjórn skólans. Stjórnina skipa þrír menn. Hún á að hafa hlutverk í sam-

ræmi við hlutverk stjórna hlutafélaga, þ.e. að hafa yfirumsjón með allri starfsemi skólans, gera áætlanir og ráða í stöður við skólann. Stjórnin annast alla samningsgerð skólans, t.d. afnot af flugvélum og samstarf við aðra flugskóla. Hún ákveður námsefni, tilhögun kennslu og stundaskrá, inntökuskilyrði, nemendafjölda, gerir fjárhagsáætlanir, ákveður skólagjöld, sér um að skólinn starfi í samræmi við gildandi lög og reglur o.s.frv.

Um 5. gr.

Hér er gert ráð fyrir að kostnaður við starfsemi skólans verði greiddur samkvæmt ákvæðum sérstaks samnings sem samgönguráðherra skal beita sér fyrir að verði gerður milli skólans og ríkisins. Jafnframt verði rekstur skólans fjármagnaður með skólagjöldum, en á grundvelli nefnds samnings verði á fjárlögum hvers árs veitt fé að því marki sem skóla- og námsgjöld hrökkva ekki til. Nefndin um málefni flugskóla, sem vitnað er til hér að framan, lagði til að fjárveitingin samsvari því sem greitt er til sérskóla að loknu stúdentsprófi miðað við nemendafjölda. Fjárveitingin verði þó eigi lægri en sem nemur launakostnaði skólastjóra og kennara á hverju námsári, en nánar verður þetta að ráðast af ákvæðum samningsins.

Um 6. gr.

Þrátt fyrir að hér sé gert ráð fyrir að samgönguráðherra verði veitt heimild til að selja hluti ríkisins í félaginu er því þó slegið föstu að eignaraðild ríkisins verði aldrei minni en 51% og að enginn einn aðli annar en ríkið eigi meira en 20% hlutafjár í félaginu.

Þá er í greininni heimild til handa samgönguráðherra til að taka þátt í hlutafjáraukningu sem ákveðin kann að verða á grundvelli hlutafélagalaga og kann að reynast nauðsynleg, t.d. af ástæðum sem varða rekstur skólans. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að áskilið er að fjárveitingar í þessu skyni séu tryggðar samkvæmt fjárlagaheimildum.

Um 7. gr.

Ekki þykir rétt að tímasetja stofnfundardag félagsins í lögum heldur er það lagt í vald ráðherra og þeirra sem hann kveður til samstarfs um stofnun félagsins að ákveða stofnfundardaginn, m.a. með tilliti til þess hvernig undirbúningi miðar áfram.

Þá mun það ráðast af undirtektum flugrekenda og annarra sem leitað verður til um samstarf hvert hlutafjárframlag ríkisins þarf að verða og er rétt að ætla nokkurn tíma til undirbúnings og öflunar fjárveitingarheimilda í þessu skyni.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Flugskóla Íslands hf.

Í frumvarpinu er lagt til að stofnað verði hlutafélag um rekstur Flugskóla Íslands og að samgönguráðherra verði heimilt að leggja fram allt að 4 m.kr. fyrir hönd ríkissjóðs. Einnig er kveðið á um að ráðherra sé heimilt að leggja félaginu til þann búnað sem Flugmálastjórn hefur nýtt til flugkennslu, þar með talinn flughermir og verði hann metinn til hlutafjár. Áætlað er að verðmæti þessa búnaðar sé um 2 m.kr. og verður því eignarhlutur ríkisins í hinu nýja félagi allt að 6 m.kr.

Allt frá því að Flugskóli Íslands hóf starfsemi að nýju 1993 hefur hann fengið fast framlag á fjárlögum. Mismun framlagsins og rekstrarkostnaðar hefur skólinn fjármagnað með sértekjum, þar með töldum skólagjöldum. Í fjárlögum ársins 1996 er ráðgert að verja 10,4 m.kr. til reksturs skólans. Ef sá samningur, sem kveðið er á um í 5. gr. frumvarpsins, kveður á um óbreytta stefnu, fast 10,4 m.kr. árlegt ríkisframlag sem taki breytingum til samræmis við uppfærslu verðlags í fjárlögum, þá hefur löggilding frumvarpsins ekki annan kostnaðarauka í för með sér en þann sem felst í bindingu áðurnefnds hlutafjár.

797. Frumvarp til laga [462. mál]

um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón Guðmundsson.

1. gr.

Við 7. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Telji útgerð skips að ekki náist að veiða upp í úthlutað aflamark skips af einhverri tegund skal útgerðin tilkynna Fiskistofu um hve mikið af aflamarki tegundarinnar hún hyggst ekki nýta á fiskveiðiárinu. Aflamarki hverrar tegundar sem þannig er skilað til Fiskistofu skal úthlutað á fiskveiðiárinu, gegn umsýslugjaldi er renni í ríkissjóð, til skipa í eigu útgerða sem óska eftir viðbótarveiðiheimildum í viðkomandi tegundum. Aflamarki tegunda, sem ekki nýtast á fiskveiðiárinu og ekki er heimilt að flytja milli ára skv. 12. gr., skal í byrjun næsta fiskveiðiárs úthlutað gegn umsýslugjaldi jafnt milli skipa í eigu útgerða sem óska eftir viðbótarveiðiheimildum í viðkomandi tegundum.

Umsýslugjald skal miðast við 5% af meðalverði viðkomandi tegundar á fiskmörkuðum innan lands á síðastliðnu fiskveiðiári.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Við eigendaskipti að fiskiskipi fylgir aflahlutdeild þess.

b. 6. mgr. fellur brott.

3. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að skipta á aflamarki milli skipa, enda sé um jöfn skipti á tegundum að ræða að mati Fiskistofu. Þó er óheimilt að skipta aflamarki þeirra tegunda sem skipið fær til sín samkvæmt ákvæði 5. mgr. 7. gr. í lögum þessum.

Tilkynna skal Fiskistofu fyrir fram um skipti á aflamarki tegunda milli skipa og eru skiptin ekki heimil fyrr en Fiskistofa hefur staðfest móttöku tilkynningar um þau frá þeim sem hlut eiga að máli.

Annar flutningur á aflamarki milli skipa er óheimill.

4. gr.

Ákvæði til bráðabirgða V í lögunum fellur brott.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1996.

Greinargerð.

Það frumvarp til laga sem hér er lagt fram hefur þann tilgang að afnema að mestu leyti heimildir til framsals veiðiheimilda samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að veiðiheimildum, sem ekki veiðast á fiskveiðiárinu, verði skilað til Fiskistofu og þeim síðan úthlutað til annarra skipa gegn umsýslugjaldi. Jafnframt er gert ráð fyrir að veiðiheimildum, sem eru ónýttar í lok fiskveiðiársins, verði úthlutað á næsta fiskveiðiári gegn umsýslugjaldi. Markmið frumvarpsins er að einfalda og auka skilvirkni gildandi kerfis um stjórn fiskveiða og renna þannig stoðum undir almennari þjóðarsátt þar um.

Framsal veiðiheimilda á grundvelli heimilda í lögum um stjórn fiskveiða hefur verið gagnrýnt látlaust á undanförnum árum. Gagnrýnin hefur verið færð fram af mörgum samtökum, félögum og einstaklingum úr öllum þjóðfélagshópum. Vafasamt er að þjóðarsátt sé um gildandi kerfi um stjórn fiskveiða, hvað þá heldur almenn sátt um framsal veiðiheimilda.

Yfirlýstur tilgangur með setningu laga um stjórn fiskveiða var af tvennum toga. Í fyrsta lagi átti kerfið að tryggja að heildarafli tegunda í kvóta skyldi vera innan þeirra marka sem stjórnvöld ákvæðu hverju sinni. Í öðru lagi var reiknað með að kerfið leiddi til aukinnar hagkvæmni í sjávarútvegi þar sem það mundi með sjálfvirkum hætti leiða til að afkastageta fiskiskipaflotans aðlagaðist afrakstursgetu fiskistofnanna við landið. Það sem átti að koma í kring þessari aðlögun var fyrst og fremst frjálst framsal veiðiheimilda og þröngar takmarkanir á aukinni veiðigetu fiskiskipaflotans, sbr. ákvæði um úreldingu fiskiskipa í samræmi við stækkun annarra fiskiskipa.

Afar erfitt er að mæla hreinan ávinning í sjávarútvegi, ef einhver er, af framsali veiðiheimilda þar sem taka verður tillit til ýmiss konar kostnaðar sem framsalið leiðir af sér. Í þessu sambandi ber að nefna beinan viðskiptakostnað samhliða samningum og umsjón með tilfærslum veiðiheimilda milli aðila, en fjöldi tilfærslna á hverju fiskveiðiári er mjög mikill. Þessi miklu umsvif með framsali veiðiheimilda hafa kallað á síaukið opinbert eftirlit til að sjá um að farið sé að lögum. Þá ber að nefna að framsal veiðiheimilda hefur í för með sér óbeinan kostnað sem stafar af miklu óöryggi í rekstri fyrirtækja og framfærslu heimila í þéttbýli á landsbyggðinni sem byggir afkomu sína fyrst og fremst á sjávarútvegi. Einnig ber að tilgreina tvö allsherjarverkföll sjómanna á fiskiskipum á undanförnum árum. Verkföllin má að stærstum hluta rekja til óánægju sjómanna með versnandi hlutskipti sitt þar sem þeir hafa nauðugir viljugir verið látnir taka þátt í kostnaði við kaup á veiðiheimildum. Þessi nauðung virðist enn eiga sér víða stað þrátt fyrir setningu nýrra ákvæða í ýmsum lögum til að spyrna við þessum gjörningum.

Eins og áður segir er vafasamt að framsal veiðiheimilda hafi skilað sjávarútveginum þeim ávinningi sem upphaflega var reiknað með. Hins vegar bendir ýmislegt til þess að framsalið leiði til aukins kostnaðar fyrir greinina og þjóðarbúið í heild. Ef heldur áfram sem horfir með óbreytt kerfi um stjórn fiskveiða má búast við vaxandi ósætti meðal þjóðarinnar í afstöðu hennar til kvótakerfisins. Við slíkar aðstæður verður ekki unað til langframa og er því nauðsynlegt að lögum um stjórn fiskveiða verði breytt þannig að sem flestir geti sætt sig við þau. Það er meginmarkmið frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er um að ræða ný ákvæði um að útgerð geti skilað Fiskistofu veiðiheimildum sem ekki verða nýttar á fiskveiðiárinu og verði þeim þá úthlutað til annarra skipa gegn umsýslugjaldi. Jafnframt er gert ráð fyrir að veiðiheimildum, sem ekki nýttust á fiskveiðiárinu, verði úthlutað á næsta fiskveiðiári. Þessi úthlutun miðast við aflahlutdeild viðkomandi tegundar sérhvers skips. Ef einhverjar útgerðir óska ekki eftir úthlutun þessara veiðiheimilda skal úthluta þeim jafnt milli skipa í eigu útgerða sem óska eftir viðbótarveiðiheimildum. Fyrir veiðiheimildir sem úthlutað er með þessum hætti greiða útgerðir sérstakt umsýslugjald er renni í ríkissjóð.

Þetta eru ný ákvæði og nauðsynleg til að tryggja að auðlindin verði nýtt á sem hagkvæmastan hátt.

Um 2. gr.

Í a-lið er tekinn af allur vafi um að aflahlutdeild fylgir skipi við sölu þess innan lands. Þetta ákvæði á augljóslega ekki við þegar skip er selt úr landi eða það úrelt. Komi annað skip í stað þess sem úrelt var eða selt úr landi skal aflahlutdeild flytjast til þess. Þannig er ekki gert ráð fyrir því að rýra veðhæfni skips þar sem útgerðin, sem átti skipið eða keypti það, heldur ávallt aflahlutdeild skipsins.

Þar sem frumvarpið veldur því að hvorki má leigja kvóta innan ársins né færa varanlega hluta af aflamarki milli skipa er sjálfgefið að 6. mgr. 11. gr. núgildandi laga falli brott, eins og kveðið er á um í b-lið.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um að ávallt sé öllum frjálst að skipta á jöfnum heimildum af þeim tegundum sem aflamarki sæta. Fiskistofa skal leggja mat á það hvort hér sé um jöfn skipti að ræða, ella væri þarna opin leið til þess að greiða fyrir mismun verðmætis, en frumvarpinu er einmitt ætlað að koma í veg fyrir það óeðlilega verslunarkerfi sem viðgengist hefur undanfarin ár samfara því ósætti sem „kvótabraskið“ hefur valdið.

Þá er jafnframt tekið fyrir það í 1. mgr. greinarinnar að skip, sem fær til sín aflaheimildir í tegund gegn greiðslu umsýslugjalds vegna vöntunar í þeirri tegund, noti þá tegund í skiptimynt í jöfnum skiptum enda markmið frumvarpsins að fái menn til sín aflaheimildir eða sé úthlutað þeim nýti þeir þær sjálfir. Það samrýmist einnig vel þeim meginmarkmiðum kvótakerfisins að jafna veiðiheimildum til þeirra sem þurfa þeirra með vegna verkefnisskorts og skömmtunar aðgangs að afla innan kvótakerfisins.

Loks er tekið fram að önnur skipti en jöfn séu óheimil. Fiskistofa staðfestir að flutningur sé heimill í jöfnum skiptum.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

798. Frumvarp til laga [463. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

Liðurinn *Létt bifhjól* í 2. gr. laganna orðast svo:

Bifhjól sem búið er brunahreyfli sem ekki er yfir 50 rúmsentimetrar að slagrúmmáli eða búið rafhreyfli og er eigi hannað til hraðari aksturs en 45 km á klst.

2. gr.

Orðin „eða sýsluvegi“ í 2. málsl. 2. mgr. 34. gr. laganna falla brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 50. gr. laganna, sbr. lög nr. 44/1993:

a. Í stað orðsins „vörubifreið“ a-lið 1. mgr. kemur: bifreið, þó ekki hópbifreið.
b. Í stað orðanna „a.m.k. 750 kg“ og „er innan við 3.500 kg“ í c-lið 1. mgr. kemur: meira en 750 kg, og: fer ekki yfir 3.500 kg.

4. gr.

2. mgr. 54. gr. laganna orðast svo:

Dómsmálaráðherra getur ákveðið að ökuskírteini útgefin í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, eða í öðru ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu, gildi hér á landi, samkvæmt nánari reglum, einnig eftir að skírteinishafi hefur sest hér að.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 55. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „eða til að mega stjórna bifhjóli“ í 3. mgr. kemur: eða til að mega stjórna bifreið eða bifhjóli.
b. 4. mgr. orðast svo:

Enginn má stjórna torfærutæki nema hann hafi gilt ökuskírteini til að mega stjórna bifreið.

6. gr.

Í stað orðanna „a.m.k. 750 kg“ í 1. mgr. 63. gr. laganna, sbr. lög nr. 44/1993, kemur: meira en 750 kg.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 81. gr. laganna:

a. Orðin „skv. V. kafla vegalaga“ í 1. mgr. falla brott.
b. Orðin „eða sýsluveg“ í 2. mgr. falla brott.
c. Orðin „sbr. V. kafla vegalaga“ í 3. mgr. falla brott.

8. gr.

Orðin „og sýsluveg“ í 85. gr. laganna falla brott.

9. gr.

2. mgr. 113. gr. laganna, sbr. lög nr. 12/1992, orðast svo:

Aðra fulltrúa í Umferðarráð skipar ráðherra samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.

10. gr.

4. mgr. 114. gr. laganna orðast svo:

Dómsmálaráðherra getur skipað sérstaka rannsóknarnefnd umferðarslysa. Nefndarmenn skulu hafa sérfræðiþekkingu sem varðar umferðarlöggjöf, löggæslu, slysalækningar, umferðarskipulag, bifreiðatækni og vátryggingar. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um starfsemi nefndarinnar.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1996.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar á umferðarlögunum. Breytingarnar varða einkum tvö atriði, þ.e. aðlögun að tilskipun Evrópusambandsins um ökuskírteini og breytingar er tengjast gildistöku nýrra vegalaga.

1. Tilskipun Evrópusambandsins nr. 91/439/EBE um ökuskírteini var tekin inn í reglukerfi EES-samningsins með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar 21. mars 1994, svo sem fram kom í tillögu til þingsályktunar sem lögð var fram á 117. löggjafarþingi 1993–94 (547. mál, þskj. 841).

Tilskipunin kveður á um gagnkvæma viðurkenningu ökuskírteina sem gefin eru út í aðildarríkjunum, án tillits til búsetu skírteinishafa. Í því sambandi er byggt á samræmdri flokkun ökuréttinda og samræmdum reglum um skilyrði fyrir útgáfu ökuskírteinis, svo sem að því er varðar lágmarksaldur, um þekkingu, leikni og hæfni og um líkamlegt og andlegt hæfi. Ákvæði tilskipunarinnar eiga að vera komin til framkvæmda í aðildarríkjunum 1. júlí 1996. Í sérstökum viðauka við tilskipunina er gert ráð fyrir að tekið verði upp samræmt form á ökuskírteinum, sex blaðsíðna pappírsskírteini. EFTA-ríkin fengu undanþágu frá því að taka þetta skírteinisform upp og var miðað við að sameiginlega EES-nefndin hefði endurskoðað þá ákvörðun fyrir 1. júlí 1994. Þessu hefur síðan verið frestað til 31. desember 1997. Á vegum ESB hefur um nokkurt skeið verið unnið að mótun nýs forms fyrir ökuskírteini. Er þar gert ráð fyrir að skírteinin verði gerð úr plasti, af svipaðri gerð og greiðslukort. Gert hefur verið ráð fyrir að sú gerð ökuskírteina verði viðurkennd innan ESB frá 1. júlí 1996. Hafinn er undirbúningur að því að íslensk ökuskírteini verði í formi plastkorts.

Af ákvæðum tilskipunarinnar leiðir að breyta þarf skilgreiningu umferðarlaganna á léttu bifhjóli. Þá þarf að kveða á um gildi ökuskírteina útgefinna í EES-löndunum (öðrum en Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð) hér á landi eftir að viðkomandi hefur sest hér að. Að auki eru lagðar til orðalagsbreytingar á 50. og 63. gr. laganna til frekara samræmis við tilskipunina. Að öðru leyti samrýmist tilskipunin ákvæðum umferðarlaganna.

2. Með vegalögum, nr. 45 6. maí 1994, var skilgreiningu þjóðvega breytt. Jafnframt hefur verið felld niður sú flokkun á þjóðvegum í kaupstöðum og kauptúnum sem var í V. kafla eldri vegalaga. Þá hefur orðið sú breyting að sýsluvegir eru ekki lengur sérstakur flokkur vega. Skv. 7. gr. vegalaga eru þjóðvegir nú „þeir vegir sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar, haldið er við af fé ríkisins og upp eru taldir í vegáætlun, safnvegaáætlun og landsvegaskrá“, svo sem nánar greinir í 8. gr. laganna. Í 9. gr. laganna eru almennir vegir og einkavegir skilgreindir. Eru almennir vegir „þeir vegir sem ekki teljast þjóðvegir en eru í eigu opinberra aðila og eru ætlaðir almenningi til frjálsrar umferðar“. Einkavegir „eru þeir vegir sem ekki teljast þjóðvegir og eru kostaðir af einstaklingum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum“. Samkvæmt þessu munu vegir í þéttbýli almennt falla undir hugtakið almennir vegir.

Af þessu leiðir að breyta þarf ákvæðum umferðarlaga sem víkja að sýsluvegum og þjóðvegum skv. V. kafla eldri vegalaga.

Auk þess sem hér hefur verið greint er lagt til að gerðar verði nokkrar aðrar breytingar á umferðarlögunum. Eru þær þessar:

a. Lagt er til að 3. mgr. 55. gr. verði breytt þannig að réttindi til að stjórna bifreið feli sjálfkrafa í sér rétt til að stjórna léttu bifhjóli.
b. Lagt er til að 4. mgr. 55. gr. verði breytt þannig að enginn megi stjórna torfærutæki nema hafa gilt ökuskírteini til að mega stjórna bifreið. Í þessu felst að lágmarksaldur til að stjórna torfærutæki verður 17 ár í stað 15.
c. Lagt er til að 2. mgr. 113. gr. verði breytt þannig að dómsmálaráðherra verði veitt heimild til að ákveða í reglugerð nánari skipun Umferðarráðs.
d. Lagt er til að 4. mgr. 114. gr. verði breytt að því er varðar sérstaka rannsóknarnefnd umferðarslysa og að ráðherra verði fengið rýmra vald um fjölda nefndarmanna og um skipun og skipulag nefndarinnar að öðru leyti.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að skilgreiningu létts bifhjóls verði breytt þannig að ökutækjaflokkurinn takmarkist eingöngu af slagrúmmáli og mögulegum hámarkshraða að því er varðar bifhjól með brunahreyfli. Þá er lagt til að skilgreiningin taki einnig til bifhjóla með rafhreyfli með sama mögulegum hámarkshraða. Er þetta til samræmis við tilskipun Evrópusambandsins nr. 91/ 439/EBE um ökuskírteini. Þá er lagt til að hámarkshraði létts bifhjóls verði 45 km á klst. til samræmis við tilskipun Evrópusambandsins nr. 92/61/EBE um gerðarviðurkenningu bifhjóla.

Um 2. gr.

Lagt er til að tilvísun til sýsluvega falli brott, enda er sú flokkun vega ekki lengur til.

Um 3. gr.

Lagt er til að ökuréttindaflokkur skv. a-lið 1. mgr. 50. gr. miðist við bifreið sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd almennt en takmarkist ekki við vörubifreiðir einar. Þó er gert ráð fyrir að réttindaflokkur hópbifreiða haldist óbreyttur. Jafnframt er lagt til að notað verði orðalagið „meira en 750 kg“ í stað „a.m.k. 750 kg“ og „fer ekki yfir 3.500 kg“ í stað „er innan við 3.500 kg“. Eru breytingar þessar í samræmi við orðanotkun í tilskipun Evrópusambandsins um ökuskírteini.

Um 4. gr.

Tilskipun Evrópusambandsins um ökuskírteini kveður á um að ökuskírteini, sem gefin eru út í aðildarríkjunum, skuli viðurkennd gagnkvæmt af þeim ríkjum. Sú viðurkenning skal gilda hvort heldur um er að ræða skemmri dvöl í öðru ríki en því sem gaf ökuskírteinið út eða fasta búsetu þar. Samkvæmt umferðarlögum er dómsmálaráðherra nú eingöngu heimilt að ákveða að ökuskírteini útgefin í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð gildi við þessar aðstæður hér á landi.

Um 5. gr.

Lagt er til að 3. mgr. 55. gr. verði breytt þannig að í ökuréttindum til að stjórna bifreið felist jafnframt réttur til að stjórna léttu bifhjóli án þess að til þess þurfi sérstakt próf. Jafnframt er lagt til að 4. mgr. 55. gr. verði breytt þannig að réttur til að stjórna torfærutæki verði bundinn við þá sem hafa rétt til að stjórna bifreið. Þetta felur í sér að lágmarksaldur til að stjórna torfærutæki færist úr 15 árum í 17. Rökin fyrir þessari tillögu eru þau að torfærutæki, einkum vélsleðar, eru almennt mun aflmeiri en þegar gildandi ákvæði voru sett. Standa ekki rök til þess að ungmenni, sem ekki hafa reynslu af akstri, öðlist réttindi á þessi ökutæki með því einu að öðlast réttindi til að stjórna léttu bifhjóli sem er mun aflminna en torfærutækin. Er ákvæðið í þessu horfi í samræmi við fyrirkomulag réttinda til að stjórna vinnuvél.

Breyting á 4. mgr. 55. gr. er í samræmi við tillögu í greinargerð með tillögu til þingsályktunar um stefnumótun er varðar aukið umferðaröryggi og framkvæmdaáætlun sem samþykkt hefur verið á Alþingi.

Um 6. gr.

Lagt er til að þyngdarviðmiðun eftirvagns breytist í samræmi við breytingar á 50. gr. laganna.

Um 7. gr.

Lagt er til að tilvísun til V. kafla vegalaga falli brott þar sem sú flokkun þjóðvega, sem þar var, er fallin brott. Sama gildir um tilvísun til sýsluvega.

Um 8. gr.

Lagt er til að tilvísun til sýsluvega falli brott, enda er sú flokkun vega ekki lengur til.

Um 9. gr.

Í 2. mgr. 113. gr. laganna er lögfest hvaða stofnanir og samtök eiga rétt á að tilnefna fulltrúa í Umferðarráð. Lagt er til að tilnefningarheimild þessi verði framvegis ekki bundin í lögum heldur verði kveðið á um hana í reglugerð. Reynslan hefur sýnt að breytingar hafa orðið á stofnunum og samtökum sem hafa mátt tilnefna fulltrúa í Umferðarráð. Með þeirri breytingu, sem hér er lögð til, verður mun viðurhlutaminna að bregðast við slíkum breytingum en nú er.

Um 10. gr.

Lagt er til að ákvæði umferðarlaganna um rannsóknarnefnd umferðarslysa verði breytt þannig að ráðherra hafi á valdi sínu hverju sinni hversu marga aðila hann skipar í rannsóknarnefnd. Fulltrúar skulu hins vegar hafa yfir að ráða viðeigandi sérþekkingu. Þá er lagt til að numið verði úr lögum að Umferðarráð skuli hafa eftirlit með störfum nefndarinnar. Rétt er að taka fram að slíkri rannsóknarnefnd er ekki ætlað að yfirtaka lögbundið rannsóknarhlutverk lögreglu samkvæmt réttarfarslögum.

Um 11. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. júlí 1996 og er þá einkum miðað við að ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins 91/439/EBE um ökuskírteini eiga þá að hafa öðlast gildi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

Frumvarpið felur í sér breytingar á núgildandi lögum sem eru af þrennum toga.

Í fyrsta lagi er ákvæðum breytt til að laga lögin að tilskipun Evrópusambandsins um ökuskírteini. Tilskipunin kveður á um að aðildarríkin viðurkenni ökuskírteini hvert annars án tillits til búsetu. Samkvæmt núgildandi lögum getur dómsmálaráðherra ákveðið að ökuskírteini útgefin í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð gildi hér á landi. Í 4. gr.

frumvarpsins er kveðið á um að þessi heimild nái einnig til ríkja sem eru aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Ákvæðið hefur eitt og sér ekki áhrif á kostnað ríkissjóðs en þess má geta að í sérstökum viðauka við tilskipunina er gert ráð fyrir að tekið verði upp samræmt form á ökuskírteinum og er hafinn undirbúningur að breytingu íslenskra ökuskírteina. Kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir.

Í öðru lagi eru gerðar breytingar er tengjast skilgreiningum í nýjum vegalögum og hafa ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Að lokum eru lagðar til breytingar á ákvæðum um skipan Umferðarráðs og rannsóknarnefndar umferðarslysa. Í núgildandi lögum er lögfest hvaða stofnanir og samtök eigi rétt á að tilnefna fulltrúa í Umferðarráð en í 9. gr. frumvarpsins er lagt til að þessi tilnefningarheimild verði framvegis ekki bundin í lög heldur verði kveðið á um hana í reglugerð. Í 10. gr. er lagt til að ákvæði um rannsóknarnefnd umferðarslysa verði breytt á þann veg að ráðherra hafi á valdi sínu hversu marga aðila hann skipar í nefndina en í núgildandi lögum er fjöldi þeirra ákveðinn. Einnig er lagt til að numið verði úr lögum að Umferðarráð skuli hafa eftirlit með störfum nefndarinnar og þess í stað gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra setji nánari reglur um starfsemi hennar. Kostnaðaráhrif þessara ákvæða eru óljós og fara eftir því hvort og þá hversu miklar breytingar verða gerðar á starfsemi og skipan Umferðarráðs og rannsóknarnefndar umferðarslysa.

799. Frumvarp til laga [464. mál]

um breytingu á lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Í stað „0,227%“ í b-lið kemur: 0,264%.
b. Á eftir b-lið kemur nýr stafliður, er verður c-liður, og orðast svo: Hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga er nemi 0,74% af álagningarstofni útsvars ár hvert. Við skil á staðgreiðslu útsvars til sveitarfélaga samkvæmt lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, skal jafnframt gera Jöfnunarsjóði sveitarfélaga skil á hlutdeild sjóðsins í staðgreiðslu útsvars.

2. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Bundnum framlögum skal úthlutað sem hér segir:

a. Til Sambands íslenskra sveitarfélaga, 1,58% af tekjum sjóðsins skv. a-, b- og c-lið 8. gr.
b. Til landshlutasamtaka sveitarfélaga, 2% af tekjum sjóðsins skv. a- og b-lið 8. gr. sem skiptist jafnt á milli þeirra allra.
c. Til Lánasjóðs sveitarfélaga, 6,1% af tekjum sjóðsins skv. a- og b-lið 8. gr.
d. Til greiðslu útgjalda skv. 4. gr. laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. C-liður orðast svo: Til kostnaðarsamra stofnframkvæmda hjá sveitarfélögum með innan við 2.000 íbúa, allt að 10,5% af tekjum sjóðsins skv. a- og b-lið 8. gr., sbr. 13. gr.
b. D-liður orðast svo: Til að aðstoða dreifbýlissveitarfélög við að standa undir rekstri grunnskóla, þ.e. vegna aksturs og launakostnaðar af rekstri mötuneyta og heimavista og gæslu nemenda, allt að 18,5% af tekjum sjóðsins skv. a- og b-lið 8. gr., sbr. 14. gr.

4. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Jöfnunarframlög skiptast í tvennt, tekjujöfnunarframlög og þjónustuframlög, og skal þeim úthlutað sem hér segir:

a. Tekjujöfnunarframlögum skal úthlutað til að jafna tekjur sveitarfélaga. Jöfnunin skal miðuð við sambærileg sveitarfélög og fullnýtingu tekjustofna þeirra.
b. Þjónustuframlögum skal varið til að jafna mismunandi útgjaldaþörf sveitarfélaga með sérstöku tilliti til stærðarhagkvæmni þeirra, þar með talið til að jafna launakostnað sveitarfélaga af kennslu í grunnskólum, svo og til að jafna annan kostnað sem hlýst af flutningi grunnskólakostnaðar frá ríki til sveitarfélaga.

Tekjum Jöfnunarsjóðs skv. c-lið 8. gr., að frádregnu framlagi til Sambands íslenskra sveitarfélaga skv. a-lið 10. gr., skal varið til þess að jafna launakostnað sveitarfélaga af kennslu í grunnskólum, svo og annan kostnað af flutningi grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga, sbr. b-lið 1. mgr. Til jöfnunarframlaga skal að öðru leyti verja þeim tekjum sjóðsins sem eru umfram ráðstöfun skv. 10. og 11. gr.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal vera í bakábyrgð fyrir greiðslum til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins vegna þeirra lífeyrisskuldbindinga sem stofnast vegna kennara og skólastjórnenda við grunnskóla. Til ábyrgðargreiðslu af hálfu sjóðsins skal þó ekki koma fyrr en vanskil sveitarfélags hafa varað í a.m.k. sex mánuði. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal halda eftir af sjóðsframlögum til einstakra sveitarfélaga þeim greiðslum ásamt vöxtum og áföllnum kostnaði sem sjóðurinn hefur greitt Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins vegna starfsmanna grunnskóla eða innheimta slíkar kröfur með öðrum hætti.

Í reglugerð skal meðal annars setja nánari ákvæði um útreikning jöfnunarframlaga, viðmiðanir við útgjaldaþörf sveitarfélaga, sbr. b-lið 1. mgr., með tilliti til íbúafjölda og verkefna, svo og launakostnaðar og annarra útgjalda vegna flutnings grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga, og hvaða skilyrðum sveitarfélög þurfi að fullnægja til að hljóta þau.

5. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Skólamálaskrifstofum sveitarfélaga og öðrum opinberum aðilum er skylt að láta Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í té allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til ákvörðunar og úthlutunar framlaga vegna stofnkostnaðar og reksturs grunnskóla.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 23. gr. laganna:

a. Í stað „9,2%“ kemur: 11,95%.
b. Í stað „8,4%“ kemur: 11,15%.

7. gr.

Við lögin bætast þrjú ný ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

I.

Til þess að standa straum af rekstri grunnskóla tímabilið ágúst 1996 til og með desember 1996 skal ríkissjóður greiða 2.734.000.000 kr. sem framlag til sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Fjárhæðin greiðist með jöfnum greiðslum mánaðarlega.

Af framlagi hvers mánaðar skulu 27% greidd sem framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

II.

Ríkissjóður skal auk greiðslu samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I greiða til sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem hér segir:

a. Í janúar 1997 fjárhæð er nemur 2,65% af staðgreiðslustofni í desember 1996, sbr. lög nr. 45/1987.
b. Mánuðina ágúst 1997 til og með desember 1997 með jöfnum greiðslum fjárhæð er nemur 2,65% af þeim útsvarsstofni sem skattlagður er eftir á við álagningu útsvars árið 1997 vegna tekjuársins 1996 og ekki var innheimt staðgreiðsla af.

Af framlagi hvers mánaðar skv. 1. mgr. skulu 27% greidd sem framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Um greiðslufyrirkomulag, skiptingu og ráðstöfun framlags skv. 1. og 2. mgr. skal setja nánari ákvæði í reglugerð að fengnum tillögum og í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 23. gr. laganna skal hámarksútsvar árið 1997 nema 11,9% og lágmarksútsvar 11,1%.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 8. gr. laganna skal hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga nema 0,73% af álagningarstofni útsvars árið 1997.

III.

Til að tryggja einsetningu grunnskólans skal ríkissjóður verja allt að 265 milljónum króna á ári af tekjuskatti áranna 1997–2001 til að styrkja framkvæmdir við grunnskólabyggingar. Féð skal renna í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Til viðbótar framlagi ríkisins til stofnframkvæmda í grunnskólum renni árlegt lögbundið framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Lánasjóðs sveitarfélaga á árunum 1997–2002, 135 milljónir króna á ári.

Ráðstöfunarfé skv. 1. mgr. skal varið til að greiða allt að 20% af normkostnaði við grunnskólabyggingar í sveitarfélögum með 2.000 íbúa og yfir á árunum 1997–2002 í samræmi við norm og reglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eins og þær eru hverju sinni. Sá hluti fjárhæðarinnar sem sveitarfélögin nýta ekki á viðkomandi ári skal færður á milli ára innan tímabilsins. Framlag ríkisins samkvæmt þessu ákvæði skal að hámarki vera 1.325 milljónir króna á tímabilinu.

Endurskoða skal núgildandi norm og reglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um stofnframlög og setja nánari ákvæði og sérstakar reglur um úthlutun þessa fjár í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

8. gr.

Ákvæði 1. gr. öðlast gildi 1. janúar 1997 og koma til framkvæmda við skiptingu staðgreiðslu 1997, sbr. lög um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og við álagningu 1998 vegna tekna á árinu 1997. Ákvæði 2.–4. gr. öðlast gildi 1. janúar 1997. Ákvæði 6. gr. öðlast gildi 1. janúar 1998 og koma til framkvæmda við skiptingu staðgreiðslu 1998, sbr. lög um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og álagningu 1999 vegna tekna á árinu 1998.

Önnur ákvæði laga þessara öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fyrir gildistöku laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, var skipting verkefna grunnskólans á milli ríkis og sveitarfélaga með þeim hætti að ríkið sá um allar launagreiðslur vegna kennslu, greiddi skólaakstur og rekstur mötuneyta að hluta og tók þátt í stofnkostnaði vegna grunnskólahúsnæðis miðað við ákveðin viðmiðunarmörk. Sveitarfélögin greiddu aftur á móti annan rekstrarkostnað grunnskólanna, svo og þann kostnað sem var umfram framlag ríkisins vegna grunnskólabygginga.

Lögin um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, nr. 87/1989, sem gildi tóku 1. janúar 1990, fólu í sér að kostnaður af skólaakstri og rekstri mötuneyta grunnskóla færðist yfir á sveitarfélögin ásamt öllum stofnkostnaði vegna grunnskólahúsnæðis. Jafnframt var reglum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga breytt þannig að sveitarfélög fengu grunnskólaframlög til skólaaksturs barna úr dreifbýli og fámennari sveitarfélög fengu stofnkostnaðarframlög til grunnskólabygginga.

Með lögum um grunnskóla, nr. 66/1995, var lögfest að allur kostnaður grunnskóla skuli greiddur af sveitarfélögum. Í lögunum er gert ráð fyrir að allur launakostnaður vegna kennslu í grunnskólum flytjist frá ríki til sveitarfélaga ásamt rekstrarkostnaði ýmissa tengdra stofnana, eins og sérskóla ríkisins, sérdeilda og fræðsluskrifstofa. Lögin koma að fullu til framkvæmda 1. ágúst 1996, enda hafi Alþingi þá m.a. samþykkt nauðsynlegar breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og lögum um skiptingu skatttekna milli ríkis og sveitarfélaga með tilliti til þeirra auknu verkefna sem sveitarfélögin taka að sér samkvæmt grunnskólalögunum eins og kveðið er á um í c-lið 1. mgr. 57. gr. laganna. Frumvarp þetta er m.a. flutt til þess að uppfylla þessa lagaskyldu.

Í framhaldi af setningu laga nr. 66/1995, um grunnskóla, voru skipaðar þrjár nefndir til að fjalla um jafnmarga málaflokka, í fyrsta lagi um réttindamál kennara, í öðru lagi um skipulag þjónustu sem fræðsluskrifstofur hafa annast og mat á kostnaði við skólahald og í þriðja lagi til að gera tillögur um flutning tekjustofna frá ríki til sveitarfélaga. Þá var skipuð sérstök verkefnisstjórn sem skyldi hafa yfirumsjón með störfum nefndanna þriggja. Hinn 4. mars 1996 gerðu ríki og sveitarfélög með sér samkomulag um kostnaðar- og tekjutilfærslu vegna flutnings grunnskólans.

Í 1. tölul. samkomulagsins segir m.a. svo:

„Til að mæta kostnaði sveitarfélaga við framkvæmd grunnskólalaga verði gerð breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem heimili 11,9% hámarksútsvar þann 1. janúar 1997 og 11,95% þann 1. janúar 1998.“

Í 2. tölul. samkomulagsins segir jafnframt:

„Til að tryggja framgang lagaáforma um einsetningu grunnskólans verji ríkissjóður allt að 265 m.kr. á ári af tekjuskatti áranna 1997–2001 til að styrkja framkvæmdir við grunnskólabyggingar sem ríkissjóður mun fjármagna án þess að auka halla ríkissjóðs. Féð skal renna í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Til viðbótar framlagi ríkisins til stofnfram-

kvæmda í grunnskólum renni árlegt lögbundið framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Lánasjóðs sveitarfélaga á árunum 1997–2002, 135 m.kr. á ári.

Fé þessu verði varið til að greiða allt að 20% af normkostnaði við grunnskólabyggingar í sveitarfélögum með yfir 2.000 íbúa á árunum 1997–2002 í samræmi við norm og reglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eins og þær eru hverju sinni. Sá hluti fjárhæðarinnar sem sveitarfélögin nýta ekki á viðkomandi ári verði færanlegur milli ára innan tímabilsins. Þannig verði framlag ríkisins að hámarki 1.325 m.kr. á tímabilinu.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga setji nánari reglur um norm og úthlutun fjárins að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og skulu þær taka mið af gildandi reglum um hliðstæð framlög til sveitarfélaga með innan við 2.000 íbúa."

Að lokum segir svo í 12. og 13. tölul. samkomulagsins:

„Árið 2000, fyrir 1. ágúst, verði kostnaður og tekjuþörf við framkvæmd grunnskólalaganna endurmetin í ljósi reynslunnar.

Verði veruleg röskun á þeim forsendum sem samkomulag þetta byggir á skulu teknar upp viðræður milli samningsaðila með það að markmiði að lagfæra það sem úrskeiðis hefur farið."

Frumvarp þetta er samið á vegum félagsmálaráðuneytisins í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og í samræmi við framangreint samkomulag ríkis og sveitarfélaga um kostnaðar- og tekjutilfærslu vegna flutnings grunnskólans.

Útreikningar í tengslum við yfirfærslu á grunnskólakostnaði frá ríki til sveitarfélaga hafa leitt í ljós að grípa þarf til jöfnunaraðgerða, enda er hér um mikinn viðbótarkostnað sveitarfélaga að ræða. Slíkar jöfnunaraðgerðir sveitarfélaga verða best framkvæmdar í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sem starfar samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum. Í frumvarpi þessu miða breytingar annars vegar að því að sjóðurinn haldi sömu tekjum og hann hafði áður. Til þess að sjóðurinn geti tekið að sér það aukna hlutverk sem honum er ætlað í þessu skyni og beinlínis leiðir af flutningi grunnskólans til sveitarfélaga er nauðsynlegt að auka tekjur hans. Hins vegar miða breytingarnar að aukningu tekna sjóðsins með beinni hlutdeild hans í útsvarstekjum sveitarfélaga. Þá er í frumvarpinu lagt til að settar verði nánari reglur um úthlutun framlaga úr sjóðnum, einkum jöfnunarframlaga vegna grunnskólakostnaðar sveitarfélaga.

Helstu markmið með jöfnunaraðgerðum vegna yfirtöku sveitarfélaga á kennslukostnaði grunnskólans eru:

— að jöfnunaraðgerðir hvetji til hagkvæmni í rekstri,
— að sveitarfélög fái fjármagn er nemur sem næst þeim kostnaði sem þau yfirtaka,
— að jöfnunarframlögin renni til sveitarfélaga til að sveitarstjórnirnar geti sjálfar ákveðið hvernig fjármagn sveitarfélagsins er nýtt.

Kennslukostnaður í grunnskólum landsins er misjafn sem aðallega ræðst af hagkvæmni skólaeininga. Þeim mun fjölmennari sem skólinn er þeim mun ódýrari er hann á hvern nemanda. Það sem endurspeglar kennslukostnað grunnskóla er fjöldi kennslustunda, en ljóst er að fylgni er á milli kennslutímafjölda og kennslukostnaðar. Með aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verður leitast við að jafna sem mest mismunandi kostnað einstakra sveitarfélaga á þessu sviði. Stærstur hluti jöfnunarfjárins fer í almennar jöfnunaraðgerðir, en einnig mun jöfnunarsjóðurinn m.a. greiða framlög vegna sérkennslu fatlaðra nemenda.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Vegna lækkunar á skatttekjum ríkissjóðs og til þess að tryggja Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sömu tekjur og áður er lagt til í a-lið greinarinnar að beint fjárframlag úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skv. b-lið 8. gr. gildandi laga hækki úr 0,227% í 0,264% vegna flutnings grunnskólans til sveitarfélaga. Áætlaður útsvarsstofn árið 1996 er 254.600.000.000 kr. Þessi hækkun gefur 94.457.000 kr. en það eru þær tekjur sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga yrði af vegna lækkaðra skatttekna ríkissjóðs.

Í b-lið greinarinnar er lagt til að inn komi nýr liður, er verði c-liður, en núverandi c-liður verður þá óbreyttur að d-lið greinarinnar. Í nýja liðnum er byggt á því að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fái 0,74% af álagningarstofni útsvars ár hvert. Er nauðsynlegt að auka tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga með þessum hætti svo að hann geti staðið undir þeim skyldum og auknu kröfum sem til hans verða gerðar af hálfu sveitarfélaga eftir flutning grunnskólans til þeirra. Gert er ráð fyrir að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði gerð skil á hlutdeild sjóðsins í staðgreiðslu útsvars þegar skil á staðgreiðslu útsvars til sveitarfélaga fara fram samkvæmt lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Um 2. gr.

Vegna breyttra viðmiðana í þremur stafliðum af fjórum vegna úthlutunar bundinna framlaga er greinin tekin upp í heild sinni.

Í stað 1,75% af vergum tekjum sjóðsins í a-lið núgildandi 10. gr. kemur 1,58% af tekjum sjóðsins skv. a-, b- og c-lið 8. gr., eins og þær verða eftir breytinguna. Í b- og c-lið 10. gr. stendur óbreytt hlutfallstala en viðmiðunin verður við tekjur sjóðsins skv. a- og b-lið 8. gr. í staðinn fyrir við vergar tekjur sjóðsins. Í d-lið greinarinnar er ekki um breytingu að ræða.

Vegna aukinna verkefna Sambands íslenskra sveitarfélaga og aðstoðar við sveitarfélögin í landinu vegna flutnings grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga er nauðsynlegt að auka tekjur Sambands íslenskra sveitarfélaga. Eðlilegt er að sambandið fái því hlutdeild í öllum helstu tekjustofnum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, þ.e. í a- og b- lið 8. gr., eins og nú er, svo og í c-lið sömu greinar, sem sérstaklega er stofnað til vegna yfirtöku sveitarfélaganna á grunnskólanum. Áætlaðar tekjur sjóðsins árið 1997 eru 3.988.688.235 kr. á núverandi verðlagi og miðast tekjur Sambands íslenskra sveitarfélaga við 1,58% af þeirri fjárhæð.

Gert er ráð fyrir að framlög til landshlutasamtaka sveitarfélaga og Lánasjóðs sveitarfélaga miðist áfram við tekjur skv. a- og b-liðum 8. gr. Hlutfallstölur í b- og c- lið greinarinnar eru óbreyttar.

Um 3. gr.

Í a- og b-lið greinarinnar er byggt á sömu hundraðstölu og fram kemur í a- og b-lið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 148/1995, um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 (c- og d-liður 11. gr. gildandi laga). Breytingartillagan miðast við tekjur sjóðsins skv. a- og b-lið 8. gr. laganna í staðinn fyrir af vergum tekjum sjóðsins. Í ljósi þess að hundraðstalan er óbreytt í báðum stafliðum er órökrétt að sérstök framlög hækki vegna viðbótartekna sem stofnað er sérstaklega til vegna yfirfærslu grunnskólans. Af þeirri ástæðu er nauðsynlegt að breyta hér viðmiðunum.

Ástæða er til að taka fram með skýrari hætti en í gildandi lögum að framlög skv. d-lið greinarinnar skuli renna til að standa undir rekstri grunnskóla, þ.e. aksturs og launakostnaðar af rekstri mötuneyta og heimavista og gæslu nemenda. Sveitarfélög með innan við 2.000 íbúa teljast fámenn sveitarfélög samkvæmt þessum lið.

Um 4. gr.

Þar sem allmiklar breytingar eru gerðar á 12. gr. laganna er greinin í heild tekin upp í frumvarp þetta.

A-liður 1. mgr. er óbreyttur frá gildandi lögum og þarfnast því ekki skýringar.

Í b-lið 1. mgr. er því hins vegar bætt við að þjónustuframlögum skuli, auk þess sem áður var talið upp í liðnum, varið til þess að jafna launakostnað sveitarfélaga vegna flutnings grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga, svo og til að jafna annan kostnað sem af flutningnum hlýst. Á grundvelli þessa ákvæðis er gert ráð fyrir að meginjöfnunin fari fram vegna mismunandi kennslukostnaðar sveitarfélaga. Nauðsynlegt er að taka sérstaklega fram að þjónustuframlögin fari einnig í að jafna annan kostnað sem af verkefnaflutningnum hlýst. Ástæða er til í þessu sambandi að vekja athygli á því að til viðbótar jöfnunarframlögum skv. b-lið 12. gr. laganna kemur til sérstakra framlaga skv. d-lið 11. gr., sbr. 14. gr. laganna.

Í 2. mgr. kemur fram hvaða tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eru til ráðstöfunar til jöfnunarframlaga. Annars vegar er lagt til það nýmæli, að öllum tekjum sjóðsins skv. c-lið 8. gr., að frádregnu framlagi Sambands íslenskra sveitarfélaga skv. a-lið 10. gr., skuli varið til þess að jafna launakostnað sveitarfélaga af kennslu í grunnskólum, svo og annan kostnað vegna flutnings grunnskólans, sbr. b-lið 1. mgr., að teknu tilliti til útreiknaðs kennslutímafjölda og álagningarstofns útsvars. Hins vegar er gert ráð fyrir að til jöfnunarframlaga skuli með sama hætti og í gildandi lögum jafnframt varið þeim tekjum sjóðsins sem eru umfram ráðstöfun skv. 10. og 11. gr. laganna.

Þar sem fyrirhugað er að kennarar og skólastjórar verði áfram aðilar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins er í 3. mgr. gert ráð fyrir að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga taki á sig bakábyrgð á lífeyrisiðgjöldum skólastjóra og kennara (vanskilum sveitarfélaga) til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Til greiðslu af hálfu sjóðsins vegna vanskila sveitarfélaga af þessum sökum skal þó fyrst koma þegar vanskil hafa staðið í sex mánuði eða lengri tíma. Tilgangurinn með ákvæði þessu er að tryggja að reynt verði fyrst með tiltækum ráðum að innheimta vanskilin hjá viðkomandi sveitarfélagi en ekki gengið fyrst að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Þá er sú skylda lögð á Jöfnunarsjóð sveitarfélaga að halda eftir af framlögum einstakra sveitarfélaga því fjármagni sem sjóðurinn hefur innt af hendi vegna greiðsluábyrgðar sem til hefur orðið af þessum sökum, auk dráttarvaxta og kostnaðar, eða innheimta skuldina með öðrum hætti.

Bætt er inn í 4. mgr. að í reglugerð skuli m.a. setja ákvæði um útreikning framlaga miðað við útgjaldaþörf sveitarfélaga með tilliti til launakostnaðar af kennslu í grunnskólum og annarra útgjalda sveitarfélaga vegna flutnings grunnskólans frá ríki til þeirra. Ljóst er að setja þarf reglugerð um útreikning og skiptingu framlaga.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að við 14. gr. laganna bætist ný lokamálsgrein sem gerir skólamálaskrifstofum sveitarfélaga skylt að láta í té allar þær upplýsingar sem Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eru nauðsynlegar til þess að geta tekið ákvörðun um úthlutun framlaga til stofnkostnaðar og reksturs grunnskóla. Með skólamálaskrifstofu er átt við þær stofnanir á veg-

um sveitarfélaga eða samtaka þeirra sem sinna málefnum grunnskólans. Á sama hátt er öðrum opinberum aðilum gert skylt að veita sjóðnum upplýsingar sem eru nauðsynlegar við ákvörðun og úthlutun framlaga úr sjóðnum til þess að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga geti gegnt hlutverki sínu með fullnægjandi hætti.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að efri og neðri viðmiðunarmörk útsvars í 23. gr. laganna breytist vegna verkefnatilflutningsins. Lagt er til að efri mörkin hækki úr 9,2% í 11,95% og neðri mörkin úr 8,4% í 11,15%. Að öðru leyti vísast til þess sem segir hér að framan um 1. tölul. í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga frá 4. mars 1996.

Um 7. gr.

Lagt er til að við lögin bætist þrjú ný bráðabirgðaákvæði.

Í ákvæði til bráðabirgða I kemur fram í 1. mgr. að ríkissjóður skuli greiða fasta og upphæð, 2.734.000.000 kr. með jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst 1996 til og með desember 1996 til sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Greiðslan rennur til sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til þess að standa straum af rekstri grunnskóla. Fram kemur að ákveðið hlutfall, 27%, af heildarframlagi og þar með hverri greiðslu skuli renna til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Í ákvæði til bráðabirgða II er tekið fram með skýrum hætti í a-lið 1. mgr. að ríkissjóður skuli í janúar 1997 greiða til sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fjárhæð sem nemur 2,65% af staðgreiðslustofni í desember 1996, sbr. lög um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987. Í b-lið sömu málsgreinar er jafnframt tekið fram að ríkissjóður skuli einnig greiða mánuðina ágúst til og með desember 1997 til sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga með jöfnum mánaðarlegum greiðslum, 2,65%, af þeim útsvarsstofni sem skattlagður er eftir á við álagningu útsvars árið 1997 vegna tekjuársins 1996 og ekki var innheimt staðgreiðsla af. Í 2. mgr. er með sama hætti og í ákvæði til bráðabirgða I ákveðið að tiltekinn hundraðshluti, 27%, af framlagi hvers mánaðar skuli greiddur sem framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Samkvæmt 3. mgr. er gert ráð fyrir að sett verði reglugerð þar sem fram koma nánari ákvæði um greiðslufyrirkomulag ríkissjóðs, skiptingu ríkisframlags til einstakra sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga ásamt ákvæðum um ráðstöfun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á framlagi sínu. Sérstaklega er brýnt að á þessum þáttum verði tekið hvað sveitarfélögin varðar, enda ekki tilgreint nákvæmlega hvernig staðið skuli að skiptingu framlagsins á milli þeirra í lögum. Til þess að sem víðtækust og best sátt náist um skiptingu og ráðstöfun ríkisframlagsins skal aflað tillagna Sambands íslenskra sveitarfélaga og reglugerðin gefin út í samráði við sambandið. Í 4. mgr. er tekið fram að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 23. gr. laganna skuli hámarksútsvar árið 1997 nema 11,9% og lágmarksútvar 11,1% og er það í samræmi við 1. tölul. áðurgreinds samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 4. mars 1996. Ákvæðið kemur því til framkvæmda við álagningu útsvars á árinu 1998 vegna tekna á árinu 1997. Loks segir í 5. mgr. að þrátt fyrir ákvæði c-liðar 8. gr. laganna skuli hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga nema 0,73% af álagningarstofni útsvars árið 1997.

Í ákvæði til bráðabirgða III koma fram öll helstu efnisatriði 2. tölul. í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um kostnaðar- og tekjutilfærslu vegna flutnings grunnskólans frá 4. mars 1996 og lýst er í almennum athugasemdum hér að framan.

Um 8. gr.

Í ákvæði þessu er fjallað um gildistöku laganna. Gert er ráð fyrir að ákvæði 1. gr. öðlist gildi 1. janúar 1997 og komi til framkvæmda við skiptingu staðgreiðslu 1997, sbr. lög um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og við álagningu 1998 vegna tekna á árinu 1997, ákvæði 2.–4. gr. öðlist gildi 1. janúar 1997, ákvæði 6. gr. öðlist gildi 1. janúar 1998 og komi til framkvæmda við skiptingu staðgreiðslu 1998, sbr. lög um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og álagningu 1999 vegna tekna á árinu 1998, en að önnur ákvæði laganna öðlist þegar gildi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Lög um grunnskóla, nr. 66/1995, koma að fullu til framkvæmda 1. ágúst 1996, enda hafi Alþingi þá m.a. samþykkt nauðsynlegar breytingar á lögum um tekjustofna sveitafélaga og lögum um skiptingu skatttekna milli ríkis og sveitarfélaga með tilliti til þeirra auknu verkefna sem sveitarfélögin taka að sér samkvæmt grunnskólalögum.

Frumvarpið er samið með hliðsjón af niðurstöðum skýrslu nefndar um kostnað við skólahaldið og flutning tekjustofna frá ríki til sveitarfélaga en á grundvelli hennar gerðu ríki og sveitarfélag samkomulag um kostnaðar- og tekjutilfærslu vegna flutnings grunnskólans.

Í a-lið 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að Jöfnunarsjóður fái framlag úr ríkissjóði sem nemi 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs, en hlutfallið er 0,227% samkvæmt gildandi lögum. Hækkun hlutfallsins á að tryggja sjóðnum sömu tekjur og áður, þrátt fyrir að skatttekjur ríkissjóðs minnki.

Í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga verði í bakábyrgð fyrir greiðslum sveitarfélaga til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins vegna þeirra lífeyrisskuldbindinga sem stofnast til vegna kennara og skólastjórnenda við grunnskóla. Lagt er til að til ábyrgðargreiðslu af hálfu sjóðsins komi þó ekki til fyrr en vanskil sveitarfélags hafa varað í a.m.k. sex mánuði. Ekki er gert ráð fyrir að þetta auki kostnað ríkissjóðs.

Samkvæmt 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis I greiðir ríkissjóður á árinu 1996 sveitarfélögum og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga samtals 2.734 m.kr. vegna reksturs grunnskóla á tímabilinu ágúst til desember. Fjárhæð þessi verði greidd þannig að 2.701 m.kr. komi af fjárlagaliðum menntamálaráðuneytis og um 7 m.kr. af fjárlagaliðum fjármálaráðuneytis og er gert ráð fyrir að sótt verði um heimild á fjáraukalögum 1996 fyrir mismuninum, 26 m.kr.

1. mgr. bráðabirgðaákvæðis II kveður á um að ríkissjóður greiði á árinu 1997 sveitarfélögum og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga annars vegar fjárhæð sem nemur 2,65% af staðgreiðslustofni í desember 1996 og kemur til greiðslu í janúar 1997 og hins vegar fjárhæð sem nemur 2,65% af þeim útsvarsstofni sem skattlagður er eftir á við álagningu útsvars árið 1997 vegna tekjuársins 1996 og ekki hefur verið innheimt staðgreiðsla af. Sú fjárhæð kemur til greiðslu mánuðina ágúst til desember 1997. Fyrri fjárhæðin, sem er

áætluð 668 m.kr., skýrist af því að staðgreiðsla innheimtist með töf. Sveitarfélögin fá ekki staðgreiðslu af tekjustofni sem flyst frá ríkinu 1. janúar 1997 fyrr en í febrúar sama ár, en þeim er ætlað að standa undir kostnaði sem kemur til greiðslu í janúar. Síðari fjárhæðin er áætluð 668 m.kr. Þessar greiðslur hafa ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs, enda var tekið tillit til þeirra þegar samið var um tekjuskattshlutfallið sem flyst til sveitarfélaganna 1. janúar 1997.

Samkvæmt 4. mgr. bráðabirgðaákvæðis II hækkar hámarksútsvar um 2,7% frá janúar 1997 og verður 11,9%. Tekjuskattur lækkar á móti um 2,65% í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga. Hámarksútsvar hækkar síðan aftur um 0,05% frá og með janúar 1998 og verður 11,95%, sbr. 6. gr. Hækkun hámarksútsvars umfram lækkun tekjuskatts er talin skila sveitarfélögum um 260 m.kr. árlega þegar hún er að fullu komin til framkvæmda. Raunkostnaður sveitarfélaga vegna verkefna sem þau hafa haft með höndum er hins vegar talinn munu aukast á næstu árum og verða orðinn um 640 m.kr. meiri árið 2002 en árið 1996. Lækkun tekjuskatts um 2,65% er talin rýra tekjur ríkissjóðs um 6.880 m.kr á ári og auka tekjur sveitarfélaga um sömu fjárhæð. Á móti er áætlað að útgjöld ríkisins lækki um 6.570 m.kr. á árinu 1997, eftir að tekið hefur verið tillit til bundinna hækkana. Mismunurinn, 310 m.kr. er kostnaður við fjölgun vikulegra kennslustunda sem kemur til framkæmda á árunum 1998–2002 samkvæmt samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga. Þetta er nánar sýnt í eftirfarandi töflu og eru fjárhæðir í m.kr.

	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Tekjuyfirfærsla vegna rekstrar	6.880	6.880	6.880	6.880	6.880	6.880
Kostnaðaryfirfærsla	6.570	6.640	6.710	6.780	6.860	6.910
Mismunur	310	240	170	100	20	-30
Kostnaðarauki við verkefni sveitarfélaga	275	370	460	550	600	640

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði III skal ríkissjóður verja allt að 265 m.kr. á ári af tekjuskatti áranna 1997–2001 til að styrkja framkvæmdir við grunnskólabyggingar, en talið er að kostnaður við þær muni nema um 7.600 m.kr. vegna einsetningar. Til viðbótar komi árlegt lögbundið framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Lánasjóðs sveitarfélaga árin 1997–2002, 135 m.kr. á ári. Getur framlag ríkissjóðs og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga því orðið allt að 2.135 m.kr.

800. Frumvarp til laga [465. mál]

um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

59. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði þessa kafla gilda um vinnu einstaklinga undir 18 ára aldri. Ákvæði kaflans gilda ekki um tilfallandi vinnu eða vinnu sem varir í skamman tíma að því er varðar

heimilisaðstoð á einkaheimilum eða vinnu í fjölskyldufyrirtækjum sem hvorki telst skaðleg né hættuleg ungmennum.

Ungmenni merkir í lögum þessum einstakling undir 18 ára aldri. Barn merkir í lögum þessum einstakling sem er undir 15 ára aldri eða sem er í skyldunámi. Unglingur merkir í lögum þessum einstakling sem er minnst 15 ára að aldri en hefur ekki náð 18 ára aldri og er ekki lengur í skyldunámi.

2. gr.

60. gr. laganna orðast svo:

Börn má ekki ráða til vinnu.

Heimilt er að víkja frá meginreglu 1. mgr. í eftirfarandi tilvikum:

a. Börn er heimilt að ráða til að taka þátt í menningar- eða listviðburðum og íþrótta- eða auglýsingastarfsemi. Hafi þau ekki náð 13 ára aldri skal aflað leyfis frá Vinnueftirliti ríkisins áður en til ráðningar kemur.
b. Heimilt er að ráða börn 14 ára og eldri til vinnu sem er hluti af fræðilegu eða verklegu námsfyrirkomulagi og í samræmi við reglur sem ráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.
c. Heimilt er að ráða börn sem náð hafa 14 ára aldri til starfa af léttara tagi. Börn, sem náð hafa 13 ára aldri, má ráða til starfa af léttara tagi í takmarkaðan stundafjölda á viku, svo sem léttra garðyrkju- og þjónustustarfa og annarra hliðstæðra starfa. Ráðherra skal að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins setja nánari reglur um hvað teljist störf af léttara tagi og við hvaða skilyrði þau skuli unnin.

3. gr.

61. gr. laganna orðast svo:

Unglinga er heimilt að ráða til vinnu með þeim takmörkunum sem greinir í kafla þessum.

4. gr.

62. gr. laganna orðast svo:

Óheimilt er að ráða ungmenni til vinnu sem unnin er við eftirfarandi aðstæður:

a. Vinnu sem talin er ofvaxin líkamlegu eða andlegu atgervi þeirra.
b. Vinnu sem getur valdið varanlegu heilsutjóni.
c. Vinnu þar sem hætta er á skaðlegri geislun.
d. Vinnu þar sem fyrir hendi er slysahætta sem gera má ráð fyrir að börn og unglingar geti átt í erfiðleikum með að átta sig á eða forðast vegna andvaraleysis eða skorts á reynslu eða þjálfun.
e. Vinnu sem getur stofnað heilsu þeirra í hættu vegna mikils kulda, hita, hávaða eða titrings.

Heimilt er að víkja frá þessu ákvæði þegar það er nauðsynlegt vegna starfsnáms unglinga. Ráðherra skal að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins setja nánari reglur um framkvæmd greinar þessarar.

5. gr.

63. gr. laganna orðast svo:

Virkur vinnutími barna, sem falla undir b- og c-lið 2. mgr. 60. gr., er takmarkaður með eftirfarandi hætti:

a. Átta klukkustundir á dag og 40 klukkustundir á viku ef vinnan er hluti af fræðilegu eða verklegu námsfyrirkomulagi.
b. Tvær klukkustundir á skóladegi og 12 klukkustundir á viku þegar um er að ræða vinnu sem fram fer á starfstíma skóla en utan skipulegs skólatíma. Daglegur vinnutími má þó aldrei vera lengri en sjö klukkustundir. Þó má daglegur vinnutími barns sem náð hefur 15 ára aldri vera átta klukkustundir.
c. Sjö klukkustundir á dag og 35 klukkustundir á viku þegar um er að ræða vinnu sem fram fer á tíma sem skólinn starfar ekki. Daglegur vinnutími barns sem náð hefur 15 ára aldri má þó vera átta klukkustundir á dag og 40 klukkustundir á viku.
d. Sjö klukkustundir á dag og 35 klukkustundir á viku þegar um er að ræða vinnu af léttara tagi sem unnin er af börnum sem eru ekki lengur í skyldunámi.

Virkur vinnutími unglinga er takmarkaður við átta klukkustundir á dag og 40 klukkustundir á viku.

Heimilt að víkja frá ákvæðum 2. mgr. greinar þessarar í sérstökum tilvikum eða ef réttmætar ástæður leyfa. Ráðherra skal að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins setja reglur m.a. um skilyrði og takmörk vegna frávika samkvæmt málsgrein þessari.

Ef daglegur virkur vinnutími er lengri en fjórir tímar á barn og unglingur rétt á minnst 30 mínútna hléi á hverjum degi sem skal vera samfellt ef kostur er.

6. gr.

Við lögin bætist ný grein, 63. gr. a, er orðast svo:

Óheimilt er að láta börn, sem falla undir b- og c-lið 2. mgr. 60. gr., vinna á tímabilinu frá kl. 20 til kl. 6. Óheimilt er að láta unglinga vinna á tímabilinu frá kl. 22 til kl. 6.

Heimilt er að víkja frá ákvæði 2. málsl. 1. mgr. þessarar greinar á sérstökum starfssviðum, enda skal fullorðinn einstaklingur hafa umsjón með unglingnum ef þörf er á slíkri umsjón til verndar honum. Þó er óheimilt að láta ungling vinna á tímabilinu frá kl. 24 til kl. 4.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum 2. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. greinar þessarar þegar til þess liggja réttmætar ástæður og að því tilskildu að unglingarnir fái hæfilegan uppbótarhvíldartíma. Undanþága þessi á við þegar um er að ræða vinnu á sjúkrastofnunum eða sambærilegum stofnunum og störf á sviði menningarmála, lista, íþrótta eða auglýsinga.

Ráðherra skal að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins setja nánari reglur um frávik skv. 2. og 3. mgr.

Unglingar eiga, áður en þeir hefja næturvinnu og með reglulegu millibili eftir það, rétt á heilbrigðisskoðun og athugun á vinnuhæfni sinni sér að kostnaðarlausu, nema þeir vinni einungis í undantekningartilvikum á þeim tíma sem vinna er bönnuð. Framkvæmd slíkrar skoðunar er á ábyrgð viðkomandi atvinnurekanda.

7. gr.

Við lögin bætist ný grein, 63. gr. b, er orðast svo:

Börn, sem falla undir b- og c-lið 2. mgr. 60. gr., skulu fá minnst 14 klukkustunda samfellda hvíld á hverjum sólarhring. Unglingar skulu fá minnst 12 klukkustunda samfellda hvíld á hverjum sólarhring.

Á hverju sjö daga tímabili skulu börn sem falla undir b- og c-lið 2. mgr. 60. gr. laga þessara og unglingar fá minnst tveggja daga hvíldartímabil sem skal vera samfellt ef kostur er. Lágmarkshvíldartími þessi skal að jafnaði taka til sunnudags.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum 1. og 2. mgr. greinar þessarar þegar um er að ræða vinnu sem er skipt upp yfir daginn eða varir í stuttan tíma hverju sinni.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum 2. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. greinar þessarar þegar til þess liggja réttmætar ástæður og að því tilskildu að unglingarnir fái hæfilegan uppbótarhvíldartíma. Undanþága þessi á við þegar um er að ræða vinnu á sjúkrastofnunum eða sambærilegum stofnunum, störf á sviði landbúnaðar, ferðamála eða í hótel- og veitingarekstri og vinnu sem er skipt upp yfir daginn.

Ráðherra skal að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins setja nánari reglur um frávik skv. 2.–4. mgr.

8. gr.

Við lögin bætist ný grein, 63. gr. c, er orðast svo:

Heimilt er í óviðráðanlegum tilvikum sem atvinnurekandi fær ekki stjórnað að víkja frá ákvæðum laga þessara um vinnutíma, næturvinnu og hvíldartíma unglinga að því tilskildu að um sé að ræða tímabundna vinnu sem þolir enga bið, ekki sé unnt að fá fullorðna starfsmenn til starfans og unglingarnir fái samsvarandi uppbótarhvíldartíma á næstu þremur vikum. Ráðherra skal að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins setja nánari reglur um framkvæmd greinar þessarar.

9. gr.

Við lögin bætist ný grein, 63. gr. d, er orðast svo:

Börn í skyldunámi, sem falla undir b- og c-lið 2. mgr. 60. gr., eiga rétt á að fá leyfi árlega einhvern tíma á meðan á skólafríi stendur.

10. gr.

Við lögin bætist ný grein, 63. gr. e, er orðast svo:

Atvinnurekandi skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi og heilbrigði ungmenna með gerð mats á áhættu sem starf getur skapað þeim. Þetta mat skal fara fram áður en ungmenni hefja störf og í hvert sinn sem verulegar breytingar eru gerðar á starfsskilyrðum. Sýni matið að öryggi, líkamlegri eða andlegri heilsu eða þroska ungmennis geti verið stofnað í hættu skal atvinnurekandi sjá til þess að reglulega fari fram viðeigandi skoðun og eftirlit með heilsu ungmennanna þeim að kostnaðarlausu. Ráðherra skal að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins setja nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Hinn 22. september 1995 skipaði félagsmálaráðherra nefnd sem var falið að vinna að undirbúningi þess að Ísland geti framfylgt tilskipun ESB 94/33 um vinnuvernd barna og ungmenna en gefið íslenskum unglingum áfram möguleika til atvinnuþátttöku. Í nefndinni sátu Guðbjörg Linda Rafnsdóttir félagsfræðingur, tilnefnd af Vinnueftirliti ríkisins,

Guðmundur Stefánsson bóndi, tilnefndur af Bændasamtökum Íslands, Halldór Grönvold skrifstofustjóri, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, Jón Rúnar Pálsson lögfræðingur, tilnefndur af Vinnumálasambandinu, Linda Rós Michaelsdóttir kennari, tilnefnd af menntamálaráðuneyti, Ólöf Sigurðardóttir sérkennari, tilnefnd af Kennarasambandi Íslands, Ragnar Árnason lögfræðingur, tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands, og Gylfi Kristinsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Sesselja Árnadóttir, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, vann með nefndinni við samningu frumvarps þessa.

Nefndin skilaði félagsmálaráðherra skýrslu sinni hinn 22. febrúar 1996. Í skýrslunni er fjallað um ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33/EB, um vinnuvernd barna og ungmenna, og gerð grein fyrir ákvæðum í öðrum alþjóðasamningum sem snerta vinnu barna og ungmenna, en þeir eru eftirtaldir: Samþykkt ILO nr. 138 og tillaga nr. 146, um lágmarksaldur við vinnu, yfirlýsing allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barns frá 20. nóvember 1959, samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barns frá 1989, samningur Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi frá 1976, yfirlýsing og framkvæmdaáætlun Sameinuðu þjóðanna um afkomu, vernd og þróun barna frá 1990, yfirlýsing þings Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn 1995 um þróun félagsmála og félagsmálasáttmáli Evrópu frá 1961. Loks er fjallað í skýrslunni um ákvæði íslenskra laga og kjarasaminga sem snerta vinnu barna og unglinga.

Jafnframt aflaði nefndin ýmissa gagna um vinnu barna og unglinga. Af þeim má draga þær ályktanir að vinna barna undir 13 ára í leyfum frá skólanámi fari minnkandi. Hún hefur fyrst og fremst takmarkast við blaðburð og barnagæslu. Sumarvinna barna eldri en 13 ára er almenn. Í yngri aldurshópunum takmarkast hún að verulegu leyti við þátttöku í vinnuskólum sveitarfélaga. Sjaldgæft er að börn yngri en 14 ára séu ráðin til almennra starfa á vinnumarkaði.

II.

Í niðurlagi skýrslunnar er greint frá tillögum nefndarinnar og eru þær eftirfarandi:

1. Samkvæmt 17. gr. tilskipunar ESB um vinnuvernd barna og ungmenna er heimilt að hrinda ákvæðum hennar í framkvæmd með tvennum hætti. Með lögum eða stjórnsýslufyrirmælum eða samningum aðila vinnumarkaðarins. Nefndin hefur fjallað um þetta atriði. Nefndin vekur athygli á því að ýmis frávik frá meginefni tilskipunarinnar eru háð heimildum í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum. Með hliðsjón af skipunarbréfi hennar hefur hún komist að þeirri niðurstöðu að breyting á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, sé nauðsynleg þannig að hægt verði að nýta það svigrúm sem felst í tilskipuninni til að heimila unglingum hæfilega atvinnuþátttöku. Í ljósi þessa er það álit nefndarinnar að heppilegra sé að markmiðum tilskipunarinnar verði hrundið í framkvæmd með lögum og reglugerðum í stað þess að sett verði almenn lagaákvæði sem síðan verði útfærð í almennum kjarasamningum. Með þeim hætti er strax tekin efnisleg afstaða til ákvæða tilskipunarinnar og útilokuð hugsanleg óvissa sem gæti leitt af nánari framkvæmd á einstökum atriðum með ákvæðum í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins.
2. Nefndin telur ástæðu til að vekja athygli á ákvæði í 2. mgr. 32. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem Ísland hefur skuldbundið sig til að framfylgja. Samkvæmt ákvæðinu skulu aðildarríki samningsins gera ráðstafanir til að hrinda ákvæðum greinarinnar í framkvæmd, einkum með því að kveða á um lágmarksaldur eða aldursmörk til ráðningar í starf, en einnig með því að setja viðeig-

andi reglur um vinnutíma og vinnuskilyrði. Loks ber aðildarríkjum að mæla fyrir um viðeigandi refsingar eða önnur viðurlög til að tryggja virka framkvæmd.

3. Með hliðsjón af ákvæðum tilskipunar Evrópusambandsins um vinnuvernd barna og ungmenna leggur nefndin til breytingar á X. kafla laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980. Í skýrslunni er gerð grein fyrir breytingunum og eru þær útfærðar í formi frumvarps sem er fylgiskjal með henni.
4. Nefndin telur nauðsynlegt að ákvæði í kjarasamningum um vinnu ungmenna verði skoðuð með tilliti til reglna tilskipunar ESB.

   Í þeim starfsgreinum, þar sem vinna barna og unglinga verður áfram heimil, er nauðsynlegt að meginefni tilskipunarinnar komi fram í viðkomandi kjarasamningi eða í þeim verði vísað til ákvæða gildandi laga og reglugerða. Við endurskoðun kjarasamninga verði reynt að tryggja með sem bestum hætti að ungmenni séu tryggð við vinnu sína eins og aðrir starfsmenn samkvæmt almennum skilmálum um slysatryggingar launafólks.
5. Í skýrslu sinni setur nefndin fram ábendingar um breytingar á öðrum lögum, t.d. grunnskólalögum. Auk þess er vakin athygli á því að vera kunni að breyta þurfi ákvæðum sjómannalaga um lágmarksaldur við vinnu á skipum.

   Þá mælir nefndin með því að kannað verði hvort unnt sé að fullgilda samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 138 um lágmarksaldur við vinnu og hvort Ísland geti undirgengist skuldbindingar samkvæmt ákvæðum 7. gr. félagsmálasáttmála Evrópu um vernd barna og ungmenna.

III.

Frumvarp þetta er í öllum meginatriðum í samræmi við tillögu nefndarinnar, sbr. 3. tölul. hér að framan. Helstu atriði frumvarpsins eru eftirfarandi:

1. Bannað verður að ráða börn til vinnu nema með nánar tilgreindum undantekningum.
2. Heimilt verður að ráða unglinga til vinnu.
3. Heimilt verður að ráða börn 14 og eldri til vinnu enda sé vinnan hluti af fræðilegu eða verklegu námsfyrirkomulagi.
4. Heimilt verður að ráða börn 13 ára og eldri til að vinna störf af léttara tagi.
5. Sérstakar reglur gilda um vinnu barna sem tengist menningarstarfsemi, listviðburðum og íþrótta- eða auglýsingastarfsemi.
6. Skýrar reglur verða um vinnutíma, næturvinnu og hvíldartíma barna og unglinga.
7. Kveðið er á um skyldur atvinnurekenda til að gera ráðstafanir sem tryggja öryggi og heilbrigði barna og unglinga sem hjá þeim starfa.

Um einstaka efnisþætti er fjallað nánar í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um gildissvið X. kafla laganna. Þær undanþágur, sem tilgreindar eru í 2. málsl., eru grundvallaðar á 2. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33/EB.

Rétt er að taka fram að orðið „fjölskyldufyrirtæki“ er ekki til í íslensku lagamáli. Leitað var eftir upplýsingum hjá Evrópusambandinu um hvaða fyrirtæki teljist til þeirra, þ.e. „family undertaking“ samkvæmt enskum texta tilskipunarinnar. Samkvæmt upplýs-

ingum þaðan er aðildarríkjunum látið það eftir að gefa orðinu inntak. Nefndin, sem samdi frumvarp þetta, gerir tillögu um að orðið verði skýrt með hliðsjón af vanhæfisreglum stjórnsýslulaga og réttarfarslaga. Orðið „fjölskyldufyrirtæki“ mætti skýra þannig að það taki til rekstrar sem er að verulegum hluta í höndum einstaklinga eða einstaklings sem er skyldur eða mægður barni eða unglingi í beinan legg eða öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33/EB gildir hún um alla einstaklinga undir 18 ára aldri sem hafa ráðningarsamning eða ráðningarkjör (employment relationship) sem eru skilgreind í gildandi lögum aðildarríkis og/eða falla undir gildandi lög aðildarríkis. Vakin er athygli á að lagt er til að gildissvið X. kafla laganna verði víðtækara en gildissvið tilskipunarinnar.

Í 2. mgr. eru skilgreind þau hugtök sem notuð eru í lögunum. Skilgreiningarnar eru efnislega samhljóða skilgreiningum í a–c-liðum 3. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33/EB.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er skýrt tekið fram að börn megi ekki ráða til vinnu, sbr. 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33/EB. Í tilskipuninni er tilgreint að aðildarríkin skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir til að banna vinnu barna. Hér er farin sú leið að nota það orðalag að ekki megi ráða börn til vinnu, en með því er skýrt hver bera skuli ábyrgð skv. 99. gr. laganna ef brotið er gegn lögunum, þ.e. atvinnurekandi.

Í 2. mgr. eru tilgreindar undanþágur frá banni við að ráða börn til vinnu. Þær undanþágur eru sams konar og undanþágur sem tilgreindar eru í 2. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar.

Um vinnu þá, sem fjallað er um í a-lið 2. mgr., eru nánari ákvæði í 5. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33/EB. Þar eru enn fremur fyrirmæli um starfsskilyrði barna í viðkomandi störfum og hvað hafa skuli við viðmiðunar þegar leyfi skv. a-lið 2. mgr. eru veitt.

Í c-lið 2. mgr. eru ekki tæmandi talin þau störf sem 13 ára börn mega vinna, en létt garðyrkju- og þjónustustörf eru nefnd í dæmaskyni. Gert er ráð fyrir að ráðherra skuli að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins setja nánari reglur um framkvæmd b- og c-liða 2. mgr., m.a. um hvað teljist vera störf af léttara tagi. Þar til gilda m.a. leiðbeinandi skilgreiningar Vinnueftirlits ríkisins um hvað telja skuli létt störf.

Um 3. gr.

Eðlilegt þykir í framhaldi af ákvæði um vinnu barna að taka fram að almennt sé heimilt að ráða unglinga til vinnu. Þó er gerður sá fyrirvari að í þessum kafla laganna eru tilgreindar ákveðnar takmarkanir á vinnu unglinga.

Um 4. gr.

Greinin er grundvölluð á 7. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33/EB. Þar er gert ráð fyrir að börn og unglingar séu varin fyrir öllum þeim hættum sem öryggi þeirra, heilsu og þroska eru búnar og rekja má til ungs aldurs þeirra og reynsluleysis, grandvaraleysis þeirra gagnvart þeirri hættu sem er eða kann að vera fyrir hendi eða þess að þau hafa ekki náð fullum þroska.

Í 1. mgr. eru tilgreindar aðstæður þar sem ekki er talið eðlilegt að börn og unglingar vinni. Ákvæðið er efnislega samhljóða 2. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar.

Í 2. mgr. er kveðið á um að heimilt sé að víkja frá ákvæðum 1. mgr. þegar það er nauðsynlegt vegna starfsnáms unglinga, sbr. 3. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar. Þau skilyrði eru sett að öryggi þeirra og heilbrigði sé tryggt með því að láta vinnuna fara fram undir eftirliti hæfs einstaklings, sbr. 7. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 89/391/EBE, um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum. Jafnframt verður að tryggja að sú vernd, sem kveðið er á um í þeirri tilskipun, sé til staðar. Ráðherra er ætlað að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins að setja nánari reglur um framkvæmd greinar þessarar.

Um 5. gr.

Í þessari grein er fjallað um vinnutíma barna sem falla undir b- og c-liði 2. mgr. 60. gr. (2. gr. frumvarpsins) og unglinga og er ákvæðið sams konar og 1., 2. og 5. mgr. 8. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33/EB. Um er að ræða virkan vinnutíma, þ.e. þann tíma sem ungmenni er við störf eða er atvinnurekanda innan handar og innir af hendi störf sín eða skyldur í samræmi við lög og/eða venju. Virkur vikulegur dagvinnutími íslensks launafólks samkvæmt kjarasamningum er 37 stundir og 5 mínútur.

Þegar reiknaður er út samanlagður vinnutími ungmennis skal miða við að þegar vinnan er hluti af fræðilegu eða verklegu námsfyrirkomulagi sé sá tími sem námið tekur talinn til vinnutíma. Ef ungmenni starfar hjá fleiri en einum atvinnurekanda skal miða við samanlagðan vinnudaga- og vinnustundafjölda.

Í 3. og 4. mgr. greinarinnar er um að ræða þrengingu frá þeim heimildum sem tilgreindar eru í 8. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33/EB.

Í 3. mgr. er heimiluð undanþága frá 2. mgr. í tilteknum tilfellum, en samkvæmt tilskipuninni er einnig heimilt að setja undanþágu vegna a-liðar 1. mgr. Ekki eru talin vera rök til að veita slíkar undanþágur þegar um börn er að ræða.

Í 4. mgr. er lagt til að réttur til að fá 30 mínútna hlé skapist þegar daglegur vinnutími er lengri en fjórir tímar, en samkvæmt tilskipuninni skapast slíkur réttur eftir fjóran og hálfan tíma. Eðlilegt þykir að miða frekar við fjóra tíma þar sem það samræmist betur því sem almennt gerist á íslenskum vinnumarkaði.

Um 6. gr.

Í þessari grein er fjallað um hvernig hátta skal næturvinnu barna sem falla undir b- og c-liði 2. mgr. 60. gr. (2. gr. frumvarpsins) og unglinga, sbr. 9. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33/EB.

Í 4. mgr. er tekið fram að heilbrigðisskoðun og athugun á vinnuhæfni unglings sem er ráðinn til að vinna í næturvinnu skuli vera honum að kostnaðarlausu. Atvinnurekandinn skal sjá til þess að slík skoðun fari fram.

Um 7. gr.

Í þessari grein er fjallað um hvíldartíma barna sem falla undir b- og c-liði 2. mgr. 60. gr. (2. gr. frumvarpsins) og unglinga. Ákvæðið er sams konar og 10. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33/EB.

Í 5. mgr. er gert ráð fyrir að ráðherra skuli að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins setja nánari reglur um frávik skv. 2.–4. mgr. greinarinnar. Um slík frávik getur t.d. verið að ræða þegar það er réttlætanlegt af tæknilegum eða skipulagslegum ástæðum, sbr. ákvæði 2. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar.

Um 8. gr.

Í þessari grein er tilgreint að heimilt sé við ákveðnar kringumstæður að víkja frá ákvæðum laganna um vinnutíma, næturvinnu og hvíldartíma unglinga. Skv. 13. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33/EB er um að ræða vinnu sem um getur í 4. mgr. 5. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 89/391/EBE, en það ákvæði fjallar um svokölluð „force majeure“ tilvik. Ákvæði 4. mgr. 5. gr. hljóðar svo: „Tilskipun þessi skal ekki takmarka möguleika aðildarríkjanna til að létta ábyrgð af vinnuveitanda eða takmarka hana, sé orsaka atvika að leita í óvenjulegum og ófyrirsjáanlegum kringumstæðum sem vinnuveitandi fær ekki stjórnað, eða í atburðum er til undantekninga teljast og hafi ekki verið gerlegt að forðast afleiðingarnar þótt ýtrasta aðgát hafi verið sýnd.“ Skilyrði er að ekki sé unnt að fá fullorðna starfsmenn og að unglingarnir fái samsvarandi uppbótarhvíldartíma á næstu þremur vikum.

Um 9. gr.

Í ákvæði þessu er tekið fram að börn í fullu skyldunámi eigi rétt á að fá leyfi árlega einhvern tíma á meðan á skólafríi stendur. Í samræmi við 11. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33/EB á ákvæðið ekki við um börn sem ráðin eru til vinnu skv. a-lið 2. mgr. 60. gr. (2. gr. frumvarpsins). Tilskipunin gerir jafnframt ráð fyrir að börn skuli fá leyfi „að svo miklu leyti sem hægt er“, en sá fyrirvari er ekki tekinn upp í frumvarpið.

Um 10. gr.

Í greininni er tekið fram að atvinnurekandi skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi og heilbrigði barna og unglinga með gerð mats á áhættu sem starf getur valdið þeim. Kveðið er á um að matið fari fram áður en börn eða unglingar hefja störf og í hvert sinn sem verulegar breytingar verða gerðar á starfsskilyrðum. Fyrirmæli þessi eru í samræmi við 2. mgr. 6. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33/EB, en sú grein fjallar um almennar skyldur atvinnurekanda. Í tilskipuninni er nánar kveðið á um hvaða atriði skulu einkum skoðuð. Rétt er talið að tilgreina þau í reglum sem ráðherra setji að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins ásamt öðrum atriðum sem varða framkvæmd greinar þessarar.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, með síðari breytingum.

Frumvarpið er samið með það að markmiði að Ísland geti framfylgt tilskipun ESB nr. 94/33, um vinnuvernd barna og ungmenna, en á sama tíma gefið íslenskum unglingum áfram möguleika til atvinnuþátttöku. Með hugtakinu barn er átt við einstakling undir 15 ára aldri eða sem er í skyldunámi. Til unglinga telst hins vegar einstaklingur sem er minnst 15 ára að aldri en hefur ekki náð 18 ára aldri og er ekki lengur í skyldunámi. Atriðum frumvarpsins má skipta upp í tvennt eftir því hvort um barn eða ungling er að ræða.

Í fyrsta lagi er í frumvarpinu kveðið á um að bannað verði að ráða börn til vinnu nema í undantekningartilfellum. Í því sambandi má nefna að heimilt verður að ráða börn 13 ára og eldri til að vinna störf af léttara tagi í takmarkaðan stundafjölda á viku og að sérstakar reglur gilda um vinnu barna sem tengist menningarstarfsemi, listviðburðum og íþrótta- eða auglýsingastarfsemi. Í öðru lagi er í frumvarpinu kveðið á um að heimilt verði að ráða unglinga í vinnu en með ákveðnum takmörkunum. Settar eru skýrar reglur um vinnutíma, næturvinnu og hvíldartíma barna og unglinga. Einnig er atvinnurekenda gert skylt að gera ráðstafanir sem tryggja öryggi og heilbrigði barna og unglinga sem hjá þeim starfa.

Lögfesting frumvarpsins mun leiða til aukinna umsvifa hjá Vinnueftirliti ríkisins við setningu reglna og kynningar þeirra. Gert ráð fyrir að kostnaður stofnunarinnar aukist um 1 m.kr. vegna þessa og skiptist aukningin þannig að um 700 þús. kr. fara til setningar reglugerða og 300 þús. kr. til fræðslu og kynningar. Þessi aukni kostnaður rúmast innan núgildandi fjárhagsramma stofnunarinnar en skv. 77. gr. núgildandi laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum ber fyrirtækjum þeim er lögin gilda um að fjármagna rekstur Vinnueftirlits ríkisins. Því verður ekki séð að lögfesting frumvarpsins hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

801. Fyrirspurn [466. mál]

til dómsmálaráðherra um jafnréttisfræðslu fyrir dómara.

Frá Bryndísi Hlöðversdóttur.

Hefur ráðherra í hyggju að verða við tilmælum til íslenskra stjórnvalda frá nefnd Sameinuðu þjóðanna um afnám alls misréttis gegn konum sem lúta að kynningu meðal dómara á sáttmála um afnám allrar mismununar gegn konum? Ef svo er, á hvern hátt er fyrirhugað að standa að þeirri fræðslu?

802. Tillaga til þingsályktunar [467. mál]

um aðgerðir til að afnema launamisrétti kynjanna.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir,
Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að grípa þegar í stað til aðgerða til að afnema launamisrétti kynjanna. Jafnframt verði gerð áætlun um ráðstafanir til að bæta stöðu kvenna á vinnumarkaði sem komi til framkvæmda í áföngum á næstu fjórum árum. Gripið verði til eftirfarandi aðgerða:

1. Framfærslukostnaður einstaklinga verði skilgreindur.
2. Lægstu laun verði hækkuð í áföngum og miðað við skilgreindan framfærslukostnað.
3. Á grundvelli starfs þess hóps, sem lagt hefur fram tillögur um nýtt starfsmat, fari að loknu tilraunaverkefni fram nýtt og breytt starfsmat hjá ríki og sveitarfélögum sem tekur tillit til starfsreynslu og menntunar og mismunar ekki kynjunum.
4. Í næstu kjarasamningum verði samið um að leggja til hliðar ákveðna upphæð, t.d. 1 milljarð kr., sem verði varið til að bæta lægstu laun hjá stéttum þar sem konur eru yfir 75% starfsmanna og starfsmat sýnir að um vanmat á störfum þeirra sé að ræða. Þessi aðgerð nái jafnt til almenna vinnumarkaðarins sem ríkis og sveitarfélaga.
5. Launakerfi ríkisins verði stokkað upp í því skyni að afnema launamisrétti sem m.a. er falið í ýmiss konar aukagreiðslum, einfaldað og gert gagnsætt.
6. Ákvæðum 3. gr. jafnréttislaganna verði fylgt eftir en hún kveður á um tímabundnar aðgerðir til að bæta stöðu kvenna.
7. Fæðingarorlof verði lengt í tólf mánuði í áföngum og feðrum tryggður sjálfstæður réttur til þriggja mánaða orlofs.
8. Vinnulöggjöfin verði endurskoðuð, einkum með tilliti til réttinda og stöðu kvenna á vinnumarkaði.
9. Viðurlög við brotum á jafnréttislöggjöfinni verði stórlega hert, svo og eftirlit með að henni sé framfylgt.
10. Tryggingakerfið og lífeyris- og skattamál verði endurskoðuð til að jafna stöðu kynjanna.
11. Komið verði á einsetnum skóla, skóladagur lengdur og sveitarfélögum tryggðir tekjustofnar til að grunnskólar geti starfað samkvæmt lögum.
12. Áætlun verði gerð til tíu ára um að fullnægja eftirspurn eftir leikskólaplássum í samvinnu ríkis og sveitarfélaga. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga verði nýttur til aðstoðar þeim sveitarfélögum sem erfitt eiga með að standa við áætlunina.

Greinargerð.

Í kosningabaráttunni vorið 1995 lagði Kvennalistinn fram áætlun í tólf liðum um það hvernig útrýma mætti launamisrétti kynjanna og bæta stöðu kvenna á vinnumarkaði. Sú tillaga, sem hér er flutt af þingflokki Kvennalistans, byggist á þeirri áætlun, en á undanförnum tólf árum hefur Kvennalistinn flutt ótal tillögur sem taka á launamálum kvenna.

Fyrir síðustu kosningar tókst að koma launamálum kvenna á dagskrá og lýstu allir stjórnmálaflokkar yfir vilja sínum til að afnema það himinhrópandi launamisrétti kynjanna sem viðgengst hér á landi og var afhjúpað enn einu sinni í rannsókn sem gerð var

fyrir Jafnréttisráð. Niðurstaða hennar var sú að launamunur milli kynjanna er verulegur og eykst því meiri menntun sem fólk hefur. Launamunur kynjanna hefur aukist frá árinu 1980 eins og fram kemur í bæklingi Hagstofunnar *Konur og karlar* (1994), svo og í skýrslu þeirri sem tekin var saman í tilefni af kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Beijing haustið 1995. Þessi þróun er ekki í samræmi við það sem gerst hefur meðal þeirra þjóða sem við berum okkur saman við þótt þar sé einnig verulegur launamunur milli kynja. Bent hefur verið á af hálfu nefndar Sameinuðu þjóðanna að launamisrétti kynjanna hér á landi jaðri við mannréttindabrot. Í ábendingum frá nefnd Sameinuðu þjóðanna sem fylgist með framkvæmd sáttmálans um afnám allrar mismununar gagnvart konum kemur fram hvatning til íslenskra stjórnvalda um „að halda áfram skilgreindum aðgerðum sínum varðandi launajöfnuð kynjanna". (Sjá svar félagsmálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Ástgeirsdóttur, þskj. 617 á 120. löggjafarþingi.) Þá kemur fram í athugasemdum nefndar Sameinuðu þjóðanna um framkvæmd Íslendinga á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, 24. lið: „Nefndin leggur til að viðeigandi ráðstafanir verði gerðar til að vinna gegn launamisrétti á milli karla og kvenna þar sem slíkt getur skaðað hagsmuni barna, einkum á heimilum sem einstæðar mæður veita forstöðu." (Sjá þskj. 617.) Jafnframt blasir við okkur sú staðreynd að laun fjölmennra kvennastétta, sem vinna mjög ábyrgðarmikil störf, eru skammarlega lág, enda ber mikið á óánægju þessara stétta svo sem sést hefur í verkföllum og vinnudeilum undanfarinna ára.

Nú þegar betur árar í íslensku efnahagslífi er tækifæri til að taka á því óréttlæti sem í launamisréttinu felst og jafnframt að grípa til aðgerða sem bætt geta stöðu kvenna á vinnumarkaði og þar með fjölskyldnanna í landinu.

Fyrst þarf að skilgreina framfærslukostnað einstaklinga þannig að ljóst sé hver lágmarkslaun verða að vera. Engin slík viðmiðun er til og mjög mismunandi við hvað er miðað þegar verið er að reikna fólki t.d. námslán, atvinnuleysisbætur eða semja um lægstu taxta.

Lánasjóður íslenskra námsmanna skilgreinir framfærslukostnað einstaklinga í leiguhúsnæði 53.500 kr. á mánuði. Eigi námsmaðurinn eitt barn hækkar framfærslan í 77.575 kr. Atvinnuleysisbætur einstaklings á fullum bótum eru 52.723 kr. á mánuði. Ellilífeyrir og tekjutrygging nema 37.978 kr. á mánuði. Sextán ára Sóknarstúlka, sem hefur störf t.d. í eldhúsi á sjúkrahúsi, fær nú í byrjunarlaun 52.900 kr. Þrítug kona, sem vinnur við umönnun og hefur sótt eitt námskeið, fær í grunnlaun 64.226 kr. samkvæmt Sóknartaxta. Fyrir síðustu kosningar lét Kvennalistinn reikna út framfærslukostnað einstaklings eftir tilbúnu dæmi og varð niðurstaðan sú að hann yrði að hafa um 94.000 kr. á mánuði til ráðstöfunar eða um 121.500 kr. í tekjur á mánuði. Hver er framfærslukostnaður í raun? Skilgreina þarf hver hann er og niðurstaðan verður að liggja fyrir áður en gengið er í það verk að hækka lægstu laun og gera nauðsynlegar breytingar í skatta- og tryggingakerfinu.

Næsta skref á að vera nýtt og breytt starfsmat sem aðrar þjóðir hafa beitt með góðum árangri til að draga úr launamisrétti og bæta kjör kvenna. Fyrrverandi félagsmálaráðherra, Rannveig Guðmundsdóttir, skipaði hóp sem falið var það hlutverk að safna upplýsingum um starfsmat og leggja fram tillögur um hvernig nýta mætti það til að draga úr launamisrétti. Núverandi launakerfi hjá ríki og sveitarfélögum byggjast á gömlu og úreltu starfsmati sem metur umönnun, uppeldi, þjónustu og ábyrgð á fólki mun minna en umsjón peninga og steinsteypu eins og sjá má á launum fjölmennra kvennastétta. Nú liggja tillögur hópsins fyrir og stendur til að gera tilraun hjá nokkrum stofnunum og fyrirtækjum, en að þeim loknum hlýtur að fara fram nýtt starfsmat hjá ríki og sveitarfélög-

um. Líklegt er að slík aðgerð hefði mikil áhrif á almennan vinnumarkað, en þar þarf ekki síður að taka til hendi.

Mjög mikilvægt er að fylgja jafnréttislögunum eftir og tryggja að vinnuveitendur, hvort sem er á almennum vinnumarkaði eða hjá opinberum aðilum, framfylgi lögunum. Nýta þarf 3. gr. jafnréttislaganna markvisst og í mun ríkari mæli en nú er gert, en hún kveður á um tímabundnar aðgerðir til að bæta stöðu kvenna. Þá þarf að stórherða viðurlög við brotum á jafnréttislögunum en þau eru nú þverbrotin. Í löndum eins og Bandaríkjunum er fylgst grannt með því að stofnanir og fyrirtæki virði lög um jafnan rétt þegnanna, eftirlitsmenn eru sendir á vettvang og fyrirtæki lögsótt ef þau brjóta jafnréttislög.

Til að bæta stöðu kvenna á vinnumarkaði þarf einnig að grípa til félagslegra aðgerða, svo sem lengingar fæðingarorlofs, endurskoðunar á tryggingakerfinu, svo og að taka á skatta- og lífeyrismálum í þeim tilgangi að jafna stöðu kynjanna. Því miður virðast allar hugmyndir stjórnvalda stefna í þveröfuga átt í sparnaðarskyni, en réttindamissi verður ekki tekið þegjandi og hljóðalaust. Kvennalistinn hefur lagt fram tillögur til breytinga á lögum um fæðingarorlof og eru þær samhljóða þessum tillögum. Þá þarf að vinna að endurbótum á skólakerfinu þannig að skólinn taki jafnt mið af þörfum barna sem vinnutíma foreldra þannig að börn fái fyrsta flokks menntun og umönnun. Fullnægja þarf eftirspurn eftir leikskólaplássum og tryggja að öll sveitarfélög geti boðið slíka þjónustu. Loks þarf að endurskoða alla vinnulöggjöfina með sérstöku tilliti til réttinda og stöðu kvenna á vinnumarkaði. Sú endurskoðun þarf að eiga sér stað í samvinnu við samtök launafólks og atvinnurekendur og tryggja verður að allar breytingar taki mið af þörfum kvenna ekki síður en karla.

Afnám launamisréttis kynjanna er mannréttinda- og réttlætismál sem krefst tafarlausra aðgerða. Því er þessi tillaga flutt.

803. Tillaga til þingsályktunar [468. mál]

um endurskoðun á launakerfi ríkisins.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Halldórsdóttir,
Guðný Guðbjörnsdóttir.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að skipa nefnd til að endurskoða launakerfi ríkisins. Hlutverk nefndarinnar verði að einfalda launakerfi ríkisins, auka hlut umsaminna grunnlauna, draga úr eða afnema með öllu yfirborganir og aukagreiðslur af ýmsu tagi og endurskoða röðun í launaflokka. Sérstaklega ber nefndinni að benda á leiðir til að hækka lægstu laun og draga úr launamun kynjanna. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar fjármálaráðuneytisins og samtaka opinberra starfsmanna.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 117. og 118. löggjafarþingi en í hvorugt skiptið kom hún til umræðu.

Það er löngu orðið tímabært að hefja endurskoðun á launakerfi ríkisins með það markmið í huga að draga úr launamisrétti, hækka lægstu laun, einfalda launakerfið og gera það gagnsærra þannig að ljóst sé hver launakjörin eru í raun og veru. Ýmsar launakannanir hafa sýnt fram á að launamunur kynjanna, jafnt í opinbera geiranum sem og á hinum almenna markaði, er óafsakanlega mikill. Má í þessu sambandi minna á könnun sem gerð var í fjármálaráðuneytinu og skýrt er frá í greinargerð starfshóps fjármálaráðuneytisins um jafnréttismál til fjármálaráðherra í nóvember 1995 (sbr. fylgiskjal I).

Samkvæmt lögum ber ríkinu að greiða konum sömu laun og körlum, en á því hefur verið mikill misbrestur. Þannig hefur t.d. nefnd Sameinuðu þjóðanna sent íslenskum stjórnvöldum tillögur og tilmæli í sambandi við framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í þeim tillögum segir m.a. að stjórnvöld verði að gera viðeigandi ráðstafanir til að vinna gegn launamisrétti karla og kvenna þar sem slíkt getur skaðað hagsmuni barna, einkum á heimilum sem einstæðar mæður veita forstöðu. Eins hvetur nefndin íslensk stjórnvöld til að halda áfram skilgreindum aðgerðum sínum varðandi jöfn laun kynjanna fyrir sambærileg störf og að stuðla að launajöfnuði á öllum sviðum atvinnulífsins (sjá fylgiskjal II).

Eins má benda á að samskipti ríkisins við starfsmenn sína hafa vægast sagt verið með sérkennilegum hætti undanfarin ár. Grunnlaunum hefur markvisst verið haldið niðri þannig að lægstu laun ríkisstarfsmanna eru á sultarmörkum meðan hvers kyns yfirborganir og sérgreiðslur til ákveðinna hópa hafa aukist. Þetta kemur m.a. fram í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Halldórsdóttur o.fl. á 120. löggjafarþingi (sbr. fylgiskjal III). Bráðabirgðalögum sem ganga þvert á kjarasamninga hefur ítrekað verið beitt. Á undanförnum árum hefur fjöldi mála verið rekinn fyrir dómstólum vegna þessa (sbr. fylgiskjöl IV–VI). Árangur næst ekki í hagræðingu í ríkisrekstri ef það er gert í andstöðu við ríkisstarfsmenn. Það gengur ekki lengur að ríkisvaldið standi í eilífum styrjöldum við starfsmenn sína og beiti lögum og dómstólum gegn þeim ef það kallar ekki sjálft yfir sig málaferli. Besta leiðin til að bæta samskiptin er að ganga í það nauðsynjaverk að stokka upp launakerfi ríkisins í góðri sátt við ríkisstarfsmenn. Kjarasamningar eru lausir um næstu áramót. Áður en til þeirra verður gengið ber að marka stefnu sem felur í sér réttlátara og raunhæfara launakerfi.

Fylgiskjal I.

Úr greinargerð til fjármálaráðherra frá starfshópi fjármálaráðuneytis um jafnréttismál.
(Nóvember 1995.)

1. Könnun Jafnréttisráðs - helstu niðurstöður

1.1 Forsaga málsins

Sem fyrr segir var starfshópnum ætlað að hafa könnun Félagsvísindastofnunar til hliðsjónar við athugun sína á stöðu mála innan fjármálaráðuneytisins. Rétt er því að skoða hana nánar áður en lengra er haldið.

Aðdragandi könnunarinnar er að árið 1990 ákváðu jafnréttismálaráðherrar Norðurlandanna að hleypa af stokkunum sérstöku "Norrænu jafnlaunaverkefni" sem átti að vinna á tímabilinu 1989-1994. Meginmarkmið verkefnisins var að safna upplýsingum um launamun kynjanna og greina ástæður þess að tekjur kvenna eru almennt lægri en karla. Í tengslum við þetta verkefni hafa verið gerðar ýmsar kannanir, bæði hér á landi og á hinum Norðurlöndunum. Niðurstöður eru í stuttu máli þær að ***styttri vinnutími, minni menntun og styttri starfsferill kvenna nægi ekki til að skýra þann mun sem er á tekjum kynjanna.***

1.2 Könnun Jafnréttisráðs

Hinn 7. maí 1993 var samþykkt á Alþingi framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til ***að ná fram jafnrétti kynjanna***. Einn liður í þeirri áætlun var að fyrrnefnd könnun Félagsvísindastofnunar á kjörum karla og kvenna, en hún tók til fjögurra opinberra stofnana og sama fjölda fyrirtækja á einkamarkaði.

Markmið könnunarinnar var að fá svör við eftirfarandi spurningum :

1. *Hver eru laun kvenna og karla á viðkomandi vinnustað ?*
2. *Hvernig eru laun og kjör ákveðin ?*
3. *Hvert er inntak starfsins og hver er ábyrgð starfsmannsins ?*
4. *Hvernig fara mannaráðningar, stöðubreytingar og tilfærslur í starfi fram ?*
5. *Hvaða áhrif hafa einkahagir fólks á möguleika þeirra á vinnumarkaði ?*

Hér á eftir eru dregnar saman helstu niðurstöður þessarar könnunar og er þar aðeins stiklað á stóru. Þar er fyrst og fremst horft til mismunar í launum eftir menntun og kyni.

- Háskólamenntaðir karlar í fullu starfi eru með 56% hærri heildartekjur á mánuði en konur með háskólamenntun. Sambærilegur munur milli kynja er hins vegar 43% þegar um er að ræða einstaklinga með framhaldsskólamenntun og tæplega 20% sé miðað við grunnskólanám. Samkvæmt því eykst munur á launum karla og kvenna með meiri menntun.

- Karlar hafa almennt lengri vinnutíma en konur. Minnstur er munurinn hjá háskólamenntuðu fólki, tæp 3%, en mestur hjá þeim sem hafa stysta skólagöngu, eða 10%.

- Aukagreiðslur í formi "óunninnar yfirvinnu", þóknunareininga og bílastyrkja hækka dagvinnulaun karla um 16% en kvenna um rúm 4%.

- Hlutfallslega færri konur eru í hæstlaunuðu störfunum.

- Launamunur kynjanna eykst með valdi og ábyrgð. Ekki er marktækur munur á launum verkafólks eftir kyni á meðan hann er mestur í hópi stjórnenda og æðri embættismanna.

- Karlstjórnendur fá 54% hærri aukagreiðslur en kvenstjórnendur.

- Háskólamenntuðum konum sem starfa hjá einkafyrirtækjum virðist vegna betur í kjarabaráttunni en kynsystrum þeirra hjá því opinbera. Á einkamarkaði eru karlar með um það bil 25% hærri laun en konur en munurinn er hins vegar 52% hjá hinu opinbera, konum í óhag.

Hér á eftir eru lausleg samantekt á öðrum þáttum könnunarinnar, svo sem starfsframa, menntun og ábyrgð.

Starfsframi. Karlar eru mun líklegri til að fá stöðuhækkun en konur þó að konur sækist ekki síður eftir henni. Þá eru yfirmenn líklegri til að biðja karl en konu að leysa sig af eða koma fram sem fulltrúi fyrirtækisins.

Menntun. Yfirmenn hvetja karla frekar en konur til að sækja ráðstefnur, koma með eigin hugmyndir eða til að vinna að sjálfstæðum verkefnum. Þá sækja karlar fleiri námskeið en konur og óska frekar eftir því.

Vinnutími, viðvera. Stjórnendur virðast meta mikils að starfsfólk sé reiðubúið til að vinna fram eftir og telja karla líklegri til að láta vinnuna ganga fyrir öllu. Konur hafi hins vegar tilhneigingu til að setja fjölskylduna í fyrsta sæti. Þá eru konur almennt álitnar ótryggari starfskraftur en karlar. Ástæðan er hætta á fjarveru vegna barneigna og veikinda barna.

Viðhorf til jafnréttismála. Karlar, einkum hjá hinu opinbera, telja mótun jafnréttisstefnu innan stofnunar sinnar með öllu óþarfa enda jafnrétti haft í fyrirrúmi. Konur eru á öndverðri skoðun, en þær telja að mótun ákveðinnar jafnréttisstefnu sé mikilvæg.

Leið til að auka jafnrétti. Margir svarendur í rannsókn Félagsvísindastofnunar voru þeirrar skoðunar að erfitt verði að ná fram jafnrétti á vinnumarkaði nema með aukinni ábyrgð karla á börnum og heimili. Því marki væri hins vegar erfitt að ná nema með breyttum lögum og reglum um greiðslur í fæðingarorlofi.

Í stórum dráttum eru þetta niðurstöðurnar sem starfshópurinn hafði til hliðsjónar við eftirfarandi athugun á stöðu kynjanna í fjármálaráðuneyti og stofnunum þess, eins og nánar er fjallað um í fjórða kafla.

3. Hlutur karla og kvenna í fjármálaráðuneyti og stofnunum þess

3.1 Fjöldi starfsmanna

Samkvæmt skipunarbréfi starfshópsins er honum ætlað að skoða stöðu mála hjá fjármálaráðuneyti og stofnunum þess. Þær stofnanir sem hér um ræðir eru eftirfarandi:

- *Ríkisbókhald,*
- *Ríkisféhirðir,*
- *Ríkislögmaður,*
- *Ríkisskattstjóri,*
- *Yfirskattanefnd,*
- *Skattrannsóknarstjóri,*
- *Skattstofurnar,*
- *Ríkistollstjóri,*
- *Tollstjórinn í Reykjavík,*
- *Framkvæmdasýslan,*
- *Ríkiskaup,*
- *Fasteignamat ríkisins,*
- *ÁTVR,*
- *Arnarhvoll, Fasteignir ríkisins, Borgartún 7.*

Í mars 1995 voru starfsmenn fjármálaráðuneytis og stofnana þess samtals 867. Þar með taldir eru þeir sem voru í hlutastarfi svo og stjórnendur. Þar af voru 83 einstaklingar, eða innan við 10%, starfandi í ráðuneytinu sjálfu. Langflestir voru við störf í skattkerfinu; á skattstofunum, hjá ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra, yfirskattanefnd, ríkistollstjóra og tollstjóranum í Reykjavík, eða rúmlega helmingur. Stærsta einstaka stofnunin var Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, en þar unnu 155 einstaklingar.

Skipting starfsmanna eftir stofnunum - Mars 1995



2. Skipting starfsmanna eftir kyni

Á meðfylgjandi mynd sést framangreind skipting starfsmanna eftir kyni. Þar kemur fram að karlar eru heldur fleiri en konur þegar á heildina er litið, eða 55% á móti 45%. Í ráðuneytinu sjálfu er skiptingin svipuð og fyrir heildina, þó ívið jafnari, en nokkur munur er á þessum hlutföllum eftir stofnunum. Á skattstofunum eru hlutföllin þau sömu, en þar eru konur í meirihluta. Mestan mun er hins vegar að finna hjá Fasteignamati ríkisins, þar sem 70% starfsmanna eru karlmenn. Hlutfallið er aftur á móti hæst fyrir konur hjá ríkisféhirði, fjórar konur á móti hverjum karli og í ríkisbókhaldi, þar sem hlutfallið er tvær á móti einum.

Skipting starfsmanna eftir kyni - Mars 1995



3.3 Menntun/launakjör starfsmanna

Hér er dregin upp lausleg mynd af því hvernig almenn launakjör starfsmanna fjármálaráðuneytis og stofnana þess eru ákveðin. Flestir fá greidd laun samkvæmt ákvæðum kjarasamninga fjármálaráðherra við aðildarfélög BSRB eða BHM, en þó eru nokkur stéttarfélög utan bandalaga, svo sem verkfræðingar og tæknifræðingar. Samningar þeirra síðartöldu eiga sér beina samsvörun í ýmsa samninga ríkisins við BHM. Þessi félög eru því talin með BHM í tölunum hér á eftir. Sama gildir raunar um þá starfsmenn sem taka laun samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra (ráðherraraðaðir). Þá eru launakjör æðstu stjórnenda ákveðin af kjaranefnd, en þau eru um margt ólík hefðbundnum kjarasamningum ríkisins við einstök stéttarfélög.

Skipting starfsmanna eftir starfskjörum

	Fjöldi	%
I. BSRB	**594**	**68,5**
- Karlar	273	31,5
- Konur	321	37,0
II. BHM, verkfræðingar, tæknifræðingar	**248**	**28,6**
- Karlar	178	20,5
- Konur	70	8,1
III. Kjaranefnd	**25**	**2,9**
- Karlar	23	2,7
- Konur	2	0,2
IV. Allir	**867**	**100,0**
- Karlar	474	54,7
- Konur	393	45,3

Þessi skipting gefur einnig vísbendingu um menntun starfsmanna, hverjir hafi háskólapróf (BHM) og hverjir aðra menntun (BSRB). Ekki reyndist unnt að flokka starfsmenn frekar eftir menntunarstigi, til dæmis eftir grunnskólaprófi og framhaldsskólaprófi, eins og gert var í rannsókn Félagsvísindastofnunar. Í eftirfarandi mynd eru stjórnendur taldir með BHM, en ráðherraröðuðum er raðað eftir því hvor þeir hafa háskólamenntun eða ekki.

Fjöldi útskrifaðra frá Háskóla Íslands 1984 og 1994



3.4 Dagvinnulaun

Öllum starfsmönnum fjármálaráðuneytis og stofnana þess er raðað í tiltekna launaflokka samkvæmt ákvæðum kjarasamninga ríkisins við einstök stéttarfélög. Flest eru aðilar að BSRB og BHM eins og áður er komið fram. Í athugun hópsins eru það eingöngu greiðslur samkvæmt þessum launaflokkum sem skilgreindar eru sem dagvinnulaun þó ljóst sé að oft bætist nokkuð við þær fjárhæðir í ýmsu formi án þess að til komi aukið vinnuframlag. Þóknanaeiningar og lestímar teljast því til annarra launa, sbr. umfjöllun hér á eftir, þó þær rúmist í flestum tilvikum innan dagvinnutímans. Þetta leiðir til þess að tölur um dagvinnulaun segja oftast aðeins hálfa sögu um hugsanlegan launamun, en endurspegla fyrst og fremst tvennt. Annars vegar mismunandi starfsaldur, þar sem ríkisstarfsmenn hækka nokkuð reglubundið eftir því hversu lengi þeir eru í starfi. Hins vegar gefa þær ákveðnar vísbendingar um ábyrgð starfsmanna þar sem stjórnendur eru alla jafna í hærri launaflokkum en undirmenn þeirra.

Til að nálgast samanburðarhæfar tölur er safninu skipt upp eftir fyrrgreindum bandalögum, þ.e. BSRB og BHM, enda verkefni og ábyrgð þessara hópa oftar en ekki ólík. Æðstu yfirmönnum hverrar stofnunar er hins vegar sleppt, þar sem kjör þeirra eru ákveðin af kjaranefnd, enda lúta þeir um margt öðrum reglum, eins og áður hefur verið minnst á. Um er að ræða 25 einstaklinga, 23 karla og 2 konur. Miðað er við meðallaun ársins 1994, greidd af starfsmannaskrifstofu, og eingöngu þá sem voru í fullu starfi allt árið. Þá hefur í nokkrum tilvikum hópum verið slegið saman vegna smæðar. Birtur er mismunur á launum karla og kvenna, metinn í prósentum af launum kvenna, þó ekki í þeim tilvikum þar sem einstaklingar af öðru hvoru kyni eru tveir eða færri. Stærð og kynjaskipting úrtaksins er birt í eftirfarandi töflu.

Fjöldi í fullu starfi skipt eftir kyni og menntun [1]
Meðaltal 1994

	BSRB			*BHM*		
	Karlar	**Konur**	*Samtals*	**Karlar**	**Konur**	*Samtals*
Fjármálaráðuneytið	6	20	26	31	9	40
Ríkisbókhald, ríkisféhirðir,ríkislögmaður	5	15	20	7	4	11
Ríkisskattstjóri, skattrannsóknastjóri, yfirskattanefnd	11	14	25	30	9	39
Skattstofur, alls	32	52	84	25	10	35
Ríkistollstjóri, tollstjórinn í Reykjavík	66	43	109	3	1	4
Framkvæmdasýslan, Ríkiskaup	7	9	16	8	1	9
Fasteignamat ríkisins	8	6	14	11	1	12
ÁTVR	68	26	94	5	1	6
Arnarhvoll, Borgartún 7, Fasteignir ríkisins	10	2	12	1	-	1
SAMTALS	**213**	**187**	**400**	**121**	**36**	**157**
Fjöldi í mars	273	321	594	178	70	248
Meðaltal 1994 sem % af fjölda í mars	78,0	58,3	67,3	68,0	51,4	63,3

[1] Aðeins þeir sem voru í fullu starfi allt árið 1994.

Af töflunni hér að framan má ráða að talsverð hreyfing sé á starfsmönnum fjármálaráðuneytisins og stofnana þess. Þannig fellur burt um það bil þriðjungur starfsmanna við framangreind skilyrði um fullt starf allt árið 1994, að undanskildum stjórnendum. Munurinn er meiri hjá konum en körlum, sem skýrist meðal annars af því að þær gegna oftar hlutastörfum. Ennfremur virðist meira um breytingar innan raða BSRB en BHM.

Meðallaun skipt eftir kyni og menntun [1]
Meðaltal 1994, þús.kr. á mánuði

	BSRB			*BHM*		
	Karlar	**Konur**	*Mismunur %*	**Karlar**	**Konur**	*Mismunur %*
Dagvinnulaun	83	79	5,1	108	101	6,9
Önnur laun	57	29	96,6	113	88	28,5
Heildarlaun	**140**	**108**	**29,6**	**221**	**189**	**16,9**

[1] Aðeins þeir sem voru í fullu starfi allt árið 1994.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu voru meðaldagvinnulaun háskólamenntaðra karla í umræddum stofnunum 108 þúsund krónur á mánuði árið 1994 samanborið við 101 þúsund krónur hjá konum. Munurinn er tæplega 7%. Heldur minni munur er milli kynja í BSRB-hópnum, eða kringum 5%. Eftirfarandi tafla sýnir að frávikin eru hins vegar nokkuð

mismunandi eftir stofnunum. Hjá ríkisbókhaldi og ríkislögmanni er munurinn tæplega 2% háskólamenntuðum konum í hag upp í rúm 13% á skattstofnum til hagsbóta fyrir karla með háskólamenntun. Í BSRB-hópnum er launamunurinn verulega meiri milli kynjanna. Minnstur er hann í fjármálaráðuneytinu, tæplega 5% upp í rúmlega 22% hjá Fasteignamati ríkisins.

Áður en lengra er haldið, er rétt að ítreka annmarka hugtaksins dagvinnulaun sem mælikvarða á raunverulegan launamun milli kynja, stofnana og bandalaga.

Mismunur dagvinnulauna karla og kvenna eftir menntun [1]
Sem % af dagvinnulaunum kvenna

	BSRB %	*BHM* %
Fjármálaráðuneytið	4,7	6,7
Ríkisbókhald, ríkisféhirðir,ríkislögmaður	14,3	-1,8
Ríkisskattstjóri, skattrannsóknarstjóri, yfirskattanefnd	12,3	4,9
Skattstofur, alls	9,8	13,0
Ríkistollstjóri, tollstjórinn í Reykjavík	12,7	.
Framkvæmdasýslan, Ríkiskaup	18,1	.
Fasteignamat ríkisins	22,4	.
ÁTVR	5,7	.
Arnarhvoll, Borgartún 7, Fasteignir ríkisins	.	
SAMTALS	5,1	6,9

[1] Meðallaun þeirra sem voru í fullu starfi allt árið 1994, þó ekki þeirra sem fá laun samkvæmt ákvörðun kjaranefndar.

3.5 Starfsaldur/prófaldur

Sem fyrr segir endurspeglast mislangur starfsaldur í misháum dagvinnu- og yfirvinnulaunum upp að tilteknu hámarki. Almenna reglan er sú að eftir 16-18 ár í starfi hafa menn náð starfsaldurshámarki, en starfsaldursákvæði eru mismunandi innan bandalaga ríkisstarfsmanna, þ.e. BHM og BSRB. Þannig er notuð svokölluð prófaldursregla fyrir félagsmenn í aðildarfélögum BHM, en hún þýðir að starfsaldur reiknast frá útskrift úr háskóla að viðbættum 3-5 árum vegna námstíma. Með telst einnig sá tími sem viðkomandi einstaklingur hefur verið í framhaldsnámi eða af öðrum ástæðum verið utan starfs. Hæsta þrep í launatöflu BHM miðast við 20 ára starfsaldur, en því hámarki er oftast náð eftir 15-17 ár í starfi. Um félagsmenn í aðildarfélögum BSRB gildir alfarið mat á starfstíma hjá því opinbera og er hámarksstarfsaldur 18 ár. Hægt er að stytta þann tíma ef viðkomandi hefur unnið í sömu atvinnugrein utan þess opinbera, allt að 6 árum.

Eins og fram kemur á meðfylgjandi mynd er meðalstarfsaldur nokkuð hár í fjármálaráðuneytinu og stofnunum þess. Meðalstarfsaldur allra starfsmanna er 16½ ár en 13½, séu aðeins skoðaðir starfsmenn sem ekki hafa náð starfsaldurshámarkinu. Einnig sést að konur hafa um það bil þremur árum skemmri starfsaldur en karlar. Séu aðeins skoðaðir starfsmenn

sem ekki hafa náð starfsaldurshámarki, reynist munur milli kynja heldur meiri, eða nær 3½ ári. Þannig reynist meira en þriðjungur karla hafa verið lengur en 20 ár í þjónustu ríkisins en aðeins ríflega fimmtungur kvenna. Af þessu má ráða að stór hluti mismunar á dagvinnulaunum karla og kvenna í viðkomandi stofnunum, jafnvel meira en helmingur hans, skýrist af þessum þætti. Afganginn má vafalaust að stærstum hluta rekja til mismunandi ábyrgðar kynjanna í formi stjórnunar.

Skipting starfsmanna eftir kyni og starfs/prófaldri - Mars 1995



Rétt er að vekja athygli á að hér er miðað við fjölda þeirra sem voru í starfi í mars síðastliðnum óháð starfshlutfalli. Líklegt er að munur á starfsaldri kynja sé jafnvel ívið meiri en að ofan greinir, tæki athugunin eingöngu til þeirra sem voru í fullu starfi árið 1994.

3.6 Heildarlaun

Heildarlaunum má í grófum dráttum skipta í fernt, þ.e. dagvinnulaun, sem þegar hefur verið fjallað um, föst nefndarlaun, greiðslur fyrir akstur og önnur laun. Uppistaðan í síðasttalda flokknum eru greiðslur fyrir yfirvinnu og þóknanir. Nokkuð skiptar skoðanir voru í hópnum um það hvort telja ætti akstursgreiðslur sem hluta af heildarlaunum, þar sem víða koma útgjöld á móti fyrir starfsmanninn ("raunverulegar akstursgreiðslur"). Það virðist sérstaklega eiga við um starfsmenn Fasteignamatsins sem hafa ávenjuháar greiðslur fyrir akstur, eins og kemur fram hér á eftir. Í öðrum tilvikum þótti sýnt að um væri að ræða bein hlunnindi fyrir starfsmanninn. Eins og áður hefur verið minnst á er nú unnið að uppstokkun á fyrirkomulagi akstursgreiðslna.

Mismunur heildarlauna karla og kvenna eftir menntun [1]
Sem % af heildarlaunum kvenna

	BSRB %	*BHM* %
Fjármálaráðuneytið	46,5	21,2
Ríkisbókhald, ríkisféhirðir,ríkislögmaður	47,8	-2,2
Ríkisskattstjóri, skattrannsóknarstjóri, yfirskattanefnd	39,3	7,1
Skattstofur, alls	25,0	24,5
Ríkistollstjóri, tollstjórinn í Reykjavík	36,6	.
Framkvæmdasýslan, Ríkiskaup	45,4	.
Fasteignamat ríkisins	70,4	.
ÁTVR	14,3	.
Arnarhvoll, Borgartún 7, Fasteignir ríkisins	.	.
SAMTALS	29,6	16,9

[1] Meðallaun þeirra sem voru í fullu starfi allt árið 1994.

Eins og fram er komið í töflunni á bls 18 er verulega minni munur á heildarlaunum karla og kvenna í hópi háskólamenntaðra starfsmanna en hjá þeim sem hafa aðra menntun. Í fyrrnefnda hópnum eru meðallaun karla í fullu starfi 221 þúsund krónur á mánuði árið 1994 samanborið við 189 þúsund krónur hjá konum. Munurinn er því tæplega 17%. Samkvæmt því bæta háskólamenntaðir karlmenn nokkru meira við dagvinnulaun sín en konur, þar sem munur er tæp 7%, meðal annars vegna lengri vinnutíma og hærri greiðslna fyrir nefndarstörf. Einnig eru karlar í meirihluta á efri stjórnstigum, til dæmis á aðalskrifstofu fjármálaráðuneytisins sem skrifstofustjórar og á skattstofunum sem forstöðumenn deilda, en það skýrir einnig hluta af þessum mun.

Hjá þeim starfsmönnum sem ráðnir eru samkvæmt kjarasamningum BSRB er sem fyrr segir verulega meiri munur á meðallaunum kynjanna, eða tæplega 30%. Samkvæmt þeim gögnum sem fengust frá starfsmannaskrifstofu, bæta konur í þessum hópi um 30% við dagvinnulaun sín, en karlar yfir 70%. Hér skiptir mislangur vinnutími kynjanna miklu máli og sömuleiðis hærri akstursgreiðslur hjá körlum.

Umtalsverð frávik eru milli einstakra stofnana. Minnstur er munurinn hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, rúmlega 14%. Næstar koma skattstofurnar þar sem launamunur kynjanna mælist 25%. Það skýrist meðal annars af því að karlar eru oftar í stöðu deildarstjóra hjá þessum stofnunum en konur. Mestu munar á heildarlaunum kynjanna hjá Fasteignamati ríkisins, þar sem karlarnir eru með 70% hærri heildarlaun að jafnaði en konur. Við nánari athugun kom í ljós að greiðslur til karla vegna aksturs voru að meðaltali um 22 þúsund krónur á mánuði en aftur á móti engar hjá konum. Ljóst er að á móti þessum greiðslum kemur kostnaður fyrir starfsmanninn og því eðlilegra að sleppa þeim í þessu tilviki. Án þeirra verður munurinn 48% sem hlýtur að skýrast af mismunandi eðli og ábyrgð starfa milli kynjanna innbyrðis, að minnsta kosti að hluta.

3.7 Samsetning heildarlauna

Til að glöggva sig betur á samsetningu heildarlauna eftir menntun og kyni er þeim skipt upp í áðurgreinda fjóra þætti, þ.e. dagvinnulaun, nefndarlaun, akstur og önnur laun í eftirfarandi töflu.

Skipting launa eftir tegund
Meðaltal 1994 - Þeir sem voru í fullu starfi allt árið

	BSRB		BHM	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
	%	%	%	%
Heildarlaun	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**
- Dagvinnulaun	58,1	72,5	49,7	53,7
- Nefndarlaun	0,1	.	3,0	1,9
- Akstur	1,5	0,3	0,7	0,8
- Önnur laun	40,3	27,2	46,6	43,6

Fremur lítill munur er á samsetningu launa eftir kyni hjá háskólamenntuðum starfsmönnum. Karlar bæta þó heldur meira við í föstum nefndarlaunum en konur, en greiðslur fyrir akstur eru hverfandi hluti launa, bæði hjá körlum og konum.

Þessu er hins vegar öfugt farið í BSRB-hópnum, þar sem dagvinnulaunin vega mun þyngra hjá konum en körlum og önnur laun, þ.e. yfirvinna og þóknanir, að sama skapi minna. Þá virðast einstaklingar á BSRB-kjörum aðeins í örfáum tilvikum hafa fastar greiðslur fyrir nefndarstörf.

Í þessum tölum endurspeglast einnig eftirfarandi upplýsingar um ójafnt vægi kynjanna í nefndum á vegum ráðuneytisins. Þetta skýrist væntanlega að einhverju leyti af því að karlar eru í miklum meirihluta í stjórnunarstöðum, bæði innan ráðuneytisins og utan þess, en setur í viðkomandi nefndum tengjast oft tiltekinni yfirmannsstöðu, kannski meira samkvæmt venju en hitt.

3.8 Kynjaskipting nefnda á vegum ráðuneytisins

Nefndastarfi fjármálaráðuneytisins má skipta í fimm eftirfarandi flokka:

1. fl. Lögbundnar stjórnir, ráð og nefndir.
2. fl. Nefndir og sjóðir skv. kjarasamningum.
3. fl. Tímabundnar nefndir, verk- og starfshópar á vegum ráðuneytisins.
4. fl. Þátttaka í erlendu samstarfi.
5. fl. Nefndir á vegum annarra ráðuneyta þar sem fjármálaráðherra tilnefnir sinn fulltrúa.

Í fyrsta og öðrum flokki eru nefndir/stjórnir þar sem algengt er að skipun gildi til tveggja eða fjögurra ára, í sumum tilfellum jafnvel lengur. Sama gildir raunar um fjórða flokkinn, en þar er skipun oftast ótímabundin. Talsverð hreyfing er aftur á móti í þriðja og fimmta flokki, enda oft um að ræða tímabundið starf sem lýkur innan árs. Þessi störf eru alla jafna launuð sérstaklega, nema þau sem eru í fjórða flokki.

Samkvæmt athugun sem gerð var í maí síðastliðnum var kynjaskipting nefnda eftirfarandi:

Staðan í maí 1995

	Fjöldi		*Hlutfallsskipting, %*	
	Karlar	**Konur**	**Karlar**	**Konur**
1. fl.	67	14	83	17
2. fl.	16	5	76	24
3. fl.	69	12	85	15
4. fl.	13	5	72	28
5. fl.	15	3	83	17
Samtals	**180**	**39**	**82**	**18**

Lögð skal á það áhersla að þessar fjöldatölur eiga eingöngu við um aðalmenn í nefndum á vegum eða með aðild fjármálaráðuneytis/fjármálaráðherra. Varamenn eru ekki í öllum nefndum, en þó mátti oft sjá konur sem varamenn karla. Þá nær þessi athugun aðeins til ráðuneytisins en ekki undirstofnana þess. Athygli vakti að aðeins ein nefnd er skipuð fleiri konum en körlum. Það er sú sem skilar þessari greinargerð. Hún kallast starfshópur og fellur undir þriðja flokk.

Í þessu samhengi er rétt að rifja upp fjórða lið framkvæmdaáætlunarinnar, um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna sem lýtur að þátttöku kynjanna í nefndum. Þar segir meðal annars að ná eigi 30% heildarþátttöku kvenna á framkvæmdatímanum, eða fyrir lok árs 1996. Þrátt fyrir að nokkuð sé eftir af gildistímanum verður að teljast hæpið að fyrrgreint markmið náist hjá fjármálaráðuneytinu miðað við stöðuna í dag. Hér er þó rétt að ítreka það sem áður var sagt að seta í nefndum tengist oftar en ekki tilteknum stjórnunarstörfum, þar sem karlar eru í miklum meirihluta. Jafnframt er mun algengara að í þessar nefndir veljist háskólamenntaðir

starfsmenn þannig að hér endurspeglast einnig ójöfn kynjaskipting innan raða háskólamenntaðra starfsmanna.

3.9 Laun einstakra starfsstétta

Til að glöggva sig betur á þeim mismun sem virðist vera á heildarlaunum karla og kvenna með tilliti til menntunar er gagnlegt að skoða skiptingu starfsmanna eftir starfsstétt og kyni. Starfsmenn sem taka laun samkvæmt úrskurði kjaranefndar eru skoðaðir sérstaklega, en sem fyrr segir samanstendur sá hópur fyrst og fremst af æðstu stjórnendum ráðuneytisins og stofnana þess. Hins vegar eru þeir starfsmenn sem taka laun samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra taldir með háskólamenntuðum eins og áður, en ekki reyndist unnt að flokka þá eftir stéttarfélögum.

Sem fyrr segir eru karlar í miklum meirihluta í hópi háskólamenntaðra, eða þrír á móti hverri konu. Þetta er þó mismunandi eftir starfsstéttum. Minnstur er munurinn hjá lögfræðingum, en mestur í hópi verk- og tæknifræðinga.

Frávikin ganga í báðar áttir þegar skoðuð er kynjaskipting þeirra sem hafa aðra menntun, þó hún sé nokkuð jöfn þegar á heildina er litið. Hjá Félagi starfsmanna stjórnarráðsins (FSS) og skrifstofuhópi Starfsmannafélags ríkisstofnana (SFR-S) eru konur til dæmis í miklum meirihluta. Tæknihópur SFR og Tollvarðafélagið eru aftur á móti stéttarfélög sem fyrst og fremst samanstanda af körlum. Þá eru aðeins 6 konur í hópi þeirra 33 starfsmanna sem taka laun samkvæmt ráðherraröðun, eða tæplega fimmtungur. Að lokum eru þeir sem fá laun samkvæmt ákvörðun kjaranefndar 25 talsins; 23 karlar og 2 konur.

Fjöldi starfsmanna skipt eftir starfstétt og kyni
Meðaltal 1994

Fjármálaráðuneyti og stofnanir þess	*FJÖLDI*			*Hlutfallsleg skipting*		
	Samtals	Karlar	Konur	Samtals %	Karlar %	Konur %
1. **Stéttarfélög BSRB**	**400**	**213**	**187**	**68,7**	**59,7**	**83,1**
Félag starfsmanna Stjórnarráðsins	55	19	36	9,5	5,3	16,0
SFR, tæknihópur	95	75	20	16,3	21,0	8,9
SFR, skrifstofuhópur	194	69	125	33,3	19,3	55,6
Tollvarðafélag Íslands	56	50	6	9,6	14,0	2,7
2. **Stéttarfélög BHMR, ráðherraraðaðir**	**157**	**121**	**36**	**27,0**	**33,9**	**16,0**
Háskólam. starfsmenn Stjórnarráðsins	27	19	8	4,6	5,3	3,6
Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga	54	41	13	9,3	11,5	5,8
Stéttarfélag lögfræðinga	13	8	5	2,2	2,2	2,2
Verk- og tæknifræðingar, Útgarður o.fl.	30	26	4	5,2	7,3	1,8
Ráðherraraðaðir	33	27	6	5,7	7,6	2,7
3. **Kjaranefnd - yfirstjórn**	**25**	**23**	**2**	**4,3**	**6,4**	**0,9**
SAMTALS	582	357	225	100,0	100,0	100,0

Eins og fram er komið er heldur minni launamunur milli kynja í hópi háskólamenntaðra starfsmanna en þeirra sem hafa aðra menntun. Frávikin eru þó nokkuð mismunandi milli stéttarfélaga. Hjá þeim starfsmönnum sem eru í Stéttarfélagi lögfræðinga er munurinn aðeins um 8% körlum í hag þegar litið er til heildarlauna, en konur í lögfræðistétt hafa aftur á móti vinninginn hvað dagvinnulaunin varðar. Innan Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins (FHSS) er munur á heildarlaunum hins vegar umtalsverður, eða 29% körlum í hag, en mun minni í dagvinnulaununum, kringum 5%.

Athygli vekur að í þeim aðildarfélögum þar sem konur eru allsráðandi, þ.e. FSS og skrifstofuhópi SFR, er launamunurinn mestur milli kynjanna. Sem dæmi hafa konur í FSS heldur hærri dagvinnulaun en karlar, væntanlega vegna lengri starfsaldurs, en munur í heildarlaunum er hins vegar nærri því 40% að jafnaði, hjá körlum umfram konur. Að lokum virðist lítill munur á launum kynjanna í hópi þeirra sem fá laun samkvæmt úrskurði kjaranefndar, hvort heldur sem litið er til dagvinnulauna eða heildarlauna.

Laun starfsmanna skipt eftir starfstétt og kyni
Meðaltal 1994 - mánaðartölur

		Heildarlaun			*Dagvinnulaun*		
		Karlar þús.kr.	Konur þús.kr.	Munur á körlum og konum %	Karlar þús.kr.	Konur þús.kr.	Munur á körlum og konum %
1.	**Aðildarfélög BSRB**	**140**	**108**	**29,6**	**83**	**79**	**5,1**
	Félag starfsmanna Stjórnarráðsins	157	113	38,9	83	84	-1,2
	SFR, tæknihópur	135	113	19,5	75	66	13,6
	SFR, skrifstofuhópur	139	106	31,1	90	79	13,9
	Tollvarðafélag Íslands	140	126	11,1	89	85	4,7
2.	**Aðildarfélög BHM, ráðherraraðaðir o.fl.**	**221**	**189**	**16,9**	**108**	**101**	**6,9**
	Háskólam. starfsmenn Stjórnarráðsins	238	185	28,6	108	103	4,9
	Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga	193	153	26,1	105	93	9,7
	Stéttarfélag lögfræðinga	188	174	8,0	99	102	-3,0
	Verk- og tæknifræðingar, Útgarður o.fl.	222	206	7,8	105	98	7,1
	Ráðherraröðun	261	273	-4,4	118	115	2,6
3.	**Kjaranefnd - yfirstjórn**	**332**	**301**	**10,3**	**188**	**167**	**12,6**

3.10 Kynjaskipting háskólamenntaðra starfsmanna eftir launaflokkum

Til að varpa skýrara ljósi á mismunandi hlutfall kynja í hópi stjórnenda er í eftirfarandi töflu stillt upp lauslegri skiptingu á háskólamenntuðum starfsmönnum eftir launaflokkum. Ekki reyndist unnt að setja upp sambærilega skiptingu fyrir þá sem hafa aðra menntun vegna mismunandi launataflna.

Skipting háskólamenntaðra starfsmanna eftir launaflokkum
Mars 1995

Fjármálaráðuneyti og stofnanir þess	*FJÖLDI*			*Hlutfallsleg skipting*		
	Samtals	Karlar	Konur	Samtals %	Karlar %	Konur %
Undir 151 lfl	123	75	48	45,1	37,3	66,7
Lfl 151 - 155.	112	92	20	41,0	45,8	27,8
Yfir 155 lfl	38	34	4	13,9	16,9	5,5
SAMTALS	**273**	**201**	**72**	**100,0**	**100,0**	**100,0**
Hlutfallsleg skipting, %	**100**	**74**	**26**	.	.	.

Eins og fram kemur í töflunni er skiptingin þríþætt. Í fyrsta lagi eru þeir sem eru í launaflokki 150 eða lægri, en í þessum flokkum eru almennir starfsmenn með háskólapróf. Í öðru lagi eru þeir sem bera ákveðna ábyrgð á tilteknum verkefnum eða deildum, þ.e. starfsfólk í launaflokkum 151-155. Í þriðja lagi eru hinir eiginlegu stjórnendur.

Framangreind tafla sýnir að sláandi munur er á skiptingu kynjanna eftir launaflokkum. Þannig eru tvær konur af hverjum þremur í launaflokki 150 eða lægri en aðeins þriðji hver karl. Í efri flokkunum eru hlutföllin hins vegar þveröfug, og í þriðja flokknum er munurinn þrefaldur.

Með þingsályktunartillögunni voru einnig eftirfarandi fylgiskjöl:

II. Úr svari félagsmálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Ástgeirsdóttur um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og sáttmála um afnám alls misréttis gegn konum. (Sjá þskj. 617, 278. mál 120. löggjafarþings.)

III. Úr svari fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Halldórsdóttur, Ögmundar Jónassonar og Jóns Baldvins Hannibalssonar um heildarlaun tekjuhæstu starfsmanna ríkisins. (Sjá þskj. 175, 90. mál 120. löggjafarþings.)

IV. Félagsdómsmál BHMR og aðildarfélaga þess gegn fjármálaráðherra og öfugt 1987–92. (Sjá þskj. 810 A-deild Alþt. 1993–94, bls. 3742–3744.)

V. Mál BHMR og aðildarfélaga þess gegn fjármálaráðherra fyrir héraðsdómi og Hæstarétti 1985–92. (Sjá þskj. 810 A-deild Alþt. 1993–94, bls. 3740–3742.)

Fylgiskjal VI.

Dómsmál á vegum BHMR 1994–96.

I. Félagsdómsmál.

Mál Meinatæknafélags Íslands (MTÍ) gegn Reykjavíkurborg: Gildi og efni undanþágulista vegna verkfalla (FD 3/1994), sbr. LN-94-7.

Bandalagið tók að sér í mars 1994 að reka mál MTÍ gegn Reykjavíkurborg varðandi auglýsingu á lista yfir þá meinatækna sem óheimilt er að taka þátt í verkfalli en félagið hafði boðað verkfall í byrjun apríl.

Dómsátt 8. apríl 1994. Fallist á allar kröfur stefnanda. MTÍ greiddi stefnda 50 þús. kr. í málskostnað.

Mál Hins íslenska kennarafélags (HÍK) gegn fjármálaráðherra: Réttur til að breyta stundaskrá kennara við Stýrimannaskólann eftir upphaf skóla (FD ../1994), sjá LN 93-9.

Kennarar við Stýrimannaskólann fengu stundatöflu fyrir upphaf kennslu á haustönn 1992 eins og mælt er fyrir í kjarasamningi HÍK og fjármálaráðherra. Er litið svo á af hálfu kennara og HÍK að með stundatöflum sé gert bindandi samkomulag á milli skólans og kennara um vinnumagn kennaranna við skólann. Nokkru eftir að kennsla hófst, eða 14. september 1992, breytti skólameistari einhliða stundatöflum og fækkaði kennslustundum miðað við áður umsamið kennslumagn.

HÍK vísaði málinu til laganefndar með fyrirspurn um lögmæti ákvörðunar skólameistara. Laganefnd taldi að Stýrimannaskólinn hafi með upphaflegri framlagningu stundatöflu áður en kennsla hófst gert eins og ber samkvæmt kjarasamningi bindandi samning við hlutaðeigandi kennara um skipulag vinnunnar og yfirvinnu á kennsluárinu og beri þess vegna að greiða kennurum umsamda yfirvinnu. Laganefnd mælti með málssókn fyrir félagsdómi.

Bandalagið stefndi málinu f.h. HÍK fyrir félagsdóm í september 1994 þar sem krafist var viðurkenningar á því að skólameistara hafi verið óheimilt að breyta samkomulagi við kennara um kennsluskyldu þeirra.

Dómsátt 29. nóvember 1994. Fjármálaráðherra féllst á allar kröfur félagsins og greiddi 100 þús. kr. vegna málskostnaðar stefnanda.

Mál Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Félags íslenskra náttúrufræðinga, Meinatæknafélags Íslands, Röntgentæknafélags Íslands og Stéttarfélag sjúkraþjálfara gegn fjármálaráðherra: Gildi og efni undanþágulista vegna verkfalla (FD 9/1995).

Bandalagið tók að sér í mars 1995 að reka mál aðildarfélaganna gegn fjármálaráðherra varðandi auglýsingu á lista yfir þá ríkisstarfsmenn sem óheimilt er að taka þátt í verkfalli.

Dómur 21. júní 1995 um frávísunarkröfur stefnda varðandi þá einstaklinga sem ekki eru félagsmenn í aðildarfélögum stefnanda. Niðurstaða: Fallist á frávísunarkröfur stefnda nema að því er varðar meina- og röntgentækna við sjúkrahúsið á Blönduósi.

Dómur 15. mars 1996. Fallist á meginkröfur félaganna með vísan til þess að stefndi hafi ekki virt lögmæltar samráðsskyldur við aðildarfélögin og dæmdur til að greiða 100 þús. kr. í málskostnað.

Mál Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Félags íslenskra náttúrufræðinga gegn St. Jósefsspítala: Gildi og efni undanþágulista vegna verkfalla (FD 8/1995).

Bandalagið tók að sér í mars 1995 að reka mál FÍH og FÍN gegn St. Jósefsspítala varðandi auglýsingu á lista yfir þá starfsmenn sem óheimilt er að taka þátt í verkfalli.

Dómur 26. maí 1995. Niðurstaða: Fallist á meginkröfur félaganna og stefndi dæmdur til að greiða 100 þús. kr. í málskostnað.

Mál Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga gegn Reykjavíkurborg: Gildi og efni undanþágulista vegna verkfalla (FD 5/1995).

Bandalagið tók að sér í mars 1995 að reka mál FÍH gegn Reykjavíkurborg varðandi auglýsingu á lista yfir þá starfsmenn sem óheimilt er að taka þátt í verkfalli.

Dómsátt 30. mars 1995. Fallist á allar kröfur stefnanda og málskostnaður felldur niður.

Mál Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga gegn Skjóli: Gildi og efni undanþágulista vegna verkfalla (FD 6/1995).

Bandalagið tók að sér í mars 1995 að reka mál FÍH gegn Skjóli varðandi auglýsingu á lista yfir þá starfsmenn sem óheimilt er að taka þátt í verkfalli.

Dómsátt 30. mars 1995. Fallist á allar kröfur stefnanda og málskostnaður felldur niður.

Mál Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga gegn Sunnuhlíð: Gildi og efni undanþágulista vegna verkfalla (FD 7/1995).

Bandalagið tók að sér í mars 1994 að reka mál FÍH gegn Sunnuhlíð varðandi auglýsingu á lista yfir þá starfsmenn sem óheimilt er að taka þátt í verkfalli.

Dómsátt 30. mars 1995. Fallist á allar kröfur stefnanda og málskostnaður felldur niður.

Mál Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (FÍH) gegn Reykjavíkurborg og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar: Réttur Eddu Hjaltested til aðildar að Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga (FD 16/1995), sjá LN 94-24.

Bandalagið tók að sér í mars 1995 að reka mál FÍH gegn Reykjavíkurborg og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar varðandi rétt hjúkrunarfræðings sem er forstöðumaður til að vera í fagstéttarfélagi hjúkrunarfræðinga.

Edda Hjaltested var ráðinn forstöðumaður við félags- og þjónustuíbúðir aldraða við Lindargötu (borgarstofnun). Í auglýsingu var tekið fram að æskileg menntun væri á sviði félags- eða heilbrigðisþjónustu og að starfsmaður fengi greitt samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar eða hlutaðeigandi stéttarfélags. Edda, sem er hjúkrunarfræðingur, var í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga og í Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna. Edda óskaði við ráðningu eftir að fá að vera áfram í félagi sínu og lífeyrissjóði og var fallist á það. Óumdeilt er að menntun Eddu nýtist í starfi forstöðumanns.

Dómur 30. mars 1995. Fallist á kröfu stefnanda að Edda Hjaltested fái að vera í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga. Málskostnaður var felldur niður.

II. Héraðsdómsmál.

Mál Bryndísar Þorvaldsdóttur (FÍH) gegn fjármálaráðherra: Réttur til barnsburðarleyfis.

Bryndís Þorvaldsdóttir (FÍH) hjúkrunarfræðingur hóf barnsburðarleyfi 28. apríl 1990 og nýtti sér heimild 5. gr. reglugerðar að taka leyfið á tólf mánuðum á hálfum launum. Hún hóf starf að nýju 2. maí 1991. Hinn 14. júní 1991 hóf hún nýtt barnsburðarleyfi. Var henni tjáð að hún uppfyllti ekki kröfur reglugerðar um sex mánaða samfellt starf fyrir töku barnsburðarleyfis og fengi því ekki laun og leyfi samkvæmt reglugerð heldur samkvæmt lögum um fæðingarorlof.

Málinu var stefnt fyrir héraðsdóm og tók bandalagið að sér sókn í málinu. Aðalkrafan var að BÞ fengi viðurkenndan rétt sinn til launa og leyfis samkvæmt reglugerð um barnsburðarleyfi og að viðmið vegna yfirvinnu og vakta miðuðu við tólf mánaða tímabil áður en hún hóf töku fyrra barnsburðarleyfis en varakrafan miðaðist við að yfirvinnu og vaktir tólf mánuði fyrir seinna barnsburðarleyfið. Héraðsdómur féllst á þessa kröfu með dómi 25. nóvember 1994 og var stefndi dæmdur til að greiða 190 þús. kr. í málskostnað.

Fjármálaráðherra áfrýjaði ekki málinu.

Mál LÍN gegn Jarþrúði Þórhallsdóttur: Endurgreiðslur á námslánum hjóna.

Lánasjóður íslenskra námsmanna (LÍN) stefndi Jarþrúði Þórhallsdóttur (SSR) fyrir að greiða ekki fulla endurgreiðslu námslána. JÞ, sem er gift lántakanda hjá LÍN, tók lán á árunum 1976–82. Samkvæmt skuldabréfi JÞ og lögum um LÍN á þessu tímabili giltu þau ákvæði að „séu hjón bæði lánþegar skulu þau greiða árlega helming fastrar afborgunar af láni hvors um sig. Aukaafborgun skiptist til helminga til afborgunar af láni hvors um sig". Þar sem um fordæmismál var að ræða samþykkti miðstjórn að reka málsvörn fyrir héraðsdómi f.h. JÞ.

Héraðsdómur úrskurðaði 18. nóvember 1994 að JÞ hafi ekki átt rétt á því að helminga endurgreiðslurnar þar sem maki hennar hafi tekið lán eftir 1982 og að þá hafi gilt önnur lög án sambærilegra ákvæða.

Bandalagið hefur f.h. stefnda áfrýjað þessum dómi.

Mál Hallveigar Thordarson (HÍK) gegn fjármálaráðherra: Uppsögn trúnaðarmanns og réttur til biðlauna.

Hallveig Thordarson (HÍK) var ráðin með ótímabundnum ráðningarsamningi við Menntaskólann í Kópavogi í júlí 1991. HT var kjörin trúnaðarmaður HÍK í október 1992. Í apríl 1993 var HT tilkynnt skriflega um uppsögn á ráðningarsamningi. Af hálfu HÍK voru gerðar ítarlegar tilraunir til að fá skólameistara til að draga uppsögnina til baka, bæði á þeim rökum að næg vinna væri í raun fyrir HT og ekki síður með vísan til þess að hún var trúnaðarmaður og átti sem slík að njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum. HT naut hvorki forgangs til vinnu gagnvart leiðbeinendum né gagnvart yfirvinnu annarra kennara.

Samningatilraunir báru ekki árangur og bandalagið stefndi málinu fyrir héraðsdóm 3. maí 1994. Aðalkrafan var launakrafa miðað við laun í tíu ár vegna órökstuddrar riftunar ótímabundinni ráðningu. Til vara var krafist sex mánaða biðlauna vegna niðurlagningar á stöðu HT. Héraðsdómur féllst ekki á kröfur HT 29. desember 1994 á þeirri forsendu að hinn ótímabundni ráðningarsamningur HT hafi raunverulega verið tímabundinn. Málskostnaður var felldur niður.

Bandalagið hefur (23. febrúar 1995) áfrýjað þessum dómi f.h. stefnanda. Höfuðkröfur bandalagisns eru að viðurkennt verði að HT hafi í raun haft ótímabundinn ráðningarsamning og að hún hafi átt rétt á að njóta sérstakrar verndar gagnvart uppsögn vegna stöðu sinnar sem trúnaðarmaður. Til vara er þess krafist að henni verði dæmd biðlaun enda hafi staða hennar verið lögð niður.

Mál Sigurðar Ingasonar (FÍN) gegn fjármálaráðherra: Réttur til biðlauna.

Sigurður Ingason (FÍN) gengdi tímabundnum störfum við Rannsóknastofnun landbúnaðarins (RALA) frá október 1989 til apríl 1991 er hann var ráðinn ótímabundinni ráðningu. 20. desember 1991 var SI sagt upp og skyldu starfslok miðast við 31. mars 1992. Enginn var ráðinn í stað SI og SI fékk ekki aðra vinnu næstu sex mánuðina. Gerðar voru árangurslausar tilraunir til að fá RALA til að greiða SI biðlaun.

Bandalagið stefndi máli SI fyrir héraðsdóm og gerði kröfu um biðlaun í sex mánuði fyrir 1. apríl 1992 til 30. september 1992. Héraðsdómur úrskurðaði 29. desember 1994 að SI ætti ekki rétt á biðlaunum þar sem SI hafi ekki verið ráðinn í framtíðarstöðu að sögn forstjóra heldur í tímabundið samstarfsverkefni og vegna ákvæða kjarasamnings og því bæri ekki að líta á uppsögn hans sem niðurlagningu á stöðu. Málskostnaður var felldur niður.

Bandalagið hefur f.h. stefnanda áfrýjað þessum dómi.

Mál Alfreðs Schiöth (DÍ) gegn Akureyrarbæ og Lífeyrissjóði starfsmanna Akureyrarbæjar: Réttur til aðildar að lífeyrissjóði án tillits til stéttarfélagsaðildar.

Alfreð Schiöth, sem er dýralæknir, var í ágúst 1990 ráðinn starfsmaður Heilbrigðiseftirlits Eyjafjarðar með ráðningarsamningi dags. 13. september 1990. Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar samþykkti aðild AS að sjóðnum og byggðist hún á samkomulagi milli svæðisnefndar Eyjafjarðarsveitar og Akureyrarbæjar varðandi aðild starfsmanna fyrrnefnda að lífeyrissjóðnum. Launagreiðandinn innheimti stéttarfélagsgjald fyrir STAK, Starfsmannafélag Akureyrabæjar. Í nóvember 1993 var ráðningarsamningurinn endurskoðaður og í stað STAK var Dýralæknafélag Íslands skilgreint sem stéttarfélag AS. Voru það einu breytingarnar á ráðningarsamningnum. Fyrir atbeina starfsmanna-

stjóra Akureyrarbæjar kynnti svæðisnefndin ráðningarsamninginn svo breyttan fyrir lífeyrissjóðnum og óskaði eftir áframhaldandi aðild að honum. Þeirri ósk var hafnað af sjóðstjórn.

AS kærði ákvörðun sjóðstjórnar til fjármálaráðherra með vísan til laga nr. 55/1980. Fjármálaráðherra úrskurðaði 26. júlí 1994 að AS ætti ekki rétt til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna Akureyrarbæjar.

AS kærði ákvörðun sjóðstjórnar til félagsmálaráðherra með vísan til ákvæða stjórnarskrár um félagafrelsi og með vísan til alþjóðlegra sáttmála um sama efni og taldi stjórn lífeyrissjóðsins með atferli hafa reynt að hafa áhrif á stéttarfélagsaðild hans með ákvörðun sinni. Félagsmálaráðherra taldi ekkert sannað af gögnum málsins.

Bandalagið hefur stefnt málinu fyrir héraðsdóm Norðurlands eystra og mun dóms að vænta fyrir sumarið.

Í undirbúningi:

Mál Gunnars Magnússonar (HÍK) gegn fjármálaráðherra: Fyrning launakröfu, sjá LN 93-14.

Gunnar Magnússon fékk nýtt námsmat á árinu 1993 vegna viðbótarmenntunar sem hann hafði aflað sér. Kom þá í ljós að menntamálaráðuneytið hafði vanmetið nám hans allt frá árinu 1984. Óskaði menntamálaráðuneytið eftir því með bréfi til fjármálaráðuneytis að laun GM yrðu leiðrétt afturvirkt í samræmi við rétt námsmat. GM var tilkynnt um þessa málsmeðferð. Þar sem GM fékk enga leiðréttingu, fór málið til samstarfsnefndar HÍK og fjármálaráðuneytis. Fjármálaráðuneytið féllst þar á leiðréttingu, en aðeins vaxtalaus fjögur ár aftur í tímann með vísun til þess að launakröfur fyrnist samkvæmt lögum á fjórum árum.

HÍK vísaði málinu til laganefndar BHMR. Nefndin taldi 22. nóvember 1993 GM eiga rétt á afturvirkri leiðréttingu launa frá 1984 með vöxtum þar sem GM hvorki gat né mátti vita að launagreiðandi greiddi honum of lág laun vegna villu í námsmati. Laganefnd mælti með málssókn.

GM sendi mál sitt til umboðsmanns alþingis með aðstoð BHMR. Umboðsmaður taldi málið 3. nóvember 1994 heyra undir félagsdóm þar sem um túlkun á kjarasamningi væri að ræða. Hinn 3. desember 1994 sendi BHMR umboðsmanni bréf af þessu tilefni þar sem áhersla var lögð á að málið snérist hvorki um námsmat né túlkun á kjarasamningi (og heyrði þess vegna ekki undir félagsdóm) heldur væri það kröfuréttarlegs eðlis. Umboðsmaður svaraði bréfi BHMR 20. desember 1994, ítrekaði fyrri afstöðu og kvað afskiptum sínum af málinu lokið.

HÍK hefur óskað eftir að BHMR reki málið fyrir dómstólum. Fyrir liggur að laganefnd hefur ítrekað þá skoðun sína að reka beri málið fyrir dómstólum þar sem aðalkrafa væri um fulla afturvirka leiðréttingu með vöxtum en til vara krafa um vexti á leiðréttingu fjögur ár aftur í tímann. Málið er í athugun hjá lögmanni samtakanna.

Mál Herdísar Sigurbjörnsdóttur (FÍH) gegn fjármálaráðherra: Veikindaréttur og starfslok, sbr. LN 95-6: Heimild vinnuveitanda til að veita lausn vegna veikinda, sjá LN 95-24.

Mál Öddu Tryggvadóttir (FÍH) gegn fjármálaráðherra: Réttur skipaðs starfsmanns til óskertra fastra launa, sbr. LN 94-28: Uppsögn á yfirborgun.

III. Hæstaréttarmál.

Mál Jóhannesar Ágústssonar (HÍK): Réttur til bóta er setningarbréf var dregið til baka.

JÁ var settur kennari við Fjölbrautarskólann í Breiðholti. Stuttu síðar var setningarbréf hans dregið til baka. Var honum boðin önnur kennarastaða úti á landsbyggðinni, sem JÁ taldi ekki sambærilega stöðu.

HÍK vísaði máli JÁ til laganefndar BHMR sem taldi JÁ eiga rétt á föstum launum allt setningartímabilið. Máli JÁ var stefnt fyrir héraðsdóm og krafist fastra launa út setningartímabilið. Í dómi héraðsdóms 1. maí 1989 var fallist á aðalkröfu JÁ. Dóm héraðsdóms var áfrýjað af stefnda. Í dómi Hæstaréttar 16. febrúar 1995 var staðfest að JÁ hafi ekki verið boðin sambærileg staða og að afturköllun setningarbréfs hans hafi verið ólögmæt. Var dómur héraðsdóms staðfestur í öllum aðalatriðum.

Mál Sumarskólans í Breiðholti (HÍK): Bótagreiðslur vegna lögbannsaðgerðar.

Að vori 1990 var fyrst rekinn svonefndur *Sumarskóli* við Fjölbrautarskólann í Breiðholti til að gefa nemendum á framhaldsskólastigi kost á að taka nám í áföngum framhaldsskóla sem þau luku ekki á reglulegum skólatíma. Var þessi starfsemi rekin af FB og með leyfi menntamálaráðuneytis. Kennsla við *Sumarskólann* var aðallega á hendi fastra kennara við skólann. Með dómi félagsdóms nr. 7/1992 í máli HÍK gegn fjármálaráðherra var staðfest að kennurum skyldu greidd laun samkvæmt kjarasamningi HÍK og fjármálaráðherra en ekki samkvæmt kjörum stundakennara. *Sumarskóli* var einnig rekinn vorið 1991 og 1992.

Að vori 1993 tóku tveir starfsmenn FB að sögn á leigu húsnæði FB til einkareksturs *Sumarskóla*. Ekki lá fyrir af hálfu stjórnvalda hvort um matshæft nám á milli skóla væri að ræða. Heiti skólans og auglýsingar á honum gáfu hins vegar í skyn að um sams konar skóla væri að ræða og áður hafði verið rekinn af FB með viðurkenndum matshæfum áföngum. Þessi atriði kynnti HÍK opinberlega og þá skoðun félagsins að áformaður rekstur *Sumarskólans* kynni að brjóta í bága við ýmis lagaákvæði. Ýmsir skólameistarar kunngerðu nemendum að nám við *Sumarskólann* yrði ekki metið. HÍK ákvað að láta reyna á afstöðu sína með því að óska eftir lögbanni á starfsemi *Sumarskólans* áður en hún hófst. Sýslumaður í Reykjavík hafnaði beiðni félagsins. Úrskurður Sýslumanns var staðfestur í áfrýjunarmáli fyrir héraðsdómi 30. júní 1994 og HÍK gert að greiða *Sumarskólanum* 250 þús. kr. í málskostnað.

Annar eigandi *Sumarskólans*, Ólafur H. Johnson, stefndi HÍK fyrir héraðsdóm með kröfu um rúmlega 3 millj. kr. í bætur auk málskostnaðar. Bandalagið tók að sér málsvörn HÍK samkvæmt samþykkt miðstjórnar. Héraðsdómur féllst með dómi 12. apríl 1994 á hluta af kröfum ÓHJ og skyldi HÍK greiða honum 750 þús. kr. vegna (1) eigin vinnu við málsvörn í lögbannsmáli til viðbótar áður dæmdum málskostnaði, (2) spjalla á viðskiptahagsmunum, (3) fækkunar nemenda við *Sumarskólann* fyrir tilstilli aðgerða HÍK og vegna (4) miskabóta fyrir utan fjárhagslegt tjón.

Bandalagið f.h. HÍK áfrýjaði dómi héraðsdóms með vísan til þess að skaðabætur hafi ekki verið byggðar á sönnuðu fjárhagslegu tjóni og að miskabætur hafi verið of hátt metnar. Öðrum kröfuliðum er alfarið hafnað. Hæstiréttur staðfesti dóm héraðsdóms 1. febrúar 1996 í öllum aðalatriðum.

Mál Hins íslenska kennarafélags (HÍK): Réttur starfsmanna (kennara) ríkis í verkfalli til að njóta launa og leyfa samkvæmt ákvæðum reglugerðar um veikindaforföll.

Áður en verkfall kennarafélaganna hófst í febrúar 1995 kom í ljós að ágreiningur var á milli fjármálaráðuneytis og BHMR um efni réttinda félagsmanna sem eru veikir. BHMR taldi að reglugerðin um veikindaforföll starfsmanna ríkisins undanskildi ekki þá sem tækju þátt í lögmætri vinnustöðvun og lagði að auki fram bréf fjármálaráðherra dags. 6. apríl 1989 sem staðfesti sama skilning.

Bandalagið stefndi málinu fyrir héraðsdóm fyrir hönd HÍK til að fá viðurkenningardóm á réttindum félagsmanna. Héraðsdómur úrskurðaði 15. mars 1995 að samkvæmt almennum vinnurétti bæri að líta svo á að skylda launagreiðanda til launagreiðslna félli niður gagnvart félagsmönnum þegar félagið er í verkfalli og gilti það einnig um þá sem njóta greiðslna í forföllum vegna veikinda og breytti ívilnandi bréf ráðherra engu um þessi réttindi og skyldur. Málskostnaður var felldur niður.

Bandalagið áfrýjaði dómi héraðsdóms. Dómur Hæstaréttar staðfesti 1. júní 1995 úrskurð undirréttar. Málskostnaður var felldur niður.

804. Frumvarp til laga [469. mál]

um breytingar á lögum nr. 54 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Um nýtingu afla um borð í fullvinnsluskipum gilda ákvæði laga um umgengni um auðlindir sjávar.

Um útreikning á nýtingu aflaheimilda skal farið að reglugerð um nýtingarstuðla fyrir fullvinnsluskip sem ráðherra setur.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Um borð í fullvinnsluskipi skal vera aðstaða til móttöku, geymslu, vinnslu og frágangs aflans þannig að gæði framleiðslunnar verði tryggð.

Ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð að um borð í fullvinnsluskipum skuli vera sjálfvirkur tækjabúnaður sem tryggi nákvæma vigtun og skráningu innvegins afla og afurða. Setja skal með reglugerð nánari ákvæði um nauðsynlegan búnað í þessu skyni og önnur atriði varðandi framkvæmd laganna.

3. gr.

Í stað „Ríkismats sjávarafurða“ í 1. málsl. 5. gr. laganna kemur: Fiskistofu.

4. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Eftirlitsmaður eða eftirlitsmenn skulu vera um borð í fiskiskipi, sem leyfi hefur til fullvinnslu botnfiskafla um borð, fyrst eftir að leyfi er veitt, svo lengi sem Fiskistofa metur nauðsynlegt með hliðsjón af framkvæmd vinnslunnar. Sama gildir verði það mikil breyting í áhöfn fullvinnsluskips eða útgerðarháttum þess, að ástæða sé til að ætla að það hafi veruleg áhrif á vinnslu um borð í skipinu. Í annan tíma er veiðieftirliti Fiskistofu heimilt að setja eftirlitsmann eða eftirlitsmenn um borð í fullvinnsluskip eftir því sem ástæða er talin til.

Skal útgerð sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru við eftirlitsstörf um borð. Þá skal útgerð greiða allan kostnað sem hlýst af veru eftirlitsmanna um borð.

5. gr.

Aftan við 6. gr. laganna kemur ný grein er verði 7. gr. og orðast svo:

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Um mál sem rísa út af brotum gegn ákvæðum þessara laga skal farið að hætti opinberra mála.

Ráðuneytinu er enn fremur heimilt vegna brota á ákvæðum laga þessara, reglna settra samkvæmt þeim og leyfisbréfa, að svipta skip leyfi til fullvinnslu botnfiskafla.

6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða fellur brott.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi 20. júlí 1990 skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd til þess að endurskoða lög nr. 54/1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum. Var nefndinni einnig falið að rannsaka, hvort gildandi reglur tryggi jafnræði með landvinnslu og vinnslu um borð í veiðiskipum.

Í nefnd þessa voru skipaðir alþingismennirnir Einar Oddur Kristjánsson, Hjálmar Árnason, Stefán Guðmundsson, Vilhjálmur Egilsson og Árni Ragnar Árnason, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar.

Þann 28. febrúar 1996 skilaði nefndin af sér ítarlegri skýrslu til ráðherra og jafnframt drögum að frumvarpi um breytingar á lögum nr. 54/1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum. Fylgir skýrsla nefndarinnar með frumvarpi þessu sem viðauki.

Í drögum þeim að frumvarpi um breytingar á lögum nr. 54/1992, sem nefndin skilaði af sér, var gert ráð fyrir því, að þegar yrði skylt að setja um borð í fullvinnsluskip sjálfvirkan tækjabúnað til vigtunar bæði á mótteknu hráefni og afurðum. Í frumvarpi þessu er hins vegar lagt til, að ráðherra sé heimilt að kveða á um slíkan tækjabúnað. Ástæða þessa er sú, að áður en slík ákvörðun verður tekin þarf að fara fram athugun á því, hvaða tækjabúnaður sé fyrir hendi og hvaða búnaður sé heppilegur í þessu skyni. Þá hefur viðurlagaákvæði verið bætt inn í drögin frá nefndinni.

Í frumvarpi þessu er lagt til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á gildandi lögum:

1. Að felld verði úr gildi ákvæði um að skylt skuli að hirða allan afla um borð í fullvinnsluskipum og að ákvæði almennra laga um umgengni um auðlindirnar taki einnig til þessara skipa.
2. Að horfið verði frá því að eftirlitsmaður skuli ávallt vera um borð í fullvinnsluskipi fyrstu sex mánuðina eftir að skipið fær leyfi. Verður þörf fyrir veru eftirlitsmanns um borð í fullvinnsluskipi metin hverju sinni.
3. Að ráðherra verði heimilt að ákveða að tekin skuli upp sjálfvirk skráning og vigtun afla og afurða um borð í fullvinnsluskipum.

Er hér vísað til viðauka með frumvarpinu þar sem nánar er gerð grein fyrir hugmyndum nefndarinnar, bæði um breytingar á lögunum og á öðrum atriðum sem lúta að fullvinnslu og nýtingu um borð í fullvinnsluskipum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 2. gr. laganna var kveðið á um það að óheimilt væri fullvinnsluskipum að fleygja fyrir borð fiski, fiskúrgangi eða fiskhlutum. Var þeim gert skylt að koma með að landi allan afla, þar á meðal það sem félli til við vinnsluna, svo sem hryggi, afskurð, hausa, innyfli eða afurðir unnar úr þessum hlutum. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 54/1992, skyldi þessi kvöð taka gildi 1. september 1996 fyrir fullvinnsluskip, sem leyfi höfðu fengið fyrir 22. júní 1992 og fullvinnsluskip, sem samið hafði verið um smíði eða kaup á fyrir sama tíma. Öðrum fullvinnsluskipum bar að hlíta þessari kvöð strax við leyfisveitingu.

Hér er lagt til að horfið verði frá þeirri skyldu, að fullvinnsluskip nýti allan þann afla sem úr sjó fæst og gildi hið sama um veiðar þeirra og veiðar annarra skipa sbr. 2. mgr. 1. gr.

Í 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ráðherra skuli gefa út reglugerð um nýtingarstuðla um borð í fullvinnsluskipum. Ráðherra hefur gefið út slíka reglugerð með stoð í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða en rétt þykir, að heimildin sé hér.

Um 2. gr.

1. mgr. þessarar greinar er efnislega samhljóða 3. gr. laganna. Í 2. mgr. er ráðherra veitt heimild til þess að ákveða í reglugerð, að um borð í fullvinnsluskipi skuli vera sjálfvirkur búnaður til vigtunar og skráningar á innvegnum afla og afurða. Enn fremur er ráðherra heimilað að setja frekari reglur um framkvæmd laganna.

Um 3. gr.

Eins og kunnugt er hefur Ríkismat sjávarafurða verið lagt niður. Annast Fiskistofa nú það eftirlit sem Ríkismat sjávarafurða áður sinnti.

Um 4. gr.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 54/1992 var það skilyrðislaus skylda, að eftirlitsmaður skyldi vera um borð í fullvinnsluskipi fyrstu sex mánuðina eftir að skipið fékk fullvinnsluleyfi í fyrsta skipti. Í 1. mgr. er lagt til, að slakað verði á þessari skyldu þannig að Fiskistofa meti sjálfstætt hverju sinni, hver þörfin sé á að hafa eftirlitsmann um borð

í fullvinnsluskipi. Gildi það bæði þegar skipið fær fullvinnsluleyfi í fyrsta skipti og eins ef slík breyting verður í áhöfn eða á útgerðarháttum skips, að ætla má að það hafi veruleg áhrif á framkvæmd vinnslunnar um borð.

Um 5. gr.

Viðurlögin eru í samræmi við önnur viðurlög vegna brota á lögum um fiskveiðistjórnun og þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Í ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 54/1992 var fullvinnsluskipum þeim sem hafið höfðu vinnslu fyrir gildistöku laganna veittur frestur til 1. september 1996 til þess að uppfylla ítrustu kröfur laganna og þá fyrst og fremst varðandi fullnýtingu alls afla. Með hliðsjón af þeim breytingum, sem felast í þessu frumvarpi, er lagt til að ákvæði þetta verði fellt úr gildi.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 54 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar á umræddum lögum sem aðallega felast í því að slakað verði á fyrri kröfum um meðferð afla og veru eftirlitsmanna um borð. Þá er og lagt til að ráðherra geti með reglugerð ákveðið að sjálfvirkur vigtunarbúnaður verði settur um borð í veiðiskip.

Framkvæmd laganna verður í umsjá Fiskistofu og verður ekki séð að samþykkt frumvarpsins hafi aukakostnað fyrir ríkissjóð í för með sér.

Fylgiskjal II.

Bréf til sjávarútvegsráðherra frá nefnd um endurskoðun á lögum nr. 54/1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum.

(28. febrúar 1996.)

Með bréfi, dags. 20. júlí 1995, skipuðuð þér undirritaða í nefnd til að endurskoða lög nr. 54/1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum. Nefndinni var einnig falið að kanna hvort gildandi reglur tryggi jafnræði með landvinnslu og vinnslu um borð í veiðiskipum og gera tillögur til úrbóta ef þurfa þætti.

Í hjálagðri skýrslu er að finna niðurstöður nefndarinnar. Þar eru tillögur um hvaða kröfur eigi að gera varðandi fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, tæknilegan búnað fullvinnsluskipa, kunnáttu áhafnar, nýtingarútreikninga og eftirlit. Nefndin leggur einnig mat á hvort jafnræði sé með land- og sjóvinnslu, þar á meðal hvort jafnræði haggist af löggjöf eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum. Þá er í skýrslunni lagt til að átak verði gert til að þróa vörur úr aukaafurðum og fiskúrgangi og finna markaði fyrir þær. Að lokum leggur nefndin fram drög að frumvarpi til breytinga á lögum nr. 54/1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum.

Virðingarfyllst,

Árni R. Árnason, formaður.
Einar Oddur Kristjánsson.
Hjálmar Árnason.
Stefán Guðmundsson.
Vilhjálmur Egilsson.

Fullvinnsluskip.

Skýrsla til sjávarútvegsráðherra frá nefnd um endurskoðun á lögum nr. 54/1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum.
(Febrúar 1996.)

1. Kafli Niðurstöður nefndarinnar.

1.1. Efnisleg samantekt

Sérstök löggjöf um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum var fyrst sett með lögum nr. 54, frá 16. maí 1992. Allt til þess tíma giltu um hana ákvæði í almennum lögum um veiðar í fiskveiðilögsögunni, um stjórn fiskveiða, og um meðferð og nýtingu sjávarafla. Gildandi reglugerðir um hana eru flestar settar á grundvelli þeirra, m.a. reglugerð um vinnslunýtingu um borð í vinnsluskipum og reglugerð um nýtingu aukaafurða.

Í aðdraganda að setningu laganna var uppi almenn umræða um að þessari starfsemi væri ívilnað miðað við vinnslu botnfiskafla í landi. Talið var að nýting fullvinnsluskipa á heildarafla væri léleg, nýtanlegum fiski væri fleygt aftur í hafið, úrgangur frá þeim væri mengun á fiskislóð og á þeim viðgengist verri umgengni við auðlindir sjávar en á öðrum íslenskum fiskiskipum.

Við undirbúning laganna lá fyrir skýrsla um athugun á afkomu fullvinnsluskipa, með vinnslu aukaafurða úr úrgangi og flutning hans að landi. Hún þótti benda til arðsemi.

Lögin höfðu verið í gildi um tveggja ára skeið þegar endurskoðun þeirra hófst. Nokkur reynsla hafði því fengist af þeim.

Vinnslunýting afla um borð í fullvinnsluskipum hefur batnað.

Fjölgun fullvinnsluskipa hefur því sem næst stöðvast.

Lögin veita ráðherra ekki heimild til að fresta framkvæmd ákvæða um fullnýtingu þar til útséð er um arðsemi, en þannig höfðu ýmsir túlkað þau.

Útgerðir skipanna hafa gagnrýnt ákvæði laganna. M.a. að vegna fjárfestingar við fullnýtingu eða flutning óunnins afla að landi aukist kostnaður miklu meira en tekjur. Nefndin hefur kynnt sér þetta til hlýtar, fjallað um gögn þeirra og fyrrnefnda skýrslu frá 1992, og komist að raun um að gagnrýnin á við rök að styðjast.

Nefndin hefur einnig kynnt sér áhrif af úrgangi í hafi á veiðislóð, fjallað um reglur hér og hjá nokkrum nágrannaþjóðum þar um. Hér er fiskiskipum heimilt að fleygja úrgangi í hafið á veiðislóð, en við botnfiskveiðar er skylt, einkum fullvinnsluskipum, að hirða verðmætustu aukaafurðirnar. Öllum fiskiskipum grannþjóðanna er skylt að kasta úrgangi í hafið á veiðislóð. Hann er ekki mengun heldur æti sem fiskur sækir í.

Nefndin hefur kynnt sér upplýsingar um umgengni fullvinnsluskipa um auðlindir sjávar. Ekki hefur verið sýnt fram á að hún sé yfirleitt verri en annarra íslenskra fiskiskipa.

Nefndin hefur skoðað aðstöðumun landvinnlsu og sjóvinnslu. Hann má að mestu rekja til annarra þátta en löggjafar. Áhrifamest er mismunur á verðlagi, í tekjum vegna ólíkra afurða og kostnaði t.d. vegna ólíkra kjarasamninga. Áhrif sjómannafrádráttar samkvæmt skattalögum eru lítil en merkjanleg. Kröfur laganna sem hér um ræðir eru verulega íþyngjandi fyrir fullvinnsluskipin, en á hinn bóginn er álitið að nýtingarstuðlar þeirra geti verið ívilnandi.

Lögin gera til fullvinnsluskipanna miklu strangari kröfur um nýtingu afla en krafist er af öðrum greinum í sjávarútvegi. Nefndin telur ekki ástæður til að mismuna fullvinnsluskipum, og koma þannig í veg fyrir að þau nái ávinningi af rekstrarmöguleikum í sjóvinnslu sem ekki eru fyrir hendi í landvinnslu. Lögin hafa þegar leitt til stöðnunar í þeirri þróun sem hafin var í sjóvinnslu. Hún hófst í krafti ákvarðana útgerða vinnsluskipanna sem teknar voru á rekstrarlegum forsendum um arðsemi og hagnaðarvon af nýrri starfsemi. Án hennar væri næsta víst að við Íslendingar hefðum ekki notið verðmæta af fiskveiðum á fjarlægum miðum á ný nú síðustu ár. Vinnsluskipin eru öflugustu og best búnu skip fiskveiðiflota okkar og þau einu sem geta stundað veiðar á fjarlægum fiskimiðum án þess að fyrirgera gæðum aflans.

Nefndin hefur veitt því athygli, að um alla aðra sjóvinnslu gilda ekki sérlög heldur einungis almenn lög um fiskveiðar og -vinnslu, þ.e. um heilfrystingu og söltun botnfiskafla, rækjuvinnslu, loðnu- og síldarvinnslu, um borð í veiðiskipum. Umræður um þær og kröfur til þeirra eru gjörólíkar þeim sem uppi hafa verið um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum. Sú starfsemi verðskuldar, að mati nefndarinnar, jafnræði við aðrar greinar í sjávarútvegi.

Sérálit Einars Odds Kristjánssonar og Hjálmars Árnasonar

Taka þarf til sérstakrar skoðunar takmörk togveiða frá landi, út frá hagsmunum landróðrabáta og landvinnslu og í þeim tilgangi að tryggja vernd hrygningarslóðar og uppvaxtarstöðva.

Nefndin er sammála um að þessi sjónarmið eigi að koma til umfjöllunar við endurskoðun laga nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

1.2. Tillögur

Nefndin leggur til:

- að lögð verði af ákvæði laganna um að hirða skuli allan afla, flytja að landi eða fullvinna um borð í veiðiskipum, burtséð frá afkomu af þeirri starfsemi. Ákvæði almennra laga um umgengni við auðlindir sjávar eigi jafnt við um allar greinar sjávarútvegs.
- að þróaðar verði vörur og fundnir markaðir sem greiði nægilega hátt verð fyrir aukaafurðir og afurðir úr fiskúrgangi til að vinnsla þeirra geti orðið fjárhagslega arðbær. Í því skyni verði komið á fót átaksverkefni um vöruþróun, markaðsleit og markaðssetningu með aðild rannsóknastofnana, sölufyrirtækja, hagsmunasamtaka og útgerðar- og vinnslufyrirtækja, sem snúist um framleiðslu aukaafurða og vöru úr fiskúrgangi og markaðsfærslu þeirra. Sérstakan forgang fái athugun á nýtingarmöguleikum og markaðssetningu á hausum og lifur.
- að horfið verði frá því að eftirlitsmaður skuli vera um borð fyrstu sex mánuðina í nýju fullvinnsluskipi, þar sem það er talið óþarflega langur samfelldur tími. Í þess stað telur nefndin rétt, að gengið verði úr skugga um kunnáttu skipstjórnarmanna, vinnslustjóra og áhafnar til vinnslu og Fiskistofu falið að ákveða hve lengi eftirlitsmaður skuli vera um borð. Þá telur nefndin ástæðu til að sama eigi við ef áhafnaskipti verða.
- að eftirlit Fiskistofu um borð í fiskiskipum eigi fyrst og fremst að snúast um eftirlit með auðlindinni, þ.e. að veiðar séu ekki stundaðar með óleyfilegum veiðarfærum og að úr auðlindinni sé ekki tekið meira en heimildir hvers skips segja til um. Nefndin leggur til að eftirlit með framleiðslunni verði í höndum áhafnar og viðkomandi skoðunarstofu. Þar sem fyrirvaralausar eftirlitsvitjanir eru ekki mögulegar í vinnsluskip með sama hætti og í landvinnslustöð, verður að beita öðrum ráðum og viðhafa eftirlitið með þeim hætti að fyrirtækjum verði ekki mismunað.
- að sérstakt átak verði gert varðandi kerfisbundna skráningu upplýsinga í vinnsluferli vinnsluskipa í samræmi við ríkjandi gæðaeftirlitskerfi.
- að leitað verði leiða til að fela samtökum útvegsmanna eða eftirlitsfyrirtækjum sérstaklega skilgreind verkefni í eftirliti með veiðum, nýtingu aflamarks og nýtingu auðlindarinnar í samstarfi við Fiskistofu og með skýrt afmörkuðum verkaskiptum þeirra.
- að til skipa, sem áður höfðu fengið leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð, verði ekki gerðar almennar kröfur um að breyta skuli þeim til að fullnægja ákvæðum yngri laga, nema því aðeins að um sé að ræða lágmarksútbúnað sem Ísland hefur með gagnkvæmum samningum við aðrar þjóðir skuldbundið sig til að lögleiða, svo og nýjar kröfur um útbúnað allra almennra fiskveiðiskipa um útbúnað til að slægja, þvo, flokka, kæla, geyma og flytja afla.

- að fram fari rækileg endurskoðun á gildandi nýtingarstuðlum og vinnuaðferðum við útreikning nýtingar á aflaheimildum, og skuli lokið fyrir þinghlé að vori. Á grundvelli niðurstöðu hennar verði settar nýjar reglur um mótun nýtingarstuðla og nákvæmari aðferðir teknar upp við útreikninga sem verða forsenda ákvörðunar nýrra nýtingarstuðla eftir hverja veiðiferð. Jafnframt skal sérstaklega athugað hvaða ástæður valda því að vinnsluskip vinna ekki afurðir í blokk. Tilgangur þessa er að nýtingarstuðlarnir verði réttir.
- að eftirlitsgjöld fullvinnsluskipa verði samræmd eftirlitsgjöldum annarra fiskiskipa og landvinnslustöðva, þ.m.t. gjöld vegna eftirlitsvitjana.

2. Kafli Inngangur.

2.1. Skipunarbréf nefndarinnar.

Með bréfi dags. 20. júlí sl. skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd til að endurskoða ákvæði laga nr. 54/1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum með síðari breytingum. Þá var nefndinni og ætlað að kanna hvort núverandi reglur tryggi jafnræði með landvinnslu og vinnslu um borð í veiðiskipum og gera tillögur til úrbóta ef þurfa þætti.

Nefndin var þannig skipuð: Árni Ragnar Árnason, alþm., formaður, Einar Oddur Kristjánsson, alþm., Hjálmar Árnason, alþm., Stefán Guðmundsson, alþm. og Vilhjálmur Egilsson, alþm. Ritari nefndarinnar var Stefán Friðriksson, deildarstjóri á Fiskistofu.

Formaður átti í ágúst sl. samræður og fundi með sjávarútvegsráðherra, aðstoðarmanni hans og embættismönnum í sjávarútvegsráðuneyti til undirbúnings nefndarstarfinu. Starf nefndarinnar hófst þann 4. september sl. með fundi nefndarinnar með sjávarútvegsráðherra um viðfangsefnið. Nefndin ákvað hverra gagna skyldi afla og hvernig starfinu skyldi hagað. Starfsáætlun hennar lá síðan fyrir á öðrum fundi hennar hinn 14. september sl.

Til að varpa ljósi á viðfangsefnið hefur nefndin átt fundi með fjölmörgum aðilum sem búa yfir þekkingu á því, aflað sér gagna um það og farið um borð í fullvinnsluskip í höfn. Ennfremur hafa viðmælendur hennar komið á framfæri við nefndina gögnum til upplýsingar um sjónarmið þeirra.

2.2. Uppbygging skýrslunnar.

Skýrslan er byggð þannig upp að í þriðja kafla er fjallað um lög nr. 54/1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum og stjórnvaldsákvæði varðandi, fjölda fullvinnsluskipa, afla þeirra og aflahlutdeild. Í lok kaflans eru dregin saman meginverkefni nefndarinnar. Í fjórða kafla er farið yfir ákvæði laga nr. 54/1992, þ.e. um skyldu og möguleika á fullnýtingu, eftirlit um borð í fullvinnsluskipum, kröfu um vinnslustjóra og um meðferð, búnað og hreinlæti við vinnsluna. Í fimmta kafla er fjallað um mælingar á vinnslunýtingu um borð í vinnsluskipum. Í sjötta kafla er samanburður á nokkrum þáttum er varða aðstæður sjóvinnslu og landvinnslu. Í sjöunda kafla eru drög að frumvarpi um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum og athugasemdir með því.

3. Kafli Um lög nr. 54/1992. Upphaf, þróun og núverandi staða.

3.1. Fjöldi fullvinnsluskipa, afli þeirra og aflahlutdeild.

Árið 1982 var fyrsti flakafrystitogarinn tekinn í notkun á Íslandi. Í árslok 1992 voru skip með flökunarvél um borð orðin 38. Í dag eru þau 41 og að auki eru 7 skip sem hafa leyfi til að vinna fisk í salt um borð.

Mynd 1. Fjöldi fullvinnsluskipa, sem leyfi hafa til fullvinnslu og frysta aflann um borð, árin 1982 til 1990 og fiskveiðiárin 1991/1991 til 1995/1996 (árslok 1995).



Frá 1992 hefur orðið lítil breyting á fjölda fullvinnsluskipa.

Tafla 1. Aflahlutdeild í prósentum og fjöldi skipa, sem leyfi hafa til fullvinnslu og frysta afla um borð, fiskveiðiárin 1991/1991 til 1995/1996 (árslok 1995).

Fiskveiðiár	*Þorskur*	*Ýsa*	*Ufsi*	*Karfi*	*Grálúða*	*Skarkoli*	*Úth.rækja*	*Síld*	*Loðna*	*Fjöldi skipa*
1991/1991	12,0	9,8	13,3	25,1	27,1	2,1	7,2	2,2	3,5	29
1991/1992	14,2	12,7	16,1	27,8	27,9	4,5	11,5	3,3	3,6	34
1992/1993	16,8	14,9	19,0	33,7	33,5	4,7	15,7	2,2	3,6	39
1993/1994	18,5	16,8	19,2	33,1	36,3	5,6	16,2	3,3	4,1	39
1994/1995	19,7	17,6	20,6	35,5	38,5	6,4	17,0	2,2	4,1	40
1995/1996	21,7	18,9	22,1	38,4	41,2	7,0	19,0	1,1	6,7	41

Flest þessara skipa eru í hópi öflugustu og stærstu skipa flotans. Sókn íslenska flotans út fyrir lögsöguna og nýting áður ónýttra tegunda er í mörgum tilvikum eingöngu möguleg á stórum og öflugum frystiskipum. Þannig var afli fullvinnsluskipa í Smugunni um 70% af afla íslenskra skipa þar og u.þ.b. 90% af úthafskarfanum voru veidd af fullvinnsluskipum.

3.2. Núgildandi lög og reglugerðir.

Helstu reglur varðandi fullvinnsluskip er að finna í lögum nr. 54/1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, reglugerð nr. 304/1992, um leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, reglugerð nr. 181/1993, um meðferð, búnað og hreinlæti við vinnslu sjávarafurða, reglugerð nr. 481/1990, um mælingar á vinnslunýtingu um borð í vinnsluskipum, reglugerð nr. 205/1991, um nýtingu aukaafurða og auglýsingu nr. 68/1994, um útreikning afla skipa er salta afla um borð.

3.2.1. Lög nr. 54/1992. Setning og efni.

Lög nr. 54 frá 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum voru samþykkt á Alþingi eftir miklar umræður og ágreining um frumvarpið. Snerust umræður einkum um réttmæti löggjafarinnar eins og lesa má um í Alþingistíðindum og í umsögnum sem sjávarútvegsnefnd Alþingis bárust um frumvarpið. Með lögum nr. 109/1993 var síðan gerð breyting á bráðabirgðaákvæði laganna.

Í 1. gr. laganna segir: "Sjávarútvegsráðuneytið veitir leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipi að uppfylltum skilyrðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Það telst fullvinnsla í þessu sambandi ef flökun eða flatning botnfisks er þáttur í vinnslunni".

Samkvæmt lögunum er fullvinnsluskipum gert skylt að koma með allan afla að landi, þ.m.t. allt, sem fellur til við vinnsluna, s.s. hryggi, afskurð, hausa og innyfli eða afurðir unnar úr þeim, sbr. 2. gr. Í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 54/1992, sbr. lög nr. 109/1993, er kveðið á um að þeim skipum, sem þegar höfðu hafið fullvinnslu eða samið hafði verið um kaup á fyrir 22. júní 1992 yrði veittur frestur til 1. september 1996 til að fullnægja þeirri skyldu að koma með allan afla að landi. Skylda til fullnýtingar alls botnfiskafla skyldi þegar taka til annarra nýrra skipa, sem leyfi fengju. Ráðherra getur með reglugerð til eins árs í senn heimilað að ekki væri nýttur tiltekinn fiskúrgangur enda yrði það ekki gert með arðbærum hætti miðað við vinnslutækni og markaðsaðstæður.

Í 3. gr. laganna er kveðið á um hvaða búnaður og aðstaða sé nauðsynleg til að gæði framleiðslunnar verði tryggð.

Í 4. - 6. gr. laganna, sbr. rgl. nr. 304/1992, er fjallað um aðrar kröfur sem gerðar eru s.s. fjölda í áhöfn og aðstöðu áhafnar, öryggi, eftirlit og um sérþekkingu vinnslustjóra á viðkomandi framleiðslu.

3.2.2. Stefnumörkun með lögunum.

Með setningu laganna og útgáfu reglugerðar nr. 304/1992, um leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, með síðari breytingum, var mörkuð sú stefna að:

Sérstakt leyfi sjávarútvegsráðuneytisins þurfi til fullvinnslu botnfiskafla, þ.e. til flökunar hans og flatningu, um borð í veiðiskipi, sbr. 1. gr. laganna. Áður en leyfi er veitt skal útgerð skips leggja fram nákvæma greinargerð um hvernig staðið verði að vinnslu, innra eftirliti og nýtingu afla um borð.

Skip sem fullvinna botnfiskafla skuli koma með allan afla að landi, þ.m.t. allt sem fellur til við vinnsluna og slóg og eftir 1. september 1996 skulu þau fullnýta allan afla um borð. Ráðherra er þó heimilt að undanskilja vinnslu tiltekins fiskúrgangs til eins árs í senn, verði það ekki gert með arðbærum hætti, sbr. 2. gr. Eldri fullvinnsluskip fá frest til 1. september 1996 til að fullnægja öllum ákvæðum varðandi nýtingu afla, búnað og vinnslu, en skulu fullnægja nokkrum tilgreindum skilyrðum fyrr. Þau skulu hirða allan meðafla, hrogn og allan afskurð sem fellur til við snyrtingu þorsks, ýsu og ufsa. Þessi skip skulu hefja nýtingu annarra aukaafurða af þorski og ýsu fyrir fiskveiðiárið sem hefst þann 1. september 1993 og hafa náð a.m.k. 60% meðalnýtingarhlutfalli, miðað við slægðan afla þessara tegunda, á fiskveiðiárinu sem hefst þann 1. september 1994. Ekki er skylt að nýta um borð innyfli, að hrognum undanskildum, roð og úrgang við karfa- og grálúðuvinnslu.

Auk þess eru gerðar kröfur um:
- fullnægjandi aðstöðu um borð til að tryggja gæði framleiðslunnar, sbr. 3. gr.
- nægjanlegan fjölda í áhöfn, sbr. 4. gr.,
- mann með sérþekkingu sem hafi umsjón með vinnslu um borð, sbr. 4. gr.,
- eftirlit Ríkismats sjávarafurða (nú Fiskistofu) og Siglingamálastofnunar ríkisins með tilteknum þáttum, sbr. 5. gr.,
- að veiðieftirlitsmaður skuli vera um borð fyrstu sex mánuði, sbr. 6. gr.

Ekki eru í lögum sambærileg ákvæði vegna annars konar vinnslu afla um borð í veiðiskipum, svo sem varðandi síldarflökun, loðnuvinnslu, rækjuvinnslu, söltun eða heilfrystingu botnfiskafla.

Við setningu laganna var gengið út frá því að fullvinnsla aukaafurða og fiskúrgangs um borð gæti orðið arðbær. Við það hafa útgerðir skipanna og samtök þeirra gert alvarlegar athugasemdir og niðurstöður úr hagkvæmnisathugun sem gerð var fyrir samtök útgerðarmanna voru þær að sú vinnsla kosti mikla fjármuni umfram tekjur. Nefndin kynnti sér þennan þátt sérstaklega og er um það fjallað síðar.

3.2.3. Áhrif laganna og árangur.

Viðmælendum nefndarinnar bar saman um, að aukinn árangur hafi náðst í nýtingu botnfiskafla fullvinnsluskipa. Nýting aðalafurða hafi batnað og að auki væri við þorsk-, ýsu- og ufsavinnslu svo til undantekningarlaust nýttur afskurður og hrogn. Tilraun hefur verið gerð til að hirða hausa og selja til frekari vinnslu í landi. Reynt hefur verið að nýta fiskúrgang í meltuvinnslu um borð, en það hefur ekki tekist sem skyldi. Almennt hafa aðgerðir strandað á slæmri fjárhagslegri afkomu. Til að flytja allan afla að landi er nauðsynlegt að frysta aukaafurðir sem ekki eru fullunnar um borð og geyma fiskúrganginn eða búa til úr honum mjöl. Fjárfestingarkostnaður af rými til flutnings og kostnaður við frystingu er, að sögn útgerða og samtaka þeirra, hærri en verðmætin sem fyrir afurðirnar fást. Athuganir á fullvinnslu alls úrgangs um borð benda til þess sama. Meginástæða þess að útgerðir hafa ekki fullnýtt aflann er því sú að þær telja frekari vinnslu ekki standa undir kostnaði.

3.2.4. Núverandi staða.

Starfsmenn sjávarútvegsráðuneytisins telja að á grundvelli laga nr. 54/1992 hafi engin breyting orðið á nýtingu eldri fullvinnsluskipanna. Hryggir, slóg og hausar fari almennt fyrir borð en afskurður er nýttur að mestu. Þannig fáist milli 45% og 50% nýting.

Reglugerð nr. 304/1992, um leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, er sett skv. ákvæðum laga nr. 54/1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum. Í reglugerðinni er fjallað um kröfur sem gerðar eru til fullvinnsluskipa bæði hvað snertir aðbúnað og nýtingu aflans, framkvæmd laganna og eftirlit.

Við könnun gæðastjórnunarsviðs Fiskistofu, fyrir sjávarútvegsráðuneytið, s.l. vor á því hvort þau skilyrði væru uppfyllt, sem getið er í 3. gr. rgl. nr. 304/1992, kom fram að enn vantar í mörgum tilvikum upp á að aðstaða sé til þess að þvo allan fisk; að fjöldi og fyrirkomulag blóðgunarkara sé með þeim hætti að auðvelt sé að tegundaflokka og halda mismunandi tegundum aðskildum fyrir vinnslu; einnig að stærð og fyrirkomulag á hverju keri sé með þeim hætti, að fiskur sem bíður vinnslu verði ekki fyrir skemmdum vegna þrýstings eða af öðru hnjaski.

3.2.5. Önnur stjórnvaldsákvæði.

Önnur stjórnvaldsákvæði um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum eru byggð á öðrum lögum en lögunum nr. 54/1992.

Reglugerð nr. 181/1993, um meðferð, búnað og hreinlæti við vinnslu sjávarafurða, er sett samkvæmt lögum nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra. Í reglugerðinni er m.a. fjallað um aðstöðu og búnað, hreinlætis- og hollustuhætti og meðferð sjávarafurða.

Reglugerð nr. 481/1990, um mælingar á vinnslunýtingu um borð í vinnsluskipum, er sett skv. ákvæðum laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, skilgreinir nýtingar- og afurðastuðla sem lagðir eru til grundvallar við útreikning á afla veiðiskipa sem ekki hafa áunnið sér ákveðna nýtingarstuðla. Frá ársbyrjun 1991 hafa nýtingarstuðlar tekið mið af nýtingarmælingum um borð í einstökum veiðiskipum.

Reglugerð nr. 205/1991, um nýtingu aukaafurða, er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og ákvæðum laga nr. 53/1984, um Ríkismat sjávarafurða (nú Fiskistofa). Í reglugerðinni er kveðið á um að allur afskurður við snyrtingu þorsk-, ýsu- og ufsaflaka um borð í frystiskipum skuli saltaður, frystur eða nýttur til marnings-, fiskimjöls- eða meltuframleiðslu; ennfremur að skylt sé að hirða og færa að landi öll þorsk- og ufsahrogn.

Í auglýsingu nr. 68/1994, um útreikning afla skipa er salta afla um borð, er mælt fyrir um aflaútreikning saltfiskskipa. Auglýsingin er sett samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða.

3.2.6. Helstu verkefni nefndarinnar.

Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að meginverkefni hennar við endurskoðun laga um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum væri:

1. Gera tillögur um hvaða kröfur eigi að gera um nýtingu um borð í veiðiskipum.
2. Skoða hvort kröfur um tæknilegan búnað, kunnáttu áhafnar og eftirlit séu eðlilegar.
3. Meta hvort breyta eigi aðferðum við nýtingarútreikninga.
4. Leggja mat á hvort jafnræði sé með land- og sjóvinnslu.

4. Kafli Endurskoðun laga nr. 54/1992.

4.1. Nýting um borð í fullvinnsluskipum.

4.1.1. Umgengni um auðlindina - Allan afla að landi.

Umhverfisverndarsjónarmið hafa á undanförnum árum vegið sífellt þyngra í umræðum um nýtingu lifandi auðlinda náttúrunnar og þar með auðlinda hafsins. Vitund fólks hefur vaknað um að auðlindirnar eru ekki ótæmandi, að ýmis umsvif mannsins valda mengun eða öðrum umhverfisspjöllum, sem geta dregið úr mögulegri viðkomu auðlindanna og að afkastageta fiskveiðiflota mannsins er meiri en afrakstursgeta veiðistofnanna. Þetta á ekki síst við um okkur Íslendinga, sem höfum byggt velferðarríki og komist í hóp hinna efnaðri þjóða á grundvelli fiskveiða og fiskvinnslu. Aðrar þjóðir sem því hafa náð, byggja að mestu á iðnaðarstarfsemi. Við höfum augljósa hagsmuni af því að vera í fararbroddi um góða umgengni við takmarkaða fiskistofna. Stjórnendur og starfsmenn í sjávarútvegi hafa verið í forystu um slík viðhorf og miklar framfarir hafa orðið um borð í veiðiskipum og í vinnslustöðvum. Meðferð afla og nýting hans hefur batnað og sjávarútvegsfyrirtækin hafa sett sér mjög strangar kröfur um nýtingu, hreinlæti, gæði og hámarksverðmæti. Íslenskur sjávarútvegur hefur því, að verðleikum, áunnið sér í áranna rás jákvæða ímynd sem er afar mikilvæg fyrir þjóðina alla og er grundvöllur fyrir sterkri stöðu afurða hans hjá neytendum um allan heim og góðum árangri í harðri samkeppni við afurðir annarra þjóða. Þessari ímynd verður best við haldið með starfsháttum sem sýna virðingu okkar fyrir hafinu og auðlindum þess og birtast í skynsamlegri nýtingu fiskistofnanna, hagkvæmri sókn til langs tíma, góðri meðferð og nýtingu afla og hámörkun verðmæta í afurðum.

4.1.2. Fiskúrgangur í hafið - Æti eða mengun.

Öllum sem nefndin ræddi við bar saman um að losun á hausum, hryggjum og slógi í hafið hefði að jafnaði enga mengun í för með sér. Bent var á að úrgangurinn nýttist sem fæða fyrir önnur sjávardýr og vísa mætti á góðan árangur í tilraunum Hafrannsóknastofnunarinnar við fóðrun þorska. Hökkun úrgangs er talin hjálpa mikið til við að flýta fyrir niðurbroti þess hluta aflans sem hent er í sjóinn. Það magn sem ekki er komið með að landi hvort sem það er af fullvinnsluskipum eða öðrum skipum er hins vegar aðeins lítið brot af fæðuframboði hafsins og hefur því mjög lítil áhrif á vöxt fiskistofnanna.

4.1.3. Möguleikar á nýtingu alls afla.

Fullvinnsla afla skv. lögum nr. 54/1992 telst vera flökun eða flatning á botnfiski. Samkvæmt lögunum þarf því ekki fullvinnsluleyfi til þess að flaka síld,

heilfrysta fisk eða vinna rækju. Í lögunum er gert ráð fyrir að fullvinnsluskip komi með allan afla að landi, þ.m.t. allt, sem fellur til við vinnsluna og slóg, sbr. 2. gr. Var ákveðið að þeim skipum, sem þegar hefðu hafið fullvinnslu eða samið hafði verið um kaup á fyrir ákveðinn tíma yrði veittur frestur til 1. september 1996 til að fullnægja þeirri skyldu, sbr. ákvæði til bráðabirgða. Skylda til fullnýtingar botnfiskafla skyldi þegar taka til nýrra skipa, sem leyfi fengju. Það var því ekki verið að skylda fullvinnsluskip til þess að vinna allan aflann um borð heldur að koma með hann að landi til frekari vinnslu. Þetta ákvæði hefur verið gagnrýnt harðlega af útgerðarmönnum fullvinnsluskipa vegna þess mikla kostnaðar sem hlýst af því að breyta eldri skipum til þess eins að unnt sé að hirða verðlitlar afurðir sem e.t.v. er lítill eða enginn markaður fyrir.

Einhver verðmæti eru fólgin í þeim aukaafurðum og fiskúrgangi sem ekki er hirtur. Menn greinir hins vegar á um hvort það svari kostnaði að hirða hausa, hryggi og slóg og gera úr þeim afurðir sem hægt er að selja. Nægur markaður er fyrir þorskhausa í Nígeríu og gott verð fæst fyrir gellur og kinnar. Einn möguleiki gæti verið vinnsla fiskroðs. Úr meltu hefur verið unnið fiskimjöl með því að blanda henni saman við bræðslufisk. Að mati margra viðmælenda nefndarinnar má telja líklegt, að á næstu árum verði meiri möguleikar á að framleiða aukaafurðir og selja fyrir viðunandi verð þar sem reikna megi með að fram komi ný þekking og tækni til að vinna þessar afurðir. Þróun í þessa átt ræðst fyrst og fremst af því hvort markaðir verði fyrir hendi sem geti greitt fyrir vöruna það verð sem nauðsynlegt er til að framleiðslan standi undir eðlilegum arðsemiskröfum.

Helstu ókostirnir við að hirða allan aflann eru þeir að fullvinnsluskipin eru mörg illa undir það búin. Þau skip sem hafa til þess viðeigandi búnað hafa ekki náð að vinna nægilega verðmætar afurðir úr úrganginum til að geta staðið undir kostnaði vegna frystingar, pökkunar, geymslu, löndunar og flutnings. Mörg skipanna hafa ekki frystitæki til að frysta hausa til viðbótar við annan afla. Geymslurými er takmarkað og við veiðar á fjarlægum miðum mundi slík krafa hafa veruleg áhrif á afkomuna. Auk þess er meira umstang við að vinna frosna hausa sem skipin koma með að landi því að byrja þarf á að þíða þá upp áður en hægt er að vinna úr þeim frekari afurðir. Til að hefja vinnslu alls afla um borð í veiðiskipum þarf að breyta þeim nær öllum verulega og leggja í það umtalsvert fjármagn. Um kostnað vegna þessa má vísa til ítarlegra skýrslna Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins frá árinu 1992 og VSÓ, Iðntækni, frá árinu 1993 og 1994. Fjölgun manna um borð í vinnsluskipunum þýðir einnig breytingu á skiptahlutfalli og aukinn kostnað útgerðarinnar. Mjöl sem eingöngu er búið til úr beinum er frekar lélegt og verð þess lágt. Mjölvinnsla úr meltu hefur þann galla að blanda þarf meltuna með bræðslufiski, flutningskostnaður er mikill og ekki eru fyrir hendi nægar geymslur og móttökubúnaður til að taka á móti allri meltu. Blautverkun á meltu til skepnufóðurs er erfið vegna ótryggra markaða, að mati viðmælenda nefndarinnar.

Ákvæði 2. gr. laga nr. 54/1992, um skyldu veiðiskipa til að koma með allan afla að landi, hefur verið gagnrýnt harðlega af útgerðarmönnum fullvinnsluskipa og þeim skipstjórum sem komu á fund nefndarinnar. Útgerðarmenn álíta að of mikill kostnaður hljótist af því að breyta eldri skipum og um sé að ræða verðlitlar afurðir sem að auki séu litlir eða engir markaðir fyrir. Samkvæmt skýrslum VSÓ, Iðntækni, sem gerðar voru árið 1993 og 1994 fyrir LÍÚ, var kostnaður við að breyta fullvinnsluskipunum, þannig að mögulegt væri að hirða allan aflann, talinn vera 2,8 til 4,1 milljarðar króna. Auk þess var talið að rekstrarskilyrðin versnuðu um 600 - 900 milljónir króna á ári. Útgerðarmenn hafa því lagt áherslu á að útgerðir ákveði sjálfar hvort og hve mikið af aukaafurðum þær hirði og þar eigi fyrst og fremst arðsemi að ráða ferðinni. Mat á henni sé best komið í höndum þeirra sem starfa í greininni með hagnaðarvon að leiðarljósi.

Nefndin leggur til, að lögð verði af ákvæði laganna um að hirða skuli allan afla, flytja að landi eða fullvinna um borð í veiðiskipum, burtséð frá afkomu af þeirri starfsemi. Ákvæði almennra laga um umgengni við auðlindir sjávar eigi jafnt við um allar greinar sjávarútvegs.

Í þessu sambandi bendir nefndin á þær niðurstöður sem fengist hafa úr fóðrunarverkefni Hafrannsóknastofnunarinnar á þorski og hins vegar á að athuganir á fjárhagslegum þáttum fullnýtingar fiskúrgangs sýna fram á mjög mikið tap af þeirri starfsemi. Villandi kann að hafa verið við setningu laganna, að athuganir sem þá voru birtar gerðu ráð fyrir hagræðingu, nýjum vinnslulínum og bættri hagkvæmni í vinnslu aðalafurða ásamt fullnýtingu fiskúrgangs og að fjárhagslegur ávinningur af bættri vinnslu aðalafurða mundi verða látinn bera tap af vinnslu fiskúrgangs.

Einnig vísar nefndin til þess, sem fram kom í kafla 4.1.2. hér að framan, að ekki er hætta á mengun af fiskúrgangi á fiskislóð.

Í frumvarpi til laga um umgengni við auðlindir sjávar, er mun verða almenn löggjöf þar um, er lagt til að fiskiskipum verði heimilt að varpa fyrir borð tilgreindum úrgangi enda verði hann ekki nýttur með arðbærum hætti. Nefndin álítur ekki réttmætar ástæður né forsendur til að gera um þetta miklu strangari kröfur einungis til fullvinnsluskipa botnfiskafla.

Nefndin leggur til, að þróaðar verði vörur og fundnir markaðir, sem greiði nægilega hátt verð fyrir aukaafurðir og afurðir úr fiskúrgangi til að vinnsla þeirra geti orðið fjárhagslega arðbær. Í því skyni verði komið á fót átaksverkefni um vöruþróun, markaðsleit og markaðssetningu með aðild rannsóknastofnana, sölufyrirtækja, hagsmunasamtaka og útgerðar- og vinnslufyrirtækja, sem snúist um vinnslu, framleiðslu afurða og vöru úr fiskúrgangi og markaðsfærslu þeirra. Sérstakan forgang fái athugun á nýtingarmöguleikum og markaðssetningu á hausum og lifur.

Í þessu sambandi vísar nefndin til þeirrar hugmyndafræði og starfsaðferða sem beitt hefur verið við verkefni aflakaupabankans. Hráefni hefur skort til landvinnslu á hausum, sem eru almennt hirtir af landróðrabátum og ísfisktogurum, en ekki af vinnsluskipum á bolfiskveiðum. Lifur er ekki almennt hirt og hefur hráefni skort til vinnslu hennar.

4.2. Eftirlit um borð í fullvinnsluskipum.

Eftirlit um borð í fullvinnsluskipum er í höndum Fiskistofu. Samkvæmt 6. gr. laga nr. 54/1992 skal eftirlitsmaður vera um borð í fiskiskipi, sem leyfi hefur til fullvinnslu botnfisks fyrstu sex mánuðina eftir að leyfi er veitt í fyrsta sinn. Útgerð skal sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu og skal greiða allan kostnað sem hlýst af veru eftirlitsmanna um borð, (kr. 10.000.- á sólarhring, sbr. 9. gr. rgl. 304/1992). Tilgangur þessa ákvæðis var að tryggja að þeir sem væru að hefja vinnslu um borð fengju lágmarksaðstoð og aðhald í upphafi á meðan áhöfnin væri að tileinka sér rétt vinnubrögð við vinnslu aflans. Hlutverk eftirlitsmanns um borð í vinnsluskipum er tvíþættur. Annars vegar er fylgst með að farið sé að reglum er varða fiskveiðistjórnun, s.s. við nýtingarmælingar og meðferð á afla og hins vegar er til þess ætlast að eftirlitsmaður leiðbeini áhöfnunum við vinnsluna. Reynslan hefur sýnt að sex mánaða vera eftirlitsmanns um borð í skipunum er, að mati allra sem rætt var við, óþarflega langur tími. Að auki hafa eftirlitsmennirnir ekki alltaf reynslu af vinnslu úti á sjó og geta því ekki miðlað mikilli þekkingu á sjóvinnslu til áhafnar skipanna. Að öðru leyti er eftirliti háttað á þann veg að nýtingarprufur eru bornar saman við aðrar afurðir og eftirlitsmenn sendir stöku sinnum með skipunum.

Nefndin telur að ákvæði laganna um eftirlitsskyldu um borð fyrstu 6 mánuðina eftir að skip fær leyfi til fullvinnslu sé óþarflega langur tími og leggur því til að horfið verði frá því. Í þess stað telur nefndin rétt, að gengið verði úr skugga um kunnáttu skipstjórnarmanna, vinnslustjóra og áhafnar til vinnslu og Fiskistofu falið að ákveða hve lengi eftirlitsmaður skuli vera um borð. Þá telur nefndin ástæðu til að sama eigi við um áhafnaskipti.

Nefndin vísar til þess að hún hefur verið upplýst um, að við byrjun útgerðar nýs vinnsluskips hafi þrautreynd áhöfn, vinnslustjóri og skipstjórnarmenn tekið við því en samt sem áður fengið eftirlitsmann um borð fyrstu sex mánuðina. Hin reynda áhöfn hafi verið flutt af eldra vinnsluskipi og það endurmannað með nýrri áhöfn sem ekki hafði þá reynslu eða þekkingu. Með henni hafi ekki farið eftirlitsmaður.

Nefndin telur að eftirlit Fiskistofu um borð í fiskiskipum eigi fyrst og fremst að snúast um eftirlit með auðlindinni, þ.e. að veiðar séu ekki stundaðar með óleyfilegum veiðarfærum og að úr auðlindinni sé ekki tekið meira en heimildir hvers skips segja til um. Með vísan til þess leggur nefndin til að eftirlit með framleiðslunni sé í höndum áhafnar og viðkomandi skoðunarstofu. Þar sem

fyrirvaralausar eftirlitsvitjanir eru ekki mögulegar í vinnsluskip verður að beita öðrum ráðum og viðhafa eftirlitið með þeim hætti að fyrirtækjum verði ekki mismunað.

Nefndin leggur til, að sérstakt átak verði gert varðandi kerfisbundna skráningu upplýsinga í vinnsluferli vinnsluskipa í samræmi við ríkjandi gæðaeftirlitskerfi.

Nefndin vísar til þess, að fyrir hana komu upplýsingar þess efnis, að ekki væri ávallt unnt að treysta skráningu upplýsinga í vinnsluferli vinnsluskipa. Virðist því veikari punktur í innra eftirliti einhverra þeirra en annarra og vinnslustöðva í landi.

Nefndin leggur til að leitað verði leiða til að fela samtökum útvegsmanna eða eftirlitsfyrirtækjum sérstaklega skilgreind verkefni í eftirliti með veiðum, nýtingu aflamarks og nýtingu auðlindarinnar í samstarfi við Fiskistofu og með skýrt mörkuðum verkaskiptum þeirra.

Nefndin vísar til þess, að með upptöku núverandi eftirlitskerfis með meðferð og vinnslu sjávarafla tóku fyrirtækin að sér stærri hlut en áður við framleiðslueftirlit og er eftirlitinu nú sinnt af fyrirtækjunum og skoðunarstofum samkvæmt samningum milli þeirra og einstakra fyrirtækja. Eftirliti Fiskistofu er síðan beint að skoðunarstofum.

Nefndin vísar ennfremur til þess, að aðrar fiskveiðiþjóðir hafa tekið það upp að ráða fyrirtæki til að gegna afmörkuðu hlutverki við eftirlit með veiðum í samræmi við ákvæði laga um stjórn fiskveiða.

4.3. Kröfur um meðferð, búnað og hreinlæti - Vinnslustjóri.

Skoðunarstofur fylgjast reglulega með hreinlæti, búnaði og innra eftirliti fyrirtækja og skipa. Fiskistofa fylgist með starfi skoðunarstofa og sannreynir að þær ræki skyldur sínar á fullnægjandi hátt. Allar útgerðir hafa samning við skoðunarstofur en eins og gefur að skilja þá er eftirlit skoðunarstofa um borð í skipum erfiðara og tímafrekara en í landi.

Í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 54/1992 segir m.a.:"Í áhöfn skal vera maður með sérþekkingu á viðkomandi framleiðslu er hafa skal umsjón með allri vinnslu ásamt nauðsynlegu gæðaeftirliti".

Vinnslustjórinn hefur sérþekkingu á vinnslu um borð í veiðiskipum og umsjón með allri vinnslu og innra eftirliti. Þær kröfur eru gerðar til hans að hann sjái um alla skráningu varðandi vinnsluna og að mælingar á nýtingu séu samkvæmt gildandi reglum.

Varðandi meðferð, búnað og hreinlæti telur nefndin að þær kröfur sem gerðar eru í öðrum lögum og reglum um þessa þætti séu fullnægjandi og ekki sé eðlilegt að hafa sérstök lagaákvæði um fullvinnslu úti á sjó umfram aðra fiskvinnslu. Sama á við um vinnslustjóra og þær kröfur, sem til hans eru gerðar.

Nefndin leggur til, að til skipa, sem áður höfðu fengið leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð, verði ekki gerðar almennar kröfur um að breyta skuli þeim til að fullnægja ákvæðum yngri laga, nema því aðeins að um sé að ræða lágmarksútbúnað sem Ísland hefur með gagnkvæmum samningum við aðrar þjóðir skuldbundið sig til að lögleiða, svo og nýjar kröfur um útbúnað allra almennra fiskveiðiskipa um útbúnað til að slægja, þvo, flokka, kæla, geyma og flytja afla.

4.4. Upplýsingar um grannlöndin.

Í Færeyjum eru í gildi lög sem banna fullvinnslu sjávarafla um borð í veiðiskipum innan fiskveiðilögsögu Færeyja. Í Noregi eru rúmlega 20 fullvinnsluskip og þar gilda strangar stærðartakmarkanir við endurnýjun fiskiskipa og ekki eru veittir styrkir til kaupa á fullvinnsluskipum. Svipaðar kröfur eru gerðar til vinnslu á sjó og í landi hvað snertir meðferð, búnað og hollustu. Í Noregi eru fastir nýtingarstuðlar sbr. töflu í næsta kafla.

Erlendis t.d. á Grænlandi, Kanada og Bandaríkjunum er mun algengara að eftirlitsmenn séu um borð í vinnsluskipum en hér á landi og dæmi eru um að stefnt sé að því að hafa a.m.k. einn eftirlitsmann um borð í hverju skipi, sbr. Grænland.

Kafli 5 Nýtingarstuðlar.

5.1. Mælingar á vinnslunýtingu um borð í vinnsluskipum.

Mælingar á vinnslunýtingu eru framkvæmdar um borð í öllum fullvinnsluskipum í samræmi við ákvæði rgl. nr. 481/1990, um mælingar á vinnslunýtingu um borð í vinnsluskipum. Þessar reglur segja til um upphafsstuðla fyrir skip sem hefja fullvinnslu, hvernig staðið skuli að nýtingarmælingum, sbr. bækling sem sjávarútvegsráðuneytið gaf út 1990 (Nýtingarmælingar um borð í frystitogurum).

Nýtingarstuðlarnir ákvarðast, eins og áður sagði, af mældri nýtingu um borð í fullvinnsluskipum. Þeir eru bundnir við einstök skip og því breytilegir milli skipa.

Við útreikning á afla skipanna til aflamarks er, við vigtun afurða, dregin frá ákveðin prósenta vegna íss í afurðum, sbr. auglýsingu nr. 528/1991, um frádrátt vegna íss í afurðum frystiskipa. Þar segir að vegna íss í flökum skuli draga frá 2%, vegna íss í grálúðu (heilli) 3% og vegna íss í karfa (heilum) 4%.

Eftirlit með að nýtingarmælingar séu framkvæmdar og rétt að þeim staðið er í höndum Fiskistofu.

Nýtingarstuðlakerfið er að mati viðmælenda nefndarinnar hvetjandi fyrir útgerðir og sjómenn. Hvatningin felst í því að áhafnir skipanna og útgerðir hafa verulegan hag af að vanda til verka í vinnslunni vegna þess að betri nýting þýðir meiri verðmæti og leiðir til þess að minna gengur á aflamark skipanna. Frá því að breytilegir nýtingarstuðlar voru teknir upp hefur nýting aflans farið batnandi.

Helsta gagnrýnin á þetta kerfi hefur verið sú að hin mælda nýting segi ekkert til um þann afla sem misferst í vinnslunni og erfitt sé að staðreyna hvort frádráttur vegna íss í afurðum sé eðlilegur. Einnig er talið líklegt að raunnýting sé eitthvað lakari en hin mælda nýting. Auk þess getur verið erfitt við eftirlit að staðreyna hvort mæld nýting er lýsandi fyrir allan aflann í veiðiferðinni þar sem einungis er byggt á sjónmati. Á móti má hins vegar benda á að fiskur sem ísfiskskip bera að landi og hefur verið geymdur undir einhverju fargi, t.d. í körum, hefur yfirleitt rýrnað eitthvað við geymsluna.

Nefndin leggur til að fram fari rækileg endurskoðun á gildandi nýtingarstuðlum og vinnuaðferðum við útreikning nýtingar á aflaheimildum, og skuli lokið fyrir þinghlé að vori. Á grundvelli niðurstöðu hennar verði settar nýjar reglur um mótun nýtingarstuðla og nákvæmari aðferðir teknar upp við útreikninga sem verða forsenda ákvörðunar nýrra nýtingarstuðla eftir hverja veiðiferð. Jafnframt skal sérstaklega athugað hvaða ástæður valda því að vinnsluskip vinna ekki afurðir í blokk. Tilgangur þessa er að nýtingarstuðlarnir verði réttir.

Nefndin hefur rætt það, að við vinnslu nokkurra undirstöðutegunda í fiskveiðum okkar, birtist merkilegur mismunur í afurðum vinnsluskipanna samanborið við afurðir landvinnslustöðva af sömu fisktegundum. Þetta er blokkarvinnsla landvinnslustöðva, en blokk kemur ekki fram í afurðum vinnsluskipanna. Áberandi er þetta í afurðum grálúðu sem vinnsluskipin frysta heldur ekki afskurð af, en vekur einnig athygli í afurðum annarra tegunda.

6. Kafli Landvinnsla - sjóvinnsla.

Ljóst er að mjög erfitt er að gera samanburð á aðstæðum sjóvinnslu og landvinnslu þar sem um svo ólíkar starfsaðstæður er að ræða. Viðmælendur nefndarinnar, þ.e. þeir sem töldu sig hafa þekkingu til að svara spurningunni um hvort jafnræði væri milli landvinnslu og sjóvinnslu, svöruðu á ýmsa vegu. Þeir

lögðu allir áherslu á að verulega erfitt væri að bera saman aðstæðurnar og margt af því sem nefnt var í sambandi við aðstöðumun á ekki rætur að rekja til mismununar vegna stjórnvaldsfyrirmæla.

Fulltrúar fiskvinnslunnar sem nefndin ræddi við voru sammála um að auknar kröfur til vinnslu um borð í veiðiskipum gerðu aðstöðu landvinnslunnar ekki betri. Þeir bentu einnig á að í landvinnslu væri ekki sami hvati til að ná góðri nýtingu og væri úti á sjó.

6.1. Vaktavinna - Vaktaálag/yfirvinna.

Kostir sjóvinnslu felast meðal annars í að þar er unnið allan sólarhringinn eftir vaktakerfi þar sem ekki er greitt sérstakt vaktaálag. Fiskverkendur í landi greiða hins vegar álag til starfsmanna þegar unnið er á vöktum eða utan hefðbundins dagvinnutíma.

Með vaktavinnunni næst að auki betri nýting á framleiðslutækjunum en annars yrði enda oftast jafnara álag í framleiðsluferlinu en í landvinnslu.

6.2. Kostnaður vegna losunar úrgangs.

Fiskiskip losa í sjóinn allan úrgang sem til fellur í vinnslunni án nokkurs kostnaðar. Fiskvinnsluhús í landi sem selur úrganginn til bræðslu hafa stundum af því meiri kostnað en tekjur að losa sig við hann.

6.3. Sjómannaafsláttur.

Sjómannaafsláttur bætir stöðu útgerðar fullvinnsluskipa gagnvart landvinnslunni, a.m.k. ef gert er ráð fyrir því að útgerðin greiði það tap sem sjómenn yrðu fyrir ef sjómannaafslátturinn yrði afnuminn. Sama á við þegar fyrirtæki með landvinnslu og ísfiskskip eru borin saman við útgerð fullvinnsluskips vegna þess að fleiri eru í áhöfn fullvinnsluskipsins.

Sjómannaafsláttur hefur verið skattaleg hvatning til sjómennskustarfa. Sem skattalegt úrræði til að meta kjör og starfsaðstöðu verður að taka afstöðu til hans í því samhengi en ekki í samhengi afleiddra áhrifa á aðstöðu fiskveiða og vinnslu afla á sjó og í landi.

6.4. Fjármagnskjör.

Í starfsreglum Fiskveiðasjóðs, frá 18. október 1994, kemur fram mismunur í lánstíma og lánshlutfalli eftir því hvort lánað er til smíði skipa eða húsbygginga.

Þannig er lánshlutfall allt að 60-70% ef um nýsmíði eða meiriháttar endurbætur á skipi er að ræða og hámarkstími 18 ár vegna nýsmíði og 12-14 ár ef um endurbætur er að ræða. Til tækjakaupa í fiskiskip er lánshlutfall allt að 50% og lánstími að hámarki 5 ár, en ef tækjakaup eru hluti af meiriháttar endurbótum eða nýsmíði, gilda sömu hlutföll varðandi tækjakaupin og um endurbæturnar eða nýsmíðina. Til húsbygginga er lánað mest 60% til 18 ára og 75% til 10 ára fyrir vélar og tæki.

6.5. Fasteignagjöld og hafnagjöld.

Fasteignagjöld eru lögð á fiskverkunarhús og standa undir ýmsum kostnaði s.s. vegna veitukerfa og annarrar þjónustu sveitarfélaga. Engin sambærileg gjöld eru lögð á fiskiskip. Þegar skip eru í höfnum greiða þau fyrir þá þjónustu sem þau fá, m.a. vigtar- og aflagjöld. Hluti löndunarkostnaðar felst í þeim gjöldum, en aflagjaldið ræðst af verðmæti aflans. Fyrir frystan fisk er aflagjaldið 1/2% af verðmæti en fyrir ísaðan fisk er greitt 1%.

6.6. Eftirlitskostnaður.

Í 6. gr. laga nr. 54/1992 er gert ráð fyrir að útgerð sjái veiðieftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu og greiði allan kostnað sem hlýst af veru þeirra. Greiðsla fyrir hvern dag sem eftirlitsmaður er um borð í fullvinnsluskipi er kr. 10.000.-. Ekki er greitt vegna eftirlits um borð í öðrum skipum og heldur ekki vegna eftirlits með landvinnslu.

Nefndin leggur til, að eftirlitsgjöld fullvinnsluskipa fyrir eftirlit verði samræmd eftirlitsgjöldum annarra fiskiskipa og landvinnslustöðva, þ.m.t. gjöld vegna eftirlitsvitjana.

Kafli 7 Drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 54/1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:
Skylt er að vigta nákvæmlega allt hráefni sem tekið er til vinnslu um borð í fullvinnsluskipum. Þá skal vigta allar afurðir sérstaklega. Upplýsingar um vigtun hráefnis og afurða skulu skráðar í þar til gerða bók og skal hún geymd á tryggan hátt a.m.k. í þrjú ár.

Um nýtingu afla um borð í fullvinnsluskipum gilda ákvæði laga um umgengni um auðlindir sjávar.

Um útreikning á nýtingu aflaheimilda skal farið að reglugerð um nýtingarstuðla fyrir fullvinnsluskip, sem ráðherra setur.

2. gr.

3. gr. orðist svo:
Um borð í fullvinnsluskipi skal vera aðstaða til móttöku, geymslu, vinnslu og frágangs aflans þannig að gæði framleiðslunnar verði tryggð. Þá skal vera um borð í fullvinnsluskipum sjálfvirkur tækjabúnaður, sem tryggi nákvæma vigtun og skráningu innvegins afla og afurða. Setja skal með reglugerð nánari ákvæði um nauðsynlegan búnað í þessu skyni og önnur atriði varðandi framkvæmd laganna.

3. gr.

Í stað "Ríkismats sjávarafurða" í 1. ml. 5. gr. komi: Fiskistofu.

4. gr.

6. gr. orðist svo:
Eftirlitsmaður eða eftirlitsmenn skulu vera um borð í fiskiskipi, sem leyfi hefur til fullvinnslu botnfiskafla um borð, fyrst eftir að leyfi er veitt, svo lengi sem Fiskistofa metur nauðsynlegt með hliðsjón af framkvæmd vinnslunnar. Sama gildir verði það mikil breyting í áhöfn fullvinnsluskips eða útgerðarháttum þess, að ástæða sé til að ætla, að það hafi veruleg áhrif á vinnslu um borð í skipinu. Í annan tíma er veiðieftirliti Fiskistofu heimilt að setja eftirlitsmann eða eftirlitsmenn um borð í fullvinnsluskip eftir því sem ástæða er talin til.

Skal útgerð sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru við eftirlitsstörf um borð. Þá skal útgerð greiða allan kostnað sem hlýst af veru eftirlitsmanna um borð.

5. gr.

Ákvæði til bráðabirgða falli niður.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Viðauki

Gögn sem nefndin hefur aflað sér.

Andri Teitsson	Landvinnsla og sjóvinnsla, Morgunblaðið 16. júli 1992.
Alþingi	Lög nr. 54/1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum.
Farmanna- og fiski-mannasamband Íslands	Umsögn um frumvarp til laga um fullvinnslu um borð í veiðiskipum, 125. mál.
Fiskeridepartmented í Noregi	Reglur um endurnýjun á skuttogurum og reglur um lán, styrki og endurnýjun, október 1995.
Fiskeridepartmented Í Noregi	Gæðareglur um borð í vinnsluskipum, október 1995.
Fiskveiðasjóður Íslands	Starfsreglur um lánveitingar Fiskveiðasjóðs Íslands, október 1994.
Fiskistofa	Listi yfir fjölda fullvinnsluskipa, september 1995.
Fiskistofa	Aflahlutdeild fullvinnsluskipa fiskveiðiárin 1991/91 til 1995/96.
Fiskistofa	Afli fullvinnsluskipa fiskveiðiárin 1991/91 til 1995/96.
Fiskistofa	Tölfræðiyfirlit nýtingarstuðla, september 1995.
Fiskeridepartmented í Noregi	Nýtingarstuðlar (umreiknistuðlar), október 1995.
Fiskveiðasjóður Íslands	Starfsreglur um lánveitingar Fiskveiðasjóðs Íslands, október 1994.
Föroya Landsstýri	Gæðareglur um borð í vinnsluskipum og fleira, september 1995.
LÍÚ - Fiskistofa	Bréf LÍÚ, dags. 22. september 1995, og svar Fiskistofu frá 27. september 1995. Bréf LÍÚ, dags. 2. október 1995, og svar Fiskistofu, dags. 4. október 1995. Bréf LÍÚ, dags. 6. október 1995, og svar Fiskistofu 11. október 1995.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	Vinnsluskip, fullnýting sjávarafla, 31. rit, mars 1992.
Samtök fiskvinnslustöðva	Ályktun aðalfundar samtakanna 1995.
Samtök fiskvinnslustöðva	Tafla yfir nýtingarviðmiðanir í hóplaunakerfi frystihúsa, september 1995.
Sjávarútvegsráðuneytið	Minnisblað um fullvinnslu, dags. 16. ágúst 1995. JBJ.
Sjávarútvegsráðuneytið	Bréf til Árna Ragnars Árnasonar, dags. 30. ágúst 1995 og minnisblað um úrbætur um borð í einstökum fullvinnsluskipum.
Sjávarútvegsráðuneytið	Drög að reglum um búnað og vinnsluaðstöðu um borð í vinnsluskipum, september 1995.
Sjávarútvegsráðuneytið	Reglugerð nr. 304/1992, um leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum.
Sjómannasamband Íslands	Sameiginleg umsögn ASÍ, VMSÍ OG SSÍ um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, 125. mál.
VSÓ, Iðntækni	Fullnýting afla um borð í vinnsluskipum, hagkvæmnisathugun, niðurstöður, mars 1993.
VSÓ, Iðntækni	Nýting aukaafurða, mars 1993.
Ýmsir	Blaðagreinar frá 1992 vegna fullvinnslureglna um borð í veiðiskipum.

Eftirtaldir aðilar hafa komið á fund nefndarinnar.

Farmanna- og fiski-mannasamband Íslands	Benedikt Valsson
Félag íslenskra fiskimjölsframleiðenda	Sveinn Jónsson
Fiskifélag Íslands	Bjarni Kr. Grímsson
Fiskistofa	Árni Múli Jónasson

	Guðmundur Karlsson
	Rikard Thorstensen
	Þórður Ásgeirsson
	Ægir Ólason
Hafrannsóknastofnunin	Jakob Jakobsson
	Jóhann Sigurjónsson
Íslenskar sjávarafurðir hf.	Bjarni F. Sölvason
LÍÚ	Eiríkur Tómasson
	Gísli Jón Hermannsson
	Guðmundur Kristjánsson
	Kristján Ragnarsson
	Sveinn Hjörtur Hjartarson
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	Grímur Valdimarsson
	Jón Heiðar Ríkharðsson
Samtök fiskvinnslustöðva	Arnar Sigurmundsson
	Ágúst Elíasson
	Einar Svansson
	Sturlaugur Sturlaugsson
Sjávarútvegsráðuneytið	Árni Kolbeinsson
	Jón B. Jónasson
Sjómannasamb. Íslands	Hólmgeir Jónsson
	Sævar Gunnarsson
Skipstjórar fullvinnsluskipa	Hilmar Helgason
	Gestur Sigurðsson
	Þórður Magnússon
SR-Mjöl hf.	Þórður Jónsson
Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna	Hans Einarsson
SÍF	Guðjón Guðjónsson
Vélstjórafélag Íslands	Helgi Laxdal
VSÓ, Iðntækni	Ásgeir Matthíasson

805. Tillaga til þingsályktunar [470. mál]

um staðfestingu tveggja samninga við Færeyjar um fiskveiðimál.

(Lögð fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1996 og samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 1996 sem gengið var frá með orðsendingaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 2. febrúar 1996.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á tveimur samningum milli Íslands og Færeyja um fiskveiðimál fyrir árið 1996, annars vegar um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum og hins vegar um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu. Gengið var frá þeim með orðsendingaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 2. febrúar 1996. Samningarnir eru prentaðir sem fylgiskjöl með þingsályktunartillögu þessari.

Í gildi er samningur landanna frá 1976 um heimildir Færeyinga til veiða í lögsögu Íslands. Í janúar 1996 var á grundvelli hans ákveðið að færeyskum skipum væri heimilt að veiða 5.000 lestir af botnfiski við Ísland á árinu 1996.

Samningur um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Eftir árangurslausar viðræður Íslendinga, Færeyinga, Norðmanna og Rússa um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum vorið 1995 gerðu Íslendingar og Færeyingar samning sín á milli um sameiginlegan heildarkvóta á veiðar skipa þjóðanna úr stofninum á árinu 1995. Skyldi hann ekki vera hærri en 250.000 lestir. Samningurinn gerði ráð fyrir gagnkvæmum aðgangi skipa hvors aðila að lögsögu hins.

Samningnum fyrir árið 1996 svipar mjög til samningsins fyrir árið 1995, en þó er gert ráð fyrir að samanlagður heildarkvóti þjóðanna verði nú 330.000 lestir. Skiptist hann milli þjóðanna í sama hlutfalli og raunin varð á árið 1995 og verður hámarksafli íslenskra skipa á árinu 1996 244.000 lestir, en hámarksafli færeyskra skipa 86.000 lestir.

Í formála samningsins er vísað til þeirra samningaviðræðna sem átt hafa sér stað um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum milli strandríkjanna fjögurra, Íslands, Færeyja, Noregs og Rússlands. Bent er á að í þessum viðræðum hafi af hálfu Íslands og Færeyja verið lögð áhersla á að skipting veiðiheimilda úr stofninum til langs tíma taki mið af sögulegri dreifingu stofnsins eins og hún kemur fram í skýrslu sem vísindamenn landanna fjögurra hafa tekið saman, enda sé við því að búast að stofninn taki aftur upp sitt fyrra göngumynstur. Tekið er mið af því að ekki hafi enn náðst samkomulag í þessum viðræðum, hvorki um langtímaskiptingu veiðiheimilda úr stofninum né um fyrirkomulag veiða á árinu 1996. Telja aðilar því rétt að gerðar séu ráðstafanir til þess að tryggja að veiðar færeyskra og íslenskra skipa úr stofninum verði stundaðar á ábyrgan hátt, en ekki er ætlunin með samningnum að útiloka frekari viðræður við Rússa og Norðmenn í því skyni að ná samkomulagi strandríkjanna fjögurra um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Samningurinn gerir eins og samningurinn frá árinu á undan ráð fyrir gagnkvæmum aðgangi skipa hvors aðila að lögsögu hins, en heimilt er að takmarka fjölda íslenskra skipa sem stunda veiðar samtímis innan lögsögu Færeyja við 25 skip og fjölda færeyskra skipa sem stunda veiðar samtímis innan lögsögu Íslands við 8 skip til að tryggja skipulegar veiðar.

Samningur um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu.

Samkvæmt samningi þessum er færeyskum nótaskipum veitt heimild til veiða á allt að 30 þúsund lestum af loðnu innan íslenskrar lögsögu á árinu 1996 sem skiptist þannig að veiða má allt að 10 þúsund lestir á tímabilinu febrúar til maí og allt að 20 þúsund lestir á tímabilinu júlí til desember. Gert er ráð fyrir því að heimilt sé að landa aflanum til vinnslu á Íslandi, en að óheimilt sé að vinna eða frysta afla sem veiddur er á fyrra tímabilinu um borð og að utan Íslands sé einungis heimilt að landa þeim afla til bræðslu.

Samningurinn gerir enn fremur ráð fyrir gagnkvæmri heimild skipa hvors aðila til kolmunnaveiða innan lögsögu hins á árinu 1996. Vonir standa til að slík gagnkvæm heimild muni hvetja til veiða á kolmunna, en hans varð vart í íslenskri lögsögu síðastliðið haust.

Loks er í samningnum staðfest heimild íslenskra skipa til veiða á allt að 1.000 lestum af makríl og 2.000 lestum af síld annarri en norsk-íslenskri innan færeyskrar lögsögu á árinu 1996.

Samningarnir tóku gildi til bráðabirgða 2. febrúar 1996 og munu öðlast endanlegt gildi þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið fullnægt.

Fylgiskjal I.

SAMNINGUR
milli Íslands og Færeyja
um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1996.

a. Bréf utanríkisráðherra Íslands til lögmanns Færeyja.

Reykjavík, 2. febrúar 1996

Hr. lögmaður
Edmund Joensen
Föroya Landsstýri
Torshavn

Herra lögmaður

Ég leyfi mér að vísa til samtala á milli íslenskra og færeyskra stjórnvalda um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1996.

Mér skilst að samkomulag hafi orðið um eftirfarandi samning:

„Samningur
milli Íslands og Færeyja
um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1996.

Ríkisstjórn Íslands og landsstjórn Færeyja,

vísa til samningaviðræðna sem átt hafa sér stað um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum milli viðkomandi strandríkja, Færeyja, Íslands, Noregs og Rússlands,

benda á að í þessum samningaviðræðum hefur af þeirra hálfu verið lögð áhersla á að skipting veiðiheimilda úr stofninum til langs tíma taki mið af sögulegri dreifingu stofnsins eins og hún kemur fram í skýrslu sem vísindamenn landanna fjögurra hafa tekið saman, enda er við því að búast að stofninn taki aftur upp fyrri göngur,

taka mið af því að ekki hefur enn náðst samkomulag í þeim viðræðum hvorki um langtíma skiptingu veiðiheimilda úr stofninum né um fyrirkomulag veiða á árinu 1996,

telja rétt að gerðar verði ráðstafanir til þess að tryggja að veiðar færeyskra og íslenskra skipa úr stofninum verði stundaðar á ábyrgan hátt,

hafa í því skyni komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Aðilar skulu takmarka veiðar sínar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1996 þannig að afli færeyskra skipa verði ekki hærri en 86.000 lestir og afli íslenskra skipa ekki hærri en 244.000 lestir.

2. gr.

Ísland heimilar færeyskum veiðiskipum veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum innan efnahagslögsögu Íslands samkvæmt þeim reglum sem gilda um veiðar þar.

Færeyjar heimila íslenskum veiðiskipum veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum innan fiskveiðilögsögu Færeyja samkvæmt þeim reglum sem gilda um veiðar þar.

3. gr.

Hvor aðili um sig skal tilkynna lista með þeim veiðiskipum sem hyggjast stunda veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum innan lögsögu hins aðilans. Skip sem eru á listum þessum hafa ein rétt til veiða innan lögsögu þess aðila.

Áður en veiðar hefjast skal tilkynna viðkomandi yfirvöldum um nafn skips og veita aðrar upplýsingar er máli skipta.

Veiðiskip skal tilkynna um komu inn í lögsögu og staðarákvörðun og gefa upplýsingar um afla sem veiddur hefur verið fyrir komu inn í lögsöguna og síðan daglega tilkynna um staðarákvörðun og afla. Þegar farið er úr lögsögu skal tilkynna um áætlað aflamagn.

4. gr.

Til að tryggja skipulegar veiðar getur landsstjórn Færeyja takmarkað fjölda íslenskra skipa sem stunda samtímis veiðar innan fiskveiðilögsögu Færeyja við 25 skip og íslensk stjórnvöld takmarkað fjölda færeyskra skipa sem stunda veiðar samtímis innan efnahagslögsögu Íslands við 8 skip.

5. gr.

Samningur þessi hefur ekkert fordæmisgildi varðandi framtíðarskipan stjórnunar á veiðum úr norsk-íslenska síldarstofninum."

Ef þér staðfestið að ofangreint sé skilningur yðar leyfi ég mér að leggja til að samningur þessi taki gildi til bráðabirgða þegar svarbréf yðar þar um er dagsett og endanlega þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hefur verið endanlega fullnægt.

Halldór Ásgrímsson
utanríkisráðherra

b. Svarbréf lögmanns Færeyja.

Tórshavn, 2. februar 1996

Uttanríkisráðharri
Halldór Ásgrímsson
Uttanríkisráðuneytið, Ísland

Eg loyvi mær at vátta bræv tygara í dag, sum ljóðar soleiðis:

"Eg loyvi mær at vísa til samráðingar millum íslendskar og føroyskar myndugleikar um at fyrisita várgýtandi norðhavssildina í 1996.

Eg havi skilt at semja er vorðin um fylgjandi:

"Semja
millum Føroyar og Ísland
um fyrisiting av várgýtandi norðhavssildini í 1996.

Ríkisstjórn Íslands og Føroya landsstýri,

vísa til samráðingar, sum hava verið um fyrisiting av várgýtandi norðhavssildini millum strandalondini Føroyar, Ísland, Noreg og Russland,

vísa á, at í hesum samráðingum fyri teirra part hevur áherðsla verið løgd á at skipa veiðuna úr stovninum í eini langtíðarætlan við søguliga ferðingamynstrinum sum fyrimynd og sum víst á í frágreiðingini hjá fiskifrøðingum í teimum fýra londunum við atliti at, at stovnurin fer at taka upp fyrru gongd sína,

taka somuleiðis hædd fyri, at tað hevur ikki eydnast samráðingarpørtunum at koma til sættis um langtíðarskipan um veiðuna úr stovninum ella um veiðuskipan fyri 1996,

boða frá, at til tess at tryggja hóskandi ætlanir verður veiðan hjá føroyskum og íslendskum skipum úr stovninum á ábyrgdarfullan hátt,

og sum hava gjørt semju um fylgjandi:

1. gr.

Partarnir skulu avmarka veiðinøgd sína av várgýtandi norðhavssild í 1996 til eina veiðikvotu til føroysk skip, sum ikki fer uppum 86.000 tons, og eina veiðukvotu til íslendsk skip, sum ikki fer uppum 244.000 tons.

2. gr.

Ísland loyvir føroyskum fiskiførum at veiða várgýtandi norðhavssild á íslendska búskaparliga økinum undir teimum reglum, sum galda fyri fiskiskapi á hesum øki.

Føroyar loyva íslendskum fiskiførum at veiða várgýtandi norðhavssild á føroyskum fiskiøki undir teimum reglum, sum galda á hesum øki.

3. gr.

Partarnir skulu fráboða ein lista yvir tey fiskifør, sum ætla at veiða norðhavssild á økjunum hjá hvørjum øðrum. Bert tey fiskifør, sum eru á hesum lista, hava loyvi at veiða á økjunum.

Áðrenn fiskiskapurin byrjar skulu avvarðandi myndugleikar hava boð um navn á skipi saman við øðrum upplýsingum av týðningi.

Skipið skal boða frá, tá tað kemur á veiðiøkið, uppgeva knøttstøðu og veiðinøgd, sum er veidd áðrenn komu á økið og síðani uppgeva knøttstøðu og veiðu hvønn dag. Tá skip fer av veiðiøkinum skal mett veiða verða givin upp.

4. gr.

Til tess at tryggja skipaða veiðu kunnu føroyskir myndugleikar avmarkað talið av íslendskum fiskiskipum sum veiða í senn á føroyskum sjógvi til 25 skip og íslendskir myndugleikar avmarkað talið av føroyskum skipum sum veiða í senn á íslendska búskaparøkinum til 8 skip.

5. gr.

Henda avtala hevur ikki fordømisgildi fyri fyrisitingarligar skipanir um norðhavssild í framtíðini."

Um tygum staðfesta at tað, ið stendur omanfyri, er í samsvar við fatan tygara, loyvi eg mær at leggja afturat, at hetta fær gildi fyribils, tá bræv tygara hesum viðvíkjandi er dagsett, og endaliga tá boðað er frá, at stýrisskipanarligu krøvini hjá hvørjum landi eru uppfylt."

Eg loyvi mær at staðfesta at tað, ið stendur omanfyri, er í samsvar við fatan Føroya Landsstýri og avtalan fær gildi fyribils í dag og endaliga, tá boðað er frá, at stýrisskipanarligu krøvini hjá hvørjum landi eru uppfylt.

Við hávirðing

Edmund Joensen
løgmaður

Fylgiskjal II.

SAMNINGUR
milli Íslands og Færeyja
um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 1996.

a. Bréf utanríkisráðherra Íslands til lögmanns Færeyja.

Reykjavík, 2. febrúar 1996

Hr. lögmaður
Edmund Joensen
Föroya Landsstýri
Torshavn

Herra lögmaður

Ég leyfi mér að vísa til samtala á milli íslenskra og færeyskra stjórnvalda um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 1996.

Mér skilst að samkomulag hafi orðið um eftirfarandi samning:

„Samningur
milli Íslands og Færeyja
um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 1996.

1. gr.

Færeyskum nótaskipum er heimilt að veiða allt að 10 þúsund lestir af loðnu innan efnahagslögsögu Íslands á tímabilinu febrúar til apríl 1996 og allt að 20 þúsund lestir af loðnu á tímabilinu júlí til desember 1996.

Heimilt er að landa aflanum til vinnslu á Íslandi. Óheimilt er að vinna eða frysta afla sem veiddur er á fyrra tímabilinu um borð og utan Íslands er einungis heimilt að landa þeim afla til bræðslu.

2. gr.

Færeyskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 1996. Að höfðu samráði við landsstjórn Færeyja geta íslensk stjórnvöld ákveðið að veiðarnar stundi aðeins ákveðinn fjöldi skipa samtímis.

3. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna innan fiskveiðilögsögu Færeyja á árinu 1996. Að höfðu samráði við íslensk stjórnvöld getur landsstjórn Færeyja ákveðið að veiðarnar stundi aðeins ákveðinn fjöldi skipa samtímis.

4. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á allt að 1.000 lestum af makríl innan fiskveiðilögsögu Færeyja á árinu 1996 og veiðar á allt að 2.000 lestum af síld úr síldarstofnum öðrum en þeim norsk-íslenska.

5. gr.

Færeysk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan íslenskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar íslenskra skipa þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði.

Íslensk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan færeyskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar færeyskra skipa, þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði.

Skipum við kolmunnaveiðar er óheimilt að hafa um borð veiðarfæri sem nota má til botnfiskveiða.

6. gr.

Hvor aðili um sig skal tilkynna lista með þeim veiðiskipum sem hyggjast stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan lögsögu hins aðilans. Skip sem eru á listum þessum hafa ein rétt til veiða innan lögsögu þess aðila.

Áður en veiðar hefjast skal tilkynna viðkomandi yfirvöldum um nafn skips og veita aðrar upplýsingar er máli skipta.

Veiðiskip skal tilkynna um komu inn í lögsögu og staðarákvörðun og gefa upplýsingar um afla sem veiddur hefur verið fyrir komu inn í lögsöguna og síðan daglega tilkynna um staðarákvörðun og afla. Þegar farið er úr lögsögu skal tilkynna um áætlað aflamagn."

Ef þér staðfestið að ofangreint sé skilningur yðar leyfi ég mér að leggja til að samningur þessi taki gildi til bráðabirgða þegar svarbréf yðar þar um er dagsett og endanlega þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hefur verið endanlega fullnægt.

Halldór Ásgrímsson
utanríkisráðherra

b. Svarbréf lögmanns Færeyja.

Tórshavn, 2. februar 1996

Uttanríkisráðharri
Halldór Ásgrímsson
Uttanríkisráðuneytið, Ísland

Eg loyvi mær at vátta bræv tygara í dag, sum ljóðar soleiðis:

"Eg loyvi mær at vísa til samráðingar millum íslendskar og føroyskar myndugleikar um fiskiveiðu í íslendskum og føroyskum sjógvi í 1996.

Eg havi skilt at semja er vorðin um fylgjandi:

"Semja
millum Ísland og Føroyar
um fiskiveiðu í íslendskum og føroyskum sjógvi í 1996.

1. gr.

Føroyskum nótaskipum er loyvt at veiða upp til 10 túsund tons av lodnu í íslendskum búskaparøki í tíðarskeiðinum frá februar til apríl 1996 og upp til 20.000 tons av lodnu í tíðarskeiðinum frá juli til desember 1996.

Loyvt er at landa veiðuna til framleiðslu í Íslandi. Tað er ikki loyvt at framleiða ella frysta um borð tann partin av veiðuna, sum er veidd fyrra tíðarskeiðið og uttan fyri Ísland er bert loyvt at landa sama partin til ídnað.

2. gr.

Føroyskum skipum eru loyvt at veiða svartkjaft í íslendskum búskaparøki í 1996. Eftir samráðingar við landsstýrið í Føroyum kunnu íslendskir myndugleikar áseta mest loyvda skipatal, sum kunnu veiða samstundis á leiðini.

3. gr.

Íslendskum skipum er loyvt at veiða svartkjaft í føroyskum sjógvi í 1996. Eftir samráðingar við íslendskar myndugleikar kann Føroya landsstýri áseta mest loyvda skipatal, sum kunnu veiða samstundis á leiðini.

4. gr.

Íslendskum skipum er loyvt at veiða upp til 1.000 tons av makreli í føroyskum sjógvi í 1996 og at veiða upp til 2.000 tons av síld úr øðrum sildarstovni enn várgýtandi norðhavssild.

5. gr.

Føroysk skip, sum veiða sambært hesi avtalu í íslendskum búskaparøki, skulu fylgja somu veiðireglum, sum galda fyri íslendsk skip um reiðskap og fiskileiðir.

Íslendsk skip, sum veiða sambært hesi avtalu í føroyskum sjógvi, skulu fylgja somu veiðireglum, sum galda fyri føroysk skip um reiðskap og fiskileiðir.

Skipum í veiði eftir svartkjafti er ikki loyvt at hava reiðskap til botnfiskveiðu um borð.

6. gr.

Partarnir skulu fráboða ein lista yvir tey fiskifør, sum ætla at veiða á økjunum hjá hvørjum øðrum. Bert tey fiskifør, sum eru á hesum lista, hava loyvi at veiða á økjunum.

Áðrenn fiskiskapurin byrjar skulu avvarðandi myndugleikar hava boð um navn á skipi saman við øðrum upplýsingum av týðningi.

Skipið skal boða frá, tá tað kemur á veiðiøkið, uppgeva knøttstøðu og veiðinøgd, sum er veidd, áðrenn komu á økið, og síðani uppgeva knøttstøðu og veiðu hvønn dag. Tá skip fer av veiðiøkinum skal mett veiða verða givin upp."

Um tygum staðfesta at tað, ið stendur omanfyri, er í samsvar við fatan tygara, loyvi eg mær at leggja afturat, at hetta fær gildi fyribils, tá bræv tygara hesum viðvíkjandi er dagsett, og endaliga tá boðað er frá, at stýrisskipanarligu krøvini hjá hvørjum landi eru uppfylt."

Eg loyvi mær at staðfesta at tað, ið stendur omanfyri, er í samsvar við fatan Føroya Landsstýri og avtalan fær gildi fyribils í dag og endaliga, tá boðað er frá, at stýrisskipanarligu krøvini hjá hvørjum landi eru uppfylt.

Við hávirðing

Edmund Joensen
løgmaður

806. Tillaga til þingsályktunar [471. mál]

um fullgildingu Evrópusamnings um viðurkenningu og fullnustu ákvarðana varðandi forsjá barna og endurheimt forsjár barna og samnings um einkaréttarleg áhrif af brottnámi barna til flutnings milli landa.

(Lögð fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd Evrópusamning um viðurkenningu og fullnustu ákvarðana varðandi forsjá barna og endurheimt forsjár barna sem gerður var í Lúxemborg 20. maí 1980 og samning um einkaréttarleg áhrif af brottnámi barna til flutnings milli landa sem gerður var í Haag 25. október 1980.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á Evrópusamningi um viðurkenningu og fullnustu ákvarðana varðandi forsjá barna og endurheimt forsjár barna sem gerður var í Lúxemborg 20. maí 1980 (hér eftir nefndur Evrópusamningurinn) og samningi um einkaréttarleg áhrif af brottnámi barna til flutnings milli landa sem gerður var í Haag 25. október 1980 (hér eftir nefndur Haagsamningurinn). Samningarnir eru prentaðir sem fylgiskjöl með tillögu þessari.

Með lögum nr. 160/1995 voru lögfest nauðsynleg ákvæði til þess að unnt verði að standa við skuldbindingar sem samningsríki gangast undir samkvæmt samningunum.

Efni samninganna tveggja er nátengt, en báðum er ætlað að veita úrræði í tilvikum þar sem barn er flutt ólöglega úr landi til annars lands og haldið þar gegn vilja forsjárforeldris. Um leið og millilandasamskipti aukast fjölgar hjónaböndum og samböndum fólks af ólíkum þjóðernum og í kjölfar þeirra hugsanlega hjónaskilnuðum og sundruðum fjölskyldum. Sífellt fleiri börn lenda í þeirri aðstöðu að verða bitbein foreldra sem ekki búa í sama landi og tilheyra oft ólíkum menningarheimum. Þetta hefur vakið viðbrögð á alþjóðlegum vettvangi og samstaða náðst um að nauðsynlegt sé að grípa til ráðstafana til verndar börnum í slíkri aðstöðu og að hægt sé að færa þau réttum forsjáraðilum. Samningarnir tveir eru afrakstur þessarar alþjóðlegu samvinnu. Evrópusamningurinn var gerður á vettvangi Evrópuráðsins, en Haagsamningurinn á vegum Haagráðstefnunnar um alþjóðlegan einkamálarétt.

Þess má geta að skv. 11. gr. samningsins um réttindi barnsins frá árinu 1989, sem Ísland hefur fullgilt, eru samningsríki skuldbundin til að gera ráðstafanir gegn því að börn séu flutt ólöglega úr landi og þeim haldið erlendis. Í því skyni skulu þau stuðla að því að gerðir séu um það tvíhliða eða marghliða samningar eða að ríki gerist aðilar að samn-

ingum sem þegar hafa verið gerðir. Ísland er ekki aðili að neinum milliríkjasamningi á þessu sviði nema Norðurlandasamningi um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, sbr. lög nr. 29/1931. Hann hefur þó takmarkað gildi þar sem hann á aðeins við um börn foreldra sem eru eða hafa verið í hjúskap. Þar sem engir milliríkjasamningar eru að öðru leyti í gildi hvað Ísland varðar þarf að treysta á samstarfsvilja erlendra yfirvalda og innlend lög í viðkomandi ríkjum ef farið er með íslensk börn til annarra landa eða þeim haldið í öðru landi gegn vilja forsjárforeldris.

Samningunum tveimur er ætlað að leysa sams konar vandamál, en þó gera þeir ráð fyrir nokkuð mismunandi aðferðum til þess. Evrópusamningurinn er viðurkenningar- og fullnustusamningur og sem slíkur heföbundnari alþjóðasamningur en Haagsamningurinn. Það er grundvallarregla samkvæmt Evrópusamningnum, sbr. 7. gr. hans, að forsjárákvörðun, sem tekin er í einu samningsríki, skuli viðurkenna og fullnægja í öðru samningsríki án tillits til þess hvort brottflutningur eða hald á barni feli í sér ólögmæta athöfn. Fullgilding samningsins hefur í megindráttum í för með sér að forsjárákvörðun, sem tekin er í öðru samningsríki, öðlast sömu réttaráhrif hér á landi og ákvörðun um forsjá sem tekin er hér á landi og gagnkvæmt.

Haagsamningurinn skuldbindur samningsríkin til að hlutast til um að börnum, sem flutt eru með ólögmætum hætti til samningsríkis eða er haldið þar, verði skilað án tillits til þess hvort fyrir hendi sé fullnustuhæf ákvörðun. Það er skilyrði fyrir beitingu Haagsamningsins að brottnám eða hald á barni sé ólögmætt samkvæmt lögum þess ríkis þar sem barnið var búsett rétt áður en það var flutt á brott eða hald hófst, sbr. 3. gr. hans. Með afhendingu er ekki tekin afstaða til þess hver sé réttmætur forsjáraðili, sbr. 19. gr. samningsins, heldur er á því byggt að úr þeirri spurningu eigi að leysa í því landi þar sem barn hefur búsetu.

Samningarnir geta átt við hvort sem forsjá byggist á ákvörðun dómstóls eða stjórnvalds eða leiðir beint af lögum. Samkvæmt Evrópusamningnum þarf þó í síðastgreinda tilvikinu að leggja fram staðfestingu yfirvalds í búsetulandi barns um að brottnám eða hald sé ólögmætt, sbr. 12. gr. hans. Skv. 18. gr. samningsins getur samningsríki gert fyrirvara um að það skuli vera óbundið af ákvæðum 12. gr. Ekki er lagt til að sú heimild verði nýtt af hálfu Íslands frekar en gert var við fullgildingu samningsins af hálfu Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar.

Samkvæmt báðum samningunum skulu samningsríki stuðla að framgangi umgengnisréttar, sbr. 11. gr. Evrópusamningsins og 21. gr. Haagsamningsins. Haagsamningurinn skuldbindur þó ekki samningsríki til að hlutast til um afhendingu á barni til fullnustu á umgengnisrétti, en samkvæmt Evrópusamningnum skulu samningsríki viðurkenna og fullnægja ákvörðunum um umgengnisrétt á sama hátt og ákvörðunum um forsjá. Þau hafa þó heimild til að gera breytingar á inntaki umgengnisréttarins með tilliti til aðstæðna.

Báðir samningarnir gera ráð fyrir að hægt sé að synja um úrlausn vegna ákveðinna aðstæðna. Skv. 8. gr. Evrópusamningsins er samningsríkjum skylt að grípa til aðgerða til að forsjáraðili geti endurheimt forsjá barns ef barnið og foreldrar þess hafa vegna búsetu og ríkisfangs tengsl við það ríki þar sem forsjárákvörðun var tekin og beiðni um fullnustu er lögð fram innan sex mánaða frá því að brottflutningur átti sér stað eða hald hófst. Þegar ólögmætur brottflutningur hefur átt sér stað og beiðni hefur verið lögð fram innan sex mánaða frestsins er skv. 9. gr. samningsins heimilt að synja um úrlausn, vegna nánar tiltekinna ástæðna, þegar barnið og foreldrar þess hafa ekki þau tengsl við ákvörðunarlandið sem 8. gr. byggist á. Ástæður sem heimila synjun samkvæmt greininni eru einkum þær að reglna um birtingar hafi ekki verið gætt þegar ákvörðunin, sem beðið er

um fullnustu á, var tekin, lögsaga hafi ekki verið fyrir hendi eða ákvörðunin sé ósamrýmanleg innlendri ákvörðun. Ef ekki hefur átt sér stað ólögmæt athöfn eða beiðni hefur verið lögð fram eftir að sex mánaða fresturinn var útrunninn eru rýmri heimildir til synjunar, sbr. 10. gr.

Við gerð samningsins voru skiptar skoðanir um hversu rúma heimild samningsríki ættu að hafa til að synja um viðurkenningu eða fullnustu ákvarðana. Til að leysa þann skoðanaágreining er samningsríkjum í 17. gr. samningsins veitt heimild til að gera fyrirvara við 8. og 9. gr. Með því að gera fyrirvara geta samningsríki neitað að viðurkenna og fullnægja ákvörðunum vegna ástæðna sem tilgreindar eru í 10. gr. samningsins, einnig í þeim tilvikum sem 8. og 9. gr. taka til, þ.e. þótt um sé að ræða ólögmætan brottflutning eða hald, barnið og foreldrar þess hafi tilskilin tengsl við ákvörðunarlandið og beiðni hafi verið lögð fram innan sex mánaða frestsins. Önnur samningsríki geta neitað að viðurkenna og fullnægja ákvörðun sem tekin hefur verið í ríki sem gert hefur fyrirvara af þeim ástæðum sem fyrirvarinn tekur til, þótt þau hafi ekki sjálf gert fyrirvara, sbr. 2. mgr. 17. gr. Norðurlandaþjóðirnar, sem tóku þátt í gerð samningsins, voru í hópi þeirra þjóða sem töldu að samningsríki ættu að hafa svigrúm til mats á beiðni með hliðsjón af hagsmunum barnsins. Þau hafa því notfært sér heimild 17. gr. til að gera fyrirvara og er lagt til að Ísland fylgi fordæmi þeirra, enda er það í samræmi við þá grundvallarreglu íslensks barnaréttar að hagsmunir barnsins skuli vera öðrum sjónarmiðum æðri.

Samkvæmt Haagsamningnum er ekki heimilt að gera fyrirvara við þá skyldu samningsríkja að hlutast til um að barni verði skilað til lögmæts aðila. Hins vegar eru í samningnum tilteknar sérstakar ástæður sem geta heimilað synjun, sbr. 2. mgr. 12. gr., 13. gr. og 20. gr. samningsins. Þetta eru einkum ástæður sem snúa að hagsmunum barnsins, en m.a. er mælt fyrir um að yfirvöld skuli taka tillit til afstöðu þeirra barna sem náð hafa tilskildum aldri og þroska, sbr. 2. mgr. 13. gr. Haagsamningsins.

Mjög mikilvægt er að góð samvinna sé milli ríkja til að markmiðum samninganna verði náð. Báðir samningarnir gera ráð fyrir að sett verði á laggirnar móttökustjórnvöld til að greiða fyrir henni, sbr. 2.–5. gr. Evrópusamningsins og 6.–11. gr. Haagsamningsins. Samkvæmt lögum nr. 160/1995 er dómsmálaráðuneytið móttökustjórnvald hér á landi og er það í samræmi við tilhögun annars staðar á Norðurlöndum. Viðkomandi stjórnvöld eiga að hafa umsjón með því að þeim skyldum, sem ríki hafa tekið á sig með fullgildingu samninganna, sé fullnægt. Auk þess er þeim ætlað að annast milligöngu og veita aðstoð. Þau eiga að taka á móti og senda áfram erindi samkvæmt samningunum og aðstoða þá sem leita úrræða á grundvelli þeirra, m.a. með því að afla nauðsynlegra gagna og upplýsinga. Einnig hafa þau upplýsingar- og aðstoðarskyldu gagnvart öðrum móttökustjórnvöldum. Beiðanda er ekki skylt að leita úrræða fyrir milligöngu móttökustjórnvalds. Hann getur snúið sér beint til þess yfirvalds sem er bært til að taka ákvörðun um beiðni hans. Evrópusamningurinn byggir á því að sérreglur milli ríkja um efni sem fellur undir samninginn geti gengið framar honum í samskiptum ríkjanna, sbr. 19.–20. gr. samningsins. Tilkynningu þar að lútandi skal senda aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins við fullgildingu samningsins, sbr. 2. mgr. 20. gr. Norðurlandaþjóðirnar þrjár, sem fullgilt hafa samninginn, hafa nýtt þessa heimild til þess að veita norrænum reglum á þessu sviði forgang gagnvart samningnum og er lagt til að svo verði einnig gert af hálfu Íslands. Haagsamningurinn hefur ekki að geyma samsvarandi ákvæði. Skv. 36. gr. hans er samningsríkjum ekki heimilt að semja um aðra tilhögun en hann kveður á um, nema til að draga úr þeim takmörkunum sem geta átt við um afhendingu á barni samkvæmt hon-

um. Lítil hætta er á árekstrum milli samninganna. Í því tilviki ætti Haagsamningurinn að hafa forgang, sbr. 34. og 36. gr. hans og 19.–20. gr. Evrópusamningsins.

Talið er rétt að Ísland nýti heimild í 3. mgr. 26. gr. Haagsamningsins til að gera fyrirvara við 2. mgr. þeirrar greinar um að ríki skuli ekki krefja beiðanda um greiðslu kostnaðar vegna meðferðar málsins. Er ríkið þannig ekki skilyrðislaust skuldbundið til að standa straum af kostnaði beiðanda, en þó er óheimilt skv. 22. gr. samningsins að krefja beiðanda um tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar. Skv. 3. mgr. 5. gr. Evrópusamningsins er samningsríki skuldbundið til að krefjast ekki neinnar greiðslu af þeim sem leggur fram beiðni um viðurkenningu eða fullnustu ákvörðunar vegna meðferðar málsins í því ríki og er ekki hægt að gera fyrirvara við þá skuldbindingu.

Ísland er ekki aðili að Haagráðstefnunni um alþjóðlegan einkamálarétt. Ísland getur engu að síður gerst aðili að samningnum, sbr. 38. gr. hans. Það er skilyrði fyrir gildistöku gagnvart einstökum samningsríkjum að þau lýsi því yfir að þau viðurkenni aðild Íslands.

Samningarnir voru prentaðir með tillögunni bæði á íslensku og á ensku. Um þá vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins) en þeir verða einnig birtir í C-deild Stjórnartíðinda.

807. Svar [396. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um þorskeldi.

1. *Hvaða skilyrði af hálfu hins opinbera þarf að uppfylla til að heimilt sé að stunda þorskeldi í sjókvíum?*

Þorskeldi er ekki háð sérstöku leyfi ráðuneytisins og þær reglur sem ráðuneytið hefur sett því lúta fyrst og fremst að eftirliti samkvæmt reglum um stjórn fiskveiða og vigtun sjávarafla.

2. *Hversu umfangsmikið var þorskeldi í sjókvíum árin 1991–1995?*
   a. *Hversu mörg fyrirtæki eða einstaklingar stunduðu eldið?*
   b. *Hversu miklu var slátrað?*
   c. *Hvert var heildarverðmætið?*

Svör óskast sundurliðuð eftir árum.

Ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um þorskeldi fyrr en á árinu 1993. Upplýsingar eru fengnar frá Hafrannsóknastofnun sem hefur fylgst með þorskeldinu.

Fjöldi einstaklinga sem stunduðu þorskeldi á árunum 1993–1995 var eftirfarandi:

1993	1
1994	7
1995	5

Á árunum 1993–1995 var eftirfarandi magni slátrað:

1993	0,7 tonnum
1994	44,9 tonnum
1995	33,3 tonnum

Ekki er vitað um heildarverðmæti en verð á þorski úr eldi hefur verið svipað og á villtum þorski.

3. Hver er afstaða sjávarútvegsráðuneytisins til þorskeldis í sjókvíum?

Ráðuneytið telur að hér sé um athyglisverðar tilraunir að ræða sem mikilsvert er að halda áfram. Hins vegar þarf að efla frekari tilraunir á þessu sviði, einkum rannsóknir á áhrifum fóðrunar á vaxtarhraða og gæði fiskholds. Í þessu sambandi er bent á að á vegum Hafrannsóknastofnunar fara fram í Stöðvarfirði umfangsmiklar rannsóknir á vaxtarhraða þorsks við fóðrun. Hefur sú tilraun verið gerð í samvinnu við heimamenn og hafa almennar veiðar á Stöðvarfirði verið bannaðar til að tryggja árangur tilraunarinnar.

4. Hefur ráðuneytið veitt aðstoð til þorskeldis í sjókvíum? Ef svo er, í hverju er hún fólgin?

Aðstoð ráðuneytisins hefur fyrst og fremst verið fólgin í því að heimilt hefur verið að sleppa tilteknu magni í kvíarnar án þess að það reiknaðist til kvóta þess skips er þorskinn veiddi. Ákvörðun um þetta hefur verið tekin að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar og með vísan til 15. gr. laga nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Á þessu og síðasta ári var hverjum aðila sem kvíaeldi stundaði gefinn kostur á fimm lestum með þessu móti. Jafnframt hefur ráðuneytið stuðlað að því að Hafrannsóknastofnun fylgist með þorskeldinu og leiðbeini að þörfum.

5. Hvaða skilyrði þarf bátur að uppfylla með tilliti til laga um stjórn fiskveiða þannig að honum sé heimilt að flytja þorsk af veiðislóð í varið hafrými?

Eins og áður er rakið þarf ekki sérstakt leyfi ráðuneytisins til þess að ala þorsk í kvíum og sá aðili sem flytur í kvíar fisk af kvóta báts síns getur gert það án afskipta þess. Fái hann hins vegar heimild til þess að setja fimm lestir af þorski í kvíar án þess að það reiknist til kvóta gilda um það eftirfarandi reglur:

a. Við útreikning sé miðað við þyngd þegar fiskurinn er settur í kvíarnar.
b. Haldin sé nákvæm dagbók um eldið. Fiskistofa leggur til dagbókina.
c. Eftirlitsmaður Fiskistofu fylgist með þegar fiski er slátrað og hann veginn.
d. Tilraunirnar fari fram í samvinnu við Hafrannsóknastofnun sem jafnframt hafi aðgang að öllum upplýsingum um framgang eldisins.

6. Hvaða reglur gilda um vigtun þorsks úr sjókvíaeldi með tilliti til laga um stjórn fiskveiða:

a. er varðar afla reiknaðan til kvóta,
b. er varðar útreikning á sóknardegi krókabáts?

Fyrri hluta spurningarinnar hefur þegar verið svarað. Varðandi nýtingu sóknardaga krókabáta er þeim heimilt að sleppa fiski sem þeir afla á sóknardögum í kvíar. Hins vegar er þeim ekki heimilt að stunda veiðar í kvíaeldi utan sóknardaga eða á banndögum.

Svo virðist sem nokkuð hafi dregið úr áhuga manna til þessara hluta og má telja að fyrst og fremst sé um að kenna kostnaði við fóðrun og því að menn hafa misst niður fisk þegar kvíar hafa gefið sig í slæmum veðrum.

808. Tillaga til þingsályktunar [472. mál]

um aðskilnað ríkis og kirkju.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela kirkjumálaráðherra að skipa nefnd sem hafi það verkefni að endurskoða núverandi kirkjuskipan landsins. Verkefni nefndarinnar verði að endurskoða samband ríkis og kirkju og kanna kosti þess og galla að auka sjálfstæði og ábyrgð kirkjunnar þannig að hún verði skilin frá ríkisrekstrinum. Skýrsla nefndarinnar verði lögð fyrir Alþingi á haustþingi 1997.

Greinargerð.

Umræðan um aðskilnað ríkis og kirkju hefur verið mikil í nágrannalöndum okkar og einnig aukist til muna á Íslandi hin síðari ár. Umræðan hefur jöfnum höndum beinst að réttindum einstaklinga og safnaða utan þjóðkirkjunnar og að stöðu þjóðkirkjunnar sjálfrar. Hugmyndinni um endurskoðun tengsla ríkis og kirkju hefur vaxið fiskur um hrygg meðal kennimanna kirkjunnar sjálfrar. Flestir eru sammála um mikilvægi þess að viðhalda menningarlegum og siðferðilegum áhrifum kristinnar kenningar á íslenskt þjóðfélag og að sjálfstæði kirkjunnar verði sem mest. Menn greinir hins vegar á um hvort og með hvaða hætti tengslum ríkis og kirkju verði viðhaldið.

Í sögulegu sambandi má rekja tengsl ríkis og kirkju á Íslandi allt til þess tíma að kristni var lögtekin á Alþingi við Öxará árið eitt þúsund þegar Þorgeir Ljósvetningagoði úrskurðaði að „allir menn skyldu kristnir vera og skírn taka“ og að allir landsmenn „hafi ein lög og einn sið“. Við siðbót varð konungsvaldið hluti af kirkjustjórninni en prestar kirkjunnar og biskupar héldu þó töluverðu sjálfstæði í málefnum kirkjunnar. Ríkisfyrirkomulagið, þar sem ríki og kirkja eru eitt og kirkjan hefur ekkert sjálfstæði en þarf að bera jafnt fjármál og skipulagsmál sem andleg málefni undir veraldlegt vald, komst á í byrjun 18. aldar og hélst allt fram á seinni hluta 19. aldarinnar. Tengsl ríkis og kirkju í þeirri mynd sem við nú búum við voru formlega staðfest í stjórnarskránni árið 1874. Í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands frá árinu 1944 er mælt fyrir um að hin evangelísk-lúterska kirkja skuli vera þjóðkirkja á Íslandi og að ríkisvaldið skuli að því leyti styðja hana og vernda.

Núverandi kirkjuskipan byggir á VI. kafla stjórnarskrárinnar, en í 62. gr. segir: „Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.“

Ekki hefur verið skilgreint hvað felst í áskilnaði ákvæðisins um stuðning og vernd ríkisvaldsins. Stuðningur ríkisvaldsins hefur hins vegar birst í því að hin evangelísk-lúterska kirkja nýtur lögverndar, svo og í ákveðnum efnahagslegum réttindum umfram önnur trúfélög. Trúfrelsi telst vera meðal allra mikilvægustu borgaralegra og stjórnmálalegra réttinda hvers lýðræðisríkis. Lögvernduð sérstaða eins trúarsafnaðar umfram aðra raska eðlilegu jafnvægi í skoðanamyndun fólks, sérstaklega efnahagslegi þátturinn. Efna-

hagsleg forréttindi eins trúarsafnaðar samræmist ekki nútímaskilningi á trúfrelsi. Spyrja má hvort slíkt fyrirkomulag sé brot á hinum mikilvægu mannréttindum sem felast í réttinum til trúfrelsis. Kanna þarf hvort ekki er rétt að afnema 62. gr. stjórnarskrárinnar og skipa ákvæðum 63. og 64. gr. meðal annarra almennra mannréttinda.

Ljóst er að samfélagið hefur breyst mikið frá því að núverandi fyrirkomulag kirkjunnar var formlega staðfest og hlutverk kirkjunnar er allt annað í dag en það var árið 1874. Þá gegndi hún veraldlegu þjónustuhlutverki sem aðrar stofnanir hafa tekið við, svo sem heilsugæslustofnanir, menntastofnanir, Hagstofa Íslands o.fl. Félagsráðgjafar, sálfræðingar, læknar og lögfræðingar vinna því störf sem áður voru að miklu leyti unnin af kirkjunnar mönnum. Með gjörólíku samfélagsformi má búast við að skoðanir manna fari ekki eins saman og áður þegar þjóðfélagið var einhæfara. Með sífellt fjölbreyttara þjóðfélagi og auknum samskiptum við aðrar þjóðir má gera ráð fyrir að lífsskoðanir og skoðanir á trúarbrögðum almennt séu margþættari. Því er ekki óeðlilegt að yfirburðastaða og lögvernduð forréttindi kirkjunnar brjóti í bága við réttarvitund almennings og búast má við að þessi skilningur á stöðu kirkjunnar aukist í framtíðinni. Þá hefur einhæf og þröngsýn siðfræði- og trúarbragðakennsla í grunnskólum landsins vakið óánægju meðal margra.

Umræðan um breytt hlutverk kirkjunnar í sífellt flóknara þjóðfélagi hefur verið lifandi innan kirkjunnar sjálfrar. Hugmyndin um aukið sjálfstæði kirkjunnar hefur átt sér marga fylgismenn sem telja að það leiði til öflugri og skilvirkari kirkju. Taka má undir þessar hugmyndir. Eðlilegt er að kannaðir verði kostir þess og gallar að kirkjan verði sjálfstæð, ráði sjálf sinni söknarskipan, prestakallaskipan og skipan prófastsdæma og hvort afnema beri þau sérréttindi sem kirkjan býr nú við og hún verði fjárhagslega óháð ríkisvaldinu. Kirkjunnar menn hafa sjálfir kallað eftir auknu sjálfstæði og ábyrgð kirkjunnar. Ekki er óeðlilegt að auknu sjálfsforræði kirkjunnar fylgi einnig fjárhagslegt sjálfstæði og full ábyrgð á fjárhagslegum málefnum kirkjunnar, þannig að hún verði skilin frá ríkisrekstrinum. Gera má ráð fyrir að sjálfstæð og fjárhagslega óháð kirkja leiði til aukinnar virðingar og sterkari stöðu meðal almennings. Undanfarin missiri hefur borið á því að kirkjan hafi verið að missa tiltrú almennings. Hún hefur sætt gagnrýni sem beinist að athöfnum einstakra presta og einstökum málefnum eins og hvar ákvarðanir skulir teknar, óljósu stjórnskipulagi o.s.frv. Gagnrýnin, sem er ein birtingarmynd þessa trúnaðarbrests milli fólksins og kirkjunnar, kallar á nauðsyn þess að endurskoðuð verði tengsl ríkis og kirkju. Hin hliðin og sú sem snýr beint að kirkjunni er að líta á gagnrýnina sem skilaboð frá umhverfinu um að kirkjan þurfi að endurskoða sín innri málefni svo að hún megi ávinna sér traust og trúverðugleika.

Flutningsmenn leggja til að nefndinni verði falið að gera úttekt á greiðslum hins opinbera til kirkjunnar með hliðsjón af samkomulagi milli kirkjunnar og ríkisvaldsins frá 1907 og athuga skattfríðindi og önnur hlunnindi þjóna kirkjunnar, svo og önnur fjárhagsleg atriði. Þá verði núverandi fyrirkomulag á innheimtu sóknargjalda endurskoðað og athugaðar þær leiðir sem til greina koma varðandi framtíðarskipan innheimtumála. Í því sambandi verði sérstaklega hugað að fjárheimtu ríkisins á hendur þeim mönnum sem standa utan safnaða. Við skipun í nefndina er eðlilegt að fyrir utan fulltrúa ríkisvaldsins og þjóðkirkjunnar verði leitað til þeirra samtaka sem látið hafa sig málið varða, t.d. SARK, samtaka um aðskilnað ríkis og kirkju, og Siðmenntar, áhugahóps um mannrækt og trúfrelsi.

809. Fyrirspurn [473. mál]

til viðskiptaráðherra um dráttarvexti.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvert er álit ráðherra á fyrirkomulagi dráttarvaxtaútreiknings samkvæmt vaxtalögum og telur hann það samræmast nútímaviðskiptaháttum að Seðlabanki ákveði dráttarvexti?
2. Telur ráðherra eðlilegt að dráttarvextir séu 15–16% á ári eins og nú er?
3. Telur ráðherra eðlilegt að áfallnir dráttarvextir skuli lagðir við höfuðstól skuldar og nýir dráttarvextir reiknaðir af samanlagðri fjárhæð ef vanskil standa lengur en tólf mánuði?
4. Áformar ráðherra að leggja til breytingar á vaxtalögum og fyrirkomulagi dráttarvaxta?

810. Fyrirspurn [474. mál]

til heilbrigðisráðherra um húsnæðismál Tryggingastofnunar ríkisins.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hvað hyggst ráðherra fyrir í húsnæðismálum Tryggingastofnunar ríkisins?

811. Tillaga til þingsályktunar [475. mál]

um fullgildingu samnings gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

(Lögð fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu sem gerður var í New York 10. desember 1984 og staðfesta breytingu á samningnum sem gerð var í New York 9. september 1992.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samningi gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu sem samþykktur var af 39. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 10. desember 1984 og lagður fram til undirritunar sama dag. Hann er prentaður sem fylgiskjal I með tillögu þessari. Samningurinn var undirritaður fyrir Íslands hönd 4. febrúar 1985 með fyrirvara um fullgildingu. Enn fremur er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á breyt-

ingu á samningnum sem samþykkt var af ráðstefnu aðildarríkja að samningnum í New York 9. september 1992. Er hún prentuð sem fylgiskjal II með tillögu þessari.

Samningurinn gekk í gildi 26. júní 1987 samkvæmt 1. mgr. 27. gr. hans. Hinn 30. janúar 1996 höfðu 93 ríki fullgilt samninginn eða gerst aðilar að honum og þar af höfðu 38 gefið yfirlýsingu um vald nefndar samkvæmt 21. gr. samningsins til að taka á móti og athuga erindi frá aðildarríkjum vegna meintra brota á samningnum og 36 gefið yfirlýsingu um vald nefndar samkvæmt 22. gr. samningsins til að taka á móti og athuga erindi frá einstaklingum vegna meintra brota aðildarríkja á samningnum. 17 aðildarríki höfðu þá staðfest framangreinda breytingu á samningnum, en hún öðlast gildi þegar tveir þriðju hlutar aðildarríkja samningsins hafa staðfest hana, sbr. 2. mgr. 29. gr. samningsins.

Á undanförnum áratugum hefur margvísleg alþjóðleg samvinna átt sér stað, bæði á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins, um bann við pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu og um varnir gegn pyndingum. Ísland er þegar aðili að ýmsum alþjóðasamningum sem fela í sér skuldbindingu um að menn skuli verndaðir gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Einn fyrsti alþjóðasamningurinn, sem Ísland er aðili að, með þessu markmiði er Genfarsamningur frá árinu 1949 um verndun almennra borgara á stríðstímum. Mikilvægustu ákvæði annarra alþjóðasamninga í þessu sambandi eru 7. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi frá 16. desember 1966, 37. gr. samningsins um réttindi barnsins frá 20. nóvember 1989 og 3. gr. Evrópusamnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis (mannréttindasáttmála Evrópu) frá 4. nóvember 1950, en mannréttindasáttmálinn var lögfestur hér á landi með lögum nr. 62/1994. Loks hefur Ísland gerst aðili að Evrópusamningi um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu frá 26. nóvember 1987. Helsta markmið síðastnefnda samningsins er að bæta eftirlitskerfi innan aðildarríkja að samningnum og að auka vernd réttinda samkvæmt áðurnefndri 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Sérstök nefnd starfar samkvæmt Evrópusamningnum sem heimsækir aðildarríki og kannar meðal annars aðstæður frjálsræðissviptra manna og hvort vísbendingar finnast um að pyndingar eigi sér stað. Lög nr. 15/1990 voru sett vegna aðildar Íslands að Evrópusamningnum, en þar er m.a. að finna reglur um heimsóknir og störf nefndarinnar hér á landi.

Samningurinn, sem hér um ræðir, er meðal mikilvægustu alþjóðasamninga um mannréttindi sem gerðir hafa verið á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Aðdragandann að gerð hans má rekja til yfirlýsingar allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna frá 9. desember 1975 um að enginn maður skuli sæta pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Í kjölfar þess fól allsherjarþingið mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna að semja drög að alþjóðasamningi þar sem fram kæmu helstu meginreglur yfirlýsingarinnar. Á grundvelli samþykktar allsherjarþingsins frá 8. desember 1977 var sérstakur vinnuhópur skipaður í þessu skyni undir stjórn mannréttindanefndarinnar. Starfaði vinnuhópurinn að gerð textans á árunum 1978–1984 og var samningstextinn samþykktur af 39. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 10. desember 1984. Jafnframt áréttaði allsherjarþingið mikilvægi þess að ríkisstjórnir undirrituðu og fullgiltu samninginn og að það skyldi njóta forgangs meðal þeirra.

Helsta markmið samnings þessa er að aðildarríki hans skuldbindi sig til þess að grípa annars vegar til ráðstafana til að framfylgja fortakslausu banni við pyndingum og hins vegar til ráðstafana til að koma í veg fyrir að pyndingar eigi sér stað. Ekki eru bein efnisákvæði í samningnum um bann við pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu heldur er vísað í formála hans til 5. gr. mannréttinda-

yfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna frá 1948 og 7. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi frá 1966 þar sem slíkt fortakslaust bann kemur fram. Að þessu leyti svipar samningnum til Evrópusamningsins um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu sem nefndur var hér að framan.

Samningurinn skiptist í þrjá hluta. Í I. hluta, 1.–16. gr., er fjallað um skuldbindingar sem ríki gangast undir með aðild að honum. Í II. hluta, 17.–24. gr., er fjallað um störf sérstakrar nefndar sem starfar samkvæmt samningnum og loks eru ákvæði um aðild, gildistöku o.fl. í III. hluta samningsins, 25.–33. gr.

Kjarnaákvæði samningsins er 1. gr. þar sem fram kemur ítarleg skilgreining á því hvað felst í hugtakinu pyndingar. Gengur samningurinn að þessu leyti lengra en ákvæði alþjóðasamninga um bann við pyndingum þar sem skort hefur slíka skilgreiningu fram til þessa. Umrædd skilgreining á pyndingarhugtakinu eins og það birtist hér hefur því verið talin mikilvægt framlag til skýringar á ákvæðum annarra alþjóðasamninga.

Efni annarra ákvæða I. hluta samningins er í stuttu máli eftirfarandi:

Í 2. gr. er fjallað um virkar ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnsýslu eða réttarvörslu og aðgerðir til að koma í veg fyrir pyndingar.

Í 3. gr. er fjallað um bann við framsali á manni til annars ríkis ef hætta er á að hann sæti þar pyndingum.

Í 4. gr. er sú skylda lögð á aðildarríki að gera pyndingar refsiverð brot.

Í 5. gr. er sú skylda lögð á aðildarríki að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að fella brot samkvæmt 4. gr. undir refsilögsögu sína.

Í 6. gr. er fjallað um gæslu manna sem sakaðir eru um brot samkvæmt 4. gr.

Í 7. gr. er fjallað um meðferð refsimála vegna pyndinga.

Í 8. gr. er sú skylda lögð á aðildarríki að fella brot samkvæmt 4. gr. undir afbrot sem geta varðað framsali milli ríkja.

Í 9. gr. er fjallað um gagnkvæma aðstoð á milli aðildarríkja í tengslum við refsimál vegna brota samkvæmt 4. gr.

Í 10. gr. er fjallað um fræðslu um bann við pyndingum sem aðildarríki skulu tryggja að sé liður í þjálfun manna er fást við gæslu, yfirheyrslur eða meðferð manna sem sæta handtöku, varðhaldi eða fangelsun.

Í 11. gr. er fjallað um kerfisbundið eftirlit með yfirheyrslureglum og fyrirkomulagi gæslu og meðferðar manna sem sæta handtöku, varðhaldi eða fangelsun.

Í 12. gr. er skylda lögð á aðildarríki að tryggja að lögbær stjórnvöld hlutist til um málsrannsókn ef grunur leikur á að pyndingar hafi átt sér stað.

Í 13. gr. er aðildarríkjum gert skylt að tryggja að maður, sem heldur fram að hann hafi verið beittur pyndingum, geti borið fram kæru þess efnis til lögbærra stjórnvalda.

Í 14. gr. er fjallað um bótarétt manna sem hafa sætt pyndingum.

Í 15. gr. er fjallað um skyldu ríkis til að tryggja að engin yfirlýsing, sem fengin hefur verið með pyndingum, sé notuð sem sönnunargagn í málaferlum.

Í 16. gr. er sérákvæði sem lýtur að annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Í II. hluta samningsins eru reglur um störf nefndar sem sett er á stofn samkvæmt 17. gr. samningsins. Hlutverk nefndarinnar er að hafa eftirlit með því að aðildarríki ræki skyldur sínar samkvæmt samningnum. Felst starf hennar meðal annars í því að taka til athugunar skýrslur sem aðildarríkjum er skylt að gera samkvæmt 19. gr. um ráðstafanir sem þau hafa gert til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt samningnum. Samkvæmt 21. gr. samningsins getur aðildarríki lýst því yfir hvenær sem er að það viðurkenni vald

nefndarinnar til að taka til athugunar erindi þar sem því er haldið fram af hálfu annars aðildarríkis að það fyrrnefnda hafi brotið gegn ákvæðum samningsins. Í 22. gr. kemur fram að aðildarríki getur hvenær sem er lýst því yfir að það viðurkenni vald nefndarinnar til að taka til athugunar erindi frá einstaklingum sem halda því fram að ríkið hafi brotið ákvæði samningsins gagnvart sér. Nánari reglur um málsmeðferð fyrir nefndinni, þegar henni berast erindi samkvæmt 21. og 22. gr., er að finna í ákvæðum II. hluta samningsins. Nefndin sendir viðkomandi aðildarríki og kæranda álit sitt á því hvort brot hefur átt sér stað. Hún hefur hins vegar ekki vald til þess að heimsækja aðildarríki að eigin frumkvæði og kanna hvort vísbendingar finnist um að pyndingar eigi sér stað þar, ólíkt því sem gildir um nefnd sem starfar samkvæmt Evrópusamningnum um varnir gegn pyndingum sem nefndur var að framan.

Í samningnum var upphaflega gert ráð fyrir því að aðildarríki samningsins skyldu standa straum af kostnaði nefndarmanna vegna starfa þeirra fyrir nefndina og af kostnaði í tengslum við fundahöld ríkjanna og nefndarinnar, sbr. 7. mgr. 17. gr. og 5. mgr. 18. gr. Með breytingu þeirri, sem gerð var 9. september 1992, voru ákvæði þessi felld brott og í stað þeirra bætt við nýrri málsgrein sem verður 4. mgr. 18. gr. Þar er mælt svo fyrir að nefndarmenn skuli fá greidd laun úr sjóðum Sameinuðu þjóðanna.

Rétt þykir að gefin verði yfirlýsing samkvæmt 21. og 22. gr. samningsins varðandi kærurétt ríkja og einstaklinga vegna meintra brota á ákvæðum samningsins. Ísland hefur þegar samþykkt sambærilegar alþjóðlegar kæruleiðir vegna meintra brota á öðrum mannréttindasamningum á vegum Sameinuðu þjóðanna. Í þessu sambandi skal einkum nefnd yfirlýsing sem Ísland hefur gefið samkvæmt 41. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi um lögbærni nefndar sem starfar samkvæmt samningnum til að taka á móti erindum frá aðildarríki þess efnis að annað aðildarríki hafi brotið gegn samningnum. Að auki er Ísland aðili að valfrjálsri bókun við sama samning þar sem einstaklingum, sem halda því fram að aðildarríki hafi brotið á sér réttindi samkvæmt samningnum, er opnuð kæruleið til nefndarinnar. Loks má í þessu sambandi nefna að Ísland hefur gefið yfirlýsingu samkvæmt 14. gr. alþjóðasamnings um afnám alls kynþáttamisréttis þar sem viðurkennt er vald nefndar sem starfar samkvæmt samningnum til að taka við og athuga kærur frá einstaklingum eða hópum einstaklinga sem halda því fram að aðildarríki hafi brotið gegn réttindum þeirra samkvæmt samningnum.

Með lögum nr. 142/1995 var ákvæði bætt við 6. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 til þess að víkka út refsilögsögu íslenska ríkisins svo hún tæki með vissu til brota og brotamanna sem samningurinn fjallar um. Engra frekari lagabreytinga er þörf til þess að unnt verði að standa við skuldbindingar Íslands verði samningurinn fullgiltur af Íslands hálfu.

Samningurinn var prentaður með tillögunni, ásamt breytingu við hann, bæði á íslensku og á ensku. Um hann vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins) en hann verður einnig birtur í C-deild Stjórnartíðinda.

812. Svar [276. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um vanskil einstaklinga við innlánsstofnanir.

1. *Hve mikil voru þriggja mánaða vanskil og eldri hjá einstaklingum við innlánsstofnanir sl. þrjú ár, sundurliðuð eftir árum, fjölda einstaklinga og útlánaflokkum? Hve hátt hlutfall voru þessi vanskil af heildarútlánum til einstaklinga?*

Bankaeftirlit Seðlabankans aflaði upplýsinga hjá viðskiptabönkum og stærstu sparisjóðum. Samkvæmt svörum, sem bárust frá u.þ.b. 55% af innlánsstofnunum miðað við umfang efnahagsreiknings, var hlutfall vanskila einstaklinga, þriggja mánaða og eldri, af heildarútlánum 6,3% í árslok 1993, 6,0% í árslok 1994 og 5,2% í árslok 1995. Miðað við sömu hlutfallslegu skiptingu á vanskilum útlána allra viðskiptabanka og sparisjóða til einstaklinga yrði um eftirfarandi fjárhæðir að ræða í lok hvers árs, 3,6 milljarða króna 1993, 3,4 milljarða króna 1994 og 3,1 milljarð króna 1995. Gróf flokkun eftir útlánaflokkum bendir til þess að u.þ.b. 75% séu vanskil skuldabréfa, 20% vanskil víxla og 5% vanskil yfirdráttarlána/greiðslukorta. Marktækar upplýsingar um fjölda einstaklinga að baki framangreindum vanskilum liggja ekki fyrir á aðgengilegan hátt hjá viðkomandi stofnunum.

2. *Hve háar voru hvers kyns þóknanir, álag, kostnaður, þar með talinn lögfræðikostnaður, og dráttarvextir vegna þessara vanskila, sundurliðað eftir árum og kostnaðarþáttum?*

Ekki var unnt að afla marktækra svara við þessari spurningu. Annars vegar gera upplýsingakerfi viðkomandi stofnana ekki ráð fyrir þeirri sundurgreiningu tekna sem spurningin krefst og hins vegar sjá sjálfstætt starfandi lögfræðistofur um hluta af vanskilamálum, og þar með innheimtuþóknunum, og eru þau þar af leiðandi ekki hluti af bókhaldi viðkomandi innlánsstofnunar.

813. Svar [440. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Kristínar Halldórsdóttur um skála á miðhálendi Íslands.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendis Íslands er að láta vinna allítarlegt yfirlit um mannvirki á miðhálendi landsins. Þessari vinnu er ekki að fullu lokið og nákvæmt yfirlit yfir skála og fleira því ekki til á þessari stundu. Samkvæmt þeim upplýsingum sem þegar liggja fyrir er unnt að gefa eftirfarandi svör. Rétt er að taka fram að upplýsingum um skálabyggingar hefur enn sem komið er aðeins verið raðað saman eftir stöðum þannig að á hverjum stað getur verið um að ræða fleiri en eitt mannvirki.

1. *Hversu margir skálar eru á miðhálendi Íslands og hvernig skiptast þeir í:*
   a. *neyðarskýli,*
   b. *leitarmannakofa,*
   c. *rannsóknarskála,*
   d. *annars konar skála og þá hvers konar?*

Samkvæmt upplýsingum frá Slysavarnafélagi Íslands eru neyðarskýli á fimm stöðum.

Samkvæmt heimildum frá heimamönnum eru leitarmannakofar á 84 stöðum. Í tengslum við leitarmannaskála eru oftast hesthús, sérstæð eða sambyggð. Þá er vert að geta þess að leitarmannaskálar gegna nú orðið margþættu hlutverki og mörg leitarmannahús eru nýtt í tengslum við ferðaþjónustu jafnt vetur sem sumar.

Rannsóknarskálar eru á sjö stöðum. Upplýsingar eru þó ekki tæmandi. Landsvirkjun og Orkustofnun eru með skála á nokkrum stöðum, í nokkrum tilvikum aðeins til bráðabirgða. Jöklarannsóknafélagið er með sex til sjö hús á Vatnajökli eða í grennd við hann.

Annars konar skálar eru á 65 stöðum. Þessum skálum má skipta í þrennt, Ferðafélag Íslands er með skála á 33 stöðum, aðrir ferðaþjónustuaðilar á 10 stöðum og loks eru einkaskálar á 22 stöðum.

2. *Eru þessir skálar allir í nothæfu ástandi og aðgengilegir almenningi eða eru einhverjir þeirra í einkaeign?*

Skálar á fyrrgreindum stöðum eru allir í „nothæfu ástandi“ til þeirrar notkunar sem þeim er ætlað á hverjum stað.

Flestir skálanna eru aðgengilegir almenningi. Nokkrir einkaskálar eru lokaðir, en hluti hvers húss er ávallt opinn sem neyðarskýli eða athvarf fyrir þá sem leið eiga um og vantar húsaskjól. Aðrir einkaskálar eru læstir, en í seinni tíð hefur verið sett fram krafa við afgreiðslu á byggingarleyfum um að þeir séu aðgengilegir á einn eða annan hátt.

Samkvæmt þeirri þröngu skilgreiningu að með skálum í einkaeign sé átt við skála í eigu einnar fjölskyldu eða lokaðra samtaka eru slíkir einkaskálar á 22 stöðum, en gera má ráð fyrir að þeir séu eitthvað fleiri.

3. *Hafa einhverjir þessara skála varðveislugildi? Ef svo er, hvað verður gert til að koma í veg fyrir eyðileggingu þeirra?*

Ekki liggur fyrir nein heildarúttekt á varðveislugildi einstakra skála en það er þó ótvírætt. Sem dæmi um það sem gert hefur verið í varðveislumálum má nefna að gangnamannaskáli á Hveravöllum hefur verið lagfærður með tilstyrk Minjaverndar, Ferðafélags Íslands og Náttúruverndarráðs. Fyrsti skáli Ferðafélags Íslands í Hvítárnesi er merk bygging og Sænautasel á Jökuldalsheiði er fornt heiðarbýli sem gert hefur verið upp af sveitarfélaginu og er nú til sýnis ferðamönnum.

Skráning minja á miðhálendinu er gerð vegna svæðisskipulagsvinnunnar í samvinnu við Fornleifastofnun Íslands hf. Þar á meðal verður einnig skrá yfir varðveislugildi bygginga.

4. *Hversu margir skálar hafa verið byggðir á síðustu 15 árum, hvar eru þeir, hverjir byggðu þá og hverjir veittu leyfi til byggingar þeirra?*

Þessu er ekki unnt að svara fyrr en unnið hefur verið úr upplýsingum frá byggingarfulltrúum sem væntanlegar eru á næstunni. Forkönnun hefur verið gerð í uppsveitum Árnessýslu sem leiddi í ljós við fyrstu skoðun að á síðustu 15 árum hafa verið byggð 25 hús, þar af höfðu 15 þeirra hlotið samþykki sveitarstjórna.

5. *Er til heildaryfirlit yfir mannvirki á miðhálendi Íslands?*

Slíkt heildaryfirlit er ekki til en unnið er að því ásamt skipulagsstarfinu.

814. Tillaga til þingsályktunar [476. mál]

um varðveislu ósnortinna víðerna.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að marka stefnu um varðveislu ósnortinna víðerna landsins. Stofnaður verði starfshópur, skipaður fulltrúum Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarráðs, Skipulags ríkisins og Landmælinga Íslands undir forustu fulltrúa umhverfisráðuneytis, sem falið verði það hlutverk að skilgreina hugtakið ósnortið víðerni og kortleggja þau svæði á Íslandi sem falla undir það. Engar framkvæmdir verði ákveðnar eða hafnar á miðhálendi landsins eða öðrum stórum óbyggðum svæðum fyrr en að þessu verki loknu og settar hafa verið reglur um varðveislu og nýtingu ósnortinna víðerna landsins.

Greinargerð.

„Náttúra Íslands er ein mikilvægasta auðlind og gersemi þjóðarinnar. Því skiptir miklu að við nýtum hana og verndum af framsýni og fyrirhyggju í þágu þeirra kynslóða sem erfa munu landið.

Það er eitt af mikilvægustu verkefnum nútíðar og framtíðar að vernda landið og lífríki þess gegn mengun og öðrum umhverfisspjöllum. Flestum er nú ljósara en áður hve mikils virði þau lífsgæði eru sem felast í óspilltu umhverfi, hreinu lofti, tæru vatni og óheftum samvistum við náttúruna í hennar margbreytilegu mynd.“

Þannig kemst Gunnar G. Schram prófessor m.a. að orði í formála nýútkominnar bókar sinnar „Umhverfisréttur. Verndun náttúru Íslands.“ (Háskólaútgáfan. Landvernd. 1995.) Orð hans eru dæmigerð fyrir þau viðhorf sem góðu heilli njóta vaxandi skilnings og fylgis meðal þjóðarinnar. Æ fleirum er orðið ljóst að „í óspilltri náttúru Íslands felst gífurleg eign íslensku þjóðarinnar, mesta eignin ásamt auðlindum hafsins og ekki auðvelt að meta hvor eignin er verðmeiri“ eins og komist var að orði í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins 14. janúar sl. Þar var eindregið hvatt til víðtækra stefnumarkandi umræðna á Alþingi og meðal almennings um það hvernig standa beri að verndun öræfa og óbyggða á næstu árum og áratugum.

Ofangreint var einmitt efni ráðstefnu Ferðamálaráðs Íslands og Skipulags ríkisins sem haldin var 8. mars sl. og fjallaði fyrst og fremst um nýtingu hálendisins með tilliti til ferðaþjónustu. Frummælendur og þátttakendur á ráðstefnunni virtust á einu máli um mikilvægi þeirrar auðlindar, sem miðhálendið er, en höfðu mismunandi hugmyndir um hversu langt mætti ganga til að greiða för um það og til að njóta þess sem þar er að finna. Sumir vildu markvissa uppbyggingu og betri vegi á hálendinu, en aðrir töldu vonda vegi hálendinu beinlínis til tekna. Ýmsir urðu til að minna á eftirfarandi ályktun sem samþykkt var á fjölmennri ferðamálaráðstefnu Ferðamálaráðs árið 1991: „Nauðsynlegt er að miðhálendi Íslands verði sett undir eina skipulagsstjórn og svæðið skýrt afmarkað og skilgreint. Ferðamálaráðstefnan telur að stefna beri að því að gera hálendið allt að einum þjóðgarði.“

Um þessar mundir vinnur samvinnunefnd héraðsnefnda að svæðisskipulagi fyrir miðhálendi Íslands. Skipulagsstjóri ríkisins kynnti það starf nokkuð á fyrrgreindri ráðstefnu, en vænta má fyrstu tillagna nefndarinnar á þessu ári. Hugtakið ósnortið víðerni kom

nokkuð til umræðu, en þegar leitað var eftir skilgreiningu kom í ljós að hún er ekki fyrir hendi.

Brýnt er að skilgreina þetta hugtak, ósnortið víðerni, sem fyrst og má leita til annarra þjóða að fyrirmyndum í því efni, t.d. til Norðmanna. Þeir hafa sett sér ákveðnar viðmiðanir og reglur um ósnortin víðerni, sem þeir kalla „villmark“, og hafa þegar kortlagt svæði sem falla undir þær viðmiðanir. Þeir eru nú að vinna nánari úttekt á þessum svæðum og kortleggja þau enn frekar. Slík svæði verða að vera í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum á borð við uppbyggða vegi, járnbrautir, orkuver og raflínur. Miðað við þá skilgreiningu geta aðeins um 12% landsins talist til ósnortinna víðerna og varð mörgum Norðmanninum hverft við þær upplýsingar í lok síðasta árs. Þeir höfðu talið sig ríkari af þeirri auðlind en raun er orðin og mætti það vera okkur til varnaðar.

Þá má sækja fyrirmyndir til Bandaríkjamanna sem hafa verið brautryðjendur í svæðisbundinni náttúruvernd. Þeir hafa víða tekið frá svæði sem flokkast undir ósnortið víðerni eða „wilderness“ eins og þeir kalla slík verndarsvæði. Þessi svæði eru orðin yfir 500 talsins og eru vernduð með lögum þannig að í hvert sinn sem ætlunin er að hrófla við einhverju þarf umræðu um málið á þingi. Eftirfarandi skilgreining á „wilderness“ er frá árinu 1964 (í íslenskri þýðingu): „Ósnortið víðerni, öndvert við land sem mótast af umsvifum mannsins, er hér með skilgreint sem landsvæði þar sem landið og lífríki þess er upprunalegt og maðurinn kemur þar aðeins sem gestur. Ósnortið víðerni er frekar skilgreint í þessum kafla sem landsvæði í eigu Alríkisstjórnarinnar, svæði með sínum upprunalegu einkennum og áhrifum og án varanlegra breytinga af völdum manna eða mannlegrar búsetu, svæðið nýtur verndar og stjórn þess miðar að því að vernda náttúrulegar aðstæður þess, það á 1) í meginatriðum að bera svip af náttúruöflunum einum saman og mannleg ummerki að vera tæpast merkjanleg; 2) að fela í sér einstaka möguleika til einveru eða frumstæðrar og óhindraðrar afþreyingar; 3) að vera hið minnsta fimm þúsund ekrur (um tvö þúsund hektarar) að stærð eða nægilega stórt til þess að framkvæmanlegt sé að vernda það og nýta í óbreyttri mynd; og 4) að búa einnig gjarna yfir vistfræðilegri eða jarðfræðilegri sérstöðu eða öðrum einkennum sem gefa því vísindalegt gildi, fræðslugildi eða gildi sem felast í landslagi eða sögu svæðisins.“ Löggjöf og reynsla Bandaríkjamanna gæti reynst notadrjúg við það starf sem nauðsynlegt er til þess að marka stefnu um varðveislu og nýtingu ósnortinna víðerna hér á landi.

Um allan heim hefur maðurinn breytt landi og náttúru í sína þágu eftir þörfum og vexti og til skamms tíma óvitandi og áhyggjulaus um afleiðingar gjörða sinna. Óbætanlegt tjón hefur verið unnið á umhverfi og náttúru, og víða er svo komið að ósnortið land og villt náttúra telst fágætur munaður. Í mörgum löndum er nú unnið að verndun slíkra svæða og víst er að möguleikar Íslendinga í þeim efnum eru ýmsum öfundarefni.

Sérstaða Íslands felst fyrst og fremst í einstæðri náttúru og því hve strjálbýlt landið er og stórir hlutar þess enn óbyggðir og lausir við mannvirki og rask. Í þeim svæðum felast möguleikar sem flestar aðrar þjóðir hafa alls ekki og geta aldrei öðlast. Íslendingar hafa enn tækifæri sem engin önnur þjóð í Evrópu hefur og þótt víðar væri leitað. Á Íslandi er enn hægt að taka frá stórar víðáttur, náttúrulegar heildir, og varðveita þær þannig að komandi kynslóðir fái notið þeirra, geti leitað sér þangað lífsfyllingar og þekkingar.

Fyrsta skrefið er að skilgreina hvað átt er við með hugtakinu ósnortið víðerni og gera sér grein fyrir hvaða svæði geta fallið undir slíka skilgreiningu. Að svo búnu þarf að vinna nánari úttekt á þeim svæðum og setja ákveðnar reglur um varðveislu þeirra og umgengni um þau. Tillagan sem hér er borin fram hefur það markmið að efla umræðu um

þessi mál og tryggja nauðsynlegan undirbúning fyrir stefnumótun um verndun og nýtingu ósnortinna víðerna landsins.

815. Svar [425. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Ögmundar Jónassonar um útlánatöp banka, sparisjóða og sjóða 1990–95.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver voru útlánatöp viðskiptabanka, sparisjóða og sjóða á tímabilinu 1990–95?*
2. *Hver voru töpuð útlán sem hlutfall af heildarútlánum á sama tímabili?*
3. *Hversu háar upphæðir voru á sama tímabili greiddar ríkinu af hverri innlánsstofnun fyrir sig í tekju- og eignarskatt?*

Í svari viðskiptaráðherra við fyrirspurn Magnúsar Stefánssonar (327. mál) kom fram að útlánatöp ríkisbanka og opinberra sjóða námu 21.744 millj. kr. árin 1990–94. Nú hafa bæst við upplýsingar um útlánatöp Íslandsbanka, sparisjóða, Verslunarlánasjóðs og Stofnlánadeildar samvinnufélaga. Endanlega afskrifuð útlán lánastofnana námu alls 28.840 millj. kr. á árunum 1990–94. Framlög á afskriftarreikning námu hins vegar 39.520 millj. kr. á sama tímabili. Í árslok 1994 voru 14.754 millj. kr. á afskriftarreikningum helstu lánastofnana. Upplýsingar um útlánatöp ársins 1995 liggja ekki fyrir.

Endanlega afskrifuð útlán námu samtals 1.917 millj. kr. árið 1990, eða 0,55% af heildarútlánum og ábyrgðum, 4.888 millj. kr. árið 1991 (1,22%), 6.322 millj. árið 1992 (1,47%), 8.133 millj. kr. árið 1993 (1,73%) og 7.579 millj. kr. árið 1994 (1,60%). Framlög á afskriftarreikning voru hins vegar 1,46% af heildarútlánum og ábyrgðum árið 1990, 2,36% árið 1991, 2,22% árið 1992, 2,00% árið 1993 og 1,28% árið 1994.

Lánastofnanir greiddu samtals 2.584 millj. kr. í tekju- og eignarskatta 1990–94.

Eftirfarandi yfirlitstafla sýnir útlánatöp og tekju- og eignarskatta einstakra lánastofnana 1990–94 í milljónum kr. Töflurnar þar á eftir frá bankaeftirliti Seðlabanka Íslands sýna hins vegar skiptingu útlánatapa, framlaga á afskriftarreikning og tekju- og eignarskatta á lánastofnanir sundurliðaða eftir árum.

	Útlánatöp í millj. kr.	Tekju- og eignarskattur
Innlánsstofnanir		
Landsbanki Íslands	7.352	245
Íslandsbanki	5.371	3
Búnaðarbanki Íslands	2.262	384
Sparisjóðabanki Íslands	1	166
Sparisjóðir	1.385	963
Samtals	16.371	1.761
Atvinnuvegasjóðir		
Fiskveiðasjóður	1.089	564
Iðnlánasjóður	1.722	114
Iðnþróunarsjóður*	937	0
Verslunarlánasjóður	105	50
Stofnlánadeild landbúnaðarins	722	84
Ferðamálasjóður	122	7
Stofnlánadeild samvinnufélaga	7	4
Samtals	4.703	823
Þróunarsjóðir		
Byggðastofnun*	2.712	0
Framkvæmdasjóður*	2.746	0
Atvinnutr.sj. útflutningsgreina*	1.509	0
Hlutafjársjóður*	734	0
Samtals	7.701	0
Byggingarsjóðir ríkisins		
Byggingarsjóður ríkisins*	32	0
Byggingarsjóður verkamanna*	33	0
Húsbréfadeild*	0	0
Samtals	65	0
Lánastofnanir alls	**28.840**	**2.584**

* Undanþegnir greiðslu tekju- og eignarskatts

Framlög í afskriftareikning helstu lánastofnana

Fjárhæðir í m.kr. á verðlagi hvers árs	Framlög í afskriftareikning 1) 1990 m.kr.	1991 m.kr.	1992 m.kr.	1993 m.kr.	1994 m.kr.	*Samtals m.kr.*
Innlánsstofnanir:						
Landsbanki Íslands	1.419	1.000	4.031	2.034	2.087	*10.571*
Íslandsbanki hf.	565	815	1.881	2.205	1.341	*6.807*
Búnaðarbanki Íslands	249	354	637	1.190	651	*3.081*
Samtals	2.233	2.169	6.549	5.429	4.079	*20.459*
Sparisjóðabanki Íslands hf.	11	48	26	66	8	*159*
Sparisjóðir samtals	353	360	623	618	635	*2.589*
Innlánsstofnanir sa	2.597	2.577	7.198	6.113	4.722	*23.208*
Atvinnuvegasjóðir:						
Fiskveiðasjóður Íslands	269	262	422	423	129	*1.506*
Iðnlánasjóður	270	270	439	945	292	*2.217*
Iðnþróunarsjóður	117	116	170	372	112	*886*
Verslunarlánasjóður	16	23	32	15	57	*144*
Stofnlánadeild landbúnaðarins	328	255	84	55	9	*730*
Ferðamálasjóður	69	11	23	11	11	*125*
Stofnl.deild samv.féla 2)	4	8	0	1		*12*
Samtals	1.072	943	1.171	1.822	610	*5.619*
Þróunarsjóðir:						
Byggðastofnun	550	2.026	140	541	390	*3.647*
Framkvæmdasjóður	224	1.961	409	203	70	*2.866*
Atvinnutr.sj. útflutn.g 3)	216	1.775	264	352	3)	*2.607*
Hlutafjársjóður 3)	290	87	207	150	3)	*734*
Samtals	1.280	5.848	1.020	1.246	461	*9.855*
Byggingarsjóðir ríkisins:						
Byggingarsjóður ríkisins	141	74	55	160	108	*537*
Byggingarsjóður verkamanna	0	0	0	21	12	*33*
Húsbréfadeild	0	0	77	60	131	*268*
Samtals	141	74	132	241	251	*839*
Lánastofnanir samtals	**5.090**	**9.442**	**9.521**	**9.421**	**6.045**	***39.520***
Lánastofn. samt. án byggsjóða	**4.949**	**9.369**	**9.389**	**9.181**	**5.793**	***38.681***

1) Gjaldfærð framlög í afskriftareikning. Hjá Íslandsbanka er auk þess meðtalið 369 m.kr. sérstakt framlag eignarhaldsfélaga hlutafélagabanka á árinu 1992.

2) Stofnlánadeild samvinnufélaga var sameinuð Landsbanka Íslands á árinu 1994.

3) Þessir 2 sjóðir runnu inn í Þróunarsjóð sjávarútvegsins á árinu 1994 að undanskildum hluta af Atvinnutryggingasjóði sem rann inn í Byggðastofnun.

Endanlega afskrifuð útlán helstu lánastofnana

Fjárhæðir í m.kr. á verðlagi hvers árs	Endanleg útlánatöp 1990 m.kr.	1991 m.kr.	1992 m.kr.	1993 m.kr.	1994 m.kr.	*Samtals m.kr.*	Afskr.-reikn. 31.12.94
Innlánsstofnanir:							
Landsbanki Íslands	87	1.141	1.326	2.306	2.492	*7.352*	4.715
Íslandsbanki hf.	329	591	1.133	1.740	1.578	*5.371*	2.888
Búnaðarbanki Íslands	141	130	271	877	843	*2.262*	1.190
Samtals	557	1.862	2.730	4.923	4.913	*14.985*	8.793
Sparisjóðabanki Íslands hf.	0	0	1	0	0	*1*	173
Sparisjóðir samtals	122	290	383	215	375	*1.385*	1.575
Innlánsstofnanir samtals	679	2.152	3.114	5.138	5.288	*16.371*	10.541
Atvinnuvegasjóðir:							
Fiskveiðasjóður Íslands	273	7	413	364	32	*1.089*	743
Iðnlánasjóður	105	157	373	857	229	*1.722*	775
Iðnþróunarsjóður	136	18	195	287	302	*937*	146
Verslunarlánasjóður	16	1	6	46	36	*105*	63
Stofnlánadeild landbúnaðarins	8	105	74	430	106	*722*	358
Ferðamálasjóður	72	0	24	8	18	*122*	31
Stofnl.deild samv.féla 1)	4	0	0	4		*7*	
Samtals	613	288	1.084	1.996	723	*4.703*	2.115
Þróunarsjóðir:							
Byggðastofnun	244	898	939	233	397	*2.712*	1.075
Framkvæmdasjóður	122	838	257	402	1.128	*2.746*	202
Atvinnutr.sj. útflutn.g 2)	89	506	722	193	3)	*1.509*	
Hlutafjársjóður 2)	170	207	207	150	3)	*734*	
Samtals	625	2.448	2.125	978	1.525	*7.701*	1.277
Byggingarsjóðir ríkisins:							
Byggingarsjóður ríkisins	0	0	0	0	32	*32*	553
Byggingarsjóður verkamanna	0	0	0	21	12	*33*	0
Húsbréfadeild	0	0	0	0	0	*0*	268
Samtals	0	0	0	21	44	*65*	821
Lánastofnanir samtals	**1.917**	**4.888**	**6.322**	**8.133**	**7.579**	***28.840***	**14.754**
Lánastofn. samt. án byggsjóða	**1.917**	**4.888**	**6.322**	**8.112**	**7.536**	***28.775***	**13.933**

1) Stofnlánadeild samvinnufélaga var sameinuð Landsbanka Íslands á árinu 1994.

2) Þessir 2 sjóðir runnu inn í Þróunarsjóð sjávarútvegssins á árinu 1994 að undanskildum hluta af Atvinnutryggingasjóði sem rann inn í Byggðastofnun. Staða afskriftareiknings Atvinnutryggingasjóðs sem rann inn í Þróunarsjóð sjávarútvegsins var 1382 m.kr.

Framlög í afskriftareikning í hlutfalli af útlánum og ábyrgðum 1)

Fjárhæðir í m.kr. á verðlagi hvers árs	Framlög í afskriftareikning 2) 1990 %	1991 %	1992 %	1993 %	1994 %
Innlánsstofnanir:					
Landsbanki Íslands	1,68%	1,14%	4,37%	2,09%	2,30%
Íslandsbanki hf.	1,31%	1,63%	3,73%	4,21%	2,51%
Búnaðarbanki Íslands	0,79%	0,95%	1,65%	2,90%	1,56%
Samtals	1,41%	1,24%	3,61%	2,85%	2,19%
Sparisjóðabanki Íslands hf.	0,52%	1,33%	0,60%	0,90%	0,15%
Sparisjóðir samtals	1,47%	1,27%	2,02%	1,77%	1,59%
Innlánsstofnanir samtals	1,40%	1,25%	3,33%	2,62%	2,04%
Atvinnuvegasjóðir:					
Fiskveiðasjóður Íslands	1,19%	1,20%	1,76%	1,62%	0,51%
Iðnlánasjóður	2,48%	2,25%	3,14%	5,92%	1,93%
Iðnþróunarsjóður	2,33%	1,95%	2,51%	4,89%	1,72%
Verslunarlánasjóður	0,68%	0,92%	1,03%	0,42%	1,19%
Stofnlánadeild landbúnaðarins	4,35%	3,16%	1,00%	0,62%	0,10%
Ferðamálasjóður	8,18%	1,23%	2,10%	0,89%	0,94%
Stofnl.deild samv.félaga	0,34%	0,76%	0,00%	0,12%	
Samtals	2,13%	1,81%	2,01%	2,84%	0,99%
Þróunarsjóðir:					
Byggðastofnun	5,59%	21,04%	1,77%	6,46%	5,14%
Framkvæmdasjóður	3,62%	41,22%	14,32%	7,30%	3,72%
Atvinnutr.sj. útflutn.greina	2,55%	19,88%	3,74%	5,19%	
Hlutafjársjóður	24,18%	9,32%	24,55%	23,33%	
Samtals	4,98%	24,12%	5,45%	6,70%	4,85%
Byggingarsjóðir ríkisins:					
Byggingarsjóður ríkisins	0,23%	0,11%	0,08%	0,24%	0,16%
Byggingarsjóður verkamanna	0,00%	0,00%	0,00%	0,06%	0,03%
Húsbréfadeild	0,00%	0,00%	0,21%	0,12%	0,21%
Samtals	0,16%	0,06%	0,10%	0,16%	0,15%
Lánastofnanir samtals	1,46%	2,36%	2,22%	2,00%	1,28%
Lánastofn. samt. án byggsjóða	1,90%	3,31%	3,20%	2,91%	1,91%

1) Útlán, áfallnir vextir og ábyrgðir í lok hvers árs. Frá útlánum er dreginn afskriftareikningur útlána að undanskildu framlagi ársins.

2) Gjaldfærð framlög í afskriftareikning. Hjá Íslandsbanka er auk þess meðtalið 369 m.kr. sérstakt framlag eignarhaldsfélaga hlutafélagabanka á árinu 1992.

3) Stofnlánadeild samvinnufélaga var sameinuð Landsbanka Íslands á árinu 1994.

4) Þessir 2 sjóðir runnu inn í Þróunarsjóð sjávarútvegssins á árinu 1994 að undanskildum hluta af Atvinnutryggingasjóði sem rann inn í Byggðastofnun.

Endanlega afskrifuð útlán í hlutfalli af útlánum og ábyrgðum 1)

Fjárhæðir í m.kr. á verðlagi hvers árs	Endanleg útlánatöp 1990 %	1991 %	1992 %	1993 %	1994 %	Afskr.-reikn. 31.12.94
Innlánsstofnanir:						
Landsbanki Íslands	0,10%	1,30%	1,44%	2,37%	2,74%	5,19%
Íslandsbanki hf.	0,76%	1,18%	2,25%	3,32%	2,95%	5,41%
Búnaðarbanki Íslands	0,45%	0,35%	0,70%	2,14%	2,02%	2,85%
Samtals	0,35%	1,06%	1,51%	2,58%	2,64%	4,73%
Sparisjóðabanki Íslands hf.	0,00%	0,01%	0,01%	0,00%	0,00%	3,24%
Sparisjóðir samtals	0,51%	1,03%	1,24%	0,62%	0,94%	3,95%
Innlánsstofnanir samtals	0,37%	1,04%	1,44%	2,20%	2,29%	4,56%
Atvinnuvegasjóðir:						
Fiskveiðasjóður Íslands	1,21%	0,03%	1,72%	1,39%	0,12%	2,92%
Iðnlánasjóður	0,96%	1,31%	2,67%	5,37%	1,51%	5,11%
Iðnþróunarsjóður	2,71%	0,30%	2,87%	3,77%	4,64%	2,25%
Verslunarlánasjóður	0,67%	0,05%	0,18%	1,27%	0,76%	1,30%
Stofnlánadeild landbúnaðarins	0,11%	1,30%	0,88%	4,87%	1,20%	4,04%
Ferðamálasjóður	8,54%	0,00%	2,17%	0,64%	1,54%	2,65%
Stofnl.deild samv.féla 2)	0,34%	0,00%	0,00%	0,51%		
Samtals	1,22%	0,55%	1,86%	3,11%	1,17%	3,42%
Aðrir fjárfestingarlánasjóðir:						
Byggðastofnun	2,48%	9,32%	11,82%	2,79%	5,23%	14,16%
Framkvæmdasjóður	1,98%	17,61%	8,99%	14,47%	59,60%	10,65%
Atvinnutr.sj. útflutn.g 3)	1,05%	5,66%	10,22%	2,85%		
Hlutafjársjóður 3)	14,18%	22,24%	24,55%	23,33%		
Samtals	2,43%	10,10%	11,36%	5,27%	16,07%	13,46%
Byggingarsjóðir ríkisins:						
Byggingarsjóður ríkisins	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,05%	0,83%
Byggingarsjóður verkamanna	0,00%	0,00%	0,00%	0,06%	0,03%	0,00%
Húsbréfadeild	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,43%
Samtals	0,00%	0,00%	0,00%	0,01%	0,03%	0,48%
Lánastofnanir samtals	0,55%	1,22%	1,47%	1,73%	1,60%	3,12%
Lánastofn. samt. án byggsjóða	0,73%	1,73%	2,16%	2,57%	2,49%	4,60%

1) Útlán, áfallnir vextir og ábyrgðir í lok hvers árs. Frá útlánum er dreginn afskriftareikningur útlána að undanskildu framlagi ársins.

2) Stofnlánadeild samvinnufélaga var sameinuð Landsbanka Íslands á árinu 1994.

3) Þessir 2 sjóðir runnu inn í Þróunarsjóð sjávarútvegssins á árinu 1994 að undanskildum hluta af Atvinnutryggingasjóði sem rann inn í Byggðastofnun.

Tekju- og eignarskattar einstakra stofnana 1990-1994

Fjárhæðir í m.kr. á verðlagi hvers árs		1990 m.kr.	1991 m.kr.	1992 m.kr.	1993 m.kr.	1994 m.kr.	*Samtals m.kr.*
Innlánsstofnanir:							
Landsbanki Íslands		57	61	19	52	56	*245*
Íslandsbanki hf.		2	1	0	0	0	*3*
Búnaðarbanki Íslands		87	102	34	35	126	*384*
Samtals		146	164	53	87	182	*632*
Sparisjóðabanki Íslands hf.		12	50	50	24	30	*166*
Sparisjóðir samtals		151	232	182	225	173	*963*
Innlánsstofnanir samtals		309	446	285	336	385	*1.761*
Atvinnuvegasjóðir:							
Fiskveiðasjóður Ísland	1)			138	186	240	*564*
Iðnlánasjóður	1)			46	34	34	*114*
Iðnþróunarsjóður	2)						
Verslunarlánasjóður	1)			15	19	16	*50*
Stofnlánad. landbún.	1)			27	27	30	*84*
Ferðamálasjóður	1)			2	2	3	*7*
Stofnl.deild samv.féla	1),3)			2	2		*4*
Samtals				230	270	323	*823*
Þróunarsjóðir:							
Byggðastofnun	2)						
Framkvæmdasjóður	2)						
Atvinnutr.sj. útflutn.g	2)						
Hlutafjársjóður	2)						
Samtals							
Byggingarsjóðir ríkisins:							
Byggingarsjóður ríkisi	2)						
Byggingarsj. verkama	2)						
Húsbréfadeild	2)						
Samtals							
Lánastofnanir samtals		**309**	**446**	**515**	**606**	**708**	***2.584***
Lánastofnanir samtals		**309**	**446**	**515**	**606**	**708**	***2.584***

1) Þessir lánasjóðir urðu fyrst skattskyldir frá og með árinu 1992.

2) Undanþegnir greiðslu tekju- og eignarskatts.

3) Stofnlánadeild samvinnufélaga var sameinuð Landsbanka Íslands á árinu 1994.

Útlán og ábyrgðir lánastofnana 1)

Fjárhæðir í m.kr. á verðlagi hvers árs	1990 m.kr.	1991 m.kr.	1992 m.kr.	1993 m.kr.	1994 m.kr.
Innlánsstofnanir:					
Landsbanki Íslands	84.356	87.677	92.341	97.433	90.925
Íslandsbanki hf.	43.036	50.072	50.409	52.331	53.401
Búnaðarbanki Íslands	31.488	37.184	38.515	41.059	41.688
Samtals	158.880	174.933	181.265	190.823	186.014
Sparisjóðabanki Íslands hf.	2.099	3.609	4.353	7.355	5.344
Sparisjóðir samtals	24.078	28.255	30.825	34.912	39.838
Innlánsstofnanir sa	185.057	206.797	216.443	233.090	231.196
Atvinnuvegasjóðir:					
Fiskveiðasjóður Íslands	22.559	21.873	23.972	26.152	25.388
Iðnlánasjóður	10.866	11.987	13.999	15.970	15.176
Iðnþróunarsjóður	5.006	5.948	6.793	7.603	6.499
Verslunarlánasjóður	2.398	2.466	3.141	3.647	4.795
Stofnlánadeild landbúnaðarins	7.530	8.049	8.368	8.827	8.856
Ferðamálasjóður	842	865	1.092	1.231	1.182
Stofnl.deild samv.féla 2)	1.031	1.040	842	752	
Samtals	50.232	52.228	58.207	64.182	61.896
Þróunarsjóðir:					
Byggðastofnun	9.845	9.629	7.945	8.372	7.596
Framkvæmdasjóður	6.186	4.757	2.854	2.775	1.892
Atvinnutr.sj. útflutn.g 3)	8.472	8.930	7.061	6.787	3)
Hlutafjársjóður 3)	1.200	929	844	643	3)
Samtals	25.703	24.245	18.704	18.577	9.488
Byggingarsjóðir ríkisins:					
Byggingarsjóður ríkisins	61.881	68.735	68.196	67.833	66.491
Byggingarsjóður verkamanna	19.758	25.462	30.987	37.410	41.652
Húsbréfadeild	5.657	22.671	36.141	49.299	62.549
Samtals	87.296	116.868	135.324	154.542	170.692
Lánastofnanir samtals	**348.288**	**400.138**	**428.678**	**470.391**	**473.272**
Lánastofnanir samtals	**260.992**	**283.270**	**293.354**	**315.849**	**302.580**

1) Útlán, áfallnir vextir og ábyrgðir í lok hvers árs. Frá útlánum er dreginn afskriftareikningur útlána að undanskildu framlagi ársins.

2) Stofnlánadeild samvinnufélaga var sameinuð Landsbanka Íslands á árinu 1994.

3) Þessir 2 sjóðir runnu inn í Þróunarsjóð sjávarútvegssins á árinu 1994 að undanskildum hluta af Atvinnutryggingasjóði sem rann inn í Byggðastofnun.

816. Svar [401. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Bryndísar Guðmundsdóttur um brottfall nemenda úr skyldunámi og fyrstu ár í framhaldsskóla.

1. *Hversu mörg ungmenni luku ekki grunnskólanámi árin 1990–95, sundurliðað eftir árum og kynjum?*

Ekki eru fyrirliggjandi nákvæmar upplýsingar um fjölda nemenda sem flosna upp úr grunnskóla. Einungis liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um fjölda nemenda sem gangast undir samræmd lokapróf við lok 10. bekkjar og fjölda nemenda sem fengu undanþágu frá einhverju prófanna.

Á hverju ári gangast u.þ.b. 96% nemenda í 10. bekk undir samræmd lokapróf. Þau 4–5% nemenda, sem ekki gangast undir samræmd lokapróf vegna undanþágna, veikinda o.fl., teljast þó hafa lokið grunnskólanámi en eru eingöngu metin af viðkomandi skólum. Samkvæmt nemendaskrám menntamálaráðuneytisins er fjöldi nemenda sem skráður er í 10. bekk að hausti á hverju ári örlitlu meiri en fram kemur í skráningu á fjölda nemenda til prófs að vori. Ekki liggja fyrir ástæður fyrir þessari fækkun nemenda en um getur verið að ræða að nemandi flytjist af landi brott eða flosni upp úr skóla af ýmsum ástæðum, svo sem vegna barnsburðar, vinnu og vandamála af ýmsum toga. Í langflestum tilvikum hafa grunnskólar, skólanefndir eða starfsfólk viðkomandi fræðsluskrifstofa lagt vinnu í að finna úrræði fyrir nemendur sem eru við það að flosna upp úr skóla í 10. bekk, í samvinnu við foreldra eða forráðamenn nemenda. Hvorki menntamálaráðuneytið né fræðsluskrifstofur landsins hafa haldið samræmda skrá yfir fjölda þessara nemenda eða ástæður brottfalls. Í þessu sambandi má jafnframt benda á að foreldrar eru ábyrgir fyrir því að börn þerira séu skráð í nýjan skóla þegar fjölskyldan flytur milli skólahverfa, fræðsluumdæma eða af landi brott. Sé það ekki gert er vandséð hvernig skólanefnd, sem á lögum samkvæmt að sjá um að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu, geti sinnt þeirri skyldu sinni.

Sem dæmi má nefna að haustið 1990 hófu 4.136 nemendur nám í 10. bekk grunnskóla en 4.084 þeirra töldust hafa lokið grunnskóla vorið 1991. 52 nemendur hurfu því frá námi samkvæmt þeim upplýsingum sem menntamálaráðuneytið hefur eða um 1% af heildarfjölda nemenda skólaárið 1990–91. Ekki eru fyrirliggjandi sambærilegar upplýsingar fyrir árin 1992–95 en fullvíst má telja að hlutfall þeirra sem flosnuðu upp úr skóla þau ár sé svipað.

2. *Hversu mörg ungmenni féllu brott úr skóla fyrstu tvö ár í framhaldsskóla árin 1990–95, sundurliðað eftir árum og kynjum?*

Sundurliðaðar upplýsingar um brottfall úr framhaldsskóla liggja ekki fyrir. Hugtakið brottfall hefur ekki verið skilgreint með fullnægjandi hætti þannig að það er vissum vandkvæðum bundið að svara spurningunni. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að það hefur verið tiltölulega algengt að nemendur hættu námi í framhaldsskóla um skeið en tækju síðan upp þráðinn að nýju. Þetta kemur m.a. fram í því að meðalaldur nemenda sem ljúka námi í framhaldsskóla hér á landi er hærri en gengur og gerist í nágrannalöndunum. Í þessu samhengi er það álitamál hvort eigi að skilgreina það sem brottfall ef nemandi hættir námi um tveggja til þriggja ára skeið ef hann heldur síðan áfram námi og lýkur fullgildu lokaprófi.

Ef nemendaskrá Hagstofu Íslands er athuguð kemur eftirfarandi í ljós:

Af 16 ára nemendum árið 1990 eru 85% skráð í framhaldsskóla. Af sama árgangi eru 72% við nám árið 1991 og 64% árið 1992 (sjá eftirfarandi töflur).

	16 ára	17 ára	18 ára
Bæði kyn:			
1990	85%	70%	63%
1991	83%	72%	62%
1992	85%	74%	64%
1993	87%	74%	67%
1994	89%	77%	65%
1995	87%	76%	66%
Karlar:			
1990	82%	67%	61%
1991	81%	69%	59%
1992	82%	71%	63%
1993	83%	71%	65%
1994	87%	74%	63%
1995	85%	74%	62%
Konur:			
1990	84%	72%	65%
1991	85%	76%	65%
1992	89%	76%	65%
1993	90%	78%	69%
1994	90%	80%	68%
1995	89%	78%	71%

Þessar tölur gefa vissar vísbendingar en þær verður þó að túlka með þeim fyrirvörum sem nefndir eru hér að framan.

3. Hvað er vitað um orsakir brottfallsins?

Orsakir brottfalls hafa ekki verið kannaðar til hlítar. Trúlega eru þær margslungnar en búast má við að eftirfarandi ástæður skipti mestu máli: Nemendur ráða ekki við námið, undirbúningur er ónógur og þeir færast of mikið í fang. Margir vinna með náminu og flosna smám saman upp. Niðurstöður rannsóknar Félagsvísindastofnunar HÍ á brottfallshópi 1969-árgangsins sýna að námið höfðar ekki til þess nemendahóps en 60% karla nefndu áhugaleysi og leiða. Enn fremur kemur fram í rannsókninni að brottfallshópurinn hættir af fjárhagslegum og félagslegum ástæðum, 55% kvenna í þessum hópi höfðu barn á framfæri sínu en 25% karla.

Brottfallsnemendur hafa rúmlega einum lægri meðaleinkunn á grunnskólaprófi en meðaltal árgangsins.

4. Hefur námsferill nýnema í framhaldsskólum verið kannaður á einhvern hátt? Ef svo er, hvar og hvernig?

Árið 1992 gerði Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands athugun á námsferli nemenda sem fæddir voru árið 1969 í framhaldsskóla og háskóla. Þetta mun vera yfirgripsmesta könnunin sem gerð hefur verið á námsferli nemenda í framhaldsskólum. Nánari upplýsingar er að fá hjá Félagsvísindastofnun.

5. Hve margar fornámsdeildir eru starfræktar og við hvaða skóla eru þær?

Fornám er starfrækt með tvennum hætti, annaðhvort sem heildstætt nám í eina eða tvær annir eða í formi núlláfanga, þ.e. nemendur taka sérstaka áfanga í þeim greinum sem þeir hafa lakastan árangur í og fá þá engar einingar fyrir. Á sama tíma getur nemandi verið í reglulegu námi í greinum þar sem undirbúningur hans telst vera fullnægjandi. Flestir skólar utan höfuðborgarinnar gefa nemendum kost á fornámi í formi núlláfanga. Í Reykjavík hefur fornám verið í boði við Réttarholtsskóla og við Iðnskólann í Reykjavík.

6. Hverjar urðu niðurstöður samstarfshóps um aðgerðir til aðstoðar ungmennum sem flosnað hafa upp úr skóla, sbr. ályktun Alþingis frá 12. mars 1991?

Þessi liður er samhljóða fyrri hluta fyrirspurnar frá Guðrúnu J. Halldórsdóttur (þskj. 248 á 117. löggjafarþingi) til menntamálaráðherra. Svar menntamálaráðherra (29. nóvember 1993) við þeirri fyrirspurn var svohljóðandi:

„Hæstv. forseti. Í framhaldi af þeirri þáltill. sem hér var getið um fór forsrn. þess á leit að félmrh. hefði frumkvæði að skipan starfshópsins. Nefnd um úrbætur á aðstæðum ungmenna sem flosna upp úr skóla var skipuð af félmrh. 16. sept. 1991. Nefndin hélt 7 fundi og skilaði áliti til félmrh. 18. febr. 1992.

Starfshópurinn leggur fram nokkrar tillögur sem heyra undir skólamál. Þannig leggur hópurinn til að við stærri skóla starfi umboðsmenn nemenda. Lagt er til að heildarskráning nemenda verði á ábyrgð og undir eftirliti einnar stofnunar og skráning tíðari en nú er. Jafnframt verði forgangsverkefni að tölvuvæða nemendaskrá grunnskóla. Einnig er í álitinu lagt til að sveigjanleiki í námi verði aukinn og gert ráð fyrir mismunandi námshraða í efri bekkjum grunnskóla, verknámskennsla verði aukin og boðið upp á fjölbreyttara námsval. Segir í álitinu að þessi úrræði geti komið í veg fyrir uppgjöf margra nemenda sem standi ekki undir þeim bóknámskröfum sem nú séu gerðar. Nefndin leggur auk þess til að komið verði á virkara foreldrastarfi m.a. með því að gera foreldra að svokölluðum bekkjartenglum og styrkja með því tengsl foreldra og skóla. Loks er lagt til að komið verði á nemendaverndarráði í skólunum þar sem því verður við komið og reynt að virkja betur og auka samvinnu þeirra aðila sem vinna að málefnum barna og unglinga.

Einn nefndarmanna, fulltrúi menntmrn., skilaði séráliti og þar kemur fram að verið er að koma upp upplýsingakerfi í menntmrn. sem byggist á að skólarnir sendi reglulega nemendaskrá til fræðsluskrifstofa. Þar verði þær færðar í tölvutækt form og sendar ráðuneytinu til frekari vinnslu og varðveislu. Enn fremur kemur fram í álitinu að hingað til hafi verið mikill misbrestur á skráningu þeirra sem ekki sækja skóla. Í sérálitinu segir síðan að nauðsynlegt sé að fylgst verði betur með nemendum sem hafi lélega ástundun eða mæti ekki og það sé tilkynnt til viðkomandi fræðsluskrifstofu. Tekið er undir þá tillögu nefndarinnar að heildarskráning verði á einni hendi og tíðari en nú er og með nánari upplýsingum frá skólunum. Enn fremur er tekið undir tillögu um sveigjanleika í námi og að efla samstarf foreldra og skóla, svo og að komið verði á námsráðgjöf í 8.–10. bekk grunnskóla. Verkefni skóla eða námsráðgjafa verði m.a. persónuleg ráðgjöf vegna mála sem upp kunna að koma á skólagöngu nemenda, ráðgjöf við val á námi og starfi, náms- og starfsfræðsla, fyrirbyggjandi starf sem byggi á rannsóknum og mati á skólastarfi og stuðningur við nemendur vegna samskipta þeirra við aðra í skólastarfinu.

Þetta eru megintillögurnar. Eins og fram kom hjá mér áðan fól forsrh. félmrh. að hafa frumkvæði í málinu. Engu að síður upplýsi ég að þegar er verið að vinna í menntmrn. í anda nokkurra af tillögum starfshópsins. Þannig hefur í menntmrn. verið unnið að því að koma upp betra upplýsingakerfi sem m.a. á að taka við nemendaskrám frá fræðsluskrifstofum. Í skýrslum nefndar um mótun menntastefnu er lagt til að komið verði á námsaðgreiningu í efstu bekkjum grunnskólans, svipað og starfshópurinn leggur til, og þróunarstarf í þá veru er á framkvæmdaáætlun ráðuneytisins.

Nefndin leggur einnig til aukna áherslu á vandað framboð verk- og listgreina á unglingastigi þannig að komið verði betur til móts við nemendur sem ekki hneigjast til bóknáms. Námsráðgjafi í unglingadeildum grunnskóla er málefni sem er ofarlega á verkefnalista ráðuneytisins. Fyrir liggur að móta stefnu um fyrirkomulag námsráðgjafar til framtíðar en sl. þrjú ár hafa verið starfandi námsráðgjafar í tilraunaskyni í nokkrum skólum. Ljóst er að aukin áhersla á náms- og starfsráðgjöf á unglingastigi miðar að því að styrkja sjálfsmynd nemenda og gera þá smám saman færa um að taka ábyrgar stefnumótandi ákvarðanir um eigið líf. Námsráðgjöf í skólum er hluti af stoðkerfi skólanna.

Í tillögum nefndar um mótun menntastefnu er bent á að stoðkerfi skólanna þarf að vera skipulagt sem heild þar sem einn þáttur styður annan. Þannig heyrir undir stoðkerfi skólanna regluleg upplýsingamiðlun milli heimila og skóla um stöðu og námsframvindu nemenda, aukið vægi á hlutverk umsjónarkennara og gott samstarf við foreldra á öllum sviðum, þ.e. um einstaklinginn, bekkjardeildina og stefnumið skólans í heild.“

817. Svar [402. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Bryndísar Guðmundsdóttur um náms- og starfsfræðslu.

1. *Er náms- og starfsfræðslu ætlað rúm á viðmiðunarstundaskrá unglingadeilda grunnskóla og í framhaldsskólum? Ef svo er, hve margar stundir í viku?*

Grunnskólar. Náms- og starfsfræðslu eru ekki ætlaðar fastar stundir á viðmiðunarstundaskrá í grunnskólum. Samkvæmt auglýsingu um fjölda kennslustunda í 1.–10. bekk grunnskóla og skiptingu þeirra milli námsgreina (Stjtíð. B, nr. 439/1995) eru rúmlega 18% af heildarkennslustundum óbundin og til ráðstöfunar í hverjum skóla. Ætlast er til að skólar veiti náms- og starfsráðgjöf samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla og noti þá hluta af stundum til ráðstöfunar til þess. Hverjum skóla er ætlað að útfæra náms- og starfsfræðslu og leggja áherslu á það sem talið er henta á hverjum stað.

Framhaldsskólar. Náms- og starfsfræðslu eru ekki ætlaðar fastar stundir í starfi framhaldsskóla. Engin ákvæði er að finna í námskrá framhaldsskóla um þetta efni.

2. *Er um að ræða náms- og starfsfræðslu í samvinnu við aðila utan skólakerfisins, t.d. aðila vinnumarkaðar, menntakerfis eða sveitarfélaga?*

Grunnskólar. Samstarf við aðila utan grunnskóla er háð aðstæðum á hverjum stað og því skipulagi sem hver skóli viðhefur við náms- og starfsfræðslu. Ýmis dæmi eru um samstarf skóla og foreldra þar sem skóli skipuleggur kynningu á atvinnu foreldra í einstökum bekkjum eða árgöngum. Um nokkurra ára skeið hefur verið starfræktur svonefndur starfskynningarskóli í Reykjavík undir stjórn Páls Ólafssonar og Hannesar Sveinbjörnssonar. Menntamálaráðuneytið hefur styrkt starfsemina árlega. Reykjavíkurborg hef-

ur lagt til aðstöðu í Gerðubergi. Starfskynningarskólinn hefur boðið upp á starfskynningarnámskeið fyrir efstu bekki grunnskóla í Reykjavík og nágrenni. Námskeiðin eru kostuð af ýmsum aðilum atvinnulífsins. Sem dæmi um aðila sem lagt hafa til efni og kennara má nefna Menningar- og fræðslusamband alþýðu, Iðntæknistofnun, Upplýsingaþjónustu landbúnaðarins, tryggingafélög, banka og sparisjóði, Landssamband iðnaðarmanna og Iðnskólann í Reykjavík, Rauða krossinn, Morgunblaðið og DV, samstarfsnefnd atvinnurekenda í sjávarútvegi o.fl. Í mörgum tilvikum hefur námsefni, sem mótast hefur í tengslum við námskeiðin, verið tekið til útgáfu á vegum Námsgagnastofnunar.

Framhaldsskólar. Ekki er um skipulagða samvinnu að ræða. Eitthvað er um að aðilar í atvinnulífinu kynni starfsemi sína í einstöku skólum og þá möguleika sem viðkomandi starfsgrein býður upp á en þetta er háð aðstæðum á hverjum stað.

3. *Hefur einhver eftirfylgd verið við nemendur að loknum grunnskóla, t.d. í tengslum við fræðsluskrifstofur, félagsmálayfirvöld eða námsráðgjafa?*

Starfssvið fræðsluskrifstofa nær einungis til grunnskóla og hafa þær ekki fylgt náms- og starfsfræðslu eftir að loknum grunnskóla. Félagsmálayfirvöld annast ekki þetta verkefni en námsráðgjafar í framhaldsskólum veita náms- og starfsfræðslu eftir því sem þeir hafa tök á.

818. Svar [403. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Bryndísar Guðmundsdóttur um námsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum.

1. *Hve mörg eru stöðugildi námsráðgjafa:*
   a. í grunnskólum,
   b. í framhaldsskólum?

Á fjárlögum 1996 eru ætlaðar 10 millj. kr. til námsráðgjafar í grunnskólum sem er tæplega sjö stöðugildi. Í framhaldsskólum eru u.þ.b. 15 stöðugildi.

2. *Í hve mörgum grunnskólum annars vegar og framhaldsskólum hins vegar eru starfandi námsráðgjafar og hvernig er skipting þeirra miðað við fræðsluumdæmi?*

Starfandi námsráðgjafar eru í tíu grunnskólum í Reykjavík og Reykjanesumdæmi og í tveimur á Norðurlandi eystra (Suður-Þingeyjarsýslu).

Fimm stöðugildi eru í átta grunnskólum í Reykjavík, þ.e. í Árbæjarskóla, Breiðagerðisskóla, Fellaskóla, Foldaskóla, Fossvogsskóla, Réttarholtsskóla, Seljaskóla og Ölduselsskóla.

Eitt stöðugildi er í tveimur grunnskólum í Reykjanesumdæmi, þ.e. Kópavogsskóla og Snælandsskóla, og ⅓ úr stöðugildi á Norðurlandi eystra (Suður-Þingeyjarsýslu).

Námsráðgjöf er veitt í eftirtöldum framhaldsskólum:

	Stundir á viku	Nemendafjöldi
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	27	752
Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi	26	625
Fjölbrautaskóli Vesturlands (Reykholt)	13	59
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	26	747
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	18	531
Flensborgarskóli Hafnarfirði	18	509
Framhaldsskóli Vestfjarða	13	254
Framhaldsskólinn á Húsavík	13	158
Framhaldsskólinn á Laugum	8,67	94
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	12	272
Iðnskólinn í Reykjavík	40	1.653
Menntaskólinn á Akureyri	20	606
Menntaskólinn á Egilsstöðum	14	310
Menntaskólinn á Laugarvatni	10	209
Menntaskólinn í Kópavogi	18	469
Menntaskólinn í Reykjavík	20	936
Menntaskólinn við Sund	32	828
Skógaskóli	5	55
Verkmenntaskóli Austurlands	14	152
Verkmenntaskóli Akureyrar	18	1.021
Vélskóli Íslands	9	207
Alls 374,67 stundir eða 15 stöðugildi í 21 skóla.		

3. *Hve margir nemendur eru á hvern starfandi námsráðgjafa:*
   a. í grunnskólum,
   b. í framhaldsskólum?

Miðað er við nemendafjölda í þeim grunnskólum sem hafa námsráðgjafa. Meðalfjöldi nemenda á hvern námsráðgjafa í Reykjavík er 901, á Reykjanesi 841 og á Norðurlandi eystra um 400 nemendur.

Um svar við b-lið vísast í svar við 2. spurningu.

4. *Hefur farið fram könnun eða kerfisbundið mat á vegum menntamálaráðuneytis á störfum námsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum?*

Ekki hefur farið fram kerfisbundið mat eða könnun á vegum menntamálaráðuneytisins nýlega á störfum námsráðgjafa í grunnskólum. Haustið 1989 var skipuð nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins til að fjalla um námsráðgjöf og starfsfræðslu. Nefndin skilaði skýrslu í apríl 1991. Að beiðni ráðuneytisins vann Guðrún H. Sederholm skýrslu um tilrauna- og þróunarstarf í námsráðgjöf við Ölduselsskóla 1990–1991. Guðbjörg Vilhjálmsdóttir kennari við Háskóla Íslands gerði einnig athugun á þessu starfi að ósk ráðuneytisins. Þá skal bent á rit sem Gerður G. Óskarsdóttir tók saman og Háskóli Íslands gaf út árið 1986 um náms- og starfsfræðslu og náms- og starfsráðgjöf í fimm Evrópulöndum.

Kerfisbundið mat á störfum námsráðgjafa í framhaldsskólum hefur ekki farið fram.

819. Nefndarálit [154. mál]

um frv. til l. um tæknifrjóvgun.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Dögg Pálsdóttur hrl. og Ástu Ragnarsdóttur forstöðumann er sátu í nefndinni sem samdi frumvarpið, Björgu Thorarensen, deildarstjóra í dómsmálaráðuneytinu, Jón Hilmar Alfreðsson, Reyni Tómas Geirsson og Þórð Óskarsson, lækna á kvennadeild Landspítalans, og Þórhildi Líndal, umboðsmann barna. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Kvenréttindafélagi Íslands, barnaverndarráði, landlækni, umboðsmanni barna, Turner-samtökunum á Íslandi, Siðfræðistofnun Háskóla Íslands, framkvæmdastjórn Ríkisspítala, Samtökunum '78, biskupi Íslands, Læknafélagi Íslands, Tilveru, Kvenfélagasambandi Íslands og Mannréttindaskrifstofu Íslands. Einnig óskaði nefndin eftir umsögn heilbrigðis- og tryggingarnefndar um málið og er hún birt sem fylgiskjal með áliti þessu.

Með frumvarpinu er stefnt að því að lögfesta reglur um tæknifrjóvgun, þ.e. getnað sem verður í framhaldi af tæknisæðingu eða glasafrjóvgun. Fram til þessa hefur engar slíkar reglur verið að finna í íslenskum lögum þrátt fyrir að tæknisæðing hafi verið framkvæmd hérlendis frá árinu 1980 og glasafrjóvgun frá árinu 1991. Hins vegar hafa myndast ákveðnar verklagsreglur um þessa starfsemi hér á landi og falla ákvæði frumvarpsins að mestu leyti að þeim. Frumvarpið er þó talsvert ítarlegra en gildandi verklagsreglur auk þess sem það heimilar eggfrumugjöf sem hingað til hefur ekki verið talin heimil hér á landi. Eðlilegt er að sérstök lög gildi um svo viðkvæmt mál sem tæknifrjóvgun, bæði til að almenningur eigi greiðari aðgang að upplýsingum um í hverju hún felst og til að gera réttarstöðuna í þessu sambandi eins skýra og kostur er. Frumvarp þetta og þær breytingar sem meiri hluti allsherjarnefndar leggur til að gerðar verði á því miða að þessu. Sú rýmkun, sem felst í frumvarpinu með því að heimila eggfrumugjöf, hefur í för með sér margvísleg álitaefni til viðbótar þeim sem fyrir eru vegna tæknifrjóvgunar með gjafasæði. Breytingarnar sem lagðar eru til miða að því að reyna að taka sem best á þessum álitamálum með réttarstöðu hinna verðandi foreldra, barnsins og kynfrumugjafans að leiðarljósi.

Miklar umræður urðu í nefndinni um málið, sérstaklega um ákvæði 4. gr. er lýtur að nafnleynd kynfrumugjafa og hin félagslegu áhrif sem tæknifrjóvgun getur haft. Það að eggfrumugjöf er heimiluð reynir enn frekar á nafnleyndarákvæði, m.a. vegna þess að afla verður eggfrumna innan lands þar sem tæknin leyfir ekki, að svo komnu a.m.k., að eggfrumur séu frystar með sama hætti og sæðisfrumur. Skortur mun því verða á eggfrumum til notkunar við glasafrjóvgun. Reynslan erlendis hefur sýnt að algengast er að konur sem þurfa á eggfrumum að halda fái þær frá nákomnum ættingjum. Í nefndinni urðu miklar umræður um kynfrumugjöf innan fjölskyldu og töldu sumir nefndarmenn nauðsynlegt að setja einhverjar hömlur á slíka notkun kynfrumna.

Með hliðsjón af umræðum í nefndinni telur meiri hluti hennar rétt að gerðar verði nokkrar breytingar á frumvarpinu. Tillögur um þær eru á sérstöku þingskjali. Leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingum:

1. Lagt er til að þeim stofnunum, sem munu fá leyfi til að annast tæknifrjóvgun, verði skylt að bjóða pörum sem sækja um tæknifrjóvgunarmeðferð og væntanlegum kynfrumugjöfum aðgang að faglegri ráðgjöf sérfræðinga, svo sem félagsráðgjafa eða sál-

fræðinga. Aðgangur að slíkri meðferð verður ekki síst mikilvægur í ljósi þeirrar breytingar sem lögð er til á ákvæði 4. gr. um nafnleynd. Gert er ráð fyrir að gjafinn ákveði hvort um hann gildi nafnleynd eða ekki. Geri hann nafnleynd ekki að skilyrði mun barnið, sem verður til vegna kynfrumugjafar, eiga rétt á að vita hver gjafinn er. Mikilvægt er því að gjafinn fái ráðgjöf um afleiðingar hvorrar ákvörðunar fyrir sig. Sömuleiðis er mikilvægt fyrir parið að fá glöggar upplýsingar um afleiðingar þess að notaðar verða gjafakynfrumur með eða án nafnleyndar og þeim í því sambandi leiðbeint um hvernig best sé að segja barni frá því að það hafi orðið til á þennan hátt ef foreldrarnir vilja að barnið viti það. Óski gjafinn eftir nafnleynd mun barnið aldrei eiga kost á að vita hver hann er þótt foreldrarnir segi því frá að það hafi orðið til við kynfrumugjöf. Óski gjafinn ekki nafnleyndar mun barnið á hinn bóginn geta leitað hans er það hefur aldur til. Fagleg ráðgjöf um hvers sé að vænta í framtíðinni við notkun gjafakynfrumna er því mikilvæg bæði parinu og væntanlegum gjafa.

2. Í 3. gr. segir að áður en samþykki er veitt fyrir tæknifrjóvgun skuli gefa parinu upplýsingar um meðferðina og þau læknisfræðilegu og lögfræðilegu áhrif sem hún kann að hafa. Lagt er til að einnig verði gert skylt að gefa upplýsingar um félagsleg áhrif. Meiri hlutanum þykir mikilvægt í ljósi tillagna um breytingu á nafnleyndarákvæðinu að ítreka það einnig hér. Á þetta ekki síst við þegar gjafakynfrumur eru notaðar. Í þeim tilvikum er brýnt að útskýra fyrir parinu þær hugsanlegu félagslegu aðstæður sem geta skapast í framtíðinni ef barnið leitar sambands við líffræðilegt foreldri eða hið líffræðilega foreldri leitar sambands við barnið. Þá vill meiri hlutinn leggja áherslu á að nauðsyn ber að samþykki skv. 3. gr. sé veitt fyrir hverja einstaka aðgerð, þannig að ef t.d. fyrsta aðgerðin misheppnast þurfi hinir væntanlegu foreldrar báðir að veita samþykki á ný ef gera á aðra aðgerð.
3. Lagt er til að fortakslausri nafnleyndarkröfu 4. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að gjafinn ákveði sjálfur hvort nafni hans skuli haldið leyndu eða ekki. Þiggjendur geti þannig valið hvort barnið eigi að eiga þess kost að fá upplýsingar um kynfrumugjafann síðar meir. Kjósi kynfrumugjafi nafnleynd er heilbrigðisstarfsfólki skylt að tryggja að hún sé virt. Í þeim tilvikum má hvorki veita gjafa upplýsingar um parið eða barnið né parinu eða barninu upplýsingar um gjafann. Kjósi gjafinn ekki nafnleynd skal varðveita upplýsingar um hann og barnið sem verður til með kynfrumugjöf hans í sérstakri skrá. Barnið á samkvæmt tillögunni rétt á að leita upplýsinga um líffræðilegt foreldri sitt þegar það hefur náð 18 ára aldri en um leið er hlutaðeigandi heilbrigðisstofnun skylt að tilkynna því foreldri um barnið og að það hafi fengið þessar upplýsingar. Kynfrumugjafinn á því aldrei sjálfstæðan rétt á að fá upplýsingar um barnið að fyrra bragði. Hann fær að vita um tilvist barnsins og að það hafi fengið upplýsingar um hann en fær þó aldrei að vita hvert barnið er, nema barnið sjálft leiti hann uppi.
4. Rétt þykir að raða á ný stafliðum í 11. gr. þannig að saman fari í upptalningu rannsóknir sem skilgreina má sem þjónusturannsóknir sem tengjast tæknifrjóvgun (a- og d-liðir sem verða a- og b-liðir) og hins vegar rannsóknir sem teljast vísindarannsóknir á fósturvísum (b- og c-liðir sem verða c- og d-liðir).
5. Mikilvægt er að fastar og skýrar verklagsreglur gildi um framkvæmd tæknifrjóvgunar hér á landi. Skriflegar verklagsreglur hafa ekki verið til staðar um framkvæmd tæknisæðingar frá því að slík meðferð hófst hérlendis árið 1980. Á hinn bóginn setti

heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið skriflegar verklagsreglur um starfsemi glasafrjóvgunardeildar er sú starfsemi hófst hér á landi í byrjun tíunda áratugarins. Því leggur meiri hlutinn til að kveðið verði á um í 13. gr. að setja skuli skýrar og greinargóðar verklagsreglur um framkvæmd tæknifrjóvgunar ásamt ábendingum um hvað skuli m.a. vera í slíkum reglum. Gert er ráð fyrir að þessar reglur liggi fyrir við gildistöku laganna.

Til að taka af allan vafa vill meiri hlutinn taka fram að engin lagaleg tengsl, önnur en þau sem mælt er fyrir um í þessum lögum, skapast milli kynfrumugjafa og barnsins sem verður til vegna kynfrumugjafar hans. Erfðaréttur, meðlagsskylda o.s.frv. koma því aldrei til álita.

Alþingi, 12. apríl 1996.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Sighvatur Björgvinsson.
Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.	Kristján Pálsson.	Árni R. Árnason.
	Jón Kristjánsson.	

Fylgiskjal.

Umsögn heilbrigðis- og tryggingaefndar.

Heilbrigðis- og tryggingaefnd hefur, sbr. bréf allsherjarnefndar frá 4. desember sl., fjallað um frumvarp til laga um tæknifrjóvgun, 154. mál. Fékk nefndin á sinn fund til viðræðna um málið Vilhjálm Árnason frá Siðfræðistofnun Háskóla Íslands, Þórð Óskarsson, lækni á glasafrjóvgunardeild Landspítala, Þórhildi Líndal, umboðsmann barna, og Dögg Pálsdóttur er sæti átti í nefndinni sem samdi frumvarpið.

Í frumvarpinu eru settar fram reglur um tæknifrjóvgun, bæði tæknisæðingu og glasafrjóvgun, og er nefndin sammála um nauðsyn þess að reglur séu settar um þetta efni. Heilbrigðis- og tryggingaefnd mælir því með samþykki frumvarpsins en bendir þó jafnframt sérstaklega á eftirfarandi atriði:

Í 4. gr. frumvarpsins kemur fram sú regla að heilbrigðisstarfsfólki sé skylt að tryggja kynfrumugjafa nafnleynd. Nokkur umræða spannst um þetta ákvæði í nefndinni og voru skoðanir nefndarmanna skiptar. Ljóst er að taka þarf mið af mörgum atriðum þegar metið er hvort gjafa skuli tryggð nafnleynd eða ekki. Ber þar fyrst að nefna hagsmuni barnsins, en skv. 7. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem Ísland er aðili að, á hvert barn rétt til að þekkja foreldra sína eftir því sem unnt er. Einnig má benda á hættuna á skyldleikatengslum í svo litlu samfélagi ef annað foreldri er ekki þekkt. Mismunandi skoðanir hafa verið uppi um það hvort og hvernig nafnleynd hefur áhrif á fjölda kynfrumugjafa. Hjá viðmælendum nefndarinnar kom fram að það að létta af nafnleynd hefði líklega í för með sér fjölgun eggfrumugjafa en aftur á móti færri sæðisgjafa. Í ljósi þessa mælir heilbrigðis- og tryggingaefnd með því að í stað þeirrar eindregnu nafn-

leyndar sem frumvarpið mælir fyrir um fái kynfrumugjafi að ráða því hvort nafni hans er haldið leyndu eða ekki.

Varðandi þá reglu, sem sett er fram í b-lið 3. gr. frumvarpsins, að aldur pars verði að teljast eðlilegur til að framkvæma megi tæknifrjóvgun er það álit nefndarinnar að nauðsynlegt sé að setja einhver viðmið um aldur parsins. Í því sambandi bendir nefndin á aldursmörk við ættleiðingu og þau aldursmörk sem nú gilda við tæknifrjóvganir, en samkvæmt þeim má konan ekki vera eldri en 42 ára. Helstu rök sem færð hafa verið fyrir því að sett séu aldursmörk eru velferð barnsins á uppvaxtarárum og þau að mjög lítill árangur hefur verið af tæknifrjóvgunum sem gerðar hafa verið á konum sem eru eldri en 42 ára. Ekki þykir þó rétt að lögfesta ákveðin aldursmörk heldur fela ráðherra að setja um þau nánari reglur.

Skilningur nefndarinnar er sá að frumvarpinu sé fyrst og fremst ætlað að bregðast við ófrjósemi og því er hvorki tekið sérstaklega á stöðu samkynhneigðra né einhleypra kvenna.

Loks vill heilbrigðis- og tryggingarnefnd benda á nauðsyn þess að komið verði á fót fjölskylduráðgjöf þar sem fólk geti leitað upplýsinga um rétt sinn og pör geti fengið hjálp við að vinna úr þeim andlegu vandamálum sem meðferðin getur haft í för með sér. Auk þess er bent á mikilvægi þess að áfallahjálp sé aðgengileg í þeim tilvikum sem meðferð mistekst eða fósturlát verður í kjölfar meðferðar.

Lára Margrét Ragnarsdóttir og Ögmundur Jónasson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Kristín Ástgeirsdóttir sat fundi nefndarinnar um málið og lýsir sig samþykka því sem fram kemur í umsögn þessari.

Alþingi, 29. febr. 1996.

Össur Skarphéðinsson, form.
Siv Friðleifsdóttir.
Sigríður A. Þórðardóttir.
Ásta R. Jóhannesdóttir.
Guðni Ágústsson.
Guðmundur Hallvarðsson.
Sólveig Pétursdóttir.

820. Breytingartillögur [154. mál]

við frv. til l. um tæknifrjóvgun.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (SP, VS, SighB, ÖJ, KPál, ÁRA, JónK).

1. Við 2. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Heilbrigðisstofnun sem fær leyfi skv. 1. mgr. er skylt að bjóða pörum sem sækja um tæknifrjóvgunarmeðferð og væntanlegum gjöfum faglega ráðgjöf sérfræðinga, svo sem félagsráðgjafa eða sálfræðinga.
2. Við 3. gr. Á eftir orðinu „læknisfræðilegu“ í 2. mgr. komi: félagslegu.

3. Við 4. gr. Í stað 2. og 3. mgr. komi þrjár nýjar málsgreinar svohljóðandi:
   Óski gjafi eftir nafnleynd er heilbrigðisstarfsfólki skylt að tryggja að hún verði virt. Í þeim tilvikum má hvorki veita gjafa upplýsingar um parið sem fær gjafakynfrumur eða um barnið né veita parinu eða barninu upplýsingar um gjafann.
   Óski gjafi ekki eftir nafnleynd skal stofnunin varðveita upplýsingar um hann í sérstakri skrá. Verði til barn vegna kynfrumugjafarinnar skal varðveita upplýsingar um það og parið sem fékk gjafakynfrumurnar í sömu skrá.
   Barnið, sem verður til vegna kynfrumugjafar þar sem gjafi óskar ekki eftir nafnleynd, getur er það nær 18 ára aldri óskað eftir aðgangi að skrá skv. 3. mgr. til að fá upplýsingar um nafn gjafans. Nú fær barn upplýsingar um kynfrumugjafa hjá stofnuninni og ber henni þá eins fljótt og auðið er tilkynna honum um upplýsingagjöfina.
4. Við 11. gr. D-liður verði b-liður og breytist röð annarra stafliða samkvæmt því.
5. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara. Í þeim skal m.a. fjalla um:
   a. undirbúning væntanlegra foreldra vegna meðferðarinnar, m.a. aðgang þeirra að ráðgjöf,
   b. notkun gjafakynfrumna, m.a. um notkun gjafakynfrumna innan fjölskyldu,
   c. geymslutíma fósturvísa,
   d. vísindarannsóknir á fósturvísum, sbr. c- og d-lið 11. gr., og vísindasiðanefnd sem fjalli um slíkar rannsóknir.
6. Við 2. mgr. 14. gr. bætist: nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.
7. Við 15. gr. bætist: og skulu á sama tíma liggja fyrir reglur skv. 13. gr. um framkvæmd tæknifrjóvgunar sem ráðherra setur.

821. Skýrsla [477. mál]

dóms- og kirkjumálaráðherra og utanríkisráðherra um Schengen-samstarfið.

(Lögð fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

I. INNGANGUR

1. Almennt.

Hinn 14. júní 1985 var undirritað í bænum Schengen í Lúxemborg samkomulag milli Belgíu, Frakklands, Hollands, Lúxemborgar og Þýskalands um að fella smám saman niður eftirlit á sameiginlegum landamærum þeirra. 19. júní 1990 var undirritaður á sama stað samningur milli sömu ríkja um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 1985. Þessi samningur er almennt kallaður Schengen-samningurinn og er það gert í skýrslu þessari.

Schengen-samningurinn kom til framkvæmda milli framangreindra ríkja, auk Portúgals og Spánar sem höfðu gerst aðilar að honum, 26. mars 1995. Austurríki, Grikkland og Ítalía hafa einnig gerst aðilar að samningnum en samningurinn hefur ekki enn komið til framkvæmda hvað þessi ríki varðar.

Danmörk sótti um aðild að Schengen-samstarfinu í maí 1994. Sama gerðu Finnland og Svíþjóð í júní 1995. Af hálfu þessara ríkja var í umsókn að samstarfinu gerður sá fyrirvari að unnt yrði að viðhalda norræna vegabréfasambandinu, þ.e. að fullnægjandi lausn fyndist fyrir þau Norðurlandanna, Ísland og Noreg, sem ekki geta orðið fullir aðilar að samstarfinu, sem tryggði áframhaldandi ferða- og vegabréfafrelsi innan Norðurlanda.

Á fundi sínum 27. febrúar 1995 lýstu forsætisráðherrar Norðurlandanna því yfir að það þjónaði best hagsmunum norræna vegabréfasambandsins að Norðurlöndin hefðu sameiginlega jákvæða afstöðu til þátttöku í Schengen-samstarfinu.

2. Ísland og Schengen.

Í júní 1995 hófust viðræður við formennskuríki Schengen-samstarfsins um þátttöku annarra Norðurlanda en Danmerkur í samstarfinu. Viðræður við Danmörku höfðu hafist fyrr. Þar sem einungis aðildarríki Evrópusambandsins (ESB) geta orðið aðilar að Schengen-samningnum snerust viðræður í upphafi að meginhluta til um með hvaða hætti Ísland og Noregur gætu tekið þátt í samstarfinu. Upphafsviðræður leiddu til þess að í desember 1995 fékk formennskuríki Schengen-samstarfsins umboð til að hefja samningaviðræður um aðild Danmerkur, Finnlands og Svíþjóðar að samstarfinu og um samstarfssamning við Ísland og Noreg. Var sú ósk þá jafnframt sett fram að samningaviðræður yrðu það vel á veg komnar á fundi framkvæmdanefndar Schengen 18. apríl 1996 að unnt yrði að bjóða Norðurlöndunum öllum áheyrnaraðild frá og með 1. maí 1996.

Samningaviðræður við Norðurlöndin hafa þróast þannig að samstaða er um meginþætti hugsanlegs samstarfssamnings Schengen-ríkjanna við Ísland og Noreg. Samstarfið mundi byggjast á því að bæði ríkin hefðu rétt til þátttöku í öllum fundum innan samstarfsins, hverju nafni sem þeir nefnast, með málfrelsi og tillögurétti. Ríkin hefðu þar hins vegar ekki atkvæðisrétt. Hins vegar mundu ríkin sjálfstætt taka ákvörðun um hvort þau samþykki ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli Schengen-samningsins. Er ríkin fallast á slíkar ákvarðanir gilda þær fyrir bæði ríkin. Fari hins vegar svo að ríkin tvö geta ekki fallist á slíkar ákvarðanir komi til sérstök málsmeðferð.

Á þessum grundvelli hefur þeim ráðherrum Norðurlandanna, sem fara með málefni sem falla undir efni Schengen-samningsins, verið boðið til fundarins með framkvæmdanefnd Schengen 18. apríl 1996, og þá hyggst framkvæmdanefndin bjóða Norðurlöndunum fimm að taka þátt í Schengen-samstarfinu sem áheyrnaraðilar frá og með 1. maí 1996.

Með áheyrnaraðild að Schengen er því lýst yfir að stefnt sé að fullri þátttöku í Schengen-samstarfinu. Áheyrnaraðild felur í sér rétt til þátttöku í öllum fundum innan samstarfsins með málfrelsi og tillögurétti. Áheyrnaraðild felur hins vegar ekki í sér að ákvæði samningsins komi til framkvæmda að einu eða öðru leyti.

Í framhaldi af því að Norðurlöndin gerast áheyrnaraðilar að Schengen-samstarfinu er stefnt að gerð samnings um þátttöku þeirra í samstarfinu og er við það miðað að þeirri samningsgerð verði lokið fyrir næstu áramót. Í framhaldi af því þarf að fullgilda það samkomulag sem gert verður og undirbúa þátttöku í samstarfinu að öðru leyti. Í óform-

legum viðræðum hefur komið fram að samningurinn gæti í fyrsta lagi komið til framkvæmda gagnvart Norðurlöndunum um mitt ár 1998, en þetta er eitt af þeim atriðum sem semja þarf um.

Ríkisstjórnin hefur á fundi 9. apríl 1996 samþykkt að fallast á boð um þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu með áheyrnaraðild og mun dómsmálaráðherra sækja fund framkvæmdanefndar Schengen-samstarfsins 18. apríl 1996.

II. SCHENGEN-SAMSTARFIÐ OG ÞÁTTTAKA ÍSLANDS Í ÞVÍ

1. Almennt.

Meginatriði Schengen-samningsins er um frjálsa för fólks um innri landamæri aðildarríkjanna og afnám eftirlits með einstaklingum við innri landamæri. Önnur meginatriði samningsins fjalla um samræmt eftirlit á ytri landamærum samningssvæðisins, samvinnu um vegabréfsáritanir, þar á meðal er sameiginlegur lágmarkslisti um lönd þaðan sem krafist er vegabréfsáritunar, samræmda vegabréfsáritun sem gildir almennt til allra aðildarríkjanna, reglur um vissa þætti í málsmeðferð varðandi beiðni um hæli og flóttamenn, sameiginlegan upplýsingabanka um óæskilega útlendinga, eftirlýsta einstaklinga, eftirlýst ökutæki o.fl. Þá eru í samningnum ákvæði um lögreglusamvinnu, þar á meðal í fíkniefnamálum, og um gagnkvæma réttaraðstoð.

Einn kafli samningsins fjallar um vöruflutninga. Ákvæðum þess kafla er ekki beitt í samskiptum Schengen-ríkjanna þar sem nýjar reglur ESB um frjálsa vöruflutninga, svo og um tollasamband og samstarf um skatta og önnur gjöld, hafa yfirtekið ákvæði kaflans með þeirri undantekningu að nokkur ákvæði hans er varða skotvopn og skotfæri eru enn í gildi. Í Schengen-samningnum segir ekki að ESB-reglur yfirtaki ákvæði samningsins. Hins vegar mega ákvæði hans ekki ganga gegn ESB-reglum. Í viðræðum hefur komið fram að ákvæði EES-samningsins um vöruflutninga munu gilda áfram í samskiptum Íslands og Noregs við önnur Schengen-ríki. Þetta þýðir að þótt Ísland taki þátt í Schengen-samstarfinu mun Ísland ekki taka þátt í tollasambandi ESB og áfram verður beitt óbreyttum ákvæðum um tolleftirlit.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu atriðum Schengen-samningsins sem koma til athugunar komi til þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu.

2. Flugvellir og hafnir.

A. Keflavíkurflugvöllur.

Um 95% af farþegaflutningum milli Íslands og annarra landa fara um Keflavíkurflugvöll.

Aðild Íslands að Schengen-samstarfinu mun hafa nokkur áhrif á rekstur og starfsemi Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli. Flugstöðin verður sú ytri landamærastöð Schengen sem langflestir farþegar fara um til og frá landinu. Flugstöðin var hönnuð með það fyrir augum að þjóna árlega um einni milljón farþega. Á þessu ári mun farþegafjöldinn í fyrsta sinn fara yfir eina milljón og áætlanir gera ráð fyrir að sá fjöldi muni aukast um a.m.k. 50 þúsund farþega á ári. Flugstöðin er því orðin of lítil fyrir þá ört vaxandi umferð sem um Keflavíkurflugvöll fer. Nauðsynlegt er því að ráðast í byggingarframkvæmdir við flugstöðina, hvort sem Ísland gerist áheyrnaraðili að Schengen eða ekki.

Ljóst er hins vegar að kostnaður fylgir því að gerast aðili og felst hann fyrst og fremst í breytingum á flugstöðinni, svo og auknum kostnaði við vegabréfaeftirlit.

Utanríkisráðuneytið hefur látið gera athuganir á því hvaða breytingar þarf að gera á flugstöðinni til að uppfylla ákvæði Schengen-samningsins um nauðsynlegan aðskilnað farþega sem ferðast innan Schengen-svæðisins og þeirra sem eru á leið til og frá ríkjum utan Schengen. Þessar athuganir voru gerðar af þremur aðilum, unnar hver í sínu lagi og því ólíkar hver annarri. Athuganirnar voru unnar af embætti Húsameistara ríkisins, verkfræðistofunni Nýverk og Framkvæmdasýslu ríkisins. Grundvallarforsendur, sem allir þessir aðilar unnu út frá, voru að breytingar á flugstöðinni yrðu með þeim hætti að röskun verði ekki á núverandi fyrirkomulagi áætlunarflugs Flugleiða hf. sem síðan árið 1989 hafa notað flugstöðina sem flugskiptistöð fyrir farþega milli Evrópu og Norður-Ameríku. Vegabréfaeftirlit verður því skipulagt með þeim hætti að tafir verði ekki á áætlunum flugfélagsins.

Utanríkisráðherra hefur lagt fyrir ríkisstjórn athuganir þessara þriggja aðila. Framkvæmdasýslu ríkisins hefur verið falin nánari útfærsla á tillögu stofnunarinnar um að reist verði, við enda núverandi landgangs, ný bygging sem þjóni bæði þeim tilgangi að mæta stækkunarþörf með aukinni umferð og til að mæta kröfum samkvæmt ákvæðum Schengen-samkomulagsins um aðskilnað farþega. Vinna Framkvæmdasýslu ríkisins fer fram í nánu samstarfi við alla hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli við rekstur flugstöðvarinnar.

Á því hefur borið að blandað hefur verið saman kostnaði við nauðsynlega stækkun og breytingar á flugstöðinni annars vegar og kostnaði við framkvæmdir vegna Schengen-samkomulagsins hins vegar. Fyrirsjáanlegt er að flugvélastæðin við Flugstöð Leifs Eiríkssonar verða fullnýtt og vandræðaástand mun innan skamms skapast vegna vöntunar á landgangi, landgöngubrúm og flughlöðum. Hins vegar vill svo til að ef af aðild Íslands að Schengen-samkomulaginu verður mun hún taka gildi um svipað leyti og þörf verður fyrir þessi mannvirki. Framkvæmdakostnaður við Schengen-aðild Íslands verður af þessum sökum óverulegur miðað við það sem annars hefði orðið því að eingöngu þarf að laga mannvirkin að kröfum sem gerðar eru vegna aðildar Íslands að Schengen. Þessi kostnaður er áætlaður um 150 millj. kr. samkvæmt skýrslu Framkvæmdasýslu ríkisins frá því í mars 1996.

B. Aðrir flugvellir.

Farþegaflutningar til og frá Íslandi um aðra flugvelli en Keflavíkurflugvöll eru óverulegir. Schengen-reglur gera ekki ráð fyrir því að koma þurfi upp sérstakri aðstöðu fyrir innan- og utansvæðisfarþega í flugstöðvum á slíkum flugvöllum. Aftur á móti þarf persónueftirlit á slíkum flugvöllum með farþegum sem koma frá þriðja ríki (ríki utan Schengen) að vera í samræmi við Schengen-reglur.

C. Hafnir.

Þar sem farþegaflutningar á sjó eru óverulegir er ekki talið að gera þurfi sérstakar ráðstafanir við hafnir, en þegar skip kemur frá þriðja ríki verður að sjálfsögðu að sinna persónueftirliti í samræmi við Schengen-reglur. Það eftirlit ætti ekki að þurfa að vera viðameira en nú gerist.

3. Vegabréfaeftirlit og áritunarreglur.

A. Vegabréfaeftirlit.

Samkvæmt Schengen-reglum skal ekki vera persónueftirlit með farþegum sem koma frá öðru Schengen-ríki. Skiptir þar ekki máli hvort viðkomandi farþegi er ríkisborgari Schengen-ríkis eða þriðja ríkis.

Allir farþegar, sem koma frá þriðja ríki, skulu við komu inn á svæðið sæta samræmdu persónueftirliti. Á flugstöðvum á að hafa sérstök hlið fyrir ESB-borgara en almennt eiga þeir ekki að sæta öðru eftirliti en að staðreynt verði hverjir þeir eru. Samkvæmt EES-samningnum eiga ríkisborgarar EES-ríkja að hafa sömu réttarstöðu að þessu leyti. Ríkisborgarar þriðju ríkja skulu sæta nánara eftirliti og þá sérstaklega þeir sem koma frá ríkjum þaðan sem krafist er vegabréfsáritunar.

B. Áritunarreglur.

Schengen-ríkin hafa sammælst um lista yfir ríki þaðan sem ríkisborgarar, sem koma vilja inn á Schengen-svæðið, skuli háðir vegabréfsáritun. Innan ESB er til sams konar listi með heldur færri ríkjum. Í gildi eru samningar íslenskra stjórnvalda um gagnkvæmt afnám vegabréfsáritunar við 19 ríki sem Schengen-ríkin krefjast vegabréfsáritunar frá. Árið 1994 komu hingað til lands 52 ríkisborgarar þessara ríkja og árið 1995 voru þeir 23.

Af ríkjunum 19 eru 5 á lista ESB. Danir hafa þegar sagt upp samningum við öll ríkin á báðum skránum, en Finnar og Svíar hafa sagt upp samningum við ríkin á ESB-listanum. Slíkt er til athugunar hjá norskum stjórnvöldum. Óháð þátttöku í Schengen-samstarfinu þyrftu íslensk stjórnvöld að segja upp samningum við þessi ríki vegna aðildar að norræna vegabréfaeftirlitssamningnum.

Schengen-ríkin hafa samræmdar reglur um veitingu vegabréfsáritunar. Efnislega eru þær reglur að mestu í samræmi við gildandi reglur hér á landi.

Schengen-ríkin hafa samræmdan áritunarmiða og almennt gildir vegabréfsáritun til eins ríkis sem heimild til að ferðast til þeirra allra. Varðandi veitingu vegabréfsáritunar gildir sú meginregla að sækja skal um vegabréfsáritun hjá diplómatískum yfirvöldum þess ríkis sem stefnt er að því að heimsækja og ef heimsækja á fleiri en eitt ríki er miðað við að það ríki, sem fyrst er heimsótt, veiti áritun. Schengen-ríkin hafa samstarf sín á milli um veitingu vegabréfsáritunar í þeim ríkjum þar sem þau hafa ekki öll sendiráð eða útsenda ræðismenn. Það ríki, sem veitir vegabréfsáritun, ber ábyrgð á veitingu hennar.

Það fyrirkomulag gildir hér á landi að vegabréfsáritun er ekki veitt af sendiráði án þess að umsókn hafi áður verið send útlendingaeftirliti til athugunar og það samþykkt að áritun verði veitt. Þátttaka í Schengen-samstarfinu útilokar ekki slíkt verklag.

Samkvæmt Schengen-reglum mega kjörræðismenn ekki veita vegabréfsáritun. Íslensk stjórnvöld hafa veitt 18 kjörræðismönnum heimild til að veita vegabréfsáritun. Fella þarf þær heimildir úr gildi ef Ísland tekur þátt í Schengen-samstarfinu.

C. Flóttamenn.

Schengen-samstarfið felur ekki í sér sameiginlega stefnu varðandi veitingu hælis eða afstöðu til flóttamanna. Hvert aðildarríki veitir hæli eða dvalarleyfi af mannúðarástæðum í samræmi við eigin lög og alþjóðlegar skuldbindingar.

Í Schengen-samningnum eru aftur á móti reglur um málsmeðferð varðandi það hvaða ríki hefur skyldu til að fjalla um beiðni um hæli. Samningurinn hefur ákvæði um það hvaða ríki skuli teljast fyrsta hælisríki, þannig að umsækjanda um hæli verður ekki vísað á milli margra ríkja sem ekki vilja bera ábyrgð á honum.

4. Lögreglusamvinna.

A. Almennt.

Eins og áður hefur komið fram gengur Schengen-samningurinn út frá þeirri meginreglu að persónueftirlit skuli fellt niður vegna ferðalaga á milli ríkjanna. Afnám persónueftirlits getur haft í för með sér skert öryggi og því eru í samningnum fjölmörg svokölluð stuðningsákvæði til að efla samstarf aðildaríkjanna varðandi öryggis- og afbrotamálefni. Aukin lögreglusamvinna er eitt mikilvægasta stuðningsákvæðið. Þessi lögreglusamvinna varðar m.a.:

a. gagnkvæma aðstoð til að fyrirbyggja og upplýsa afbrot,
b. miðlun upplýsinga í sérstökum tilvikum í þeim tilgangi að fyrirbyggja afbrot eða fyrirbyggja verknaði sem ógna almannaöryggi eða öryggi ríkisins,
c. miðlun upplýsinga í þeim tilgangi að gera eftirlit á ytri landamærum markvissara,
d. útsendingu lögreglumanna (sambandsmanna) til að auðvelda samband lögreglu í tveimur ríkjum,
e. uppsetningu á sameiginlegu upplýsingakerfi.

Auk þessa er náin lögreglusamvinna við landamæri á landi, við gæslu landamæra og vegna eftirfarar yfir innri landamæri.

B. Sirene.

Hvert aðildarríki Schengen-samstarfsins skal setja á fót SIRENE-skrifstofu (Supplément d'information requis à l'entrée nationale) til að miðla milli lögregluyfirvalda upplýsingum sem falla utan þess sem skráð er í upplýsingakerfi Schengen og til að svara fyrirspurnum varðandi upplýsingakerfið. Þá hefur skrifstofan umsjón með annarri lögreglusamvinnu sem fellur innan Schengen-samstarfsins. Hér á landi er gert ráð fyrir að þessi skrifstofa verði hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins og í tengslum við Interpol-deildina þar.

C. Fíkniefni.

Í Schengen-samningnum eru ákvæði um samstarf í baráttu gegn fíkniefnum. Grundvöllur þessa samstarfs eru samningar Sameinuðu þjóðanna um fíkniefni frá 1961, 1972 og 1988. Ísland hefur fullgilt fyrri samningana tvo. Samkvæmt Schengen-samningnum skal setja á fót fastan vinnuhóp þar sem m.a. eru fulltrúar frá lögreglu og tollyfirvöldum til að rannsaka sameiginleg vandamál í baráttunni gegn fíkniefnabrotum og til að gera tillögur um að bæta hagnýt og tæknileg viðhorf vegna samvinnu aðildarríkjanna á þessu sviði. Jafnframt skuldbinda aðildarríkin sig til í samræmi við áðurgreinda samninga Sameinuðu þjóðanna að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja og berjast gegn ólöglegum viðskiptum með ávana- og fíkniefni.

5. Upplýsingakerfi Schengen.

Schengen-ríkin reka sameiginlegt upplýsingakerfi sem samanstendur af kerfi í hverju einstöku aðildarríki og miðlægu tæknilegu stuðningskerfi. Í kerfið er skráðar staðlaðar upplýsingar um einstaklinga og hluti vegna landamæraeftirlits, rannsókna lögreglu og tollyfirvalda og vegna meðferðar á beiðnum um vegabréfsáritun og dvalarleyfi og framkvæmdar á lögum um útlendinga sem liðar í framkvæmd samningsins.

Hvert aðildarríki setur á stofn og rekur á eigin ábyrgð kerfið í sínu landi. Gagnaskrár skulu vera eins hjá öllum aðilum. Aðildarríkin geta ekki sótt upplýsingar í staðbundin kerfi hvers annars. Miðlæga stuðningskerfið sendir vélrænt upplýsingar til kerfanna í hverju einstöku aðildarríki.

Í kerfið má skrá upplýsingar um einstaklinga sem óskað er eftir að verði handteknir í þeim tilgangi að þeir verði framseldir, um útlendinga sem óskað er eftir að neitað verði um sameiginlega Schengen-vegabréfsáritun, en slíkt er einungis heimilt vegna öryggis ríkisins og er þar miðað við að fyrir þurfi að liggja rökstuddar ástæður fyrir skráningu, t.d. að viðkomandi hafi verið dæmdur til a.m.k. eins árs fangelsis. Í kerfið á að skrá einstaklinga sem vegna fyrirbyggjandi aðgerða skulu teknir í gæslu lögreglu og á þetta sérstaklega við um ósjálfráða einstaklinga og þá sem ákveðið hefur verið að hneppa í nauðungarvist. Þá er heimilt að skrá upplýsingar í kerfið í þeim tilgangi að fá upplýsingar um dvalarstaði einstaklinga sem stefna á fyrir dóm í sakamáli eða til að birta þeim dóm eða ákvörðun um afplánun. Sama gildir um einstaklinga og ökutæki sem hafa á undir leynilegu eftirliti og loks er heimilt að skrá í kerfið hluti sem eftirlýstir eru í þeim tilgangi að leggja hald á þá. Þá eru í samningnum ítarleg ákvæði um vernd persónuupplýsinga, um aðgang að skráðum upplýsingum og um notkun þeirra.

Ef Ísland tekur þátt í Schengen-samstarfinu þarf að setja upp staðbundið upplýsingakerfi hér á landi og er fyrirhugað að það verði staðsett í lögreglustöðinni í Reykjavík á sama stað og tölvukerfi lögreglunnar og að umsjón með skráningu í það verði hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins.

6. Kostnaður.

Hvert aðildarríki Schengen-samstarfsins greiðir sjálft þann kostnað sem leiðir af þátttöku í samstarfinu innan lands, þar með talinn stofnkostnað vegna nauðsynlegra breytinga á flugstöðvum vegna kröfu um aðskilnað farþega. Sameiginlegum kostnaði er skipt á milli aðildarríkjanna. Ósamið er um hvernig þeirri skiptingu verði háttað varðandi þátttöku Norðurlandanna í samstarfinu.

Innlendum kostnaði við þátttöku í Schengen-samstarfinu má skipta í tvennt, þ.e. stofnkostnað og aukinn reksturskostnað. Hér verður gerð grein fyrir þeim atriðum sem hafa aukinn kostnað í för með sér, en að svo stöddu er ekki unnt að tilgreina fjárhæðir þar sem unnið er að athugun á því hvernig halda megi kostnaði í lágmarki og er þeirri athugun ekki lokið.

Eftirfarandi atriði munu hafa stofnkostnað í för með sér:

a. *Keflavíkurflugvöllur.* – Vegna kröfu um fullkominn aðskilnað farþega sem ferðast innan Schengen-svæðisins og þeirra sem koma inn á það og fara út af því þarf að gera breytingar á Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

b. *Upplýsingakerfi.* – Setja þarf upp tölvukerfi sem tengt verði Schengen-upplýsingakerfinu. Kostnaður felst í kaupum á vélbúnaði, forritun, pófunum á kerfinu o.fl.
c. *Miðlægt upplýsingakerfi.* – Miðlægt upplýsingakerfi Schengen hefur aðsetur í Strassborg í Frakklandi. Kerfinu þarf að breyta vegna væntanlegrar þátttöku Norðurlandanna í Schengen-samstarfinu. Norðurlöndin þurfa að greiða hlutdeild í kostnaði af kerfinu.
d. *Tölvur.* – Í flugstöðvum, þar sem er alþjóðleg flugumferð, þurfa að vera tölvur sem tengdar eru upplýsingakerfi Schengen. Slíkt er ekki til staðar í flugstöðvum nú.
e. *Þjálfun.* – Kynna þarf þeim sem sinna vegabréfaeftirliti og öðrum lögreglumönnum Schengen-reglur og framkvæmd þeirra.

Helstu atriði sem hafa reksturskostnað í för með sér eru:

a. *Vegabréfaeftirlit.* – Aukinn mannskap þarf til að sinna vegabréfaeftirliti, sérstaklega á Keflavíkurflugvelli kvölds og morgna þegar álag er mest þar.
b. *Tölvukerfi.* – Kostnaður vegna reksturs upplýsingakerfis Schengen er tvíþættur, þ.e. kostnaður vegna tæknimanna sem sjá til þess að kerfið sé ávallt virkt og kostnaður vegna reksturs, þróunar og endurnýjunar á vélbúnaði kerfisins.
c. *SIRENE.* – Hugsanlegt er að bæta þurfi við starfsmönnum hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins vegna reksturs SIRENE-skrifstofunnar og alþjóðlegs samstarfs.
d. *Útlendingaeftirlit.* – Hugsanlegt er að bæta þurfi við starfsmanni hjá útlendingaeftirlitinu vegna aukinna verkefna við vegabréfsáritanir og önnur málefni sem tengjast útlendingaeftirliti.
e. *Sameiginlegur reksturskostnaður.* – Með sameiginlegum reksturskostnaði er átt við hlutdeild í kostnaði af rekstri Schengen-skrifstofunnar í Brussel og kostnaði af rekstri upplýsingakerfis Schengen í Strassborg.
f. *Þátttaka.* – Með þátttöku er átt við þátttöku í fundum um Schengen-samstarfið. Gert er ráð fyrir að fulltrúi dómsmálaráðuneytisins verði í sendiráði Íslands í Brussel og sinni hann flestum fundunum, en auk þess þarf að senda fulltrúa héðan á ýmsa fundi.

7. Lagabreytingar.

Þátttaka í Schengen-samstarfinu kallar á ýmsar lagabreytingar. Þær helstu eru:

a. Lög um eftirlit með útlendingum, nr. 45/1965. Þörf er á heildarendurskoðun laganna og á reglugerðum samkvæmt þeim.
b. Lög um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13/1984. Breyta þarf nokkrum ákvæðum laganna.
c. Lög um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma, nr. 56/1993. Gera þarf lítils háttar breytingu á lögunum.
d. Setja þarf lög eða reglugerðir um lögregluskrár og eftirlit með þeim. Nefnd, sem nýlega hefur verið skipuð til að endurskoða lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, hefur verið falið þetta verkefni.
e. Setja þarf lög um alþjóðlega réttaraðstoð í sakamálum. Slík lagasetning er æskileg án tillits til þátttöku í Schengen-samstarfinu.
f. Fullgilda þarf samning Sameinuðu þjóðanna frá 1988 um ávana- og fíkniefni og í tengslum við það þarf að breyta almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, og e.t.v. fleiri lögum. Fullgilda þarf þennan samning óháð þátttöku í Schengen-samstarfinu. Hafa þegar verið gerðar ráðstafanir til að undirbúa fullgildingu hans.

Fylgiskjal.

SCHENGEN-SAMNINGURINN

Schengen-samningurinn skiptist upp í átta hluta. Hér verður gerð grein fyrir helstu efnisatriðum samningsins. Í I. hluta samningsins eru skilgreiningar á hugtökum og í V. hluta eru ákvæði um völuflutninga sem ekki er beitt þar sem ESB-reglur gilda um þau atriði milli samningsaðila. Ákvæði þessara kafla verða ekki rakin hér.

1. Afnám eftirlits á innri landamærum og ferðalög.

A. Umferð yfir innri landamæri.

Mönnum er heimilt að fara yfir innri landamæri aðildarríkjanna hvar sem er og án þess að þeir sæti nokkru persónueftirliti. Þrátt fyrir afnám landamæraeftirlits er heimilt, að höfðu samráði við önnur aðildarríki, að koma á tímabundinni landamæravörslu á innri landamærum vegna allsherjarreglu og þjóðaröryggis. Afnám landamæraeftirlits takmarkar ekki heimildir aðildarríkjanna til að framkvæma löggæslu innan landamæranna lögum samkvæmt.

B. Umferð um ytri landamæri.

Umferð yfir ytri landamæri skal almennt einungis fara um landamærastöðvar.

Við komu í flughöfn skal hafa eftirlit með farþegum sem koma frá þriðja ríki og handfarangri þeirra haldi þeir áfram flugi innan svæðisins. Farþegar sem koma með flugi innan svæðisins skulu, áður en þeir halda áfram með flugi til þriðja ríkis, háðir eftirliti og sama gildir um handfarangur þeirra. Þessi ákvæði gilda ekki um innritaðan farangur sem annaðhvort er háður eftirliti á upphaflegum brottfararstað eða áfangastað.

Heimilt er að veita útlendingi leyfi til komu inn á Schengen-svæðið og til dvalar þar í allt að þrjá mánuði ef hann hefur skilríki sem framkvæmdanefndin hefur ákveðið að teljist fullnægjandi til að koma inn á svæðið. Þau eru að hann hafi gilda áritun þegar þess er krafist, að hann geti lagt fram sannanir fyrir tilgangi og skilyrðum dvalar og hafi efni á framfærslu meðan á dvöl stendur og til heimferðar eða ferðar til þriðja ríkis þar sem honum er tryggð koma eða hann geti á lögmætan hátt framfleytt sér, að hann hafi ekki verið lýstur óæskilegur í landinu og ekki megi ætla að hann muni spilla allsherjarreglu eða öryggi ríkisins í aðildarríki eða alþjóðlegum tengslum þeirra. Neita skal útlendingi, sem ekki uppfyllir öll skilyrði til aðgangs að svæðinu, um að koma inn á svæðið nema nauðsynlegt sé að víkja frá þeirri reglu af mannúðarástæðum, m.a. samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum. Þegar þannig stendur á gildir heimild til komu inn á svæðið aðeins fyrir það ríki sem slíka ákvörðun tekur og skal hún tilkynnt öðrum aðildarríkjum. Útlendingi, sem hefur dvalarleyfi eða áritun til endurkomu til einhvers aðildarríkis, skal veita leyfi til ferðar gegnum ríki þar sem hann kemur inn á svæðið, nema viðkomandi ríki hafi lýst hann óæskilegan útlending.

Eftirlit á ytri landamærum aðildarríkjanna skal framkvæmt af þar til bærum yfirvöldum samkvæmt samræmdum reglum á svæðinu og að lögum viðkomandi ríkis að teknu tilliti til sameiginlegra hagsmuna aðildarríkjanna. Samræmdu reglurnar eru að eftirlit með

einstaklingum tekur ekki einungis til þess að staðreyna ferðaskilríki og önnur skilyrði fyrir komu inn á svæðið, dvöl þar, vinnu og brottför af svæðinu, heldur einnig rannsókna á og varna gegn hótunum gegn öryggi ríkisins og allsherjarreglu á Schengen-svæðinu.

C. Vegabréfsáritanir vegna stuttrar dvalar.

Aðildarríkin skulu framfylgja sameiginlegum viðmiðunum varðandi ferðalög, sérstaklega varðandi reglur um vegabréfsáritanir. Ríkin skuldbinda sig til að framfylgja samræmdum reglum um útgáfu á áritunum, sem óheimilt er að víkja frá nema með samþykki þegar sérstakar aðstæður krefjast.

Taka skal upp sameiginlega vegabréfsáritun sem gildir á öllu Schengen-svæðinu og getur hún gilt fyrir dvöl sem stendur allt að þremur mánuðum.

Áritun getur gilt fyrir eina eða fleiri komur inn á svæðið og einnig má gefa út áritun vegna ferðar í gegnum svæðið, en slík áritun má þó ekki gilda nema að hámarki fimm daga.

Áritun skal gefin út af stjórnarerindrekum aðildarríkjanna eða ræðismönnum. Meginreglan er að áritun skal gefin út af fulltrúum þess ríkis sem ferðinni er heitið til. Sé slíkt ekki unnt skal áritun almennt gefin út af fulltrúum fyrsta komuríkis inn á svæðið.

Ekki má veita áritun á útrunnin ferðaskilríki. Ferðaskilríkin skulu hafa lengri gildistíma en áritunin. Ferðaskilríkin skulu hafa nægilega langan gildistíma til að útlendingurinn geti ferðast til baka til heimaríkis eða þriðja ríkis. Áritun má almennt því aðeins veita að útlendingur uppfylli öll skilyrði fyrir komu inn á svæðið. Telji aðili ástæðu til að veita undanþágu frá skilyrðum um aðgang að svæðinu má það veita útlendingi áritun sem takmarkast við landsvæði viðkomandi ríkis.

D. Vegabréfsáritanir til lengri dvalar.

Hvert ríki gefur út vegabréfsáritun til lengri dvalar en þrjá mánuði í samræmi við eigin lög.

E. Skilyrði fyrir komu og dvöl útlendings.

Útlendingur frá þriðja ríki með sameiginlega áritun getur ferðast frjálst innan svæðisins meðan áritunin er í gildi.

Útlendingur, sem er undanþeginn skyldu til vegabréfsáritunar, getur ferðast frjálst innan svæðisins í allt að þrjá mánuði.

Útlendingur með gilt dvalarleyfi ásamt gildu ferðaskilríki má ferðast frjálst um svæðið í allt að þrjá mánuði.

Útlendingi, sem löglega kemur til lands á Schengen-svæðinu, er skylt að tilkynna sig til viðkomandi yfirvalda í því landi samkvæmt skilyrðum sem viðkomandi ríki setur. Slíkrar tilkynningar er hægt að krefjast við komu eða í síðasta lagi innan þriggja virkra daga eftir komu. Útlendingi með búsetu í einu aðildarríki sem ferðast til annars aðildarríkis er með sama hætti skylt að tilkynna sig. Undantekningar frá þessum reglum ákveður hvert aðildarríki.

Útlendingur, sem ekki uppfyllir lengur skilyrði fyrir leyfi til skammrar dvalar, skal að meginreglu þegar yfirgefa Schengen-svæðið. Hafi útlendingur gilt dvalarleyfi eða bráðabirgðadvalarleyfi í einu aðildarríki skal hann þegar fara til þess ríkis. Yfirgefi útlendingur ekki viðkomandi svæði telst hann ekki vilja yfirgefa það og teljist það nauðsynlegt vegna öryggi ríkisins eða allsherjarreglu skal honum vísað úr landi. Þessi ákvæði hindra ekki beitingu ákvæða í lögum aðildarríkjanna um hæli og Genfarsamningsins um réttarstöðu flóttamanna.

F. Dvalarleyfi og einstaklingar sem eru skráðir sem óæskilegir útlendingar.

Hyggist aðildarríki veita útlendingi, sem er á skrá yfir óæskilega útlendinga og vísa ber frá svæðinu, dvalarleyfi skal það hafa samráð við önnur aðildarríki og taka tillit til hagsmuna þeirra. Dvalarleyfi skal því aðeins veitt að gildar ástæður mæli með því, svo sem mannúðarástæður eða alþjóðlegar skyldur.

G. Viðbótarráðstafanir.

Með undantekningu, sem leiðir af skyldum samkvæmt Genfarsamningnum um réttarstöðu flóttamanna, skuldbinda aðildarríkin sig til að lögfesta reglur um að flutningsaðila verði gert að flytja viðkomandi útlending til baka þegar honum er neitað um aðgang að Schengen-svæðinu. Flutningsaðila er skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að kanna hvort útlendingur sem fluttur er flug- eða sjóleiðis hafi gild ferðaskilríki til að geta fengið aðgang að svæðinu.

H. Ábyrgð á meðferð beiðna um hæli.

Aðildarríkin staðfesta skyldur sínar samkvæmt Genfarsamningnum um réttarstöðu flóttamanna.

Aðildarríkin skuldbinda sig til að fjalla um sérhverja beiðni um hæli frá útlendingi á landsvæði einhvers aðildarríkis. Slík skylda felur ekki í sér skyldu ríkis í öllum tilvikum til að veita umsækjanda rétt til komu eða dvalar á landsvæði þess. Sérhvert aðildarríki áskilur sér rétt til að láta eigin reglur gilda um endursendingu og brottvísun umsækjanda um hæli til þriðja ríkis.

Óháð því í hvaða aðildarríki útlendingur leggur fram beiðni um hæli skal aðeins eitt ríki bera ábyrgð á meðferð beiðninnar. Þótt meðferð beiðni sé hjá öðru ríki getur sérhver samningsaðili, í sérstökum tilvikum, fjallað á sama tíma um beiðni um hæli.

Komi beiðni um hæli til ríkis sem ekki fjallar um málið getur það ríki óskað eftir því að umsækjandinn verði fluttur til þess ríkis þar sem málið er til meðferðar. Skylt er að verða við slíkum tilmælum ef beiðni þar að lútandi berst innan sex mánaða frá því að beiðni um hæli var móttekin.

Meðferð á beiðni um hæli fer samkvæmt reglum þess ríkis sem ber ábyrgð á meðferð hennar.

Dvelji umsækjandi um hæli ólöglega í öðru aðildarríki en því sem hefur beiðni hans til meðferðar er ríkinu sem fer með málið skylt að taka við honum á ný. Ríki sem hafnar endanlega beiðni um hæli er skylt að taka við umsækjanda hafi hann farið til annars aðildarríkis án þess að hafa dvalarleyfi þar.

Aðildarríki sem hefur veitt útlendingi stöðu flóttamanns og veitt honum dvalarleyfi er skylt að fjalla um beiðni um hæli frá fjölskyldumeðlimi hans.

Hver samningsaðili veitir samkvæmt beiðni öðrum samningsaðila þær upplýsingar, sem hann hefur um umsækjanda um hæli og sem nauðsynlegar eru til ákvörðunar á því hvaða samningsaðili skuli fjalla um beiðni, til meðferðar á beiðni um hæli og til að uppfylla skyldur samkvæmt þessum kafla samningsins. Þessar upplýsingar mega einungis vera persónuupplýsingar um umsækjanda og hugsanlega um fjölskyldumeðlimi hans. Samningsaðili getur auk þess beðið annan samningsaðila um að fá upplýst hvaða ástæður umsækjandi um hæli færði fyrir umsókn sinni og rökstuðning þeirrar ákvörðunar sem kann að hafa verið tekin. Samningsaðili sem fær slíka beiðni metur hvort unnt sé að verða við henni. Slíkar upplýsingar má einungis veita með samþykki umsækjanda. Þessi upplýsingaskipti gerast samkvæmt beiðni samningsaðila og mega einungis eiga sér stað milli þeirra stjórnvalda sem hver samningsaðili hefur tilnefnt. Upplýsingarnar má einungis veita í þeim tilgangi er greinir í upphafi þessarar málsgreinar. Þær má einungis framsenda þeim stjórnvöldum og dómstólum sem hafa það hlutverk að ákveða hvaða samningsaðili skuli fjalla um umsóknina. Umsækjandi um hæli hefur samkvæmt beiðni heimild til að fá upplýst hvaða upplýsingar voru veittar um hann, svo fremi sem slíkt er unnt. Komist hann að því að þessar upplýsingar eru rangar eða að ekki hafi átt að veita þær hefur hann rétt til að krefjast leiðréttinga á þeim eða að þeim verði eytt. Hverjum samningsaðila er skylt að skrá hvaða upplýsingar hann hefur veitt og móttekið. Upplýsingarnar skulu einungis varðveittar svo lengi sem nauðsynlegt er vegna tilgangs þeirra. Veittar upplýsingar skulu a.m.k. njóta sömu verndar og gilda samkvæmt lögum viðtökulandsins um sambærilegar upplýsingar. Hver samningsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja virkt eftirlit.

2. Lögregla og öryggi.

A. Lögreglusamvinna.

Lögregluyfirvöld í aðildarríkjunum skulu veita gagnkvæma aðstoð til að fyrirbyggja og upplýsa refsiverða verknaði, í öðrum tilvikum en þegar atbeina dómstóla þarf til að biðja um og veita umbeðnar upplýsingar, og unnt sé að verða við beiðni án þess að þvingunarráðstöfunum verði beitt. Skriflegar upplýsingar má aðeins nota sem sönnunargögn að skriflegt samþykki liggi fyrir frá viðkomandi yfirvöldum þess ríkis sem veitti upplýsingarnar.

Hafi lögregla mann undir eftirliti vegna rannsóknar máls sem leitt getur til framsals getur hún haldið eftirliti áfram í öðru ríki að fengnu leyfi þess á grundvelli réttarbeiðni. Skilyrða má slíkt leyfi. Samkvæmt beiðni skal eftirlit flutt til lögreglu þess ríkis þar sem það er framkvæmt. Þegar ríki á landamæri á landi að öðru ríki má í áríðandi tilvikum vegna rannsóknar á nánar tilgreindum afbrotum halda eftirliti áfram í öðru ríki án fyrir fram samþykkis samkvæmt nánari ákvæðum samningsins.

Hafi lögregla í ríki staðið mann að verki við nánar tilgreind afbrot er heimilt að elta hann inn í annað ríki sem á landamæri á landi að ríkinu án sérstaks leyfis, enda hafi ekki gefist tími til að upplýsa viðkomandi ríki um málið eða yfirvöld þess höfðu ekki möguleika á að taka við eftirförinni. Sama gildir þegar strokufangar eru eltir.

Skylt er að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hótelhaldarar og aðrir er hýsa fólk sjái til þess að erlendir gestir, þar með taldir borgarar aðildarríkjanna, að undanskildum mökum, börnum og þátttakendum í hópferðum, fylli persónulega út og undirriti skráningarkort og að þeir sanni á sér deili með gildum skilríkjum. Þessi gögn skulu vera aðgengileg fyrir yfirvöld vegna öryggis, málsmeðferðar, eftirlýstra manna eða vegna slysa. Sama gildir um aðra næturstaði sem í atvinnuskyni eru til boða, svo sem tjaldsvæði, hjólhýsasvæði og báta.

Aðildarríkin geta gert tímabundið eða ótímabundið samkomulag um staðsetningu sambandsmanna í þeim tilgangi að auðvelda samskipti milli ríkjanna varðandi skipti á upplýsingum til að fyrirbyggja eða upplýsa refsiverða verknaði, auðvelda gagnkvæma réttaraðstoð milli lögreglu og réttarkerfis landanna og veita þeim aðstoð sem gæta ytri landamæra. Sambandsmennirnir skulu veita ráðgjöf og aðstoð en hafa ekki heimild til að starfa sem lögreglumenn. Aðildarríkjum skulu veittar upplýsingar um staðsetningu sambandsmanna í þriðja ríki og er heimilt að þeir veiti þriðja ríki upplýsingar og aðstoð.

B. Gagnkvæm aðstoð í sakamálum.

Ákvæði samningsins um þessi atriði eru til viðbótar við Evrópusamning um gagnkvæma aðstoð í sakamálum. Veita skal gagnkvæma réttaraðstoð við rekstur máls vegna verknaðar sem í öðru eða báðum aðildarríkunum sætir stjórnsýslumeðferð, enda sé hægt að bera málið undir dómstóla, vegna bótakröfu fyrir ólögmæta málsmeðferð eða sakfellingu, varðandi meðferð beiðni um náðun, varðandi einkaréttarkröfur í tengslum við sakamál, enda sé refsiþáttur málsins enn til meðferðar, við birtingu gagna í tengslum við fullnustu refsingar, þar með talda innheimtu sekta eða sakarkostnaðar, eða annarra viðurlaga, og varðandi ráðstafanir í tengslum við skilorðsbindingu á ákvörðun eða fullnustu refsingar, reynslulausn, frestun á fullnustu refsingar o.fl.

Skylt er að veita aðstoð í málum vegna brota á lögum og reglum varðandi ýmsa tolla og skatta. Óheimilt er að synja um aðstoð á þeirri forsendu að viðkomandi gjöld séu ekki innheimt í því ríki þar sem beðið er um aðstoð. Upplýsingar sem veittar eru vegna meðferðar slíkra mála má ekki nota vegna meðferðar annarra mála án samþykkis.

Ekki má setja önnur skilyrði fyrir því að verða við beiðni um rannsókn eða haldlagningu en að verknaður varði a.m.k. sex mánaða refsivist samkvæmt lögum beggja aðildarríkjanna eða hann varði slíkri refsingu samkvæmt lögum annars aðildarríkisins en geti sætt stjórnsýslumeðferð í hinu ríkinu, enda sé unnt að bera málið undir dómstól, eða að beiðnin, verði orðið við henni, sé í andstöðu við lög þess ríkis þar sem beðið er um aðstoð.

Heimilt er að senda dómskjöl og kvaðningar í pósti til aðila í öðru aðildarríki. Sé ástæða til að ætla að móttakandi skilji ekki það tungumál sem skjölin eru á skal þýða þau eða úrdrátt úr þeim á tungumál þess ríkis sem sent er til. Viti sendandi að móttakandi skjala skilur aðeins eitthvert annað tungumál skal þýða skjöl eða úrdrátt úr þeim á það tungumál. Vitni eða sérfróða aðila, sem ekki sinna stefnu sem send hefur verið með pósti, má ekki beita neinum viðurlögum eða þvingunarráðstöfunum, þrátt fyrir aðvörun í stefnu þar um, þótt þeir mæti ekki, nema þeir fari síðar af sjálfsdáðum til landsvæðis þess aðila sem stefndi þeim og þeim sé þar stefnt á ný. Þegar verknaður, sem leiðir til réttarbeiðni, sætir samkvæmt lögum beggja samningsaðila málsmeðferð fyrir stjórnvöldum, sem unnt er að bera undir dómstól, skal almennt senda skjöl um það mál með pósti.

Almennt skal senda beiðnir um réttaraðstoð og svör beint á milli viðkomandi dómsmálayfirvalda en þó er einnig heimilt að beiðnir og svör fari í gegnum dómsmálaráðuneyti aðildarríkjanna eða Interpol. Beiðnir um tímabundinn flutning eða gegnumflutning á frjálsræðissviptum manni og beiðnir um upplýsingar um sakaferil eða upplýsingar úr sakaskrá skal senda um viðkomandi dómsmálaráðuneyti.

C. Áhrif „ne bis in idem" reglunnar.

„Ne bis in idem" reglan fjallar um það að hvaða leyti refsidómur sem kveðinn er upp í einu ríki skuli koma í veg fyrir að dæmt verði í sama máli í öðru ríki, sbr. m.a. 8. gr. a og b almennra hegningarlaga.

Hafi maður verið dæmdur með endanlegum dómi í einu aðildarríki er óheimilt að reka mál fyrir sama verknað í öðru aðildarríki þegar refsingunni hefur verið fullnægt, verið er að fullnusta hana eða ekki er unnt að fullnusta henni vegna löggjafar í dómsríkinu.

Aðildarríki getur við fullgildingu eða aðild að samningnum lýst því yfir að það sé í einu eða fleiri af eftirfarandi tilvikum ekki bundið af framangreindri reglu: Ef verknaður sem lá til grundvallar hinum erlenda dómi var framinn að hluta eða öllu leyti á landsvæði þess. Þetta gildir þó ekki ef verknaðurinn var að hluta framinn á landsvæði dómsríkisins. Það sama gildir ef verknaður braut gegn öryggi ríkisins eða öðrum álíka mikilvægum hagsmunum eða ef hann var framinn af manni í þjónustu ríkisins sem með verknaðinum braut þar með opinberar skyldur sínar.

Sé á ný höfðað mál gegn manni fyrir verknað sem hann hefur þegar hlotið dóm fyrir í öðru ríki skal draga frá viðurlögunum sérhverja frjálsræðissviptingu sem hann hefur afplánað í öðru aðildarríki vegna verknaðarins. Sama gildir um aðra frjálsræðissviptingu sem hann hefur sætt vegna verknaðarins. Sé mál sem dæmt hefur verið í einu ríki á ný til meðferðar í öðru ríki skal það ríki, ef það telur slíkt nauðsynlegt, biðja ríkið sem þegar hefur dæmt í málinu um allar mikilvægar upplýsingar um málið.

D. Framsal.

Ákvæði samningsins um framsal eru til viðbótar við Evrópusamning um framsal sakamanna. Hafi aðildarríki ekki fullgilt þann samning gilda þó ákvæði hans í samskiptum aðildarríkjanna. Schengen-samningurinn hindrar ekki beitingu víðtækari ákvæða í gagnkvæmum samningi aðildarríkjanna.

Varðandi fyrningu gilda einungis lög þess ríkis sem biður um framsal. Náðun eða sakaruppgjöf kemur ekki í veg fyrir framsal nema hinn refsiverði verknaður falli undir refsilögsögu þess ríkis sem slíkt veitti. Krefjist lög þess ríkis sem beðið er um framsal að fyrir liggi formleg kæra eða opinber heimild til málshöfðunar hefur það ekki áhrif á skyldu til framsals að slíkt skjal liggi ekki fyrir.

Skylt er að framselja menn vegna brota á lögum um tolla og skatta, bæði vegna málsmeðferðar og fullnustu dóma. Skilyrði Evrópusamningsins um framsal gilda í þessum tilvikum.

Sé framsal ekki beinlínis óheimilt skal aðildarríki heimila framsal án formlegrar málsmeðferðar ef sá aðili sem óskast framseldur gefur formlegt samþykki fyrir því hjá dóm-

ara eða öðru þar til bæru yfirvaldi, eftir að honum hefur verið kynntur réttur til málsmeðferðar. Þegar yfirlýsing er gefin skal viðkomandi geta notið aðstoðar lögmanns. Við framkvæmd framsals samkvæmt eigin samþykki getur viðkomandi ekki afturkallað yfirlýsingu sína eftir að hafa afsalað sér þeirri vernd sem felst í sérreglunni. (Sú regla fjallar um það að ekki megi höfða mál á hendur framseldum manni, dæma hann eða fullnusta dóm á hendur honum vegna annars afbrots, sem framið var fyrir framsal, nema að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum.)

E. Flutningur á fullnustu refsiákvarðana.

Ákvæði samningsins eru til viðbótar við Evrópusamning um flutning dæmdra manna.

Nú er ríkisborgari eins aðildarríkis dæmdur í öðru aðildarríki til refsivistar og hann kemur sér undan fullnustu refsingarinnar með því að fara til þess ríkis þar sem hann er ríkisborgari og er þá unnt að biðja það ríki um að fullnægja refsingunni. Flutningur á fullnustu refsingar er ekki háður samþykki dómþola.

F. Fíkniefni.

Setja skal á fót fastan vinnuhóp, m.a. með fulltrúum lögreglu og tollyfirvalda, til að rannsaka sameiginleg vandamál í baráttunni gegn fíkniefnabrotum og hugsanlega að gera tillögur um að bæta hagnýt og tæknileg viðhorf vegna samvinnu aðildarríkjanna á þessu sviði.

Varðandi beina eða óbeina verslun með hvers konar ávana- og fíkniefni skuldbinda aðildarríkin sig, í samræmi við samninga Sameinuðu þjóðanna á þessu sviði, að grípa til sérhverra ráðstafana sem eru nauðsynlegar til að fyrirbyggja og berjast gegn ólöglegri verslun með ávana- og fíkniefni. Aðildarríkin skuldbinda sig til að fyrirbyggja ólöglegan útflutning á ávana- og fíkniefnum með stjórnvalds- og refsiréttarlegum úrræðum. Í þeim tilgangi að berjast gegn ólöglegum innflutningi ávana- og fíkniefna skerpa aðildarríkin eftirlit á ytri landamærum með einstaklingum, vörum og flutningatækjum, m.a. með notkun nýjustu tækni við leit að fíkniefnum og með fíkniefnahundum. Sérstök gát skal höfð með stöðum þar sem verslun með fíkniefni fer venjulega fram. Til að berjast gegn ólöglegri eftirspurn eftir ávana- og fíkniefnum grípur hvert aðildaríki til aðgerða til að fyrirbyggja og berjast gegn neikvæðum áhrifum eftirspurnarinnar. Hvert aðildarríki ákveður hvaða aðgerðum það beitir í þessum tilgangi.

Aðildarríki skulu tryggja að fullnægjandi lagaheimildir séu til að leggja hald á og gera upptækar eignir sem stafa af verslun með ávana- og fíkniefni.

Aðildarríkin skulu vegna ólöglegrar verslunar með ávana- og fíkniefni hafa möguleika á afhendingu undir eftirliti.

Eftirlit með löglegri verslun ávana- og fíkniefna í samræmi við samninga Sameinuðu þjóðanna skal fara fram innan lands. Þeir sem ferðast til eða innan aðildarríkjanna mega flytja þau ávana- og fíkniefni sem þeim eru nauðsynleg vegna læknismeðferðar, enda geti þeir við eftirlit framvísað vottorði gefnu út eða staðfestu af viðkomandi yfirvaldi í búsetulandi.

G. Skotvopn og skotfæri.

Aðildarríkin skuldbinda sig til að löggjöf þeirra og reglur um kaup, vörslu, sölu og afhendingu á skotvopnum og skotfærum verði í samræmi við ákvæði samningsins. Skotvopn samkvæmt samningnum eru bönnuð vopn, vopn sem háð eru leyfum og vopn sem háð eru tilkynningu. Lásar, magasín og hlaup skotvopna eru háð sömu reglum og þau skopvopn sem þau eru hluti af. Stutt skotvopn eru skotvopn með allt að 30 cm hlaupi eða þegar samanlögð lengd fer ekki yfir 60 cm. Önnur skotvopn teljast löng skotvopn.

Í samningnum er gerð nánari grein fyrir mismunandi flokkum skotvopna. Ákvæði hans gilda ekki um skotvopn sem eru framleidd fyrir 1870 eða eftir fyrirmynd frá því fyrir 1870 nema í sérstökum undantekningartilvikum, enda sé ekki hægt að skjóta úr þessum vopnum með skotfærum fyrir bönnuð vopn eða vopn sem háð eru sérstöku leyfi. Sama gildir um eftirlíkingar af þessum vopnum, enda sé ekki hægt að nota málmskothylki í þær, og skotvopn sem tæknilega eru gerð ónothæf til að skjóta hvers konar skotfærum og bera því til staðfestingar opinberan stimpil eða eru viðurkennd af slíku yfirvaldi.

Leyfi til kaupa og varðveislu skotvopna má einungis veita þeim sem eru 18 ára, í undantekningartilvikum má þó víkja frá þessu skilyrði vegna veiði eða íþróttaiðkana, þeim sem vegna geðrænna sjúkdóma eða af öðrum líkamlegum eða andlegum annmörkum eru ekki óhæfir til að kaupa eða varðveita skotvopn, þeim sem ekki hafa verið sakfelldir fyrir refsiverðan verknað eða ekki má telja að á annan hátt skapi hættu fyrir opinbert öryggi eða allsherjarreglu og þeim sem geta fært fram gild rök fyrir kaupum og varðveislu á skotvopni.

Halda skal skrá um tilkynningarskyld skotvopn samkvæmt nánari reglum sem tilgreindar eru. Jafnframt skal skylt að krefjast löggildingar til að framleiða og versla með skotvopn, sem eru leyfis- eða tilkynningarskyld. Þá skal raunhæft eftirlit haft með þessum aðilum. Skotvopn skulu vera með óafmáanlegu raðnúmeri og merki framleiðanda og vopnaframleiðendur og söluaðilar skulu halda skrár yfir öll leyfis- og tilkynningarskyld vopn sem þeir framleiða og hafa til sölu og skotvopnaleyfi skulu bera númer og nafn framleiðanda þess vopns sem leyft er.

Þeim sem löglega hefur vopn sem er leyfis- eða tilkynningarskylt er óheimilt að afhenda það öðrum sem ekki hefur leyfi eða tilkynningarvottorð. Skylt er að hafa í lögum ákvæði um að leyfi sé hægt að afturkalla uppfylli viðkomandi ekki lengur skilyrði til að eiga vopn og gera skal nauðsynlegar ráðstafanir ef gildandi lög og reglur um skotvopn eru brotin, sem m.a. feli í sér heimild til haldlagningar og upptöku á skotvopni, afturköllun á leyfi og beitingu viðurlaga.

Þá eru í samningnum ákvæði um að unnt sé að breyta ákæðum hans um það hvaða vopn séu leyfis- eða tilkynningarskyld, að heimilt sé að hafa strangari ákvæði en samningurinn gerir ráð fyrir og um skipti á upplýsingum í nánar tilgreindum tilvikum.

3. Upplýsingakerfi Schengen.

A. Stofnun upplýsingakerfisins.

Samningsaðilar stofna og reka sameiginlegt upplýsingakerfi sem samanstendur af kerfi í hverju einstöku aðildarríki og miðlægu tæknilegu stuðningskerfi. Kerfið veitir tilnefndum aðilum aðgang að stöðluðum upplýsingum um einstaklinga og hluti vegna landamæraeftirlits, rannsókna lögreglu og tollyfirvalda og vegna annarra rannsókna innan lands, vegna meðferðar á beiðnum um vegabréfsáritun og dvalarleyfi og framkvæmdar á lögum um útlendinga sem liðar í framkvæmd samningsins.

Hver samningsaðili setur á stofn og rekur á eigin ábyrgð kerfið í sínu landi. Gagnaskrár skulu vera eins hjá öllum aðilum.

Miðlæga stuðningskerfið sendir vélrænt upplýsingar til kerfanna í hverju einstöku aðildarríki. Í gagnasafni miðlæga kerfisins eru upplýsingar um einstaklinga og hluti sem hafa þýðingu fyrir alla samningsaðila.

B. Rekstur og notkun upplýsingakerfisins.

Markmiðið með rekstri upplýsingakerfisins er að veita upplýsingar í þeim tilgangi að viðhalda allsherjarreglu og öryggi, þar með talið öryggi ríkisins, og auðvelda framkvæmd samningsins um ferðalög á landsvæðum samningsaðila.

Upplýsingar í kerfinu eru um einstaklinga og hluti. Um einstaklinga má skrá upplýsingar um nafn, sérstök óbreytanleg líkamleg einkenni, fyrsta bókstaf í öðru eiginnafni, fæðingardag og fæðingarstað, kyn, ríkisfang, hvort viðkomandi er vopnaður, hvort hann er talinn ofbeldissinnaður, ástæðu fyrir skráningu og til hvaða ráðstafana óskað er eftir að gripið verði. Telji samningsaðili að skýrsla sem fylgir með beiðni um aðgerðir sé í andstöðu við lög þess ríkis, alþjóðlegar skuldbindingar eða mikilvæga hagsmuni ríkisins getur það skráð athugasemd í sinn hluta kerfisins um að beiðnin verði ekki framkvæmd á landsvæði hans.

Í kerfið eru skráðar upplýsingar um einstaklinga sem óskað er eftir að handteknir verði í þeim tilgangi að verða framseldir. Samhliða skráningu skal senda þeim aðildarríkjum sem skráningu er beint til upplýsingar um hver gaf út handtökubeiðni, hvort fyrir liggi handtökuskipun eða sambærileg ákvörðun, um hvaða refsiverðan verknað er að ræða og lagalega skilgreiningu hans, lýsingu á við hvaða aðstæður afbrot var framið, m.a. um stað og tíma, og að hve miklu leyti sá sem óskast framseldur tók þátt í því og, að svo miklu leyti sem unnt er, hvaða afleiðingar hinn refsiverði verknaður hafði. Geti samningsaðili ekki orðið við beiðni um handtöku vegna þess að hann hefur ekki viðurkennt hana eða neitar að framkvæma hana skal litið á beiðnina sem beiðni um að fá upplýsingar um dvalarstað viðkomandi. Aðildarríki er ekki skylt að verða við beiðnum er varða ríkisborgara þess.

Í kerfið eru skráðar upplýsingar um útlendinga sem óskað er eftir að verði neitað um aðgang að Schengen-svæðinu. Slíkar upplýsingar eru skráðar að beiðni einstakra ríkja og vegna ákvörðunar sem tekin er af þar til bæru stjórnvaldi eða dómstóli í samræmi við reglur viðkomandi ríkis um málsmeðferð. Þessar ákvarðanir geta verið rökstuddar með því að dvöl viðkomandi útlendings geti skapað hættu fyrir opinbert öryggi eða allsherjarreglu eða vegna öryggis ríkisins. Þetta gildir sérstaklega um útlendinga sem dæmdir hafa verið fyrir afbrot sem varðar a.m.k. eins árs refsivist og útlendinga sem rökstuddur grunur leikur á að hafi framið alvarlegt afbrot eða fyrir liggja ákveðnar vísbendingar um að ætli að fremja slíka verknaði á svæðinu. Slíkar ákvarðanir geta einnig verið rökstuddar með því að viðkomandi útlendingi hafi áður verið vísað úr landi eða hann endursendur með banni um endurkomu og dvöl í landinu, enda hafi slík ákvörðun ekki verið ógilt eða felld úr gildi.

Í kerfið eru skráðar upplýsingar um horfna menn eða einstaklinga sem vegna eigin öryggis eða fyrirbyggjandi aðgerða, að beiðni viðkomandi yfirvalds, skulu þegar teknir í gæslu þannig að lögregla geti tilkynnt þeim yfirvöldum sem báðu um aðgerðir um dval-

arstað viðkomandi eða hindrað frekari ferð þeirra, enda sé slíkt heimilt að lögum. Þetta ákvæði á sérstaklega við ósjálfráða einstaklinga og þá sem ákveðið hefur verið að nauðungarvista.

Í þeim tilgangi að fá upplýsingar um dvalarstað eða búsetu vitna eða einstaklinga sem stefna á fyrir dóm í sakamáli eða til að birta dóm eða ákvörðun um afplánun er heimilt að skrá upplýsingar um þá í kerfið.

Í kerfið skal skrá upplýsingar um einstaklinga og ökutæki í þeim tilgangi að hafa þá (þau) undir leynilegu eftirliti eða til að taka þá (þau) til sérstakrar athugunar. Slík skráning skal gerð vegna reksturs sakamáls og til að fyrirbyggja að hótanir er beinast að allsherjarreglu verði framkvæmdar, enda liggi fyrir rökstuddur grunur um að viðkomandi ætli, eða hafi í huga, að fremja fleiri sérstaklega alvarleg afbrot eða með hliðsjón af heildarmati á viðkomandi, að teknu tilliti til fyrri afbrota, eða ætla má að hann í framtíðinni fremji sérstaklega alvarlegt afbrot. Að beiðni þeirra sem bera ábyrgð á öryggi ríkisins er heimilt að skrá í kerfið upplýsingar þegar fyrir liggja ákveðnar ástæður til að ætla að slíkt sé nauðsynlegt til að fyrirbyggja alvarlegar hótanir frá viðkomandi eða aðrar alvarlegar hótanir gegn innra eða ytra öryggi ríkisins. Vegna leynilegrar eftirfarar eru í samningnum ákvæði um atriði sem heimilt er að safna og veita upplýsingar um til viðkomandi ríkis. Í þeim tilgangi sem hér er fjallað um er heimilt að framkvæma rannsókn á einstaklingum og farartækjum og farangri.

Í kerfið skal skrá upplýsingar um hluti sem eftirlýstir eru í þeim tilgangi að leggja hald á þá eða eru sönnunargögn í sakamáli. Upplýsingar um eftirtalda flokka hluta skulu skráðar: Stolin eða á annan hátt horfin ökutæki með sprengirými yfir 50 cm^3, stolna eða á annan hátt horfna eftirvagna og hjólhýsi sem eru yfir 750 kg, stolin eða á annan hátt horfin skotvopn, stolin eða á annan hátt horfin eyðuskjöl, stolin eða á annan hátt horfin persónuskilríki og peningaseðla.

Aðgang að upplýsingum úr kerfinu skulu þeir einir hafa sem ábyrgð bera á landamæraeftirliti og önnur lögreglu- og tollyfirvöld sem ábyrgð bera á rannsóknum innan lands eða samræmingu á þeim. Sama gildir um yfirvöld sem ábyrgð bera á útgáfu á vegabréfsáritunum, miðlæg yfirvöld sem ábyrgð bera á rannsóknum á beiðnum um vegabréfsáritun og yfirvöld sem ábyrgð bera á útgáfu dvalarleyfa og yfirvöld sem framkvæma útlendingalöggjöfina að svo miklu leyti sem þeim er það nauðsynlegt vegna sinna starfa vegna framkvæmdar á ákvæðum samningsins um ferðalög. Notendur mega einungis sækja upplýsingar sem þeim eru nauðsynlegar vegna starfa sinna.

C. Vernd og öryggi persónuupplýsinga í upplýsingakerfinu.

Samningsaðilar mega einungis nota upplýsingar í upplýsingakerfi Schengen í þeim tilgangi sem þar er tilgreindur.

Aðili má ekki afrita upplýsingar frá öðrum aðila til nota í öðrum gagnasöfnum innan lands. Aðili má einungis fara frá einum skráningarflokki til annars í kerfinu þegar slíkt er nauðsynlegt til að fyrirbyggja yfirvofandi hættu gegn allsherjarreglu og öryggi, vegna alvarlegrar hótunar gegn öryggi ríkisins eða vegna alvarlegs afbrots, enda sé áður fengin heimild frá skráningaraðila.

Í samningnum eru ákvæði um innra eftirlit með kerfinu í hverju einstöku ríki og að skráningar í kerfið og framkvæmd beiðna í kerfinu fari að landslögum nema samning-

urinn innihaldi strangari eða að öðru leyti önnur ákvæði og að viðkomandi ríki beri ábyrgð á upplýsingum sem það setur í kerfið og að þær séu settar í það með lögmætum hætti. Einungis sá sem skráir upplýsingar má breyta þeim, bæta við þær eða afmá þær. Þar sem í samningnum eru ákvæði um framkvæmd beiðna fer það að lögum þess ríkis sem beiðni er beint til hver ber ábyrgð á framkvæmdinni. Þegar ekki er unnt að verða við beiðni skal þegar tilkynna það þeim aðila sem bað um aðgerðir.

Sérhver samningsaðili tilnefnir miðstjórnarvald sem fer með ábyrgð á kerfinu í viðkomandi landi og skulu skráningar í kerfið fara í gegnum þann aðila. Hann ber ábyrgð á rekstri kerfisins í viðkomandi landi og gerir nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að samningsákvæðin séu haldin.

Réttur einstaklinga til að fá aðgang að upplýsingum um hann sjálfan í upplýsingakerfinu fer eftir lögum þess ríkis þar sem slíkra upplýsinga er krafist. Sé slíkur aðgangur heimill ákveður eftirlitsaðili viðkomandi ríkis hvort og með hvaða hætti heimilt sé að veita upplýsingar. Ekki má veita upplýsingar um skráningu frá öðru aðildarríki án þess að áður hafi verið fengin umsögn hans um málið. Neita skal um aðgang að upplýsingum ef það getur skaðað framkvæmd þeirra ráðstafana sem um er beðið eða til að vernda réttindi annarra. Sérhver hefur rétt til að fá afmáðar upplýsingar um hann sjálfan séu þær efnislega eða lagalega rangar.

Sérhver skráður aðili getur á landsvæði hvers samningsaðila skilað inn kæru til þar til bærra dómstóla eða stjórnvalda og gert kröfu um leiðréttingu eða að skráðar upplýsingar verði afmáðar, hann fái aðgang að þeim eða skaðabætur. Samningsaðilar skuldbinda sig til að framkvæma gagnkvæmt þær ákvarðanir sem teknar eru í þessu sambandi.

Persónuupplýsingar, sem skráðar eru í kerfið þegar lýst er eftir manni, skulu aðeins varðveittar í þann tíma sem nauðsynlegur er til að þjóna tilgangi sínum. Í síðasta lagi þremur árum eftir skráningu skal skráningaraðili taka afstöðu til hvort nauðsynlegt er að varðveita upplýsingarnar. Í nánar tilgreindum tilvikum eru þessi tímamörk eitt ár. Samningsaðili getur í samræmi við eigin löggjöf haft þessi tímamörk styttri.

Í samningnum eru ákvæði um hve lengi aðrar upplýsingar eru varðveittar í kerfinu.

Hver samningsaðili tilnefnir eftirlitsaðila sem samkvæmt lögum viðkomandi ríkis skal sjálfstætt hafa eftirlit með gagnasafni viðkomandi ríkis í upplýsingakerfinu og með því að ekki sé brotið gegn réttindum skráðs aðila við meðferð og notkun upplýsinganna. Eftirlitsaðilanum skal tryggður aðgangur að gagnasafni viðkomandi ríkis í upplýsingakerfinu. Sérhver skráður aðili hefur rétt til að biðja eftirlitsaðilann að framkvæma eftirlit með upplýsingum um hann ásamt því hvernig þær hafa verið notaðar. Slíkt eftirlit fer fram eftir lögum viðkomandi ríkis. Séu upplýsingarnar skráðar af öðrum samningsaðila skal eftirlitið fara fram í nánu samráði við eftirlitsaðila viðkomandi ríkis.

Setja skal á fót sameiginlegan eftirlitsaðila sem skal hafa eftirlit með miðlægum hluta gagnasafnsins. Þessi eftirlitsaðili hefur m.a. það hlutverk að hafa eftirlit með því að ákvæðum samningsins sé rétt beitt. Skal honum tryggður aðgangur að miðlæga upplýsingakerfinu. Eftirlitsaðilinn getur einnig rannsakað þau vandamál sem komið geta upp í tengslum við rekstur upplýsingakerfisins, með tilliti til beitingar og túlkunar á ákvæðum samningsins og þau vandamál sem komið geta upp vegna eftirlits í einstökum ríkjum.

Hver samningsaðili skuldbindur sig, vegna eigin hluta upplýsingakerfisins, til að gera ráðstafanir sem skulu tryggja að aðrir en þeir sem til þess hafa heimild geti fengið aðgang að búnaði sem notaður er til meðferðar á persónuupplýsingum kerfisins, að ekki sé

unnt að lesa, afrita, breyta eða fjarlæga upplýsingar úr gagnamiðlinum af hálfu annarra en þeirra sem til þess hafa heimild, að aðrir en þeir sem til þess hafa heimild geti ekki fengið aðgang að upplýsingum í gagnasafninu og að aðrir en til þess hafa heimild öðlist ekki þekkingu til að breyta eða afmá skráðar upplýsingar, að tölvukerfið verði ekki notað af öðrum en þeim sem til þess hafa heimild, að þeir sem hafa heimild til að nota skráðar upplýsingar fái aðeins aðgang að þeim upplýsingum sem varða starfssvið þeirra, að unnt verði að kanna og staðfesta til hvaða yfirvalda persónuupplýsingar hafa verið gefnar með vélrænum hætti, að unnt verði að kanna og staðfesta hvaða persónuupplýsingar voru færðar í annað tölvukerfi, hvenær það var gert og hver gerði það og að ekki verði unnt að lesa, afrita, breyta eða afmá persónuupplýsingar við framsendingu þeirra af öðrum en þeim sem til þess hefur heimild. Hver samningsaðili skal aðeins tilnefna sérstaklega hæfan aðila sem sætt hefur öryggisskoðun til að fara með upplýsingar í upplýsingakerfinu í eigin landi.

D. Skipting kostnaðar.

Kostnaður við uppsetningu og rekstur miðlæga upplýsingakerfisins og tengingar þess við upplýsingakerfin í einstökum aðildarríkjum skal borinn sameiginlega af samningsaðilum samkvæmt reglum sem nánar er vísað til í samningnum. Aðildarríki ber sjálft kostnað af uppsetningu og rekstri þess hluta upplýsingakerfisins sem það hefur.

4. Vernd persónuupplýsinga.

Með tilliti til vélrænnar meðferðar persónuupplýsinga sem veittar eru samkvæmt samningnum skal hver samningsaðili í síðasta lagi við aðild að samningnum hafa gert nauðsynlegar ráðstafanir til að eigin lög hans veiti persónuupplýsingum a.m.k. þá vernd er greinir í Evrópusamningnum um vernd persónuupplýsinga.

Við vélræna meðferð persónuupplýsinga sem veittar eru samkvæmt samningnum gildir það að sá sem fær upplýsingar má aðeins nota þær í þeim tilgangi sem þær voru veittar. Önnur notkun upplýsinganna er háð fyrir fram leyfi þess ríkis sem veitti þær og að slík notkun sé í samræmi við lög þess ríkis sem fékk upplýsingarnar. Einungis má veita slíkt leyfi að það sé ekki í andstöðu við lög ríkisins sem veitti upplýsingarnar. Upplýsingarnar má einungis nota af þeim dómsmálayfirvöldum og aðilum sem hafa skyldum eða hlutverki að gegna vegna þess markmiðs sem að framan greinir. Sá aðili, sem veitir upplýsingar, hefur skyldur til að sjá til þess að upplýsingarnar séu réttar. Komist hann sjálfur að því eða samkvæmt beiðni frá viðkomandi einstaklingi að upplýsingarnar eru ekki réttar eða ekki átti að veita þær skal hann tilkynna það þeim aðila sem fékk þær. Sá aðili hefur skyldu til að leiðrétta upplýsingarnar eða eyða þeim eða skrá athugasemd við þær um að þær séu ekki réttar eða ekki hafi átt að veita þær. Samningsaðili getur ekki skotið sér undan þeirri ábyrgð sem hann ber að eigin lögum gagnvart einstaklingi sem orðið hefur fyrir tjóni, með vísun til þess að annar samningsaðili hafi veitt rangar upplýsingar. Bæti aðili tjón vegna notkunar rangra upplýsinga sem hann hefur fengið frá öðrum aðila skal sá aðili sem veitti upplýsingarnar endurgreiða viðkomandi ríki að fullu þær bætur sem það greiddi. Skrá skal upplýsingar sem veittar eru og mótteknar í gagnagrunna aðila sem veitti og fékk upplýsingarnar.

Um persónuupplýsingar sem veittar eru samkvæmt samningnum gilda ákvæði næstu málsgreinar hér á undan þegar þær eru veittar úr gagnasafni og teknar í gagnasafn sem ekki er vélrænt. Framangreind ákvæði gilda um þessar upplýsingar að öðru leyti en því að ekki þarf að skrá í gagnasafn aðilanna upplýsingar um að þær hafi verið veittar eða mótteknar. Að öðru leyti gildir eftirfarandi um þessar upplýsingar: Veiting og móttaka á upplýsingum skal skráð skriflega. Þetta gildir þó ekki þegar ekki er nauðsynlegt að skrá upplýsingarnar til að nota þær, sérstaklega þegar þær eru ekki notaðar eða einungis notaðar í mjög stuttan tíma. Með tilliti til notkunar upplýsinganna skal móttakandi þeirra tryggja vernd þeirra með sama hætti og sambærilegra upplýsinga samkvæmt hans eigin lögum. Lög þess ríkis sem beiðni er beint til gilda um aðgang viðkomandi að þessum upplýsingum og um skilyrði fyrir aðgangi að þeim.

Veiting persónuupplýsinga samkvæmt samningnum má þá fyrst eiga sér stað þegar sá samningsaðili, sem á að fá upplýsingarnar, hefur tilnefnt eftirlitsaðila til að framkvæma óháð eftirlit með því að ákvæði samningsins um meðferð þessara upplýsinga séu virt. Sé sérstökum aðila samkvæmt lögum falið að hafa eftirlit með vernd persónuupplýsinga sem ekki eru í gagnasafni skal sama aðila falið að hafa eftirlit samkvæmt samningnum.

Með tilliti til verndar persónuupplýsinga sem veittar eru samkvæmt ákvæðum samningsins um lögreglusamvinnu skuldbinda aðildarríkin sig til að vernd þeirra persónuupplýsinga sé í samræmi við ályktun Evrópuráðsins um notkun lögreglu á persónuupplýsingum. Að því er varðar veitingu upplýsinga um þá sem eiga leyfis- eða tilkynningarskyld skotvopn gildir það að viðtakandi slíkra upplýsinga má einungis nota þær í þeim tilgangi sem slíkar upplýsingar voru veittar til og samkvæmt skilyrðum sem sá aðili setti sem veitti upplýsingarnar. Upplýsingarnar má einungis veita lögreglu. Án fyrir fram leyfis frá þeim aðila sem veitti upplýsingarnar má ekki veita öðrum aðilum aðgang að þeim. Samkvæmt beiðni þess aðila sem veitti upplýsingarnar skal sá sem fékk þær upplýsa fyrrgreinda aðilann um til hvers upplýsingarnar hafi verið notaðar og um árangur.

Fái sambandsmaður þær upplýsingar sem fjallað er um í þessum kafla gilda ákvæði hans einungis eftir að hann hefur framsent upplýsingarnar til þess aðila sem sendi hann til annars ríkis.

Í samningnum eru ákvæði um undantekningar frá þeim atriðum er tilgreind eru að framan.

5. Framkvæmdanefndin.

Setja skal á stofn framkvæmdanefnd vegna samningsins. Auk þeirra sérstöku verkefna sem henni eru falin í samningnum er það hlutverk nefndarinnar að tryggja rétta beitingu hans.

Í framkvæmdanefndinni er einn fulltrúi frá hverju aðildarríki. Aðildarríkin hafa í nefndinni einn ráðherra sem ber ábyrgð á framkvæmd samningsins og getur hann að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er notið aðstoðar sérfræðings sem getur tekið þátt í umræðum. Framkvæmdanefndin tekur ákvarðanir samhljóða. Hún setur sér sjálf vinnureglur og getur í því sambandi ákveðið að ákvarðanir verði teknar skriflega. Samkvæmt beiðni fulltrúa eins aðildarríkis getur endanlegri ákvörðun, sem framkvæmdanefndin hefur tekið afstöðu til, verið frestað í allt að tvo mánuði eftir að málið var borið upp.

6. Lokaákvæði.

Beiting ákvæða samningsins skal vera samrýmanleg rétti Evrópusambandsins. Beita skal ákvæðum samningsins með fyrirvara varðandi ákvæði Genfarsamningsins um stöðu flóttamanna svo sem honum hefur verið breytt.

Samningsaðili, sem hyggst taka upp viðræður við þriðja ríki um landamæraeftirlit, skal upplýsa önnur samningsríki um það. Ekkert samningsríki má gera samning um einföldun eða afnám landamæraeftirlits við eitt eða fleiri þriðju ríki án fyrir fram samþykkis annarra samningsaðila. Þetta takmarkar þó ekki rétt aðildarríkja Evrópusambandsins til að gera sín á milli slíka samninga. Ekki er hægt að gera aðra fyrirvara við samninginn en við 60. gr. hans um framsal sem nánar er tilgreint í þeirri grein.

Geri aðildarríki Evrópusambandsins samninga í því skyni að koma á svæði án innri landamæra ákveða samningsaðilar með hvaða hætti ákvæði slíkra samninga koma í stað eða breyta ákvæðum Schengen-samningsins. Ákvæði sem eru í andstöðu við ákvæði sem aðildarríki Evrópusambandsins hafa komið sér saman um skulu aðlöguð.

822. Beiðni um skýrslu [478. mál]

frá dómsmálaráðherra um málefni Neyðarlínunnar hf.

Frá Lúðvík Bergvinssyni, Ögmundi Jónassyni, Bryndísi Hlöðversdóttur, Gísla S. Einarssyni, Guðmundi Árna Stefánssyni, Hjörleifi Guttormssyni, Ingibjörgu Sigmundsdóttur, Jóni Baldvini Hannibalssyni, Ragnari Arnalds, Rannveigu Guðmundsdóttur, Sighvati Björgvinssyni, Sigríði Jóhannesdóttur, Steingrími J. Sigfússyni, Svavari Gestssyni og Össuri Skarphéðinssyni.

Með vísun til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að dómsmálaráðherra leggi fyrir Alþingi skýrslu um ákvarðanir sínar og málsmeðferð er varðar málefni Neyðarlínunnar hf.

Í ljósi mikillar óánægju og gagnrýni á ákvörðun dómsmálaráðherra um hvernig hagað skuli fyrirkomulagi á rekstri samræmdrar neyðarsímsvörunar fyrir landið allt (112), af hálfu lögreglu-, slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna auk lækna, verði m.a. gerð grein fyrir hvernig staðið var að vali á þeim fyrirtækjum og stofnunum sem aðild eiga að Neyðarlínunni hf., hvaða skilyrði voru sett fyrir aðild og hvaða kröfur viðkomandi aðilar þurftu að uppfylla og einnig fyrir forsendum og útreikningum ráðuneytisins vegna samnings þess við Neyðarlínuna hf. Jafnframt verði upplýst um heildarkostnað ríkis, sveitarfélaga og stofnana þeirra næstu átta árin af rekstri Neyðarlínunnar hf. og um árlegt framlag Reykjavíkurborgar, Slysavarnafélags Íslands og Pósts og síma til starfseminnar. Þá verði upplýst um áætlaðan byggingarkostnað þess húsnæðis sem verið er að reisa yfir starfsemina.

Lagðir verði fram nákvæmir útreikningar um hagkvæmni þeirrar leiðar sem ráðherra ákvað að fara borið saman við aðrar leiðir sem kannaðar voru, auk þess sem upplýst verði hvaða leiðir voru kannaðar. Því verði svarað hvort mögulegt sé að nýta þann tækjabúnað sem nú er fyrir hendi hjá lögreglu eða slökkviliði eða öðrum aðilum hér á landi til að sinna þjónustunni sem Neyðarlínunni hf. er ætlað að sinna. Rökstudd verði nauðsyn þess að skilja að símsvörun annars vegar og starfsemi viðbragðsaðila hins vegar, jafn-

framt því sem gefnar verði upplýsingar um hvernig slíkri starfsemi er háttað annars staðar á Norðurlöndum.

Fram komi hvaða kröfur ráðuneytið hefur sett um faglega kunnáttu starfsfólks Neyðarlínunnar hf., einkum er varðar skólagöngu þess, reynslu í starfi og af vettvangi. Þá verði í skýrslunni gerð grein fyrir hvernig samstarfi ráðherra annars vegar og heilbrigðisstétta, sjúkrahúsa, lögreglu og slökkviliðs hins vegar hafi verið háttað meðan á undirbúningi málsins stóð og hvort fulltrúar þessara hópa hafi á einhverju stigi undirbúnings málsins komið að því og með hvaða hætti. Jafnframt verði upplýst um nauðsyn þess að ráðast í byggingu nýs húsnæðis og hvers vegna húsnæðinu er auk þess að hýsa starfsemi Neyðarlínunnar hf. ætlað að hýsa starfsemi einkafyrirtækja og hvernig starfsemi þessara aðila fer saman, t.d. varðandi trúnaðarupplýsingar.

Í skýrslunni komi fram upplýsingar um kostnað við kaup nauðsynlegra tækja, fjármögnun þeirra og hvernig eignarhaldi og ráðstöfunar- og notkunarrétti verði háttað á húsnæði og tækjum Neyðarlínunnar hf., auk þess hvernig samvinnu starfsmanna Neyðarlínunnar hf. annars vegar og starfsmanna þeirra einkafyrirtækja sem aðild eiga að Neyðarlínunni hins vegar verði háttað. Að lokum verði gerð grein fyrir gjaldskrá Neyðarlínunnar hf. og væntanlegum sértekjum hennar.

Greinargerð.

Með samþykkt laga um samræmda neyðarsímsvörun, nr. 25/1995, var ákveðið að koma á fót samræmdri neyðarsímsvörun fyrir landið allt til að sinna viðtöku tilkynninga um fólk og eignir í neyð og beiðnum um aðstoð lögreglu, slökkviliðs, björgunarsveita og sjúkraflutningaliðs og aðra neyðaraðstoð.

Í lögunum er kveðið á um að til að sinna viðtöku og úrvinnslu þeirra tilkynninga sem berast um samræmt neyðarsímanúmer skuli koma upp vaktstöð eða vaktstöðvum. Í lögunum er dómsmálaráðherra svo nánast fengið sjálfdæmi um hvernig slíkri stöð eða stöðvum er komið á fót og á hendi hvers reksturinn verði.

Rekstur samræmds neyðarnúmers er framfaramál sem varðar öryggi allra landsmanna. Því er mikilvægt að sátt ríki um hann. Sú sátt næst ekki nema öryggi landsmanna sé tryggt. Í ljósi þeirrar gagnrýni sem fram hefur komið, sérstaklega af hálfu þeirra aðila sem starfa munu náið með Neyðarlínunni hf., á þá ákvörðun dómsmálaráðherra að fela Neyðarlínunni hf. rekstur einnar vaktstöðvar fyrir landið allt og vegna þeirra miklu fjárfestinga og útgjalda sem ríki og sveitarfélög þurfa að standa straum af vegna uppbyggingar og reksturs Neyðarlínunnar hf. er þess óskað að ráðherra geri í skýrslu til Alþingis ítarlega grein fyrir málsmeðferð af sinni hálfu, allt frá því að lögin voru samþykkt.

823. Svar [409. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Ágústs Einarssonar um framkvæmdir á Bessastöðum.

1. Hver er heildarkostnaður nú af framkvæmdum á Bessastöðum?

Heildarkostnaður um síðustu áramót nam 648,3 millj. kr. á verðlagi hvers árs. Áfallinn kostnaður fyrstu tvo mánuði þessa árs er 13,3 millj. kr. Heimildir í fjárlögum 1989–96 nema 699,5 millj. kr.

2. *Hver er nú áætlaður heildarkostnaður að verki loknu og hvenær eru áætluð verklok?*

Áætlaður kostnaður til verkloka miðað við núgildandi verkáætlun er rúmar 920 millj. kr. Verklok ráðast af fjárveitingum til verksins, en vonir standa til að ljúka megi framkvæmdum að Bessastöðum að hausti 1998. Er það háð því að Alþingi veiti samtals um 220 millj. kr. til framkvæmdanna árin 1996, 1997 og 1998 umfram þær 37 millj. kr. sem þegar eru á fjárlögum yfirstandandi árs.

3. *Hver var upphaflega áætlaður heildarkostnaður og hverjar eru skýringar á fráviki frá upphaflegri áætlun?*

Í greinargerð, sem unnin var að beiðni fjárveitinganefndar Alþingis í apríl 1989 af húsameistaraembættinu, Þorsteini Gunnarssyni arkitekt og Ístaki hf., er endurreisn mannvirkja að Bessastöðum skipt í eftirfarandi sex framkvæmdaþætti:

1. Lokaáfanga í viðgerð og endurbyggingu Bessastaðastofu.
2. Endurbyggingu aðliggjandi húsakosts umhverfis húsagarð.
3. Byggingu nýs forsetabústaðar.
4. Endurreisn Bessastaðakirkju.
5. Endurbætur á öðrum húsakosti Bessastaða.
6. Endurbætur á umhverfi og aðkomu.

Í greinargerðinni kemur fram að þær lagfæringar, sem þá voru áformaðar á Bessastaðastofu, mundu kosta 60–70 millj. kr., að endurbygging aðliggjandi bygginga umhverfis húsagarð mundi kosta 60 millj. kr. samkvæmt lauslegu mati, að nýr forsetabústaður gæti kostað á bilinu 40–50 millj. kr. og að viðgerð á Bessastaðakirkju gæti kostað 40–60 millj. kr. Í greinargerðinni er jafnframt nefnt að ráðast þurfi í endurbætur á öðrum húsakosti Bessastaða og að lagfæra þurfi umhverfi og aðkomu en sagt að forsendur bresti til að verðleggja einstaka framkvæmdaþætti í því sambandi.

Í greinargerðinni eru gefnar vísbendingar um kostnað við þá þætti sem þar eru sérstaklega tilgreindir, en ekki er hægt að líta svo á að greinargerðin sé eiginleg kostnaðaráætlun eða ígildi slíkrar áætlunar. Má í því sambandi vísa til þess að í 2. gr. laga um endurbætur og framtíðaruppbyggingu forsetasetursins á Bessastöðum segir að gerð skuli heildaráætlun um nýtingu lands og uppbyggingu mannvirkja á Bessastöðum fyrir árslok 1990. Því má ljóst vera að er Alþingi samþykkti lögin vorið 1989 og þegar téð greinargerð var unnin lá ekki fyrir áætlun um það í hvaða framkvæmdir skyldi ráðist eða hvert umfang þeirra ætti að vera. Kostnaðaráætlun gat því eðli máls samkvæmt ekki legið fyrir og því er ekki raunhæft að ræða um frávik frá henni.

Forsenda þeirra kostnaðartalna sem settar eru fram í greinargerðinni var að ekki þyrfti að koma til niðurrifs helstu bygginga á Bessastöðum, sem eru friðaðar, og því var ekki gert ráð fyrir að ráðast þyrfti í fornleifarannsóknir vegna nýframkvæmda. Bessastaðanefnd lét þegar í upphafi starfs síns gera úttektir á öllum staðarhúsum á Bessastöðum, og leiddu þær í ljós að efri hæð Bessastaðastofu var að falli komin, að Bessastaðastofa þarfnaðist gagngerrar endurnýjunar að öðru leyti, að húsin við austan- og norðanverðan Bessastaðagarð, sem og ráðsmannshús austar á bæjarhólnum, voru ekki talin viðgerðarhæf og kirkja og útihús þörfnuðust mikilla endurbóta. Árið 1992 kom í ljós að undirstöður mótttökusalar og bókhlöðu höfðu sigið og reyndust þær við nánari athugun svo ótraustar að ekki yrði við unað. Hæðarmunur milli horna í mótttökusal er um 8 sentímetrar. Vegna þessa var ákveðið að nauðsyn bæri til að ráðast í viðgerðir og endurnýj-

un þessa hluta, en áætlaður beinn framkvæmdakostnaður við það, að frátöldum kostnaði vegna fornleifarannsókna, er um 65 millj. kr.

4. *Hvernig skiptist heildarkostnaður eftir einstökum verkþáttum, t.d. húsum? Hversu stór eru einstök hús?*

Norðurhús, þar með talin íbúð gæslumanns, bílskúr, vatnstankur, slökkvibúnaður, aðaltöflur, spennistöð og varaaflsstöð, loftræstikerfi, snjóbræðslukerfi og óinnréttað rými, og þjónustuhús, þar með talið eldhús, starfsmannaaðstaða, húsmunageymsla, kælar o.fl., kosta samtals tæpar 150 millj. kr. Beinn kostnaður við endurbyggingu Bessastaðastofu nemur tæpum 180 millj. kr. Kostnaður, sem þegar er áfallinn vegna íbúðarhúss forseta, nemur 42 millj. kr., en fullfrágengið mun húsið kosta tæpar 63 millj. kr. Beinn kostnaður vegna fornleifarannsókna og vegna frágangs fornminjakjallara Bessastaðastofu nemur samtals rúmum 68 millj. kr. Kostnaður við ráðgjöf og hönnun arkitekta nemur 70,6 millj. kr., en nánast allri arkitektahönnun er lokið nema útboðshönnun móttökuhúss. Kostnaður við verkfræðilega hönnun og tæknilega ráðgjöf nemur alls 50,2 millj. kr. Loks er áfallinn kostnaður við skipulag, samkeppni og lóðahönnun tæpar 7 millj. kr. Umsjónar- og eftirlitskostnaður Almennu verkfræðistofunnar hf., sem farið hefur með verkefnisstjórn og eftirlit, nemur 47,6 millj. kr. Ýmsir aðrir framkvæmdaliðir, svo sem niðurrif húsa, bráðabirgðatengingar, leiga geymsluhúsnæðis, tryggingar, rannsóknir á fulgalífi, byggingarleyfisgjöld, lausabúnaður í geymslur o.fl., hljóða samtals upp á um 18 millj. kr. Áfallinn kostnaður vegna fráveitu- og lóðaframkvæmda nemur samtals um 19 millj. kr.

Bessastaðastofa er samtals 577 fermetrar og 1.929 rúmmetrar. Þjónustuhús er 566 fermetrar og 1.676 rúmmetrar (þar af rúmlega ⅓ hluti kjallari). Norðurhús, sem hýsir íbúð gæslumanns, bílgeymslu, tækjabúnað staðarins, varaaflsstöð, slökkvikerfi, vatnstank o.fl., er 594 fermetrar og 1.599 rúmmetrar (þar af er óinnréttað rými á 2. hæð samtals 172 fermetrar og 334 rúmmetrar). Móttökuálma, að meðtöldum blómaskála, gangi, snyrtingum og borðstofu, verður væntanlega um 280 fermetrar og 1.100 rúmmetrar þegar lokið verður við lagfæringar og breytingar á henni. Nýtt íbúðarhús forseta er um 440 fermetrar og rúmir 1.300 rúmmetrar. Bessastaðakirkja er um 540 fermetrar og 1.800 rúmmetrar, en útihús eru um 948 fermetrar og 3.976 fermetrar.

Flatarmál húsa, sem rifin hafa verið á bæjarhól Bessastaða, er samtals rúmir 1.100 fermetrar. Þar af var svokölluð hjáleiga um 605 fermetrar, Norðurhús var 122 fermetrar og ráðsmannshús var um 400 fermetrar. Einnig var rifin stálskemma sem stóð austan við útihús Bessastaða og var hún 387 fermetrar.

5. *Voru einstakir verkþættir boðnir út? Ef svo er, hvernig var staðið að þeim útboðum?*

Allar framkvæmdir hafa verið boðnar út eftir að viðgerð á Bessastaðastofu lauk um mitt ár 1991. Stærri verkþættir hafa verið boðnir út í opnum útboðum, en einstakir smærri verkþættir hafa verið boðnir út í lokuðum útboðum að jafnaði til 4–5 aðila. Opin útboð hafa verið auglýst í fjölmiðlum í nafni Bessastaðanefndar.

6. *Hve stór hluti kostnaðar er af fornleifarannsókum?*

Af áföllnum 648,3 millj. kr. útgjöldum nemur þáttur fornleifarannsókna 68,1 millj. kr. og er þá meðtalinn kostnaður við að ljúka frágangi á minjakjallara undir Bessastaðastofu. Í þessari tölu er ótalið það óhagræði og annar kostnaðarauki sem af þessum rannsóknum hefur leitt, en hann er mjög verulegur. Fyrirsjáanlega munu fornleifarannsókn-

ir til verkloka kosta á bilinu 15–18 millj. kr. til viðbótar, en þær felast einkum í rannsóknum í innigarði Bessastaðastofu og undir núverandi og væntanlegri viðbyggingu við mótttökuálmu og á hlaði milli þjónustuhúss og forsetahúss.

7. Hver er hönnunarkostnaður samtals?

Hönnunarkostnaður arkitekta nemur samtals 70,6 millj. kr., sbr. svar við 4. spurningu hér að framan. Kostnaður við verkfræðilega hönnun nemur alls 50 millj. kr. Í báðum þessum tölum er meðtalinn kostnaður vegna úttekta á húsum, forrannsókna og tæknilegra matsgerða, ásamt umfangsmikilli tillögugerð og tilheyrandi kostnaðaráætlunum. Auk þessa er kostnaður af vinnu skipulags- og landslagsarkitekta 4,6 millj. kr.

8. Hver hefur umsjón með og ber ábyrgð á framkvæmdunum?

Í samræmi við 4. gr. laga nr. 31 frá 12. maí 1989, um endurbætur og framtíðarbyggingu forsetasetursins á Bessastöðum, skipaði Steingrímur Hermannsson, þáverandi forsætisráðherra, í júní 1989 nefnd, sem enn situr óbreytt, er „annast undir yfirstjórn ráðuneytisins áætlanagerð samkvæmt lögum þessum“ eins og þar segir orðrétt. Jafnframt segir í sömu grein að nefndin skuli „með sama hætti sjá um framkvæmdir samkvæmt lögum þessum og gera fjárhagsáætlanir við undirbúning fjárlagagerðar“. Í athugasemdum með frumvarpi til laga um endurbætur og framtíðarbyggingu forsetasetursins á Bessastöðum segir um 4. gr.:

„Samkvæmt greininni er gert ráð fyrir að sett verði á fót nefnd þriggja manna er starfi undir yfirstjórn forsætisráðuneytisins. Þessari nefnd er ætlað mikið og vandasamt hlutverk. Hún á að bera ábyrgð á því að þeim áætlunum og framkvæmdum, sem kveðið er á um í lögunum, verði hrundið í framkvæmd. Hlutverk hennar verður þannig m.a. að setja fram mótandi tillögur í áætlanagerð og að fengnu samþykki ráðuneytisins og fjárveitingavaldsins að hrinda þeim í framkvæmd. Ljóst er að óhjákvæmilegt verður að nefndin afli sér margs konar sérfræðiaðstoðar við framkvæmd verkefna sinna. Með sama hætti verður það á ábyrgð nefndarinnar að fylgjast með því að framkvæmdir verði innan ramma fjárlaga.“

Í lögunum er einnig kveðið á um að Alþingi skuli árlega látin í té skýrsla um framgang framkvæmda á Bessastöðum og hefur forsætisráðuneyti gengið eftir að slíkar skýrslur séu gerðar og haft milligöngu um að senda þær fjárlaganefnd Alþingis.

9. Hvernig er háttað fjárhagslegu eftirliti með framkvæmdunum?

Verkefnisstjóri lætur Bessastaðanefnd í té mánaðarlega sundurliðað kostnaðaryfirlit um áfallinn kostnað. Nefndin hefur árlega skilað forsætisráðuneyti og Alþingi skýrslu um framkvæmdir liðins árs og er þar m.a. að finna sundurliðað kostnaðaryfirlit vegna þess árs sem skýrslan nær til. Verkefnisstjóri yfirfer og áritar í umboði nefndarinnar alla reikninga hennar og eru þeir greiddir af Ríkiskaupum sem annast bókhald og fjárvörslu.

Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga og fjárreiða vegna framkvæmdanna.

824. Nefndarálit [154. mál]

um frv. til l. um tæknifrjóvgun.

Frá 1. minni hluta allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur fjallað ítarlega um málið í kjölfar þeirra fjölmörgu umsagna sem bárust til nefndarinnar. Umsagnaraðilar og viðræðuaðilar eru taldir upp í nefndaráliti meiri hlutans og vísast til þess varðandi þær upplýsingar.

Eins og fram kom hjá undirritaðri við 1. umræðu fögnum við kvennalistakonur framkomnu frumvarpi um tæknifrjóvgun, enda má rekja tilurð þess til þingsályktunartillögu kvennalistakvenna frá árinu 1989 sem samþykkt var á Alþingi. Ályktunin hljóðaði svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja hið fyrsta fyrir Alþingi frumvarp til laga um tæknifrjóvganir, m.a. að því er varðar réttarstöðu og tryggingamál þeirra er hlut eiga að máli.“

Án löggjafar hefur tæknisæðing verið framkvæmd hér á landi frá árinu 1980, glasafrjóvgun frá árinu 1991 og árið 1992 voru lögfestar með barnalögunum reglur um faðerni barna sem getin eru með tæknifrjóvgun. Í greinargerð með frumvarpinu eru færð rök fyrir því að rétt sé að sett verði lög um tæknifrjóvgun og skýrar línur markaðar um ýmis atriði er varða framkvæmdina sjálfa, skilyrði sem þeir sem fá heimild til meðferðar þurfi að uppfylla, réttarstöðu barns o.fl. Um þetta var nefndin sammála eins og um flest meginatriði frumvarpsins.

Fyrst og fremst var tekist á um tvö atriði í nefndinni. Annað atriðið varðar það hvort kynfrumugjafi eða kynfrumuþiggjandi geti krafist nafnleyndar og um leið útilokað að það barn, sem verður til, geti fengið vitneskju um líffræðilegan uppruna sinn við 18 ára aldur eða ekki. Hitt ágreiningsatriðið varðar það hverjir eigi rétt á tæknifrjóvgun, hvort rétt sé að frumvarpið sé fyrst og fremst viðbragð við ófrjósemi og því réttlætanlegt að hvorki sé tekið sérstaklega á stöðu samkynhneigðra né einhleypra kvenna.

Kvennahreyfingin úti um allan heim hefur fylgst grannt með hvernig mismunandi ríki hafa tekið á þeirri tækni sem gerir tæknifrjóvgun mögulega. Umdeildasta atriðið í þessu sambandi er svokölluð staðgöngumæðrun sem samkvæmt þessu frumvarpi er óheimil. Staðgöngumæðrun, sem skilgreind er í 1. gr. frumvarpsins, vekur upp mjög margar siðfræðilegar og lagalegar spurningar, m.a. um það hver teljist vera móðir viðkomandi barns. Ef til koma greiðslur í slíkum tilvikum er rætt um leigumæðrun sem að mati 1. minni hluta er eitt svívirðilegasta birtingarform kvennakúgunar sem hægt er að hugsa sér. Því ber að fagna því sérstaklega að ekki kom til tals að heimila staðgöngumæðrun við þessa lagasetningu. Að öðru leyti skal bent á tvö kvennapólitísk meginsjónarmið:

Annað sjónarmiðið er að með því að gera tæknifrjóvgun aðgengilega vaxi oft þrýstingur á barnlaust fólk að eignast börn og því sé erfiðara en ella að velja eða sætta sig við barnleysi. Því eyði margir dýrmætum tíma og fjármunum í aðgerðir sem oft bera ekki árangur og vonbrigðin vegna barnleysis verði sárari en ella. Því er mælt með að við ráðgjöf sé ávallt athugað að allir aðilar, sem æskja tæknifrjóvgunar, geri það óþvingaðir; að sjálfræði einstaklinganna sé virt.

Hitt sjónarmiðið er að þessa nýju tækni beri að nota til þess að gera sem flestum sem þess óska mögulegt að eignast börn. Í því samhengi er ófullnægjandi að líta á tæknifrjóvgun eingöngu sem viðbragð við læknisfræðilegri ófrjósemi því að það útilokar að tekið sé á ófrjósemi einhleypra kvenna og samkynhneigðra kvenna.

Í þriðja lagi má benda á að þótt ákveðin kvenfrelsisrök mæli með því að sem flestir fái aðgang að tæknisæðingu eða glasafrjóvgun geti þessi réttur kvenna eða foreldra varla talist æðri en sú skoðun að þessi börn hafi eins og önnur börn þörf fyrir og rétt á að fá að vita um líffræðilegan uppruna sinn og rétt á þroskavænlegum uppeldisskilyrðum. Þó að hvorki barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna né mannréttindasáttmáli Evrópu verði túlkaðir þannig að barnið eigi skýlausan rétt á að vita um uppruna sinn er ljóst að a.m.k. í þeim síðarnefnda hefur þessari kröfu ekki verið hafnað. Í umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands er bent á að frá 1987 hafi átt sér stað ákveðin réttarþróun á túlkun mannréttindasamnings Evrópu um skyldu stjórnvalda til að veita barni upplýsingar um líffræðilegan uppruna sinn.

Í ljósi þessara meginviðhorfa sótti undirrituð mjög fast að 4. gr. frumvarpsins yrði breytt í þá veru að nafnleynd verði aflétt til að þau börn, sem verða til við tæknifrjóvgun, geti fengið upplýsingar um líffræðilegan uppruna sinn við 18 ára aldur. Helstu mótrökin, sem fram komu gegn því að heimila tæknifrjóvganir eingöngu ef nafnleynd er aflétt, voru þau að erfitt yrði að fá kynfrumur, einkum sæði, ef nafnleynd yrði aflétt. Í nefndinni náðist fram málamiðlun sem birtist í breytingartillögum meiri hlutans. 1. minni hluti getur sætt sig efnislega við þá málamiðlun í ljósi aðstæðna þó að æskilegra væri að aflétta nafnleynd alfarið ef það væri hægt án þess að tæknifrjóvganir legðust af. Orðalagið á breytingartillögu meiri hlutans miðast of mikið við gjafa kynfrumna í stað þiggjanda sem að mati 1. minni hluta á að vera sá sem ákveður hvort hann velur nafnleynd eftir faglega ráðgjöf.

Fyrsti minni hluti leggur því til breytingu á 4. gr. þar sem uppröðun efnisgreina og orðalag breytir áherslum þannig að fyrst er rætt um þau tilvik þar sem nafnleynd er aflétt og lögð áhersla á að það er val kynfrumuþiggjandans sem ræður úrslitum um það hvort reynt verður að fá kynfrumur frá gjafa sem er tilbúinn að aflétta nafnleynd. Þessi lausn er að því leyti ófullnægjandi að það eru væntanlegir foreldrar sem hafa valið um það hvort barnið getur fengið upplýsingar um líffræðilegan uppruna sinn við 18 ára aldur, í stað þess að það verði opið val fyrir öll börn sem fæðast vegna tæknifrjóvgunar. Hin leiðin er að útiloka alfarið tæknifrjóvganir með nafnleynd. Ef fram kemur breytingartillaga í þá veru munu þingkonur Kvennalistans taka sjálfstæða afstöðu til hennar sem einstaklingar.

Meginágreiningur 1. minni hluta og meiri hlutans varðar það hverjir eigi möguleika eða rétt á að fá tæknifrjóvgun og það hvort frumvarpið sé fyrst og fremst viðbragð við ófrjósemi og því réttlætanlegt að hvorki sé tekið sérstaklega á stöðu samkynhneigðra né einhleypra kvenna. 1. minni hluti telur óhjákvæmilegt að taka á þessu máli í heild sinni í löggjöf af þessu tagi og því þurfi að rökstyðja gaumgæfilega og mun betur en gert er í greinargerðinni hvers vegna samkynhneigðir og einhleypar konur fá eða fá ekki aðgang að tæknifrjóvgun. Annað geti verið brot á jafnræðisreglu.

Með breytingartillögum á þingskjali 826 við 3. svo og 5. og 6. gr. frumvarpsins er mælt með því að tekið verði út það skilyrði a-liðar 3. gr. að tæknifrjóvgun sé takmörkuð við pör sem hafi búið saman í þrjú ár. Aðrar breytingartillögur eru tæknilegar orðalagsbreytingar vegna breytingar á a-lið 3. gr.

Rökstuðningur fyrir þessari afstöðu kom fram í ýmsum umsögnum um frumvarpið en meiri hlutinn virtist ekki tilbúinn að ræða þau til hlítar. Við 1. umræðu um frumvarpið benti undirrituð á að það kæmi kannski ekki á óvart miðað við þá hefðbundnu skoðun að börn eigi bæði föður og móður að einhleypum konum væri ekki heimilt að fá tæknifrjóvgun samkvæmt frumvarpinu. Í reynd væru þó einstæðar mæður á Íslandi ekki skyldugar til að feðra börn sín. Því væri ekki sjálfgefið að hafa þennan hátt á og það þyrfti að athuga gaumgæfilega í nefndinni. Það að neita einhleypum konum um tæknifrjóvgun mætti einnig skoða sem mismunun gagnvart samkynhneigðum konum og enn eitt dæmið um skerta réttarstöðu þeirra. Þessi sjónarmið eru rökstudd mun ítarlegar í umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands og í siðferðilegri álitsgerð um frumvarpið sem unnin var af Maríu Sigurjónsdóttur, lækni og heimspekingi, fyrir framkvæmdastjórn Ríkisspítala.

Í umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands segir að af greinargerð frumvarpsins „mætti ætla að það teldist andstætt viðurkenndum siðferðisreglum í íslensku samfélagi að heimila öðrum en konum í óvígðri sambúð eða hjúskap að njóta tæknifrjóvgunar og að barni verði ekki tryggð þroskavænleg skilyrði nema það alist upp með karli og konu sem eru samvistum. Þessar gefnu forsendur eru ekki rökstuddar og ástæða er til að setja spurningamerki við gildi þeirra“. Þá er bent á að engin trygging er fyrir varanleika sambúðar þó að hún hafi varað í þrjú ár og að rannsóknir bendi ótvírætt til að börn séu betur komin hjá umhyggjusömum einstæðum foreldrum en í slæmri sambúð. Þá er spurt, ef litið er á ófrjósemi sem „sjúkdóm“ eins og frumvarpið virðist gera, hvernig það megi vera að einn „sjúklingur“ geti fengið lækningu en annar ekki, þ.e. einhleyp ófrjósöm kona. Tekið er undir eftirfarandi niðurstöðu í sömu umsögn: „Það er engan veginn augljóst að útiloka eigi rétt einhleypra kvenna til tæknifrjóvgunar með öllu eins og gert er í frumvarpinu. Margvísleg rök hníga að því að einnig þær skuli eiga þessa kost að vissum skilyrðum uppfylltum.“ Með hliðsjón af fyrirhugaðri lagasetningu um staðfesta sambúð samkynhneigðra leggur Mannréttindaskrifstofa Íslands til að íhugað verði að breyta frumvarpinu þannig að það nái einnig til samkynhneigðra kvenna í varanlegri sambúð. „Með því móti er jafnræði með þeim sem líkt er ástatt um og tekið fullt tillit til stjórnarskrárbundins jafnræðis borgaranna án tillits til kynhneigðar.“ Við þetta vill undirrituð bæta að fjölmargar rannsóknir benda til að samkynhneigðir foreldrar séu alls ekki síðri uppalendur en aðrir foreldrar.

Í álitsgerðinni frá framkvæmdastjórn Ríkisspítala er svipuð afstaða tekin til a-liðar 3. gr. frumvarpsins og stöðu einhleypra kvenna og samkynhneigðra gagnvart tæknifrjóvgun:

„Raunverulega tel ég að aðalatriðið í sambandi við tæknifrjóvgun sé að reyna að tryggja að væntanlegir foreldrar séu hæfir foreldrar og ráði við það hlutverk tilfinningalega. Hvað varðar hæfi þá tel ég að kynhneigð foreldris skipti ekki máli fyrir hæfi þeirra sem foreldris. Reynsla, sem komin er af einstæðum foreldrum, bendir ekki til þess að þeir séu vanhæfari en tveir foreldrar til að ala upp börn sín þó svo að vissulega mætti gera betri rannsóknir á þessu. Þess vegna dreg ég í efa að ákvæði frumvarpsins hvað varðar samkynhneigðar og einstæðar konur séu réttmæt þó svo að ég bendi líka á nauðsyn rannsókna.“

Með þeim breytingartillögum sem 1. minni hluti leggur til á þingskjali 826 er opnað fyrir möguleika fleiri til að fá tæknifrjóvgun, m.a. einhleypra kvenna og samkynhneigðra, svo framarlega sem skilyrðum b-, c- og d-liðar 3. gr. er fullnægt. Í því sambandi er það oft staðreynd að barn, sem á eitt foreldri, hefur óöruggara tengslanet en það sem á tvo, en svo þarf alls ekki að vera. Því er áhersla lögð á að þrátt fyrir þá opnun, sem hér er lögð til með breytingu á a-lið 3. gr., hljóta hagsmunir barnsins að vega þyngst ef hagsmunir stangast á. Að öðru leyti styður 1. minni hluti breytingartillögu meiri hlutans við 2. gr., þ.e. að boðið verði upp á ráðgjöf, svo og breytingartillögur við 11., 13., 14. og 15. gr.

Alþingi, 16. apríl 1996.

Guðný Guðbjörnsdóttir.

825. Nefndarálit [217. og 218. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, og um frv. til l. um breyt. á l. um Háskólann á Akureyri, nr. 51/1992, með síðari breytingu.

Frá 1. minni hluta menntamálanefndar.

Menntamálanefnd hefur fjallað um frumvörpin og fengið á sinn fund fulltrúa frá Háskóla Íslands og stúdentaráði. Þá hafa nefndinni borist umsagnir um málin frá HÍ, SHÍ, Félagi háskólakennara, Félagsstofnun stúdenta, Bandalagi háskólamanna, KHÍ, HÍK og BSRB.

Tilefni frumvarpanna er álit umboðsmanns Alþingis frá 19. maí 1995 þess efnis að ekki sé nægilega skýrt í gildandi lögum hvaða kostnaðarliði megi fella undir skrásetningargjald í háskólana og hvernig megi ráðstafa gjaldinu.

Skrásetningargjald við Háskóla Íslands var hækkað úr 7.700 kr. skólaárið 1991–92 í 22.350 kr. 1992–93. Í umsögn Háskóla Íslands um frumvörpin segir að hækkunin hafi verið afleiðing af stefnu stjórnvalda í fjárveitingum til Háskólans frá og með fjárlögum ársins 1992, en samkvæmt þeim var Háskóla Íslands ætlað að auka sértekjur sínar úr 10 millj. kr. í tæpar 100 millj. kr. Fjárveitingar til Háskólans voru skertar um 90 millj. kr. með því að draga sértekjurnar frá heimiluðum útgjöldum. Hliðstæð ráðstöfun hefur gilt í fjárlögum fyrir 1993, 1994 og 1995. Gjaldið var 22.275 kr. skólaárið 1995–96. Eftirfarandi ályktun í umsögn Háskóla Íslands kemur því ekki á óvart: „Þannig má ljóst vera að það er greinilegur vilji löggjafans, sem fram kemur í fjárlagafrumvarpi ársins 1992 og síðar, að neytendur greiði vaxandi hluta af þjónustu hins opinbera, þar á meðal fyrir skólagöngu í framhaldsskólum og háskólum.“ Háskólinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt um leið og minnt er á að háskólaráð hefur ítrekað mótmælt því að Háskólinn sé settur í þá stöðu að þurfa að innheimta gjald af stúdentum til reksturs skólans.

Undirrituð virðir það álit umboðsmanns að nauðsynlegt sé að treysta lagagrunn undir töku viðkomandi skrásetningargjalds og hvernig því er ráðstafað. Að öðrum kosti yrði að fella skrásetningargjaldið niður eða lækka það til fyrra horfs. Frumvörpin sýna að ríkisstjórnin velur fyrri kostinn. Ríkisstjórnin er með frumvörpunum að ákveða að háskólarnir skuli afla sértekna með svokölluðum skrásetningargjöldum sem nemi 24.000 kr. ár-

lega. Hér er um lagaheimild að ræða til töku þjónustugjalds fyrir skrásetningu. Í greinargerð með frumvarpinu er útlistað hvernig umrædd upphæð er fengin og hvaða þættir falla undir þennan lið. Þar vekur í fyrsta lagi athygli að upphæðin er fengin með því að framreikna þá upphæð sem Háskólinn innheimti í sama tilgangi háskólaárið 1992–93 og ætlunin er að endurskoða gjaldið árlega við setningu fjárlaga. Í öðru lagi er ljóst að ýmislegt fleira er fellt undir gjaldið en það sem kallast getur skráning, svo sem námsráðgjöf, námskynning, aðgangur að kennslusviði, deildarskrifstofum, bókasafni og alþjóðaskrifstofu, svo og tölvum og prenturum Háskólans.

Af því yfirliti sem menntamálanefnd barst frá Háskóla Íslands má ætla að raunverulegur skráningarkostnaður auk kennsluskrár sé innan við 3.000 kr. Hér er því verið að lögfesta töku á þjónustugjaldi undir rangnefni. Í greinargerðinni er þó gerð tilraun til að réttlæta það að kalla umrætt gjald skráningargjald en hún er ósannfærandi. Spyrja má hvers vegna hugtakið skólagjald er ekki notað úr því að ljóst er að um dulbúið skólagjald er að ræða? Ef viðkomandi gjald kallaðist skólagjald væri rökrétt að álykta að þeir sem stunda minna en fullt nám greiddu skólagjöld í hlutfalli við það. Að þeir sem taka t.d. 5 einingar á önn í stað 15 greiddu aðeins þriðjung skólagjalda. Erfiðara er að réttlæta slíka skiptingu, sem er í raun mikið réttlætismál, ef um skrásetningargjald er að ræða. Þó má benda á að miðað við þá kostnaðarliði sem taldir eru upp í greinargerð má færa gild rök fyrir því að mun meiri „skrásetningarkostnaður“ hljótist af nema í fullu námi en þeim sem er í skertu námi, t.d. varðandi tölvunotkun.

Það er niðurstaða undirritaðrar að hér sé farið út á þá vafasömu braut að innheimta þjónustugjald undir fölsku flaggi. Sem skráningargjald er það allt of hátt og í engu samræmi við skráningarkostnað. Því er lagt til að frumvörpin verði felld og að skráningargjöld háskólanna verði lækkuð til fyrra horfs. Um leið þarf að sjálfsögðu að hækka fjárveitingar til háskólanna.

Alþingi, 16. apríl 1996.

Guðný Guðbjörnsdóttir.

826. Breytingartillögur [154. mál]

við frv. til l. um tæknifrjóvgun.

Frá 1. minni hluta allsherjarnefndar (GGuðbj).

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Tæknifrjóvgun má því aðeins framkvæma að:
   a. væntanlegir foreldrar, sem biðja um aðgerðina, hafi samþykkt viðkomandi aðgerð skriflega og við votta,
   b. aldur væntanlegra foreldra megi teljast eðlilegur, m.a. með tilliti til velferðar barnsins á uppvaxtarárum,
   c. andleg og líkamleg heilsa og félagslegar aðstæður væntanlegra foreldra séu góðar,

d. að læknisfræðileg eða félagsleg rök fyrir aðgerðinni séu fullnægjandi að mati faglegra ráðgjafa og læknis.

Áður en tæknifrjóvgun fer fram og samþykki skv. a-lið 1. mgr. er veitt skal gefa viðkomandi upplýsingar um meðferðina og þau læknisfræðilegu, félagslegu og lögfræðilegu áhrif sem hún kann að hafa.

Læknir ákveður hvort tæknifrjóvgun fer fram. Synjun má kæra til landlæknis sem sendir kæruna tafarlaust til meðferðar sérstakrar nefndar sem ráðherra skipar til fjögurra ára. Í nefndinni skulu eiga sæti þrír fulltrúar og jafnmargir til vara, einn lögfræðingur, einn læknir og einn félagsráðgjafi. Ákvörðun nefndarinnar er endanleg.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd ákvæðis þessa, m.a. um heimild til að leita umsagnar barnaverndarnefndar um félagslegar aðstæður þeirra sem æskja tæknifrjóvgunar.

2. Við 4. gr. Í stað 2. og 3. mgr. komi þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Óski þiggjandi gjafakynfrumu eftir því að barnið, sem til verður, eigi möguleika á að fá vitneskju um líffræðilegt faðerni eða móðerni sitt við 18 ára aldur skal stofnunin varðveita upplýsingar um gjafann í sérstakri skrá. Verði til barn vegna kynfrumugjafarinnar skal varðveita upplýsingar um það og foreldrana sem fengu gjafakynfrumurnar í sömu skrá.

Barnið, sem til verður vegna kynfrumugjafar þegar þiggjandi óskar ekki eftir nafnleynd, getur er það nær 18 ára aldri óskað eftir aðgangi að skrá skv. 2. mgr. til að fá upplýsingar um nafn gjafans. Nú fær barn upplýsingar um kynfrumugjafa hjá stofnuninni og ber henni þá eins fljótt og auðið er að tilkynna honum um upplýsingagjöfina.

Óski þiggjandi gjafakynfrumu eftir nafnleynd er heilbrigðisstarfsfólki skylt að tryggja að hún verði virt. Í þeim tilvikum má hvorki veita gjafa upplýsingar um þiggjanda gjafakynfrumunnar eða um barnið sem til verður né veita þiggjandanum eða barninu upplýsingar um gjafann.

3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Tæknisæðingu með gjafasæði má því aðeins framkvæma að frjósemi karlmannsins sé skert, hann haldinn alvarlegum erfðasjúkdómi eða aðrar læknisfræðilegar eða félagslegar ástæður mæli með notkun gjafasæðis.

4. Við 6. gr. 1. mgr. orðist svo:

Glasafrjóvgun má því aðeins framkvæma að notðaðar séu kynfrumur væntanlegra foreldra. Þó skal heimilt að nota gjafakynfrumur ef frjósemi karlsins eða konunnar er skert, annað þeirra haldið alvarlegum erfðasjúkdómi eða aðrar læknisfræðilegar eða félagslegar ástæður mæla með notkun gjafakynfrumna.

827. Fyrirspurn [479. mál]

til menntamálaráðherra um skyldunámsefni í vímuvörnum.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Áformar ráðherra að gera námsefni í vímuvörnum, t.d. Lions-Quest námsefnið, að skyldunámsefni í grunnskólum?

828. Fyrirspurn [480. mál]

til heilbrigðisráðherra um störf tannsmiða.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir lagabreytingum til að taka af tvímæli um að tannsmiðir hafi rétt til að starfa sjálfstætt?

Skriflegt svar óskast.

829. Fyrirspurn [481. mál]

til fjármálaráðherra um fjárveitingar til stjórnmálaflokka.

Frá Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

1. Hverjar hafa verið fjárveitingar á árunum 1986–1996:
   a. til sérfræðilegrar aðstoðar fyrir þingflokka,
   b. til útgáfumála?
2. Hversu mikið fé hefur árlega komið í hlut hvers stjórnmálaflokks:
   a. til sérfræðiaðstoðar,
   b. til útgáfumála?
3. Hvaða reglur hafa gilt síðustu tíu ár um skiptingu þessa fjár á milli stjórnmálaflokka til útgáfumála?

Skriflegt svar óskast.

830. Nefndarálit [254. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34 25. mars 1991, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Efnahags- og viðskiptanefnd fjallaði um þrjú þingmál í tengslum við breytingar á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Í fyrsta lagi var fjallað um 242. mál, flutt af Ágústi Einarssyni og Svanfríði Jónasdóttur, sem er frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Það fjallar um að heimila erlendum aðilum að eiga allt að 20% hlut í fyrirtækjum sem vinna sjávarafurðir hér á landi og/eða stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Annað málið var 307. mál sem er frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri flutt af Kristjáni Pálssyni, Pétri H. Blöndal, Vilhjálmi Egilssyni og Guðjóni Guðmundssyni. Það frumvarp fjallar um að heimila erlendum aðilum að eiga allt að 49% hlut í fyrirtækjum sem vinna sjávarafurðir hér á landi og/eða stunda fiskveiðar.

Þriðja málið, þ.e. frumvarp það sem nefndarálitið fjallar um, er stjórnarfrumvarp, 254. mál, um breytingu á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, en þar er gert ráð fyrir að heimiluð sé óbein eignaraðild útlendinga í íslenskum sjávarútvegi auk annarra ákvæða.

Nefndin fjallaði ítarlega um þessi mál og hélt sérstaka ráðstefnu með sjávarútvegsnefnd um þau, svo og um þingsályktunartillögu um veiðileyfagjald. Auk þess voru frumvörpin send fjölmörgum aðilum til umsagnar, og koma nöfn þeirra fram í nefndaráliti meiri hluta nefndarinnar.

Kostir og gallar fjárfestinga útlendinga í sjávarútvegi.

Í umræðum á Alþingi, svo og í nefndarstarfinu, var ítarlega rætt um hvort heimila ætti erlendum aðilum að fjárfesta beint í íslenskum sjávarútvegi og þá í hve miklum mæli. Rökin fyrir fjárfestingum útlendinga í íslenskum sjávarútvegi eru m.a. eftirfarandi:

— Fyrirtæki geta sótt sér áhættufé og eru þá ekki eins háð erlendu lánsfé.
— Eignatengsl Íslendinga og útlendinga í sjávarútvegsfyrirtækjum geta örvað markaðssamstarf en slíkt er mjög algengt erlendis.
— Fjárfestingar milli landa í einstökum atvinnugreinum eru mjög umfangsmiklar og mjög sjaldgæft að settar séu takmarkanir á slíkt.
— Íslendingar hafa fjárfest mikið í sjávarútvegsfyrirtækjum erlendis og óeðlilegt er að við höfum aðra stefnu þegar við fjárfestum erlendis en við heimilum hérlendis.
— Óbein eignaraðild útlendinga felur ekkert annað í sér en staðfestingu á óbreyttu ástandi og því fylgja engin sóknarfæri.
— Fjölmörg dæmi eru um fjárfestingar útlendinga í íslenskum atvinnurekstri, svo sem hjá olíufyrirtækjum, í verktakaiðnaði, sjónvarpsrekstri, ferðaþjónustu, fiskeldi, skiparekstri og tölvuþjónustu, og öll slík eignaraðild hefur orðið íslensku atvinnulífi til styrktar.
— Óeðlilegt er að mismuna fyrirtækjum hérlendis með því að hafa sérstakar reglur fyrir sjávarútveginn.
— Stefna stjórnvalda hefur lengi verið að fá erlenda aðila til fjárfestinga hérlendis en það hefur ekki tekist í neinum mæli nema í áliðnaði.

— Sú þróun er mjög sterk að fyrirtæki renni meira og minna saman fjárhagslega þvert á landamæri ríkja ef atvinnurekstur og þjóðfélag hefur hag af. Þannig hafa orðið til hliðarfyrirtæki vegna fjárfestinga nýrra aðila.
— Heimild útlendinga til fjárfestinga í sjávarútvegi getur verið lykill að frekari fjárfestingum í öðrum greinum þar sem okkur er mikið kappsmál að fá erlenda aðila til samstarfs.

Rökin gegn beinni eignaraðild útlendinga í sjávarútvegi eru einkum þau að varhugavert sé að útlendingar komist með beinum hætti inn í fiskveiðar í íslenskri lögsögu. Hins vegar hefur verið bent á að fyrirtækin, sem hér um ræðir, eru alíslensk og lúta íslenskri stjórn og forræði þótt útlendingar séu með takmarkaða eignaraðild.

Ljóst er að meginandstaðan gegn fjárfestingum útlendinga í sjávarútvegi snýr fyrst og fremst að möguleikum þeirra til fjárfestinga við fiskveiðar. Það kom mjög skýrt fram í starfi nefndarinnar og í umsögnum sem henni bárust að margir töldu hagkvæmt að útlendingar fjárfestu í fiskvinnslu þó svo að þeim væri ekki heimilt að fjárfesta í fyrirtækjum sem stunda útgerð.

Flest ríki reyna nú að breyta löggjöf landa sinna í átt til frjálsræðis og hafa Íslendingar tekið þátt í þeirri þróun, m.a. með EES- og GATT-samningunum, þannig að rýmkun á þessu sviði er eðlilegt framhald af alþjóðlegri þróun.

Einnig ber að hafa í huga að þótt útlendingar væru eignaraðilar í fiskvinnslu þýddi það ekki aukinn útflutningi á óunnum fiski. Útlendingum er þegar heimilt að kaupa fisk á innlendum mörkuðum kjósi þeir svo, en um slík kaup hefur ekki verið að ræða. Hins vegar mundi þátttaka erlendra aðila í íslenskum fiskvinnslufyrirtækjum, sem hefðu markaðssamstarf að leiðarljósi, styrkja íslenska fiskvinnslu í samkeppni við erlenda aðila á heimsmörkuðum.

Greinarmunur milli veiða og vinnslu.

Oft hefur verið litið á það sem rök gegn því að gera greinarmun á fiskvinnslu og útgerð í þessu sambandi að fjölmörg fyrirtæki hérlendis reka bæði útgerð og fiskvinnslu. Hefði erlend eignaraðild kosti í för með sér mundu menn stofna sérstök fyrirtæki um vinnsluþáttinn. Auk þess reka fjölmörg fyrirtæki hérlendis eingöngu fiskvinnslu og hefur þeim fjölgað með tilkomu fiskmarkaða.

Þess ber að geta að þó nokkrir aðilar studdu fyrrgreind þingmannafrumvörp og má þar nefna Samtök iðnaðarins, Verslunarráð og Alþýðusamband Íslands, en andstaðan var einkum hjá hagsmunaaðilum í sjávarútvegi, svo sem Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Samtökum fiskvinnslustöðva og sjómannasamtökum. Nokkrir umsagnaraðilar tóku ekki skýra afstöðu. Andstaðan var fyrst og fremst gegn þátttöku útlendinga í fiskveiðum.

Minni hlutinn reyndi ítrekað að fá meiri hlutann til þess að skoða málið út frá þeirri hugsun að heimila erlendar fjárfestingar einungis í vinnsluþættinum. Meiri hlutinn féllst ekki á þá ósk minni hlutans og því mun minni hlutinn flytja breytingartillögu við 2. umræðu um frumvarpið um að heimila erlendum aðilum að fjárfesta í fiskvinnslu hér á landi. Það er ákveðin málamiðlun sem horfir til framfara í greininni.

Stjórnarfrumvarpið þýðir að útlendingar geta átt allt að 62% í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum. Þetta gerist þannig að erlendur aðili á 25% í hlutafélagi sem á sjávarútvegsfyrirtæki. Íslenskur lögaðili á þá 75% hlut en það félag gæti verið í eigu erlendra aðila að 49%.

Það er því er hægur vandi fyrir erlenda aðila að vera með full yfirráð yfir sjávarútvegsfyrirtækjum bæði í veiðum og vinnslu samkvæmt stjórnarfrumvarpinu. Þessi aðferðafræði um óbeina fjárfestingu er markleysa ein og í reynd miklu hættulegri en að leyfa beina eignaraðild. Hin óbeina eignaraðild leiðir til þess að menn fara krókaleiðir til að ná yfirráðum yfir fiskvinnslu og veiðum hérlendis ef menn kæra sig um. Mikill ókostur við óbeina fjárfestingu er að eftirlit með henni er nær útilokað. Heimild beinnar eignaraðildar leiðir hins vegar til þess að þessi mál eru miklu skýrari á yfirborðinu í stað þess að vera falin í eignatengslum fyrirtækjakeðju.

Einnig kom fram í umfjöllun nefndarinnar að erlendir hlutabréfasjóðir geta eignast meiri hluta í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum á tiltölulega einfaldan hátt.

Tillögur minni hlutans.

Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar telur ástæðulaust að óttast neikvæð áhrif útlendinga þótt þeim yrði heimilað að fjárfesta í íslenskum sjávarútvegi að takmörkuðu leyti. Þó telur minni hlutinn rétt að stíga þessi skref varlega og heimila fjárfestingar erlendra aðila einungis í fiskvinnslu.

Minni hlutinn flytur því breytingartillögu við stjórnarfrumvarpið um að ekki verði lagðar hömlur á fjárfestingar erlendra aðila í fiskvinnslu hérlendis. Meiri hlutinn féllst ekki á röksemdir minni hlutans þó að ábendingar hefðu komið frá fjölmörgum hagsmunaaðilum um slíka útfærslu, svo og reyndar einstökum nefndarmönnum meiri hlutans. Meiri hlutinn neitaði einnig að skoða þessi mál betur innan nefndarinnar og leita samstöðu um þau á breiðum grundvelli.

Meiri hlutinn gerir eingöngu tillögur um smávægilegar breytingar á frumvarpinu, um að reyking, súrsun, niðursuða og niðurlagning teljist ekki til fiskvinnslu. Að öðru leyti er frumvarp ríkisstjórnarinnar láta standa nær óbreytt. Þetta er þeim mun einkennilegra þegar horft er til þess að fjórir stjórnarþingmenn fluttu frumvarp á þingskjali 547, 307. mál, um að heimila erlenda fjárfestingu allt að 49% án tillits til þess hvort um fiskveiðar eða fiskvinnslu er að ræða. Þessir þingmenn, þingmenn Sjálfstæðisflokksins, hurfu algjörlega frá því frumvarpi. Það er með ólíkindum að stjórnarþingmenn skuli standa að stjórnarfrumvarpi, leggja því næst fram þingmannafrumvarp sem gengur þvert á stefnu stjórnarfrumvarpsins en snúa svo gjörsamlega frá því, sínu eigin frumvarpi, og ná ekki fram neinum breytingum á stjórnarfrumvarpinu í átt að því.

Minni hlutinn styður ákvæði stjórnarfrumvarpsins sem kveða á um rýmkun á eignaraðild útlendinga í flugrekstri, í bankarekstri, í virkjunum og við orkudreifingu.

Minni hlutinn gerir hins vegar athugasemd við breytingartillögu meiri hlutans um ákvæði til bráðabirgða eða svokallað „Olísákvæði“. Stjórnarfrumvarpið ylli því að óheimilt yrði fyrir Olíuverslun Íslands að eiga hlut í sjávarútvegsfyrirtækjum þar sem erlendur aðili á meira en 33% hlut í Olís. Útfærsla meiri hlutans til lausnar þessu vandamáli er

að heimila þessa eignaraðild til bráðbirgða. Olíuverslun Íslands hf. verður að stofna sérstakt hliðarfyrirtæki ef hún ætlar að halda erlendum eignaraðila sínum. Miklu einfaldara hefði verið að hækka viðmiðunarmörk frumvarpsins en að hafa íþyngjandi ákvæði sem tekur einungis til eins félags í atvinnurekstri hérlendis. Minni hlutinn telur að hér sé um óeðlilega mismunun að ræða.

Alþingi, 16. apríl 1996.

Ágúst Einarsson, frsm. Jón Baldvin Hannibalsson.

831. Breytingartillaga [254. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34 25. mars 1991, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (ÁE, JBH).

Eftirfarandi breytingar verði á 1. gr.:

a. 1. málsl. 1. mgr. 1. tölul. fyrri efnismálsgreinar orðist svo: Eftirtaldir aðilar mega einir stunda fiskveiðar í efnahagslögsögu Íslands samkvæmt lögum um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands.
b. 2. mgr. 1. tölul. fyrri efnismálsgreinar falli brott.

832. Svar [345. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um reglur um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

1. *Hve mörg sveitarfélög hafa sett sér reglur um fjárhagsaðstoð, sbr. 21. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga?*

Alls hafa 66 sveitarfélög sett sér reglur um fjárhagsaðstoð. Þar á meðal eru flest stærri sveitarfélögin. Eftirtalin sveitarfélög, sem eru með fleiri en 1.000 íbúa, hafa ekki sett sér slíkar reglur samkvæmt fyrirliggjandi gögnum í félagsmálaráðuneyti: Grindavíkurkaupstaður, Sandgerðisbær, Seltjarnarneskaupstaður, Stykkishólmsbær, Ísafjarðarkaupstaður, Sauðárkrókskaupstaður og Siglufjarðarkaupstaður.

2. *Hver er fjárhagsaðstoðin hjá Reykjavík, Reykjanesbæ, Kópavogi, Akureyri, Neskaupstað, Selfossi og Akranesi með hliðsjón af eftirfarandi fjölskyldum og félags- og fjárhagslegum aðstæðum (upphæðir í krónum):*
   a. *hjá barnlausum einstaklingi sem býr einn og leigir á almennum markaði (húsaleiga 28.000, rafmagns- og hitakostnaður 5.000) með ráðstöfunartekjur á mánuði (atvinnuleysisbætur, hálfar) 24.910;*

b. *hjá einstæðu foreldri með tvö börn á framfæri, 5 ára og 14 ára, sem leigir á almennum markaði, er atvinnulaust, en á ekki rétt á atvinnuleysisbótum (húsaleiga 35.000, rafmagns- og hitakostnaður 8.000); ráðstöfunarfé á mánuði: mæðralaun 3.144, meðlög með börnum 21.588; bætur á árinu: barnabætur 170.000, barnabótaauki 150.000;*

c. *hjá hjónum með tvö börn á framfæri, 5 ára og 14 ára, í leigu á almennum markaði (húsaleiga 40.000, rafmagn og hiti 8.000); ráðstöfunarfé á mánuði: tekjur konunnar (útborgaðar atvinnuleysisbætur) 49.800, tekjur konunnar vegna barna 9.000, tekjur karlsins (40% örorkustyrkur) 5.349; bætur á árinu: barnabætur 68.000, barnabótaauki 145.000;*

d. *hjá hjónum með tvö börn á framfæri, 5 ára og 14 ára, sem búa í eigin húsnæði með eftirfarandi útgjöld á mánuði: vextir, afborganir og fasteignagjöld af húsnæði 40.000, rafmagn og hiti 8.000; ráðstöfunarfé á mánuði: tekjur konunnar (40% örorkustyrkur) 5.349, tekjur karlsins (útborguð laun) 52.000; bætur á árinu: barnabætur 68.000, barnabótauki 145.000, samanlagðar vaxtabætur 140.000?*

Þrjú sveitarfélaganna sem spurt er um greiða húsaleigubætur, Reykjavíkurborg, Neskaupstaður og Selfossbær. Hin sveitarfélögin reikna húsaleigukostnað inn í fjárhagsaðstoðina. Til samræmis er húsaleigubótum bætt við fjárhæð aðstoðar hjá fyrrnefndum þremur sveitarfélögum þar sem það á við, þ.e. í liðum a–c. Að öðru leyti byggjast eftirfarandi upplýsingar á greinargerðum viðkomandi félagsmálastofnana (upphæðir í krónum).

Sveitarfélag	Liður a	Liður b	Liður c	Liður d
Reykjavíkurborg	36.686	67.252	49.724	39.124
fjárhagsaðstoð	28.686	50.452	32.324	
húsaleigubætur	8.000	16.800	17.400	
Neskaupstaður	37.024	53.292	36.579	25.979
fjárhagsaðstoð	29.024	36.492	19.179	
húsaleigubætur	8.000	16.800	17.400	
Selfossbær	35.512	40.610	21.586	16.320
fjárhagsaðstoð	27.512	23.810	4.186	
húsaleigubætur	8.000	16.800	17.400	
Akraneskaupstaður	39.832	49.591	29.592	12.092
Akureyrarkaupstaður	42.875	54.215	35.671	15.471
Reykjanesbær	36.800	41.900	31.000	26.100
Kópavogskaupstaður	29.481 *	46.244	26.893	14.693
	36.432 **			

* 85% aðstoð, greidd út fyrstu þrjá mánuðina. Á ekki við um barnafólk.
** Full aðstoð, að loknum þremur mánuðum. Á alltaf við um barnafólk.

833. Fyrirspurn [482. mál]

til menntamálaráðherra um íþróttaaðstöðu Menntaskólans við Hamrahlíð.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

Hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar til að bæta úr aðstöðuleysi Menntaskólans við Hamrahlíð til íþróttakennslu?

834. Nefndarálit [217. og 218. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, og um frv. til l. um breyt. á l. um Háskólann á Akureyri, nr. 51/1992, með síðari breytingu.

Frá 2. minni hluta menntamálanefndar.

Á síðustu árum hafa ákvarðanir stjórnvalda valdið því að almenningi er nú í ríkari mæli gert að greiða fyrir opinbera þjónustu sem áður var veitt endurgjaldslaust. Vegna þeirrar meginreglu að stjórnsýslan er lögbundin þarf skýra lagaheimild til slíkrar gjaldtöku. Þegar um er að ræða einfalda lagaheimild til töku þjónustugjalds, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Háskóla Íslands, á gjaldið almennt ekki að vera hærra en sá kostnaður sem hlýst af því að veita umrædda þjónustu. Með öðrum orðum er einungis heimilt að taka gjald til að standa straum af þeim kostnaði sem heimildin kveður á um, í þessu tilviki skrásetningu. Kostnaðurinn verður að vera í nánum og efnislegum tengslum við þá þjónustu sem gjaldandinn er að greiða fyrir.

Skólaárið 1992–1993 knúðu stjórnvöld Háskólann til að innheimta mun hærri skráningargjöld af stúdentum en áður hafði þekkst og það án þess að gera að fullu grein fyrir hvaða kostnaði þessi gjöld áttu að standa undir. Síðar var reynt að flokka þá útgjaldaliði Háskólans sem hægt var að flokka sem kostnað við skráningu. Samkvæmt áliti umboðsmanns Alþingis nr. 836/1993 og með hliðsjón af upplýsingum frá Háskóla Íslands er kostnaðurinn við skrásetningu hvers nemanda sem hér segir (í krónum):

— Nemendaskrá, skrifstofa 2.188
— Póstsendingar vegna námsferilsyfirlits 140
— Auglýsingar vegna skráningar 43
— Kennsluskrá 500

Hins vegar kemur í ljós að ýmislegt annað fær að fljóta með í útreikninginn sem á engan hátt er hægt að fella undir kostnað við skrásetningu, svo sem kostnaður af námsráðgjöf og námskynningu, prófgæslu og prófdómurum, aðgangi nemenda að tölvum, útprentun hjá Reiknistofnun o.s.frv.

Með því að samþykkja þessa fjárhæð, 24.000 kr., sem tilgreind er í frumvarpinu sem kostnaður við skrásetningu, er löggjafinn að fallast á að þeir kostnaðarliðir, sem gefur að líta í fylgiskjali sem rökstuðning við fjárhæð skrásetningargjaldsins, séu raunverulegur kostnaður við skrásetningu. Má því í raun segja að þetta háa gjald, sem stúdentar við Háskóla Íslands þurfa að greiða, geti verið lognið á undan storminum því að ávallt verður hægt að vísa til þess að Alþingi hafi lögfest þessa kostnaðarliði sem raunverulegan kostnað við skrásetningu.

Grundvallarspurning, sem Alþingi verður að svara, er hvort um raunverulegan kostnað við skrásetningu sé að ræða eða hvort verið sé að fara bakdyraleiðina að því að koma á skólagjöldum á Íslandi. Um það verða greidd atkvæði.

Í ljósi þessa leggur 2. minni hluti fram breytingartillögur við frumvörpin á sérstökum þingskjölum.

Svanfríður Jónasdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk áliti þessu.

Alþingi, 23. apríl 1996.

Lúðvík Bergvinsson, frsm. Sigríður Jóhannesdóttir.

835. Frumvarp til laga [483. mál]

um breyting á lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Til iðnaðar telst öll starfsemi sem fellur undir atvinnugreinanúmer sem upp eru talin í viðauka við lög þessi.

Undanþegin gjaldinu eru fyrirtæki sem að öllu leyti eru í eign opinberra aðila, svo og fyrirtæki sem stofnuð eru samkvæmt sérstökum lögum til að vera eign opinberra aðila að verulegu leyti nema annars sé getið í þeim lögum.

2. gr.

Við lögin bætist nýr viðauki sem verður hluti af lögum þessum og orðast svo:

Viðauki.

Til iðnaðar skv. 1. mgr. 2. gr. skulu teljast eftirtaldar atvinnugreinar samkvæmt Íslenskri atvinnugreinaflokkun, ÍSAT 95:

10	Kolanám og móvinnsla.
11	Vinnsla á hráolíu, jarðgasi o.fl.
12	Nám á úran- og þórínmálmgrýti.
13	Málmnám og málmvinnsla.
14	Nám og vinnsla annarra hráefna úr jörðu.
Úr 15	*Matvæla- og drykkjarvöruiðnaður:*
15.20.8	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta.
15.3	Vinnsla ávaxta og grænmetis.
15.43	Framleiðsla smjörlíkis og svipaðrar feiti til manneldis.
15.6	Framleiðsla á kornvöru, mjölva og mjölvavöru.
15.7	Fóðurframleiðsla.
15.8	Annar matvælaiðnaður.
15.9	Drykkjarvöruiðnaður.

16	Tóbaksiðnaður.
17	Textíliðnaður.
18	Fataiðnaður; sútun og litun loðskinna.
19	Leðuriðnaður.
20	Trjáiðnaður.
21	Pappírsiðnaður.
22	Útgáfustarfsemi og prentiðnaður. Þó ekki 22.31, fjölföldun hljóðritaðs efnis og 22.32, fjölföldun myndefnis.
23	Framleiðsla á koxi, olíuvörum og kjarnorkueldsneyti.
24	Efnaiðnaður.
25	Gúmmí- og plastvöruframleiðsla.
26	Gler-, leir- og steinefnaiðnaður.
27	Framleiðsla málma.
28	Málmsmíði og viðgerðir.
29	Vélsmíði og vélaviðgerðir.
30	Framleiðsla á skrifstofuvélum og tölvum.
31	Framleiðsla og viðgerðir annarra ótalinna rafmagnsvéla og tækja.
32	Framleiðsla og viðgerðir fjarskiptabúnaðar og tækja.
33	Framleiðsla og viðhald á lækningatækjum, mæli- og rannsóknartækjum, úrum o.fl.
34	Framleiðsla vélknúinna ökutækja annarra en vélhjóla.
35	Framleiðsla annarra farartækja.
36	Húsgagnaiðnaður, skartgripasmíði, hljóðfærasmíði, sportvörugerð, leikfangagerð og annar ótalinn iðnaður.
37	Endurvinnsla.
45	Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð.
Úr 50	*Sala, viðhald og viðgerðir á bílum o.fl.; bensínstöðvar:*
50.2	Bílaviðgerðir og viðhald; hjólbarðaviðgerðir.
52.7	Viðgerðir á hlutum til einkanota og heimilisnota.
72	Tölvur og tölvuþjónusta.
Úr 74	*Önnur viðskipti og sérhæfð þjónusta:*
74.81	Ljósmyndaþjónusta.
Úr 93	*Önnur persónuleg þjónustustarfsemi:*
93.02	Hárgreiðslu- og snyrtistofur.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í núgildandi lögum um iðnaðarmálagjald er um skilgreiningu á iðnaði vísað til atvinnugreinaflokkunar Hagstofu Íslands frá 1970. Ný flokkun, Íslensk atvinnugreinaflokkun, eða ÍSAT 95, hefur tekið gildi og verið birt í B-deild Stjórnartíðinda (nr. 620/1994).

Með hliðsjón af þessu þykir rétt að breyta lögum um iðnaðarmálagjald þannig að vísað verði til ÍSAT 95 í stað gömlu atvinnugreinaflokkunarinnar. Ekki er ætlunin að gera breytingar á gjaldskyldu einstakra aðila en þó hafa tilteknir flokkar verið felldir niður þar sem vafi hefur leikið á túlkun með tilliti til eldri flokkunar.

Í ljósi þess að hinir nýju flokkar ÍSAT 95 eru ekki í öllum tilvikum í samræmi við eldri atvinnugreinaflokkun og upptalning atvinnugreinaflokka er nokkuð viðamikil er lagt til að kveðið verði á um sérstakan viðauka við lögin, sem verði hluti af þeim, þar sem viðkomandi atvinnugreinaflokkar eru taldir upp með nánari tilgreiningu þegar það á við, einkum ef viðkomandi flokkur á ekki við nema að hluta.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að um einstaka atvinnugreinaflokka verði vísað til sérstaks viðauka við lögin. Þá verði felldur brott 2. tölul. 2. mgr. 2. gr. sem fjallar um undanþágu vegna tiltekinna þátta fiskiðnaðar og landbúnaðar. Ákvæðið er óþarft þar sem tilsvarandi atvinnugreinaflokkar ÍSAT 95 eru ekki tilgreindir í viðaukanum og heyra því ekki undir gjaldskyldu samkvæmt lögunum. Lögð skal áhersla á að breytingum á tilvísunum er ekki ætlað að hafa í för með sér breytingar á gjaldskyldu einstakra aðila.

Um 2. gr.

Lagt er til að við lögin bætist sérstakur viðauki þar sem viðkomandi atvinnugreinanúmer eru talin upp. Í þeim tilvikum sem tilgreint atvinnugreinarnúmer á ekki að öllu leyti við er sérstaklega tilgreint í hvaða atriðum það er. Að öðru leyti er vísað til almennra athugasemda.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald.

Með frumvarpi þessu er lagt til að stofn iðnaðarmálagjalds verði skilgreindur með tilvísun í atvinnugreinaflokkun ÍSAT 95 sem tekið hefur gildi og kemur í stað fyrri atvinnugreinaflokkunar Hagstofu Íslands frá 1970. Hin nýja skilgreining er ekki að öllu leyti í samræmi við þá eldri. Í örfáum minni háttar tilvikum fellur gjaldskylda niður og engin starfsemi er gerð gjaldskyld sem ekki var það áður. Ekki er talið að þessi breyting valdi kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

836. Nefndarálit [308. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands, nr. 13 30. mars 1992.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til laga um breytingu á lögum um erlenda fjárfestingu í atvinnurekstri sem efnahags- og viðskiptanefnd hefur haft til umfjöllunar. Héldu nefndirnar m.a. sameiginlegan fund um það mál 13. mars sl.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði afgreitt með hliðstæðri breytingu þeirri sem meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar leggur til við framangreint frumvarp, svofelldri

BREYTINGU:

Á eftir 1. gr. komi ný grein er orðist svo:

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Hafi íslenskur lögaðili, sem á eignarhlut í lögaðila sem stundar veiðar í efnahagslögsögu Íslands eða vinnslu sjávarafurða hér á landi, verið að hluta í eigu erlends aðila 31. desember 1995 skulu takmarkanir skv. b-lið 1. mgr. 2. gr. laga þessara ekki koma til framkvæmda að því er varðar þann lögaðila fyrr en 1. janúar 1998, enda hafi erlend eignaraðild í lögaðilanum ekki verið meiri en 49%, eignarhlutur lögaðilans í einstökum sjávarútvegs- eða fiskvinnslufyrirtækjum ekki farið yfir 10% og fjárfestingin verið tilkynnt Seðlabanka Íslands samkvæmt ákvæðum laganna fyrir 31. desember 1995.

Alþingi, 18. apríl 1996.

Steingrímur J. Sigfússon, form., frsm.	Árni R. Árnason.	Vilhjálmur Egilsson.
Hjálmar Árnason.	Einar Oddur Kristjánsson.	Stefán Guðmundsson.
	Guðmundur Hallvarðsson.	

837. Fyrirspurn [484. mál]

til forsætisráðherra um ferðakostnað ráðuneyta.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hver var sundurliðaður ferðakostnaður einstakra ráðuneyta árin 1992–1995?

Skriflegt svar óskast.

838. Fyrirspurn [485. mál]

til forsætisráðherra um úthlutun veiðiheimilda.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hvaða reglur hafa verið mótaðar af hálfu Byggðastofnunar varðandi úthlutun veiðiheimilda á grundvelli bráðabirgðaákvæðis II í lögum nr. 83/1995 um að Byggðastofnun hafi til ársins 1999 500 lestir af þorski til úthlutunar árlega?
2. Hverjum hefur nú þegar verið úthlutað veiðiheimildum samkvæmt þessu ákvæði?

Skriflegt svar óskast.

839. Fyrirspurn [486. mál]

til sjávarútvegsráðherra um afturvirk veiðileyfi.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hversu mörg skip sem staðin hafa verið að veiðum án tilskilinna leyfa hafa fengið afturvirk veiðileyfi sem dagsett eru sama dag eða fyrr?
2. Hvaða skip eru þetta og í eigu hvaða útgerða?

840. Skýrsla [187. mál]

fjármálaráðherra um úttekt á afskrifuðum skattskuldum, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis óskuðu alþingismennirnir Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Baldvin Hannibalsson, Margrét Frímannsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Ágúst Einarsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Gísli S. Einarsson og Kristín Halldórsdóttir eftir því að fjármálaráðherra flytti Alþingi skýrslu um þróun og orsakir afskrifaðra skattskulda sl. 10 ár, sbr. beiðni um skýrslu á þskj. 232. Í skýrslubeiðninni var þess jafnframt óskað að Alþingi yrði gerð grein fyrir því hvort ríkisstjórnin hygðist grípa til sérstakra aðgerða til að koma í veg fyrir að álögð gjöld töpuðust.

1. INNGANGUR

Samkvæmt þingskaparlögum er veittur tíu vikna frestur til að skila skýrslum. Ekki reyndist unnt að standa við þann frest, fyrst og fremst af þeirri ástæðu að þær sundurliðuðu upplýsingar sem óskað var eftir voru ekki til og reyndist tímafrekt að vinna þær úr fyrirliggjandi gögnum. Upplýsingum sem þessum hefur ekki áður verið safnað saman og mun sú vinna sem farið hefur fram við skýrslugerðina án efa reynast afar gagn-

leg síðar. Af skýrslunni má draga ályktanir um ýmislegt sem betur má fara í skattframkvæmd, hvort heldur sem er við álagningu skattstjóra, innheimtu skattanna eða afskriftir þeirra. Má ætla að skýrslan muni stuðla að málefnalegri umfjöllun um tekjuöflunarkerfi ríkisins, þ.m.t. um afskriftir skatta.

Þegar skýrslubeiðnin lá fyrir var settur sérstakur starfshópur til að vinna skýrsluna. Auk fulltrúa fjármálaráðuneytis komu að verkinu fulltrúar frá ríkisbókhaldi, ríkisendurskoðun og embætti ríkisskattstjóra. Í upphafi var ljóst að mikil vandkvæði væru á því að svara öllum spurningunum með þeim hætti sem óskað var, þar sem nauðsynlegar upplýsingar til þess að svara einstökum spurningum voru í sumum tilvikum ekki til eða óaðgengilegar. Nánar er vikið að þessu í svörum við einstökum spurningum. Þrátt fyrir öll vandkvæði hefur verið leitast við að varpa ljósi á afskriftir liðinna ára og skýra út forsendur þeirra.

Það hefur verið árviss viðburður að afskriftir skattskulda eru gerðar að umtalsefni bæði á Alþingi og í fjölmiðlum. Sú umræða hefur oft verið ómarkviss og villandi. Skýringar þess liggja vafalaust ekki hvað síst í því að stjórnvöld hafa ekki gert sitt til að skýra út forsendur afskrifta og þau hugtök sem notuð eru í umræðunni. Sem dæmi má taka að í umræðum um afskriftir hafa menn gjarnan lagt að jöfnu beinar og óbeinar afskriftir og rætt um heildarafskriftir skattkrafna sem beint fjártjón ríkissjóðs. Eins og fram kemur í skýrslunni er þessu ekki svo farið. Það er einkum tvennt sem skiptir máli í þessu sambandi, þ.e. annars vegar það að tiltekinn hluti af eignfærðum skattkröfum eru áætlanir sem yfirleitt lækka eftir kærumeðferð hjá skattyfirvöldum og hins vegar það að óbein afskrift er bókhaldsaðgerð sem felur ekki í sér niðurfellingu á skattskuld. Um þetta vísast nánar til umfjöllunar í öðrum kafla þar sem gerð er grein fyrir afskriftahugtakinu og þriðja kafla þar sem fjallað er um orsakir afskrifta.

Í fjórða kafla er fjallað um innheimtu skatta og í fimmta kafla er rakin þróun verklags við afskriftir á liðnum árum. Í sjötta kafla er að finna svör við spurningunum sem koma fram í skýrslubeiðninni. Í henni er óskað eftir ýmsum tölulegum upplýsingum. Með skýrslunni er sérstakur töfluviðauki með frekari sundurliðun talna.

Í sjötta kafla eru dregnar fram helstu niðurstöður skýrslunnar. Bent er á ýmis atriði sem betur mega fara og reifaðar stuttlega ýmsar aðgerðir sem ráðuneytið mun beita sér fyrir í framhaldi af skýrslunni.

2. AFSKRIFTIR

2.1 Almennt um afskriftir.

Með afskriftum er átt við leiðréttingu á bókfærðu verðmæti eigna í efnahagsreikningi. Þessi leiðrétting getur falist í fyrningu varanlegra fastafjármuna, þannig að verð þeirra er lækkað m.t.t. verðmætarýrnunar sem hlýst á grundvelli notkunar eignar og aldurs hennar. Í öðru lagi getur afskrift falist í eftirgjöf tiltekinnar skuldar, eins og þegar skuld er fyrnd og hún þar með óinnheimtanleg. Í þriðja lagi er afskriftahugtakið notað um niðurfærslu á bókfærðu verðmæti peningalegra krafna án þess að í slíkri niðurfærslu felist niðurfelling krafna. Einungis er verið að leggja mat á líklegri innheimtu þeirra. Þetta þrennt á sér sameiginlegan tilgang, þ.e. að tryggja að í efnahagsreikningi séu eignir sýndar miðað við raunverulegt verðmæti þeirra á hverjum tíma. Í skýrslu þessari er hugtakið afskrift notað um niðurfærslu skattkrafna (óbeina afskrift) og niðurfellingu þeirra (beina afskrift).

2.2 Bein afskrift.

Eðli máls samkvæmt er nauðsynlegt að afskrifa skattkröfur þegar þær eru tapaðar. Slík afskrift er nefnd *bein afskrift*, og felur það í sér að tiltekin skattkrafa er færð út af viðskiptareikningi viðkomandi gjaldanda í tekjubókhaldskerfi ríkissjóðs á þeirri forsendu að hún sé sannanlega töpuð. Við mat á því hvort krafa telst töpuð er horft til innheimtutilrauna, hugsanlegra trygginga, aldurs kröfu með tilliti til fyrningar og fjárhagsstöðu viðkomandi gjaldanda. Almennt má segja að við beina afskrift sé lagt til grundvallar að útilokað sé talið að innheimta kröfuna með þeim úrræðum sem innheimtumenn ríkissjóðs hafa. Um nánari umfjöllun um verklagsreglur við afskriftir vísast til kafla 4.

2.3 Óbein afskrift.

Beinar afskriftir einar sér eru ekki nægilegar til að náð sé því markmiði afskrifta að tryggja að ríkisreikningur gefi rétta mynd af efnahagi ríkissjóðs. Það stafar af því að vitað er að ákveðinn hluti skattakrafna á hverjum tíma er óinnheimtanlegur, þótt ekki sé komið að þeim tíma að krafa sé afskrifuð beinni afskrift. Því hefur í samræmi við góðar reikningsskilavenjur einnig verið beitt svonefndri *óbeinni afskrift* eða niðurfærslu skattkrafna. Óbein afskrift felur í sér að skattkröfur ríkissjóðs eru færðar niður í bókhaldi ríkissjóðs um þá fjárhæð sem talið er á hverjum tíma að líklegt sé að tapist af þeim. Í þessum tilgangi eru teknar til sérstakrar skoðunar kröfur sem lýst hefur verið í þrotabú, þar sem skiptum er ólokið. Einnig eru teknar til skoðunar kröfur sem gert hefur verið árangurslaust fjárnám fyrir. Þetta er nauðsynlegt til að tryggja að kröfur ríkissjóðs verði ekki ofmetnar.

Óbeinar afskriftir eiga sér ekki langa sögu í reikningsskilum ríkissjóðs. Í ríkisreikningi árið 1988 var í fyrsta sinn reynt að meta mögulega innheimtu á eftirstöðvum ríkistekna. Þessar óbeinu afskriftir byggðu eingöngu á upplýsingum frá innheimtumönnum ríkissjóðs og gjaldheimtum um skuldir aðila í gjaldþrotaskiptum og aðila þar sem gjaldþrotaskiptum var lokið þann 31. desember 1989. Skuldir aðila sem voru í gjaldþrotaskiptum voru færðar niður um 75% en skuldir aðila þar sem skiptum var lokið hjá að fullu.

Í skýrslu ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 1992 var bent á að rétt væri að breyta framsetningu afskrifta og niðurfærslna í ríkisreikningi. Eðlilegast væri að tapaðar kröfur ríkissjóðs væru færðar til gjalda í ríkisreikningi en ekki dregnar frá tekjum. Öðruvísi sýndi ríkisreikningur ekki álagðar tekjur viðkomandi árs þar sem inni í tekjufærslunni væru tapaðar kröfur, aðallega vegna fyrri ára. Þannig væri erfitt að meta tekjubreytingu á milli ára þar sem fjárhæð tapaðra krafna getur sveiflast eftir árum. Bent var á að sú aðferð að horfa einungis á kröfur á aðila sem væru undir skiptum eða aðila þar sem skiptum væri lokið hjá væri ófullnægjandi, því kröfur gætu verið tapaðar þó viðkomandi skuldari hefði ekki verið tekinn til gjaldþrotaskipta.

Í ríkisreikningi 1993 var reynt að leggja frekara mat á þessar kröfur, þ.e. reynt var að meta líklega innheimtu krafna hvort sem viðkomandi skuldari var kominn í gjaldþrotaskipti eða ekki. Því hækkuðu óbeinar afskriftir á árinu 1993 umtalsvert. Hækkun á óbeinum afskriftum árið 1994 var á hinn bóginn svo til eingöngu vegna þess að kröfur á gjaldþrota aðila höfðu aukist.

Óbeinar afskriftir hafa þannig fengið aukið vægi með árunum og ekki hvað síst á sl. þremur árum í samræmi við almenna þróun reikningsskila ríkissjóðs. Gera má ráð fyrir að óbeinar afskriftir aukist enn á næstu árum, ekki síst ef frumvarp til laga um fjárreiður ríkissjóðs verður að lögum, en samkvæmt því frumvarpi munu almennar reikn-

ingsskilareglur gilda um reikningsskil ríkissjóðs eftir því sem við getur átt. Til samanburðar má benda á að fyrirtækin færa niður viðskiptakröfur sínar í sama skyni og aðrir stórir kröfueigendur eins og bankar og sparisjóðir hafa ítarlegar reglur um óbeinar afskriftir í reikningsskilum sínum.

Að mati ráðuneytisins hefur það verklag sem þróast hefur við óbeinar afskriftir verið í rétta átt. Þó fallast megi á ýmis rök þess að ekki sé eðlilegt að draga afskriftir frá tekjumegin má einnig með gildum rökum draga í efa réttmæti þess að tekjufæra í reikningi ríkissjóðs allar þær skattakröfur sem nú eru þar færðar til tekna. Á það fyrst og fremst við um áætlanir af ýmsum toga sem oftast myndu lækka eftir kærumeðferð hjá skattyfirvöldum og því endurspegla þær því ekki raunverulegt verðmæti nema að hluta til. Ljóst er að bókfærðar áætlanir koma aldrei til með að raungerast sem tekjur ríkissjóðs nema að hluta. Því er óhætt að fullyrða að tekjufærsla áætlana að fullu gefi á sama hátt og frádráttur afskrifta tekjumegin ranga mynd af tekjum ríkissjóðs þar sem á bak við hana stendur ekki í reynd sá tekjustofn sem færður er þannig til bókar. Tekjufærslan leiðir því óhjákvæmilega til afskrifta síðar á kröfum, sem aldrei voru „skatttekjur" í eiginlegum skilningi og gefur þannig með sama hætti ranga mynd af útgjöldum ríkissjóðs. Þessi sjónarmið koma einnig fram í skýrslu ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 1994. Ljóst er að móta þarf skýra stefnu um það hvernig eigi að haga bókfærslu skatttekna og afskrift skattkrafna í reikningsskilum ríkissjóðs í þeim tilgangi að ríkisreikningur gefi sem réttasta mynd af rekstri og efnahag ríkisins. Í niðurstöðum skýrslunnar er vikið stuttlega að úrbótum að þessu leyti.

3. ORSAKIR AFSKRIFTA

3.1 Almennt.

Í skýrslubeiðni er sérstaklega óskað eftir því að gerð verði grein fyrir orsökum afskrifta. Um reikningshaldslega nauðsyn afskrifta er vísað til umfjöllunar í öðrum kafla. Í þessum kafla verður leitast við að skýra orsakir afskrifta skattkrafna og að svara þeirri spurningu hvers vegna álagðar skattkröfur innheimtast ekki að fullu. Jafnframt er reynt að leggja mat á það hvort afskriftir skattkrafna séu óeðlilega miklar vegna slakrar innheimtu eða af öðrum ástæðum.

Þegar leitað er svara við þessu verður að gera grein fyrir nokkrum atriðum. Allstór hluti þeirra skattkrafna sem eru afskrifaðar byggja á áætluðum skattstofnum. Það hefur í för með sér að afskrifaðar skattkröfur endurspegla ekki nema að hluta raunverulegt fjártjón ríkissjóðs. Ef framtölum væri skilað kæmi oft í ljós að litlir eða engir skattstofnar standa að baki. Hátt afskriftahlutfall skýrist fyrst og fremst af vægi áætlana í afskrifuðum kröfum og því er nauðsynlegt að skýra hvað raunverulega býr að baki skattkröfum og hvaða reglur eru lagðar til grundvallar þegar skattákvörðun á sér stað. Í kafla 3.2 er gerð grein fyrir forsendum skattkrafna með sérstakri vísan til afskrifta.

Það er staðreynd að ákveðinn hluti af álögðum sköttum, sem byggja á framtöldum stofnum, tapast og eru afskrifaðir beinni afskrift. Skýringar þessa eru margvíslegar. Þegar samdráttur er í þjóðfélaginu kemur það niður hjá innheimtu ríkissjóðs eins og öðrum kröfuhöfum. Skattkröfur innheimtast þó mismunandi vel eftir skatttegundum. Það skýrist af ýmsum atriðum, m.a. af mismunandi innheimtuúrræðum. Í kafla 3.3 er fjallað um innheimtuna, innheimtuúrræðin og almennt um viðbrögð við vangreiðslu skatta og þá stefnu sem fylgt hefur verið við innheimtu skatta á undanförnum árum.

3.2 Sérstaða skattkrafna.

Við samanburð á afskriftahlutföllum annars vegar hjá ríkinu vegna tapaðra skattkrafna og hins vegar hjá öðrum kröfuhöfum, t.d. bönkum, þarf að hafa í huga að ákveðinn grundvallarmunur er á eðli krafnanna, sem skekkir slíkan samanburð. Fjárkröfur aðrar en skattkröfur eru yfirleitt ákveðnar á grundvelli samnings, þar sem báðir samningsaðilar ákvarða samningsfjárhæðina, sem síðan verður að innheimtanlegri kröfu. Skattkröfur ríkissjóðs eru á hinn bóginn ákveðnar af skattstjórum samkvæmt lögbundnum álagningarreglum, þar sem framtal greiðandans er lagt til grundvallar. Eigandi hinnar almennu kröfu hefur aftur á móti yfirleitt beint eða óbeint afhent skuldaranum verðmæti sem svara til kröfunnar og sett skilyrði svo sem um veð og ábyrgðir eða annað tryggingaform, sem skuldarinn hefur gengist undir. Gagnvart skattkröfum liggur ekkert slíkt fyrir þegar krafan stofnast, þó innheimtuaðilinn reyni að tryggja kröfuna þegar til vanskila kemur. Þá skilur það og á milli skattkrafna og almennra fjárkrafna að í mörgum tilvikum byggist skattkrafan ekki á fjárhæð sem viðurkennd er af skuldaranum eða byggð er á óyggjandi upplýsingum. Þannig eru skattakröfur í sumum tilvikum ekki byggðar á innsendu framtali skuldara heldur á áætlun skattstjóra á skattstofnum skuldarans.

Dæmigerða áætlunarheimild skattyfirvalda er að finna í 1. mgr. 96. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Samkvæmt henni ber skattstjóra að gefnum tilteknum forsendum að áætla tekjur og eignir skattaðila *svo ríflega að eigi sé hætt við að fjárhæðir séu áætlaðar lægri en þær eru í raun og veru* og ákvarða eða endurákvarða skatta hans í samræmi við þá áætlun. Þannig er í lögum gert ráð fyrir að áætlun skattstjórans sé hærri en ætla má að rauntölur muni gefa til kynna. Þetta hefur það óhjákvæmilega í för með sér að skattkröfur ríkissjóðs eins og þær birtast í tekjubókhaldi ríkisins gefa ekki rétta mynd af því hverjar kröfurnar verða þegar skattaðili hefur sent inn framtal eða bætt úr annmarka á því sem leitt hefur til áætlunar. Í mörgum tilvikum eru það einmitt áætlaðar kröfur sem verið er að afskrifa, jafnvel kröfur á fyrirtæki og einstaklinga sem hætt er starfsemi. Afskrift slíkra krafna er þannig ekki raunverulegt tjón ríkissjóðs, með sama hætti og væri ef um almenna fjárkröfu væri að ræða.

Þessi sérkenni skattkrafna verður að hafa í huga þegar dregnar eru ályktanir af fjárhæð afskrifaðra skattkrafna um fjártjón ríkissjóðs. Áætlun skattstofna er oft vísbending um að fjárreiður viðkomandi aðila séu ekki í lagi. Á það sér í lagi við um aðila sem ítrekað hefur sætt áætlunum vegna þess að þeir senda ekki inn framtal. Þegar skattaðili er kominn í verulega greiðsluerfiðleika hættir honum til að láta skattskil sín reka á reiðanum. Á þetta t.a.m. við um aðila sem kominn er í gjaldþrotameðferð eða er við það að verða gjaldþrota. Þrotameðferð getur tekið langan tíma. Litið er svo á að á skiptastjórum hvíli ekki sú skylda að skila inn framtölum vegna liðins tíma, a.m.k. ekki þegar um er að ræða eignalaus bú. Í slíkum tilvikum virðist enginn hafa hagsmuni af því að skilað sé inn framtölum, þ.e. enginn annar en ríkissjóður á grundvelli reikningshaldsins. Á búinu hvíla því þær áætlanir sem skattstjóri hefur gert. Ef um er að ræða bú þar sem finnast eignir verður að telja að sú skylda hvíli á skiptastjóra að telja fram fyrir liðinn tíma, þar sem ella væru kröfur ríkissjóðs í búið hærri en þær myndu verða ef skattákvörðun ætti sér stað á grundvelli framtala og þar með fengi ríkissjóður meira vægi við úthlutun úr búinu en yrði ef framtölum væri skilað. Staðreyndin er sú að í mörgum tilvikum eru þær skattakröfur sem lýst er í þrotabú byggðar á áætlunum a.m.k. að einhverjum hluta. Þessar kröfur eru síðan afskrifaðar að gjaldþroti loknu. Um getur verið að ræða mjög háar fjárhæðir, þar sem dráttarvextir hafa hlaðist upp.

Oft heyrist að skattstjórar gangi of langt í áætlunum sínum. Þannig séu oft felldir niður jafnvel tugir milljóna króna þegar framtölum er loks skilað. Almenn verklagsregla hjá skattstjórum er að horft er til framtaldra stofna vegna eldri tímabila og bæta í fyrstu lítillega við þá stofna til að tryggja að áætlun sé ekki of lág. Ef framteljandi skilar ekki inn skýrslu á næsta tímabili er áætlunin hækkuð og er tilgangur fyrst og fremst sá að knýja framteljanda til að skila inn framtali. Þótt þetta sé almenna reglan má finna ýmis frávik frá henni. Má í því sambandi nefna að stundum er ekki við neina sögu að styðjast þar sem gjaldendur hafa í sumum tilvikum aldrei skilað inn framtali sem skattstjóri getur byggt skattákvörðun sína á.

Ráðuneytið telur að með skýrari verklagsreglum og betra flæði upplýsinga til skattstjóra megi lækka áætlaðar skattakröfur án þess að gengið sé gegn því markmiði að áætlanir séu svo ríflegar að ekki sé hætta á að fjárhæðirnar verði lægri en þær yrðu ef framtali væri skilað eins og lög gera ráð fyrir. Finna má dæmi þess að áætlanir margfaldist með hverju tímabilinu, jafnvel þótt viðkomandi skattaðili sé kominn í gjaldþrot. Eðlilegt er að þegar ákvörðun er tekin um áætlun sé horft til veltu og tekna eins og þær hafa verið framtaldar og er er sú almennt raunin í skattframkvæmdinni þó benda eigi undantekningar frá þessu eins og fyrr greinir. Jafnframt er nauðsynlegt að skattstjóri fái upplýsingar um það þegar aðili er tekinn til skipta eða gert er árangurslaust fjárnám hjá honum. En þess má finna dæmi að eignarskattsstofn hafi verið áætlaður hjá aðila sem kominn var í gjaldþrotaskipti. Í því tilviki hafði skattstjóri ekki upplýsingar um skiptin. Unnið hefur verið að því að bæta upplýsingaflæði til skattyfirvalda hvað þetta áhrærir. Þannig hefur skattstjórinn í Reykjavík komið sér upp gagnagrunni um aðila í gjaldþrotaskiptum. Nauðsynlegt er að aðrir skattstjórar hafi sambærilegan gagnagrunn auk þess sem æskilegt væri að skattstjórar hefðu upplýsingar um árangurslaus fjárnám í sínu umdæmi.

Hafa verður í huga að flestar áætlanir ná því markmiði að framtali er skilað inn. Stærstur hluti þeirra aðila sem skattar eru áætlaðir á skila að lokum framtölum og er álagningin þá leiðrétt til samræmis við upplýsingar sem þar koma fram. Leiðréttingin kemur fram sem breyting á álagningu í reikningsskilum ríkissjóðs en ekki sem afskrift á skattkröfu. Hún kemur því til lækkunar tekjumegin en er ekki gjaldfærð sem afskrift.

Þá verður og að hafa í huga að áætlanir skattstjóra eru ekki eingöngu gerðar vegna þess að framtali er ekki skilað. Í sumum tilvikum kemur í ljós að framtal styðst ekki við neitt bókhald og áætla þá skattyfirvöld stofna á grundvelli skattrannsóknar. Má ætla að oftast endurpegli slíkar áætlanir a.m.k. raunverulega stofna.

Í skýrslu *ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 1994* er allítarleg umfjöllun um afskriftir. Þar segir m.a. um áætlanir og afskriftir:

> „Það sjónarmið að ofáætla skatta frekar en hitt, er skiljanlegt út frá hagsmunum ríkisins. Lögum samkvæmt ber að tryggja að skattaðili hagnist ekki á að skila ekki tilskyldum framtölum. Á móti kemur að út frá reikningshaldslegu sjónarmiði er ekki réttlætanlegt að ofáætla tekjur. Að sjálfsögðu er einnig óæskilegt að sýna niðurfellingu á óraunhæfum skattkröfum sem afskrift í ríkisreikningi. Í afskriftinni hlýtur að felast að fullgild krafa hafi tapast af einhverjum ástæðum. Því er hins vegar ekki til að dreifa nema í helmingi tilvika eins og komið er fram. Það sem helst sýnist koma til álita til úrbóta í þessu efni er eftirfarandi:
>
> 1. Bæta upplýsingastreymi á milli skattstjóra, innheimtumanna og skiptastjóra þannig að álagning sé byggð á sem nákvæmustum upplýsingum um stöðu skattaðilans.

2. Tekjufæra áætlanir skattstjóra ekki að fullu í fjárhagsbókhaldi ríkissjóðs enda þótt þeim sé áfram viðhaldið í innheimtukerfinu."

Eins og fram kemur hjá ríkisendurskoðun felast mótsagnir í markmiðum þeim sem búa að baki áætlunum annars vegar og reikningshaldslegum forsendum afskrifta hins vegar. Það er út af fyrir sig ekki æskilegt að sýna niðurfellingu á óraunhæfum skattkröfum sem afskrift í ríkisreikningi. Það breytir á hinn bóginn ekki því að áætluð skattkrafa er jafngild sérhverri annarri skattkröfu. Það fyrirkomulag að tekjufæra ekki áætlanir að fullu í ríkisbókhaldi kemur vel til álita. Það krefst þess á hinn bóginn að settar verði skýrari reglur um áætlanir skattstjóra og hvort og þá hve stóran hluta krafnanna á að tekjufæra. Sömuleiðis þarf að tryggja að þessi skipting áætlana rýri ekki gildi áætlana sem lögvarinna krafna sem hægt er að fá fullnustu fyrir með atbeina dómstóla.

Varðandi frekari umfjöllun um áætlanir og afskriftir vísast til svars við spurningu skýrslubeiðanda í kafla 5.11 og jafnframt er vísað til umfjöllunar hér að lútandi í niðurstöðum skýrslunnar.

4. INNHEIMTA SKATTA

4.1 Almennt.

Hlutur áætlana skýrir ekki afskriftir skattkrafna nema að hluta til. Ávallt tapast nokkur hluti skattkrafna sem byggst hafa á innsendum framtölum. Verða hér raktar nokkrar ástæður þess að skattakröfur tapast.

Í fyrsta lagi líður ávallt nokkur tími frá því að skattskyld starfsemi eða skattskyld atvik áttu sér stað og þar til innheimta skatta getur hafist. Er þetta nokkuð breytilegt eftir skatttegundum. Almennt má segja að taphætta krafna aukist eftir því sem lengra líður frá því að skattkvöð myndast og þar til skattkrafan verður gjaldkræf. Má í þessu sambandi nefna þinggjöld lögaðila og einstaklinga sem ekki eru innheimt í staðgreiðslu eða fyrirframgreiðslu. Þessi gjöld eru innheimt árið eftir að skattkvöðin myndaðist. Í virðisaukaskatti getur innheimta hafist tveimur til fjórum mánuðum eftir að skattskyld viðskipti eiga sér stað. Á þeim tíma getur skattaðili verið kominn í greiðsluþrot eða starfsemi verið hætt af öðrum orsökum. Í þeim tilvikum bera hefðbundnar innheimtuaðgerðir oft ekki árangur og skuldari endar í gjaldþroti án þess að krafan fáist greidd.

Í öðru lagi er hluti afskrifaðra skattkrafna vegna endurákvarðana skattstjóra eftir að í ljós hefur komið að skattstofnar voru rangt taldir fram, innskattur ranglega færður í skýrslu o.þ.h. Það liggur í hlutarins eðli að öll skattsvik sjást ekki við yfirferð framtala en koma síðar í ljós við skatteftirlit og skattrannsóknir. Oft er það svo að þegar að endurákvörðun kemur reynist hún gjaldandanum um megn og endar hann í gjaldþroti. Stundum eru skattaðilar komnir í gjaldþrotaskipti þegar endurákvörðun skattyfirvalda á sér stað og innheimta því ekki möguleg.

Í þriðja lagi eru þau tilvik þegar innheimta hefur dregist vegna þess að ekki var beitt ítrustu innheimtuaðgerðum strax og það var mögulegt. Innheimtumenn ríkissjóðs geta gripið til innheimtuúrræða, en þau eru þó mismunandi eftir sköttum. Þannig er heimilt að loka atvinnurekstri hjá þeim sem skulda staðgreiðslu opinberra gjalda, virðisaukaskatt, tryggingagjald og vörugjald. Í öðrum tilvikum fylgir lögveð kröfum og einnig geta innheimtumenn gert fjárnám í eigum gjaldanda fyrir skattaskuldunum. Þessi innheimtuúrræði eru misvirk. Þannig er lokunarheimild gagnslaus ef starfsemi er þess eðlis að ekki er til staðar starfsstöð sem unnt er að loka, starfsemin hefur verið lögð niður eða e.t.v. flutt undir nafn nýs aðila, sem ekki er hægt að gera ábyrgan. Þá er og algengt að ekki séu til staðar eignir sem unnt er að gera fjárnám í. Það er ákvörðunarefni innheimtumanna

ríkissjóðs að meta hvenær tiltækum innheimtuúrræðum er beitt innan marka laga og almennra verklagsreglna. Slíkt mat er vandasamt og er jafnvel erfitt eftir á að meta hvort önnur ákvörðun en tekin var hefði reynst heppilegri. Innheimtumaðurinn verður ekki aðeins að meta hvað líklegast sé til árangurs í hverju tilviki fyrir sig heldur einnig áhrif tiltekinna aðgerða á innheimtu almennt, m.a. með tilliti til þess jafnræðis sem honum ber að gæta. Í þeim tilgangi að samræma störf innheimtumanna hefur fjármálaráðuneytið beint sameiginlegum leiðbeiningum til þeirra og sendir þeim reglulega upplýsingar um skuldir með tilmælum um innheimtuaðgerðir.

Þrátt fyrir samræmdar innheimtuaðgerðir af þessu tagi tekst ekki að innheimta allar kröfur. Ríkið er í sömu stöðu og aðrir kröfuhafar og í mörgum tilvikum er um eignalausa aðila að ræða og því ekki hægt að fá fullnustu krafnanna. Það eru ákveðin takmörk fyrir því hversu stóran hluta af kröfum unnt er að innheimta. Ráðuneytið leitast við, eins og fyrr greinir, að fylgjast náið með framvindu innheimtumála, ekki einungis frá því sjónarmiði að brýnt sé að tekjur ríkissjóðs innheimtist heldur einnig til að tryggja jafnræði við innheimtu skatta á milli umdæma. Aðstæður í innheimtuumdæmum eru mismunandi. Í smærri umdæmum eru það oft tiltölulega fáir en stórir aðilar sem bera upp atvinnulífið. Er því skiljanlegt að innheimtumenn veigri sér við að ganga hart eftir greiðslu með lokunaraðgerðum. Þeir eru oft undir þrýstingi frá forsvarsmönnum fyrirtækis og íbúum svæðisins og fleiri aðila sem óska eftir frestun á aðgerðum. Ráðuneytið hefur á síðustu árum haft þá stefnu að innheimtan eigi að vera hlutlæg og óháð staðbundnum aðstæðum á hverjum stað. Það getur á hinn bóginn verið í undantekningartilvikum eðlilegt að fresta aðgerðum, þ.e. ef fyrir liggur að hagur einstakra gjaldenda muni vænkast eða líkur á greiðslum aukist af öðrum ástæðum í náinni framtíð. Í slíkum tilvikum getur hagsmunum ríkissjóðs verið betur borgið með frestun aðgerða og eru þess dæmi að ráðuneytið hafi veitt atbeina sinn til slíkra frestveitinga. Með tilliti til jafnræðissjónarmiða verður þó að fara mjög varlega í slíka fresti og gera verður ríkar kröfur til þess að sýnt sé fram á greiðslumöguleika með haldbærum hætti.

4.2 Samningar um skattskuldir.

Ekki verður fjallað um innheimtu og afskriftir án þess að minnast á þær reglur sem starfað er eftir við samninga um skattskuldir og hver er stefnan í innheimtumálum þegar sýnt er að kröfur innheimtast ekki með fullnustugerðum.

Fyrir það fyrsta er litið svo á að innheimtumaður hafi tiltekið svigrúm til að fresta innheimtu. Hann verður að meta það hverju sinni hvort frestveiting er til þess fallin að greiða fyrir að krafa verði gerð upp. Hann verður jafnframt að líta til þess að mikilvægt er að jafnræði ríki á milli gjaldenda.

Fjármálaráðherra hefur samkvæmt 2. mgr. 111. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, heimild til að skuldbreyta hlut ríkissjóðs í opinberum gjöldum. Heimild þessi hefur verið túlkuð mjög þröngt og ber að leita umsagnar innheimtumanns og ríkisendurskoðunar áður en til skuldbreytingar getur komið. Í lagaákvæðinu er það sett sem skilyrði að hagsmunum ríkissjóðs verði betur borgið með skuldbreytingunni. Í því felst að ríkissjóði verður að standa til boða betri tryggingar en innheimtumaður hefur fyrir. Heimild þessi kom inn í lögin á árinu 1989 í þeim tilgangi að koma í veg fyrir geðþóttasamninga um skattskuldir. Ákveðnar reglur hafa myndast um framkvæmd þessarar skuldbreytingarheimildar. Þannig eru kröfur t.d. ekki felldar niður, hvorki höfuðstóll, vextir eða kostnaður.

Með vísan til þessarar heimildar og þeirrar framkvæmdar sem mótast hefur um hana hefur ráðuneytið ekki treyst sér til þess að mæla með nauðasamningum við gjaldendur þegar eftir slíku hefur verið leitað. Þó hefur það að sjálfsögðu komið fyrir að ráðuneytið hefur þurft að beygja sig undir nauðasamninga þegar vægi atkvæða ríkissjóðs hefur ekki verið slíkt að girt væri fyrir staðfestingu þeirra. Þess skal getið að fjármálaráðherra hefur lagt fram frumvarp þar sem sett er inn í 111. gr. sérstök heimild til þátttöku í nauðasamningum. Gert er ráð fyrir að sú heimild verði bundin sambærilegum skilyrðum og mótast hafa í framkvæmd varðandi skuldbreytingarnar. Verði þetta frumvarp að lögum mun ráðuneytið væntanlega í auknum mæli verða þátttakandi í nauðasamningum.

Þeirri ófrávíkjanlegu verklagsreglu hefur verið fylgt að semja hvorki um skuldbreytingu á sköttum sem lokunarheimild fylgir, né um skuldbreytingu á hlut ríkissjóðs í opinberum gjöldum hjá gjaldendum sem skulda slíka skatta. Innheimtumenn hafa skýr fyrirmæli frá fjármálaráðuneytinu um hvernig innheimta beri slíka skatta. Flestir gjaldendur greiða á eindaga og aðrir áður en gripið er til harðra innheimtuaðgerða gegn þeim. Svigrúm til samninga við þá sem enn skulda þegar til aðgerða kemur er mjög takmarkað vegna jafnræðissjónarmiða. Þannig verður gjaldandi að setja tryggingu fyrir kröfunni og samningur um greiðslur að miðast við að vanskil lækki en standi ekki í stað eða aukist vegna nýrra krafna.

5. VERKLAG VIÐ BEINAR AFSKRIFTIR

Fram til ársins 1991 fóru flestar afskriftabeiðnir til ríkisendurskoðunar sem setti skilyrði fyrir afskrift krafna og tók ákvarðanir um þær. Á árinu 1991 óskaði ríkisendurskoðun eftir að fjármálaráðuneytið tæki virkari þátt í vinnu við afskriftir, enda hefur það forræði sem eigandi krafnanna. Var þá settur á stofn vinnuhópur um afskriftir á skattskuldum. Fyrsta verkefni hans var að skilgreina almennar reglur um það hvenær skattkrafa teldist endanlega töpuð og því hæf til afskriftar.

Engin almenn lagaheimild er til afskrifta skattskulda. Það leiðir hins vegar af eðli máls að kröfur sem eru tapaðar eiga ekki heima í bókhaldi ríkissjóðs. Ráðuneytið hefur ekki heimildir til að fella niður kröfur á öðrum forsendum. Afskriftareglurnar fjalla því fyrst og fremst um það hvenær sannreynt sé að krafa sé töpuð.

Innheimtumenn hafa fengið ákveðnar leiðbeiningar frá fjármálaráðuneytinu um það hvað þurfi að vera fyrir hendi til þess að krafa sé talin hæf til afskriftar. Þegar lokið er þeim innheimtuaðgerðum sem mælt er fyrir um án þess að krafa hafi innheimst getur innheimtumaður sent ráðuneytinu eða ríkisendurskoðun beiðni um afskrift. Starfshópur um afskriftir sem fyrr var getið, tekur hvert mál til sérstakrar skoðunar og tekur ákvörðun um það hvort fullnægjandi forsendur séu til afskriftar. Ef afskrift er heimiluð er krafan færð út úr tekjubókhaldi ríkisins. Ef synjað er um afskrift ber viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs að halda áfram að innheimta kröfuna.

Eigi skattkrafa rætur að rekja til atvinnurekstrar er gerð krafa um að gjaldþrotaskipti liggi fyrir í viðkomandi búi áður en fallist er á afskrift. Farið er fram á gjaldþrotaskipti í þeim tilgangi að gerð sé formleg könnun á ráðstöfun eigna fyrir búskiptin og eignastöðu viðkomandi bús. Gera má ráð fyrir að um 90–95% afskrifaðra krafna sem stofnað er til í atvinnurekstri séu afskrifaðar á grundvelli gjaldþrots. Hin 5–10% eru afskrifuð vegna þess að krafan hefur tapast af öðrum ástæðum, svo sem fyrirtæki hefur verið afmáð úr fyrirtækjaskrá, krafa fyrnst, allir forráðamenn þess hafa sagt sig úr stjórn án þess að tilkynnt væri um nýja stjórnarmenn, forráðamenn hafa flúið land, forráðamenn eru látnir o.s.frv.

Yfir helmingur afskrifaðra krafna á einstaklinga eru vegna þeirra sem starfað hafa sem verktakar í atvinnurekstri. Reynt er að afskrifa slíkar kröfur einvörðungu á grundvelli gjaldþrotaskipta, en oft tekst ekki að hafa upp á þessum gjaldendum. Nokkuð er um að skuldugir gjaldendur fari út í verktakastarfsemi með það að markmiði að skjóta skattinum undan, að komast hjá greiðslu meðlaga eða til þess að koma í veg fyrir að innheimtumenn ríkissjóðs geti látið draga af launum þeirra upp í vangoldin opinber gjöld.

Þegar um er að ræða kröfur á einstaklinga sem ekki tengjast atvinnurekstri er hægt að sækja um afskrift á grundvelli árangurslauss fjárnáms, þó þannig að viðkomandi verður að hafa mætt við fyrirtöku fjárnámsgerðar og lýst yfir eignaleysi. Innheimtumönnum ríkissjóðs ber þó að gera kröfu um gjaldþrotaskipti ef þeir telja vafa leika á að gjaldandinn sé eignalaus, ef um mjög háar skuldir er að ræða eða ítrekuð vanskil. Þegar afskrifað er með þessum hætti er krafan yfirleitt ekki afskrifuð að fullu heldur er yngsti hlutinn skilinn eftir til að mæta hugsanlegri skuldajöfnun á móti bótum og ýmsum endurgreiðslum úr skattkerfinu. Markmiðið með því er að afskrifa ekki meira en sjáanlegt er að sé raunverulega tapað.

6. SVÖR VIÐ EINSTÖKUM SPURNINGUM

Hér á eftir verður einstökum spurningum í skýrslubeiðninni svarað. Í viðauka við skýrsluna eru dregnar saman í töflur ýmsar talnalegar upplýsingar um álagningu gjalda og innheimtu s.l. áratug. Verður vísað til viðaukans um ýmsar af hinum umbeðnu upplýsingum og frekari sundurliðanir á þeim.

Þar sem tvær fyrstu spurningarnar eru að mestu um sömu efnisatriðin og svör við þeim byggjast á sömu talnalegu upplýsingunum er þeim svarað hér í einu lagi. Spurt er:

1. *Hversu mikið var afskrifað af skattskuldum (beinir skattar og aðrir skattar) árið 1985–1990, skipt eftir innheimtuumdæmum í fjárhæðum og sem hlutfall af heildarálagningu hvers umdæmis, og hve mikill var kostnaður við árangurslausar innheimtuaðgerðir?*

2. *Hvernig skiptast 28 milljarða kr. afskriftir (samkvæmt upplýsingum fjármálaráðuneytisins) opinberra gjalda sl. fimm ár á innheimtuumdæmi og hve hátt hlutfall er um að ræða hjá hverju umdæmi af heildarálagningu?*

Kröfur án dráttarvaxta vegna helstu skattategunda á árunum 1985 til 1994 voru samtals um 620 milljarðar króna. Af þessari fjárhæð voru alls um 19 milljarðar króna afskrifaðir á sama tímabili. Þar af voru beinar afskriftir um 10,5 milljarðar króna en útistandandi kröfur voru að auki færðar niður um 8,6 milljarða króna. Afskriftir í heild voru því um 3% álagðra gjalda til innheimtu, þar af beinar afskriftir um 1,7% og óbeinar afskriftir um 1,4%.

Auk skattakrafna samkvæmt álagningu komu um 23 milljarðar króna til innheimtu sem dráttavextir af skattakröfum í vanskilum. Af dráttarvöxtunum voru um 11,8 milljarðar króna afskrifaðir, þar af um 7,1 milljarði króna sem beinar afskriftir en um 4,7 milljarðar króna sem óbeinar afskriftir. Þannig voru rúmlega 50% af álögðum dráttarvöxtum afskrifaðir. Hátt afskriftahlutfall þeirra skýrist af því að kröfur, sem standa lengi inni í tekjubókhaldinu áður en þær eru afskrifaðar, safna dráttarvöxtum allan tímann.

Í töflum 1 til 4 í viðauka er ítarlegt yfirlit yfir skatta til ríkisins og innheimtu þeirra á árunum 1985 til 1994, þ.e. því tímabili sem óskað var upplýsinga um. Í töflum þessum eru skattar flokkaðir í fimm flokka sem hér segir:

— Í flokki 1 eru beinir skattar einstaklinga, þ.e. tekjuskattur og eignarskattur svo og gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra.
— Í flokki 2 eru beinir skattar á lögaðila, þ.e. tekjuskattur og eignarskattur lögaðila.
— Í flokki 3 eru tryggingagjald og launaskattur.
— Í flokki 4 eru skattar á sölu vöru og þjónustu, þ.e. virðisaukaskattur, söluskattur og vörugjöld á innlenda framleiðslu. Skattar sem innheimtir eru við tollafgreiðslu svo og tollar eru ekki meðtaldir.
— Í flokki 5 eru gjöld lögð á bifreiðar, þ.e. bifreiðagjald og þungaskattur.

a. Innheimta og afskriftir 1985 til 1994 eftir tegund skatta.

Í töflu 1 er heildaryfirlit yfir álagningu og afskriftir á árunum 1985 til 1994. Helstu niðurstöður hennar eru þessar í milljónum króna.

Flokkur	*Kröfur m.kr.*	*Afskriftir m.kr.*	*Afskriftir %*
1. Beinir skattar einstaklinga.	195.810	6.157	3,14
2. Beinir skattar lögaðila.	50.427	4.855	9,63
3. Tryggingagjald og launaskattur	57.121	953	1,67
4. Skattar á vöru og þjónustu.	305.787	6.699	2,19
5. Bifreiðagjald og þungaskattur	10.604	395	3,73
Samtals	**619.749**	**19.059**	**3,08**

Í töflu 1 er einnig gerð grein fyrir álögðum dráttarvöxtum og afskriftum af þeim.

Meta verður tölur þessar af varúð m.t.t. þess að þær fela í sér ónákvæmni vegna áætlana, sem leiðir til ofmats á afskriftum og tekjutapi ríkissjóðs. Af svari við spurningu þrjú hér síðar má ráða að líklegt sé að afskrift raunhæfra krafna og þar með tekjutap ríkissjóðs vegna vanskila sé nálægt 30–40% afskriftanna eða um 1–1,5% en ekki um 3% eins og ætla mætti af töflunni. Úr mismun á þessum tölum má þó lesa vísbendingu þess efnis að munur sé á afskriftum og töpuðum kröfum eftir því hvaða skattar eiga í hlut og til hvaða innheimtuúrræði er unnt að grípa. Þannig eru afskriftir af veltusköttunum í flokki 4 og gjöldum á laun í flokki 3 lægri en afskriftir í öðrum flokkum. Er hér annars vegar um að ræða þá skatta þar sem innheimtumenn geta þvingað fram skil með því að loka starfsemi skuldarans og hins vegar þá skatta þar sem skil verða ekki þvinguð fram nema með fjárnámi eða áþekkum aðgerðum.

1. Beinir skattar einstaklinga eru opinber gjöld þeirra til ríkissjóðs, þ.e. tekjuskattur og eignarskattur og aðrir álagðir skattar til ríkissjóðs, svo og gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra. Til innheimtu á tímabilinu 1985 til 1994 voru tæplega 196 milljarðar króna. Í þessari tölu er samtala af álagningu þessara gjalda á tímabilinu og breytingar á henni sem gerðar hafa verið á tímabilinu að viðbættum eldri eftirstöðvum við upphaf þess. Til vanskila og þar með til afskrifta er auk vanskila einstaklinganna sjálfra talin vanskil launagreiðenda á afdreginni staðgreiðslu. Þannig reiknaðar afskriftir á tímabilinu voru rúmlega 6,1 milljarður króna, sem er 3,14% af því sem til innheimtu var. Af þessari tölu voru afskriftir vegna vanskila á álögðum sköttum um 4,8 milljarðar króna en vegna vanskila á staðgreiðslu af hálfu launagreiðenda voru um 1,3 milljarðar króna afskrifaðar. Sú

fjárhæð er 0,57% af staðgreiðslu að fjárhæð 224 milljarðar króna, sem til skila voru á tímabilinu. Beinar afskriftir af opinberum gjöldum einstaklinga voru um 2,8 milljarðar króna eða um 1,44%. Óbein afskrift eða bókfærð niðurfærsla krafna í lok tímabilsins er um 3,3 milljarðar króna, sem er 1,7% af því sem til innheimtu var á tímabilinu.

Álagðir dráttarvextir vegna beinna skatta einstaklinga voru um 6,4 milljarðar króna. Af þeim höfðu um 2,7 milljarðar króna eða nærri 43% verið afskrifaðir í lok tímabilsins.

2. Beinir skattar lögaðila eru opinber gjöld þeirra til ríkissjóðs. Til innheimtu á árunum 1985 til 1994 voru um 50,4 milljarðar króna. Af þessum höfuðstól voru 3.6 milljarðar króna eða um 7,12% afskrifaðir beint. Einnig voru tæplega 1,3 milljarðar króna eða 2,51% afskrifaðir óbeint. Afskriftir voru því samtals um 4,85 milljarðar króna eða um 9,63% þess sem til innheimtu var.

Dráttarvextir, sem lagðir voru á vegna vanskila á opinberum gjöldum lögaðila voru um 5,5 milljarðar króna. Af þeim höfðu um 3,2 milljarðar króna eða tæplega 59% verið afskrifaðir í lok tímabilsins.

3. Launaskattur og tryggingagjald. Þessir skattar eru flokkaðir saman þar sem gjaldstofn og gjaldendur eru að mestu leyti hinir sömu. Til innheimtu af þessum gjöldum á tímabilinu 1985 til 1994 komu alls um 57,1 milljarðar króna. Þar af var álagður launaskattur á árunum 1985 til 1990 um 16,5 milljarðar króna en tryggingargjald frá 1990 og síðar um 40,6 milljarðar króna. Afskriftir af þessum gjöldum á tímabilinu eru alls um 953 milljónir króna eða um 1,67% þess sem til innheimtu var. Stærsti hlutinn eða um 694 milljónir króna var í beinni afskrift, sem voru 1,22%. Afskriftir þessara gjalda eru tiltölulegar lágar og hafa farið lækkandi síðustu ár sem rekja má til aukinna innheimtuúrræða því loka má atvinnurekstri til að þvinga fram skil á tryggingagjaldi.

Dráttarvextir vegna þessara gjalda voru um 3,1 milljarður króna. Af þeim hafa um 892 milljónir króna verið afskrifaðar, þ.e. rúmlega 29%.

4. Söluskattur, virðisaukaskattur og vörugjald af innlendri framleiðslu. Til innheimtu á tímabilinu 1985 til 1994 voru alls 305,8 milljarðar króna. Af þeirri fjárhæð voru um 121 milljarðar króna söluskattur sem lagður var á til 1989 en 177 milljarðar eru virðisaukaskattur, sem lagður hefur verið á síðan. Loks nam vörugjald á innlenda framleiðslu 7 milljörðum króna á tímabilinu. Afskriftir eru alls orðnar um 6,7 milljarðar króna eða 2,19%. Beinar afskriftir eru 3,1 milljarðar króna eða 1,02% en kröfur hafa að auki verið færðar niður um 3,6 milljarða króna.

Dráttarvextir vegna virðisaukaskatts, söluskatts og vörugjalds, voru tæplega 9,3 milljarðar króna. Þar af hefur um helmingur verið afskrifaður.

5. Bifreiðagjöld, þ.e. *bifreiðagjald,* sem er árlegt gjald sem lagt er á bifreiðar eftir þyngd, og *þungaskattur.* Af tæknilegum ástæðum nær yfirlit yfir þau einungis til þriggja síðustu ára tímabilsins. Á þessum þremur árum voru 10,6 milljarðar króna til innheimtu. Þar af voru tæplega 400 milljónir króna afskrifaðar eða um 3,73%. Rúmur helmingur var bein afskrift. Dráttarvextir voru 1,2 milljarðar króna og afskrift af þeim er tæp 20%.

Varðandi bifreiðagjöld og þungaskatt er hluti vanskila á hverjum tíma vegna þess að eigendur hafa ekki hirt um að afskrá bifreiðar sínar þegar notkun er hætt og þær eru ónýtar. Gjöld eru þá reiknuð áfram uns afskráð er og þau þá afskrifuð.

b. Innheimta og afskriftir eftir árum.

Í töflum 2 eru skattakröfur áranna 1985 til 1994 og afskriftir af þeim greindar niður á einstök ár. Úr þeim töflum má fá þetta yfirlit:

Ár	*Kröfur m.kr.*	*Afskriftir m.kr.*	*Afskriftir %*
1985	22.851	100	0,44
1986	31.993	109	0,34
1987	42.084	177	0,42
1988	63.719	1.127	1,77
1989	78.433	1.652	2,11
1990	84.034	2.878	3,43
1991	89.426	1.747	1,95
1992	94.661	2.233	2,36
1993	98.241	2.932	2,98
1994	95.649	1.936	2,02
Óbein afskrift ósundurliðað á ár		4.169	
Samtals	**619.749**	**19.059**	**3,08**

Af þessu sést þróun afskrifta þau 10 ár sem taflan tekur til. Til 1987 eru afskriftir lágar, 100 til 200 milljónir króna á ári eða undir 0,5% krafna. Eins og áður hefur komið fram voru afskriftir þá ekki gerðar skipulega með þeim hætti að reynt væri að meta líkleg innheimtutöp. Á þeim árum voru afskriftir að einhverju leyti færðar tekju megin með því að álagning lækkaði þegar þær reyndust ekki innheimtanlegar. Frá 1988 hefur afskriftahlutfallið verið um 3% og um 2,7 milljónir króna á ári að jafnaði. Ekki virðist hafa orðið marktæk breyting á þessu hlutfalli frá því að farið var að afskrifa skattakröfur með núverandi hætti.

Í viðaukanum má sjá þróun afskrifta í einstökum gjaldaflokkum. Nokkrar sveiflur eru í afskriftum milli ára, sem fremur er að rekja til vinnubragða við afskriftir en þess að breytingar hafi orðið á umfangi þeirra. Afskriftir af kröfum vegna beinna skatta einstaklinga hafa lítið breyst og verið um 3 % á ári með um þriðjungs fráviki til hækkunar eða lækkunar á einstökum árum. Afskriftir af opinberum gjöldum lögaðila fóru vaxandi til 1992 er þær náðu tæplega 11% en hafa síðan lækkað aftur. Hvað skatta á laun og vöruskatta varðar má merkja tiltölulega lækkun afskrifta, sem er þó lægri í þessum gjöldum en öðrum. Ein af ástæðunum er vafalaust að innheimtuúrræðin eru virkari en áður var og þeim beitt af meira samræmi.

c. Innheimta og afskriftir eftir umdæmum.

Í töflum 3 eru álagning og afskriftir greindar eftir innheimtuumdæmum. Eins og þar kemur fram er nokkur munur á afskriftarhlutföllum eftir umdæmum. Í þessu samhengi þarf að hafa í huga að hlutfall þetta má ekki skoða sem mælikvarða á það hvað tapast hefur af raunhæfum kröfum.

Ekki má draga sterkar ályktanir af mismun afskrifta eftir umdæmum eða embættum þar sem ýmsar forsendur eru mismunandi. Vægi einstakra gjalda í umdæmum og embættum er misjafnt. Þannig eru gjaldheimtur eingöngu með innheimtu opinberra gjalda. Aðrir innheimtumenn á svæðum þar sem gjaldheimtur starfa eru eingöngu með innheimtu óbeinna skatta og tryggingargjalds en utan þeirra svæða eru þeir með innheimtu allra

gjalda og skatta. Eins og fram hefur komið er innheimta og afskrift mismunandi eftir gjaldategundum af ýmsum ástæðum og hefur samsetning gjalda því áhrif á afskriftir í umdæminu. Þá geta miklar sveiflur orðið í afskriftum hjá litlum embættum. Gjaldþrot stórs rekstraraðila hjá litlu embætti getur því valdið miklu fráviki í afskriftum.

Þegar litið er á afskriftir í heild á öllu tímabilinu er hæsta afskriftarhlutfallið hjá einstöku embætti 8,9% og næst hæst 5,2%. Er annars vegar um að ræða mjög lítið umdæmi og hins vegar embætti sem eingöngu hefur til innheimtu þyngstu gjaldaflokkana, þ.e. opinber gjöld einstaklinga og félaga.

Í töflum 3 er einnig að finna afskriftir einstakra gjaldategunda skipt á innheimtuaðila. Hæstu afskriftir af opinberum gjöldum einstaklinga eru um 5%, sem er rúmlega tvöfalt meðalhlutfallið. Afskriftir af opinberum gjöldum lögaðila eru hæstar um 15% sem er um 50% yfir meðaltalinu ef frá er talið eitt lítið umdæmi þar sem afskriftir voru rúmlega 29%. Afskrift af tryggingagjaldi er í tveimur umdæmum um 4,5% sem er nærri þrefalt meðaltalið. Afskrift af söluskatti og virðisaukaskatti er hæst tæp 14% og næst hæst rúm 8%, sem er sexfalt og nærri fjórfalt meðaltalið en í öðrum umdæmum eru afskriftirnar innan við tvöfalt meðaltal. Skýringin á þessum frávikum er fyrst og fremst sú að um er að ræða gjaldþrot stórra aðila, sem skilið hafa eftir skuldir, sem ekki fengust greiddar.

d. Skipting 28 milljarðakróna afskrifta 1990 til 1994.

Spurt var sérstaklega eftir skiptingu 28 milljarða króna afskrifta 1990 til 1994. Er þá verið að vísa til upplýsinga um afskriftir samkvæmt ríkisreikningi og framreiknings á þeim samkvæmt lánskjaravísitölu til verðlags á árinu 1994. Útreikningurinn þessi er í eftirfarandi töflu.

Á verðlagi hvers árs	**Afskrifaðar skattkröfur skv. ríkisreikningi**				
Upphæðir í þ.kr.					
	1990	**1991**	**1992**	**1993**	**1994**
Beinar afskriftir					
Beinir skattar	413.594	918.120	1.633.879	996.012	916.131
Aðrir skattar	685.055	1.972.294	2.963.742	3.386.849	2.945.687
Samtals	**1.098.649**	**2.890.414**	**4.597.621**	**4.382.861**	**3.861.818**
Óbeinar afskriftir					
Beinir skattar	640.346	-50.729	120.653	1.292.502	749.626
Aðrir skattar	2.186.233	-338.784	-15.407	3.189.125	1.888.361
Samtals	**2.826.579**	**-389.513**	**105.246**	**4.481.627**	**2.637.987**
Samtals afskrifað	**3.925.228**	**2.500.901**	**4.702.867**	**8.864.488**	**6.499.805**
Lánskjaravísitala	2.886	3.103	3.218	3.298	3.359
Samtals afskrifað á verðlagi 1994	**4.568.552**	**2.707.227**	**4.908.928**	**9.028.446**	**6.499.805**
Samtals afskrifað á þessum fimm árum					**26.493.289**
Samtals afskrifað á þessum fimm árum á verðlagi 1994					**27.712.958**

Tölur þessar eru í samræmi við það sem að framan hefur verið fjallað um og er vísað til þess og taflna 1, 2 og 3 í viðaukanum til frekari skýringa. Skýring á neikvæðum óbeinum afskriftum sem fram koma í töflunni er að óbeinar afskriftir á árinu eru lægri en bein afskrift á kröfum sem áður höfðu verið færðar niður.

Við samanburð á afskriftum á þessu tímabili og næstu fimm ára á undan þarf að hafa í huga að þær eru lítt sambærilegar af ýmsum ástæðum. Miklar breytingar urðu á skattkerfinu nálægt skilum þessara tímabila, verðlagsþróun var mjög ólík á þeim og síðast en ekki síst er það að athuga að það er ekki fyrr en á síðara tímabilinu sem farið er að vinna skipulega að afskriftum skattkrafna og farið er að beita óbeinum afskriftum svo að heitið geti. Verulegur hluti þeirra afskrifta, sem fram fóru á síðara tímabilinu eru vegna skattakrafna frá því fyrra eða eldri. Hefði hluti þeirra komið til afskrifta fyrr ef þá hefði verið staðið að afskriftum með sama hætti og nú.

e. Kostnaður vegna árangurslausra innheimtuaðgerða.

Þá er í spurningunum óskað upplýsinga um kostnað ríkissjóðs vegna árangurslausra innheimtuaðgerða. Samkvæmt upplýsingum frá ríkisbókhaldi er skiptakostnaður vegna gjaldþrotabúa þar sem eignir dugðu ekki fyrir skiptakostnaði þessi:

Upphæðir í þ.kr.

	1992	1993	1994	1995	Samtals
Skiptakostnaður greiddur af ríkissjóði	*	*	34.366	40.750	75.116
Annar innheimtukostnaður greiddur af ríkissjóði	71.562	118.127	113.426	115.436	418.551
Innheimtukostnaður útlagður af ríkissjóði sem hefur fallið á ríkissjóð og verið afsrkifaður	*	*	41.989	23.574	65.563
Samtals:					**559.230**

* Upplýsingar ekki fyrirliggjandi.

Framangreindur kostnaður hefur fallið á ríkissjóð vegna innheimtu skattskulda á síðustu fjórum árum. Auk þess nemur útistandandi innheimtukostnaður um síðustu áramót hjá innheimtumönnum ríkissjóðs sem lagður hefur verið á gjaldendur og enn er talið líklegt að innheimtist tæplega 255 milljónum króna. Loks nam útistandandi tryggingafé hjá bústjórum í búum þar sem gjaldþrotaskiptum er ekki lokið 113 milljónum króna.

3. Hve stór hluti afskrifta skatta og dráttarvaxta sl. tíu ár er vegna áætlana og hvernig skiptast þær áætlanir milli einstaklinga og lögaðila?

Samkvæmt þeim upplýsingum sem koma fram í töflu 1 eru afskriftir af dráttarvöxtum um 11,8 milljarðar á árunum 1985–1995, en afskrift af höfuðstól skattakrafna eru 19 milljarðar króna. Hlutfall afskrifaðra dráttarvaxta er um 46% af reiknuðum dráttarvöxtum á tímabilinu samanborið við að afskriftir af höfuðstól eru um 3%. Niðurstaða þessi kemur ekki á óvart. Stærstur hluti afskrifta er vegna gjaldþrota, sem að jafnaði hafa tekið langan tíma. Á þeim tíma safnast upp dráttarvextir, sem afskrifast um leið og skattakrafan sjálf.

Ekki er unnt með æskilegri nákvæmni að greina á milli afskrifaðra áætlaðra skattakrafna og þeirra skattakrafna sem byggjast á framtölum skattaðila. Ástæðan er sú að í tekjubókhaldskerfi ríkisins er kröfum ekki haldið aðgreindum eftir því hvort um er að ræða áætlun eða álagningu samkvæmt framtali. Reynt var að nálgast svar við þessari spurningu með því að bera saman afskriftir samkvæmt ríkisbókhaldi og álagningarskrá ríkisskattstjóra. Þetta var eingöngu unnt að gera fyrir eitt ár, árið 1993. Hluti eldri afskrifta hafði þegar verið felldur úr viðskiptamannabókhaldi og afskriftir vegna 1994 og 1995 eru enn það skammt á veg komnar að þær þykja ekki marktækar. Þessi athugun náði því eingöngu til opinberra gjalda einstaklinga og lögaðila á árinu 1993 og afskrifta af þeim til og með 1995. Samkvæmt þessum upplýsingum skiptust afskriftir opinberra gjalda þannig:

Einstaklingar:	*m.kr.*	*%*
Afskrifaðar skattakröfur skv. framtali	15,0	16,5
Afskrifaðar skattakröfur skv. áætlun	76,0	83,5
Samtals	**91,0**	**100,0**
Lögaðilar:		
Afskrifaðar skattakröfur skv. framtali	20,4	7,8
Afskrifaðar skattakröfur skv. áætlun	241,6	92,2
Samtals	**262,0**	**100,0**

Þó hér sé aðeins um álagningu eins árs að ræða og eina tegund gjalda gefa þessar tölur ákveðnar vísbendingar. Ekkert bendir til þess að árið 1993 sé frábrugðið öðrum árum í þessu tilliti og afskriftir af opinberum gjöldum eru rúmlega helmingur allra afskrifta á árunum 1985 til 1994.

Þó nærri 90% afskrifta séu kröfur vegna áætlana en einungis um 10% séu afskriftir krafna samkvæmt framtölum má ekki líta svo á að þessi hlutföll segi til um hlutdeild raunhæfra skattakrafna í heildarafskriftum. Hluti áætlana er vegna starfsemi sem hefur farið fram og eru raunhæfur skattstofn. Annar hluti þeirra er það ekki. Ýmislegt bendir til að 20–40% áætlana séu raunhæfar, þ.e. að á bak við þær standi tekjur eða velta sem bera átti skatt. Með því að bæta því við 10% hér að framan má gera ráð fyrir að um 30–50% afskriftanna sé afskrift af raunhæfum skattakröfum.

Sé miðað við það hlutfall og upplýsingar sem koma fram í svari við spurningum 1 og 2 má ætla að fjártjón ríkissjóðs vegna beinna afskrifta af raunhæfum skattakröfum á árunum 1985–1994 sé um 3–5 milljarðar króna eða um 0,5–0,8% af höfuðstól þeirra skatta sem til innheimtu voru. Að meðtöldum óbeinum afskriftum verða tölur þessar um 5,5–9,5 milljarðar króna eða um 1–1,5% höfuðstólsins.

4. *Hve stór hluti af skattgreiðslum byggðust á áætlunum árlega sl. tíu ár, skipt eftir einstaklingum og lögaðilum?*

Eins og fram kemur í svari við síðustu spurningu er skattkröfum ekki haldið aðgreindum í ríkisbókhaldi eftir því hvort þær byggjast á framtölum eða áætlunum. Svar við þessari spurningu verður því aðeins byggt á lauslegri áætlun sem styðst við hlut áætlana í álagningu.

Samkvæmt landsframtali tekjuskatts síðustu ára hafa um 6% tekna verið áætlaðar og má gera ráð fyrir að svipað hlutfall eða eitthvað hærra eigi við um aðra álagða skatta. Upplýsingar úr virðisaukaskattskerfinu benda til þess að við lok hvers uppgjörstímabils séu áætlanir um 15% þess skatts sem lagður er á vegna tímabilsins. Eftir álagningu hverju sinni berast síðbúin framtöl sem leiða til endurskoðunar og fellur áætlunin þannig út. Með þessum hætti fara áætlanir lækkandi. Reikna má með að flestir þeir aðilar sem greiða skatta sína skili einnig inn framtölum þó upphaflega hafi verið áætlaðir skattar á þá. Eitthvað er samt um að gjaldendur greiði skatta skv. áætlun en hirði ekki um að standa skil á framtölum. Umfang slíkra skila er ekki þekkt en líklegt er að óverulegur hluti af skattgreiðslum sé þannig tilkominn. Þá má telja líklegt að mestur hluti þeirra áætlana sem eftir standa innheimtist ekki en komi til afskrifta fyrr eða síðar. Rétt er að hafa íhuga í þessu sambandi að áætlanir er ekki einungis gerðar í þeim tilvikum er framtali eða skýrslu hefur ekki verið skilað. Oft byggja áætlanir á skattrannsóknum eftir að innsent framtal hefur verið tekið til sérstakrar skoðunar. Slíkar áætlanir greiðast oft að fullu.

5. *Hve háar fjárhæðir og hve oft var afskrifað annars vegar vegna gjaldþrota hjá einstaklingum og lögaðilum og hins vegar vegna annarra árangurslausra innheimtuaðgerða sl. tíu árin og hverjar voru helstu ástæður árangurslausrar innheimtu?*

Eins og fram kemur í 2. kafla skýrslunnar gilda þær meginreglur að skattaskuldir lögaðila og þær skattaskuldir einstaklinga sem stafa af atvinnurekstri þeirra er einungis afskrifaðar að undangengnum búskiptum eða þá vegna þess að krafa hefur fyrnst, fyrirtæki afskráð, forráðamenn látnir eða að ekki er unnt að knýja fram skipti af öðrum ástæðum. Árangurslaust fjárnám er ekki talið fullnægjandi forsenda til afskrifta. Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um fjölda eða fjárhæðir en líklegt er að 90–95% afskrifta af skattaskuldum vegna atvinnurekstrar séu gerðar að undangengnu gjaldþroti, en 5–10% af öðrum ástæðum.

Sé um að ræða skattaskuldir einstaklinga, sem ekki tengjast atvinnurekstri, geta innheimtumenn sótt um afskriftir á grundvelli árangurslauss fjárnáms, enda hafi skuldarinn mætt við fyrirtöku og lýst yfir eignaleysi og innheimtumenn telja engan vafa leika á um eignaleysi viðkomandi. Ekki hefur enn verið mikið um umsóknir um afskriftir á þessum grundvelli. Afskriftir af skattaskuldum einstaklinga eru því flestar gerðar að undangengnu gjaldþroti, en rétt er að hafa í huga að í mörgum tilvikum eru afskrifaðar skattaskuldir einstaklinga vegna atvinnurekstrar sem þeir hafa staðið í.

6. *Hvert hefur verið fyrirkomulag launa eða þóknana til innheimtumanna ríkissjóðs sl. tíu ár og hversu há hafa þau verið fyrir einstaka innheimtumenn á ári sundurliðað eftir launum og öðrum greiðslum?*

Með lögum nr. 41/1984 var Kjaradómi falið að ákveða laun ýmissa embættismanna. Meðal þessara voru yfirborgarfógetinn í Reykjavík, tollstjórinn í Reykjavík, tollgæslustjóri, sýslumenn, bæjarfógetar svo og lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli. Auk mánaðarlauna var flestum forstöðumönnum stofnana greidd þóknun fyrir ómælda yfirvinnu og sumum mæld yfirvinna að auki. Greiðslur þessar voru mjög mismunandi, eða frá 27 upp í 60 stundir á mánuði. Sýslumenn, bæjarfógetar, yfirborgarfógetinn í Reykjavík og tollstjórinn í Reykjavík höfðu nokkra sérstöðu. Þessir embættismenn fengu allir aukalaun úr ríkissjóði fyrir innheimtustörf í þágu ríkissjóðs og flestir auk þess greiðslur af

uppboðsandvirði eða úr hendi uppboðsþola fyrir uppboð en fengu eftir því minni eða jafnvel engar greiðslur fyrir ómælda yfirvinnu. Í úrskurði Kjaradóms eru þessum embættismönnum eins og öðrum ákveðin föst laun, en sýslumönnum, bæjarfógetum og öðrum uppboðshöldurum heimilað að halda óbreyttum lögkjörum til ársloka 1990, ef þeir óska þess og meðan þeir gegna því embætti sem þeir þá gegndu.

Fram á árið 1991 voru því í raun tvö launakerfi í gangi hjá innheimtumönnum ríkissjóðs. Annars vegar eldra launakerfi, sem byggði á föstum launum, fastri þóknun, auk hlutfalls af uppboðsandvirði. Hins vegar var um að ræða föst laun samkvæmt ákvörðun Kjaradóms og greiðslur fyrir aukavinnu. Á árunum 1990 og 1991 var launakerfi fyrir innheimtumenn ríkissjóðs samræmt. Í nýja kerfinu fengu innheimtumenn föst laun skv. ákvörðun Kjaradóms. Auk þess fengu þeir greidda fasta yfirvinnu sem annars vegar tók mið af umfangi innheimtu og hins vegar var háð árangri hjá viðkomandi embætti við innheimtu á staðgreiðslu, tryggingagjaldi, virðisaukaskatti og þinggjöldum einstaklinga og félaga.

Hér á eftir fer yfirlit yfir þau atriði innheimtu sem áhrif hafa á laun innheimtumanna og yfirvinna sem þeim hefur verið greidd fyrir árin 1992 til 1994. Er það annar vegar álagning hinna tilteknu gjalda og hins vegar eftirstöðvar gjaldanna 1. júlí árið eftir álagningarárið.

Upphæðir í m.kr. **Álagning og eftirstöðvar gjalda**

Álagn.	VSK		Staðgr. tekjusk.		Tryggingagjald		Þinggj. einst.		Þinggj. fél.		Samtals	
ár	Álagn.	Eftirst.	Álagn.	Eftirst.	Álagn.	Eftirst.	Álagn.	Eftirst.	Álagn.	Eftirst.	Álagn.	Eftirst.
1992	47.985	2.185	35.041	889	9.450	315	7.322	1.651	9.542	1.556	109.339	6.597
1993	37.463	2.396	38.251	870	9.813	286	7.599	1.748	5.659	603	98.785	5.903
1994	35.233	1.803	40.694	717	10.435	210	7.541	1.599	5.364	498	99.268	4.827

Staða 1. júlí ári eftir álagningu

Innheimta sem hlutfall álagningar

Álagn. ár	VSK	Staðgreiðsla	Tryggingagjald	Þinggj. einst.	Þinggj. fél.	Heildar árangur
1992	95,45%	97,46%	96,67%	77,45%	83,69%	93,97%
1993	93,60%	97,73%	97,08%	77,00%	89,34%	94,02%
1994	94,88%	98,24%	97,98%	78,80%	90,72%	95,14%

Í samæmi við þennan innheimtuárangur voru laun fyrir innheimtu hjá 26 innheimtumönnum ríkissjóðs ákveðin eins og hér fer á eftir. Annars vegar voru greiddir árlega 1.055 yfirvinnutímar sem skiptust á innheimtumenn með hliðsjón af því hvað mikið var til innheimtu og hins vegar tímar sem voru breytilegir frá ári til árs og miðuðust við innheimtuárangur í hverju og einu þeirra.

Upphæðir í kr./mánuði			Yfirvinna	
Álagn. ár	Fastir tímar	Breytil. tímar	Samtals tímar	Yfirvinnu-laun
1992	1.055	887	1.942	3.736.112
1993	1.055	921	1.976	3.790.743
1994	1.055	1.018	2.073	3.977.113

Eins og tölur um innheimtuhlutfallið gefa til kynna hefur innheimta batnað á þessum árum sem nemur rúmlega einu prósenti á tveimur árum. Aukin innheimta samkvæmt því er rúmlega 1 milljarður króna. Laun innheimtumanna fyrir yfirvinnu hækkuðu vegna þessa bætta innheimtuárangurs um u.þ.b. 3,3 m.kr. sem er um 0,3% hinnar auknu innheimtu. Þess skal einnig getið hér að Kjaranefnd sem starfar samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna hefur nýverið fellt úrskurð um laun innheimtumanna ríkissjóðs. Samkvæmt ákvörðun nefnarinnar er innheimtulaunkerfinu haldið í megindráttum. Föst laun innheimtumanna voru hækkuð nokkuð, en innheimtulaunin lækkuð á móti.

Í síðari hluta spurningarinnar er óskað eftir sundurliðun innheimtuþóknunar niður á einstaka innheimtumenn. Þar sem hér er um að ræða upplýsingar um launagreiðslur til einstakra tilgreindra einstaklinga þykir ekki rétt að birta þær sundurliðaðar á einstaklinga. Til þess að gefa greinargóða mynd af þessum launagreiðslum fer hér á eftir yfirlit yfir laun fyrir innheimtu eftir stærð innheimtuumdæma. Tilgreind eru fyrir hvern stærðarflokk hæstu og lægstu laun fyrir yfirvinnu samkvæmt innheimtulaunakerfinu og meðaltal þeirra á hverju áranna 1992–1994. Það skal tekið fram að innheimtumennirnir fá ekki greidda aðra yfirvinnu hjá embættum sínum.

		Innheimtuþóknun innheimtumanna ríkissjóðs					
Stærðar flokkun	Fjöldi	Innheimtu-þóknun 1992	Innheimtu-þóknun 1993	Innheimtu-þóknun 1994	Meðalþóknun á mánuði	Hámark í flokk	Lágmark í flokk
3	5	992.915	975.131	1.043.376	167.301	167.301	140.823
2	9	1.427.440	1.371.445	1.397.043	155.405	178.659	121.943
1	11	1.315.757	1.444.167	1.536.694	130.201	167.060	84.634
	25	**3.736.112**	**3.790.743**	**3.977.113**	**147.487**		

7. *Hefur öðrum en innheimtumönnum ríkissjóðs verið falin innheimta á vangoldnum gjöldum ríkissjóðs eða afmörkuðum þáttum þeirra? Ef svo er, hverjir eru þessir aðilar og hve háar greiðslur hefur hver þeirra fengið á framangreindu tímabili, sundurliðuð eftir árum?*

Samkvæmt 109. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hafa tollstjórar á hendi innheimtu þeirra skatta sem lagðir eru á samkvæmt þeim lögum og í öðrum skattalögum er yfirleitt vísað til þessara laga um innheimtu. Utan Reykjavíkur eru sýslumenn jafnframt tollstjórar og eru þeir almennt kallaðir innheimtumenn ríkissjóðs. Auk tollstjóra fara gjaldheimtur með innheimtu fyrir ríkissjóð. Starfandi gjaldheimtur eru nú fjórar, þ.e. í Reykjavík, Mosfellsbæ, Garðabæ og Seltjarnarnesi. Innheimtumenn ríkissjóðs annast sjálfir innheimtu á vangoldnum gjöldum ríkissjóðs og tíðkast ekki almennt að öðrum, s.s. starfandi lögmönnum, sé falið að sjá um innheimtu á einstökum skattkröfum ríkissjóðs. Annast embættin sjálf gerð greiðsluáskorana, fjárnámsbeiðna og krafna um gjaldþrota og gerð kröfulýsinga sem og öll önnur störf er tengjast innheimtu skattakrafna. Þess skal þó getið að nokkuð er um það, einkanlega hjá stærstu embættunum að leitað sé til annarra aðila um einstaka þætti innheimtuaðgerða, aðallega vörslusviptingar lausafjár og að mæta f.h. innheimtumanns við fyriritöku máls í rétti utan umdæmis hans. Ennfremur eru þess dæmi að innheimtumenn hafi falið starfandi lögmönnum meðferð innheimtumála sem fara fyrir dómstóla. Í því sambandi skal tekið fram að ráðuneytið skrifaði öllum innheimtumönnum ríkissjóðs, þ.m.t. gjaldheimtum, bréf á sl. ári, þar sem tilkynnt var um að embætti ríkislögmanns skyldi fara með mál sem færu til dómstóla, þar sem deilt væri um atriði sem lúta að forsendum skattkröfunnar. Þó það sé fyrir utan hið lögbundna verksvið embættis ríkislögmanns að annast rekstur innheimtumála, tók ráðuneytið þá ákvörðun að fela embætti ríkislögmanns að annast rekstur mála þar sem tekið er til varna af hálfu gjaldenda í aðfararmálum á þeim forsendum að eitthvað sé athugavert við forsendur skattkröfunnar.

Sá kostnaður sem stafar af því að innheimtumaður felur öðrum tiltekna verkþætti við innheimtu, sbr. framangreint er skuldfærður hjá viðkomandi gjaldanda. Á árunum 1992 til 1995 var þessi kostnaður sem hér segir:

1992	14,4 mkr.
1993	13,6 mkr.
1994	19,4 mkr.
1995	20,2 mkr.
Samtals:	**67,7 mkr.**

Hjá tollstjóranum í Reykjavík og Gjaldheimtunni í Reykjavík hefur verið samið við starfsmenn þessara embætta um að framkvæma vörslusviptingar utan vinnutíma síns en að öðru leyti er um að ræða kaup á þjónustu starfandi lögmanna. Aðkeypt þjónusta á árunum 1992–1995 skiptist þannig á embætti innheimtumanna ríkissjóðs:

Upphæðir í þ.kr.

Embætti	1992	1993	1994	1995	Samtals:
Gjaldheimtan í Reykjavík	554	2.360	2.423	2.662	7.998
Gjaldheimtan á Seltjarnarnesi	1.217	443	711	460	2.830
Gjaldheimtan í Garðabæ	376	163	607	421	1.567
Gjaldheimtan í Mosfellsbæ	0	463	0	0	463
Tollstjórinn í Reykjavík	12.154	9.973	15.314	16.001	53.443
Aðrir innheimtumenn	109	169	390	699	1.367
Samtals	**14.409**	**13.571**	**19.444**	**20.243**	**67.668**

8. *Hyggst ráðherra beita sér fyrir hertum lögum, svo sem atvinnuleyfissviptingu, til að koma í veg fyrir að lögaðilar, sem setja fyrirtæki í þrot vegna vanskila á sköttum, stofni til sams konar rekstrar undir öðru kenniheiti?*

Með spurningunni er væntanlega átt við það fyrirbæri að eigendur og forráðamenn lögaðila í formi hlutafélags láta taka félagið til gjaldþrotaskipta eftir að hafa tæmt það að eignum en stofna nýtt hlutafélag til að halda áfram rekstri hins fyrra. Því miður er þessi háttur ekki óþekktur hér á landi og líklegt að eftir að stofnun hlutafélaga hefur verið gerð auðveldari verði hann enn algengari en verið hefur.

Sá vandi sem við er að eiga í þessum tilvikum er ekki einskorðaður við ríkissjóð. Tjónþolar í þessum tilvikum eru fleiri, lánastofnanir, lífeyrissjóðir, birgjar o.fl. og er því eðlilegt að skoða málið frá víðara sjónarhorni en hagsmunum ríkissjóðs eins.

Samkvæmt almennum skaðabótareglum er unnt að gera framkvæmdastjóra og stjórnarmenn hlutafélaga ábyrga fyrir skuldum hlutafélagsins ef sannað þykir að þeir beri sök á hvernig komið er og hafi vanrækt skyldur sínar. Lítið hefur verið látið reyna á þessa ábyrgð en a.m.k. í einu tilviki hefur Hæstaréttur dæmt forsvarsmenn hlutafélags til að greiða ríkissjóði bætur vegna tjóns sem varð vegna þess að þeir vanræktu að gefa hlutafélagið upp til gjaldþrotaskipta. Í hlutafélagalögunum eru einnig ákvæði til verndar lánadrottnum og viðskiptavinum hlutafélaga, m.a. ákvæði um að félag skuli óska eftir gjaldþrotaskiptum þegar eignir þess eru orðnar minni en skuldir. Ákvæði þetta hefur hins vegar verið að mestu óvirkt eins og fjölmörg dæmi um gjaldþrot sýna þar sem ekkert hefur fengist greitt upp í skuldir. Eftirlit með framkvæmd laganna er sjáanlega ábótavant.

Til álita mun hafa komið í sambandi við lög um hlutafélög að setja í þau ákvæði þess efnis að forráðamenn, þ.e. stjórn og framkvæmdastjóri hlutafélags, sem gert er gjaldþrota megi ekki gegna sams konar hlutverki hjá öðru hlutafélagi tiltekinn árafjölda eftir gjaldþrotið. Ákvæði þessa efnis þekkjast, t.d. í Noregi, en ekki hefur orðið af slíkri lagasetningu hér á landi. Sem rök á móti slíkum ákvæðum hefur m.a. verið talið að erfitt yrði að framfylgja slíkum lögum. Hætta yrði á að í stað hinna raunverulegu rekstraraðila yrðu leppar fengnir til að standa formlega fyrir félögunum. Ennfremur er talin hætta á að með því myndi svört atvinnustarfsemi aukast.

Framangreind takmörkun á atvinnustarfsemi einstaklinga er eins og fram hefur komið ekki einungis miðuð við vanskil á sköttum. Önnur leið til að knýja á um skil á sköttum með sviptingu leyfa til atvinnustarfsemi hefur t.d. verið reynd í Danmörku. Fyrir nokkrum árum voru gerðar þar umfangsmiklar lagabreytingar sem fólu það í sér að að-

ilar, hvort sem um var að ræða einstakling eða lögaðila, er stunduðu atvinnurekstur samkvæmt opinberu leyfi, voru sviptir því þegar skattaskuldir þeirra fóru yfir ákveðið mark (50.000 DKR). Ákvæði þessi eru mjög víðtæk og ná m.a. til veitingastarfsemi, kennslu á ökutæki, lögfræðistarfa, endurskoðunarstarfa, svo fátt eitt sé nefnt.

Engar fyrirætlanir eru hjá fjármálaráðuneytinu um breytingar í þessum efnum hér á landi, en kostir í þessum efnum verða ígrundaðir í sambandi við hugsanlegar úrbætur í innheimtumálum.

Í sambandi við þennan þátt málsins er rétt að minnast lagabreytingar sem gerðar voru með lögum nr. 42/1995. Með þeim voru viðurlög við skattalagabrotum stórlega hert. Ráðuneytið telur að sé þeim ákvæðum fylgt eftir muni þau draga úr skattskilasvikum sem og öðrum skattsvikum.

9. *Hve margir einstaklingar hefja ítrekað rekstur eftir gjaldþrot? Ef ekki eru til úrræði til að staðreyna slíkt hyggst ráðherra beita sér fyrir breytingum sem gera það mögulegt?*

Ekki eru til neinar tölfræðilegar upplýsingar um fjölda þeirra einstaklinga sem hefja rekstur að nýju eftir gjaldþrot. Samkvæmt gildandi lögum eru engar heimildir til að stöðva eða takmarka rekstur í þessum tilvikum. Vísast í þessu efni til svars við áttundu spurningu.

Í sambandi við þessa spurningu skal þó vakin sérstök athygli á því að nokkuð er um það að einstaklingar í sjálfstæðri starfsemi haldi henni áfram eftir að þeir eru komnir í gjaldþrotaskipti. Innheimta þeir skatta af viðskiptavinum sínum en skila þeim ekki í ríkissjóð. Fyrir nokkru var tekinn upp sá háttur að skattstjórar geta kært þessa aðila og aðra aðila sem ekki standa skil á vörslufjársköttum, til skattrannsóknarstjóra ríkisins. Hann ákveður eftir atvikum hvort málið er sent til rannsóknarlögreglu ríkisins og ríkissaksóknara til ákvörðunar um hvort málið fari fyrir dómstóla.

10. *Benda 28 milljarða kr. beinar og óbeinar afskriftir á sl. fimm árum, eða að meðaltali um 5% af fjárlögum hvers árs, til þess að vinnubrögð við álagningu eða innheimtu skattskulda sé ábótavant?*

Þær fjárhæðir sem ár hvert eru afskrifaðar eru vissulega háar og gefa tilefni til að endurskoða vinnubrögð ekki aðeins við álagningu og innheimtu skattaskulda heldur kalla einnig á athugun á því hvort bókhaldsleg meðferð í þessu efni sé með þeim hætti sem æskilegt væri. Eins og fram kom í svari við spurningu hér að framan eru þær afskriftir sem þar eru nefndar ekki nema að hluta til afskrift á raunhæfum tekjum ríkissjóðs. Voru leiddar líkur að því að þær afskriftir gætu svarað til 1–1,5% af álögðum sköttum. Þó svo sé er samt um ærna fjárhæð að ræða, sem fullt tilefni gefur til að gaumgæfa hvað betur má fara við innheimtu skatta til ríkisins. Þessar niðurstöður vekja einnig þá spurningu hvort bókhald ríkistekna sé með æskilegum hætti þegar árlega eru bókfærðar tekjur sem nema 3–4% af heildartekjum ríkissjóðs vegna þess að áætlanir og dráttarvextir, sem ekki eiga sér raunhæfa forsendu í skattstofnum, eru taldir til tekna. Verður vikið að hugsanlegum úrbótum í þessu efni í sjöunda kafla skýrslunnar.

11. *Hafa nauðasamningar verið reyndir áður en til afskrifta skattskulda kemur? Ef svo er, hversu oft hefur það verið gert hjá einstaklingum og lögaðilum og hve mikið hef-*

ur þá fengist greitt upp í skattskuldir? Hafi slík úrræði ekki verið reynd hyggst ráðherra beita sér fyrir að nauðasamningar verði reyndir áður en til afskrifta skattskulda kemur?

Almennt hafa nauðasamningar ekki verið reyndir áður en til afskrifta skattaskulda kemur. Ráðuneytið hefur haft þá stefnu að taka ekki þátt í nauðasamningum. Sú afstaða hefur fyrst og fremst byggt á jafnræðissjónarmiðum. Engar sérstakar lagaheimildir hafa verið í skattalögum til þátttöku í nauðasamningum og hefur því á liðnum árum ekki verið mælt með þátttöku í þeim. Í einstökum tilvikum hefur vægi krafna ríkissjóðs þó ekki verið slíkt að það hafi komið í veg fyrir að nauðasamningur kæmist á. Í slíkum tilvikum hefur ríkissjóður eins og aðrir kröfuhafar verið bundinn við nauðasamninginn. Ekki liggja fyrir upplýsingar um fjölda slíkra mála.

Eins og kunnugt er hefur fjármálaráðherra lagt fram frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum (344. mál á þskj. 599). Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að í 111. gr. laganna verði sett heimild til handa ráðherra að samþykkja nauðasamning að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Ætla má að þetta úrræði komi til með að verða notað í ríkari mæli, enda hefur fyrrgreind afstaða ríkisins oft staðið því í vegi að nauðasamningar hafi náðst. Gert er ráð fyrir að þetta muni hafa það í för með sér að greiðsla fáist upp í skattkröfur sem ella hefðu að fullu tapast. Þannig er gert ráð fyrir að breytingin muni fela í sér að afskriftir skattkrafna muni lækka eitthvað, þó óvíst sé hversu mikið það verður.

12. Hvaða áhrif hefur það haft til breytinga, bæði varðandi skilvirkni og kostnað við búskipti, að bústjóra var með lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði gert að krefjast 150 þús. kr. tryggingar við búskipti?

Ráðuneytið getur ekki fullyrt hvaða breytingar á skilvirkni við búskipti téð breyting hefur haft. Á hinn bóginn er það engum vafa undirorpið að kostnaður ríkissjóðs við búskipti hefur stóraukist eftir að farið var að krefja um þessa tryggingu. Það stafar ekki hvað síst af því að innheimtumenn ríkissjóðs eru í langflestum tilvikum skiptabeiðendur og þar með þeir sem þurfa að leggja út tryggingarfé.

Skiptakostnaður greiddur af ríkissjóði er eftirfarandi í þúsundum króna fyrir sl. fjögur ár:

1992	**1993**	**1994**	**1995**
5.062	2.327	34.366	38.809

Eins og sjá má af þessum tölum hefur skiptakostnaður sem ríkið hefur þurft að leggja út vaxið hröðum skrefum undanfarin tvö ár. Tekið skal fram í þessu sambandi að inni í þessum tölum er ekki skiptakostnaður sem greiddur er af gjaldheimtum, en hann færist í rekstrarreikning einstakra gjaldheimtna. Má því ætla að heildarkostnaður vegna gjaldþrotamála sé nokkuð hærri en þessar tölur gefa til kynna. Þannig er hann líklega nálægt 45 mkr. á árinu 1995. Ekki voru til staðar upplýsingar um þennan kostnað fyrir fyrri ár, enda var fyrirkomulag búskipta þá með öðrum hætti, þar sem ekki var lögð sú kvöð á innheimtumenn eða aðra þá sem skipta beiddust að leggja fram tryggingu til greiðslu skiptakostnaðar.

Ýmsar leiðir eru til að draga úr þessum kostnaði. Fyrir það fyrsta má ætla að gjaldþrotamálum muni fækka eitthvað ef frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sem getið er í svari við síðustu spurningu, verður að lögum. Samkvæmt því frumvarpi er gert ráð fyrir að nauðasamningar verði raunhæfara réttarúrræði fyrir einstaklinga og lögaðila sem eru í greiðsluerfiðleikum en nú er. Þá má ætla að gjaldþrotamálum muni fækka talsvert ef farið verður að afskrifa skattaskuldir einstaklinga í auknum mæli á grundvelli árangurslauss fjárnáms. Þá kemur til greina að mati fjármálaráðuneytisins að endurskoða þær reglur sem gilda um meðferð gjaldþrotamála. Í dag er reglan sú að þegar einstaklingur eða lögaðili er úrskurðaður gjaldþrota er skipaður lögmaður sem skiptastjóri þrotabúsins. Þróunin á undanförnum árum hefur verið sú að þóknun lögmanna hefur hækkað töluvert fyrir starf þeirra sem skiptastjórar. Þannig innheimtir lögmaður sem skipaður er skiptastjóri við skipti á búi sem reynist eignalaust oft á bilinu 80–100.000 kr. fyrir sína vinnu.

7. NIÐURSTÖÐUR OG ÁLYKTANIR

Í skýrslu þessari hefur verið reynt að draga fram heildarmynd af því ferli sem hefst með álagningu skatts og endar ýmist með greiðslu hans eða afskrift kröfunnar. Ítarleg grein er gerð fyrir afskriftum einstakra skattategunda á liðnum árum og skýrðar út orsakir afskriftanna. Fram kemur að afskriftir af skattakröfum á árunum 1985 til 1994 voru um 19 milljarðar króna auk þess sem að afskrifaðir voru dráttarvextir að fjárhæð 11,8 milljarðar króna. Afskrift af skattakröfunum sjálfum var um 3% af því sem til innheimtu var. Í skýrslunni kemur einnig fram að stór hluti afskrifta er vegna áætlana, sem ekki eru raunhæfar tekjur. Að teknu tilliti til þess er talið líklegt að raunverulegt tap vegna vanskila á þessum árum sé um 30–40 % af framangreindri tölu eða 6 til 8 milljarðar króna en það er um 1–1,5% af því sem til innheimtu var. Sá stofn sem var til innheimtu svarar til um 85% af tekjum ríkissjóðs og má því reikna með að um 1% af þeim tapist með afskriftum skattskulda. Er þar um að ræða u.þ.b. 1,2 milljarða króna miðað við fjárlög 1996.

Þó afskriftahlutfallið sé ekki hærra er hér vissulega um háa fjárhæð að ræða, sem gefur tilefni til að kannað verði ítarlega hvort og hvernig megi draga úr henni. Einnig kemur fram í skýrslunni ýmislegt annað, sem gefur tilefni til að álagning gjalda, bókfærsla tekna og innheimta þeirra verði tekin til endurskoðunar. Auk þess að beinast að því að draga úr tekjutapi ríkissjóðs þarf slík endurskoðun að miðast við það að ríkisreikningur sýni sem réttasta mynd af fjárhag ríkissjóðs og að í innheimtu sé gætt jafnréttis og hagsýni. Verður hér á eftir minnst á nokkur atriði sem ráðuneytið telur rétt að tekin verði til skoðunar á næstu mánuðum. Atriði þessi snerta í fyrsta lagi bókfærslu skattkrafna, í öðru lagi áætlanir skattstjóra, í þriðja lagi reglur um afskriftir, í fjórða lagi skipulag innheimtumála, í fimmta lagi uppgjör gamalla skattskulda og loks í sjötta lagi gjaldþrot, búskipti og takmörkun atvinnuumsvifa o.fl.

— Bókfærsla ríkistekna.

Allar skattkröfur ríkisins eru færðar til eignar í ríkisbókhaldi, óháð því hvernig þær eru tilkomnar. Skiptir þá einu hvort um er að ræða álagningu samkvæmt framtali gjaldandans eða áætlun skattstjóra.

Eins og fram kemur í þriðja kafla skýrslunnar og í tölum hennar um áætlanir og afskriftir eru skattkröfur um margt frábrugðnar öðrum kröfum svo sem viðskiptakröfum. Þó kröfur þessar séu gildar að formi til er vitað að hluti þeirra mun aldrei raungerast sem

tekjur hjá ríkissjóði. Annars vegar getur skuldarinn fengið kröfunni breytt eða fellda niður með því að leggja fram tilteknar upplýsingar. Hins vegar er vitað að hluti af kröfunum eru á aðila sem teknir hafa verið til skipta eða eru hættir starfsemi. Með hliðsjón af þessu má draga í efa réttmæti þess að færa að fullu til tekna og eigna þær kröfur sem þannig háttar um. Að hluta til gera áætlanirnar ekki ráð fyrir raunverulegum tekjum og á sama hátt er afskrift þeirra ekki tap sem eðlilegt er að gjaldfæra í reikningum. Enn fremur er það álitamál hvort rétt sé að færa ríkisreikning með þeim hætti að hann sýni 2–4 % ofmat ríkistekna og ríkisgjalda.

Af þessum ástæðum ætti að fara fram á því athugun hvort ekki sé rétt að breyta núverandi fyrirkomulagi við tekjufærslu í ríkisreikningi og taka upp þann hátt að tekjufæra einungis þann hluta áætlana sem nokkuð góð vissa er fyrir að byggi á raunhæfum skattstofnum. Þótt aðrir hlutar áætlananna verði ekki tekjufærðir í ríkisreikningi yrðu kröfurnar í heild færðar til skulda hjá viðkomandi gjaldendum og myndu í öllu vera fullgildar kröfur við innheimtu. Eðlilegt er að þetta verði unnið í samráði við ríkisreikningsnefnd.

— Áætlanir skattstjóra.

Stór hluti af afskriftum eru afskriftir af álagningu samkvæmt áætlunum skattstjóra. Áætlanir skattstjóra gegna veigamiklu hlutverki við að tryggja skattheimtu. Af ýmsum ástæðum sem fram koma í skýrslunni er þörf á að endurskoða verklag við áætlanir. Markmið slíkrar endurskoðunar ætti að vera að fækka áætlunum og tryggja að við gerð þeirra verði gætt hófs án þess að draga úr virkni þeirra við að knýja fram skattskil. Meðal þess sem huga þarf að er að samræmis sé gætt milli umdæma og að upplýsingastreymi til skattstjóra frá innheimtumönnum og öðrum um gjaldþrot, árangurslaus fjárnám, stöðvun atvinnurekstrar o.fl. sé virkt. Ennfremur kemur til álita hvort ekki eigi í auknum mæli að vísa málum til sektarmeðferðar, þ.e. í þeim tilvikum er skattaðili gerist ítrekað sekur um að vanrækja framtalsskil. Þá hefur komið til álita að safna upplýsingum með kerfisbundnum hætti um skattskil í framhaldi af áætlunum skattstjóra.

— Afskriftareglur.

Þær meginreglur sem lagðar eru til grundvallar við afskriftir skattakrafna eru ekki gamlar. Engu að síður virðist tilefni vera til að taka þær til endurskoðunar. Í því efni er ástæða til að skilgreina að nýju þau skilyrði sem sett eru fyrir því að krafa fáist afskrifuð. Sérstaklega er ástæða til að huga að því hvort unnt er að draga úr því að krafist sé gjaldþrota hjá einstaklingum og afskrift sé í stað þess gerð á grundvelli árangurslauss fjárnáms. Þá þarf að huga að betra samræmi en nú er hvað varðar afskrift af kröfum vegna atvinnurekstrar hjá lögaðilum og einstaklingum í atvinnurekstri. Við gjaldþrot lögaðila er krafa sem ekki fæst greidd afskrifuð en sé um einstakling að ræða fylgir hún honum eftir gjaldþrot með margháttuðum afleiðingum.

Þá er rétt að minnast á framkomið frumvarp, sem heimilar ríkinu að samþykkja nauðasamninga vegna skattskulda að uppfylltum vissum skilyrðum. Mun samþykkt þess leiða til afskrifta á skuldum, sem nú eiga sér ekki stað nema að undangengnu gjaldþroti.

— Skipulag innheimtu.

Skipulag innheimtumála ríkisins hefur verið í athugun. Fyrir nokkru var starfshópi falið að gera tillögur um skipan innheimtu á höfuðborgarsvæðinu og skilaði hann tillögum um það efni. Full ástæða er til að endurskoða innheimtumálin í víðara samhengi. Fjár-

málaráðuneytið hefur sagt upp öllum samningum við sveitarfélög um sameiginlegar gjaldheimtur nema samningi um Gjaldheimtu Reykjavíkur. Ástæða er til að athuga frekari fækkun innheimtuembætta. Færri og stærri umdæmi og það að einungis sé einn innheimtuaðili á hverju svæði hefur hagræði í för með sér auk ýmissa annarra kosta. Auk þessa er ástæða til að athuga þann möguleika að fella inn í hið almenna innheimtukerfi skatta og gjöld, sem nú eru innheimt utan við það. Má í því sambandi nefna erfðafjárskatt, skemmtanaskatt og skipulagsgjald.

Þá hefur einnig komið til álita að fela einum aðila utan ráðuneytisins yfirstjórn innheimtu fyrir hönd ríkisins. Hlutverk hans væri að setja almennar verklagsreglur í því efni, sjá um samræmingu á framkvæmd og skera úr um ágreining og taka ákvarðanir í þessum efnum sem oft er æskilegt að séu í höndum óháðs aðila.

— Uppgjör gamalla skatta.

Eins og töflur þær sem fylgja skýrslunni bera með sér eru ýmsar af þeim skuldum sem eru til innheimtu mjög gamlar. M.a. eru enn virkar kröfur vegna skatta sem lagðir hafa verið niður. Má þar nefna söluskatt og launaskatt. Gera má ráð fyrir að óinnheimtar kröfur vegna þessara skatta séu innheimt um 600 milljónir króna að frátöldum dráttarvöxtum og að mestu sé hér um að ræða kröfur á einstaklinga. Ennfremur eru virkar kröfur um opinber gjöld frá því fyrir upphaf staðgreiðslu. Til álita kemur að gefa þeim sem þessi gjöld skulda kost á því að gera þau upp með sérstökum samningum. Í því efni þyrfti að athuga sérstaklega dráttarvaxtaskuldir þessara aðila m.t.t. þess að hluta af þeim tíma sem um er að ræða voru dráttarvextir að raungildi mikið hærri en síðar varð og nú er.

— Gjaldþrot og búskipti.

Með nýskipan í dómsmálum 1992 var tekið upp nýtt fyrirkomulag varðandi gjaldþrot og búskipti. Núverandi framkvæmd er sú að skipaður er bústjóri yfir öll þrotabú og bera kröfuhafar kostnað af störfum hans. Sá þeirra sem gerir gjaldþrotakröfuna þarf að leggja fram tryggingu, sem nú er 150 þús. kr.

Reynsla af núverandi fyrirkomulagi gefur tilefni til þess að huga að ýmsum breytingum. Í fyrsta lagi þarf að gera ráðstafanir til að draga úr fjölda búskipta. Alltof mikið er um það að gerð er krafa um búskipti hjá einstaklingum sem ekkert eiga upp í áhvílandi kröfur. Til þess að komast hjá búskiptum þarf að vera auðveldara en nú er að staðreyna eignaleysi við fjárnám. Í öðru lagi þarf að endurmeta hlutverk bústjóra og kanna hvort ekki sé hægt að fela sýslumönnum ákveðna þætti í verkefnum þeirra t.d. að annast skipti á búum þar sem engar eignir finnast. Í þriðja lagi þarf að kveða nánar á um skyldur bústjóra m.a. um skil á framtölum og upplýsingum til skattyfirvalda. Þá er æskilegt að settar verði reglur um kostnað við búskipti og að hann verði ekki án eftirlits, hvort sem hann greiðist af búinu, skuldara eða kröfuhafa. Breytingar í þessu efni krefjast breytinga á gjaldþrotalögum og verða teknar upp við dómsmálaráðuneytið.

— Takmörkun atvinnuumsvifa o.fl.

Eins og drepið var á í greinargerðinni þekkist það fyrirkomulag í öðrum löndum að vanskil á sköttum leiða til takmarkana á atvinnuumsvifum manna. Annars vegar eru þess dæmi að þeim sem orðið hafa gjaldþrota og bakað öðrum tjón með þeim hætti, þ.á m. framkvæmdastjórum og stjórnarmönnum lögaðila, sé bannað að stunda sambærilega starfsemi í tiltekinn árafjölda eftir gjaldþrot. Samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar geta forsvarsmenn hlutafélaga orðið skaðabótaskyldir ef þeir með saknæmum hætti vanrækja t.a.m. skyldur sínar við að gefa hlutafélag upp til gjaldþrotaskipta. Eðlilegt er að láta reyna á þess ábyrgð í auknum mæli. Engin almenn og sjálfvirk ákvæði takmarka rétt til atvinnuumsvifa eftir gjaldþrot. Hins vegar eru dæmi um að opinber starfsleyfi séu

felld úr gildi ef viðkomandi er í vanskilum með skatta sína. Með hliðsjón af því að nú er orðið næsta auðvelt og ódýrt að stofna og reka hlutafélög er ástæða til að styrkja skil á sköttum og draga úr hættu á misferli með einhvers konar takmörkunum á atvinnuumsvifum vegna vanskila á sköttum.

Þá er að lokum að nefna að verulegur hluti vanskila tengist starfsemi einstaklinga, sem færð er í form verktöku til að komast hjá skattlagningu og innheimtuúrræðum sem fylgja launagreiðslum. Brýn nauðsyn er á að setja reglur um það hvað teljist verktakagreiðslur í skattalegu tilliti og hvað skuli fara með sem laun.

Tafla 1
Skattar og innheimta 1985 - 1995

Skatttegund Fjárhæðir í m. kr.	Tímabil afskrifta	Kröfur til innheimtu	Afskrifaðar kröfur Beint	 Óbeint	 Samtals	Afskriftir sem hlutfall af kröfum til innh. Beinar	 Samt.
Höfuðstóll							
Flokkur 1, opinber gjöld einstaklinga	1985 - 1994	195.810	2.829	3.329	6.157	1,44%	3,14%
Flokkur 2, opinber gjöld, félaga	1985 - 1994	50.427	3.590	1.265	4.855	7,12%	9,63%
Flokkur 3, launask. og tryggingagj.	1985 - 1994	57.121	694	259	953	1,22%	1,67%
Flokkur 4, söluskattur, virðisaukaskattur og vörugjald af innl. frl.	1985 - 1994	305.787	3.128	3.571	6.699	1,02%	2,19%
Flokkur 5, þungask. og bifreiðagj.	1992 - 1995	10.604	229	166	395	2,16%	3,73%
		619.749	**10.470**	**8.589**	**19.059**	**1,69%**	**3,08%**
Dráttarvextir							
Flokkur 1, opinber gjöld einstaklinga	1988 - 1994	6.402	1.499	1.247	2.746	23,42%	42,89%
Flokkur 2, opinber gjöld, félaga	1988 - 1994	5.497	2.244	976	3.220	40,82%	58,57%
Flokkur 3, launask. og tryggingagj.	1988 - 1994	3.055	680	213	892	22,25%	29,21%
Flokkur 4, söluskattur, virðisaukaskattur og vörugjald af innl. frl.	1988 - 1994	9.275	2.449	2.255	4.705	26,41%	50,72%
Flokkur 5, þungask. og bifreiðagj.	1988 - 1994	1.204	185	50	235	15,38%	19,53%
		25.433	**7.057**	**4.741**	**11.798**	**27,75%**	**46,39%**
Samtals höfustóll og dráttarvx.		**645.182**	**17.527**	**13.330**	**30.857**	**2,72%**	**4,78%**

Tafla 2.1

Skattar og innheimta 1985 - 1995
Til innheimtu

Fjárhæð í m. kr. Innheimtu ár	Flokkur 1	Flokkur 2	Flokkur 3	Flokkur 4	Flokkur 5	Samtals allir flokkar
1985	5.231	2.412	1.445	13.763	0	**22.851**
1986	7.774	3.775	1.964	18.481	0	**31.993**
1987	9.162	4.535	2.546	25.841	0	**42.084**
1988	15.713	6.950	3.591	37.464	0	**63.719**
1989	21.674	9.552	4.172	43.035	0	**78.433**
1990	27.499	10.983	4.940	40.612	0	**84.034**
1991	30.861	9.262	10.532	38.771	0	**89.426**
1992	31.472	9.385	11.453	39.050	3.301	**94.661**
1993	35.188	8.841	11.837	39.020	3.355	**98.241**
1994	35.004	8.388	12.442	35.867	3.948	**95.649**
Uppsafnað 1985 - 1994	**195.810**	**50.427**	**57.121**	**305.787**	**10.604**	**619.749**

Tafla 2.2

Skattar og innheimta 1985 - 1995
Afskrifað

Fjárhæð í m. kr. Innheimtu ár	Flokkur 1	Flokkur 2	Flokkur 3	Flokkur 4	Flokkur 5	Samtals allir flokkar
1985	38	37	4	20	0	**100**
1986	40	49	7	14	0	**109**
1987	69	97	3	9	0	**177**
1988	409	313	68	338	0	**1.127**
1989	774	443	81	354	0	**1.652**
1990	1.058	748	190	882	0	**2.878**
1991	629	577	93	448	0	**1.747**
1992	292	1.009	108	677	147	**2.233**
1993	1.383	839	194	459	56	**2.932**
1994	772	744	206	189	26	**1.936**
Óbein afskrift	693			3.309	166	**4.169**
Uppsafnað 1985 - 1994	**6.157**	**4.855**	**953**	**6.699**	**395**	**19.059**

Tafla 2.3

Skattar og innheimta 1985 - 1995
Hlutfall afskrifta

Innheimtu ár	Flokkur 1	Flokkur 2	Flokkur 3	Flokkur 4	Flokkur 5	Samtals allir flokkar
1985	0,74%	1,54%	0,27%	0,15%	0,00%	**0,44%**
1986	0,51%	1,30%	0,35%	0,08%	0,00%	**0,34%**
1987	0,75%	2,13%	0,11%	0,03%	0,00%	**0,42%**
1988	2,60%	4,50%	1,89%	0,90%	0,00%	**1,77%**
1989	3,57%	4,64%	1,94%	0,82%	0,00%	**2,11%**
1990	3,85%	6,81%	3,84%	2,17%	0,00%	**3,43%**
1991	2,04%	6,23%	0,88%	1,15%	0,00%	**1,95%**
1992	0,93%	10,76%	0,94%	1,73%	4,45%	**2,36%**
1993	3,93%	9,49%	1,64%	1,18%	1,67%	**2,98%**
1994	2,20%	8,87%	1,65%	0,53%	0,66%	**2,02%**
Uppsafnað 1985 - 1994	**3,14%**	**9,63%**	**1,67%**	**2,19%**	**3,73%**	**3,08%**

Ath. skiptingu á óbeinni afskrift vantar að hluta, sjá töflu 2.2.

Skattar og innheimta 1985 til 1994
Tafla 3.1
Kröfur til innheimtu

Innheimtuembætti Fjárhæðir í m. kr.	Flokkur 1 Opinber gj. einstaklinga	Flokkur 2 Opinber gj. félaga	Flokkur 3 Tryggingagj. Launaskatt	Flokkur 4 Virðisaukask. Sölusk.	Flokkur 5 Þungask. Bifreiðagj.	Samtals allir flokkar
Sm. Akranesi	3.510,1	416,2	1.315,0	4.317,9	161,7	9.720,9
Sm. Borgarnesi	1.863,0	721,9	715,2	2.997,2	241,3	6.538,5
Sm. Stykkishólmi	2.724,7	424,5	723,0	3.406,4	189,8	7.468,4
Sm. Búðardal	351,9	48,3	89,9	585,1	59,5	1.134,7
Sm. Patreksfirði	1.271,1	233,4	406,9	1.534,6	85,1	3.531,2
Sm. Bolungarvík	910,0	156,8	300,1	915,8	48,9	2.331,6
Sm. Ísafirði	4.527,4	852,8	1.397,1	4.583,8	154,2	11.515,2
Sm. Hólmavík	531,4	65,4	139,8	843,8	61,8	1.642,2
Sm. Blönduósi	2.286,0	388,2	408,5	2.676,4	221,8	5.980,9
Sm. Sauðárkróki	2.186,3	365,9	666,9	3.094,0	264,8	6.577,9
Sm. Siglufirði	1.141,2	212,3	407,7	921,6	48,5	2.731,2
Sm. Ólafsfirði	855,5	160,4	193,4	550,5	38,7	1.798,4
Sm. Akureyri	12.002,5	2.345,7	3.505,1	14.913,7	654,2	33.421,3
Sm. Húsavík	3.183,1	751,9	917,3	4.371,5	320,3	9.544,0
Sm. Seyðisfirði	2.059,7	187,3	414,1	2.706,9	273,6	5.641,6
Sm. Neskaupstað	1.224,4	183,7	280,0	870,8	55,9	2.614,8
Sm. Eskifirði	2.651,0	384,4	552,1	3.076,5	148,0	6.812,0
Sm. Höfn	1.669,2	217,0	555,4	2.010,7	110,9	4.563,2
Sm. Vík	447,2	33,7	71,4	548,8	72,6	1.173,7
Sm. Hvollsvelli	1.482,2	168,7	294,8	2.283,5	268,2	4.497,5
Sm. Vestmannaeyjum	4.185,4	575,5	1.218,2	3.618,4	92,1	9.689,6
Sm. Selfossi	6.196,6	1.025,0	1.623,4	9.146,5	692,2	18.683,8
Sm. Keflavík	1.243,4	626,8	3.215,7	10.181,6	577,9	15.845,4
Sm. Keflav.flugv.	7,3	1.057,0	399,2	115,1	14,3	1.592,8
Sm. Hafnarfirði	7.877,2	1.144,2	3.390,2	17.032,0	778,4	30.221,9
Sm. Kópavogi	13.327,8	1.252,6	2.654,5	12.537,3	485,2	30.257,4
Gjh. Hafnarfirði	4.404,5	1.001,6	0,0	0,0	0,0	5.406,1
Gjh. Seltjarnarnesi	5.155,4	204,2	0,0	0,0	0,0	5.359,6
Gjh. Reykjavík	83.683,6	30.044,9	0,0	0,0	0,0	113.728,5
Gjh. Garðabæ	9.164,6	475,8	0,0	0,0	0,0	9.640,4
Gjh. Mosfellsbæ	3.329,6	280,1	0,0	0,0	0,0	3.609,7
Gjh. Suðurnesja	10.236,9	4.417,8	0,0	0,0	0,0	14.654,7
Gjh. Bessastaðahreppi	119,9	2,5	0,0	0,0	0,0	122,4
Tollstjórinn í Reykjavík	0,0	0,0	31.266,0	188.679,4	4.484,7	224.430,1
						0,0
Vörugj. af innl. frl.				7.267,1		7.267,1
						0,0
Samtals	**195.810,1**	**50.426,6**	**57.120,9**	**305.786,6**	**10.604,4**	**619.748,6**

Innheimta skattkrafna 1985 til 1994
Tafla 3.2
Beinar og óbeinar afskriftir

Innheimtuembætti Fjárhæðir í m. kr.	Flokkur 1 Opinber gj. einstaklinga	Flokkur 2 Opinber gj. félaga	Flokkur 3 Tryggingagj. Launaskatt	Flokkur 4 Virðisaukask. Sölusk.	Flokkur 5 Þungask. Bifreiðagj.	Samtals allir flokkar
Sm. Akranesi	88,2	54,0	11,9	105,8	6,4	266,3
Sm. Borgarnesi	5,1	3,8	0,9	11,5	9,8	31,2
Sm. Stykkishólmi	41,4	66,6	7,1	92,8	6,8	214,7
Sm. Búðardal	8,7	5,6	4,0	80,8	1,4	100,5
Sm. Patreksfirði	21,3	29,5	4,3	56,2	3,6	115,0
Sm. Bolungarvík	17,4	14,9	1,7	21,1	0,7	55,8
Sm. Ísafirði	78,4	46,8	13,0	81,2	4,5	223,9
Sm. Hólmavík	1,4	1,1	0,4	9,3	0,7	12,9
Sm. Blönduósi	13,0	50,1	1,6	39,5	2,2	106,5
Sm. Sauðárkróki	9,7	9,2	5,6	20,4	4,4	49,3
Sm. Siglufirði	10,6	30,3	8,0	74,4	0,4	123,8
Sm. Ólafsfirði	1,1	2,8	0,2	1,8	0,1	6,0
Sm. Akureyri	187,2	242,8	34,1	256,4	11,8	732,4
Sm. Húsavík	19,5	132,0	7,0	32,6	2,5	193,6
Sm. Seyðisfirði	11,6	18,9	2,9	43,9	9,9	87,1
Sm. Neskaupstað	7,8	14,1	2,3	30,7	2,1	57,1
Sm. Eskifirði	17,9	11,8	9,5	37,9	7,6	84,6
Sm. Höfn	7,8	3,0	1,5	11,6	1,5	25,5
Sm. Vík	2,7	9,9	0,9	10,1	0,0	23,6
Sm. Hvolsvelli	4,8	17,2	1,3	12,7	4,4	40,4
Sm. Vestmannaeyjum	58,3	18,3	8,3	55,6	5,3	145,8
Sm. Selfossi	100,9	97,6	26,8	218,3	31,0	474,5
Sm. Keflavík	60,2	109,3	55,6	430,1	24,1	679,4
Sm. Keflav.flugv.	0,4	0,0	0,0	0,0	0,6	1,0
Sm. Hafnarfirði	237,1	174,8	157,1	574,2	20,3	1.163,4
Sm. Kópavogi	194,6	111,0	51,1	319,7	14,3	690,7
Gjh. Hafnarfirði	15,2	13,1	0,0	0,0	0,0	28,2
Gjh. Seltjarnarnesi	42,8	21,9	0,0	0,0	0,0	64,7
Gjh. Reykjavík	2.593,5	3.308,7	0,0	0,0	0,0	5.902,1
Gjh. Garðabæ	126,4	58,7	0,0	0,0	0,0	185,1
Gjh. Mosfellsbæ	64,2	23,0	0,0	0,0	0,0	87,3
Gjh. Suðurnesja	113,1	154,4	0,0	0,0	0,0	267,5
Gjh. Bessastaðahreppi	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Tollstjórinn í Reykjavík	0,0	0,0	535,7	3.933,5	52,3	4.521,5
Ósundurliðuð staðgreiðsla	1.994,7					1.994,7
Vörugj. af innl. frl.				136,6		136,6
Óbein afskrift bifreiðagj.					166,2	166,2
Samtals	**6.157,1**	**4.855,2**	**952,8**	**6.698,5**	**395,1**	**19.058,8**

Innheimta skattkrafna 1985 til 1994
Tafla 3.3
Hlutfall afskrifaðra krafna

Innheimtuembætti Fjárhæðir í þús. kr.	Flokkur 1 Opinber gj. einstaklinga	Flokkur 2 Opinber gj. félaga	Flokkur 3 Tryggingagj. Launaskatt	Flokkur 4 Virðisaukask. Sölusk.	Flokkur 5 Þungask. Bifreiðagj.	Samtals allir flokkar
Sm. Akranesi	2,51%	12,98%	0,90%	2,45%	3,97%	2,74%
Sm. Borgarnesi	0,28%	0,53%	0,13%	0,38%	4,07%	0,48%
Sm. Stykkishólmi	1,52%	15,69%	0,98%	2,72%	3,56%	2,87%
Sm. Búðardal	2,46%	11,68%	4,45%	13,80%	2,42%	8,86%
Sm. Patreksfirði	1,68%	12,66%	1,06%	3,66%	4,25%	3,26%
Sm. Bolungarvík	1,91%	9,48%	0,56%	2,30%	1,49%	2,39%
Sm. Ísafirði	1,73%	5,49%	0,93%	1,77%	2,90%	1,94%
Sm. Hólmavík	0,27%	1,67%	0,29%	1,10%	1,12%	0,78%
Sm. Blönduósi	0,57%	12,90%	0,40%	1,48%	1,01%	1,78%
Sm. Sauðárkróki	0,44%	2,52%	0,84%	0,66%	1,66%	0,75%
Sm. Siglufirði	0,93%	14,29%	1,96%	8,08%	0,81%	4,53%
Sm. Ólafsfirði	0,13%	1,73%	0,12%	0,33%	0,38%	0,34%
Sm. Akureyri	1,56%	10,35%	0,97%	1,72%	1,81%	2,19%
Sm. Húsavík	0,61%	17,56%	0,77%	0,75%	0,78%	2,03%
Sm. Seyðisfirði	0,56%	10,07%	0,70%	1,62%	3,62%	1,54%
Sm. Neskaupstað	0,64%	7,70%	0,82%	3,53%	3,77%	2,18%
Sm. Eskifirði	0,67%	3,06%	1,72%	1,23%	5,12%	1,24%
Sm. Höfn	0,47%	1,40%	0,28%	0,58%	1,32%	0,56%
Sm. Vík	0,61%	29,24%	1,28%	1,84%	0,02%	2,01%
Sm. Hvolsvelli	0,33%	10,19%	0,43%	0,55%	1,65%	0,90%
Sm. Vestmannaeyjum	1,39%	3,17%	0,68%	1,54%	5,79%	1,50%
Sm. Selfossi	1,63%	9,52%	1,65%	2,39%	4,47%	2,54%
Sm. Keflavík	4,84%	17,44%	1,73%	4,22%	4,18%	4,29%
Sm. Keflav.flugv.	5,21%	0,00%	0,00%	0,00%	4,21%	0,06%
Sm. Hafnarfirði	3,01%	15,27%	4,63%	3,37%	2,61%	3,85%
Sm. Kópavogi	1,46%	8,86%	1,93%	2,55%	2,94%	2,28%
Gjh. Hafnarfirði	0,34%	1,31%	0,00%	0,00%	0,00%	0,52%
Gjh. Seltjarnarnesi	0,83%	10,72%	0,00%	0,00%	0,00%	1,21%
Gjh. Reykjavík	3,10%	11,01%	0,00%	0,00%	0,00%	5,19%
Gjh. Garðabæ	1,38%	12,34%	0,00%	0,00%	0,00%	1,92%
Gjh. Mosfellsbæ	1,93%	8,22%	0,00%	0,00%	0,00%	2,42%
Gjh. Suðurnesja	1,11%	3,49%	0,00%	0,00%	0,00%	1,83%
Gjh. Bessastaðahreppi	0,01%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,01%
Tollstjórinn í Reykjavík	0,00%	0,00%	1,71%	2,08%	1,17%	2,01%
						0,00%
Vörugj. af innl. frl.				1,88%		1,88%
						0,00%
Samtals	**3,14%**	**9,63%**	**1,67%**	**2,19%**	**3,73%**	**3,08%**

Álagning staðgreiðslu

Höfuðstóll — **Tafla 4.1** — Staðan 15. desember 1995

Upphæðir í m.kr.

	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	Samtals
Skilask.staðgreiðsla	20.491,3	24.827,0	30.471,4	34.316,2	34.243,7	37.686,1	40.231,9	222.267,6
Áætluð staðgr	120,3	184,2	264,8	251,2	195,0	190,8	121,9	1.328,4
	20.611,6	**25.011,3**	**30.736,2**	**34.567,5**	**34.438,7**	**37.876,9**	**40.353,8**	**223.595,9**

Afskriftir af viðkomandi álagningu í staðgreiðslu

Höfuðstóll — **Tafla 4.2** — Staðan 15. desember 1995

Upphæðir í m.kr.

	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	Samtals
Skilask.staðgreiðsla	142,3	138,3	98,6	80,9	47,6	18,5	1,7	528,0
Áætluð staðgr	88,7	155,1	219,9	161,8	84,7	46,6	0,5	757,3
	231,0	**293,4**	**318,5**	**242,8**	**132,3**	**65,2**	**2,2**	**1.285,3**

Hlutfall afskrifaðra krafna af viðkomandi álagningu í staðgreiðslu

Höfuðstóll — **Tafla 4.3** — Staðan 15. desember 1995

	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	Samtals
Skilask.staðgreiðsla	0,69%	0,56%	0,32%	0,24%	0,14%	0,05%	0,00%	0,24%
Áætluð staðgr	73,72%	84,17%	83,04%	64,41%	43,44%	24,44%	0,40%	57,01%
	1,12%	**1,17%**	**1,04%**	**0,70%**	**0,38%**	**0,17%**	**0,01%**	**0,57%**

Afskrifuð staðgreiðsla hjá launagreiðendum sem eru einstaklingar

Höfuðstóll — **Tafla 4.4** — Staðan 15. desember 1995

Upphæðir í m.kr.

	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	Samtals
Skilask.staðgreiðsla	6,3	10,2	8,3	12,9	6,6	3,6	0,0	47,9
Áætluð staðgr	7,4	19,8	33,4	29,6	3,9	0,4	0,0	94,5
	13,7	**30,0**	**41,7**	**42,5**	**10,6**	**4,0**	**0,0**	**142,4**

Afskrifuð staðgreiðsla hjá launagreiðendum sem eru lögaðilar

Höfuðstóll — **Tafla 4.5** — Staðan 15. desember 1995

Upphæðir í m.kr.

	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	Samtals
Skilask.staðgreiðsla	135,9	128,1	90,3	68,0	41,0	15,0	1,7	480,1
Áætluð staðgr	81,3	135,2	186,5	132,3	80,8	46,2	0,5	662,8
	217,2	**263,4**	**276,8**	**200,3**	**121,8**	**61,2**	**2,2**	**1.142,9**

Afskrifuð staðgreiðsla hjá launagreiðendum samtals

Höfuðstóll — **Tafla 4.6** — Staðan 15. desember 1995

Upphæðir í m.kr.

	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	Samtals
Skilask.staðgreiðsla	142,3	138,3	98,6	80,9	47,6	18,5	1,7	528,0
Áætluð staðgr	88,7	155,1	219,9	161,8	84,7	46,6	0,5	757,3
	231,0	**293,4**	**318,5**	**242,8**	**132,3**	**65,2**	**2,2**	**1.285,3**

Hlutfall afskrifaðrar staðgreiðslu hjá launagreiðendum sem eru einstaklingar

Höfuðstóll **Tafla 4.7** Staðan 15. desember 1995

	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	Samtals
Skilask.staðgreiðsla	4,44%	7,34%	8,43%	15,95%	13,90%	19,16%	0,00%	9,07%
Áætluð staðgr	8,35%	12,80%	15,18%	18,27%	4,65%	0,87%	0,00%	12,48%
	5,94%	**10,23%**	**13,09%**	**17,50%**	**7,98%**	**6,07%**	**0,00%**	**11,08%**

Hlutfall afskrifaðrar staðgreiðslu hjá launagreiðendum sem eru lögaðilar

Höfuðstóll **Tafla 4.8** Staðan 15. desember 1995

	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	Samtals
Skilask.staðgreiðsla	95,56%	92,66%	91,57%	84,05%	86,10%	80,84%	100,00%	90,93%
Áætluð staðgr	91,65%	87,20%	84,82%	81,73%	95,35%	99,13%	100,00%	87,52%
	94,06%	**89,77%**	**86,91%**	**82,50%**	**92,02%**	**93,93%**	**100,00%**	**88,92%**

Afskrifaðar kröfur í opinberum gjöldum sem lögð voru á einstaklinga á árinu 1993, skipt upp í áætlanir og álagningu skv. framtali og brotið niður á innheimtuembætti

Tafla 5.1

	Afskrifuð álagning skv. áætlun	Afskrifuð álagning skv. framtali	Samtals afskrifuð álagning	Hlutfall áætlana af heildar afskrift	Hlutfall framtaldra af heildar afskrift
Gjh. Reykjavík	21.165.994	2.364.392	23.530.386	89,95%	10,05%
Sm. í Kópavogi	7.919.524	438.557	8.358.081	94,75%	5,25%
Gjh. Seltjarnarnesi	0	3.154	3.154	0,00%	100,00%
Gjh. Garðabæ	4.637.894	1.290.665	5.928.559	78,23%	21,77%
Sm. í Hafnarfirði	5.767.260	2.001.871	7.769.131	74,23%	25,77%
Gjh. Mosfellsbæ	4.876.373	450.925	5.327.298	91,54%	8,46%
Sm. Keflavík	9.548.867	1.605.671	11.154.538	85,61%	14,39%
Sm. á Akranesi	0	2.004	2.004	0,00%	100,00%
Sm. í Borgarnesi	463.138	52.772	515.910	89,77%	10,23%
Sm. í Stykkishólmi	3.116.912	118.717	3.235.629	96,33%	3,67%
Sm. í Búðardal	0	519.482	519.482	0,00%	100,00%
Sm. á Ísafirði	2.062.078	1.685.215	3.747.293	55,03%	44,97%
Sm. í Bolungarvík	17.875	246	18.121	98,64%	1,36%
Sm. á Patreksfirði	0	181.708	181.708	0,00%	100,00%
Sm. á Hólmavík	0	129.871	129.871	0,00%	100,00%
Sm. á Siglufirði	156.464	14.499	170.963	91,52%	8,48%
Sm. á Sauðárkróki	283.513	2.215	285.728	99,22%	0,78%
Sm. á Blönduósi	513.090	7.802	520.892	98,50%	1,50%
Sm. á Akureyri	7.179.912	679.090	7.859.002	91,36%	8,64%
Sm. á Húsavík	0	7.503	7.503	0,00%	100,00%
Sm. á Ólafsfirði	0	38.251	38.251	0,00%	100,00%
Sm. á Seyðisfirði	187.379	166.254	353.633	52,99%	47,01%
Sm. á Neskaupstað	157.478	51.036	208.514	75,52%	24,48%
Sm. á Eskifirði	0	193.960	193.960	0,00%	100,00%
Sm. á Höfn	2.048.335	34.207	2.082.542	98,36%	1,64%
Sm. í Vestmannaeyjum	2.397.197	2.266.451	4.663.648	51,40%	48,60%
Sm. á Selfossi	3.380.832	510.197	3.891.029	86,89%	13,11%
Sm. í Vík	0	636	636	0,00%	100,00%
Sm. á Hvolsvelli	129.175	143.479	272.654	47,38%	52,62%
	76.009.290	**14.960.830**	**90.970.120**	**83,55%**	**16,45%**

Afskrifaðar köfur í opinberum gjöldum sem lögð voru á lögaðila á árinu 1993, skipt upp í áætlanir og álgningu skv. framtali og brotið niður á innheimtuembætti

Tafla 5.2

	Afskrifuð álagning skv. áætlun	Afskrifuð álagning skv. framtali	Samtals afskrifuð álagning	Hlutfall áætlana af heildar afskrift	Hlutfall framtaldra af heildar afskrift
Gjh. Reykjavík	154.512.405	14.077.638	168.590.043	91,65%	8,35%
Sm. í Kópavogi	8.180.894	817.608	8.998.502	90,91%	9,09%
Gjh. Seltjarnarnesi	2.409.934	222	2.410.156	99,99%	0,01%
Gjh. Garðabæ	1.794.760	371.932	2.166.692	82,83%	17,17%
Sm. í Hafnarfirði	11.452.773	423.800	11.876.573	96,43%	3,57%
Gjh. Mosfellsbæ	1.413.226	152	1.413.378	99,99%	0,01%
Sm. Keflavík	15.723.465	1.596.173	17.319.638	90,78%	9,22%
Sm. á Akranesi	73.806	36	73.842	99,95%	0,05%
Sm. í Borgarnesi	66.143	354	66.497	99,47%	0,53%
Sm. í Stykkishólmi	305.920	808	306.728	99,74%	0,26%
Sm. í Búðardal	560.753	147	560.900	99,97%	0,03%
Sm. á Ísafirði	2.006.768	1.111.729	3.118.497	64,35%	35,65%
Sm. í Bolungarvík	525.602	0	525.602	100,00%	0,00%
Sm. á Patreksfirði	895.394	286.615	1.182.009	75,75%	24,25%
Sm. á Hólmavík	633.673	30.964	664.637	95,34%	4,66%
Sm. á Siglufirði	451.020	34	451.054	99,99%	0,01%
Sm. á Sauðárkróki	48.869	517	49.386	98,95%	1,05%
Sm. á Blönduósi	8.149.854	92.437	8.242.291	98,88%	1,12%
Sm. á Akureyri	17.536.348	1.264.618	18.800.966	93,27%	6,73%
Sm. á Húsavík	1.187.135	69	1.187.204	99,99%	0,01%
Sm. á Ólafsfirði	141.398	18	141.416	99,99%	0,01%
Sm. á Seyðisfirði	2.362.009	143	2.362.152	99,99%	0,01%
Sm. á Neskaupstað	1.767.535	3.288	1.770.823	99,81%	0,19%
Sm. á Eskifirði	2.026.831	26.549	2.053.380	98,71%	1,29%
Sm. á Höfn	763.149	240.589	1.003.738	76,03%	23,97%
Sm. í Vestmannaeyjum	236.336	39.283	275.619	85,75%	14,25%
Sm. á Selfossi	5.416.017	3.402	5.419.419	99,94%	0,06%
Sm. í Vík	616.914	12.001	628.915	98,09%	1,91%
Sm. á Hvolsvelli	290.744	669	291.413	99,77%	0,23%
	241.549.675	**20.401.795**	**261.951.470**	**92,21%**	**7,79%**

841. Nefndarálit [154. mál]

um frv. til l. um tæknifrjóvgun.

Frá 2. minni hluta allsherjarnefndar.

Í breytingartillögu 2. minni hluta (þskj. 842) er lagt til að einstaklingur, sem verður til við tæknifrjóvgun með gjafakynfrumu, eigi alltaf, eftir að hann nær sjálfræðisaldri, óheftan aðgang að upplýsingum um uppruna sinn. Gert er ráð fyrir að kynfrumugjafar geti óskað eftir nafnleynd, en hún kemur samt aldrei í veg fyrir þennan rétt barnsins. Að öðru leyti styður 2. minni hluti breytingartillögur meiri hlutans, þ.e. aðrar en þær sem lúta að 4. gr. frumvarpsins. Í nefndaráliti þessu er einungis fjallað um nafnleyndarákvæðið þar sem það eitt ber í milli álits meiri hlutans og 2. minni hluta.

Rökin gegn nafnleynd gagnvart einstaklingi sem verður til við tæknifrjóvgun með gjafakynfrumu eru tvenns konar. Þau taka til mannréttinda hans annars vegar og erfðalækninga hins vegar.

Við setningu laga um tæknifrjóvgun verður að taka tillit til þróunar mannréttindalöggjafar undanfarið. Réttarþróun í Evrópu er tvímælalaust sú að nafnleyndinni gagnvart viðkomandi einstaklingi sé aflétt og í nýrri íslenskri löggjöf um tæknifrjóvgun á skilyrðislaust að taka mið af þeirri þróun. Sú spurning hlýtur að vera áleitin hvort verjandi sé að banna með lögum að veita einstaklingi upplýsingar um uppruna sinn, einkum ef hann fær á einn eða annan hátt vitneskju um það síðar á lífsleiðinni að hann sé ekki líffræðilega skyldur foreldrunum. Bent skal á að barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur gert athugasemdir við löggjöf Noregs um nafnleynd gagnvart einstaklingum getnum með gjafakynfrumum. Þau ríki sem ekki hafa nafnleyndarákvæði í lögum sínum um tæknifrjóvgun eru Svíþjóð, Sviss, Spánn, Holland og Þýskaland. Því væri skammsýni að setja nú lög sem gengju gegn þessari þróun, svo og gegn almennri réttlætis- og siðferðisvitund.

Það eru mannréttindi að eiga þess kost að þekkja uppruna sinn, hluti af sjálfsagðri vitund fólks um sjálft sig, og meðal íslenskrar þjóðar er rík hefð og vilji til þess. Löggjafinn má ekki taka þennan rétt af einstaklingum. Ófrjósemi er vandamál sem ekki má leysa á kostnað mannréttinda þess sem verður til við tæknifrjóvgun með gjafakynfrumu. Sé þess óskað er sjálfsagt og eðlilegt að tryggð sé nafnleynd gagnvart öllum öðrum en þeim einstaklingi, sem þannig er til kominn. Þetta þarf að gera þeim ljóst sem vegna tæknifrjóvgunar gefa eða þiggja kynfrumur (sbr. ákvæði um ráðgjöf í breytingartillögum meiri hlutans). Einnig þarf kynfrumugjafanum að vera ljóst að enga tryggingu er hægt að setja fyrir því að afkomandinn greini ekki sjálfur frá því hvernig hann er til kominn þegar hann hefur aldur og þroska til og hefur fengið upplýsingar um líffræðilegt foreldri sitt.

Í 15. gr. stjórnsýslulaga, nr. 34/1993, segir að aðili máls eigi rétt á að kynna sér gögn og skjöl sem viðkoma máli hans. Á grundvelli þessara laga geta ættleiddir einstaklingar fengið upplýsingar um raunverulegan uppruna sinn, fái þeir ekki þá vitneskju með öðrum hætti. Eðlilegt hlýtur að teljast að sá sem getinn er með gjafakynfrumu eigi sama rétt. Í mörgum tilvikum verður upplýsinga um kynforeldrið vitaskuld ekki óskað, en það er eigi að síður skýlaus réttur manna að fá allar handbærar og varðveittar upplýsingar, óski þeir þess.

Í 7. grein barnasamnings Sameinuðu þjóðanna segir að barn skuli, eftir því sem unnt er, eiga rétt á að þekkja kynforeldra sína og í 8. gr. samningsins segir að aðildarríki skuldbindi sig til að virða rétt barnsins til að viðhalda því sem auðkenni það sem einstakling. Ísland fullgilti samninginn fyrir sitt leyti árið 1992.

Þróunin í íslenskri löggjöf er heldur ekki sú að lögfesta ævarandi nafnleynd. Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til upplýsingalaga. Samkvæmt því skal einstaklingur eiga óheftan aðgang að upplýsingum um sjálfan sig hjá stjórnsýslunni. Ákvæði laga þessara tækju tvímælalaust til upplýsinga um það hvernig viðkomandi er getinn í heiminn nema það væri afdráttarlaust bannað í sérlögum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að aðgangur að upplýsingum um einkamálefni manna verði öllum opinn að 80 árum liðnum frá skráningu málsins. Þannig gæti komið upp sú staða að maður fengi sjálfur aldrei að sjá gögn um uppruna sinn en frétti um hann hjá öðrum, t.d. í dagblöðum. Í þessu ljósi sést að nafnleyndarákvæðið í frumvarpi til laga um tæknifrjóvgun er úrelt og mun að öllum líkindum heyra sögunni til innan tíðar.

Önnur mikilvæg ástæða fyrir því að halda til haga upplýsingum um gjafakynfrumur snýr að sambandi sjúkdóma og erfða. Erfðalækningar eru að verða stærri þáttur í heilsugæslu. Íslenskir læknar hafa til að mynda sannað arfgengi ýmissa algengra sjúkdóma, svo sem hjarta- og æðasjúkdóma. Mikilvægi þess að geta aukið rannsóknir á erfðaþáttum sjúkdóma er því augljóst og styður það sjónarmið að í framtíðinni eigi ekki að alast upp fólk sem þekkir ekki uppruna sinn og getur ekki fengið upplýsingar um sína nánustu í líffræðilegu tilliti.

Ófrjósemi er vaxandi vandamál. Með aukinni tækni, t.d. smásjárfrjóvgun, er þó hægt að hjálpa sífellt fleiri pörum til að eignast barn með eigin kynfrumum. Mikilvægt er að efla slíkar rannsóknir í stað þess að leysa málið með gjafakynfrumum og á kostnað mannréttinda þess sem verður til með kynfrumugjöf.

Þá skal þess getið að þrátt fyrir að nafnleynd sé aflétt gagnvart barninu skapast engin lagaleg tengsl milli þess og kynfrumugjafans, þ.e. hins líffræðilega foreldris, svo sem vegna framfærsluskyldu eða erfðaréttar.

Alþingi, 19. apríl 1996.

Hjálmar Jónsson.

842. Breytingartillaga [154. mál]

við frv. til l. um tæknifrjóvgun.

Frá 2. minni hluta allsherjarnefndar (HjálmJ).

Í stað 2. og 3. mgr. 4. gr. komi fjórar nýjar málsgreinar er orðist svo:

Upplýsingar um gjafann skal varðveita í sérstakri skrá. Ef barn verður til vegna kynfrumugjafar hans skal varðveita upplýsingar um það og parið sem fékk gjafakynfrumurnar í sömu skrá.

Óski gjafi eftir nafnleynd er heilbrigðisstarfsfólki skylt að tryggja að hún verði virt, sbr. þó 5. mgr. Í þeim tilvikum má hvorki veita gjafa upplýsingar um parið sem fær gjafakynfrumur eða um barnið né veita parinu upplýsingar um gjafann.

Gjafi á aldrei sjálfstæðan rétt á upplýsingum um parið sem fær kynfrumur hans eða barnið sem verður til vegna kynfrumugjafarinnar.

Einstaklingur, sem orðið hefur til við kynfrumugjöf, á rétt á að fá upplýsingar um líffræðilegan uppruna sinn þegar hann nær sjálfræðisaldri. Er heilbrigðisstofnun þá að ósk hans skylt að veita honum aðgang að skráðum upplýsingum um gjafann. Svo fljótt sem verða má eftir að einstaklingur hefur fengið aðgang að slíkum upplýsingum ber hlutaðeigandi heilbrigðisstofnun að tilkynna gjafanum um upplýsingagjöfina.

843. Nefndarálit [308. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands, nr. 13 30. mars 1992.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Frumvarpið tengist frumvarpi ríkisstjórnarinnar um breytingu á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34/1991. Það frumvarp hefur nú verið afgreitt frá efnahags- og viðskiptanefnd með breytingartillögum.

Jafnframt því frumvarpi hafði nefndin til umfjöllunar tvö önnur þingmál, 242. og 307. mál, sem bæði fjölluðu um það að leyfa beina fjárfestingu í afmörkuðum mæli í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum. Niðurstaða meiri hluta nefndarinnar varð eigi að síður sú að heimila einungis óbeina eignaraðild, þó þannig að útlendingar geti átt allt að 62% í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum.

Þar sem um er að ræða viðurkenningu á því að útlendingar séu eignaraðilar í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum þarf að breyta lögunum um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands þannig að fyrirtæki, sem geta verið allt að 62% í eigu útlendinga, geti áfram stefnt skipum sínum til veiða í landhelginni. Því er það frumvarp um breytingu á nefndum lögum fram komið.

Meiri hlutinn hefur nú afgreitt frumvarpið með hliðstæðri breytingartillögu þeirri sem meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar gerði við frumvarp ríkisstjórnarinnar um óbeina eignaraðild.

Undirrituð standa ekki að þeirri afgreiðslu frekar en fulltrúar þeirra flokka sem þau eru fulltrúar fyrir í efnahags- og viðskiptanefnd, enda sannfærð um að óbein eignaraðild, að hluta staðfesting á því ástandi sem nú þrífst ólöglega, sé ekki sú breyting sem íslenskur sjávarútvegur þarfnast helst og gildi þá einu hvort prósentan hentar núverandi stöðu allra fyrirtækja. Allra síst hefur þessi breyting gildi fyrir fiskvinnsluna sem ætti að vera skilgreind sem iðnaður og fá sem slík að njóta þeirra kosta sem kunna að felast í beinni eignaraðild erlendra aðila eins og annar iðnaður í landinu.

Alþingi, 19. apríl 1996.

Svanfríður Jónasdóttir, frsm. Sighvatur Björgvinsson.

844. Nefndarálit [323. mál]

um frv. til l. um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund frá menntamálaráðuneyti Þórunni Hafstein skrifstofustjóra og Hrólf Kjartansson deildarstjóra, frá fjármálaráðuneyti Leif Eysteinsson deildarstjóra, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson og Þórð Skúlason, frá Kennarasambandi Íslands Eirík Jónsson og Guðrúnu Ebbu Ólafsdóttur og frá Hinu íslenska kennarafélagi Elnu Katrínu Jónsdóttur og Birgi Björn Sigurjónsson.

Frumvarpið er flutt vegna ákvæðis 57. gr. grunnskólalaga sem samþykkt voru á 118. löggjafarþingi, en þar er kveðið á um að Alþingi skuli fyrir 1. ágúst 1996 samþykkja lög um ráðningarréttindi kennara og skólastjórnenda við grunnskóla sem tryggi þeim efnislega óbreytt ráðningarkjör hjá nýjum vinnuveitanda. Tryggir frumvarpið kennurum og skólastjórnendum grunnskóla sama rétt og samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, auk þess sem áfram eru tryggð réttindi sem kennarar og skólastjórnendur njóta samkvæmt reglugerðum nr. 410/1989 og 411/1989. Fór undirbúningur að gerð frumvarpsins fram í samvinnu við sveitarfélög og kennara.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Ólafur Örn Haraldsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Svanfríður Jónasdóttir, fulltrúi Þjóðvaka, sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk því sem fram kemur í álitinu.

Alþingi, 18. apríl 1996.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Tómas Ingi Olrich.
Sigríður Jóhannesdóttir.	Lúðvík Bergvinsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.		Árni Johnsen.

845. Frumvarp til laga [487. mál]

um breytingu á lögum nr. 9/1970, um Iðnþróunarsjóð, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:

Fyrir verkefni skv. 1.–4. tölul. 2. mgr. skal Iðnþróunarsjóður halda sérstakan afskriftareikning. Samhliða ákvörðunum um lánveitingar, ábyrgðir og hlutafjárþátttöku skal ákveða samsvarandi framlög á afskriftareikninginn. Fjárhæðirnar, sem bætt er við afskriftareikninginn, skulu í hverju tilviki samsvara þeirri áhættu sem tekin er og vera í samræmi við reglur sem ráðherra staðfestir.

b. Við bætist ný málsgrein, 4. mgr., sem orðast svo:

Stjórn sjóðsins skal gera rekstraráætlun fyrir hvert almanaksár. Skal hún miðast við að ekki sé gengið á eigið fé sjóðsins. Til verkefna skv. 1.–4. tölul. 2. mgr. má ekki verja hærri upphæð en svo að afskriftir vegna þeirra, sbr. 3. mgr., rúmist innan ramma rekstraráætlunar.

2. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Eigið fé Iðnþróunarsjóðs við gildistöku laga nr. 20/1995, um breytingu á lögum nr. 9/1970 um Iðnþróunarsjóð, telst vera stofnframlag ríkissjóðs til hans.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög nr. 9/1970 um Iðnþróunarsjóð, með síðari breytingum, falla úr gildi 31. desember 1997.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara skal stjórn sjóðsins gera rekstraráætlun sem miðast við eiginfjárstöðu sjóðsins við síðustu áramót.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 9. mars 1995 lauk gildistíma samnings milli Norðurlanda um stofnun og rekstur Iðnþróunarsjóðs. Með lögum nr. 20/1995 voru Iðnþróunarsjóði sett ný lög sem stofnun í eigu íslenska ríkisins. Jafnframt var mörkuð sú stefna að sjóðurinn legði í starfi sínu aukna áherslu á fjármögnun nýsköpunar en að hann héldi sig til hlés í hefðbundinni fjárfestingarlánastarfsemi.

Í athugasemdum við frumvarp til fyrrgreindra laga var lýst stefnumörkun þáverandi ríkisstjórnar hvað varðaði nýskipan fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna. Ætlunin var að hlutverki Iðnþróunarsjóðs yrði fundinn farvegur í þessari nýskipan. Var þess vænst við framlagningu frumvarpsins að unnt yrði að vinna hratt og því var í frumvarpinu sólarlagsákvæði þess efnis að lög um sjóðinn féllu úr gildi á miðju þessu ári. Í meðförum Alþingis var sólarlagsákvæðið fellt út en í þess stað kveðið á um að lögin skyldu endurskoðuð fyrir 1. maí 1996. Jafnframt voru settar í lögin takmarkanir sem miðuðust við að heimild sjóðsins til ráðstöfunar fjár til meginhlutverks hans, nýsköpunarverkefna, yrði uppurin um svipað leyti.

Á vegum núverandi ríkisstjórnar hefur starfi að þessari nýskipan verið haldið áfram, en með nokkuð breyttum áherslum. Markmiðið með breytingunum er að skapa fjárhagslegar traustar heildir og að afnema hina óheillavænlegu skiptingu þessara sjóða eftir atvinnugreinum.

Þess er vænst að frumvarp um nýtt fyrirkomulag sjóðamála fái afgreiðslu á komandi haustþingi og að lög taki gildi um næstu áramót. Á árinu 1997 verði unnið að tæknilegri framkvæmd nýskipaninnar, en að hinar nýju stofnanir taki til starfa í ársbyrjun 1998.

Í ljósi fyrrgreindra ákvæða í gildandi lögum um Iðnþróunarsjóð svo og þeirrar tímaáætlunar sem gerð hefur verið um arftaka sjóðsins, er nauðsynlegt að framlengja starfsemi hans enn um hríð, eða til ársloka 1997. Þess vegna er þetta frumvarp lagt fram.

Brýnt er að núverandi starfsemi Iðnþróunarsjóðs geti haldið áfram snurðulaust á meðan verið er að undirbúa og framkvæma fyrrgreindar breytingar á sjóðakerfinu.

Starfsemi Iðnþróunarsjóðs.

Stjórn Iðnþróunarsjóðs hefur gefið iðnaðarráðherra skýrslu um starfsemi sjóðsins fyrsta heila starfsár hans með nýrri skipan. Verða hér rakin nokkur meginatriði úr þessari skýrslu.

Starfssvið og starfshættir sjóðsins hafa mótast af þeim sjónarmiðum sem komu fram í athugasemdum við frumvarp að lögum nr. 20/1995. Samkvæmt lögunum hefur sjóðurinn þriggja manna stjórn en hún ákvað að kalla til fimm manna ráðgjafarnefnd til þess að móta hina nýju stefnu sjóðsins. Í nefndinni eru fulltrúar atvinnurekenda og launþega undir forustu starfsmanns iðnaðarráðuneytisins. Ljóst er að umfjöllun um umsóknir um áhættufjármögnun verður að vera af nokkuð öðrum toga en meðferð hefðbundinna lánsumsókna. Sjóðurinn hefur því lagt kapp á vandaða skoðun á umsóknum. Í þessu skyni var gerður samningur við Iðntæknistofnun bæði um tæknilegt mat á umsóknum en ekki síður um að veita umsækjendum um nýsköpunarstuðning aðstoð við skilgreiningu verkefna sinna og frágang umsóknargagna.

Í samræmi við fyrrgreind lagaákvæði hefur sjóðurinn haft til ráðstöfunar til nýsköpunarverkefna um 230 millj. kr. á starfsárinu. Viðfangsefni sjóðsins á umræddu starfsári hafa í meginatriðum verið þessi:

— *Vöruþróunarverkefni.* Gerð er krafa um að verkefnið feli í sér nýmæli í íslensku atvinnulífi, stuðli að nýmælum í útflutningi eða stuðli að hagræðingu m.a. með samstarfi eða samruna fyrirtækja. Jafnframt er krafist ásættanlegrar arðsemi og að þátttaka Iðnþróunarsjóðs valdi ekki röskun á samkeppnisstöðu. Að mestu leyti er um áhættulán að ræða en hlutafjárþátttaka kemur til greina. Ekki er krafist hefðbundinna veða en í lánssamningi eru gjarnan ákvæði um endurgreiðslu í takt við söluandvirði þess sem verkefnið gefur af sér. Lánskjör eru með þeim hætti að ofan á meðalvexti er lagt sérstakt áhættuálag. Alls hafa verið samþykkt tíu vöruþróunarverkefni og veitt til þeirra 75 millj. kr. Þar af eru 10,5 millj. kr. í formi hlutafjár og 4 millj. kr. til sérstaks verkefnis á vegum iðnaðarráðuneytisins. Afgangurinn eru áhættulán.

— *Markaðsöflun erlendis og verkefnaútflutningur.* Sjóðurinn hefur leitast við að styðja útrás íslenskra fyrirtækja í hvívetna og sett sérstakar reglur um þess háttar stuðning. Er þar m.a. kveðið á um aðstoð við samstarfsverkefni íslenskra og erlendra fyrirtækja (joint-ventures). Fimm umsóknir hafa borist um stuðning á þessu sviði og hafa fjórar þeirra þegar verið samþykktar og veitt til þeirra 51,2 millj. kr. í lánsfé auk 10 millj. kr. hlutafjár. Þá hefur sjóðurinn veitt áhættulán til sex verkefna við markaðsöflun erlendis, alls að upphæð 56,3 millj. kr., auk eins hlutafjárframlags að upphæð 5 millj. kr.

— *Erlendar fjárfestingar á Íslandi.* Þá hefur stjórn sjóðsins markað þá stefnu að sjóðurinn skuli leggja sitt af mörkum til að stuðla að erlendri fjárfestingu hér á landi. Hingað til hefur þessi viðleitni birst í stuðningi við markaðsstarf, einkum með stuðningi við Fjárfestingarskrifstofu iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta og Útflutningsráðs. Alls hefur sjóðurinn veitt 13,8 millj. kr. í styrki til verkefna á vegum þessara aðila.

Samtals hefur sjóðurinn varið 238,3 millj. kr. til nýsköpunarfjármögnunar. Þar af voru 180,7 millj. kr. í formi lána eða ábyrgða, 25,5 millj. kr. í formi hlutafjárframlags en styrkir til almennra verkefna námu alls 32,2 millj. kr. Verkefnin, sem studd hafa verið með þessum hætti, eru í ýmsum atvinnugreinum og ekki einskorðuð við iðnað.

Sjóðurinn hefur tekið upp þá vinnureglu að meta um leið og áhættufjármögnun er samþykkt líklega áhættu vegna viðkomandi verkefna og færa samsvarandi upphæð á afskriftareikning. Alls hafa um 109 millj. kr. verið lagðar á afskriftareikning vegna fyrrgreindra verkefna. Er lagt til að þessi vinnuregla verði lögfest með ákvæðum í 1. gr. þessa frumvarps.

Auk áhættufjármögnunar hefur Iðnþróunarsjóður haldið áfram umsýslu eldri lána. Hefur það í nokkrum tilvikum kallað á lánabreytingar og í einstaka tilvikum á ný lán til aðila sem hafa verið í viðskiptum við sjóðinn, alls að upphæð 78,5 millj. kr.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um heimild sjóðsins til að sinna áhættufjármögnun skv. 3. og 4. tölul. 2. mgr. 2. gr. Í stað núverandi ákvæðis, sem takmarkar þessa heimild við ákveðna upphæð, er hér lagt til að lögfest verði það verklag sem sjóðurinn hefur tekið upp við að leggja jafnharðan á afskriftareikning í samræmi við áhættu. Er þetta gert í a-lið frumvarpsgreinarinnar. Í b-lið er síðan ákvæði sem takmarkar það hve miklu fé má ráðstafa til umræddrar áhættufjármögnunar. Skal við það miðað að umrædd framlög í afskriftareikning leiði ekki til skerðingar á eigin fé sjóðsins að teknu tilliti til annarra rekstrargjalda.

Um 2. gr.

Við lok gildistíma samnings milli Norðurlanda 9. mars 1995 yfirtók íslenska ríkið eignir sjóðsins, en með lögum nr. 20/1995 lagði ríkissjóður þetta fé til Iðnþróunarsjóðs. Samkvæmt lögum nr. 48/1992, um breytingu á lögum um 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, var sú breyting gerð á lögum nr. 65/1982 að opinberir fjárfestingarlánasjóðir voru gerðir skattskyldir. Sérákvæði var þó sett í bráðabirgðaákvæði sem gerði ráð fyrir að Iðnþróunarsjóður yrði ekki skattlagður fyrr en við álagningu ársins 1995. Var sú ráðstöfun byggð á því að fyrirheit voru gefin til annarra Norðurlanda sem voru aðilar að sjóðnum um að ekki yrði af skattlagningu hans fyrr en sjóðurinn yrði að fullu kominn í eigu íslenskra aðila. Með lögum nr. 143/1995, um breytingu á lögum nr. 48/1992, var framkvæmd fyrrgreinds ákvæðis þó frestað þannig að það kæmi fyrst til framkvæmda við álagningu 1996 vegna tekna frá og með 9. mars 1995. Í ljósi breytingar á eignarhaldi sjóðsins og með vísan til fyrrgreindra forsendna þess efnis að framlög Norðurlanda og ávöxtun þeirra á gildistíma samningsins skuli ekki vera andlag skattlagningar er eðlilegt að taka af vafa um að eigið fé sjóðsins við lok samningstímans skuli skoðast sem stofnfé íslenska ríkisins og því vera frádráttarbært við ákvörðun eignarskatts, sbr. 77. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Um 3. gr.

Auk þess að kveða á um gildistöku þessa frumvarps, ef að lögum verður, er hér kveðið á um að lög um Iðnþróunarsjóð falli úr gildi í árslok 1997, enda taki þá við nýskipan í sjóðamálum.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Með bráðabirgðaákvæðinu er tekinn af hugsanlegur efi varðandi gildistíma þess fyrirkomulags sem mælt er fyrir um 1. gr.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 9/1970, um Iðnþróunarsjóð.

Gildistíma samnings Norðurlanda um stofnun og rekstur Iðnþróunarsjóðs lauk 9. mars 1995. Með lögum nr. 20/1995 voru Iðnþróunarsjoði sett lög sem stofnun í eigu íslenska ríkisins og eru þar ákvæði um að lög nr. 9/1970 skuli endurskoðuð fyrir 1. maí 1996. Á meðan unnið er að nýskipan á fyrirkomulagi fjárfestingarlánasjóða er nauðsynlegt að framlengja lagaákvæðin um Iðnþróunarsjóð og er í frumarpinu gert ráð fyrir að endurskipulagningunni verði lokið 31. desember 1997 og falli þá þessi lög úr gildi. Má segja að þetta sé meginmarkmið laganna verði frumvarpið samþykkt. Þá er að nefna að frumvarpið gerir ráð fyrir stofnun afskriftareiknings og mun það vera lögfesting á núverandi vinnureglu hjá sjóðnum. Í 2. gr. frumvarpsins er ákvæði um að eigið fé sjóðsins við gildistöku laga nr. 20/1995 skuli tekjast stofnframlag ríkissjóðs til hans. Ekki verður séð að samþykkt þessa frumvarps muni leggja sérstaklegan kostnaðarauka á ríkissjóð.

846. Svar [417. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um þungaflutninga á þjóðvegum.

1. *Hver hefur verið þróun þungaflutninga á þjóðvegum landsins sl. fimm ár? Óskað er eftir sundurliðuðum upplýsingum um flutninga á helstu leiðum eða eftir vegaflokkum eftir því sem upplýsingar liggja fyrir.*

Ekki eru til upplýsingar um þungaflutninga á þjóðvegum landsins. Á undanförnum árum hafa verið gerðar allmargar athuganir (stikkprufur) á samsetningu umferðar (skipt í „þunga bíla“ og fólksbíla). Af þeim athugunum er einungis unnt að draga takmarkaðar ályktanir um magn flutninga. Á síðasta ári var hafin viðamikil könnun á þungaflutningum á vegum, bæði hvað varðar magn og leiðir. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands annast skipulagningu og úrvinnslu könnunarinnar fyrir Vegagerðina, en starfsfólk hennar annast kannanir úti á vegum. Eins og áður sagði er hér um viðamikið og kostnaðarsamt verkefni að ræða og er ekki að vænta niðurstaðna fyrr en á næsta ári.

2. *Hvaða áhrif hafa breytingar á strandsiglingum og aðrar breytingar á sjósamgöngum og tækni á því sviði haft á flutninga á landi?*

Þær breytingar, sem að undanförnu hafa orðið á strandsiglingum með stöðugt færri viðkomuhöfnum skipa, valda auknum þungaflutningum á þjóðvegum landsins.

3. *Hvaða áhrif hafa auknir flutningar haft á slit á vegum og viðhaldsþörf?*

Aukin umferð og þá einkum þungaumferð veldur auknu sliti á vegakerfinu. Burðarlög eru víða veikburða og bundna slitlagið (klæðningin) er mjög þunnt og þolir illa þennan þunga nema burðarlög séu sterk. Af þessum ástæðum mun viðhaldsþörf aukast hratt á næstu árum.

4. *Telur ráðuneytið að umfang þungaflutninga á vegum landsins muni aukast? Ef svo er, hvaða framkvæmdir í vegamálum eru taldar nauðsynlegar til að bregðast við þeirri þróun og hver er áætlaður kostnaður við þær:*
   a. vegna þunga,
   b. vegna öryggis vegfarenda?

Líklegt er að þungaflutningar á þjóðvegakerfinu haldi áfram að aukast á næstu árum. Þetta skapar enn meiri þörf á styrkingu vega og endurbyggingu brúa sem margar hverjar þola ekki þann þunga þeirrar umferðar sem fer um vegakerfið. Með nýrri reglugerð um stærð og þyngd ökutækja hefur verið skilgreint það vegakerfi sem getur tekið við ásþunga (11,5 tonn) sem leyfður er á Evrópska efnahagssvæðinu (sjá mynd). Í reglugerðinni er gengið eins langt og frekast er unnt með það í huga að skapa íslensku atvinnulífi sem jafnasta samkeppnisstöðu gagnvart því evrópska. Þrátt fyrir það þola stórir hlutar vegakerfisins ekki umræddan þunga. Meiri þungaflutningar auka einnig þörfina á breikkun einbreiðra brúa og vega sem eru mjórri en staðlar mæla fyrir um. Ekki hefur verið reynt að meta sérstaklega kostnað sem leiðir af þessari þróun og því eru ekki tiltækar tölur þar um. Slíkt mat er miklum vandkvæðum háð, m.a. vegna þess að mikið af þessum úrbótum þjónar mörgum öðrum markmiðum í umferðarmálum.

5. *Hver er stefna ráðuneytisins um tekjuöflun til fjármögnunar framkvæmda sem telja verður fyrst og fremst tilkomnar vegna þungaflutninga?*

Af tækjum til þungaflutninga er almennt greiddur þungaskattur í formi kílómetragjalds sem fer stighækkandi með flutningsgetu tækisins. Stighækkandi kílómetragjald er að mati ráðuneytisins réttlát skattheimta þó að færa megi rök að því að gjaldið ætti að hækka örar en það gerir ef taka á tillit til aukins álags á vegina með þyngri umferð. Sama tilhögun var í mörgum nágrannalöndum okkar, en vegna áhrifa frá Evrópusambandinu hefur kílómetragjald nú verið lagt niður í öllum nálægum löndum og olíugjald tekið upp í staðinn. Til stóð einnig að taka slíkt gjald upp hér á landi um síðustu áramót en breytingunni var frestað til 1. janúar 1998.

Til lengdar verður erfitt að hafa skattheimtukerfi hér sem er verulega frábrugðið kerfi annarra Evrópulanda. Slíkt mundi leiða til ójafnrar samkeppnisstöðu og ýmissa annarra vandamála. Ef haldið verður fast við olíugjald í þessum löndum verður fljótlega að taka það upp hér á landi. Helsti gallinn við olíugjald er að það kemur enn léttar niður á þyngstu ökutækjunum en kílómetragjaldið gerir nú. Verður því um meira ósamræmi að ræða milli álags á vegina og þess afgjalds sem greitt er fyrir notkun þeirra.

Á síðustu mánuðum hefur umræða hafist á Evrópska efnahagssvæðinu um skattheimtu þungaflutninga. Hún lýtur að því að kílómetragjald sé réttlátari gjaldtaka en olíugjald og í meira samræmi við álag á vegina. Beri því að skoða ítarlega hvort það skuli tekið upp á svæðinu. Verði það ofan á mun væntanlega lögð áhersla á framfarir í tækjabúnaði og vinnuaðferðum við eftirlit til að gera skattheimtuna skilvirkari og réttlátari en hún er nú.

Slík þróun væri að mörgu leyti æskileg. Með því móti yrði best tryggt samræmi milli nota og afgjalds. Sérstök skattlagning á þungaflutninga hér á landi umfram það sem gerist í Evrópu getur ekki gengið til frambúðar.


Vegir sem leyft er að aka með ásþunga
skv. reglug. um stærð og þyngd ökutækja, viðauka 1.
Vegir með ásþunga samkv reglum um stærð og þyngd ökutækja, viðauka 1.
Brýr sem ekki þola aukinn umferðarþunga
Reykjavík
Keflavík
Akranes
Borgarnes
Ísafjörður
Bíldudalur
Patreksfjörður
Hólmavík
Hvammstangi
Blönduós
Skagaströnd
Sauðárkrókur
Siglufjörður
Ólafsfjörður
Dalvík
Grenivík
Akureyri
Húsavík
Kópasker
Raufarhöfn
Þórshöfn
Svalbarðseyri
Egilsstaðir
Reyðarfjörður
Eskifjörður
Seyðisfjörður
Djúpivogur
Höfn
Fjallsá
Hvolsvöllur
Hella
Selfoss
Þorlákshöfn
Grindavík
Sandgerði
Garður
Njarðvík
Vogar
Hafnir
Vatnsleysa
Sigalda
Laugarvatn
Flúðir
Kjalvegur
Kirkjubæjarklaustur
Höfðabrekkuheiði
Mýrdalssandur
Skeiðarársandur
Hringvegur
Hringvegur

847. Fyrirspurn [488. mál]

til utanríkisráðherra um aðstoð við Bosníu.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

Til hvaða verkefna hyggst ríkisstjórnin verja þeim 110 millj. kr. sem ákveðið hefur verið að veita til uppbyggingar í Bosníu?

Skriflegt svar óskast.

848. Fyrirspurn [489. mál]

til utanríkisráðherra um aðstoð til sjálfsstjórnarsvæða Palestínumanna í Ísrael.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

Til hvaða verkefna var þeim 92 millj. kr. varið sem veitt var til uppbyggingar á sjálfsstjórnarsvæðum Palestínumanna í Ísrael? Hvenær hófust þessi verkefni og hverjir höfðu þau með höndum?

Skriflegt svar óskast.

849. Fyrirspurn [490. mál]

til forsætisráðherra um þróun kaupmáttar launa.

Frá Árna M. Mathiesen.

1. Hvernig var þróun kaupmáttar launa árin 1989–1995?
2. Hvernig er áætlað að þróunin verði árið 1996?

850. Tillaga til þingsályktunar [491. mál]

um staðfestingu viðbótarbókunar við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og lýðveldisins Íslands.

(Lögð fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd viðbótarbókun við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og lýðveldisins Íslands í kjölfar aðildar lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar að Evrópusambandinu sem gerð var í Brussel 26. janúar 1996.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á viðbótarbókun við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og lýðveldisins Íslands í kjölfar aðildar lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar að Evrópusambandinu sem gerð var í Brussel 26. janúar 1996. Bókunin er prentuð sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari.

Um er að ræða viðbótarbókun við fríverslunarsamning Efnahagsbandalags Evrópu og Íslands frá 22. júlí 1972 og er hún gerð í kjölfar aðildar EFTA-ríkjanna Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar að Evrópusambandinu 1. janúar 1995 og uppsagnar þeirra á EFTA-samningnum. Með bókuninni eru gerðar nauðsynlegar breytingar á fyrirkomulagi viðskipta með sjávarafurðir milli Íslands og bandalagsins til að viðhalda viðskiptum með sjávarafurðir milli Íslands annars vegar og hinna nýju aðildarríkja hins vegar.

Samningaviðræður Íslands og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, sem hófust í byrjun mars 1995 og lauk í lok október sama ár, snerust fyrst og fremst um tollfrjálsan innflutningskvóta fyrir síldarafurðir, enda hafa Finnland og Svíþjóð um langt skeið verið einn mikilvægasti markaður Íslendinga fyrir saltaðar síldarafurðir.

Í bókuninni er kveðið á um sex tollfrjálsa innflutningskvóta fyrir sjávarafurðir, sbr. 2. gr. bókunarinnar og viðauka við hana. Var við samningsgerðina miðað við meðalinnflutning frá Íslandi til ríkjanna þriggja á árunum 1992–1994. Mestu skipta 1.750 lesta árlegur innflutningskvóti fyrir heila hausskorna saltsíld og 2.400 lesta árlegur kvóti fyrir krydd- og edikverkaðar síldarafurðir. Innflutningskvótarnir eru ekki bundnir við Austurríki, Finnland og Svíþjóð heldur ná þeir til innflutnings til allra aðildarríkja Evrópusambandsins.

Bókunin öðlast gildi á fyrsta degi eftir að samningsaðilar hafa tilkynnt hvor öðrum um staðfestingu þeirra á bókuninni í samræmi við þeirra eigin málsmeðferð. Bókuninni skal beitt frá og með 1. janúar 1995 og verða því álagðir tollar frá þeim tíma fram að gildistöku samningsins endurgreiddir til innflytjenda þeirra afurða sem bókunin nær til.

Fylgiskjal.

VIÐBÓTARBÓKUN VIÐ SAMNINGINN MILLI EFNAHAGSBANDALAGS EVRÓPU OG LÝÐVELDISINS ÍSLANDS Í KJÖLFAR AÐILDAR LÝÐVELDISINS AUSTURRÍKIS, LÝÐVELDISINS FINNLANDS OG KONUNGSRÍKISINS SVÍÞJÓÐAR AÐ EVRÓPUSAMBANDINU

EVRÓPUBANDALAGIÐ

annars vegar og

LÝÐVELDIÐ ÍSLAND

hins vegar

HAFA HLIÐSJÓN AF samningnum milli Efnahagsbandalags Evrópu og lýðveldisins Íslands sem var undirritaður í Brussel 22. júlí 1972, hér eftir nefndur „samningurinn“,

HAFA HLIÐSJÓN AF aðild lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar að Evrópusambandinu 1. janúar 1995,

TELJA að til að viðhalda viðskiptum milli Íslands annars vegar og hinna nýju aðildarríkja hins vegar sé nauðsynlegt að gera breytingar á fyrirkomulagi viðskipta með sjávarafurðir milli Íslands og bandalagsins,

OG HAFA ÁKVEÐIÐ með almennu samkomulagi að aðlaga samninginn aðild lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar að Evrópusambandinu OG AÐ GERA MEÐ SÉR SVOHLJÓÐANDI BÓKUN:

1. gr.

Texti samningsins, viðaukanna og bókananna, sem eru óaðskiljanlegur hluti hans, lokabókunarinnar og yfirlýsinganna, sem fylgja honum, skal gerður á finnsku og sænsku og skulu þessir textar jafngildir upprunalegu textunum. Sameiginlega nefndin skal samþykkja finnska og sænska textann.

2. gr.

Sérákvæðin, sem gilda um innflutning til bandalagsins á tilteknum sjávarafurðum upprunnum á Íslandi, eru í viðaukanum við þessa bókun.

3. gr.

Viðaukinn við þessa bókun er óaðskiljanlegur hluti hennar. Bókun þessi er óaðskiljanlegur hluti samningsins.

4. gr.

Bókun þessi skal samþykkt af samningsaðilunum í samræmi við þeirra eigin málsmeðferð. Hún öðlast gildi 1. desember 1995 að því tilskildu að samningsaðilar hafi tilkynnt hvor öðrum fyrir þann dag að nauðsynlegri málsmeðferð þar að lútandi sé lokið. Eftir þann dag öðlast bókunin gildi á fyrsta degi eftir slíka tilkynningu. Henni skal beitt frá og með 1. janúar 1995.

5. gr.

Bókun þessi er gerð í tvíriti á dönsku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, portúgölsku, spænsku, sænsku og þýsku og eru allir þessir textar jafngildir.

Gjört í Brussel hinn 25. janúar 1996.

VIÐAUKI

SKRÁ YFIR VÖRUR SEM VÍSAÐ ER TIL Í 2. GR.
(Vörur upprunnar á Íslandi sem bandalagið heimilar innflutningskvóta á.)

	ST-NÚMER	VÖRULÝSING	KVÓTI (tonn)
1	0302 12 00	Lax, nýr eða kældur	50
	0302 10 13	Laxaflök, ný eða kæld	
	0304 20 13	Laxaflök, fryst	
2	0302 23 00	Sólflúra, ný eða kæld	250
	0302 29 10	Stórkjafta, ný eða kæld	
	0302 29 90	Annar flatfiskur, nýr eða kældur	
	0302 69 85	Kolmunni, nýr eða kældur	
	0303 32 00	Skarkoli, frystur	
	0303 79 96	Annar sjávarfiskur, frystur	
	0304 10 19	Flök af öðrum ferskvatnsfiski, ný eða kæld	
	0304 10 33	Ufsaflök, ný eða kæld	
	0304 10 35	Karfaflök, ný eða kæld	
	úr 0304 10 38	Flök af öðrum sjávarfiski, þó ekki af síld og makríl, ný eða kæld	
	0304 10 98	Kjöt af öðrum sjávarfiski, nýtt eða kælt	
	0304 20 19	Flök af öðrum ferskvatnsfiski, fryst	

	ST-NÚMER	VÖRULÝSING	KVÓTI (tonn)
	0304 90 35	Fryst kjöt af þorski af tegundinni *Gadus macrocephalus*	
	0304 90 38	Fryst kjöt af þorski af tegundinni *Gadus morhua*	
	0304 90 39	Fryst kjöt af tegundinni *Gadus ogac* og af fiski af tegundinni *Boreogadus saida*	
	0304 90 41	Fryst kjöt af ufsa	
	0304 90 47	Fryst kjöt af lýsingi af tegundinni *Merluccius*	
	0304 90 59	Fryst kjöt af kolmunna	
	úr 0304 90 97	Fryst kjöt af öðrum sjávarfiski, þó ekki af makríl	
3	0305 61 00	Síld, söltuð en ekki þurrkuð eða reykt, og síld í saltlegi	1750
4	0306 19 30	Leturhumar, frystur	50
5	1604 12 91	Önnur síld, unnin eða varin skemmdum, í loftþéttum ílátum	2400
	1604 12 99	Önnur síld, unnin eða varin skemmdum, annað	
6	1604 19 98	Annar fiskur, unninn eða varinn skemmdum, heill eða í hlutum	50
	úr 1604 20 90	Kjöt af öðrum fiski, unnið eða varið skemmdum, þó ekki af síld eða makríl	

Þessir innflutningskvótar gilda frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Heimil er frjáls dreifing innflutningsvöru, sem er upprunnin á Íslandi, til bandalagsins með 0% innflutningstolli, í því magni sem tilgreint er fyrir hvern vöruflokk.

851. Frumvarp til laga [492. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum sem gerður var í Strassborg 25. janúar 1988 og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Þegar samningur sá er um ræðir í 1. gr. hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum.

INNGANGSORÐ

Aðildarríki Evrópuráðsins og aðildarlönd Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunarinnar (OECD), sem undirritað hafa samning þennan,

líta svo á að sú þróun sem orðið hefur í tilflutningi fólks, fjármagns, varnings og þjónustu milli landa — þótt hún sé í sjálfu sér mjög til góðs — hafi aukið möguleika á að sniðganga skatta og draga undan skatti og því sé þörf aukinnar samvinnu skattyfirvalda;

CONVENTION
on Mutual Administrative Assistance in Tax Matters

PREAMBLE

The member states of the Council of Europe and the Member countries of the Organisation for Economic Co-operation and Development (OECD), signatories of this Convention,

Considering that the development of international movement of persons, capital, goods and services — although highly beneficial in itself — has increased the possibilities of tax avoidance and evasion and therefore requires increasing co-operation among tax authorities;

fagna hinum ýmsu aðgerðum sem gripið hefur verið til á síðari árum meðal þjóða, bæði tvíhliða og marghliða, til að hamla gegn því að skattar séu sniðgengnir og dregið sé undan skatti á alþjóðavettvangi;

telja samræmdar aðgerðir ríkja nauðsynlegar til að stuðla að hvers kyns stjórnsýsluaðstoð í málum sem varða skatta af öllu tagi, um leið og réttindum skattgreiðenda er tryggð fullnægjandi vernd;

viðurkenna að alþjóðleg samvinna geti haft mikilvægu hlutverki að gegna í því að auðvelda réttar ákvarðanir um skattskyldu og stuðla að því að tryggja réttindi skattgreiðenda;

telja að viðurkenna beri að grundvallarreglur um að hver maður eigi rétt á að réttindi hans og skyldur séu ákvörðuð í samræmi við viðeigandi réttarfarsreglur skuli gilda um skattamálefni í öllum ríkjum og að ríkjum beri að leitast við að vernda réttmæta hagsmuni skattgreiðenda, þar á meðal með viðeigandi vernd gegn mismunun og tvísköttun;

eru því ákveðið þeirrar skoðunar að ríki skuli ekki gera ráðstafanir eða veita upplýsingar nema í samræmi við lög sín og framkvæmdavenjur, með hliðsjón af nauðsyn þess að vernda upplýsingaleynd og með tilliti til alþjóðasamninga um friðhelgi einkalífsins og streymi persónulegra upplýsinga;

óska að gera með sér samning um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum;

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

I. KAFLI
Gildissvið samningsins.

1. gr.

Markmið samningsins og aðilar sem hann tekur til.

1. Aðildarríki skulu veita hvert öðru stjórnsýsluaðstoð í skattamálum, sbr. þó ákvæði IV. kafla. Slík aðstoð getur, þar sem það á við, falið í sér ráðstafanir handhafa dómsvalds.

Welcoming the various efforts made in recent years to combat tax avoidance and tax evasion on an international level, whether bilaterally or multilaterally;

Considering that a co-ordinated effort between States is necessary in order to foster all forms of administrative assistance in matters concerning taxes of any kind whilst at the same time ensuring adequate protection of the rights of taxpayers;

Recognising that international co-operation can play an important part in facilitating the proper determination of tax liabilities and in helping the taxpayer to secure his rights;

Considering that fundamental principles entitling every person to have his rights and obligations determined in accordance with a proper legal procedure should be recognised as applying to tax matters in all States and that States should endeavour to protect the legitimate interests of taxpayers, including appropriate protection against discrimination and double taxation;

Convinced therefore that States should not carry out measures or supply information except in conformity with their domestic law and practice, having regard to the necessity of protecting the confidentiality of information, and taking account of international instruments for the protection of privacy and flows of personal data;

Desiring to conclude a convention on mutual administrative assistance in tax matters;

Have agreed as follows:

CHAPTER I
Scope of the Convention

Article 1

Object of the Convention and persons covered

1. The Parties shall, subject to the provisions of Chapter IV, provide administrative assistance to each other in tax matters. Such assistance may involve, where appropriate, measures taken by judicial bodies.

2. Í slíkri stjórnsýsluaðstoð skal felast:

a. skipti á upplýsingum, þar á meðal skattrannsóknir sem fram fara samtímis og þátttaka í skattrannsóknum erlendis;

b. aðstoð við heimtu, þar með taldar tryggingarráðstafanir; og

c. birting skjala.

3. Aðildarríki skal veita stjórnsýsluaðstoð hvort sem sá aðili, sem í hlut á, er heimilisfastur eða hefur ríkisfang í aðildarríki eða í einhverju öðru ríki.

2. Such administrative assistance shall comprise:

a. exchange of information, including simultaneous tax examinations and participation in tax examinations abroad;

b. assistance in recovery, including measures of conservancy; and

c. service of documents.

3. A Party shall provide administrative assistance whether the person affected is a resident or national of a Party or of any other State.

2. gr.

Skattar sem samningurinn tekur til.

1. Samningur þessi tekur til:

a. eftirtalinna skatta:

i. skatta á tekjur og hagnað,

ii. skatta á ágóða af eignum sem lagðir eru á óháð sköttum á tekjur eða hagnað,

iii. skatta á hreina eign,

sem lagðir eru á af hálfu aðildarríkis; og

b. eftirtalinna skatta:

i. skatta á tekjur, hagnað, ágóða af eignum eða hreina eign sem lagðir eru á af hálfu sjálfstjórnarhéraða eða sveitarstjórna aðildarríkis,

ii. skyldubundinna almannatryggingagjalda sem greiða ber hinu opinbera eða almannatryggingastofnunum sem komið hefur verið á fót samkvæmt opinberum rétti, og

iii. annarra flokka skatta, nema tolla, sem lagðir hafa verið á af hálfu aðildarríkis, þ.e:

A. skatta á bú, erfðafé eða gjafir,

B. skatta á fasteignir,

C. almennra neysluskatta, svo sem virðisaukaskatts eða söluskatts,

D. sérskatta á vörur og þjónustu, svo sem vörugjalda,

E. skatta á notkun eða eignarrétt á vélknúnum ökutækjum,

F. skatta á notkun eða eignarrétt á lausafé öðru en vélknúnum ökutækjum,

G. allra annarra skatta;

iv. skatta í flokkum þeim sem greinir í iii-lið hér að framan sem lagðir eru á af hálfu

Article 2

Taxes covered

1. This Convention shall apply:

a. to the following taxes:

i. taxes on income or profits,

ii. taxes on capital gains which are imposed separately from the tax on income or profits,

iii. taxes on net wealth,

imposed on behalf of a party; and

b. to the following taxes:

i. taxes on income, profits, capital gains or net wealth which are imposed on behalf of political subdivisions or local authorities of a Party,

ii. compulsory social security contributions payable to general government or to social security institutions established under public law, and

iii. taxes in other categories, except customs duties, imposed on behalf of a Party, namely:

A. estate, inheritance or gift taxes,

B. taxes on immovable property,

C. general consumption taxes, such as value-added or sales taxes,

D. specific taxes on goods and services such as excise taxes,

E. taxes on the use or ownership of motor vehicles,

F. taxes on the use or ownership of movable property other than motor vehicles,

G. any other taxes;

iv. taxes in categories referred to in sub-paragraph (iii) above which are imposed on

sjálfstjórnarhéraða eða sveitarstjórna aðildarríkis.

2. Gildandi skattar, sem samningur þessi tekur til, eru skráðir í viðauka A eftir þeim flokkum sem í 1. mgr. greinir.

3. Samningsaðilar skulu tilkynna aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins eða aðalframkvæmdastjóra OECD (sem hér eftir eru nefndir „vörsluaðilar“) um hverja þá breytingu sem gera ber á viðauka A vegna breytingar á skrá þeirri sem í 2. mgr. greinir. Slík breyting skal öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er vörsluaðili tekur við slíkri tilkynningu.

4. Samningur þessi skal frá gildistöku hans einnig taka til allra skatta sömu eða svipaðrar tegundar sem lagðir eru á í samningsríki eftir að samningurinn öðlast gildi gagnvart því aðildarríki til viðbótar við eða í staðinn fyrir þá skatta sem þegar hafa verið skráðir í viðauka A, og skal viðkomandi aðildarríki í slíkum tilvikum tilkynna öðrum hvorum vörsluaðilanum um skatt þann sem um ræðir.

behalf of political sub-divisions or local authorities of a Party.

2. The existing taxes to which the Convention shall apply are listed in Annex A in the categories referred to in paragraph 1.

3. The Parties shall notify the Secretary General of the Council of Europe or the Secretary General of OECD (hereinafter referred to as the "Depositaries") of any change to be made to Annex A as a result of a modification of the list mentioned in paragraph 2. Such change shall take effect on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of such notification by the Depositary.

4. The Convention shall also apply, as from their adoption, to any identical or substantially similar taxes which are imposed in a Contracting State after the entry into force of the Convention in respect of that Party in addition to or in place of the existing taxes listed in Annex A and, in that event, the Party concerned shall notify one of the Depositaries of the adoption of the tax in question.

II. KAFLI
Almennar skilgreiningar.

3. gr.
Skilgreiningar.

1. Í samningi þessum hafa neðangreind hugtök eftirfarandi merkingu nema annað leiði af samhenginu:

a. hugtakið „beiðniríki“ merkir hvert það aðildarríki sem óskar stjórnsýsluaðstoðar í skattamáli og hugtakið „aðstoðarríki“ merkir hvert það aðildarríki sem beðið er að veita slíka aðstoð;

b. hugtakið „skattur“ merkir hvern þann skatt eða almannatryggingagjald sem samningur þessi tekur til skv. 2. gr.;

c. hugtakið „skattkrafa“ merkir hverja þá skattfjárhæð sem gjaldfallin er og ógreidd, ásamt vöxtum af henni, tilheyrandi stjórnsýslusektum og heimtukostnaði;

d. hugtakið „bær stjórnvöld“ merkir aðila þá og stjórnvöld sem skráð eru í viðauka B;

e. hugtakið „ríkisborgari“ merkir, er það lýtur að aðildarríki:

i. alla þá menn sem hafa ríkisfang í því aðildarríki og

CHAPTER II
General definitions

Article 3
Definitions

1. For the purposes of this Convention, unless the context otherwise requires:

a. the terms "applicant State" and "requested State" mean respectively any Party applying for administrative assistance in tax matters and any Party requested to provide such assistance;

b. the term "tax" means any tax or social security contribution to which the Convention applies pursuant to Article 2;

c. the term "tax claim" means any amount of tax, as well as interest thereon, related administrative fines and costs incidental to recovery, which are owed and not yet paid;

d. the term "competent authority" means the persons and authorities listed in Annex B;

e. the term "nationals", in relation to a Party, means:

i. all individuals possessing the nationality of that Party, and

ii. alla lögaðila, sameignarfélög, samtök og aðra aðila sem byggja réttarstöðu sína sem slíkir á gildandi lögum þess aðildarríkis.

Að því er varðar hvert það aðildarríki, sem gefið hefur yfirlýsingu um það, skulu framangreind hugtök hafa þá merkingu sem skilgreind er í viðauka C.

2. Hvað snertir beitingu aðildarríkis á samningi þessum skal hvert það hugtak, sem ekki er þar skilgreint, hafa þá merkingu sem það hefur samkvæmt lögum þess aðildarríkis um þá skatta sem samningur þessi tekur til nema annað leiði af samhenginu.

3. Aðildarríki skulu tilkynna öðrum hvorum vörsluaðilanum um hverja þá breytingu sem gera ber á viðaukum B og C. Skal slík breyting öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er viðkomandi vörsluaðili tekur við slíkri tilkynningu.

III. KAFLI

Eðli aðstoðar.

I. hluti.

Upplýsingaskipti.

4. gr.

Almenn ákvæði.

1. Aðildarríki skulu skiptast á öllum upplýsingum, einkum þeim sem kveðið er á um í þessum hluta, sem fyrirsjáanlega skipta máli varðandi:

a. álagningu og innheimtu skatta, og heimtu og fullnustu skattkrafna, og

b. málsókn fyrir stjórnvaldi eða höfðun máls fyrir dómi.

Ekki skal skipst á upplýsingum samkvæmt samningi þessum sem ólíklegt er að skipti máli í þessum tilgangi.

2. Aðildarríki má aðeins nota upplýsingar sem fengnar eru samkvæmt samningi þessum sem sönnunargagn í sakamáli ef aðildarríki það sem upplýsingarnar veitti hefur áður heimilað það. Þó geta tvö eða fleiri aðildarríki gert með sér gagnkvæmt samkomulag um að falla frá skilyrðinu um áður veitta heimild.

3. Sérhvert aðildarríki getur í yfirlýsingu til annars hvors vörsluaðilans skýrt frá því að samkvæmt landslögum sé stjórnvöldum þess heimilt að láta mann, sem heimilisfastur er þar í landi eða hefur þar

ii. all legal persons, partnerships, associations and other entities deriving their status as such from the laws in force in that Party.

For each Party that has made a declaration for that purpose, the terms used above will be understood as defined in Annex C.

2. As regards the application of the Convention by a Party, any term not defined therein shall, unless the context otherwise requires, have the meaning which it has under the law of that Party concerning the taxes covered by the Convention.

3. The Parties shall notify one of the Depositaries of any change to be made to Annexes B and C. Such change shall take effect on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of such notification by the Depositary in question.

CHAPTER III

Forms of assistance

Section I

Exchange of information

Article 4

General provision

1. The Parties shall exchange any information, in particular as provided in this Section, that is foreseeably relevant to:

a. the assessment and collection of tax, and the recovery and enforcement of tax claims, and

b. the prosecution before an administrative authority or the initiation of prosecution before a judicial body.

Information which is unlikely to be relevant to these purposes shall not be exchanged under this Convention.

2. A Party may use information obtained under this Convention as evidence before a criminal court only if prior authorisation has been given by the Party which has supplied the information. However, any two or more Parties may mutually agree to waive the condition of prior authorisation.

3. Any Party may, by a declaration addressed to one of the Depositaries, indicate that, according to its internal legislation, its authorities may inform its resident or national before transmitting information

ríkisfang, vita áður en upplýsingar, sem hann varða, eru veittar skv. 5. og 7. gr.

5. gr.

Skipti á upplýsingum samkvæmt beiðni.

1. Að ósk beiðniríkis skal aðstoðarríki veita beiðniríkinu allar þær upplýsingar sem getið er um í 4. gr. og varða ákveðna aðila eða lögskipti.

2. Nú nægja upplýsingar í skattskrám aðstoðarríkisins ekki til þess að það geti orðið við beiðni um upplýsingar og skal það þá gera allar viðeigandi ráðstafanir til að veita beiðniríkinu þær upplýsingar sem óskað er.

6. gr.

Sjálfkrafa upplýsingaskipti.

Tvö eða fleiri aðildarríki skulu, innan þeirra málaflokka og samkvæmt þeim starfsháttum sem þau skulu koma sér saman um, skiptast sjálfkrafa á upplýsingum sem getið er í 4. gr.

7. gr.

Skipti á upplýsingum án beiðni.

1. Við eftirfarandi aðstæður skal aðildarríki veita öðru aðildarríki upplýsingar sem það hefur vitneskju um án undanfarandi beiðni:

a. ef fyrrnefnda aðildarríkið hefur ástæðu til að ætla að hitt aðildarríkið kunni að verða fyrir skattatapi;

b. ef skattskyldur aðili fær lækkun eða undanþágu frá skatti í fyrrnefnda aðildarríkinu sem leiða mundi til skattahækkunar eða skattskyldu í hinu aðildarríkinu;

ii. sérhvern lögaðila, sameignarfélag eða samtök sem byggja réttarstöðu sína sem slík á gildandi íslenskum lögum.

ANNEX C
Definition of the word "national" for the purpose of the Convention
(Paragraph 1 (e) of Article 3 of the Convention)

Iceland

The term "national" means:
i. any individual possessing Icelandic nationality;
ii. any legal person, partnership or association deriving its status as such from Icelandic law in force.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er leitað heimildar fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum milli aðildarríkja Evrópuráðsins og aðildarlanda Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunarinnar (OECD) sem gerður var í Strassborg 25. janúar 1988. Frumvarpið gerir ráð fyrir að samningnum verði veitt lagagildi hér á landi þegar hann hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með frumvarpinu.

Tilgangur samningsins er að auka alþjóðlegt samstarf á sviði skattamála, að bæta skattheimtu og jafnframt að bæta réttaröryggi skattgreiðenda. Samningnum er ætlað að vera tæki sem beita má gegn skattsvikum þar sem aðilum samningsins er gert kleift að miðla upplýsingum sín á milli um beina og óbeina skattheimtu og um leið að veita gagnkvæma aðstoð til tryggingar og við innheimtu skattkrafna.

Samningnum er ætlað að koma til viðbótar öðrum alþjóðasamningum um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum. Honum svipar til samnings milli Norðurlandanna frá 7. desember 1989 um aðstoð í skattamálum sem staðfestur var af Íslands hálfu samkvæmt heimild í lögum nr. 46/1990, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda, nr. 16/1990.

Samningurinn um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum er alls 32 greinar ásamt viðaukum A, B og C.

Athugasemdir við einstaka kafla samningsins.

Um I. kafla.

Í 1. og 2. mgr. 1. gr. samningsins kemur fram sá tilgangur samningsins að veita gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum, m.a. með miðlun upplýsinga, tryggingarráðstöfunum og innheimtu skattkrafna. Gagnkvæm stjórnsýsluaðstoð felur í sér samvinnu stjórnvalda milli landa um gagnkvæma innheimtu skatta en tekur ekki til refsiréttarlegra þvingunarúrræða dómstóla né ákæruvalds.

Í 2. gr. eru taldir upp þeir skattar sem samningurinn tekur til. Orðið „skattur" er í samningnum notað til einföldunar sem heildarhugtak yfir opinber gjöld.

Um II. kafla.

Í 3. gr. samningsins eru skilgreiningar á þeim hugtökum sem notuð eru í samningnum. Hugtökin eru í grófum dráttum þau sömu og notuð eru í öðrum samningum um skattamál.

Um III. kafla.

Í þessum kafla er lýst formi þeirrar aðstoðar sem samningurinn nær til. Kaflinn skiptist í þrjá hluta. I. hluti, 4.–10. gr., fjallar um skipti á upplýsingum, II. hluti, 11.–16. gr., fjallar um heimtu skattkrafna og III. hluti, 17. gr., fjallar um birtingu skjala.

Í 4. gr. eru almennar reglur um það hvers konar upplýsingar skuli gefnar. Um er að ræða upplýsingar varðandi álagningu og innheimtu skatta, upplýsingar um heimtu og fullnustu skattkrafna og upplýsingar um málshöfðun. Í 2. mgr. er almennt ákvæði sem leggur bann við notkun upplýsinga nema að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

5. gr. fjallar um skipti á upplýsingum samkvæmt beiðni aðildarríkis.

6. gr. hefur að geyma ákvæði um upplýsingaskipti sem fram fara sjálfkrafa, þ.e. þegar tvö eða fleiri aðildarríki skiptast sjálfkrafa á upplýsingum á grundvelli samkomulags.

7. gr. fjallar um skipti á upplýsingum án beiðni. Koma þau til álita þegar aðstæður eru eins og í 7. gr. segir, svo sem þegar eitt aðildarríki hefur ástæðu til að ætla að annað aðildarríki verði fyrir skattatapi.

Í 8. gr. er ákvæði um skattrannsóknir sem fram fara samtímis í tveimur eða fleiri löndum. Tilgangurinn með slíkri upplýsingamiðlun er að veita eins greinargóðar upplýsingar og unnt er um skattaleg málefni þeirra aðila sem sæta rannsókn er þýðingu hafa fyrir hagsmuni aðildarríkja.

9. gr. kveður á um skattrannsóknir erlendis, hvernig formi og meðferð skuli háttað og um viðbrögð aðstoðarríkis.

Samkvæmt 10. gr. skal stjórnvald aðildarríkis, sem berast upplýsingar frá öðru aðildarríki sem ekki eru í samræmi við þær upplýsingar sem fyrir liggja, gera stjórnvaldi síðarnefnda ríkisins viðvart um þetta misræmi.

11. gr. varðar gagnkvæma heimtuaðstoð aðildarríkja en hún er háð þeim takmörkunum sem í 14. og 15. gr. getur.

Samkvæmt 12. gr. er aðildarríki að beiðni annars aðildarríkis skylt að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar teljast til að tryggja heimtu skattkröfu. Getur það m.a. falist í því að gera kröfu um fjárnám í eigum skattgreiðanda samkvæmt reglum skattalaga.

Í 13. gr. eru talin upp þau skjöl er fylgja skulu beiðni um skattaaðstoð.

Í 14. gr. er kveðið á um þær fyrningarreglur sem gilda við heimtu skattkrafna. Er meginreglan sú að um fyrningu slíkra krafna skuli gilda reglur þess ríkis sem biður um aðstoðina. Í 2. mgr. er sérregla um það hvernig með skuli fara er fyrningarfrestur er rofinn. Samkvæmt 3. mgr. er fortakslaus fyrningarfrestur 15 ár frá og með dagsetningu þess skjals sem heimilar fullnustu skattkröfunnar.

15. gr. kveður á um að skattkrafa skuli ekki njóta sérstaks forgangs í aðstoðarríkinu þó að svipaðar innlendar skattkröfur njóti hans.

Í 16. gr. er að finna heimild til að veita greiðslufrest í samræmi við lög og venjur aðstoðarríkis.

17. gr. varðar birtingu skjala sem snerta m.a. heimtu skattkrafna.

Um IV. kafla.

Í IV. kafla er að finna ákvæði sem gilda um öll form aðstoðar.

Í 18. gr. er nánar lýst í hverju upplýsingaskylda þess ríkis, sem beiðist aðstoðar, er fólgin.

19. gr. takmarkar þann rétt sem aðildarríki hafa til að óska aðstoðar. Það ríki, sem biður um aðstoð, verður að hafa neytt allra tiltækra úrræða innan lands áður en það óskar aðstoðar.

20. gr. varðar skyldu þess ríkis, sem aðstoð veitir, til að upplýsa það ríki, sem biður um aðstoð, um framvindu mála.

Í 21. gr. eru ákvæði um persónuvernd og takmarkanir skyldu til að veita aðstoð og í 22. gr. er mælt fyrir um upplýsingaleynd.

23. gr. kveður á um meðferð kærumála.

Um V. kafla.

Í þessum kafla eru sérákvæði er varða framkvæmd samningsins.

Í 24. gr. er að finna þær reglur sem gilda skulu við framkvæmd samningsins og um það hvernig stjórnvöld eigi að haga lausn ágreiningsmála.

Í 25. gr. er mælt fyrir um á hvaða tungumáli hin gagnkvæma aðstoð í skattamálum skuli fara fram.

26. gr. geymir ákvæði um skiptingu kostnaðar af aðstoð.

Um VI. kafla.

Í VI. kafla eru lokaákvæði samningsins.

Í 27. gr. eru ákvæði sem eiga að koma í veg fyrir að samningurinn hindri eða takmarki á nokkurn hátt aðra alþjóðasamninga um aðstoð í skattamálum. Þetta hefur þýðingu að því er Ísland varðar þar sem hinn norræni samningur um gagnkvæma skattaaðstoð er mun víðtækari en þessi samningur.

Í 28. gr. er fjallað um undirritun og gildistöku samningsins.

29. gr. fjallar um þau landsvæði sem samningurinn nær til og kemur fram í 1. mgr. að það er í höndum hvers ríkis fyrir sig að tilgreina þau landsvæði sem samningurinn á að ná til. Gert er ráð fyrir því að við afhendingu fullgildingarskjals af Íslands hálfu verði gefin svohljóðandi yfirlýsing: „Að því er Ísland varðar skal samningurinn um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum taka til landsvæðis lýðveldisins Íslands, þar með talið sérhvert það svæði sem liggur að íslenskri landhelgi þar sem Ísland hefur, samkvæmt íslenskum lögum og í samræmi við þjóðarétt, fullveldisréttindi að því er varðar rannsóknir og hagnýtingu náttúruauðlinda hafsbotnsins og botnlaga hans."

Í 30. gr. eru greindir þeir fyrirvarar sem gera má við samning þennan og er sú upptalning tæmandi.

31. gr. hefur að geyma uppsagnarákvæði.

Í 32. gr. samningsins er fjallað um vörsluaðila og störf þeirra.

Í viðaukum A, B og C er að finna upptalningu á þeim sköttum sem í gildi eru á Íslandi og samningurinn tekur til og skilgreiningar af Íslands hálfu á hugtökunum „bært stjórnvald" og „ríkisborgari".

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum.

Með samningi þeim sem hér er lagt til að verði fullgiltur er stigið skref til umbóta í skattamálum fyrir allt skatteftirlit. Með samningnum verður íslenskum stjórnvöldum gert kleift að skiptast á upplýsingum við stjórnvöld annarra landa á sviði skattrannsókna og skatteftirlits, fá og veita aðstoð við heimtu skatta og við birtingu skjala.

Samþykkt þessa samnings mun þýða einhverja aukna vinnu fyrir embætti ríkisskattstjóra og fjármálaráðuneytið. Ekki er þó gert ráð fyrir að auka þurfi við fjárveitingar úr ríkissjóði af þessum sökum. Hins vegar mun samningurinn koma að miklu gagni við eftirlit með fjölþjóðafyrirtækjum, íslenskum sem erlendum, sem eru með starfsemi hér á landi.

852. Frumvarp til laga [493. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd Norðurlandasamning um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd Norðurlandasamning um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu sem gerður var í Arendal 14. júní 1994 og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Þegar samningur sá er um ræðir í 1. gr. hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

NORÐURLANDASAMNINGUR
um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu.

Ríkisstjórnir Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar,

sem veita því athygli að Norðurlandasamningurinn um almannatryggingar frá 15. júní 1992 á aðeins við um almannatryggingabætur, en það er breyting frá því sem var í fyrri Norðurlandasamningi um félagslegt öryggi sem fól einnig í sér félagslega aðstoð,

sem álíta að auk réttar til félagslegra úrræða sem felast í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið frá 2. maí 1992 sé enn þörf á sérstökum norrænum reglum um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu,

sem álíta að í vissu tilliti beri að rýmka réttinn, sem er tryggður með Norðurlandasamningnum um rétt norrænna ríkisborgara til að nota eigin tungu í öðru norrænu landi frá 17. júní 1981, til að nota eigið tungumál í öðru norrænu landi á sviði heilbrigðis- og félagsmála,

hafa komið sér saman um að gera Norðurlandasamning um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu svohljóðandi:

I. HLUTI
Almenn ákvæði.
1. gr.
Skilgreiningar.

Í samningi þessum merkja orðin:

a. „norrænt land“: sérhvert samningsríkjanna,
b. „norrænn ríkisborgari“: ríkisborgara norræns lands,
c. „hlutaðeigandi stjórnvald“:
   í Danmörku: félagsmálaráðherrann,
   í Finnlandi: félags- og heilbrigðismálaráðuneytið,
   á Íslandi: félagsmálaráðuneytið,
   í Noregi: félags- og heilbrigðismálaráðuneytið,
   í Svíþjóð: ríkisstjórnina (félagsmálaráðuneytið),
   eða það stjórnvald sem nefnd stjórnvöld tilnefna,
d. „stofnun“: lands-, svæðis- eða staðbundið stjórnvald eða stofnun sem veitir aðstoð.

2. gr.
Efnislegt gildissvið.

1. Samningurinn tekur til allrar löggjafar í norrænum löndum sem gildir á hverjum tíma um eftirtalin félagsleg málefni:

a. félagslega aðstoð og félagslega þjónustu,
b. aðrar félagslegar bætur sem ákvæði Norðurlandasamningsins um almannatryggingar frá 15. júní 1992 taka ekki til.

2. Ákvæði 5. og 9. gr. gilda einnig um löggjöf um heilbrigðisþjónustu.

3. Þegar samningur þessi er samþykktur skal hvert norrænu landanna leggja fram skrá yfir gildandi löggjöf sem samningurinn nær til. Síðan skal sérhvert land fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert tilkynna danska utanríkisráðuneytinu um þær breytingar á skránni sem verða vegna löggjafar sem sett hefur verið á næstliðnu almanaksári.

3. gr.
Persónulegt gildissvið.

Ef annað er ekki tekið fram í einstökum greinum tekur samningurinn til:

a. norrænna ríkisborgara,
b. annarra einstaklinga með löglega búsetu í norrænu landi.

4. gr.
Jafnrétti norrænna ríkisborgara.

Við framkvæmd þeirrar löggjafar í norrænu landi, sem samningurinn tekur til, njóta ríkisborgarar annarra norrænna landa, sem dvelja með lögmætum hætti tímabundið eða hafa löglega búsetu í landinu, jafnréttis á við eigin ríkisborgara landsins.

II. HLUTI
Sérákvæði.
5. gr.
Notkun norrænna tungumála.

1. Ríkisborgari norræns lands á rétt á að nota íslensku, dönsku, finnsku, norsku eða sænsku þegar hann sendir stjórnvaldi í öðru norrænu landi skrifleg erindi í einstökum

málum sem varða rétt til félagslegrar aðstoðar eða félagslegrar þjónustu. Í slíkum málum skal hlutaðeigandi stjórnvald sjá til þess að einstaklingurinn fái nauðsynlega aðstoð túlks eða þýðanda í þessum tungumálum sé þess þörf.

2. Í þeim tilvikum þegar tungumál ræður miklu um að markmiðinu með félagslegri aðstoð og félagslegri þjónustu verði náð skal stofnun, eftir því sem við verður komið, nota tungumál sem einstaklingurinn skilur.

3. Ákvæðin í 1. og 2. mgr. eiga einnig við um heilbrigðisþjónustu og læknismeðferð.

4. Að öðru leyti gilda ákvæðin í Norðurlandasamningnum um rétt norrænna ríkisborgara til að nota eigin tungu í öðru norrænu landi frá 17. júní 1981.

6. gr.

Félagsleg aðstoð og félagsleg þjónusta við tímabundna dvöl í öðru norrænu landi.

Ef einstaklingur, sem samningurinn tekur til og dvelur með lögmætum hætti tímabundið í öðru norrænu landi, þarf skyndilega á félagslegri aðstoð og félagslegri þjónustu að halda skal hann fá slíka aðstoð frá því landi sem hann dvelur í samkvæmt lögum þess eins og þörf hans fyrir aðstoð segir til um.

7. gr.

Vernd gegn heimsendingu.

Norrænan ríkisborgara má ekki senda heim vegna þarfar hans fyrir félagslega aðstoð ef fjölskylduaðstæður hans, tengsl við það land sem hann býr í eða aðstæður að öðru leyti mæla með því að hann verði um kyrrt og í engum tilvikum hafi hann búið með lögmætum hætti í landinu undanfarin þrjú ár.

8. gr.

Samstarf um ferð til annars norræns lands.

Þegar sú staða kemur upp hjá stjórnvaldi í norrænu landi að öðru norrænu landi ber að taka á móti einstaklingi sem samningurinn tekur til hvílir skylda á því stjórnvaldi, þegar þess gerist þörf, að skipuleggja ferðina að því marki sem nauðsynlegt er í samvinnu við ábyrga stofnun í hinu norræna landinu.

9. gr.

Flutningur einstaklinga, sem hafa þörf fyrir meðferð eða umönnun í lengri tíma, til annars norræns lands.

1. Þegar einstaklingur, sem samningurinn tekur til, þarfnast meðferðar eða umönnunar í lengri tíma og óskar að flytja frá einu norrænu landi til annars norræns lands sem hann tengist sérstökum böndum skulu ábyrg stjórnvöld í löndunum tveimur leitast við að greiða fyrir slíkum flutningi, enda bæti hann stöðu viðkomandi einstaklings í lífinu.

2. Ábyrg stjórnvöld í landinu sem flutt er frá og landinu sem flutt er til geta ákveðið í samkomulaginu um flutninginn að skipta kostnaðinum af meðferð eða umönnun á milli stjórnvalda í löndunum tveimur.

3. Að svo miklu leyti sem samkomulag það, sem getið er um í 2. mgr., nær til skiptingar á kostnaði sökum greiðslna vegna veikinda skal líta á það sem samning skv. 1. mgr. 23. gr. Norðurlandasamningsins um almannatryggingar frá 15. júní 1992.

10. gr.

Skipan ferðaþjónustu.

Sveitarfélögum á landamærasvæðum milli norrænna landa ber að hafa samstarf um að haga ferðaþjónustu með þeim hætti að fötluðum og öldruðum einstaklingum verði gert kleift að ferðast til nágrannasveitarfélags í hinu landinu með sama hætti og til nágrannasveitarfélags innan landamæra eigin lands.

11. gr.

Fyrirframgreiðsla barnsmeðlags.

1. Einstaklingur, sem samningurinn tekur til og sem flytur frá einu norrænu landi til annars norræns lands, á rétt á fyrirframgreiðslu barnsmeðlags í síðarnefnda landinu á sömu forsendum og ríkisborgarar þess lands frá þeim tíma sem hann tekur upp búsetu í landinu.

2. Skjal um rétt til barnsmeðlags, sem gefið er út í norrænu landi, skal einnig teljast gildur grundvöllur fyrirframgreiðslu meðlags í öðru norrænu landi. Ef skjalið geymir ekki úrskurð dómstóls eða annars opinbers stjórnvalds skal það áritað vottorði um að samkvæmt því sé unnt að innheimta hjá hinum meðlagsskylda í landinu sem það var gefið út í.

3. Heimilt er að lækka fyrirframgreiðslu meðlags um þá fyrirframgreiðslu sem hefur verið greidd í öðru norrænu landi fyrir sama tímabil.

III. HLUTI

Önnur ákvæði.

12. gr.

Ákvæði um framkvæmd.

Hlutaðeigandi stjórnvöld skulu saman setja þær reglur sem þörf er á til þess að tryggja samræmda norræna framkvæmd þessa samnings.

13. gr.

Samstarf stjórnvalda og stofnana.

1. Stjórnvöldum og stofnunum ber að veita gagnkvæmt liðsinni við framkvæmd þessa samnings að því marki sem nauðsynlegt er, m.a. með því að veita félagslega þjónustu á landamærasvæðum á milli norrænna landa. Í sérhverju norrænu landi skal vera stofnun tilnefnd af hlutaðeigandi stjórnvöldum sem tengiliður.

2. Við samstarf í málum sem varða börn skal gefa sérstakan gaum að þörfum barnsins, möguleikum þess til að hafa samband við einstaklinga sem skipta það miklu og eigin óskum barnsins.

14. gr.

Gildistaka.

1. Samningurinn gengur í gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru tveir heilir almanaksmánuðir frá því að allir samningsaðilar hafa tilkynnt danska utanríkisráðuneytinu um samþykki sitt á samningnum.

2. Hvað snertir Færeyjar, Grænland og Álandseyjar gengur samningurinn ekki í gildi fyrr en fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru tveir heilir almanaksmánuðir frá því að ríkisstjórn Danmerkur eða ríkisstjórn Finnlands, eftir því sem við á, hefur tilkynnt danska utanríkisráðuneytinu að landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands eða lögþing

Álandseyja hafi tilkynnt að samningurinn skuli gilda í Færeyjum, á Grænlandi eða á Álandseyjum, eftir því sem við á.

3. Danska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum samningsaðilum og skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar um móttöku þessara tilkynninga og gildistökudag samningsins.

15. gr.

Uppsögn.

1. Sérhver samningsaðili getur sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu þess efnis til danska utanríkisráðuneytisins en það skýrir öðrum samningsaðilum frá móttöku tilkynningarinnar og efni hennar.

2. Uppsögn gildir aðeins fyrir þann samningsaðila sem hefur lagt hana fram og tekur hún gildi sex mánuðum eftir þann dag sem danska utanríkisráðuneytið tók við tilkynningu um hana.

16. gr.

Ákvæði í samningi um almannatryggingar felld úr gildi.

Þegar þessi samningur gengur í gildi fellur síðasti málsliður 30. gr. Norðurlandasamnings um almannatryggingar frá 15. júní 1992 úr gildi.

17. gr.

Varðveisla frumtextans.

Frumtexti þessa samnings skal varðveittur í danska utanríkisráðuneytinu sem lætur öðrum samningsaðilum í té staðfest afrit af honum.

Þessu til staðfestu hafa neðangreindir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað þennan samning.

Gjört í Arendal 14. júní 1994 í einu eintaki á íslensku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku og skulu allir textarnir jafngildir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er leitað heimildar fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu sem gerður var í Arendal 14. júní 1994. Frumvarpið gerir og ráð fyrir að samningnum verði veitt lagagildi hér á landi þegar hann hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með frumvarpinu.

Með lögum nr. 66/1981, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd Norðurlandasamning um félagslegt öryggi, var veitt heimild til að fullgilda fyrir Íslands hönd samning sem gerður var í Kaupmannahöfn 5. mars 1981. Með lögunum var samningnum enn fremur veitt lagagildi hér á landi eftir að hann hafði gengið í gildi. Samningur þessi tók einkum til almannatrygginga en hann geymdi jafnframt ákvæði um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu.

Þegar viðræður hófust milli Evrópubandalagsins og ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu um Evrópska efnahagssvæðið var ákveðið að gera verulegar breytingar á Norðurlandasamningnum um félagslegt öryggi. Jafnframt var ákveðið að skipta efni hans í tvo samninga og skyldi annar fjalla um almannatryggingar en hinn um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu.

Norðurlandasamningur um almannatryggingar var gerður í Kaupmannahöfn 15. júní 1992. Ríkisstjórninni var veitt heimild til að staðfesta hann með 1. gr. laga nr. 46/1993, um heimild til þess að fullgilda Norðurlandasamning um almannatryggingar, og með 2. gr. laganna var honum jafnframt veitt lagagildi hér á landi. Með þeim samningi var Norðurlandasamningurinn um félagslegt öryggi felldur úr gildi að undanskildum ákvæðum hans um félagslega aðstoð og fyrirframgreiðslu meðlags, sbr. 30. gr. fyrrnefnda samningsins. Þegar Norðurlandasamningurinn um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu, sem hér er til umfjöllunar, öðlast gildi mun samningurinn frá 5. maí 1981 endanlega falla úr gildi.

Norðurlandasamningurinn um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu tekur til allrar löggjafar í norrænum löndum sem gildir á hverjum tíma um félagsleg málefni, þar með talin félagsleg aðstoð og félagsleg þjónusta svo og aðrar félagslegar bætur sem ákvæði Norðurlandasamningsins um almannatryggingar frá 15. júní 1992 taka ekki til, sbr. 1. mgr. 2. gr. samningsins. Hvert norrænt land skal leggja fram skrá yfir gildandi löggjöf sem samningurinn nær til og skal hún lagfærð á hverju ári, sbr. 3. mgr. 2. gr.

Samningurinn tekur, sé ekki annað tekið fram í einstökum greinum hans, til norrænna ríkisborgara og annarra einstaklinga með löglega búsetu í norrænu landi, sbr. 3. gr.

Samkvæmt 4. gr. samningsins gildir sú regla að ríkisborgarar norræns lands, sem dvelja með lögmætum hætti tímabundið eða hafa löglega búsetu í öðru norrænu landi, skulu njóta jafnréttis á við ríkisborgara þess lands.

Eigi skiptir máli í hvaða tilgangi viðkomandi einstaklingur býr utan heimalands síns annars staðar á Norðurlöndum. Hann þarf því ekki að vera launþegi þar eins og skilyrði er samkvæmt reglum Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. 2. mgr. 7. gr. reglugerðar EBE nr. 1612/68. Í 6. gr. samningsins er kveðið á um að þurfi einstaklingur, sem samningurinn tekur til og sem dvelur með lögmætum hætti tímabundið í öðru norrænu landi, skyndilega á félagslegri aðstoð og félagslegri þjónustu að halda skuli hann fá slíka aðstoð og þjónustu frá því landi sem hann dvelur í samkvæmt lögum þess eins og þörf hans fyrir aðstoð segir til um.

Til að tryggja að norrænir ríkisborgarar geti notið þess réttar sem samningurinn kveður á um gerir 5. gr. hans ráð fyrir að þeir eigi rétt á að nota dönsku, finnsku, íslensku, norsku eða sænsku í samskiptum sínum við stjórnvöld í því norræna landi þar sem þeir dvelja. Hér er um að ræða viðbótarákvæði við ákvæði samningsins um rétt norrænna ríkisborgara til að nota eigin tungu í öðru norrænu landi frá 17. júní 1981.

Í 7. gr. er að finna sérstök ákvæði um heimsendingu. Samkvæmt þeim er óheimilt að senda norrænan ríkisborgara til þess lands sem hann er ríkisborgari í vegna þarfar hans fyrir félagslega aðstoð ef fjölskylduaðstæður hans, tengsl við það land sem hann býr í eða aðstæður að öðru leyti mæla með því að hann verði um kyrrt í dvalarlandinu. Í engum tilvikum er heimilt að vísa honum til heimalands ef hann hefur dvalið í viðkomandi ríki undanfarin þrjú ár.

Þegar sú staða kemur upp hjá stjórnvaldi í norrænu landi að öðru norrænu landi ber að taka á móti einstaklingi sem samningurinn tekur til hvílir sú skylda á því stjórnvaldi, þegar þess gerist þörf, að skipuleggja ferðina að því marki sem nauðsynlegt er í samvinnu við ábyrga stofnun í hinu norræna landinu, sbr. 8. gr. samningsins.

Þegar einstaklingur, sem fellur undir gildissvið samningsins, þarfnast meðferðar eða umönnunar í lengri tíma og óskar að flytja frá einu norrænu landi til annars sem hann tengist sérstökum böndum skulu stjórnvöld í viðkomandi löndum leitast við að greiða fyrir slíkum flutningi, enda bæti hann stöðu viðkomandi einstaklings í lífinu. Hlutaðeigandi stjórnvöld skulu semja sín á milli um skiptingu kostnaðar eins og nánar er kveðið á um í 9. gr. samningsins.

Loks eru ákvæði í 11. gr. um rétt til fyrirframgeiðslu barnsmeðlags. Einstaklingur, sem samningurinn tekur til og flytur frá einu norrænu landi til annars, á rétt á fyrirframgreiðslu barnsmeðlags í síðarnefnda landinu á sömu forsendum og ríkisborgarar þess lands frá þeim tíma sem hann tekur upp búsetu í landinu. Ákvæði þetta er sambærilegt við ákvæði Norðurlandasamningsins um félagslegt öryggi frá 5. mars 1981.

Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. öðlast samningurinn gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru tveir heilir almanaksmánuðir frá því að allir aðilar hafa tilkynnt danska utanríkisráðuneytinu um staðfestingu sína á samningnum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd Norðurlandasamning um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu.

Í frumvarpinu er kveðið á um að ríkisstjórninni verði heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd Norðurlandasamning um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu frá 14. júní 1994. Gert er ráð fyrir að samningurinn fái lagagildi hér á landi þegar hann hefur öðlast gildi hvað Ísland varðar. Samningnum er ætlað að leysa af hólmi þann hluta Norðurlandasamnings um félagslegt öryggi frá 5. maí 1981 sem lítur að félagslegri aðstoð og félagslegri þjónustu. Meginbreytingin felst í 5. gr. og 7. gr. samningsins. Í 5. gr. er mælt fyrir skilyrðislausum rétti til að nota eitt hinna fimm norrænu tundumála í skriflegum erindum er varða félagslega aðstoð eða þjónustu. Einnig skal stofnun, eftir því sem við verður komið, nota tungumál sem viðkomandi einstaklingur skilur í þeim tilvikum þegar tungumál ræður miklu um að markmiðinu með félagslegri aðstoð og þjónustu verði náð. Í 7. gr. er kveðið á um vernd gegn heimsendingu. Samkvæmt núgildandi reglum er ekki heimilt að senda norræna ríkisborgara heim efir fimm ára búsetu. Samkvæmt samningum er hins vegar gert ráð fyrir styttingu þess tíma í þrjú ár. Ekki verður séð að lögbindingu frumvarpsins fylgi kostnaðarauki fyrir ríkissjóð.

853. Fyrirspurn [494. mál]

til umhverfisráðherra um merkingar afurða erfðabreyttra lífvera.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hver er afstaða ráðherra til þess álitaefnis að hafi vara í sér fólgna afurð erfðabreyttra lífvera skuli það tekið fram á umbúðum hennar?
2. Hver er og hefur verið afstaða ríkisstjórnarinnar og umhverfisráðuneytisins til væntanlegrar tilskipunar Evrópusambandsins um ný matvæli (novel foods) þar sem fjallað er um framangreint álitamál?

854. Frumvarp til laga [232. mál]

um breytingu á lögum nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði.

(Eftir 2. umr., 23. apríl.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Lokamálsliður 1. mgr. fellur brott.
b. 2. mgr. orðast svo:

Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg. Henni skal fylgja lýsing á starfseminni þar sem fram kemur, meðal annars, hvaða starfsemi ætlunin er að stunda og lýsing á innra skipulagi viðskiptabankans eða sparisjóðsins. Jafnframt skulu fylgja upplýsingar um stofnendur, hlutafé eða stofnfé, hluthafa eða stofnfjáreigendur og hlut hvers um sig, auk annarra upplýsinga og gagna sem viðskiptaráðherra ákveður. Samþykktir skulu fylgja umsókn um starfsleyfi hlutafélagsbanka eða sparisjóðs.

c. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Með umsókn skulu, auk upplýsinga skv. 2. mgr., fylgja gögn um náin tengsl stofnunar við einstaklinga eða lögaðila. Með nánum tengslum er átt við innbyrðis tengsl tveggja eða fleiri einstaklinga eða lögaðila sem fela í sér beina eða óbeina hlutdeild þessara aðila sem nemur a.m.k. 20% af eigin fé eða atkvæðisrétti fyrirtækis. Einnig er um náin tengsl að ræða ef fyrrgreindir aðilar, eða dótturfélög þeirra, hafa vegna samninga yfirráð í fyrirtæki (viðskiptabanka eða sparisjóði) eða sambærileg innbyrðis tengsl eins eða fleiri lögaðila eða einstaklinga við fyrirtæki.

d. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvörðun um umsókn um starfsleyfi skal ávallt liggja fyrir innan þriggja mánaða frá því að fullbúin umsókn barst ráðherra, sbr. ákvæði III. kafla.

2. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Viðskiptabanki eða sparisjóður sem sækir um starfsleyfi skv. 4. gr. skal hafa höfuðstöðvar sínar hér á landi.

3. gr.

2. og 3. málsl. 3. mgr. 6. gr. laganna falla brott.

4. gr.

Orðin „um Lánastofnun sparisjóðanna hf.“ í 1. mgr. 10. gr. laganna falla brott.

5. gr.

Við 25. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., sem orðast svo:

Ráðherra er og heimilt að synja umsókn um starfsleyfi ef náin tengsl viðskiptabanka eða sparisjóðs við einstaklinga eða lögaðila geta að mati bankaeftirlits hindrað það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum. Sama á við ef lög eða reglur, sem um slíka einstaklinga eða lögaðila gilda, hindra eðlilegt eftirlit.

6. gr.

26. gr. laganna orðast svo:

Synjun ráðherra á starfsleyfi skal rökstudd og send umsækjanda skriflega.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 46. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „og“ kemur: eða.
b. Nýr málsliður bætist við, svohljóðandi: Fari eignarhlutir samtímis fram yfir hlutföll skv. 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. skal hærri fjárhæðin af þeim sem umfram er dregin frá við útreikning eigin fjár hlutaðeigandi stofnunar.

8. gr.

Í stað orðanna „Lánastofnun sparisjóðanna eða félagi sem leysir hana af hólmi, sbr. 99. gr.“ í 52. gr. laganna kemur: Sparisjóðabanka Íslands hf.

9. gr.

Orðin „eða Lánastofnun sparisjóðanna“ í 53. gr. laganna falla brott.

10. gr.

54. gr. laganna orðast svo:

Eigið fé viðskiptabanka og sparisjóða, eins og það er skilgreint skv. 2. mgr., skal á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar til 8% af áhættugrunni. Áhættugrunnur stofnunar skal metinn með tilliti til heildareigna, liða utan efnahagsreiknings, gengisáhættu og áhættu annarra liða með markaðsáhættu samkvæmt nánari reglum um mat á áhættugrunni til útreiknings á eiginfjárhlutfalli viðskiptabanka og sparisjóða sem Seðlabankinn setur. Eiginfjárkrafan skv. 1. málsl. skal einnig gilda um samstæðureikning, sbr. 66. gr.

Við útreikning á eiginfjárhlutfalli skv. 1. mgr. skal eigið fé samsett af þremur þáttum, eiginfjárþætti A, eiginfjárþætti B og eiginfjárþætti C, og frádráttarliðum skv. 55. gr. Eftirfarandi takmarkanir gilda um einstaka eiginfjárþætti:

1. Eiginfjárþáttur A skal nema að lágmarki helmingi eigin fjár fyrir frádrátt skv. 55. gr.
2. Eiginfjárþáttur B má hæst nema 50% af eiginfjárþætti A.

3. Eiginfjárþáttur C má hæst nema 50% af eiginfjárþætti A. Jafnframt má eiginfjárþáttur C hæst nema 4,8% af reiknuðum áhættugrunni viðskiptabanka eða sparisjóðs vegna markaðsáhættu liða í veltubók og gengisáhættu.

Eiginfjárþáttur A telst vera:

1. Innborgað hlutafé.
2. Varasjóðir, yfirverðsreikningur hlutafjár og óráðstafað eigið fé að frádregnu tapi ársins.
3. Endurmatsreikningur samkvæmt verðbólgureikningsskilum.
4. Frá eiginfjárþætti A skal draga eigin hlutabréf, viðskiptavild og aðrar óáþreifanlegar eignir, svo og áfallnar ófærðar skattskuldbindingar sem rýra möguleika viðskiptabankans eða sparisjóðsins til að mæta tapi.

Eiginfjárþáttur B telst vera:

1. Víkjandi lán sem viðskiptabankar eða sparisjóðir taka gegn útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en fimm ár og að við gjaldþrot hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs eða slit hans fáist það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur viðskiptabankanum eða sparisjóðnum en endurgreiðslu hlutafjár eða stofnfjár eða sambærilegs eigin fjár ríkisviðskiptabanka. Þegar fimm ár eru eftir af lánstímanum skal lánið reiknast niður um 20% fyrir hvert ár sem líður af þessum fimm árum. Sé um að ræða lán sem greiðist niður með afborgunum á lánstímanum skal reikna eftirstöðvar hvers árs niður á sambærilegan hátt.
2. Endurmatsreikningur annar en gert er ráð fyrir í eiginfjárþætti A.

Eiginfjárþáttur C telst vera víkjandi lán til skamms tíma sem viðskiptabanki eða sparisjóður tekur gegn útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en tvö ár og að við gjaldþrot hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs eða slit hans fáist það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur viðskiptabankanum eða sparisjóðnum en endurgreiðslu hlutafjár eða stofnfjár eða sambærilegs eigin fjár ríkisviðskiptabanka. Jafnframt skal kveðið á um að óheimilt sé að greiða af láninu eða greiða af því vexti ef eiginfjárhlutfall hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs er lægra en 8% eða ef endurgreiðsla höfuðstóls eða greiðsla vaxta veldur því að eiginfjárhlutfallið fer niður fyrir 8%. Tilkynna skal bankaeftirlitinu ef slík greiðsla veldur því að eiginfjárhlutfallið fer niður fyrir 10%. Við mat á eiginfjárþætti C getur bankaeftirlitið heimilað einstökum viðskiptabönkum eða sparisjóðum að tekið sé tillit til hagnaðar af veltubókarviðskiptum að frádreginni fyrirsjáanlegri gjaldfærslu eða arði og að frádregnu nettótapi af annarri starfsemi, enda sé engin þessara fjárhæða meðtalin í eiginfjárþætti A.

Bankaeftirlitið getur veitt heimild til að flýta endurgreiðslu víkjandi lána æski lánveitandi þess, enda hafi slíkt ekki áhrif á viðunandi eiginfjárstöðu hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs.

Ráðherra er heimilt að fengnum tillögum bankaeftirlitsins að ákveða í reglugerð að aðrir liðir en greindir eru í 3.–4. mgr. teljist með eigin fé viðskiptabanka eða sparisjóðs.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 55. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Lánastofnun sparisjóðanna hf., eða félagi sem leysir hana af hólmi, sbr. 99. gr.“ í 1. og 3. tölul. 1. mgr. kemur: Sparisjóðabanka Íslands hf.
b. 5. og 6. mgr. falla brott.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 56. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „efnahagsreikning“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: fjárstreymisyfirlit.
b. 2. mgr. orðast svo:

Ársreikningur skal undirritaður af bankaráði eða sparisjóðsstjórn og bankastjórum og sparisjóðsstjórum. Ársreikningur ríkisviðskiptabanka skal auk þess staðfestur af ráðherra. Hafi bankaráðsmaður eða stjórnarmaður sparisjóðs, bankastjóri eða sparisjóðsstjóri mótbárur fram að færa gegn ársreikningi skal hann gera grein fyrir því í áritun sinni.

13. gr.

3. mgr. 57. gr. laganna orðast svo:

Bankaeftirlitið setur reglur að höfðu samráði við reikningsskilaráð um uppsetningu ársreiknings, innihald einstakra liða rekstrar- og efnahagsreiknings og liða utan efnahagsreiknings og skýringar og mat á einstökum liðum.

14. gr.

Í stað orðanna „annars staðar í ársreikningum“ í 1. mgr. 58. gr. laganna kemur: í ársreikningnum.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 62. gr. laganna:

a. 5. mgr. orðast svo:

Verði endurskoðendur varir við verulega ágalla í rekstri viðskiptabanka eða sparisjóðs eða atriði er varða innra eftirlit, greiðslutryggingar útlána eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu hlutaðeigandi stofnunar, svo og ef endurskoðandi hefur ástæðu til að ætla að lög, reglugerðir eða reglur sem gilda um stofnunina hafi verið brotnar, skal endurskoðandi gera stjórn hennar og bankaeftirliti viðvart. Þetta á einnig við um sambærileg atriði sem endurskoðandi viðskiptabanka eða sparisjóðs fær vitneskju um og varða fyrirtæki í nánum tengslum við hlutaðeigandi stofnun, sbr. 3. mgr. 4. gr. Ákvæði þessarar málsgreinar brjóta ekki í bága við þagnarskyldu endurskoðenda skv. 43. gr. laga þessara eða ákvæði annarra laga.

b. Í stað 7. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Við viðskiptabanka og sparisjóði skal starfa endurskoðunardeild sem annast innri endurskoðun undir stjórn forstöðumanns, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 39. gr. Innri endurskoðun er hluti af skipulagi viðskiptabanka og sparisjóða og er þáttur í eftirlitskerfi þeirra. Bankaeftirlitið getur veitt undanþágu frá starfrækslu slíkrar endurskoðunardeildar og sett þeim stofnunum skilyrði sem slíka undanþágu fá.

Viðskiptabanki eða sparisjóður skal á hverjum tíma hafa yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættu, þar með talið vaxtaáhættu, í tengslum við öll viðskipti sín. Bankaeftirlitið getur sett leiðbeinandi reglur um eftirlitskerfi vegna áhættuþátta í starfsemi viðskiptabanka eða sparisjóða.

c. Við 8. mgr., sem verður 9. mgr., bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Bankaeftirlitið setur reglur um endurskoðun viðskiptabanka og sparisjóða.
d. 9. mgr. fellur brott.

16. gr.

Orðin „lánveitingar, ábyrgðir og“ í 1. málsl. 7. mgr. 66. gr. laganna falla brott.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 67. gr. laganna:

a. Í stað „reikningsuppgjör endurskoðanda“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: endurskoðað reikningsuppgjör.
b. Lokamálsliður 4. mgr. fellur brott.

18. gr.

X. kafli laganna, er hefur fyrirsögnina Tryggingarsjóðir innlánsstofnana, orðast svo:

a. (75. gr.)

Tryggingarsjóður viðskiptabanka.

Viðskiptabankar með staðfestu hér á landi skulu eiga aðild að Tryggingarsjóði viðskiptabanka. Tryggingarsjóður viðskiptabanka er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Aðilar að sjóðnum bera ekki ábyrgð á skuldbindingum hans.

Hlutverk Tryggingarsjóðs viðskiptabanka er að tryggja innstæðueiganda skil á greiðslu innstæðu sem hann hefur krafist endurgreiðslu á og viðskiptabanki eða útibú eru ekki fær um að inna af hendi.

Ráðherra skipar sjóðnum stjórn til þriggja ára í senn. Stjórnin skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Samband íslenskra viðskiptabanka tilnefnir einn mann í stjórn.

Stjórn Tryggingarsjóðs viðskiptabanka er heimilt að stofna sérstaka lánadeild með aðskildum fjárhag og reikningshaldi. Stofnfé getur að hámarki numið því eigin fé sjóðsins sem er umfram kröfur um lögbundið lágmark í innstæðutryggingadeild skv. 79. gr. Eignir annarrar deildarinnar verða ekki notaðar til að standa skil á skuldbindingum hinnar. Hlutverk lánadeildar er að tryggja fjárhagslegt öryggi viðskiptabanka, svo sem með lánveitingum, yfirtöku eigna, ábyrgðum og öðrum þeim aðgerðum sem samræmast tilgangi deildarinnar.

b. (76. gr.)

Tryggingarsjóður sparisjóða.

Tryggingarsjóður sparisjóða er sjálfseignarstofnun sem allir sparisjóðir skulu vera aðilar að. Meginhlutverk Tryggingarsjóðs sparisjóða er að tryggja fjárhagslegt öryggi sparisjóða og full skil á innlánsfé við endurskipulagningu eða slit sparisjóðsins, sbr. nánari ákvæði þessara laga.

Tryggingarsjóður sparisjóða skal starfa í tveimur sjálfstæðum deildum, innstæðudeild og lánadeild, með aðskilinn fjárhag og reikningshald. Eignir annarrar deildarinnar verða ekki notaðar til að standa skil á skuldbindingum hinnar. Hlutverk lánadeildar er að tryggja fjárhagslegt öryggi sparisjóða. Í því skyni er stjórn sjóðsins heimilt að veita sparisjóði lán eða yfirtaka vissar eignir sparisjóðs, ganga í ábyrgðir fyrir sparisjóð, bæta sérstakt tap og kostnað sem sparisjóður verður fyrir og veita sparisjóðum stuðning að öðru leyti á hvern þann hátt sem stjórn sjóðsins ákveður í samræmi við ákvæði laga þessara og samþykkta sjóðsins. Tryggingarsjóði sparisjóða er enn fremur heimilt að veita sparisjóði víkjandi lán í því skyni að efla eiginfjárstöðu hans. Stjórn sjóðsins getur sett skilyrði fyrir veitingu víkjandi láns. Í samþykktum sjóðsins skal setja nánari reglur um starfsemi lánadeildar,

svo og reglur um tekjur hennar og lánveitingar. Stjórn Tryggingarsjóðs sparisjóða er heimilt að láta rannsaka rekstur og efnahag sparisjóðs sem veitt er víkjandi lán. Getur stjórnin í þessu sambandi krafist nauðsynlegra upplýsinga frá hlutaðeigandi sparisjóði.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum Tryggingarsjóðs sparisjóða. Sérhver aðili að sjóðnum fer á aðalfundi með atkvæðisrétt í samræmi við hlut hans í samanlögðum tryggðum innstæðum næstliðið ár fyrir aðalfund. Um aðal- og aukafundi sjóðsins gilda að öðru leyti ákvæði 32.–34. gr. eftir því sem við getur átt.

Stjórn Tryggingarsjóðs sparisjóða fer með málefni hans milli aðal- og aukafunda. Hún skal skipuð fimm mönnum og skulu fjórir stjórnarmenn ásamt jafnmörgum varamönnum kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn, hlutbundinni kosningu ef óskað er. Ráðherra tilnefnir einn mann og skal hann tilnefndur til þriggja ára í senn. Stjórn Tryggingarsjóðsins kýs sér formann og skiptir með sér verkum. Nánar skal kveðið á um skipan og verkefni stjórnar og starfsemi sjóðsins að öðru leyti í samþykktum hans.

Stjórnarmenn og starfsmenn Tryggingarsjóðs sparisjóða eru bundnir þagnarskyldu í samræmi við ákvæði 43. gr.

Aðalfundur setur Tryggingarsjóði sparisjóða samþykktir sem háðar skulu staðfestingu ráðherra að fenginni umsögn bankaeftirlitsins.

c. (76. gr. A.)

Erlend útibú innlánsstofnana.

Útibúum erlendra viðskiptabanka og sparisjóða með staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, sem starfa hér á landi, er heimil aðild að tryggingarsjóðum innlánsstofnana er starfa í samræmi við ákvæði þessara laga vegna innstæðna sem ekki eru tryggðar með öðrum hætti innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Útibú erlendra viðskiptabanka og sparisjóða, sem hafa staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins og starfa hér á landi, skulu vera aðilar að Tryggingarsjóði viðskiptabanka eða Tryggingarsjóði sparisjóða, eftir því sem við getur átt, enda sé útibúið ekki aðili að sambærilegu innlánatryggingakerfi í heimaríki sínu.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um aðild útibúa erlendra viðskiptabanka og sparisjóða að tryggingarsjóðum innlánsstofnana, svo og um þær viðbótartryggingar sem útibú þurfa til þess að geta starfað hér á landi. Um iðgjöld og greiðslur vegna trygginga samkvæmt þessari grein skal nánar kveðið á um í reglugerð.

d. (77. gr.)

Almenn ákvæði um starfsemi tryggingarsjóða.

Heimilt er innstæðueiganda að krefja tryggingarsjóð um greiðslu innstæðu sem hann hefur krafið viðskiptabanka eða sparisjóð um endurgreiðslu á í samræmi við þá skilmála er um hana gilda og viðskiptabanki eða sparisjóður er að áliti bankaeftirlitsins ekki fær um að inna tafarlaust af hendi eða í nánustu framtíð vegna greiðsluerfiðleika. Álit bankaeftirlitsins skal liggja fyrir eigi síðar en þremur vikum eftir að bankaeftirlitið fær fyrst staðfestingu á því að hlutaðeigandi viðskiptabanki eða sparisjóður hafi ekki greitt innstæðu eins og honum bar að gera. Greiðsluskylda tryggingarsjóðsins vaknar einnig ef ákveðið er að slíta viðskiptabanka eða sparisjóði, sbr. ákvæði VIII. kafla.

Með innstæðu í 1. mgr. er átt við innstæðu sem tilkomin er vegna innláns eða millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi og viðskiptabanka eða sparisjóði ber að endurgreiða samkvæmt skilmálum er gilda samkvæmt lögum eða samningum. Tryggingin nær hins vegar ekki til skuldabréfa, víxla og annarra krafna sem útgefnar eru af viðskiptabanka eða sparisjóði í formi verðbréfa.

Undanskildar tryggingu skv. 1. mgr. eru innstæður í eigu annarra viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana fyrir þeirra eigin reikning og innstæður sem tengjast málum þar sem sakfellt hefur verið fyrir peningaþvætti, svo og innstæður dóttur- eða móðurfélags þessara stofnana.

Innstæðudeildir tryggingarsjóða innlánsstofnana verða ekki teknar til gjaldþrotaskipta, né verður heimilt að gera aðför í þeim.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um eftirfarandi atriði að höfðu samráði við stjórnir tryggingarsjóða innlánsstofnana:

1. Tilhögun á greiðslum úr tryggingarsjóðum er lög þessi taka til.
2. Skyldu viðskiptabanka og sparisjóða til að upplýsa viðskiptavini um aðild sína að tryggingarsjóðum fyrir innlánsstofnanir og um helstu atriði innstæðutryggingarinnar og jafnframt takmörkun á notkun þessara upplýsinga í samkeppnisskyni.
3. Tryggingu á innstæðu þegar um sameiginlegan innlánsreikning er að ræða eða þegar innstæðueigandi á ekki ótvíræðan rétt til innstæðu.
4. Verksvið stjórnar og ávöxtun á eignum sjóðsins.

Um ársreikning og endurskoðun tryggingarsjóða innlánsstofnana og um eftirlit með starfsemi þeirra fer samkvæmt ákvæðum VII. og XIV. kafla.

Tryggingarsjóðir innlánsstofnana eru undanþegnir tekjuskatti og eignarskatti.

e. (78. gr.)

Auk innstæðutrygginga er tryggingarsjóðum innlánsstofnana heimilt að veita viðskiptabanka eða sparisjóði víkjandi lán úr lánadeild í því skyni að efla eiginfjárstöðu hans, enda verði fjár til þess aflað sérstaklega með lántöku. Stjórn sjóðs getur sett skilyrði fyrir lánveitingu.

Stjórnum tryggingarsjóða innlánsstofnana er heimilt að láta rannsaka rekstur og efnahag viðskiptabanka eða sparisjóðs sem veitt er víkjandi lán. Stjórn sjóðs getur í þessu sambandi krafist nauðsynlegra upplýsinga frá hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði.

f. (79. gr.)

Stefnt skal að því að heildareign innstæðudeildar tryggingarsjóða innlánsstofnana nemi a.m.k. 1% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári. Hafi heildareign ekki náð lágmarki skv. 1. málsl. skulu allir viðskiptabankar og sparisjóðir greiða eigi síðar en 1. mars ár hvert gjald til sjóðsins er nemur 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði á næstliðnu ári, sbr. þó hámark skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar. Þar til heildareign deildarinnar hefur náð tilskildu lágmarki skal hver viðskiptabanki og sparisjóður leggja fram ábyrgðaryfirlýsingu fyrir jafnháum hlut af þeirri fjárhæð er á vantar til að lágmarkinu hafi verið náð og nemur hlut tryggðra innstæðna hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs af samanlögðum tryggðum innstæðum. Greiðslur til sjóðsins eru óendurkræfar.

Nýr viðskiptabanki eða sparisjóður skal greiða sérstaklega til sjóðsins 1. mars ár hvert í sjö ár frá því að hann hefur starfsemi hér á landi 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði á næstliðnu ári, í fyrsta sinn fullu ári eftir upphaf starfseminnar. Auk þess leggur hlutaðeigandi viðskiptabanki eða sparisjóður fram ábyrgðaryfirlýsingu er stjórn sjóðsins metur gilda fyrir mismun á greiðslu til sjóðsins og lágmarki skv. 1. málsl. þessarar greinar samkvæmt nánari ákvæðum er ráðherra setur í reglugerð.

Nú hrökkva eignir tryggingarsjóða innlánsstofnana ekki til þess að greiða heildarfjárhæð tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði og skal þá greiðslu úr sjóðnum skipt þannig milli innstæðueigenda að heildarinnstæða hvers innstæðueiganda allt að 1,7 milljónum króna er bætt að fullu en allt sem umfram er þessa fjárhæð skal bætt hlutfallslega jafnt eftir því sem eignir sjóðsins hrökkva til. Fjárhæð þessi skal bundin við gengi evrópsku mynteiningarinnar ECU miðað við kaupgengi hennar 3. janúar 1995. Sjóðurinn verður ekki síðar krafinn um frekari greiðslu þótt innstæða hafi ekki verið bætt að fullu. Kröfur um innborgun í sjóðinn á grundvelli ábyrgðaryfirlýsinga geta á hverju ári ekki verið hærri en sem nemur einum tíunda hluta af lágmarksstærð sjóðsins skv. 1. mgr. þessarar greinar. Telji stjórn sjóðsins brýna ástæðu til er henni heimilt að taka lán til að greiða innstæðueigendum hrökkvi eignir sjóðsins ekki til.

Komi til greiðslu úr tryggingarsjóðum innlánsstofnana yfirtekur hann kröfu innstæðueiganda á hendur hlutaðeigandi viðskiptabanka, sparisjóði eða þrotabúi.

g. (80. gr.)

Nú uppfyllir viðskiptabanki eða sparisjóður ekki skyldur sínar gagnvart tryggingarsjóði innlánsstofnunar samkvæmt lögum þessum og skal þá stjórn hans tilkynna það ráðherra án tafar. Hann skal veita hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði allt að sex mánaða frest til úrbóta. Séu ríkar ástæður að mati ráðherra er honum heimilt að framlengja frestinn um allt að sex mánuði til viðbótar.

Nú rennur frestur skv. 1. mgr. út án þess að hlutaðeigandi viðskiptabanki eða sparisjóður hafi uppfyllt skyldur sínar gagnvart sjóðnum og getur ráðherra þá afturkallað starfsleyfi hans að fengnu áliti bankaeftirlitsins, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 89. gr. Ákvæði 2. mgr. 89. gr. á ekki við í slíkum tilfellum. Innstæður, sem stofnað er til áður en frestur skv. 1. mgr. rennur út, skulu njóta tryggingarverndar í samræmi við ákvæði 77. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga einnig við um útibú erlendra viðskiptabanka og sparisjóða hér á landi sem aðild eiga að tryggingarsjóði innlánsstofnunar. Nú rennur frestur skv. 1. mgr. út þegar um er að ræða útibú viðskiptabanka eða sparisjóðs með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og skal þá bankaeftirlitið banna starfsemi þess hér á landi, sbr. 94. gr. Þegar um er að ræða útibú viðskiptabanka eða sparisjóðs með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins skal ráðherra afturkalla starfsleyfi þess að fengnu áliti bankaeftirlitsins.

19. gr.

Á eftir 84. gr. laganna bætist við ný grein, 84. gr. A, svohljóðandi:

Fyrirtæki frá öðru ríki innan hins Evrópska efnahagssvæðis, sem heimilt er samkvæmt samþykktum sínum að stunda þá starfsemi sem tilgreind er í 1. mgr. 44. gr. laga þessara, er heimilt að stofna útibú eða veita þjónustu hér á landi án stofnunar útibús séu eftirtalin skilyrði uppfyllt:

1. Fyrirtækið skal vera dótturfyrirtæki viðskiptabanka eða sparisjóðs eða sameiginlegt dótturfyrirtæki tveggja eða fleiri viðskiptabanka eða sparisjóða skv. 3. mgr. 66. gr.
2. Dótturfyrirtækið skal lúta löggjöf í því ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins sem veitt hefur móðurfyrirtæki eða móðurfyrirtækjum skv. 1. tölul. starfsleyfi og skal dótturfyrirtækið jafnframt stunda umrædda starfsemi í því ríki.
3. Móðurfyrirtækið eða móðurfyrirtækin skulu fara með a.m.k. 90% af atkvæðamagni því sem fylgir hlutum í fyrirtækinu.
4. Móðurfyrirtækið eða móðurfyrirtækin skulu uppfylla skilyrði bankaeftirlits um heilbrigða og trausta stjórnun dótturfyrirtækisins og skulu jafnframt lýsa því yfir með samþykki lögbærra yfirvalda í heimaríki þeirra að þau beri óskipta ábyrgð á skuldbindingum þeim sem dótturfyrirtækið tekur á sig.
5. Dótturfyrirtækið skal heyra undir eftirlit á samstæðugrundvelli sem móðurfyrirtækið eða sérhvert móðurfyrirtækjanna lýtur. Þetta á sérstaklega við um eftirlit með útreikningi á eiginfjárhlutfalli, eftirlit með útreikningi á lánum og ábyrgðum til einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila og eftirlit með takmörkunum á eignarhlutdeild í öðrum fyrirtækjum, sbr. 46. gr.

Með tilkynningu um starfsemi hér á landi skv. 1. mgr. skal fylgja staðfesting lögbærs yfirvalds í heimaríki móðurfyrirtækis eða móðurfyrirtækja á því að framangreind skilyrði séu uppfyllt. Jafnframt skulu lögbær yfirvöld í heimaríki móðurfyrirtækis eða móðurfyrirtækja lýsa því yfir að þau muni hafa fullnægjandi eftirlit með starfsemi fyrirtækisins. Að öðru leyti skal beita ákvæðum 83., 84. og 85. gr. eftir því sem við á.

Ákvæði 1. og 2. mgr. taka einnig til fyrirtækis sem er í eigu eða undir áhrifum eins eða fleiri dótturfyrirtækja, sbr. ákvæði 66. gr. laga þessara, eftir því sem við getur átt.

20. gr.

Við 1. mgr. 85. gr. laganna bætist: og 84. gr., svo og starfsemi fyrirtækja skv. 84. gr. A.

21. gr.

Á eftir 87. gr. laganna bætist við ný grein, 87. gr. A, svohljóðandi:

Ákvæði 86. og 87. gr. taka einnig til innlends dótturfyrirtækis viðskiptabanka eða sparisjóðs eða sameiginlegs dótturfyrirtækis tveggja eða fleiri viðskiptabanka eða sparisjóða sem heimilt er samkvæmt samþykktum sínum að stunda þá starfsemi sem tilgreind er í 1. mgr. 44. gr. og uppfylla skilyrði þau sem fram koma í 1.–5. tölul. 1. mgr. 84. gr. A., eftir því sem við getur átt. Tilkynningu bankaeftirlits til lögbærra eftirlitsaðila skv. 2. mgr. 86. gr. eða 2. mgr. 87. gr. skal fylgja staðfesting bankaeftirlits á því að fyrirtækið uppfylli framangreind skilyrði.

Ákvæði 1. mgr. tekur einnig til fyrirtækis sem er í eigu eða undir áhrifum eins eða fleiri dótturfyrirtækja, sbr. ákvæði 66. gr. laga þessara, eftir því sem við getur átt.

Fyrirtæki samkvæmt þessari grein skal lúta eftirliti bankaeftirlitsins. Uppfylli fyrirtæki, sem hafið hefur starfsemi skv. 1. mgr., ekki lengur skilyrði þau sem fram koma í 1.–5. tölul. 1. mgr. 84. gr. A skal bankaeftirlitið skýra viðkomandi lögbæru yfirvaldi frá því.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 89. gr. laganna:

a. Nýr töluliður, 1. tölul., bætist við, svohljóðandi: hafi hlutaðeigandi stofnun fengið starfsleyfið á grundvelli falsaðra yfirlýsinga eða á annan óeðlilegan hátt.
b. 2. tölul., sem verður 3. tölul., orðast svo: nýti hlutaðeigandi stofnun ekki starfsleyfið innan tólf mánaða frá því að það var veitt, afsali sér ótvírætt leyfinu eða hætti starfsemi í meira en sex mánuði samfellt.
c. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður, 6. tölul., svohljóðandi: sé það mat bankaeftirlits að náin tengsl viðskiptabanka eða sparisjóðs við einstaklinga eða lögaðila geti hindrað það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum. Sama á við ef lög eða reglur, sem um þá aðila gilda, hindra eðlilegt eftirlit. Starfsleyfi verður þó aðeins afturkallað að bankaeftirlitið hafi gert athugasemdir við hlutaðeigandi banka eða sparisjóð áður og gefið fyrirtækinu kost á að leysa úr málinu.

23. gr.

Ný málsgrein, 3. mgr., bætist við 94. gr. laganna, svohljóðandi:

Nú gerist viðskiptabanki eða sparisjóður, sem hlotið hefur starfsleyfi hér á landi og stundar starfsemi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, brotlegur við lög þess ríkis, og lögbær yfirvöld þess ríkis grípa til ráðstafana sambærilegra þeim sem greinir í 1. mgr., og skal þá bankaeftirlitið aðstoða þarlend lögbær yfirvöld við samskipti þeirra við stjórnendur hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs.

24. gr.

99. gr. laganna orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 10. gr. er heimilt að leggja hömlur á viðskipti með hlutabréf í Sparisjóðabanka Íslands hf. sem stofnaður er af sparisjóðunum.

25. gr.

Ákvæði til bráðabirgða III í lögunum fellur brott.

26. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 8. gr. koma þó ekki til framkvæmda fyrr en 1. júlí 1996. Jafnframt falla brott 5.–7. gr. laga nr. 16/1993, um ráðstafanir til að efla eiginfjárstöðu innlánsstofnana.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Víkjandi lán, sem viðskiptabanki eða sparisjóður hefur tekið fyrir gildistöku laga þessara og greiðast skulu niður með afborgunum, eru undanþegin ákvæði 3. málsl. 1. tölul. 4. mgr. 54. gr. laganna um endurgreiðslu víkjandi lána sem teljast til eiginfjárþáttar B.

II.

Ríkissjóður yfirtekur frá og með gildistöku laga þessara allar eignir og skuldir lánadeildar Tryggingarsjóðs viðskiptabanka.

855. Skýrsla [127. mál]

fjármálaráðherra um áhrif 14% virðisaukaskatts á bóka-, blaða- og tímaritaútgáfu, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

Í þessari skýrslu er að beiðni Alþingis leitast við að draga fram áhrif álagningar 14% virðisaukaskatts á bóka-, blaða- og tímaritaútgáfu og er fyrst og fremst byggt á gögnum frá embætti ríkisskattstjóra um veltu í viðkomandi atvinnugreinum (upplýsingar frá fyrirtækjunum sjálfum) auk skýrslna frá Þjóðhagsstofnun um afkomu einstakra atvinnugreina. Skattlagningin kom til framkvæmda á miðju ári 1993. Til að fá marktækan samanburð milli ára var talið nauðsynlegt að fyrir lægju upplýsingar um ýmis þau atriði sem spurt er um fyrir að minnsta kosti tvö heil ár, þ.e. árin 1994 og 1995. Af þessum sökum hefur ekki verið unnt að svara fyrirspurninni fyrr og er beðist velvirðingar á því.

Rétt er að benda á að ekki er unnt að svara með óyggjandi hætti hvaða áhrif breyting á tilteknum skatti, svo sem virðisaukaskatti, kann að hafa haft á afkomu eða umsvif í einstökum atvinnugreinum. Ástæðan er einfaldlega sú að þessi áhrif er ekki hægt að einangra frá öðrum þáttum sem einnig hafa áhrif á framvinduna. Hér skiptir því máli hvernig framvinda efnahagsmála almennt hefur verið, kaupmáttarþróun almennings, verðlagsþróun o.fl. auk hugsanlega sérstakra aðstæðna í einstökum atvinnugreinum. Af þessum ástæðum hefur hér verið farin sú leið að draga upp mynd af afkomu og veltu í þeim atvinnugreinum sem fást við bóka-, blaða- og tímaritaútgáfu og bera þróunina saman við aðrar atvinnugreinar. Jafnframt er reynt að draga ályktanir svo sem fyrirliggjandi upplýsingar gefa tilefni til og nálgast þannig svör við spurningunum.

1. Aðdragandi.

Í lok árs 1992 samþykkti Alþingi umfangsmiklar breytingar í skattamálum þar sem meðal annars var kveðið á um verulega fækkun undanþága frá virðisaukaskatti. Frá 1. janúar 1993 hefur verið lagður 14% virðisaukaskattur á húshitunarkostnað og frá 1. júlí 1993 á afnotagjöld sjónvarps og útvarps, íslenskar bækur, blöð og tímarit. Rökin fyrir þessum breytingum voru að mikill fjöldi undanþága torveldaði skatteftirlit og stuðlaði að undanskotum. Auk þess voru ekki talin sjáanleg rök fyrir því að undanþágur í íslenska virðisaukaskattkerfinu ættu að vera víðtækari en hjá öðrum þjóðum. Þannig eru bækur, blöð og tímarit víðast hvar skattlögð í Evrópu, oftast í lægra þrepi en almennar vörur og þjónusta. Álagning 14% virðisaukaskatts á íslenskar bækur, blöð og tímarit er þannig í fullu samræmi við ríkjandi stefnu Evrópuríkja í skattamálum.

Rétt er að vekja athygli á því að samkvæmt upphaflegu lögunum um virðisaukaskatt sem tóku gildi í ársbyrjun 1990 var lagður 24,5% virðisaukaskattur á bækur, en áður báru þær 25% söluskatt. Haustið 1990 var ákveðið að undanþiggja bækur virðisaukaskatti. Sú ákvörðun að leggja 14% virðisaukaskatt á íslenskar bækur árið 1993 felur í sér mun minni skattlagningu en var á dögum söluskattsins. Auk þess safnaðist söluskattur upp í verði bóka þar sem hann var einnig lagður á aðföng og því voru áhrif hans á skattlagningu mun meiri en af 14% virðisaukaskatti. Framleiðsla og sala dagblaða og tímarita var hins vegar undanþegin virðisaukaskatti fram til ársins 1993 og söluskatti þar áður.

2. Tekjur ríkissjóðs af 14% VSK á bækur, blöð og tímarit.

Fyrsta spurningin snýr að þeim tekjum sem skattlagning bóka, blaða og tímarita hefur skilað í ríkissjóð. Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra var innheimta virðisaukaskatts af bóka-, blaða- og tímaritaútgáfu sem hér segir á tímabilinu 1. júlí 1993 til ársloka 1995 (tölur fyrir 1993 eru ekki sambærilegar við 1994 og 1995 því að þær eru aðeins fyrir síðari hluta ársins):

Virðisaukaskattur af bókum, blöðum og tímaritum.

Í milljónum króna	1993	1994	1995
I. Atvgr. 284. Útgáfa blaða, bóka og tímarita:			
Útskattur, 14%	234	417	415
Innskattur, áætlun	165	245	237
Nettóskil	**69**	**172**	**178**
II. Atvgr. 623. Bóka- og ritfangaverslun:			
Útskattur, 14%	93	185	191
Innskattur, áætlun	77	146	150
Nettóskil	**16**	**39**	**41**
III. Atvgr. 281, 282 og 282, Prentun, prentmyndagerð, bókband:			
Útskattur, 14%	10	16	17
Innskattur, áætlun	4	7	7
Nettóskil	**6**	**9**	**10**
IV. Samtals [1]			
Útskattur, 14%	337	618	623
Innskattur, áætlun [2]	246	398	394
Nettóskil	**91**	**220**	**229**

[1] Í þetta yfirlit vantar sölutölur verslana, eins og söluturna, bensínstöðva og stórmarkaða, en sala þeirra hefur farið vaxandi á undanförnum árum.

[2] Innskattur atvinnugreina er ekki sundurliðaður eftir því hvort um er að ræða sölu/framleiðslu á vöru eða þjónustu með 14% VSK eða 24½% VSK. Hér er sú skipting áætluð sem hlutfall af veltu.

Af þessu yfirliti má ráða að árlegar virðisaukaskatttekjur ríkissjóðs af sölu íslenskra bóka, blaða og tímarita nemi rúmlega 600 m.kr. brúttó og liðlega 200 m.kr. nettó. Inn í þessar tölur vantar hins vegar eins og segir í athugasemd með töflunni sölutölur verslana, eins og söluturna, bensínstöðva og stórmarkaða. Lauslega áætlað má því reikna með að skattlagningin skili nálægt 700 m.kr. brúttó þegar allt er talið, en um 300 m.kr. að teknu tilliti til innskattsfrádráttar. Rétt er að nefna að lágar veltutölur í prentiðnaði skýrast af því að prentþjónusta ber 24,5% virðisaukaskatt sem myndar innskattsfrádrátt hjá útgáfunum. Einnig má benda á að erlendar bækur bera 24,5% virðisaukaskatt.

3. Fjöldi útgáfufyrirtækja og velta prentiðnaðar.

Til að nálgast svar við spurningunni um áhrif skattlagningarinnar á afkomu fyrirtækjanna, sölu og almenn umsvif voru skoðaðar tölur um veltu og fjölda fyrirtækja annars vegar og afkomu hins vegar. Hér verður þó að ítreka að þessar upplýsingar gefa ekki óyggjandi svör við spurningunum þar sem ekki er hægt að greina áhrif skattlagningarinnar frá öðrum atriðum, svo sem almennu efnahagsástandi o.fl.

Lítum fyrst á veltu- og fjöldatölur. Miðað er við tölur síðari árshelmings hvers undangenginna þriggja ára skipt eftir innheimtutímabilum, þ.e. veltu í júlí og ágúst (4. tímabil), september og október (5. tímabil) og nóvember og desember (6. tímabil). Þannig ætti að fást þokkalegt yfirlit yfir þróunina frá því að 14% virðisaukaskattur var tekinn upp á íslenskar bækur, blöð og tímarit um mitt ár 1993.

Heildarvelta og fjöldi fyrirtækja í prentun, bóka- og blaðaútgáfu 1993–1995.
Skipt eftir innheimtutímabilum VSK.

	- 1993 -			- 1994 -			- 1995 -		
	4.	5.	6.	4.	5.	6.	4.	5.	6.
I. Prentun (281):									
Fjöldi fyrirtækja, 24,5% VSK[1]	183	186	176	158	162	180	171	185	186
Velta alls, m.kr.	520	635	801	553	658	873	639	750	927
Samanlögð velta júlí–des. m.kr.	.	.	1.956	.	.	2.084	.	.	2.316
Hækkun milli ára, %	.	.	.	.	.	**6,5**	.	.	**11,1**
II. Bókaútgáfa, bókaverslun (284,623)[2]:									
Fjöldi fyrirtækja, 14% VSK	186	228	233	227	240	258	234	245	293
Velta, m.kr.	467	719	1.151	569	775	1.113	557	762	1.173
Samanlögð velta júlí–des. m.kr.	.	.	2.337	.	.	2.457	.	.	2.492
Hækkun milli ára, %			.	.	.	**5,1**	.	.	**1,4**

[1] Hverfandi fjöldi fyrirtækja í þessari atvinnugrein selur bækur, blöð og tímarit í smásölu, heldur er hér fyrst og fremst um sölu á prentþjónustu að ræða, en hún ber 24,5% skatt.

[2] Hér er um að ræða veltu með 14% virðisaukaskatti í atvgr. 284, bóka- og blaðaútgáfu og atvgr. 623, bókaverslun. Einnig þarf að hafa í huga að bóka- og blaðasala hefur aukist umtalsvert í öðrum tegundum verslunar á undanförnum árum, einkum þó stórmörkuðum.

Þó að þessar tölur þurfi að skoða með nokkrum fyrirvara vegna tilfærslu milli tímabila er ekkert sem bendir til að fyrirtækjum hafi fækkað í þessum greinum á undanförnum árum. Þvert á móti hefur fyrirtækjum sem gefa út og selja bækur, blöð og tímarit fjölgað um rúmlega 19% frá árinu 1993. Þá hefur velta þessara fyrirtækja aukist þegar á heildina er litið þrátt fyrir að ljóst sé að nokkur tilflutningur hefur átt sér stað yfir í aðrar tegundir verslunar, eins og stórmarkaði. Svipuð þróun er í prentþjónustu. Þessar tölur einar og sér gefa hvorki til kynna að álagning 14% virðisaukaskatts hafi stuðlað að fækkun fyrirtækja í þessum greinum né samdrætti í veltu þeirra.

4. Afkoma prentsmiðja og útgáfufyrirtækja.

Þjóðhagsstofnun gaf nýlega út skýrslu um afkomu einstakra atvinnugreina á árinu 1993 (Atvinnuvegaskýrsla 1993; febrúar 1996). Heildaruppgjörs fyrir árið 1994 er hins vegar ekki að vænta fyrr en undir lok þessa árs. Meðal þess sem er að finna í skýrslunni eru yfirlit yfir hagnað atvinnugreina af reglulegri starfsemi í hlutfalli við rekstrartekjur allt aftur til ársins 1983. Hér eru birtar tölur fyrir tímabilið 1988 til 1993. Enn fremur hefur stofnunin gefið út sérstaka skýrslu um afkomu einstakra atvinnugreina sem byggir á athugun á ársreikningum 1.440 fyrirtækja fyrir árin 1993 og 1994, sbr. meðfylgjandi töflu. Rétt er að árétta að um er að ræða úrtaksathugun en ekki heildarúttekt á afkomu greinanna.

Hagnaður af reglulegri starfsemi sem % af rekstrartekjum 1988–1993.

	- Atvinnuvegaskýrsla ÞHS -						Ársreikningar fyrirtækja	
	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1993	1994
Prentun, útgáfa, sala bóka, blaða og tímarita	**0,0**	**-0,3**	**5,1**	**3,6**	**2,7**	**-0,4**	**0,2**	**4,2**
Prentun (atvgr. 281)	1,1	2,0	5,6	6,8	6,9	2,7	3,2	6,2
Bóka- og blaðaútgáfa (atvgr. 284)	0,0	2,0	4,3	2,2	0,6	-3,7	-3,7	1,8
Bókaverslanir (atvgr. 623)	-1,8	-9,5	6,1	1,7	1,2	2,9	2,2	0,3
Til samanburðar:								
Allar greinar	**-2,2**	**0,0**	**4,3**	**0,8**	**-0,7**	**-0,3**	**0,0**	**3,8**
Smásöluverslun (atvgr. 617-629)	-3,1	0,4	3,5	1,1	1,2	0,9	1,8	2,9
Stórmarkaðir (atvgr. 629)	-4,1	-0,5	2,8	0,5	-2,0	0,2	1,2	3,3
Skemmtanir, menningarmál (atvgr. 851-859)	-2,5	-1,4	3,7	5,1	7,1	5,1	.	.

Samkvæmt þessum upplýsingum hefur afkoma í prentþjónustu, bóka-, blaða- og tímaritaútgáfu verið nokkuð misjöfn eftir einstökum greinum. Prentþjónusta stendur greinilega best að vígi, en bóka- og blaðaútgáfa og -sala heldur lakar. Þó er athyglisvert að afkoma allra þessara greina batnar verulega í kjölfar upptöku virðisaukaskatts árið 1990. Þar gætir vafalaust áhrifa þess að greinarnar hafa getað nýtt sér innskattsfrádráttinn, en sá möguleiki var ekki fyrir hendi í söluskattskerfinu.

Einnig er athyglisvert að afkoma greinanna batnar umtalsvert milli áranna 1993 og 1994. Þótt hér gæti vafalaust að einhverju leyti áhrifa batnandi efnahagsástands gefa þessar tölur ekki tilefni til að ætla að álagning virðisaukaskatts hafi valdið þungum búsifjum. Þá er rétt að vekja athygli á því að afkoma þeirra greina sem fást við prentun og sölu bóka og tímarita sýnist að jafnaði hafa verið betri en afkoma annarra greina á þessu tímabili.

5. Ýmis atriði.

Fjöldi útgefinna bóka, blaða og tímarita. Ekki liggja fyrir tölur á reiðum höndum um eintakafjölda útgefinna bóka, blaða og tímarita. Samkvæmt upplýsingum Landsbókasafns Íslands – Háskólasafns er hins vegar hægt að nálgast hve margir titlar hafa verið gefnir út. Þessar tölur sýna að fjöldi bókatitla nam um 1.600 hvort ár 1990 og 1991, náði hámarki í 1.740 árið 1992, en hefur síðan farið minnkandi, í 1.520 árið 1993 og 1.427 árið 1994. Einnig er athyglisvert að fjöldi tímarita hefur stóraukist undanfarin ár, eða úr 562 árið 1990 í 629 árið 1993 og 938 árið 1994. Sömu þróunar gætir í útgáfu blaða, en þeim hefur fjölgað um tæplega þriðjung frá árinu 1990.

Þótt þessar upplýsingar gefi takmarkaðar vísbendingar um heildarfjölda útgefinna bóka, blaða og tímarita, þ.e. bæði fjölda titla og seld eintök, virðist sem fyrr erfitt að ályktа að þær endurspegli neikvæð áhrif álagningar virðisaukaskatts. En sem fyrr segir er erfitt að draga einhlítar ályktanir af þessu talnaefni.

Fjöldi starfa. Ekki liggja fyrir upplýsingar um fjölda starfa í þessum atvinnugreinum eftir árið 1993. Hins vegar hefur störfuð í öllum þessum greinum fækkað frá árinu 1990, um tæplega 9% í heild, eða sem svarar til 200 ársverka. Hér gætir ekki áhrifa virðisaukaskattsins því að hann var ekki lagður á fyrr en á miðju ári 1993 sem fyrr segir. Þessi þróun endurspeglar vafalaust áhrif erfiðs efnahagsástands á þessu tímabili sem hefur kallað á samdrátt og aukna hagræðingu í þessum greinum. Ekki má heldur gleyma stóraukinni tölvunotkun sem á sinn þátt í þessari þróun.

Fjöldi gjaldþrota, afkoma rithöfunda o.fl. Upplýsingar um fjölda gjaldþrota eftir atvinnugreinum liggja ekki fyrir á sundurliðuðu formi. Hins vegar sýna tölur Hagstofu Íslands að gjaldþrotum fyrirtækja hefur almennt fjölgað á undanförnum árum. Þó virðist hafa hægt verulega á þessari þróun milli áranna 1993 og 1994, en fjöldi gjaldþrota fyrirtækja hélst nánast óbreyttur milli ára. Þá liggja heldur ekki fyrir upplýsingar um afkomu rithöfunda eða um hvort og í hvaða mæli verkefni tengd bóka- og blaðaútgáfu kunna að hafa flust úr landi.

Hefur ríkissjóður tapað fé vegna samdráttar o.s.frv.? Af þeim upplýsingum sem hér hefur verið fjallað um er ekki unnt að draga þá ályktun að velta fyrirtækja hafi minnkað frá árinu 1993. Þvert á móti jókst veltan talsvert milli áranna 1993 og 1994 og einnig nokkuð, þó minna, milli 1994 og 1995. Samkvæmt því má ætla að tekjur ríkissjóðs hafi fremur aukist en hitt, eins og fram kemur fyrr í þessari skýrslu.

Samkeppnisstaðan. Á undanförnum árum hafa átt stað umfangsmiklar breytingar á skattlagningu fyrirtækja á öllum sviðum. Árið 1990 var álagningarkerfi launatengdra gjalda umbylt með upptöku tryggingagjalds í stað margra smærri gjalda. Þá hafa orðið miklar breytingar á tekjuskattlagningu fyrirtækja, jafnframt því að skatthlutfallið hefur verið lækkað um þriðjung, úr 50% í 33%. Síðast en ekki síst var aðstöðugjaldið fellt niður á árinu 1993, en við það dró verulega úr mismunun milli einstakra atvinnugreina. Þegar allt er lagt saman hafa skattar íslenskra fyrirtækja því lækkað verulega á undanförnum árum og óhætt er að fullyrða að skattalegt umhverfi atvinnulífsins sé síst lakara en gerist í nágrannalöndunum. Samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja, jafnt innbyrðis og gagnvart erlendum keppinautum, hefur þannig gjörbreyst. Þessi bættu skilyrði nýtast að sjálfsögðu jafnt prentsmiðjum, bókaútgáfum og bóksölum eins og öðrum fyrirtækjum. Ljóst er að staða bókaútgefenda og tengdrar starfsemi er að því leyti betri í dag en var fyrir daga virðisaukaskattsins. Jafnframt má benda á að ýmislegt annað menningarefni í beinni samkeppni við bækur, blöð og tímarit ber 24½% virðisaukaskatt, sbr. hljómplötur, geisladiskar, myndbönd o.fl.

6. Niðurstaða.

Enn er rétt að ítreka þá fyrirvara sem hér hafa verið nefndir, bæði við ýmsar þær upplýsingar sem hér hafa verið settar fram og eins að ógerlegt er að greina sérstaklega áhrif virðisaukaskatts frá öðrum áhrifum. Því er óvarlegt að draga of miklar ályktanir af þessu efni. Hins vegar virðist við skoðun á þessu talnaefni ekki ástæða til að ætla að álagning virðisaukaskatts á þessar tilteknu atvinnugreinar hafi rýrt stöðu þeirra.

856. Breytingartillaga [217. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 131/1990, um Háskóla Íslands.

Frá 2. minni hluta menntamálanefndar (LB, SJóh).

1. gr. orðist svo:

Í stað 6. og 7. mgr. 21. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar er orðast svo:

Við skrásetningu til náms greiðir stúdent skrásetningargjald, 9.000 kr. Af þeirri fjárhæð er háskólaráði heimilt að ráðstafa allt að 2.800 kr. til Félagsstofnunar stúdenta og allt að 2.200 kr. til stúdentaráðs Háskóla Íslands til sérstakra verkefna samkvæmt samningi milli Háskólans og stúdentaráðs sem háskólaráð staðfestir.

Þeir einir teljast stúdentar við Háskóla Íslands sem skrásettir hafa verið til náms. Í reglugerð má kveða nánar á um árlega skrásetningu stúdenta.

Heimilt er að hækka fjárhæðir þær sem tilgreindar eru í 6. mgr. til samræmis við þær breytingar sem verða á vísitölu neysluverðs, sbr. lög nr. 12/1995.

857. Breytingartillaga [218. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Háskólann á Akureyri, nr. 51/1992, með síðari breytingu.

Frá 2. minni hluta menntamálanefndar (LB, SJóh).

Eftirfarandi breytingar verði á 1. gr.:

a. 1. efnismgr. orðist svo:

Hver sá sem staðist hefur stúdentspróf frá íslenskum skóla sem heimild hefur til að brautskrá stúdenta getur sótt um að skrá sig til náms við háskólann gegn því að greiða skrásetningargjald, 9.000 kr. Af þeirri fjárhæð er háskólanefnd heimilt með samningi að ráðstafa allt að 2.800 kr. til Félagsstofnunar stúdenta á Akureyri og allt að 2.200 kr. til sérstakra verkefna samkvæmt samningi milli Háskólans á Akureyri og Félags stúdenta við Háskólann á Akureyri sem háskólanefnd staðfestir.

b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er að hækka fjárhæðir þær sem tilgreindar eru í 1. mgr. til samræmis við þær breytingar sem verða á vísitölu neysluverðs, sbr. lög nr. 12/1995.

858. Fyrirspurn [495. mál]

til landbúnaðarráðherra um sölu íslenskra hesta til útlanda.

Frá Guðna Ágústssyni.

Hvað hefur ríkisstjórnin gert eða hyggst gera til að greiða fyrir sölu á íslenskum hestum á erlendan markað?

859. Tillaga til þingsályktunar [496. mál]

um endurskoðun laga um tjáningarfrelsi.

Flm.: Svavar Gestsson, Jón Kristjánsson, Kristinn H. Gunnarsson, Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hraða endurskoðun þeirra ákvæða hegningarlaganna sem fjalla um meiðyrði. Þá samþykkir Alþingi að fela ríkisstjórninni að láta semja sérstakt lagafrumvarp um framkvæmd á þeim ákvæðum stjórnarskrárinnar sem eiga að tryggja prentfrelsi. Höfð verði hliðsjón af þeim lagaákvæðum sem tryggja eiga prentfrelsi og tjáningarfrelsi í grannlöndum okkar, en þess verði einnig gætt að taka mið af nýrri tækni í fjölmiðlun þannig að ný lög verði í samræmi við þá tækniþróun sem orðið hefur á sviði fjölmiðlunar.

Ríkisstjórnin geri Alþingi grein fyrir þessari endurskoðun og tillögum sínum í upphafi næsta þings.

Greinargerð.

Mál þetta var flutt á 118. þingi og þá fylgdi því greinargerð þar sem m.a. kom fram:

Ákvæði almennra hegningarlaga um meiðyrði eru löngu úrelt. Um það er full samstaða meðal flestra þeirra er að málum þessum hafa komið.

Hér er flutt tillaga um að

a. hraðað verði endurskoðun þeirra ákvæða hegningarlaga sem á einhvern hátt snerta tjáningarfrelsi og geta orðið til þess við óvarlega notkun að hefta málfrelsi,
b. kannað verði hvort setja eigi sérstök lög um prentfrelsi og tjáningarfrelsi til þess að fylla betur út í þann ramma sem stjórnarskráin kveður á um og
c. höfð verði hliðsjón af reynslu grannþjóða okkar í þessum efnum.

Gert er ráð fyrir því að ríkisstjórninni verði falið að vinna að þessum verkefnum og gefa Alþingi skýrslu um gang málsins með haustinu.

Á Alþingi hafa verið flutt fjölmörg þingmál um þetta efni á seinni árum en þau hafa ekki náð fram að ganga, m.a. vegna þess að endurskoðun almennra hegningarlaga hefur staðið yfir. Meiðyrðalöggjöfin er úrelt eins og nú er háttað fjölmiðlun og boðkerfum í landinu. Engu að síður þarf að vera til löggjöf sem ver fólk eins og kostur er fyrir meiðyrðum og ósönnum áburði. Þess vegna er nauðsynlegt að sett verði lög um prentfrelsið sem hluta af tjáningarfrelsinu í heild.

Meiðyrðamál þau sem höfðuð hafa verið eru af misjöfnum toga. Í fylgiskjali er birt yfirlit yfir síðustu dóma í ærumeiðingarmálum.

Fylgiskjal.

Nýjustu dómar í ærumeiðingarmálum.

1. Héraðsdómur Reykjavíkur 21. júlí 1994.

Skipatækni hf. gegn Sigurði Ingvasyni. Ummæli dæmd dauð og ómerk: 12 af 12. (Sums staðar voru ómerkt einstök orð úr viðtölum en annað látið standa.) Refsisekt í ríkissjóð: 50.000 kr. Miskabætur: 250.000 kr. Dæmdur birtingarkostnaður: 100.000 kr. Dæmdur málskostnaður: 200.000 kr. auk vsk. Skaðabótakröfu hafnað. Krafa stefnanda: 15 millj. kr. í skaðabætur.

2. * Héraðsdómur Reykjavíkur 8. apríl 1994.

Níels Adolf Ársælsson gegn Sigurjóni M. Egilssyni og fleirum. Ummæli dæmd dauð og ómerk: 1 af 1. Refsisekt í ríkissjóð 15.000 kr. Dæmdar miskabætur: 30.000 kr. Dæmdur birtingarkostnaður: 30.000 kr. Dæmdur málskostnaður: 100.000 kr. Fjárkröfur stefnanda voru 4.600.000 kr. í miskabætur. Áfrýjað til Hæstaréttar.

3. * Héraðsdómur Reykjavíkur 14. mars 1994.

Már Pétursson gegn Gunnari Smára Egilssyni og Blaði hf: Ummæli dæmd dauð og ómerk: 11 af 11. Miskabætur: 250.000 kr. með vöxtum frá 28. maí 1992. Gunnar Smári greiði 25.000 kr. sekt í ríkissjóð. Dæmdur birtingarkostnaður: 150.000 kr. Dæmdur málskostnaður: 200.000 kr. Stefndi greiði samtals 625.000 kr. Áfrýjað til Hæstaréttar.

4. * Héraðsdómur Reykjavíkur 10. febrúar 1994.

Hrafn Gunnlaugsson gegn Sigurði Á. Friðþjófssyni og fleirum. Ummæli dæmd dauð og ómerk: 18 af 21. Skaðabótakröfu hafnað. Refsikröfu hafnað. Dæmdur birtingarkostnaður: 150.000 kr. Dæmdur málskostnaður: 321.500 kr. Stefndi greiði samtals 471.500 kr.

5. * Héraðsdómur Vestfjarða 7. febrúar 1994.

Níels Adolf Ársælsson gegn Sigurjóni J. Sigurðssyni og Halldóri Sveinbjörnssyni og H-Prenti hf. Ummælin dæmd dauð og ómerk. Skaðabótakröfu hafnað. Refsikröfu hafnað. Málskostnaður felldur niður. Kröfur stefnanda 2.800.000 kr., auk kostnaðar.

6. * Héraðsdómur Norðurlands eystra 22. nóvember 1993.

I. Valbjörn Jónsson og fleiri gegn Pétri Péturssyni lækni. Ummæli dæmd dauð og ómerk. Stefndi sýknaður af öllum fjárkröfum stefnanda. Skilorðsbundin refsing. Málskostnaður felldur niður. Upphaflegar kröfur stefnanda: 7.827.637 kr. II. Ólafur Sigurgeirsson gegn Pétri Péturssyni. Ummæli dæmd dauð og ómerk. Dæmdar miskabætur: 20.000 kr. Dæmdur málskostnaður: 30.000 kr. Til birtingar dóms: 10.000 kr. Áfrýjað til Hæstaréttar.

7. Héraðsdómur Vestfjarða 5. nóvember 1993.

Halldór Þórðarson og fleiri gegn Indriða Aðalsteinssyni. Ummæli dæmd dauð og ómerk: 23 af 23. Stefndi sýknaður af bótakröfum og kröfum um að standa straum af opinberri birtingu dómsins. Dæmdur málskostnaður: 300.000 kr. Upphaflegar kröfur stefnenda: 600.000 kr., auk kostnaðar.

8. * Héraðsdómur Reykjavíkur 11. júní 1993.

Ástþór Bjarni Sigurðsson gegn Haraldi Jónssyni og Sigurði Má Jónssyni. Ummæli dæmd dauð og ómerk: 2 af 6. Fébóta- og refsikröfum hafnað. Kveðið á um birtingu dóms í Pressunni. Dæmdur málskostnaður: 90.000 kr. Upphaflegar kröfur stefnanda: 1.650.000 kr., auk kostnaðar. Áfrýjað til Hæstaréttar.

9. * Héraðsdómur Reykjavíkur 19. maí 1993.

Werner I. Rasmusson gegn Sigurjóni M. Egilssyni og Blaði hf. Ummæli dæmd dauð og ómerk: 3 af 6. Refsi- og bótakröfu hafnað. Kveðið á um birtingu dóms í Pressunni. Dæmdur málskostnaður: 100.000 kr. Upphaflegar kröfur stefnanda: 500.000 kr.

10. Héraðsdómur Reykjaness 14. apríl 1992.

Pétur Einarsson gegn Ólafi Björnssyni. Ummæli dæmd dauð og ómerk. Dæmt vegna brota á 234. gr. og 236. gr. hgl. Miskabætur 60.000 kr. Dæmdur málskostnaður: 150.000 kr. Samtals dæmdur málskostnaður: 210.000 kr.

11. * Héraðsdómur Reykjavíkur 12. mars 1992.

Gallerí Borg hf. og Úlfar Þormóðsson gegn Kristjáni Þorvaldssyni, Þóru Kristínu Ásgeirsdóttur o.fl. Ummæli dæmd dauð og ómerk: 11 af 13. Dæmdar miskabætur: 80.000 kr. með vöxtum frá 6. desember 1990. Dæmdar skaðabætur: 300.000 kr. Refsing dæmd skv. 235. gr. alm. hgl. 50.000 kr. (25.000 kr. hvort um sig). Kveðið á um birtingu í Pressunni. Dæmdur birtingarkostnaður: 150.000 kr. Dæmdur málskostnaður: 170.000 kr. Stefndi greiði samtals 750.000 kr. án vaxta. Áfrýjað til Hæstaréttar.

12. * Hæstiréttur 25. nóvember 1993.

Úlfar Nathanaelsson gegn Blaði hf. og Sigurði Má Jónssyni. Málinu vísað frá Hæstarétti þar sem málatilbúnaði stefnanda var svo áfátt að ekki var hægt að leggja efnisdóm á málið. Úlfar dæmdur til að greiða 40.000 kr. í málskostnað.

13. Hæstiréttur 24. júní 1993.

Gísli G. Ísleifsson gegn Bertu Kristinsdóttur. Ummæli dæmd dauð og ómerk. Dæmdar miskabætur: 30.000 kr. Dæmdur málskostnaður: 140.000 kr. Stefndi greiði samtals 170.000 kr. Sératkvæði Péturs Kr. Hafsteins. Sýkna.

14. Hæstiréttur 19. mars 1993.

Skarphéðinn Ólafsson gegn Heiðari Guðbrandssyni. Sýknað af kröfum stefnanda, m.a. með vísan til 72. gr. stjórnarskrárinnar. Málskostnaður felldur niður. Í undirrétti var Skarphéðni gert að greiða 50.000 kr. í miskabætur og 90.000 kr. í málskostnað.

15. * Hæstiréttur árið 1992, bls. 401.

Ákæruvaldið gegn Halli Magnússyni. Dæmd 60.000 kr. sekt skv. 108. gr. hgl. Dómurinn fer á sakaskrá Halls. Ummælin ómerkt. Miskabætur dæmdar: 150.000 kr. Saksóknaralaun: 150.000 kr. Málsvarnarlaun skipaðs verjanda: 260.000 kr. Samtals greiðir ákærði 610.000 kr. án vaxta. Sératkvæði Hrafns Bragasonar.

16. * Hæstiréttur árið 1989, bls. 1586.

Útgáfufélag Þjóðviljans, Árni Bergmann og Össur Skarphéðinsson gegn Guðmundi G. Þórarinssyni. Ummæli dæmd dauð og ómerk. Ummæli varða við 235. gr. alm. hgl. Refsing felld niður í Hæstarétti með vísan til 8. tölul. 74. gr. Sératkvæði Bjarna K. Bjarnasonar og Arnljóts Björnssonar sem ekki vildu beita 74. gr. hegningarlaga. Dæmdar 100.000 kr. í miskabætur. Kveðið á um birtingu dómsorðs skv. 22. gr. laga nr. 57/1956. Dæmdur birtingarkostnaður 50.000 kr., sbr. 2. mgr. 241. gr. alm. hgl. Dæmdur málskostnaður: 150.000 kr. Samtals greiða stefndu 300.000 kr. án vaxta.

17. Hæstiréttur árið 1987, bls. 1280.

Ákæruvaldið gegn Þorgeiri Þorgeirssyni. Ummæli dæmd dauð og ómerk. Refsing dæmd skv. 108. gr. alm. hgl., 10.000 kr. í sekt. Saksóknaralaun: 20.000 kr. Laun skipaðs verjanda: 40.000 kr. Samtals greiðir ákærði 70.000 kr. án vaxta. Sératkvæði Gauks Jörundssonar er vildi sýkna. Samtals greiddi stefndi 140.000 kr. Mannréttindadómstóll Evrópu í Strassborg sýknaði 22. júní 1992.

Mál sem bíður dóms gegn blaðamönnum:

Hrafn Gunnlaugsson gegn Vikublaðinu.

Nokkur meiðyrðamál sem lokið hefur með sátt eftir stefnu:

Björn Friðfinnsson gegn Frjálsri verslun.

Jóhann Jónas Ingólfsson gegn Blaði hf.

Þórarinn Eldjárn gegn Blaði hf.

Sverrir Örn gegn Guðna Ágústssyni, fyrrverandi bankaráðsformanni Búnaðarbankans.

* merkir mál blaðamanna.

860. Frumvarp til laga [497. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Svavar Gestsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Jón Kristjánsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Sighvatur Björgvinsson.

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 98. gr. laganna:

a. Lokamálsliður 2. mgr. fellur brott.

b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimil er opinber birting á þeim upplýsingum um álagða skatta sem fram koma í álagningar- og skattskrá, svo og útgáfa þeirra upplýsinga í heild eða að hluta. Þá er úrvinnsla upplýsinga úr skránum heimil, svo sem umreikningur álagðra gjalda yfir

í tekjur eða veltufjárhæð, samanburður milli ára eða framreikningur til núvirðis með vísitölureikningi.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

2. gr.

Við 46. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimil er opinber birting á þeim upplýsingum sem fram koma í virðisaukaskattsskrá, svo og útgáfa þeirra upplýsinga í heild eða að hluta. Þá er úrvinnsla upplýsinga úr skránni heimil, svo sem samanburður milli ára.

III. KAFLI
Gildistökuákvæði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði sérstök ákvæði í lög um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, og lög um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, um birtingu, útgáfu og meðferð upplýsinga úr álagningar- og virðisaukaskattsskrám og meðferð upplýsinga úr skattskrá.

Í skattalögum er ekki að finna heimild til að birta og gefa út álagningarskrá eins og gildir um skattskrá, sbr. 2. mgr. 98. gr. laganna. Um meðferð upplýsinga sem fram koma í álagningarskrá fer því eftir lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, nr. 121/1989, að svo miklu leyti sem ekki er mælt fyrir á annan veg í öðrum lögum. Í 1. mgr. 98. gr. skattalaga er reyndar kveðið á um að leggja skuli álagningarskrá fram til sýnis eigi síðar en 15 dögum fyrir lok kærufrests skv. 99. laganna. Í skjóli þeirrar lagaheimildar hefur almenningur aðgang að álagningarskrá í tiltekinn tíma. Þessi heimild hefur verið túlkuð þannig af umboðsmanni Alþingis að á grundvelli þessa lagaákvæðis verði aðgangur fjölmiðla að álagningarskránni hvorki takmarkaður né skorður reistar við heimild þeirra til að birta efni álagningarskrár meðan hún er á annað borð aðgengileg almenningi. Þegar sýningu álagningarskrár lýkur samkvæmt þessu sérákvæði fer um aðgang að skránni og meðferð upplýsinga úr henni að öðru leyti eftir þeim almennu reglum sem gilda um skráningu og meðferð persónuupplýsinga samkvæmt lögum nr. 121/1989. Sambærilegt ákvæði er síðan að finna í lögum um virðisaukaskatt, en þar segir að virðisaukaskattsskrá skuli liggja frammi til sýnis á hentugum stað í tvær vikur í hverju sveitarfélagi.

Tölvunefnd hefur úrskurðað að upplýsingar, sem fram koma í álagningarskrá og skattskrá, falli undir lög nr. 121/1989. Öll birting, útgáfa og meðferð upplýsinga úr álagningarskrá er talin óheimil samkvæmt lögunum ef hún er ekki eðlilegur þáttur í starfsemi þess aðila sem notar upplýsingarnar og tekur ekki einungis til þeirra sem tengjast starfi hans og verksviði, svo sem viðskiptamanna, starfsmanna eða félagsmanna, sbr. 3. gr. Þessi túlkun var staðfest með dómi héraðsdóms Reykjavíkur frá 8. mars 1996.

Með hliðsjón af framangreindu var sett reglugerð í fjármálaráðuneytinu 20. mars 1996 um birtingu, útgáfu og aðra meðferð upplýsinga úr álagningarskrá, skattskrá og virðisaukaskattsskrá með stoð í 119. gr. laga nr. 75/1981 og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Þar er m.a. kveðið á um að öll útgáfa upplýsinga úr álagningarskrá sé óheim-

il, hvort heldur sem er í heild eða að hluta. Þó sé heimilt að birta í fjölmiðlum upplýsingar úr álagningarskrá á þeim tíma sem hún liggur frammi. Þá segir enn fremur í reglugerðinni að allar upplýsingar úr álagningar-, viðisauka- og skattskrá megi aðeins birta á þann hátt sem þær koma fyrir í skránum. Öll úrvinnsla upplýsinga úr skránum sé óheimil og dæmi tekin í því sambandi.

Á tímum sífellt aukinna krafna um opnun þjóðfélagsins og upplýsingaskyldu er mjög óeðlilegt að laga- og reglugerðarákvæði hindri aðgang að skattskrám. Veigamikið atriði gegn skattsvikum er virkt aðhald til að vinna gegn slíkum svikum. Lífsstíll margra fer ekki saman við það sem þeir greiða til samfélagsins. Við því hefur verið reynt að bregðast, m.a. hefur verið stofnuð eftirlitsnefnd í einu sveitarfélagi til að bera saman skatta og lífsstíl, einmitt í því skyni að veita aðhald og reyna að hafa áhrif til varnar skattsvikum. Með sama hætti hafa fjölmiðlar reynt að halda uppi aðhaldi gegn skattsvikum og m.a. nýtt álagningar- og skattskrár í því skyni. Það hefur tvímælalaust haft varnaðaráhrif gegn skattsvikum. Með framangreindri reglugerð fjármálaráðherra hefur grundvellinum verið kippt undan því virka aðhaldi sem eðlilegur aðgangur að álagningar- og skattskrá hefur veitt.

Flutningsmenn vilja með frumvarpi þessu breyta þeim reglum sem nú hafa verið staðfestar um birtingu, útgáfu og meðferð upplýsinga úr framangreindum skrám og leggja til að heimildir til að nýta sér þær upplýsingar, sem þar koma fram, verði rýmkaðar verulega. Ljóst er að þó að hin áðurnefnda, umdeilda reglugerð verði felld úr gildi þarf engu að síður að bæta ákvæði skattalaga og laga um virðisaukaskatt. Þess vegna er frumvarpið lagt fram.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að sams konar heimild og nú er að finna í 2. mgr. 98. gr. laga nr. 75/1981, um opinbera birtingu á upplýsingum um álagða skatta sem fram koma í skattskrá og útgáfu slíkra upplýsinga, eigi einnig við um álagningarskrá. Þá er og lagt til að úrvinnsla upplýsinga úr álagningar- og skattskrá verði heimil og eru í greininni nefnd nokkur atriði í dæmaskyni. Við úrvinnslu upplýsinga úr skránum er þó eðlilegt að fjölmiðlar og aðrir, sem með upplýsingarnar fara, geti heimilda sinna og að við birtingu, útgáfu og meðferð upplýsinga úr álagningarskrá sé skýrt frá að ekki sé um endanlega álagningu að ræða og að álagningin geti tekið breytingum.

Um 2. gr.

Lögð er til sams konar breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, og lýst er í athugasemdum við 1. gr., þ.e. að heimiluð verði opinber birting á þeim upplýsingum sem fram koma í virðisaukaskattsskrá og útgáfa þeirra upplýsinga í heild eða að hluta. Þá er einnig heimiluð úrvinnsla upplýsinga úr skránni.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

861. Lög [87. mál]

um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1991.

(Afgreidd frá Alþingi 24. apríl.)

Samhljóða þskj. 88.

862. Lög [88. mál]

um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1992.

(Afgreidd frá Alþingi 24. apríl.)

Samhljóða þskj. 89.

863. Lög [128. mál]

um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1993.

(Afgreidd frá Alþingi 24. apríl.)

Samhljóða þskj. 153.

864. Svar [358. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um gjaldtöku ríkisins af skemmtiferðaskipum.

1. *Hve mörg skemmtiferðaskip komu til landsins árin 1994 og 1995?*

Árið 1994 voru komur skemmtiferðaskipa til landsins alls 97, sum skipanna komu oftar en einu sinni, alls 26 skip.

Árið 1995 voru komur skemmtiferðaskipa til landsins alls 133, sum skipanna komu oftar en einu sinni, alls 30 skip.

2. *Hvaða gjöld þurfa eigendur skemmtiferðaskipa að greiða við komu til íslenskra hafna?*

Skemmtiferðaskip þurfa að greiða eftirtalin gjöld við komu til íslenskra hafna: Vitagjald, afgreiðslugjald, lestargjald og bryggjugjald ef lagst er að bryggju. Síðan þarf að greiða eftir atvikum vatnsgjöld, festargjöld og hafnsögugjöld (fyrir þjónustu hafnsögubáts ef á þarf að halda).

Vitagjald er 57,80 kr. af hverju brúttótonni skips. Erlend skip greiða fjórðung gjaldsins við fjórar fyrstu komur til landsins. Gjaldið er innheimt í fyrstu höfn sem skipið tekur hér á landi. Gjaldið er tekið samkvæmt lögum um vitamál, nr. 56/1981, með síðari breytingum, og reglugerð um vitagjald, nr. 188/1995. Gjaldið rennur í ríkissjóð sem markaður tekjustofn Vitastofnunar.

Afgreiðslugjald er greitt við tollafgreiðslu skips. Gjaldið er nú 5 kr. á nettótonn eða burðargetu skips en var 15 kr. árin 1994 og 1995 fyrir skemmtiferðaskip. Heimild til töku gjaldsins er í lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með síðari breytingum, og rennur það í ríkissjóð.

Lestargjald er 4,50 kr. á hvert brúttótonn skips.

Bryggjugjald er 2,20 kr. á hvert brúttótonn.

3. Hvernig er gjaldtöku háttað ef komið er í tvær eða fleiri hafnir?

Vitagjald er einungis greitt í fyrstu viðkomuhöfn en önnur gjöld eru tekin af skemmtiferðaskipum í hverri höfn eftir því sem við á og eftir því hvaða þjónusta er veitt.

4. Hver var meðaltalsupphæð heildargreiðslu skemmtiferðaskipa árin 1994 og 1995?

Meðaltalsupphæð heildargreiðslu skemmtiferðaskipa var 427.239 kr. árið 1994 og 333.510 kr. árið 1995.

5. Hverjar voru heildartekjur ríkissjóðs af komu skemmtiferðaskipa sömu ár og hverjar voru tekjur einstakra hafna?

Tekjur ríkisins vegna vitagjalds og afgreiðslugjalds miðað við stærð skemmtiferðaskipa voru eftirfarandi (upphæðir í krónum):

	Árið 1994	Árið 1995
Vitagjald	12.350.646	15.052.059
Tollafgreiðslugjald	5.286.315	6.249.120
Samtals	**17.636.961**	**21.301.179**

Tekjur einstakra hafna voru eftirfarandi (upphæðir í krónum):

Hafnir	Árið 1994	Árið 1995
Akureyri	4.547.370	6.006.906
Húsavík	147.760	117.221
Stykkishólmur	280.573	205.358
Ísafjörður	517.418	430.562
Seyðisfjörður	0	126.529
Vestmannaeyjar	1.955.091	1.435.568
Reykjavík	16.357.044	14.733.623
Samtals	**23.805.256**	**23.055.767**

6. *Hver eru sambærileg gjöld skemmtiferðaskipa, við komu til hafna, annars staðar á Norðurlöndum?*

Reynt var að afla upplýsinga annars staðar á Norðurlöndunum með takmörkuðum árangri. Eftirfarandi upplýsingar fengust:

Danmörk: Höfnum í Danmörku er heimilt að ákveða sjálfar gjöld fyrir þjónustu sína en hafnir í Danmörku eru margar einkareknar. Gjaldtaka er því mismunandi eftir höfnum þar sem hún er ekki samræmd eins og hér á landi. Í Danmörku er ekki greitt sérstakt vitagjald.

Eftirfarandi upplýsingar fengust frá höfninni í Esbjerg um gjaldtöku af skemmtiferðaskipum: Af öllum skemmtiferðaskipum er tekið svokallað skipagjald sem er 1,90 dkr. á brúttótonn. Auk þess eru teknar 2 dkr. í farþegagjald á hvern farþega.

Svíþjóð: Höfnum í Svíþjóð er líkt og í Danmörku heimilt að ákveða sjálfar gjöld fyrir þjónustu sína. Í Svíþjóð er vitagjaldið 4,25 skr. á brúttótonn.

Noregur: Í Noregi er um tvenns konar gjöld að ræða. Annars vegar almennt vitagjald sem ætlað er að greiða 20% af kostnaði ríkisins vegna vita og dufla. Kostnaður norska ríkisins vegna vita var 200 millj. nkr. árið 1994 og greiddi útgerðin 20% eða um 40 millj. nkr. Hins vegar er um að ræða sérstakt gjald sem lagt er á til að greiða kostnað við lóðsþjónustu. Gjaldið er 0,17 nkr. á hvert brúttótonn en fiskiskip, herskip og lysti- og skemmtibátar eru undanþegin því gjaldi.

865. Svar [346. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Kristínar Halldórsdóttur um umhverfisúrbætur á ferðamannastöðum.

1. *Hversu miklu fé var varið til umhverfisúrbóta á ferðamannastöðum árið 1995 og hvernig skiptist kostnaðurinn á milli:*
   a. *Ferðamálaráðs,*
   b. *sveitarfélaga,*
   c. *annarra og þá hverra?*

Ekki liggja fyrir heildarupplýsingar um hve miklu fé var varið til umhverfisúrbóta á ferðamannastöðum árið 1995 á vegum sveitarfélaga eða annarra en Ferðamálaráðs og Vegagerðarinnar. Slíkar upplýsingar er erfitt að nálgast, auk þess sem skilgreining á því hvað er ferðamannastaður í sveitarfélagi getur verið mismunandi.

2. *Til hvaða verkefna var þessu fé varið, hvar voru þau unnin og í hverju fólust þau?*

Hvað varðar framlag Ferðamálaráðs var við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 1995 samþykkt að veita 5 millj. kr. til úrbóta á ferðamannastöðum á Suðurlandi, Suðurnesjum, Vesturlandi og Vestfjörðum. Auglýst var eftir umsóknum um styrki til sveitarfélaga, fyrirtækja og einstaklinga. Gerð var krafa um mótframlag og nam það a.m.k. sömu upphæð og styrkurinn. Alls 27 einstaklingar fengu styrk að upphæð 50–500 þús. kr. hver.

Þá samþykkti Alþingi sérstaka fjárveitingu að upphæð 5 millj. kr. til úrbóta á fjölsóttum ferðamannastöðum. Þeirri fjárveitingu var varið til úrbóta við Krýsuvík, Hraunfossa og Námafjall. Í þessum tilfellum var ekki gert ráð fyrir mótframlagi, en Hafnarfjarðarbær lagði til mannafla við framkvæmdir í Krýsuvík. Í öllum tilvikum tók Vegagerðin þátt í framkvæmdum og undirbúningi og kostaði miklu til.

Vegagerðin varði 24 millj. kr. til að gera áningarstaði við vegi. Líklegt er að í öllum eftirfarandi tilfellum sé um að ræða framkvæmdir sem falla undir umhverfisúrbætur.

Gatnabrún vestan Víkur í Mýrdal. Settur var upp áningarstaður af minni gerðinni.

Í *Vestmannaeyjum* var byrjað á úrbótum á þremur áningarstöðum, en áætlað er að ljúka verkinu á þessu ári.

Mógilsá í Kollafirði. Þar er að mestu lokið við að gera stóran áningarstað með malbikuðu bifreiðastæði.

Krýsuvík og Grænavatn á Reykjanesi. Undirbyggð voru þrjú bifreiðastæði og er áætlað að ljúka lagningu slitlags á þessu ári. Verkefnið er unnið í samráði við Ferðamálaráð.

Við *Hraunfossa í Hálsasveit* var undirbyggt bifreiðastæði, smíðaður útsýnispallur og byrjað á göngustígum. Verkefnið var unnið í samráði við Ferðamálaráð.

Á *Djúpalónssandi* var jafnað undir bifreiðastæði.

Á *Bíldudal* var lokið við lagningu slitlags á litlu bifreiðastæði við upplýsingatöflu.

Í *Hermannslundi sunnan við Hólmavík* var undirbyggt bifreiðastæði og er áætlað að leggja það bundnu slitlagi á þessu ári.

Við *Strákagöng* var að mestu lokið við útsýnisplan við annan gangamunnann.

Við *Hámundarstaðaháls sunnan Dalvíkur* var gerður áningarstaður við minnismerki um Friðrik Friðriksson.

Í *Vaðlareit* var lokið við aðstöðu á útsýnisstað yfir Akureyri og Eyjafjörð.

Við *Goðafoss* var að mestu lokið við að gera stóran áningarstað. Verkefnið var unnið í tengslum við önnur verkefni Ferðamálaráðs á staðnum.

Í *Námaskarði* var unnið að gerð áningarstaðar í tengslum við vegaframkvæmdir á svæðinu.

Við *Jökulsá á Dal* var gerður áningarstaður við nýja brú yfir ána sem lokið var við á árinum. Áætlað er að ljúka verkinu á þessu ári.

Þessu til viðbótar má segja að hluti af því fjármagni sem varið er til styrkvega (25 millj. kr.) og landsvega (64 millj. kr.) gæti talist hér með þar eð í mörgum tilfellum er verið að bæta aðgengi að ferðamannastöðum, sbr. meðfylgjandi yfirlit um fjárveitingar til einstakra vega.

3. *Hversu miklu fé er áætlað að verja til úrbóta á ferðamannastöðum á þessu ári og hvernig skiptist kostnaðurinn á milli:*
   a. *Ferðamálaráðs,*
   b. *sveitarfélaga,*
   c. *annarra og þá hverra?*

Við gerð fjárhagsáætlunar Ferðamálaráðs fyrir árið 1996 var samþykkt að veita 6 millj. kr. til úrbóta á ferðamannastöðum á Norðurlandi og Austurlandi.

Þá samþykkti Alþingi við afgreiðslu fjárlaga sérstaka fjárveitingu að upphæð 10 millj. kr. til úrbóta á fjölsóttum ferðamannastöðum. Auglýstir voru styrkir á sama hátt og gert var á síðasta ári. Gert var ráð fyrir mótframlagi eins og áður og nam það a.m.k. sömu upphæð og styrkurinn.

Alls fengu 27 aðilar styrk að upphæð 50–500 þús. kr. hver.

4. *Hvaða verkefni er um að ræða á þessu ári, hvar verða þau unnin og í hverju felast þau?*

Sérfjárveitingu að upphæð 10 millj. kr. verður varið til áframhaldandi úrbóta við Krýsuvík, Hraunfossa og Námafjall. Auk þess verður ráðist í úrbætur við Dettifoss og Dynjanda í samstarfi við Eimskipafélag Íslands, við Kerið og Geysi og í Hallormsstaðarskógi. Hafnarfjarðarbær, Þingeyrarhreppur, Vallarhreppur og Skógrækt ríkisins eru samstarfsaðilar að verkefnunum.

Í öllum tilvikum nema í Hallormsstaðarskógi kemur Vegagerðin að undirbúningi og framkvæmdum.

Á næstu árum er áætlað að verja svipaðri upphæð og árið 1995 af hálfu Vegagerðarinnar til sambærilegra verkefna en ekki er lokið skiptingu fjárveitinga enn þá.

5. *Er til heildaráætlun um úrbætur á ferðamannastöðum? Ef svo er, hver er áætlaður kostnaður við framkvæmd hennar?*

Í áliti „verkefnastjórnar vegna átaks í umhverfismálum á ferðamannastöðum“, sem skilaði áliti árið 1995, er talið nauðsynlegt að u.þ.b. 210 millj. kr. verði á næstu þremur árum varið til þessa málaflokks.

Tillaga að skiptingu fjár til landsvega á lið 2.5 í vegáætlun 1995.

Vegnúmer	Heiti	Fjárveiting, þús. kr.
F206	Lakavegur	1.000
F208	Fjallabaksleið nyrðri	2.600
F210	Fjallabaksleið syðri	600
221	Sólheimajökulsvegur	600
223	Eldgjárvegur	44
F26	Sprengisandsleið	12.500
224	Landmannalaugavegur	500
F249	Þórsmerkurvegur	300
F261	Emstraleið	400
F35	Kjalvegur	5.000
327	Stangarvegur	100
F347	Kerlingarfjallavegur	500
361	Vallavegur	500
362	Efrivallavegur	100
363	Valhallarvegur	5.200
378	Hamragilsvegur	400
407	Bláfjallaleið	400
428	Vigdísarvallavegur	400
434	Skálafellsvegur	300
F578	Arnarvatnsvegur	600
539	Hítardalsvegur	200
F550	Kaldadalsvegur	1.500
552	Barnafossavegur	100
553	Langavatnsvegur	200
558	Berserkjahraunsvegur	200
F570	Jökulhálsleið	400
572	Dritvíkurvegur	200
69	Steinadalsvegur	600
605	Tröllatunguvegur	1.100
609	Fjarðarhlíðarvegur	150
612	Örlygshafnarvegur	200
637	Seljalandsdalsvegur	100
630	Skálavíkurvegur	200
649	Ófeigsfjarðarvegur	400
F735	Þjófadalavegur	200
F578	Arnarvatnsvegur	600
F752	Skagafjarðarleið	600
793	Skarðsvegur	1.000
837	Hlíðarfjallsvegur	400
F821	Eyjafjarðarleið	1.000
F839	Leirdalsheiðarvegur	500
882	Leyningshólavegur	200
F887	Dragaleið	300
F88	Öskjuleið	1.000
860	Grjótagjárvegur	100
863	Krófluvegur	100
884	Dimmuborgavegur	1.000
885	Námaskarðsvegur	100
F910	Austurleið	4.000
861	Ábyrgisvegur	500
F862	Hómatungnavegur	2.000
F902	Kverkfjallaleið	400
F903	Hvannalindavegur	100
F905	Möðrudalsleið	200
907	Brúarvegur	200
F909	Snæfellsleið	200
F936	Þórdalsheiðarvegur	100
958	Vöðlavíkurvegur	150
F980	Kollumúlavegur	250
F985	Jökulvegur	1.200
	Geymt frá fyrra ári	-1.794
	Alls	52.200
	Óskipt	11.800
	Fjárveiting	**64.000**

Tillaga að skiptingu fjár til styrkvega á lið 2.6 í vegáætlun 1995.

Heiti	Fjárveiting. þús. kr.
Afréttarvegur Mýrdalshrepps	84
Fimmvörðuháls	324
Bílastæði við Skálholtskirkju	418
Bílastæði við Geysi	5.000
Flugvallarvegur á Selfossi	1.100
Vegur á Haukadalsheiði	200
Hlöðuvallavegur	25
Vegur um Fossárdal	141
Vegur að Vatnaskógi	700
Vegur að Langjökli	511
Vegur um Grenjadal	50
Vegur að Deildartunguhver	100
Vegur að Hólmavatni	200
Vegur að orlofsbúðum Svignaskarði	200
Ásbrún Andakílshreppi	2.400
Ýmsir fjallvegir á Vesturlandi	784
Vegur að Öndverðarnesi	151
Viðhald fjallvega á Snæfellsnesi	323
Vegur við Móðulæk á Snæfellsjökul	138
Vegur að Saurum í Helgafellssveit	408
Vegur um Grettisbæli	34
Vegur á Fellsströnd	37
Vegur um Haukadalsskarð	22
Vegur um Reykjadal og Austurárdal	46
Vegur um Selárdal	27
Vegur um Brekkudal	37
Vegur úr Dýrafjarðarbotni	100
Álftamýrarvegur	350
Vegur um Kollafjarðarheiði	300
Fossselsvegur (Síká — afréttargirðing)	100
Vegur um Grímstunguheiði o.fl.	100
Vegur um Laxárdal Austur-Húnavatnssýslu	300
Vegir að Fossárrétt og að Kálfshamarsvík	100
Vegur að Langavatni á Skaga	100
Vegur að Reykjum á Reykjaströnd	328
Bílastæði við Grafarkirkju, Höfðaströnd	100
Vegur að Ingólfsskála	100
Vegur norður Látraströnd	349
Vegur um Flateyjardalsheiði	620
Vegur að Baugaseli	200
Ýmsir fjallvegir í Eyjafirði	52
Barnafellsvegur	100
Vegur í Fossselsskóg	40
Skoruvíkurvegur	227
Vegur í Kverkártungu	300
Vegur í Álandstungu	100
Vegur við Hafralónsá	300
Vegur að Hvammsheiði	100
Vegur að Dalsheiði	100
Vegur að Krókavatni í Finnafirði	500
Vegur um Saurbæjarheiði	12
Vegur í Loðmundarfjörð	200
Vegur að Hrauni í Fossárdal	100
Brúargerð á Skyndidalsá eða Jökulsá í Lóni	200
Vegir inn Hamarsdal	200
Geymt frá fyrra ári	-1.100
Alls	18.038
Óskipt	6.962
Fjárveiting	**25.000**

866. Frumvarp til laga [399. mál]

um breytingu á skaðabótalögum, nr. 50/1993.

(Eftir 2. umr., 24. apríl.)

1. gr.

Í stað „7,5–földum“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: tíföldum.

2. gr.

2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Þegar miskastig er minna en 10% greiðast engar örorkubætur. Þegar miskastig er 10%, 12%, 15%, 18% og 20% skulu örorkubætur vera 120%, 125%, 130%, 135% eða 140% af bótum fyrir varanlegan miska.

3. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra skal skipa nefnd til að vinna að heildarendurskoðun skaðabótalaga. Ráðherra skal leggja fyrir Alþingi frumvarp til breytinga á lögunum eigi síðar en í október 1997.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1996.

867. Frumvarp til laga [271. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

(Eftir 2. umr., 24. apríl.)

1. gr.

Á eftir 64. gr. kemur ný grein, 64. gr. a, svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um heimild eiganda ökutækis til að velja tiltekna bókstafi og tölustafi á skráningarmerki ökutækisins (einkamerki).

Fyrir rétt til einkamerkis skal greiða 25.000 kr., auk gjalds fyrir skráningu og skráningarmerki. Fyrir skráningu á flutningi einkamerkis af einu ökutæki á annað í samræmi við reglur sem settar eru skv. 1. mgr. skal greiða sama gjald og fyrir skráningu eigendaskipta að ökutæki. Gjaldið renni til Umferðarráðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

868. Tillaga til þingsályktunar [498. mál]

um undirbúning vegna flutnings ríkisstofnana.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að móta reglur um málsmeðferð við flutning ríkisstofnanna milli landshluta. Taki þær reglur m.a. á eftirfarandi þáttum:

a. aðstöðu stofnunar í nýju umhverfi,
b. kjörum og réttarstöðu starfsmanna sem flytja með stofnuninni,
c. kjörum og réttarstöðu starfsmanna sem ekki kjósa að flytja,
d. málsmeðferð gagnvart Alþingi áður en ákvörðun er tekin.

Haft verði samráð við samtök opinberra starfsmanna og önnur stéttasamtök eftir því sem við á um mótun reglnanna. Niðurstöður verði kynntar Alþingi eigi síðar en vorið 1997 ásamt tillögum um lagabreytingar sem þörf er talin á.

Greinargerð.

Flutningur opinberra stofnanna frá höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar hefur oft verið til umræðu undanfarin ár og hafa stjórnskipaðar nefndir skilað tillögum um það efni. Minna má á viðamiklar tillögur nefndar árið 1975 um þetta efni og önnur nefnd skilaði áliti á árinu 1993. Lítið hefur í reynd gerst í þessu efni og flutningur ríkisstofnana ekki verið í neinu samræmi við umfang tillagna og mikla umræðu um málefnið. Stefnumörkun stjórnvalda um uppbyggingu og dreifingu opinberrar stjórnsýslu hefur lengst af verið afar óskýr og vöntun á svonefndu þriðja stjórnsýslustigi sem er til staðar annars staðar á Norðurlöndum hefur gert málstök erfiðari en ella.

Miklu skiptir fyrir byggðaþróun að dreifa um landið þeim verkefnum sem til falla á vegum ríkisins. Því fylgja m.a. störf fyrir sérhæft fólk sem kemst þá í snertingu við mannlíf og viðfangsefni í byggðum víða um landið. Að mati flutningsmanns tillögunnar hefur of mikill kraftur farið í skeggræður um að flytja stórar og grónar ríkisstofnanir frá höfuðstaðnum út á land í stað þess að byggja með samræmdum hætti upp þjónustu við íbúana í hverju kjördæmi á helstu umsýslusviðum ríkisins.

Mikilvægt er að þessi mál verði tekin öðrum og ákveðnari tökum en hingað til með það að markmiði að færa þjónustu ríkisins með samræmdum hætti nær fólkinu og styrkja svæðisbundna umsýslu. Þannig má stuðla að betri stjórnsýslu, treysta stöðu landsbyggðar með fjölgun starfa og draga úr miðstýringu.

Í umræðu um þessi mál hefur hingað til skort verulega á umfjöllun um starfsaðstöðu þeirrar stjórnsýslu eða stofnana sem flytja á í nýtt umhverfi og enn óljósari hefur stefnan verið að því er varðar kjör og réttindi hlutaðeigandi starfsmanna. Hefur þetta í senn leitt til ómarkvissra vinnubragða og til óvissu og óánægju hjá starfsmönnum sem átt hafa hagsmuna að gæta vegna fyrirhugaðs flutnings.

Tilfinnanlega skortir á að til séu skýrar reglur m.a. um samskipti við starfsmenn viðkomandi stofnunar, bæði þá sem vilja halda starfi sínu áfram og hina sem ekki kjósa að flytjast með stofnuninni.

Hérlendis eru ekki til neinar heildarreglur er taka á réttarstöðu starfsmanns stofnunar sem fyrirhugað er að flytja á milli landshluta. Hugsanlegt er, vegna ágreiningsmála sem koma upp við flutning stofnunar, að styðjast við reglur sem koma fram í lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og reglur stjórnsýslulaga, nr.

37/1993. Nú hefur ríkisstjórnin látið endurskoða starfsmannalögin og flutt frumvarp þar að lútandi en í því er ekki, frekar en í núgildandi lögum, að finna reglur eða ákvæði um réttindi starfsmanna við flutning ríkisstofnunar.

Rétt er að minna á að í áliti nefndar um flutning ríkisstofnana frá árinu 1993 kemur fram að leita eigi allra ráða til að stofnunum haldist á starfsmönnum sínum. Þá kemur og fram að starfsmenn, sem láta af störfum vegna flutnings stofnunar, ættu að hafa forgang að hliðstæðum störfum í öðrum ríkisstofnunum á höfuðborgarsvæðinu. Að öðru leyti er lítið fjallað um þennan undirstöðuþátt, þ.e. starfsmennina, en mörgum öðrum atriðum eru gerð veruleg skil um leið og settar eru fram ýmsar tillögur um stofnanaflutning.

Við mótun þeirra reglna sem tillagan gerir ráð fyrir er ástæða til að líta til annarra Norðurlanda þar sem mun stærri skref hafa verið stigin en hérlendis við dreifingu stjórnsýslu ríkisins. Hér á eftir verður greint frá aðalatriðum í reglum sem gilda í Noregi varðandi starfsmenn við stofnanaflutning og m.a. var beitt við flutning Norsk Polarinstitutt frá Ósló til Tromsö. Í tengslum við þá ákvörðun var gerður samningur milli starfsmanna og stofnunar og ráðuneytis þess er stofnunin heyrði undir. Náði samningurinn bæði til þeirra starfsmanna sem fluttu með stofnuninni og þeirra sem ekki fluttu. Í honum felst m.a. að stofnunin greiðir starfsmanni sem flytur ákveðinn kostnað vegna ferðalaga, flutnings og kaupa á nýju húsnæði, svo og kostnað við sölu á eldra íbúðarhúsnæði. Einnig á starfsmaður rétt á lánum frá hinu opinbera vegna kostnaðar sem hann hefur af því að skipta um húsnæði. Þá er reynt er að útvega maka starfsmanns vinnu og börnum hans pláss á barnaheimili. Starfsmaður, sem ekki flytur með stofnun, á möguleika að fara á 12 mánaða endurmenntunarnámskeið á fullum launum eftir að stofnunin er flutt, einnig á slíkur starfsmaður möguleika á launalausu leyfi í eitt ár. Þá hefur slíkur starfsmaður forgang að sambærilegri stöðu hjá stofnunum sem heyra undir sama ráðuneyti og svo virðist sem starfsmenn, sem ákveða að flytjast ekki með stofnun, eigi kost á biðlaunum sem nema allt að 100% af fastakaupi þeirra. Einnig er ástæða til að benda á að mörg ár eiga að líða frá ákvörðun um flutning þar til hann er um garð genginn. Með því gefst hlutaðeigandi kostur á rúmum tíma til aðlögunar að breyttum aðstæðum. Verður það ásamt efnahagslegum tryggingum og ýmiss konar fyrirgreiðslu við hlutaðeigandi að teljast grundvallaratriði.

869. Skýrsla [65. mál]

um útbreiðslu fíkniefna og þróun ofbeldis, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

Inngangur.

Forsætisráðuneytið fór þess bréflega á leit við embætti lögreglustjórans í Reykjavík hinn 29. janúar sl. að það hlutaðist til um gerð skýrslu um útbreiðslu fíkniefna og þróun ofbeldis, en beiðni um slíka skýrslu hafði þá borist forsætisráðherra frá nokkrum alþingismönnum.

Í skýrslubeiðni alþingismannanna er að finna mikinn fjölda spurninga og hefur embætti lögreglustjóra reynt eftir fremsta megni að veita við þeim greinargóð svör á þeim skamma tíma sem ætlaður er til gerðar svo yfirgripsmikillar skýrslu. Það olli nokkrum vandkvæðum við gerð skýrslunnar að upplýsingar, sem beðið er um eða eru nauðsynlegar til að hægt sé að veita viðhlítandi svör við einstökum spurningum, eru misjafnlega aðgengilegar og í sumum tilvikum ekki fyrir hendi. Kunna einhver svaranna að bera því vitni.

Forsætisráðuneytið hefur ekki breytt að efni til svörum lögreglustjóraembættisins við einstökum spurningum. Hins vegar eru svör við spurningum nr. 21, 24 og 25 samin af nefnd sem ríkisstjórnin ákvað nýlega að skipa til að samræma störf ráðuneytanna á sviði fíkniefnamála, en spurningarnar varða m.a. stefnumótun ríkisstjórnar.

Við gerð skýrslunnar leitaði embætti lögreglustjóra eftir samstarfi við ýmsa aðila er málið varðar og búa yfir gagnlegum upplýsingum, en meðal þeirra má nefna Fangelsismálastofnun ríkisins, Félagsmálastofnun Reykjavíkur, Fræðslumiðstöð í fíknivörnum, embætti landlæknis, dómsmálaráðuneytið, Rannsóknarlögreglu ríkisins, Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála, ríkistollstjóraembættið, slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur, dr. Helga Gunnlaugsson, lektor við Háskóla Íslands, og Þórodd Bjarnason, Norræna sakfræðiráðinu. Karl Steinar Valsson, afbrotafræðingur hjá embætti lögreglustjóra, hafði umsjón með gerð skýrslunnar.

Færir forsætisráðuneytið þeim er komu að gerð skýrslunnar þakkir fyrir liðsinni þeirra.

I.
Útbreiðsla fíkniefna.

1. Hvernig hefur þróun fíkniefnaneyslu verið hér á landi sl. fimm ár og hvernig má ætla að hún dreifist eftir aldurshópum, kyni og tegundum fíkniefna?

Fíkniefnaneytendum hefur verið að fjölga og aldur neytenda hefur lækkað. Þetta er skoðun lögreglumanna sem vinna að fíkniefnamálum og kemur fram í ársskýrslu ávana- og fíkniefnadeildar árið 1994 og hefur verið ítrekað á árinu 1995. Sama skoðun kemur fram í ársskýrslu SÁÁ árið 1995.

Hafa verður hugfast þegar verið er að meta stöðu fíkniefnamála að upplýsingar eru bundnar við þá einstaklinga sem lögreglan og meðferðarstofnanir hafa afskipti af. Víst er að fleiri eru í neyslu og dreifingu fíkniefna, sem ekki er nein vitneskja um hjá opinberum aðilum.

Við mat á ástandi í fíkniefnamálum er oftast tekið mið af magni fíkniefna sem lagt er hald á af lögreglu- og tollyfirvöldum. Vissulega eru það sterkar vísbendingar um stöðu þessara mála, en varast ber að draga of sterkar ályktanir af því eingöngu. Aukið magn fíkniefna sem lagt hefur verið hald á undanfarið er áhyggjuefni og gefur vísbendingu um aukin umsvif á þessu sviði.

Þau efni sem hafa verið ráðandi á fíkniefnamarkaðnum undanfarin fimm ár eru einkum hass og amfetamín, en síðan hafa komið tímabil þar sem mikið hefur borið á öðrum efnum, þá fremur í stuttan tíma. Dæmi um þau efni eru kókaín, LSD og E-töflur. Flest þessara efna eru seld hér á landi í dag þótt það sé einkum í lokuðum hópum. Mikil dreifing og neysla hefur t.d. verið undanfarin tvö ár á E-töflum, sérstaklega meðal fólks á aldrinum 16 til 20 ára.

Ekki er unnt að svara því hvernig aldursdreifingu þeirra, sem höfð voru afskipti af undanfarin fimm ár, er háttað, þar sem gögn um það eru ekki aðgengileg. Hins vegar má sjá á meðfylgjandi töflum slíkar upplýsingar fyrir árið 1995. Að baki þessum tölum eru allir sem fengu dóm eða sátt í fíkniefnamálum á árinu 1995. Alls eru það 226 einstaklingar, 213 karlar og 13 konur. Fjölmennasti einstaki aldurshópurinn er 20 til 24 ára.

Dómar í fíkniefnamálum.

Hámarksrefsing fyrir fíkniefnabrot er 10 ár, en enginn dómur hefur fallið sem hefur falið í sér hámarksrefsingu. Ef litið er á dómaþróun má sjá að fyrir innflutning á 1 kílói af hassi má vænta 3 mánaða fangelsisvistar og 5 mánaða fangelsisvistar fyrir 200 gramma innflutning af amfetamíni.

Í töflunum hér á eftir má sjá fjölda þeirra einstaklinga sem hlotið hafa dóma vegna fíkniefnamála á árinu 1995. Einungis örfá þessara mála eru frá árinu 1993 eða 1994 en velflest eru framin, rannsökuð og dæmd á árinu 1995. Má því segja að vel hafi tekist til við að hraða meðferð þessara mála hjá lögreglu og dómskerfi og ber að hafa það í huga þegar metið er hvort brotum hafi fjölgað. Nokkrir einstaklingar komu oftar en einu sinni við sögu vegna fíkniefnabrota.

Dómar í fíkniefnamálum 1995.

Aldur	Hass	Amfetamín	Hass/amfetamín	E-töflur	LSD	Marijúana	Samtals
< 15 ára	0	0	0	0	0	0	0
15–19 ára	9	5	2	1	1	0	18
20–24 ára	14	11	11	3	0	0	39
25–29 ára	2	6	4	2	1	0	15
30 ára>	24	12	8	1	1	2	48
Samtals	49	34	25	7	3	2	120

Dómar vegna sölu fíkniefna 1995.

Aldur	Hass	Amfetamín	Hass/amfetamín	E-töflur	LSD	Marijúana	Samtals
< 15 ára	0	0	0	0	0	0	0
15–19 ára	3	1	0	1	0	0	5
20–24 ára	2	4	2	2	0	0	10
25–29 ára	0	3	0	0	0	0	3
30 ára>	10	0	2	0	0	0	12
Samtals	15	8	4	3	0	0	30

Dómar vegna neyslu fíkniefna 1995.

Aldur	Hass	Amfetamín	Hass/amfetamín	E-töflur	LSD	Marijúana	Samtals
< 15 ára	0	0	0	0	0	0	0
15–19 ára	6	4	2	0	1	0	13
20–24 ára	12	7	9	1	0	0	29
25–29 ára	2	3	4	2	1	0	12
30 ára>	14	12	6	1	1	2	36
Samtals	34	26	21	4	3	2	90

Þeir einstaklingar sem fá sáttir í fíkniefnamálum eru þeir sem höfð eru afskipti af og hafa í fórum sínum litla neysluskammta af efnum. Alls voru það 106 einstaklingar sem fengu sáttir vegna fíkniefnaneyslu árið 1995 og meðalsáttarupphæð var 25 þúsund krónur.

Sáttir í fíkniefnamálum 1995.

Aldur	Hass	Amfetamín	Hass/amfetamín	E-töflur	Marijúana	Samtals	Karlar	Konur
< 15 ára	0	0	0	0	0	0	0	0
15–19 ára	28	8	2	1	1	40	36	4
20–24 ára	25	11	5	2	1	44	42	2
25–29 ára	2	3	1	0	1	7	6	1
30 ára>	10	3	1	0	1	15	14	1
Samtals	65	25	9	3	4	106	98	8

2. Hvert má áætla að umfang neyslunnar sé:
a) árin 1990–1995 samanborið við árin 1985–1990
b) miðað við önnur norræn lönd?

Því miður er erfitt að gera nákvæma úttekt á heildarstærð fíkniefnamarkaðar á Íslandi. Má telja að aðgengi að efnum hafi orðið greiðara og kemur það meðal annars fram í rannsókn á vegum Rannsóknarstofnunar uppeldis- og menntamála sem gerð var 1992 og endurtekin 1994 (sjá spurningu 12 hér á eftir). Því miður er ekki hægt að segja fyrir um það hversu mikil neyslan er, en upplýsingar um aðgengi að efnum gefa vísbendingu um að neytendahópurinn hafi verið að stækka á undanförnum árum. Áætla má aukn-

ingu á neyslu fíkniefna með hliðsjón af haldlögðum efnum. Ef árin 1985 til 1990 eru borin saman við síðastliðin fimm ár í þessu tilliti má sjá nokkra breytingu. Finna má aukningu á haldlögðu amfetamíni, meira ber á LSD og nýtt efni, E-töflur, kom á markað og hefur náð mikilli útbreiðslu. Þessi efni eru öll til viðbótar stöðugu framboði á hassi (kannabis) sem hefur verið ráðandi efni á íslenskum fíkniefnamarkaði undanfarinn áratug.

Ef litið er til hinna norrænu landanna má greina svipaða þróun þar fyrir nokkrum árum og hefur verið að gerast hér á landi. Það sem einkum einkennir Norðurlöndin er mikið framboð og neysla á hassi (kannabis) og amfetamíni. Önnur efni virðast koma tímabundið inn á fíkniefnamarkaðinn, sum ná þar nokkurri festu en önnur ekki. Sömu vandamál eru í öllum löndum þegar verið er að reyna að meta neyslumagn í hverju landi fyrir sig. Það má segja að þær tölur sem einkum hefur verið byggt á og segja vissa sögu eru svonefndar haldlagningartölur frá lögreglu. Sammerkt öllum norrænu löndunum er hversu skipulagður heimur fíkniefnaviðskipta virðist vera orðinn. Sú þróun hefur átt sér stað á undanförnum árum. Flestir telja að Danmörk gegni lykilhlutverki og stórum hluta af fíkniefnum sem fara á markað á Norðurlöndum sé dreift þaðan.

Ef reynt er að sjá greinarmuninn á markaði hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum má sjá að heróín virðist hafa mikla útbreiðslu t.d. í Danmörku, en hefur ekki náð neinni fastri útbreiðslu hér á landi. Danir tala um að þau vandamál sem fylgja heróínneyslu séu sérstaklega alvarleg og reyna að sporna gegn frekari útbreiðslu þess efnis.

Viðskipti með fíkniefni eru mun skipulagðari hér á landi nú en áður. Það er hægt að vænta mikils hagnaðar af þessum viðskiptum og verð efna, t.d. í Hollandi, er svo lágt samanborið við íslenskan markað að ekki þarf mikla fjármuni til að hafa af viðskiptunum umtalsverðan hagnað.

Hinu má ekki gleyma að efnin hafa einnig breyst mikið á undanförnum árum. Til dæmis hefur magn THC (tetrahýdrókannabínól) sem er vímugefandi efnið í kannabis aukist verulega. Fyrir kannabisplöntur sem ræktaðar eru utan dyra er THC-magn um 5% og hefur hækkað úr því að vera 2%. Hins vegar er THC-magnið almennt mun hærra í þeim plöntum sem ræktaðar eru innan dyra (oft við sérstakar aðstæður) og hefur mælst allt að 24%. Mikil aukning hefur verið á kannabisefnum með háu THC-innihaldi, sem bendir til aukinnar ræktunar innan dyra. (Skýrsla Sameinuðu Þjóðanna 1995 um ástand í fíkniefnamálum – International Narcotics Control Board – Vienna). Það sem þessar staðreyndir segja okkur er að fíkniefnasala hefur ekki eingöngu aukist að magni til heldur er samsetning þeirra, þ.e. efnisblanda þeirra, mun skaðlegri nú en áður var.

3. Hversu mikið má áætla að flutt hafi verið inn af ólöglegum fíkniefnum sl. 10 ár, hvert er verðmæti þeirra og hve mikið hefur verið gert upptækt á því tímabili?

Mjög erfitt er að segja til um magn þeirra fíkniefna sem flutt hafa verið til landsins. Erlend lögreglulið hafa oft notað þá viðmiðun að hald sé lagt á um 10% þeirra efna sem koma inn í landið. Ekki er víst að sú tala sé raunhæf hér á landi, en mikilsvert er að afla vitneskju um hvesu mikið af fíkniefnum er á markaði hér á landi.

Yfirlit yfir haldlögð fíkniefni sl. 10 ár.

Haldlögð efni	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995
Hass/gr	8906	10383	14916	19170	9321	6760	5167	20650	17699	20235	10933
Marijúana/gr	574	273	236	55	48	74	94	332	86	93	305
Hassolía	0	0	963	105	4	0	8	0	42	0	0
Kannabisplön/stk.	27	0	16	31	13	15	40	36	53	109	221
Amfetamín/gr	970	0	365	640	198	199	1563	1638	3375	783	5146
Kókaín/gr	24	1698	534	100	747	206	206	1295	14	317	143
LSD/stk.	2223	8	0	6	694	58	5	91	69	369	11
Heróín/gr	0	2	0	0	0	0	0	0	0	2	0
Sveppir/gr	0	0	0	0	0	0	91	144	743	813	158
E-töflur/stk.	0	0	0	0	0	0	0	8	1	22	1820
Lyf/Sterar/stk.	0	0	0	0	0	0	4196	357	1235	16232	47644

Í töflunni hér að framan má sjá yfirlit yfir haldlögð fíkniefni frá árinu 1985. Af þessari töflu má sjá aukningu á haldlögðu amfetamíni. Ef tekið er mið af svonefndu götuverði á amfetamíni þá er verðmæti þess magns sem lagt var hald á árið 1995 um 20 milljónir króna og þeirra 10 kílóa, sem lagt var hald á af hassi, um 15 milljónir. Sala á E-töflum hefur verið mjög mikil; ein slík tafla er seld á 3 til 5 þúsund krónur og því er götuverðmæti þeirra 1820 taflna sem lagt var hald á um 6 til 9 milljónir. Þá er vert að benda sérstaklega á að mikil aukning hefur orðið á ræktun kannabisplantna hér á landi á undanförnum árum. Eins og hér kemur fram var lagt hald á 221 slíka plöntu á síðasta ári sem er mikil aukning frá fyrri árum. Ekki er hægt að áætla verðmæti slíkra plantna, m.a. þar sem þær voru á mjög misjöfnu ræktunarstigi þegar lagt var hald á þær.

Að samanlögðu sést að götuverðmæti þeirra efna, sem lagt var hald á árið 1995 er um 40 milljónir kr. ef eingöngu eru skoðuð þau efni sem mest eru í dreifingu um þessar mundir, þ.e.a.s. hass, amfetamín og E-töflur. Því miður virðist sem sú þróun sem varð á árinu 1995 haldi áfram því á fyrstu tveimur mánuðum ársins 1996 hefur verið lagt hald á 1620 grömm af amfetamíni, auk þess sem hald var lagt á 808 töflur af pressuðu amfetamíni. Þá hefur verið lagt hald á 364 grömm af hassi, 34 E-töflur, 223 skammta af LSD og 31 gramm af kókaíni. Það sem er hvað alvarlegast er hversu mikið framboð virðist vera á amfetamíni og LSD.

Þá skulum við skoða verðmæti þeirra fíkniefna sem lögreglan hefur lagt hald á síðustu 10 ár. Til einföldunar er tekið mið af götuverðmæti þessara efna eins og það er haustið 1995. Tekið skal fram að fíkniefni eins og amfetamín og kókaín eru oft drýgð mjög fyrir sölu. Þegar lögreglan hefur lagt hald á þessi efni eru þau hins vegar oft ódrýgð og því væri hægt að auka verðgildi þeirra nokkuð til viðbótar því sem hér er nefnt.

Áætlað verðmæti haldlagðra fíkniefna 1985 til 1995.

Heiti fíkniefna	heildarmagn	götuverðmæti	verðmæti alls
Hass	144,140 kg	1500 fyrir gr.	216 milljónir
Amfetamín	14, 877 kg	4000 fyrir gr.	59,5 milljónir
Kókaín	3,594 kg	15.000 fyrir gr.	53,9 milljónir
E-töflur	1851 tafla	3500 fyrir töflu	6,4 milljónir
Hassolía	1122 gr.	4000 fyrir gr.	4,5 milljónir
LSD	3534 stk.	2000 fyrir töflu	7,0 milljónir
Marijúana	2170 gr.	1500 fyrir gr.	3,2 milljónir
		samtals	350,5 milljónir

4. Hve mikill hefur upptækur hagnaður af sölu ávana- og fíkniefna verið árin 1990–1995 samanborið við árin 1985–1990. Að hve miklu leyti hefur honum verið ráðstafað til forvarna í fíkniefnamálum?

Mjög sjaldgæft er að lagt sé hald á fjármuni við rannsóknir fíkniefnamála og fjárhæðir því óverulegar. Ekki reyndist unnt að fá nákvæmt yfirlit vegna þessa innan þeirra tímamarka sem skýrslugerð þessari voru sett. Fjármunir, sem lagt er hald á vegna þessara mála, renna í ríkissjóð.

5. Er hægt að áætla hve margir hafa beðið varanlegt heilsutjón af ávana- og fíkniefnaneyslu sl. 10 ár?

Í raun er ekki hægt að áætla hve margir hafi beðið varanlegt heilsutjón af völdum áfengis- og fíkniefnaneyslu sl. 10 ár. Kemur þar ýmislegt til og má nefna þrennt í því sambandi. Í fyrsta lagi eru heilbrigðisstéttir ekki sammála um hvenær áfengisneysla, sem er stór hluti ávana- og fíkniefnaneyslu, sé orðin að vandamáli. Á sama hátt er umdeilt hvenær telja megi að slík neysla hafi haft varanlegan skaða í för með sér. Loks eru efalaust skiptar skoðanir um hvernig skilgreina eigi varanlegan skaða. Í þessu sambandi má benda á að í ársskýrslu SÁÁ fyrir árið 1994 segir á bls. 12: „Heilbrigðisstéttir eru ekki sammála um hvernig og hvenær á að greina einhvern áfengissjúkan. Það hefur því verið erfitt að meta tíðni eða líkurnar á því hér á Íslandi sem annars staðar hversu margir yrðu áfengissjúkir. Oft hafa þær tölur sem birst hafa í hverju landi miklu fremur sagt til um viðhorf ráðamanna og heilbrigðisstétta til vandans fremur en að þær segðu til um hversu vímuefnavandinn væri stór í viðkomandi landi.“ Í ljósi framangreinds verður að taka öllum tölulegum upplýsingum með fyrirvara.

Í öðru lagi er varanlegt heilsutjón af völdum ávana- og fíkniefnaneyslu í raun ekki skráð sérstaklega í tölfræðiyfirlitum sjúkrahúsa. Slíka skráningu er eingöngu að finna í sjúkraskrám sjúklinganna á viðkomandi stofnunum.

Í þriðja lagi virðist vera einhver hópur manna sem sjaldan eða aldrei notfærir sér þjónustu heilbrigðiskerfisins þó að flest bendi til að ávana- og fíkniefnaneysla þeirra sé komin úr böndum, a.m.k. tímabundið.

Um þriðjungur sjúklinga hjá SÁÁ 1994 var að koma þangað í fyrsta skipti eða 647 einstaklingar. Heildarfjöldi sjúklinga var 1615 þetta ár. Tölur frá SÁÁ gefa til kynna að um 2/3 hlutar sjúklinga séu ekki að koma þangað í fyrsta sinn. Ekki er óeðlilegt að álykta að einhver hluti þess hóps hafi þegar beðið varanlegt heilsutjón vegna neyslu sinnar á ávana- og fíkniefnum. Reyndar segir í nefndri ársskýrslu að „... þannig viðhorf eru ríkjandi í þjóðfélaginu, að ætla má að nær allir sem lenda í einhverju heilsutjóni eða í langvinnum vanda vegna vímuefnaneyslu fari í meðferð fyrr eða síðar."

Á Ríkisspítölunum er ein af fimm skorum geðdeildar tileinkuð sjúkdómsmeðferð vegna ávana- og fíkniefnavanda. Á þessari deild voru árið 1994 einir 539 einstaklingar lagðir inn en alls dvöldu á sömu skor 718 einstaklingar. Þetta hlutfall gefur vísbendingu um hve stór hluti sjúklinga er lagður inn oftar en einu sinni á ári. Alls voru 396 bráðalegur á Ríkisspítölum árið 1994 vegna ávana- og fíkniefnaneyslu. Þá er allnokkur starfsemi á Sjúkrahúsi Reykjavíkur vegna sömu mála.

Með hliðsjón af öllu framangreindu má telja líklegt að um allstóran hóp sé að ræða sem beðið hefur varanlegt heilsutjón vegna ávana- og fíkniefnaneyslu sl. 10 ár. Vert er að minna á að ofangreindar upplýsingar varða aðeins árið 1994. Sem fyrr segir verður ekki slegið föstu hver sú tala nákvæmlega er, en óhætt að fullyrða að þessi hópur skiptir a.m.k. nokkrum hundruðum.

6. Hvaða breytingar hafa orðið á fjölda innlagna á meðferðarstofnanir vegna ávana- og fíkniefnaneyslu árin 1990–1995 samanborið við árin 1985–1990, skipt eftir aldri og kyni?

Tölur um innlagnir á tímabilinu 1985 til 1990 benda til þess að árlega hafi innlagnir verið um 2.800 til 3.300, en síðustu ár hefur sú tala haldist nær óbreytt með smávægilegum sveiflum þó. Þetta er ekki óeðlileg þróun í ljósi þess að meðferðarúrræðum fyrir sjúklinga sem flestir hafa nýtt sér hefur fjölgað smám saman. Hins vegar virðist ýmislegt benda til þess að í kjölfar aukinnar vímuefnaneyslu meðal ungs fólks og í ljósi aukinnar áherslu SÁÁ á að veita ungu fólki og ekki síst konum meðferð vegna vímuefnavanda megi búast við að þessi tala hækki eitthvað. Ekki er óeðlilegt að ætla að nokkuð tímabundnar sveiflur séu á fjölda innlagna hjá sjúkrastofnunum, m.a. vegna tímabundinna sveiflna og breytinga á neysluvenjum ávana- og fíkniefnaneytenda, ásamt því að stöðugt er verið að brydda upp á nýjungum í meðferð sjúklinga með vímuefnavanda, t.d. með aukinni áherslu á göngudeildarmeðferð með ýmsu sniði, sem og með starfsemi annarra stofnana á þessu sviði.

Samkvæmt gögnum landlæknisembættisins hefur hlutur kvenna farið mjög vaxandi hvað innlagnir varðar á sjúkrastofnanir sem veita meðferð vegna ávana- og fíkniefnavanda. Þannig hefur hlutur þeirra sem eru yngri en 20 ára og koma til meðferðar hjá SÁÁ tvöfaldast á sl. tveimur 5 ára tímabilum. Þó er þetta sérstaklega áberandi hvað nýliða í meðferð hjá SÁÁ varðar, en þar jókst hlutur kvenna, yngri en 20 ára, úr 7,2% í 21,8% og hlutur sama aldurshóps karla úr 7,2% í 15,4% frá 1984 til 1995. Almennt hefur hlutur kvenna í meðferð hjá SÁÁ aukist úr 20% við upphafið í 26% árið 1994.

7. Hversu mörg dauðsföll og afbrot má rekja til fíkniefnaneyslu árlega sl. 10 ár?

Aðeins er hægt að rekja fáein dauðsföll beinlínis til ofneyslu ávana- og fíkniefna sl. ár (t.d. 3 skráð dauðsföll vegna áfengisneyslu 1989). Hins vegar er rétt að benda á að hér er um fyrstu skráðu dánarorsök að ræða samkvæmt alþjóðlegu dánarmeinaskránni sem í gildi er á Íslandi. Þannig er óhætt að telja að nokkru fleiri dauðsföll megi rekja til

ávana- og fíkniefnaneyslu, t.d. vegna slysa í tengslum við vélknúin ökutæki, lyfjaeitranir og vegna sjálfsáverka. Hins vegar verður ekki séð að beinlínis megi rekja nema fáein dauðsföll árlega til áfengisneyslu. Það hefur komið fram í rannsóknum á vegum Lögreglunnar í Reykjavík að þeir sem neyta fíkniefna hafa sterka tilhneigingu til sjálfsvíga. Alls höfðu 30% þeirra sem handteknir voru vegna fíkniefnamála fyrstu 4 mánuði ársins 1995 gert tilraun til sjálfsvígs. Hins vegar eru ekki tiltækar upplýsingar um það hversu mörg slík sjálfsvíg eru framin á hverju ári.

8. Hvað má áætla að fíkniefnaneysla kosti í beinum fjármunum:
a) ríki og sveitarfélög?
b) einstakling sem neytir slíkra efna daglega?

Því miður liggja ekki fyrir nægjanlegar rannsóknir á þessum málum til að geta sagt til um heildarkostnað samfélagsins vegna fíkniefnaneyslu. Hægt er þó að sjá af þeim gögnum sem koma fram í þessari skýrslu að hér er um verulegar fjárhæðir að ræða sem skipta hundruðum milljóna. Mikill kostnaður liggur í rekstri lögreglu, tollaeftirlits og heilsugæslu. Þá er ótalið fjármagn vegna tjóna sem verða við ýmsa afbrotastarfsemi vegna fjármögnunar fíkniefnaneyslu. Samkvæmt rannsókn sem gerð var á vegum embættis lögreglustjórans í Reykjavík 1995 kom í ljós að um 20% þeirra sem lögreglan hefur afskipti af vegna fíkniefnamála hafa reglubundna vinnu en aðrir eru annaðhvort í tímabundnum störfum eða engum. Þar af voru 42% á ýmsum bótum frá hinu opinbera. Erfitt er að fullyrða um kostnað hjá hverjum neytanda. Fer það eftir því magni sem neytt er og einnig tegundum fíkniefna. Út frá niðurstöðum áðurgreindrar rannsóknar má draga upp mynd af „meðalneytanda". Hugmyndin þar að baki er að reyna að átta sig á neyslusamsetningunni á hverjum tíma. Hann neytir að mestu leyti hass en einnig nokkurs amfetamíns. Þessi meðalneytandi okkar neytir fíkniefna fyrir um 500 þúsund kr. á ári eða um 40 þúsund kr. að meðaltali á mánuði ef tekið er mið af markaðsverði fíkniefna. Hluta þess fjármagns sem menn hafa til neyslu afla þeir með sölu þýfis (20%) og með sölu fíkniefna (26%), en mest virðist greitt með beinum fjármunum. Af þessum niðurstöðum má sjá að ástandinu hér á landi svipar mjög til þess sem gerist erlendis.

Ef við höfum í huga eingöngu þá sem hlutu dóma og sáttir vegna fíkniefnamála á árinu 1995 má áætla að þeir 226 einstaklingar sem þeim tengdust hafi varið um 100 milljónum króna til fíkniefnaviðskipta. Ítreka verður fyrirvara með þessar tölur.

9. Hversu oft hefur verið gripið til þess ráðs að nota tálbeitur við rannsókn fíkniefnamála og telja sérfræðingar það álitlegan kost til að upplýsa fíkniefnamál?

Sú rannsóknaraðferð að fylgjast með manni þegar hann kaupir fíkniefni og grípa inn í þá atburðarás er vel þekkt bæði hérlendis og erlendis og hefur gefist mjög vel. Erlend lögreglulið nota jafnan mikið þá aðferð að láta lögreglumenn leyna starfi sínu og kaupa fíkniefni og handtaka síðan seljanda. Sú aðferð hefur ekki verið tíðkuð hér á landi. Fámenni okkar gerir það að verkum að flestir lögreglumenn sem vinna að fíkniefnamálum er þekktir meðal þeirra sem stunda þessi viðskipti. Af þessum sökum eru rannsóknarmenn hér á landi mun háðari veitendum upplýsinga en erlendir starfsfélagar.

Fjallað var um þessa rannsóknaraðferð í hæstaréttardómi 21. maí 1993 (dómur 67/1993), þar sem vinnuaðferðir lögreglu vegna notkunar tálbeitu við fíkniefnarannsóknir voru staðfestar.

10. Hvernig er háttað sérþjálfun starfsfólks á sviði fíkniefnamála og má ætla að toll- og löggæsla hafi á að skipa fullkomnum tækjabúnaði til að takast á við fíkniefnavandann? Hversu margir starfa að fíkniefnamálum og hver er áætluð mannaflaþörf í þeim málaflokki á næstu árum?

Tollgæslumálefni.

Við embætti ríkistollstjóra starfa nú 23 starfsmenn, þar af 8 hjá Tollgæslu Íslands sem hefur með höndum tollaeftirlit. Það eru einkum starfsmenn Tollgæslu Íslands sem vinna að fíkniefnamálum. Flestir eru þeir tollgæslumenn, sem numið hafa við Tollskóla ríkisins, en þar hefur verið kennt til verka varðandi fíkniefnamál. Tollgæslumenn þessir eru allir með langa og víðtæka starfsreynslu af alhliða tollgæslustörfum, sem gagnast þeim einnig á sviði fíkniefnamála.

Tollgæsla Íslands við embætti ríkistollstjóra hefur einn leitarhund í sinni þjónustu, en auk þess eru gegnumlýsingartæki sem staðsett eru á Tollpóststofunni. Þá hefur tollgæslan á Keflavíkurflugvelli einnig gegnumlýsingartæki og tvo leitarhunda. Umræddur búnaður að meðtöldum hundunum er ekki fullkominn og kannski ekki heldur fullnægjandi en gagnast þó vel við leit að fíkniefnum. Ekki þykir ástæða til þess að nefna undir þessum lið tækjabúnað eins og bifreiðar, farsíma, talstöðvar o.þ.h. Könnun á mannaflaþörf í fíkniefnamálum á komandi árum hefur ekki verið gerð.

Löggæslumálefni.

Alls eru það 18 til 19 starfsmenn sem koma að rannsóknum fíkniefnamála hjá Lögreglunni í Reykjavík sem fer með landsumboð í slíkum rannsóknum. Fjöldi lögreglumanna hefur því aukist nokkuð undanfarin ár en 9 starfsmenn sinntu þessum málum 1986. Auk þess eru nokkrir lögreglumenn í tímabundnum verkefnum hjá öðrum lögregluembættum við rannsóknir fíkniefnamála.

Fræðsla og þjálfun lögreglumanna á þessu sviði er fyrst og fremst í formi starfsþjálfunar í ávana- og fíkniefnadeild. Allir lögreglumenn fá vissa þjálfun í námi sínu í Lögregluskóla ríkisins en engin sérstök námskeið í sérhæfðum rannsóknum eru fyrir hendi. Þá hafa nokkrir lögreglumenn sótt námskeið erlendis í rannsóknum þessara mála.

Ekki liggur fyrir nein áætlun um starfsmannafjölda við ávana- og fíkniefnarannsóknir. Í því sambandi má benda á að umtalsverðar breytingar eru fyrirsjáanlegar á allri rannsóknarvinnu á vegum lögregluembætta í landinu ef tekið er mið af frumvarpi að lögreglulögum sem dómsmálaráðherra hefur lagt fram nýverið.

Fíkniefnaviðskipti hér á landi eru nú mun skipulegri en áður hefur þekkst. Af þeim sökum hefur orðið mun erfiðara og flóknara að stunda þessar rannsóknir sem sífellt kalla á endurnýjun tækja og tæknibúnaðar. Slíkum kaupum eru þó veruleg takmörk sett með fjárveitingum sem til löggæslumála renna.

11. Hversu margir dómar hafa fallið vegna fíkniefnabrota síðustu fimm ár? Hversu margir dómar hafa kveðið á um fangelsisvist á sama tíma? Hversu margir dómar hafa kveðið á um önnur úrræði og þá hver? Hversu margir sektardómar hafa verið felldir og hversu hátt hlutfall sekta hefur innheimst?

Á meðfylgjandi töflu má sjá dóma flokkaða eftir árum og tegundum viðurlaga. Sú venja hefur skapast í fullnustutölfræði að flokka brotaþola í nokkra aðalbrotaflokka (sjá ársskýrslu Fangelsismálastofnunar). Ef um brotasamsteypu er að ræða er dómþoli flokkaður í þann brotaflokk þar sem þyngst refsing liggur við broti. Þetta þýðir í raun að fleiri eru dæmdir fyrir fíkniefnabrot en hér kemur fram, en hafa ekki í sama dómi verið dæmdir fyrir önnur brot sem þyngri refsing hefur legið við. Til frekari skýringar má vísa í upplýsingar þær sem koma fram við spurningu 1 hér að framan. Í meðfylgjandi töflu eru hins vegar þeir dómar sem koma til Fangelsismálastofnunar til fullnustu samkvæmt áðurgreindri greiningu.

Ekki hefur verið kannaður fjöldi þeirra sem brotið hafa fíkniefnalöggjöfina og undirgengist viðurlagaákvörðun.

Uppkveðnir dómar.

Ár:	Óskb.	Óskb. /sekt	Óskb. /skb.	Óskb. /skb. /sekt	Skb.	Skb. /sekt	Sekt	Ekki refsing	Annað	Samtals
1991	15	6	2	0	8	3	1	0	0	35
1992	22	5	3	2	10	2	3	2	0	49
1993	21	2	2	0	10	0	2	0	0	37
1994	41	0	3	0	7	1	20	5	0	77
1995	25	1	4	0	9	2	34	2	0	77

Alls eru það því 84 dómar þar sem einnig var kveðið á um sektargreiðslu og nam hún alls 6.048.000 kr. vegna fíkniefnamála. Sektarrefsingar eru framsendar lögreglustjórum til fullnustu. Lögreglustjóraembættið í Reykjavík fékk langstærstan hluta þeirra sekta til fullnustu eða 4.508.000 krónur.

Innheimta sekta vegna fíkniefnamála er ekki sérstaklega sundurgreind hjá embætti lögreglustjórans í Reykjavík. Almennt getur innheimta sekta tekið 3 til 5 ár. Sektir lægri en 20 þúsund króna fyrnast á 3 árum en sektir hærri en það á 5 árum. Ferill innheimtu stendur oft yfir allan fyrningartímann, en almennt innheimtast um 70% sekta.

12. Hvaða rannsóknir hafa verið gerðar á tengslum fíkniefnabrota og annarra afbrota?

Mjög skiptar skoðanir eru meðal fræðimanna um á hvern hátt fíkniefnabrot tengjast öðrum afbrotum. Flestir þessara fræðimanna eru erlendir, því ekki hafa átt sér stað margar rannsóknir hér á landi. Það sem fræðimenn virðast almennt sammála um er að tengslin séu fyrir hendi, en um orsakasamhengið er ekki full sátt. Þá er átt við hvort það sé fíkniefnaneysla sem leiði menn til afbrota eða svonefnt afbrotalíferni sem sé hvati til neyslu fíkniefna. Fjölmargar erlendar rannsóknir sýna mikla neyslu afbrotamanna á fíkniefnum. Hins vegar er ekki hægt að líta fram hjá því að opinberir aðilar hafa ekki vitneskju um alla afbrotamenn og því er ekki hægt að alhæfa um þessi mál. Það eru marg-

ir afbrotamenn sem ekki nota fíkniefni og margir fíkniefnaneytendur sem ekki eru í afbrotum.

Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála gerði rannsókn árið 1995 sem bar nafnið ESPAD 1995. Rannsóknin var lögð fyrir 100.000 nemendur í 22 Evrópulöndum. Allir 10. bekkir á Íslandi tóku þátt í þessari könnun. Þar var meðal annars spurt um vímuefnaneyslu, afbrot og ofbeldi. Hins vegar var ekki fjallað sérstaklega um tengsl fíkniefnabrota og annarra afbrota.

Helstu rannsóknir sem gerðar hafa verið hérlendis og varpa ljósi á þessi tengsl eru eftirfarandi:

1. *Psychological characteristics of juvenile alcohol and drug users* (Jón Friðrik Sigurðsson, Gísli Guðjónsson, Journal of Adolescene 1996).
2. *Rannsókn á áfengis- og fíkniefnaneysla fanga fyrir afplánun* (Jón Friðrik Sigurðsson – Fangelsismálastofnun, 1994).
3. *Rannsókn á vímuefnaneyslu evrópskra skólanema 1995* (Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála, óútgefin).
4. *Rán í Reykjavík* (Guðmundur Guðjónsson, Karl Steinar Valsson – Lögreglan í Reykjavík, 1995).
5. *Staða fíkniefnamála 1995* (Karl Steinar Valsson – Lögreglan í Reykjavík, 1995).

13. Eru fíkniefnaneytendur líklegri en aðrir til að fremja afbrot? Ef svo er, hvaða afbrot helst?

Með neyslu sinni á fíkniefnum brjóta menn lög landsins. Hvort fíkniefnaneytendur séu líklegri en almennir borgarar til að brjóta aðrar reglur samfélagsins er erfitt að svara. Það er ljóst að mikið fjármagn þarf til að neyta fíkniefna. Sumir sem neyta þessara efna hafa ekki launaða vinnu og því má spyrja hvernig hægt sé að vera í neyslu dýrra efna og hafa ekki neina launaða vinnu. Af þeim ástæðum hefur verið bent á að neytendur fíkniefna neyðist til að fremja afbrot til að fullnægja fíkn sinni. Þau afbrot sem helst hefur verið bent á í þessu sambandi eru auðgunarbrot ýmisskonar. Þá er það jafnt útgáfa ávísana sem innbrot og þjófnaðir af ýmsu tagi. Þetta fólk er þá helst að leita eftir hlutum sem auðvelt er að koma í verð. Ef tekið er mið af þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið virðist sem neysla fíkniefna sé hvati að frekari brotastarfsemi. Rétt er að geta þess að aukning hefur einnig verið á framboði fíkniefna sem oft tengjast ofbeldisverkum. Er hér einkum átt við amfetamín. Geta má þess að ekki hafa verið gerðar athuganir á umfangi viðskipta með þýfi sem sjálfsagt gæti varpað nokkru ljósi á heildarmynd fíkniefnaviðskipta.

Því miður er erfitt að segja til um það hversu veigamikil fíkniefnaneyslan ein er í afbrotalíferni einstaklinga. Hafa verður í huga ýmsar aðrar breytingar sem orðið hafa í þjóðfélaginu á undanförnum árum. Heildstæðar rannsóknir hafa ekki verið gerðar hér á landi sem taka til þessara mála.

Í rannsókn sem Jón Friðrik Sigurðsson sálfræðingur hjá Fangelsismálastofnun gerði á árunum 1991–1993 og náði til 344 fanga sem voru í afplánun kom í ljós að 64% aðspurðra höfðu verið undir áhrifum áfengis þegar afbrot var framið er nú sætti afplánun. Þá sögðust 33% hafa verið undir áhrifum fíkniefna og 22% undir áhrifum bæði áfengis og fíkniefna. Langflestir (95%) þeirra sem voru að afplána dóma fyrir ofbeldisbrot sögðust hafa verið undir áhrifum áfengis á þeim tíma.

14. Hvaða reynsla hefur orðið af lögleiðingu fíkniefna, t.d. í Hollandi, með tilliti til afbrotamálefna?

Það hafa alltaf heyrst raddir um það að ein þeirra leiða sem hugsanlegar séu til að berjast gegn útbreiðslu fíkniefna sé að lögleiða öll eða sum þeirra. Ekki er hægt að segja að sú umræða sé á alvarlegu stigi hér á landi. Í fyrsta lagi er ekki hægt að segja að vilji sé til að sporna gegn útbreiðslu fíkniefna með því að auðvelda framboð þeirra. Í öðru lagi værum við að líta fram hjá þeim hliðarverkunum sem læknisfræðin hefur talið sannað að séu samfara neyslu þessara efna. Bent hefur verið á þau rök að samhliða því að veita greiðan aðgang að fíkniefnum muni söluverð þeirra lækka og því muni neytendur þurfa minni fjármuni til neyslunnar. Það muni því fækka afbrotum þannig að lögleiðing hefði góð áhrif á afbrotamálin einnig. Það hefur hins vegar ekki verið hægt að sjá að samfara lögleiðingu fíkniefna í Hollandi hafi afbrotum fækkað. Auk þess hefur greiður aðgangur að slíkum efnum skapað nokkra erfiðleika fyrir nágrannalöndin, sem fylgt hafa annarri stefnu. Viðskipti með fíkniefni hafa aukist mikið í Hollandi og afbrotum fjölgað. Afbrot eru nær hvergi fleiri í Evrópu og þá sérstaklega í Amsterdam. Ef við lítum á afbrot í nokkrum höfuðborgum Evrópu árið 1993 þá er tíðni þeirra eftirfarandi miðað við 100 þúsund íbúa (Ársskýrsla Interpol, 1993).

Borg	Morð	Nauðgun	Grófar líkamsárásir	Þjófnaðir	Fíkniefnabrot
Reykjavík	0,91	9,9	3,4	3,3	163
Kaupmannahöfn	2,79	15	283	17	2196
Ósló	2,53	17	67	9,7	735
Stokkhólmur	5,48	28	53	15,3	655
Helsinki	2,22	13	41	8,4	230
Amsterdam	40	35	227	16,4	7

Telja má að þessar tölur tali sínu máli um afleiðingar aukinnar fíkniefnaneyslu. Afbrot eru greinilega algengust í þeim löndum þar sem neysla efna er mest. Þá er ekki vafi á því að frjálsræði í Hollandi hefur gert öðrum nágrannalöndum erfitt um vik vegna mikils flæðis efna frá Hollandi, auk þess sem hollensk yfirvöld hafa verið sökuð um að vera fremur treg til samstarfs um rannsóknir á afleiðingum lögleiðingar fíkniefna.

Samkvæmt könnun Evrópuráðsins 1990 á neyslu fíkniefna kom í ljós að neysla 15 til 16 ára einstaklinga hefur aukist um helming í Hollandi á árunum 1984 til 1988–89. Þá höfðu allt að 80% hollenskra 14 ára unglinga prófað kannabisefni árið 1992. Sölustöðum á kannabis hefur fjölgað úr 30 árið 1980 í 1500 árið 1992 sem segir sína sögu um aukið framboð og eftirspurn. Reynt hefur verið að aðgreina hvaða fíkniefni eru til sölu á kaffihúsum, en reynslan hefur sýnt að þar er hægt að kaupa nær öll fíkniefni.

15. Hvert er talið aðgengi unglinga á aldrinum 14 til 20 ára að fíkniefnum?

Við skoðun á aðgengi unglinga á fíkniefnum er hægt að byggja á tveimur rannsóknum. Reikna má með að meiri hluti þeirra sem hér um ræðir sæki skóla og því eru niðurstöður sem komið hafa fram í rannsóknum á vegum Rannsóknarstofnunar uppeldis- og menntamála mjög mikilvægar. Því er síðan ekki að leyna að hluti unglinga á þessum aldri

sækir ekki skóla og er því ekki í úrtaki Rannsóknarstofnunar. Því er nauðsynlegt að leggja einnig til grundvallar þær niðurstöður sem komu fram í rannsókn á vegum Lögreglustjórans í Reykjavík 1995.

Helstu niðurstöður úr rannsókn lögreglunnar voru þær að 72% aðspurðra gátu útvegað sér hass, 62% amfetamín, 36% marijúana og LSD og 32% E-töflur. Tæpur helmingur (43,2%) þeirra sem tóku þátt í rannsókninni voru á aldrinum 16 til 20 ára. Geta verður þess að þátttakendur í rannsókn lögreglu voru þeir sem höfð höfðu verið afskipti af vegna fíkniefnamála. Rannsókn á vegum Rannsóknarstofnunar uppeldis- og menntamála Ungt fólk 92. Þar var spurt: Ef þú ættir handbært fé og vildir útvega þér eftirtalin efni heldurðu að þér tækist það á 2–3 dögum?

Niðurstöður voru: (hlutfall (%) þeirra sem geta útvegað eftirfarandi efni.)

Ef þú ættir handbært fé og vildir útvega þér eftirtalin efni heldurðu að þér tækist það á 2–3 dögum?

	9. bekkur	10. bekkur	Framhaldsskóli
Bjór	66,9	82,1	96,5
Létt vín	58,6	75,9	97,8
Sterkt vín	58,6	76,4	95,5
Hass	9,4	18,1	35,4
Önnur fíkniefni	8,0	13,3	20,1

(Vikmörk innan við 1%)

Niðurstöður úr rannsókninni Ungt fólk 92 og Vímuefnaneysla framhaldsskólanema 1994.

Ef þú ættir handbært fé og vildir útvega þér eftirtalin efni heldurðu að þér tækist það á 2–3 dögum?

	1992	1994
Áfengi	95,9	97,1
Hass	35,1	44,1
Amfetamín	18,1	22,8
Alsæla/E-töflur	xxx	13,7
Kókaín	11,5	9,9
Krakk	6,2	5,1
LSD	9,0	14,8
Heróín	7,5	6,5

(Vikmörk á bilinu 1–2%)

Af þessum niðurstöðum má greina breytingar á aðgengi fíkniefna fyrir aldurshópinn 16 til 20 ára. Hér koma fram upplýsingar sem ber saman við gögn lögregluyfirvalda um framboð efna og stöðu á fíkniefnamarkaði. Það sést t.d. á E-pillum. Það var fyrst lagt hald á slíkar töflur 1992 og þá í mjög litlu magni. Hins vegar sést að tveimur árum síðar er mikið framboð á þessum efnum og reyndar vekur einnig athygli aukið framboð á LSD.

Hvaða úrræðum er helst að beita til að hindra aðgengi að fíkniefnum?

Hafa ber í huga að fíkniefni eru söluvara sem lýtur lögmálum framboðs og eftirspurnar. Því þarf að vinna á tvennum vígstöðvum til að breyta því ástandi sem ríkir í dag. Draga þarf úr eftirspurn eftir fíkniefnum, sem helst verður gert með markvissum forvörnum. Þá þarf einnig að hefta framboð þessara efna með aðgerðum lögreglu- og tollyfirvalda.

Erlendis hafa verið reyndar ýmsar aðferðir við forvarnir. Er þar fyrst að nefna DARE-fræðsluefnið sem hefur verið notað í mörg ár í Bandaríkjunum og skilað miklum árangri. Tveir lögreglumenn frá Lögreglunni í Reykjavík fóru í aprílmánuði 1996 til þess að kynna sér þetta efni í Bandaríkjunum. Til er meira af slíku fræðsluefni og má t.d. nefna Lions Quest kennsluefnið „Að ná tökum á tilverunni" sem hefur verið kennt hér á landi síðan 1990. Verkefnið er samvinna milli menntamálaráðuneytisins og Lionshreyfingarinnar, en frumútgáfan er bandarísk. Efnið er ætlað 12 til 14 ára unglingum og foreldrabók fylgir námsefninu. Alls hafa 800 kennarar sótt Lions Quest-námskeið og kynningar. Efnið hefur verið kennt í 60 til 70 skólum, þar af flestum á höfuðborgarsvæðinu. Í Læknablaðinu 1994 er greint frá rannsókn á vímuefnanotkun unglinga, áhrifaþáttum og áhrifum fræðslu. Rannsóknin, sem gerð var af Þórarni Gíslasyni, Aldísi Yngvadóttur og Bryndísi Benediksdóttur, náði til 566 nemenda sem voru 12–13 ára árið 1989 og aftur til 500 þeirra þremur árum síðar eða 1992. Rannsóknin leiðir í ljós að vímuefnanotkun í öllum myndum eykst fremur meðal íslenskra ungmenna og færist neðar í aldurshópinn. Ekki kom fram marktækur munur á vímuefnaneyslu þeirra 280 unglinga sem fengið höfðu Lions Quest-námsefnið miðað við samanburðarhópinn.

Auk þess er boðið upp á ýmislegt annað námsefni í fíkniefnavörnum á vegum Námsgagnastofnunar. Mestallt forvarnarefni sem nú er notað á það sameiginlegt að lögð er mikil áhersla á fræðslu sem höfða á til ákveðins aldurshóps.

Lögreglu- og tollyfirvöldum verður að vera kleift að vinna að rannsóknum þessara mála. Slíkar rannsóknir eru tímafrekar þar sem fíkniefnainnflytjendur eru mjög varir um sig. Innflutningsleiðir fyrir fíkniefni til landsins eru því miður mjög margar. Aukin ferðalög til og frá landinu bæði sjó- og flugleiðis hafa gert yfirvöldum erfitt um vik. Auk þess er magn fíkniefna í flestum tilvikum ekki mikið, sem gerir möguleika til að fela þau mjög mikla. Því er ljóst að góður tækja- og tæknibúnaður er nauðsynlegur til að yfirvöldum eigi að auðnast að vinna skipulega í sínu starfi.

16. Er til þess vitað eða ástæða til að ætla að vændi sé stundað á Íslandi? Hefur verið kannað eða er ástæða til að ætla að fíkniefnaneytendur fjármagni neyslu sína með vændi?

17. Hvað má áætla um umfang slíks? Er það bundið við einstaklinga eða er um skipulagða starfsemi að ræða?

Ekki liggja fyrir traustar upplýsingar um vændi sem stundað er hér á landi. Það hefur komið fram að vændi er stundað í einhverjum mæli. Einn dómur hefur gengið hér á landi. En í því var karlmaður dæmdur fyrir að hafa á árinu 1988 og til 2. febrúar 1989 í ávinningsskyni margsinnis haft milligöngu um að fólk hefði holdlegar samfarir og í þessu skyni haft á sínum snærum fimm stúlkur. Var talið varða við 1. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Lengi hefur verið orðrómur um að vændi sé stundað meðal kvenna sem eru í neyslu fíkniefna. Það hefur verið staðfest í viðtölum lögreglu við sömu konur. Ekki er hægt á þessu stigi að fullyrða að hér sé um skipulagða starfsemi að ræða, heldur sé fremur um að ræða fáa einstaklinga sem stunda þessa starfsemi til að standa undir kostnaði vegna fíkniefnaneyslu.

Telja verður fremur ólíklegt að skipuleg starfsemi geti viðgengist í einhverjum mæli án þess að vitneskja þar að lútandi berist lögreglu eða öðrum yfirvöldum. Fámennið hér á landi og hið einlita samfélag gefur visst aðhald hvað þessi mál varðar. Þó aðstæður hafi skapast á nokkrum veitingastöðum á höfuðborgarsvæðinu á síðustu mánuðum sem vekja ákveðnar grunsemdir hafa ekki komið fram kærur um að skipulögð vændisstarfsemi sé þar rekin.

18. Hefur krakk-kókaín verið gert upptækt hér á landi?
Er talin ástæða til að óttast að það nái útbreiðslu hér?
Til hvaða úrræða hefur verið gripið til að sporna við því að slíkt efni nái útbreiðslu?

Krakk-kókaín hefur ekki verið gert upptækt hér á landi en menn sem handteknir hafa verið vegna fíkniefnamála hafa viðurkennt neyslu efnis. Ekki hefur þó komið fram hvort sú neysla fór fram hér á landi eða erlendis. Erfitt er að spá fyrir um það hvort krakk-kókaín geti náð útbreiðslu hér á landi. Útbreiðsla þess efnis hefur einkum verið í Bandaríkjunum, en hún hefur ekki verið mikil í Evrópu. Ástæða er til að óttast að sökum minni neyslu fíkniefna í Bandaríkjunum á síðustu árum, einkum á kókaíni, sé hugsanlegt að framleiðendur þess efnis horfi til markaðar í Evrópu. Það er því miður ekki hægt að útiloka að krakk-kókaín geti komið inn á markað hérlendis. Ekki hefur verið gripið til sérstakra aðgerða hér á landi vegna krakk-kókaíns heldur hefur það verið meðhöndlað ásamt öðrum fíkniefnum.

19. Hversu útbreidd má ætla að neysla alsælu sé hér á landi?
Hversu oft og í hve miklu magni hefur efnið verið gert upptækt hér á landi?

Neysla E-taflna eða alsælu hefur aukist hér á landi sl. 3 til 4 ár. Það hefur einkum borið á slíkri neyslu hjá fólki á aldrinum 16 til 20 ára. Neysla þessa efnis hefur einkum verið hjá einstaklingum sem hafa ekki áður komið við sögu fíkniefnamála. Samkvæmt gögnum lögreglu hefur dreifing m.a. átt sér stað í framhaldsskólum og á veitingahúsum. Í rannsókn Rannsóknarstofnunar uppeldis- og menntamála var ekki spurt um neyslu E-taflna 1992 en árið 1994 höfðu 2,5% framhaldskólanema neytt þess efnis. Eins og kemur fram í svari við spurningu 3 hér að framan var fyrst lagt hald á E-töflur árið 1992 og var einungis lagt hald á örfáar töflur þar til síðasta ár, en þá var lagt hald á 1.820 töflur.

20. Hefur verið gripið til aðgerða til að uppfræða þá hópa sem helst neyta þess og helstu áhættuhópa um afleiðingar neyslunnar?

Erfitt er að koma markvissri fræðslu til þeirra sem eru í neyslu fíkniefna. Það er gert ef þeir leita sér aðstoðar hjá meðferðaraðilum eða snúa sér til þeirra sem sinna forvörnum. Á vegum nokurra aðila er þó reynt að ná til áhættuhópa og má þar nefna Reykjavíkurborg (útideild, Mótorsmiðjan), Rauða krossinn (Rauðakrosshúsið), Vímulausa æsku (ráðgjöf fyrir foreldra) o.fl. Landlæknisembættið hóf samstarf við félag framhaldsskóla um sérstakt fræðsluátak vorið 1995. Um síðustu áramót var sett á laggirnar umfangs-

mikið verkefni til þess að ná til áhættuhóps vegna neyslu E-taflna. Þá hófst samstarfsverkefni menntamálaráðuneytisins og Félags framhaldsskóla og fleiri aðila undir heitinu Jafningjafræðsla. Verkefnið stendur til vorsins 1996 og verður þá metið.

21. Hvernig er fræðslu um fíkniefnamál og afleiðingar fíkniefnaneyslu háttað í:
a) grunnskólum,

Í aðalnámskrá grunnskóla frá 1989 eru sérstök ákvæði um fíknivarnir í grunnskólum. Með fíknivörnum er átt við allt starf í skólum sem miðar að því að koma í veg fyrir að börn og unglingar neyti ávana- og fíkniefna. Með ávana- og fíkniefnum er átt við áfengi, tóbak og önnur efni sem valda ávana eða fíkn. Á viðmiðunarstundaskrá fyrir grunnskóla eru ekki sérstakir tímar tilgreindir til fíknivarna, en skólar hafa nokkrar stundir til ráðstöfunar á viku sem hægt er að nýta m.a. í þessu skyni. Einnig hafa nokkur stór sveitarfélög stuðlað að skipulegri kennslu í fíknivörnum með því að greiða allan eða hluta kennslukostnaðar og bæta við stundum til þessara mála, einkum í 7. og 8. bekk grunnskóla. Milli 50–60% nemenda í þessum árgöngum fá kennslu í námsefninu „Að ná tökum á tilverunni“ (Lions Quest) sem er langviðamesta kennsluefni í fíknivörnum í grunnskólum. Efnið kom fyrst út árið 1990 og hefur notkun þess farið vaxandi undanfarin ár og viðtökur yfirleitt verið jákvæðar hjá kennurum, nemendum og foreldrum. Hver grunnskóli skipuleggur fíknivarnakennsluna og ætlast er til að stefna skólans á þessu sviði eins og öðrum birtist í skólanámskrá skólans.

Ekki liggur fyrir nákvæm vitneskja um umfang fíknivarnakennslu í grunnskólum eða hvers konar aðferðum er beitt, nema í tengslum við námsefnið „Að ná tökum á tilverunni“. Menntamálaráðuneytið hefur óskað eftir upplýsingum frá grunnskólum um fíknivarnakennsluna og nú er unnið að úrvinnslu úr þeirri könnun. Fyrir liggja nokkrar skýrslur frá menntamálaráðuneytinu um námsefnið „Að ná tökum á tilverunni“.

b) framhaldsskólum,

Könnun sem gerð var á vegum menntamálaráðuneytisins haustið 1995 meðal skólameistara í framhaldsskólum sýnir að í næstum öllum framhaldsskólum fer fram einhver fræðsla um fíkniefni og afleiðingar fíkniefnaneyslu. Misjafnt er hvernig staðið er að umfjöllun um þessi mál, en hún er m.a. tengd kennslu í líffræði, heilbrigðisfræði, félagsfræði, sálfræði og íþróttum. Einnig er um það að ræða að ýmsir utan skólans séu fengnir til að fjalla um fíkniefnamál á skólatíma.

Í gildandi námskrá fyrir framhaldskóla er ekki fjallað sérstaklega um fíkniefni og afleiðingar fíkniefnaneyslu, en endurskoðun námskrárinnar stendur fyrir dyrum.

Á vorönn 1996 hefur á vegum menntamálaráðuneytisins og Félags framhaldsskólanema verið í gangi sérstakt tilraunaverkefni í fíknivörnum, svokölluð jafningjafræðsla. Verkefnið miðar að því að virkja nemendur sjálfa í að breyta viðhorfum til fíkniefnaneyslu og vinna að stefnumörkun fyrir framhaldsskóla í fíknivarnamálum.

c) félagsmiðstöðvum ungs fólks?

Félagsmiðstöðvar eru einkum í Reykjavík. Félagsmiðstöðvarnar þar vinna að forvörnum meðal barna og unglinga fyrst og fremst með því að bjóða upp á félags- og tómstundastarf sem unglingar hafa áhuga á og taka virkan þátt í. Fræðsla um afleiðingar notkunar vímuefna er mikilvægur liður í dagskrá félagsmiðstöðva. Starfsfólk miðstöðvanna sinnir fræðslunni auk þess sem það leitar samráðs við fagfólk á ákveðnum sviðum. Markmið forvarnastarfsins er að auka þekkingu á hættunni við að neyta vímuefna,

hafa áhrif á viðhorf unglinga gegn ávana- og fíkniefnum, hafa áhrif á atferli þeirra þannig að þeir kjósi að neyta ekki ávana- og fíkniefna. Starfsmenn reyna með þessum hætti að hafa áhrif á lífsstíl unglinganna þannig að þeir kjósi heilbrigðan lífsstíl. Félagsmiðstöðvarnar vinna 1. og 2. stigs forvarnarstarf með því að koma í veg fyrir að unglingar hefji neyslu ávana- og fíkniefna og með því að stöðva neyslu. Í miðstöðvunum gilda skýrar reglur um áfengi og tóbak. Reykingar eru stranglega bannaðar innan sem utan dyra og áfengi og önnur vímuefni eru stranglega bönnuð. Brjóti unglingur þessar reglur er heillavænlegast að skoða aðgerðir út frá því hvað honum er fyrir bestu.

22. Hefur verið miðlað markvissri fræðslu til foreldra um fíkniefnamál? Ef svo er, hvernig og í hve miklum mæli?

Lögregluyfirvöld sinna öllum þeim beiðnum sem til þeirra berast um fræðslu á sviði vímuvarna, hvort sem um er að ræða grunnskóla, framhaldsskóla, félagsmiðstöðvar eða foreldra. Lögregluyfirvöld eru stærðar sinna vegna misjafnlega í stakk búin til að sinna forvörnum. Af þeim sökum hafa fulltrúar frá fornvarnardeild lögreglunnar í Reykjavík haldið marga slíka fræðslufundi á landsbyggðinni.

Þá hafa skólalæknar og skólahjúkrunarfræðingar haldið uppi mikilli fræðslu í skólum. Fleiri koma að forvörnum en því miður hefur ekki verið fyrir að fara einni yfirstjórn á forvarnarmálum sem telja verður skynsamlegt til að mannafli og fé nýtist sem best og samhæfing komi fram í áherslum. Hluta af námsefni Lions Quest er beint til foreldra en eins og áður hefur komið fram er það ekki kennt í öllum skólum landsins. Engin markviss fræðsla er að öðru leyti um fíkniefnamál ætluð foreldrum. Foreldrafélög grunnskóla hafa þó mörg tekið þessi málefni sérstaklega fyrir á fræðslufundum. Einnig hafa ýmsir aðilar sent foreldrum upplýsingaefni. Rétt er að geta þess að verið er að gera heildarúttekt á forvarnarmálum af nefnd sem skipuð var af dómsmálaráðherra í upphafi árs 1996. Vænta má niðurstöðu þeirrar vinnu sumarið 1996 (sjá einnig svar við spurningu 15. hér að framan).

23. Hafa verið gerðar athuganir á áhrifum fíkniefnaneyslu á fjölskyldur fíkniefnaneytenda? Ef svo er, hverjar voru niðurstöður og hvernig á að bregðast við þeim?

Ein rannsókn er í gangi á vegum Lögreglustjórans í Reykjavík þar sem þessi mál eru könnuð. Vænta má niðurstaðna úr henni á árinu 1996. Erlendar rannsóknir eru margar og flestar komast að þeirri niðurstöðu að neysla fíkniefna hafi mjög slæm áhrif á allt fjölskyldulíf. Á það jafnt við hvort heldur neyslan er hjá foreldrum eða börnum. Oft ríkir mikil upplausn á heimilum þar sem foreldrar eru í neyslu fíkniefna og eru dæmi þessa mjög mörg. Sömu sögu er að segja um áhrif þess á fjölskyldulíf er börn hefja neyslu fíkniefna. Foreldrar standa ráðþrota frammi fyrir vanda sem þeir þekkja lítið til og eiga oft erfitt með að bregðast við. Þegar metið er hvað skynsamlegt sé að gera í forvörnum í fíkniefnamálum verður að taka mið af því að fræðslan má ekki vera bundin við börnin og unglingana heldur þarf einnig að miðla fræðslu til foreldra.

24. Til hvaða aðgerða hyggst ríkissstjónin grípa til að koma í veg fyrir dreifingu, innflutning og neyslu fíkniefna?

Ráðuneyti þau sem ávana- og fíkniefnamál heyra undir hafa um langt skeið staðið fyrir margvíslegum aðgerðum til að draga úr og hindra neyslu þessara efna og þar með innflutning og dreifingu.

Í byrjun þessa árs ákvað dómsmálaráðherra að hrinda af stað átaki í ávana- og fíkniefnavörnum í því skyni að:
— athuga hvort herða beri viðurlög við dreifingu ávana- og fíkniefna,
— athuga hvort endurskoða þurfi meðferð ákæruvalds og dómstóla á brotum vegna ávana- og fíkniefna,
— efla löggæslu og önnur úrræði gegn dreifingu og neyslu ávana- og fíkniefna,
— efla forvarnir á sviði ávana- og fíkniefna, þar á meðal fræðslu í skólum,
— bæta úrræði og leita nýrra leiða til að endurhæfa ungmenni sem leiðst hafa út í neyslu ávana- og fíkniefna,
— skoða meðferðarúrræði fyrir ungmenni sem í tengslum við ávana- og fíkniefnaneyslu hafa leiðst út í afbrot og fengið refsidóma vegna þeirra.

Verkefnisstjórn átaksins er að störfum og mun skila áliti sínu og tillögum til ráðherra í maímánuði nk.

Í lok janúar sl. ákvað ríkisstjórnin að tillögu dómsmálaráðherra, menntamálaráðherra, félagsmálaráðherra og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að samræma aðgerðir vegna átaks í ávana- og fíkniefnavörnum. Jafnframt var ákveðið að stofna nefnd ráðuneyta í ávana- og fíkniefnavörnum. Verkefni nefndarinnar er:

1. Að fylgjast með vinnu sem hvert ráðuneyti hefur með höndum eða kann að setja af stað til að samræma verkefni og aðgerðir þeirra á sviði ávana- og fíkniefnavarna og koma í veg fyrir tvíverknað vegna skörunar á verkefnum milli ráðuneyta.
2. Að skoða verkaskiptingu milli ráðuneyta á þessu sviði m.t.t. skörunar og gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um framtíðarfyrirkomulag verkaskiptingar.
3. Að grípa inn í og ákveða í hvaða ráðuneyti verkefni á þessu sviði skuli unnið, komi tvíverknaður í ljós. Nefnd ráðuneytanna mun einnig skila sínum tillögum í maí, m.a. um framtíðarfyrirkomulag verkaskiptingar milli ráðuneyta á þessu sviði.

Forvarnir á þessu sviði eru í höndum nokkurra ráðuneyta. Á sl. ári var stofnaður sérstakur forvarnasjóður í áfengismálum sem ætlað er að styrkja forvarnaverkefni vegna áfengisvarna aðallega sem og annarra vímuefnavarna. Sjóðurinn hefur 50 m.kr. til ráðstöfunar á þessu ári. Þar af hefur fjárlaganefnd ákveðið ráðstöfun liðlega 20 m.kr. til þessara mála svo sjóðstjórn getur veitt um 29 m.kr. Frestur til að skila umsóknum er nýlega útrunninn og er verið að fara yfir þær.

Verkefni sem sjóðurinn mun styrkja verða væntanlega bæði á sviði skammtíma- og langtímaforvarna. Í sjóðstjórn eiga sæti fulltrúar þeirra ráðuneyta sem hlut eiga að máli og er stefnt að því að nýta með markvissari hætti þá fjármuni sem til ráðstöfunar eru til forvarnastarfs á þessu sviði.

25. Eru áform uppi um að fela einu ráðuneyti ábyrgð þessa málaflokks eða styrkja toll- og löggæslu í þessu skyni?

Varðandi áform um að fela einu ráðuneyti ábyrgð þessa málaflokks vísast til svars við spurningu 24 um verkefni nefndar fjögurra ráðuneyta sem þessi mál heyra undir. Varðandi áform um að styrkja toll- og löggæslu þá er efling löggæslu meðal þess sem verkefnisstjórnin mun skoða í sinni vinnu sem og hlutverk tollgæslu og samvinna þessara aðila.

II.
Um þróun ofbeldis.

1. Eru afbrot hlutfallslega tíðari í þéttbýli en dreifbýli?
Hvaða rannsóknir liggja fyrir um þau mál?

Engar rannsóknir liggja fyrir um þetta atriði hér á landi. Engum einum aðila hefur verið falið að hafa yfirstjórn tölfræðilegra upplýsinga vegna afbrotamálefna. Unnið er að breytingum á þessu sviði og hefur nú nýverið verið tekin upp samræmd skráning allra lögreglustofnana þannig að hægt verði að greina afbrotatíðni eftir landshlutum í framtíðinni.

3. Hafa breytingar verið gerðar á löggæsluformi samhliða breytingum í þjóðfélaginu?
Er svo er, hverjar og hjá hvaða lögregluliðum?

Meginhlutverk lögreglu er að halda uppi lögum og reglu og koma í veg fyrir að brotið sé gegn þeim. Áherslur í löggæslu hafa sætt nokkrum breytingum sem einkum hafa verið í þá veru að færa lögregluna nær borgurunum. Er sú breyting í samræmi við þróun sem hefur verið erlendis á liðnum áratug. Einn liður slíkra breytinga er opnun lögreglustöðva sem sinna sérstökum hverfaeiningum. Erfitt er að meta þessar breytingar á landsvísu þar sem þær taka einkum til löggæslu á höfuðborgarsvæðinu. Ef litið er til embættis lögreglustjórans í Reykjavík, sem er langfjölmennasta lögreglulið landsins, þá hefur verið unnið að slíkum breytingum síðan 1988. Opnaðar hafa verið lögreglustöðvar og lögreglumenn settir í þjónustuverk í einstökum hverfum. Árangur þess hefur skilað sér í meiri samvinnu lögreglu og borgara og greiðara upplýsingaflæði milli þessara aðila. Fyrirhugaðar breytingar á fyrirkomulagi löggæslu í landinu koma til með að greiða fyrir upplýsingaflæði til lögreglu verði rannsóknir stundaðar af staðbundnum lögregluliðum. Ekki er hægt að neita því að nokkrar breytingar hafa átt sér stað í þá veru að afbrotastarfsemi sé skipulagðari en áður þekktist. Slík breyting kallar á ný og bætt vinnubrögð lögreglu.

4. Hvaða úrræðum hefur verið beitt gagnvart ungum afbrotamönnum, hverjir hafa yfirstjórn slíkra úrræða og hvaða árangri hafa þau úrræði skilað?
5. Hvaða rannsóknir hafa verið gerðar á þessum úrræðum?

Ef höfð eru afskipti af unglingum yngri en 15 ára er skýrsla vegna þeirra send félagsmálayfirvöldum á viðkomandi stað. Samkvæmt lauslegri könnun virðast þeir flestir vera drengir. Nokkuð er misjafnt eftir umdæmum hvaða úrræði eru tiltæk fyrir félagsmálayfirvöld vegna málefna ungra afbrotamanna. Ef litið er sérstaklega til Reykjavíkur er starfrækt sérstök unglingadeild sem hefur yfirumsjón með þessum málefnum. Til skýringar má gera greinarmun á þeim úrræðum sem beitt er af Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar og þeim úrræðum sem aðrir veita. Meðal úrræða Félagsmálastofnunar eru einstaklingsviðtöl, fjölskylduviðtöl, tilsjón, fjárhagsaðstoð veitt af hverfaskrifstofum, unglingaathvarf, vistun á einkaheimili, hópastarf unglinga og ferð með hálendishópi unglingadeildar, hópastarf fyrir þá unglinga sem brotið hafa af sér a.m.k. einu sinni, starfsemi Mótorsmiðjunnar, námskeið fyrir foreldra barna í afbrotum, unglingasambýli, tilsjónarsambýli, vinnuþjálfun og vímuefnahópur. Þá eru ýmis úrræði sem rekin eru af öðrum aðilum en Félagsmálastofnun, meðal þeirra eru rannsóknarvistun, skólavistun, námsráðgjöf, heimavistarskólar, aðstoð sálfræðideilda skóla, aðstoð og ráðgjöf Rauða krossins, starfsemi unglingageðdeildar, unglingaráðgjöf o.fl. Eins og sjá má af þessari upp-

talningu eru ýmis úrræði reynd til að koma í veg fyrir að börn og unglingar haldi áfram á afbrotabrautinni. Engar sérstakar rannsóknir hafa verið gerðar á árangri. Gagnagrunnur er tiltækur svo mögulegt er að rannsaka gögn frekar. Fangelsismálastofnun hefur eingöngu afskipti af ungmennum sem orðin eru sakhæf, þ.e.a.s. 15 ára gömul, og hafa annaðhvort hlotið óskilorðsbundinn fangelsisdóm eða þá að ríkissaksóknari hefur frestað skilorðsbundið að gefa út ákæru á hendur þeim.

Ákærufrestanir.

Á síðustu árum hefur ríkissaksóknari á ári hverju vísað málum 50 til 100 ungmenna á aldrinum 15 til 21 árs til Fangelsismálastofnunar. Eru þau undir umsjón og eftirliti unglingamálafulltrúa stofnunarinnar í 2 ár. Yfirleitt hafa þau gerst sek um auðgunar- og fjárréttindabrot ýmiss konar. Þau eru öll boðuð til stofnunarinnar til viðtals og athugun gerð á högum þeirra og stöðu. Reynt er að aðstoða þau eftir megni og fylgjast með þeim á skilorðstímanum. Athuganir benda til þess að um 5% þeirra ungmenna, sem ákæru er frestað gegn á höfuðborgarsvæðinu, séu seinna dæmd til fangelsisvistar. Þetta þyrfti þó að rannsaka betur ef draga ætti af því víðtækari ályktanir. Rétt er að geta þess að hér er eingöngu um að ræða ungmenni af höfuðborgarsvæðinu. Fangelsismálastofnun er ekki kunnugt um slíka aðstoð við ungmenni úti á landsbyggðinni. Mál þeirra sendir ríkissaksóknari viðkomandi sýslumannsembættum til afgreiðslu. Þar er ákærufrestunin birt fyrir hinum brotlega, en mál hans ekki athuguð nánar eða hann hafður undir sérstöku eftirliti eftir því sem best er vitað.

Málefni ungra fanga.

Almennt séð er fátítt að ungmenni á aldrinum 16 til 17 ára hljóti óskilorðsbundna fangelsisdóma. Þeim hefur þó farið fjölgandi og skar árið 1995 sig nokkuð úr. Þá afplánaði einn 16 ára unglingur og fimm 17 ára unglingar refsidóma. Einn úr síðarnefnda hópnum afplánaði þrisvar á árinu. Ekki er unnt að segja til um hvort þessi þróun haldi áfram. Fangelsismálastofnun hefur reynt að senda yngri dómþola til vistunar á Kvíabryggju. Þó er ekki æskilegt að safna saman á einn stað mörgum ungmennum í sambærilegri stöðu, sem þar að auki þekkjast innbyrðis og hafa staðið saman í afbrotum. Reynslan hefur auk þess sýnt að sumir dómþolar á þessum aldri eru orðnir svo erfiðir að ekki er unnt að vista þá í opnu fangelsi, meðal annars vegna strokhættu og ofbeldishneigðar. Reynt er að dreifa þeim á fangelsin, en þeir sem hlotið hafa lengstu dómana afplána á Litla Hrauni. Þar stendur þeim m.a. til boða skólaganga á staðnum í Fjölbrautaskóla Suðurlands, vinna og aðstoð sálfræðings, heilbrigðisfólks og annars starfsfólks Fangelsismálastofnunar. Verið er að byggja 630 fermetra vinnu- og íþróttaskála á Litla Hrauni og er reiknað með því að hann verði tekinn í notkun snemma sumars 1996. Önnur aðstaða á Litla Hrauni hefur einnig verið stórbætt. Bæði er að tekið hefur verið í notkun nýtt fangelsi og þá hefur eldra húsnæði annaðhvort verið aflagt sem fangarými eða það endurnýjað. Þá má segja að í fyrsta sinn í íslenskri fangelsissögu sé nú komin á raunveruleg deildaskipting í refsivistarstofnun. Fangar eru því aðgreindir eftir aldri, stöðu, félagslegum aðstæðum o.fl. Ungir kvenfangar eru undantekningarlaust vistaðir í Kópavogsfangelsinu.

Á árinu 1995 heimilaði Fangelsismálastofnun 56 föngum að ljúka afplánun utan fangelsa, þ.e.a.s. annaðhvort í 6 vikna vímuefnameðferð á sjúkrastofnunum SÁÁ eða á áfangaheimili félagasamtakanna Verndar í Reykjavík og stunda þaðan vinnu eða nám. Lagt verður mat á árangur þessa samstarfs á næstunni. Þá gengu lög um samfélagsþjónustu í stað styttri refsidóma í gildi 1. júlí 1995 og hefur þegar 34 dómþolum verið heimilað að taka út dóma sína með þessum hætti undir eftirliti og umsjón Fangelsismálastofnunar. Þessi úrræði koma að vísu sjaldan erfiðustu ungmennunum að haldi af ástæðum sem að framan greinir.

Fyrirhugað er samstarf á milli fangelsismálastofnunar og Rauða kross Íslands um að þjálfaðir sjálfboðaliðar á vegum hinna síðarnefndu heimsæki fangelsin reglulega og bjóði föngum upp á vináttu og stuðning á meðan á afplánun stendur. Bundnar eru vonir við að þetta fyrirkomulag muni ekki síst koma yngri föngum að haldi. Unnið er að undirbúningi og reiknað er með að slíkar heimsóknir geti hafist haustið 1996.

6. Hefur verið gerð rannsókn á því hvort aukið atvinnuleysi hér á landi undanfarin ár hafi tengst fjölgun afbrota? Ef svo er, hvaða afbrotum helst? Hvaða rannsóknir hafa verið gerðar á þessum málum?

Ekki er vitað til að neinar rannsóknir hafi verið gerðar hérlendis sem beinlínis hafi tekið á þessu máli. Erfitt er að segja til um það hvort skýr tengsl séu milli fjölgunar afbrota og aukningar atvinnuleysis. Erlendar rannsóknir hafa ekki verið samdóma í þessum efnum heldur. Segja má að lengi vel hafi það verið fullyrt að hægt væri að benda á skýr tengsl þarna á milli, en með nánari rannsóknum hafi komið í ljós að þessi tengsl séu mun veikari en áður var talið. Það hefur til að mynda ekki haft veruleg áhrif á þróun afbrota þegar uppsveifla er í atvinnulífi og atvinnuleysi minnkar. Vert er að geta þess að sumar þeirra rannsókna sem gerðar hafa verið á þessu sviði hafa bent til vissra tengsla milli atvinnuleysis og ákveðinna tegunda afbrota, einkum þjófnaðarbrota, en síður til tengsla við ofbeldisverk. Ekki má þó gera lítið úr því hvaða áhrif það kunni að hafa á einstaklinga að alast upp við atvinnuleysi og mikilvægi þeirrar festu í fjölskyldu- og félagslífi sem fylgir fastri atvinnu.

7. Hvernig er staðið að rannsóknum á ofbeldisverkum?

Rannsókn ofbeldisverka fer að hætti opinberra mála, þ.e. með hefðbundnum hætti. Hins vegar hefur RLR mælt fyrir um sérstaka meðferð hinna alvarlegri þessara mála með þeim hætti að þau skuli hafa forgang umfram önnur mál og eru í handbók RLR sérstök fyrirmæli um rannsókn þeirra. Lög nr. 31, 1988 sem mæltu fyrir um forgang hvað varðar rannsókn, ákæru og dómsmeðferð sifskapar- og skírlífisbrota fram yfir önnur refsilagabrot, hafa verið felld úr gildi eftir gildistöku laga nr. 19, 1991 um meðferð opinberra mála. Þá ber að geta þess að rannsókn kynferðisbrota er nú með markvissari hætti en áður var og hefur verið tekið upp náið samstarf við neyðarmóttöku slysadeildar Sjúkrahúss Reykjavíkur í Fossvogi að því er varðar skoðun þolenda kynferðisofbeldis.

8. Hver er tíðni ofbeldisverka hér á landi og samanburður við önnur lönd?

Lítið fer fyrir rannsóknum af þessu tagi hér á landi og má nefna að samanburður hefur verið þeim annmörkum háður að samræmd skráning á brotum hefur ekki verið fyrir hendi hér á landi. Sá samanburður sem gerður hefur verið kemur meðal annars fram í svari við spurningu 14 um fíkniefnamál hér að framan. Það hefur einkum verið hvað varðar upplýsingar frá alþjóðalögreglustofnuninni Interpol. Íslendingar hafa ekki látið í

té fullgildar upplýsingar um fjölda afbrota eins og önnur ríki hafa gert til þeirra samtaka. (Sjá spurningu 14 um fíkniefnamál hér að framan.)

9. Hversu margir þeirra sem sitja af sér refsidóma brjóta af sér á nýjan leik?
10. Hversu háu hlutfalli refsifanga á undanförnum árum hefur verið gert að sitja af sér ítrekaða refsingu?

Rannsókn sem gerð var árið 1985 á endurkomum í fangelsi hér á landi það ár sýndi að tæplega 60% dómþola komu aftur í fangelsi á 5 ára tímabili frá lausn. Almenna reglan er sú að því yngri sem dómþolar eru við fyrstu inngöngu í fangelsi þeim mun líklegra er að þeir komi aftur.

Fyrstu niðurstöður úr nýlegri rannsókn sálfræðings Fangelsismálastofnunar sýna að endurkomuhlutfallið er nú undir 50%. Til samanburðar má geta þess að í nágrannalöndunum er þetta hlutfall talið mun hærra og ný finnsk rannsókn sýnir endurkomuhlutfall í finnsk fangelsi vera 79%. Nýleg bresk rannsókn sýnir nánast sama hlutfall, eða 78%.

11. Hver er meðalaldur refsifanga og meðallengd refsidóma fyrir helstu ofbeldisbrot?

Meðalaldur refsifanga sem nú afplána dóma fyrir ofbeldisbrot er 35 ár og meðallengd dóms er 345 dagar. Athuga ber að hér er einungis um mjög fáa einstaklinga að ræða (færri en 10 talsins).

12. Hefur verið gerður samanburður á afbrotamálefnum hérlendis og erlendis?
13. Er sú þróun sem orðið hefur hérlendis undanfarin ár á einhvern hátt sambærileg þróuninni erlendis?
14. Hvaða rannsóknir eru tiltækar um þessi mál hér á landi?

Í nokkrum rannsóknum hefur komið fram samanburður milli einstakra brotaflokka en ekki hefur verið gerð heildstæð úttekt á þessum málum. Með vísan til fyrri svara er það fyrst og fremst skortur á samræmdri skráningu hérlendis sem hefur hamlað þessum samanburði. Þessar rannsóknir hér á landi hafa tekið til rána og fíkniefnamála. Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið hafa sýnt að afbrotatíðni er nokkru lægri hér á landi en í nágrannalöndunum þótt svo virðist sem fremur sé aukning á brotastarfsemi hérlendis. Þá aukningu sem verið hefur hér á landi í einstökum brotaflokkum mátti sjá fyrir nokkrum árum annars staðar á Norðurlöndum. Það varðar einkum fjölgun fíkniefnamála, innbrota og þjófnaða. Þá eru væntanlegar niðurstöður úr rannsókn Rannsóknarstofnunar uppeldis- og menntamála „ESPAD 1995“ sem greint var frá við svari við spurningu 12 um fíkniefnamál. Sú rannsókn tekur þó einungis til 10. bekkjar. Rannsóknir grunnskóla á afbrotamálefnum almennt þyrftu að taka til stærri aldurshóps. Til þess að greina þróun í þessum málum þyrfti að gera langtímarannsóknir en þær hafa ekki verið framkvæmdar hér á landi (sjá einnig svar við spurningu 14 í 1. hluta og spurningu 8 hér að framan).

15. Hafa verið gerðar kannanir á viðhorfum almennra borgara til afbrota og lögreglumála?
16. Hafi slíkar rannsóknir verið gerðar, hverjar urðu niðurstöðurnar?

Nokkrar kannanir hafa verið gerðar á viðhorfum almennings í garð lögreglu auk þess sem viðhorf almennra borgara hafa oft komið fram í fjölmiðlum í tengslum við einstök afbrotamál. Fyrsta könnunin af þessu tagi var gerð af Erlendi Baldurssyni afbrotafræðingi árið 1980. Könnunin fór þannig fram að valdir voru 600 menn af handahófi úr

Reykjavík, 250 úr Suður-Múlasýslu og 250 frá Vestmannaeyjum. Allir einstaklingar voru á aldrinum 20 til 69 ára. Helstu niðurstöður voru að almenningur taldi að samskipti við lögreglu í heimasýslu eða bæjarfélagi væru góð, einungis 5,6% töldu þau slæm. Mjög fáir eða 6,5% vilja draga úr löggæslu en flestir vildu auka hana eða töldu hana hæfilega. Fimmta hverjum manni í úrtakinu fannst þó kostnaðurinn við löggæslu of mikill, en rúmlega helmingi fannst hann annaðhvort vera hæfilegur eða mega vera meiri. Þá taldi helmingur að lögbrotum og óspektum myndi fækka ef löggæslan yrði aukin, en rúmlega þriðji hver taldi að svo yrði ekki. Fólki fannst að lögreglan ætti að leggja mesta áherslu á að koma í veg fyrir afbrot, á umferðareftirlit og almenna aðstoð við almenning. Þeir eiginleikar sem flestir telja mest áberandi í fari lögreglunnar eru vingjarnleiki, drambsemi og tillitssemi. Hlutfallslega mun fleiri nefndu jákvæðu eiginleikana sem gefnir voru upp, heldur en þá neikvæðu. Þá voru þeir líka mun fleiri sem sögðust bera mikla virðingu fyrir lögreglunni heldur en þeir sem ekki gera það. Þá voru það tæp 70% þeirra sem samskipti höfðu haft við lögreglu árið fyrir rannsóknina sem sögðu þau hafa verið annaðhvort alltaf góð eða yfirleitt góð, en 7,3% sögðu að þau hefðu annaðhvort alltaf verið slæm eða yfirleitt slæm. Nokkur gagnrýni kom fram á lögreglu, einkum frá yngri þátttakendum í könnuninni. Sú gagnrýni var meðal annars í þá veru að lögreglan handtæki fólk oftar en ástæða væri til og hún tæki ekki nægjanlegt tillit til almennings. Þá virðast fleiri vera óánægðir með viðbrögð lögreglunnar í afbrotamálum heldur en „almennum málum".

Þá hefur dr. Helgi Gunnlaugsson lektor við Háskóla Íslands staðið fyrir tveimur könnunum á afstöðu Íslendinga til afbrota í samvinnu við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Fyrri athugunin var gerð árið 1989 og sú síðari árið 1994. Fram kemur að árið 1994 álitu mun fleiri afbrot vera mikið vandamál á Íslandi en árið 1989. Til dæmis taldi um þriðjungur afbrot vera mikið vandamál á Íslandi árið 1994 en ekki nema um 12% árið 1989. Þessar niðurstöður eru síðan bornar saman við þróun afbrota hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins og ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík fyrir svipað tímabil og fram kemur að málafjöldi breyttist ekki ýkja mikið á þessu tímabili nema innbrotum fjölgaði. Hins vegar sýnir greining á fjölda afbrotafrétta í fjölmiðlum að talsvert meira er fjallað um afbrot nú en á níunda áratugnum. Yfir 80% aðspurðra í viðhorfskönnuninni töldu refsingar á Íslandi of vægar árið 1994 en rúm 70% árið 1989. Flestir nefndu fíkniefnaneyslu sem mest vandamál afbrota í báðum könnunum, 40% árið 1989 og 31% 1994. Afstaða til ofbeldisbrota hafði þó breyst einna mest en mun fleiri nefndu ofbeldisbrot 1994 en fimm árum áður. Mikill meiri hluti aðspurðra, eða um 75% í báðum könnunum, taldi að vímuefnaneysla og erfiðar heimilisaðstæður séu mikilvægustu ástæður þess að fólk leiðist út í afbrot á Íslandi en mun færri nefna vægar refsingar eða efnahagslega erfiðleika sem mikilvægustu áhrifaþættina.

Í apríl 1994 gerði ÍM Gallup könnun fyrir dómsmálaráðuneytið, Fangelsismálastofnun ríkisins og Lögregluna í Reykjavík. Markmið rannsóknarinnar var að kanna þætti er snúa að lögreglu- og fangelsismálum, afbrotum og refsingum. Könnunin var símaviðtalskönnun og voru þátttakendur 1950 einstaklingar af öllu landinu á aldrinum 12 til 24 ára. Í þessari könnun voru menn spurðir um hversu örugga þeir teldu sig vera í sinni heimabyggð og síðan að næturlagi í Reykjavík. Þá kom í ljós að 6,7% höfðu sætt líkamlegu ofbeldi á sl. 12 mánuðum fyrir könnunina. Hlutfall karla var nokkru hærra (9,2%) en kvenna (4,0%). Algengast var að fólk á aldrinum 16 til 19 ára væri beitt ofbeldi. Ef

litið er á búsetu kom í ljós að hlutfall þeirra sem beittir voru ofbeldi var hærra á Vestfjörðum (11,4%), Suðurlandi (8,6%) og Suðurnesjum (8,3%) en í Reykjavík (7,7%) en lægst var þetta hlutfall á Norðurlandi vestra (3,4%).

Þá hefur Lögreglan í Reykjavík einnig gert slíkar rannsóknir í einstökum hverfum í tengslum við sérstök lögregluverkefni. Ein slík var gerð meðal íbúa í Árbæ og Austurbæ Reykjavíkur í desember 1994. Íbúar voru beðnir að forgangsraða verkefnum lögreglu eftir mikilvægi þeirra. Niðurstaðan var sú að 46% þáttakenda töldu að fíkniefnamál ættu að hafa forgang en síðan fylgdu umferðarmál með áherslu á öryggi yngstu vegfarendanna. Þá kom í ljós að íbúar lögðu mikla áherslu á forvarnarstarf og framkomu lögreglu. Reynslan af samskiptum við lögreglu voru í 82% tilvika góð en í 4% tilvika slæm. Aðspurðir um úrlausnir lögreglu töldu 59% þær vera góðar en 6% slæmar. Að lokum töldu 80% að auka mætti löggæsluna en enginn vildi minnka hana.

Þá var gerð könnun meðal íbúa í Vesturbæ Reykjavíkur sumarið 1995 þar sem spurningalisti var sendur á 900 heimili. Endurheimtur voru 314 eða 35%. Þar kom fram að 16,9% svarenda höfðu orðið fórnarlömb afbrota árið 1994. Algengast var að það væri vegna innbrota og þjófnaða (6,3%), en nokkuð vegna skemmdarverka (5,6%) og 1% vegna líkamsárása. Íbúar voru spurðir hvað þeir teldu vera helstu vandamál í sínu hverfi og voru það innbrot og þjófnaðir (30,5%), umferðarmál (16,3%) og ofbeldisverk 2,0%. Þá voru þeir spurðir hvernig þeir teldu lögreglu rækja skyldustörf sín og töldu 23,4% það gert mjög vel, 38,3% vel, en 3,3% illa. Ekki er vitað til þess að aðrar stofnanir eða embætti hafi gert rannsóknir á þessu sviði.

17. Hvernig er háttað vinnu í forvarnarmálum og þeim úrræðum sem fyrir hendi eru í afbrotamálum?

18. Hvar fer heildarstjórnun slíkra úrræða fram og eru þau samhæfð í öllum byggðarlögum?

Forvarnarmál eru undir umsjón nokkurra embætta og stofnana og hefur það sætt gagnrýni að ekki skuli vera ein samræmd stjórnun á þessum málum. Bent er á svör við spurningu 15, 21 og 22 um fíkniefnamál hér að framan. Eins og áður er getið sætir heildarskipulag í forvarnarmálum nú endurskoðun af nefnd sem ríkisstjórnin ákvað að skipa að tillögu dóms- og kirkjumálaráðherra og starfar á vegum þess ráðuneytis. Bent er á að um áratug og þar til á síðasta ári starfaði á vegum forsætisráðuneytis sérstök samstarfsnefnd ráðuneyta um fíkniefni, en í þeirri nefnd áttu sæti fulltrúar félagsmálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis og dóms- og kirkjumálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Hlutverk nefndarinnar var m.a. að samræma störf ráðuneyta og stofnana að fíkniefnavörnum.

19. Hver er kyn- og aldursdreifing þolenda og gerenda ofbeldisbrota, þar með talin kynferðisbrot?

Að því er hin alvarlegustu brot varðar, þ.e. manndráp af ásetningi er aldursdreifingin frá 15 ára til 51 árs. Meðalaldur karla er 28,0 ár og kvenna 34,6 ár. Samsvarandi tölur fyrir brotaþola eru 35,1 ár fyrir karla en 32,7 ár fyrir konur. Um kynferðisbrot er það að segja að meðalaldur gerenda fyrir öll slík brot er 34 ár, en fyrir nauðganir 29 ár. Aldur þolenda er fyrir öll brot 19 ár en nauðganir 26 ár. Miðað er við mál frá áunum 1988 til 1994. Það ber þó að árétta að tölur þessar eru frá starfssvæði RLR (stjórnsýsluumdæmi).

20. Hvernig hefur ofbeldi breyst á undanförnum árum með tilliti til alvarleika og þess hvar því er beitt?

21. Hvaða aðferðum er algengast að beitt sé við ofbeldisverk og hverjar eru helstu orsakir ofbeldis?

Hér liggja fáar rannsóknir til grundvallar. Hins vegar virðist sem ofbeldi sé nú oftar beitt af litlu tilefni og af meinfýsi. Spörk eru algeng og virðist sem þeim sé beint að viðkvæmum stöðum svo sem höfði. Nokkrar greinar hafa verið skrifaðar um þessi mál af lögreglu og öðrum. Það er ekki hægt að segja að ofbeldi hafi aukist, en hins vegar hafa aðferðir og áverkamynstur breyst. Varasamt er að draga ályktanir um raunverulega fjölgun eða fækkun ofbeldisverka án þess að fyrir liggi ítarlegar rannsóknir þar sem tekið er tillit til allra gagna. Slíkar rannsóknir liggja ekki fyrir hér á landi nema að mjög takmörkuðu leyti. Meðal þess sem hafa verður í huga er:

1) heildarfjöldi ofbeldisbrota: bæði þeirra sem tilkynnt eru til lögreglu og eins þeirra sem koma til slysadeilda.

2) skipting m.t.t. alvarleika: bæði lagalegar og læknisfræðilegar skilgreiningar.

3) sundurgreining afbrota: aðferð, tilefni, eðli, kyn og aldur aðila.

Mjög er brýnt að gera stöðugar og ítarlegar rannsóknir á þeim atriðum sem leiða til ofbeldis, svo að hægt sé að segja til um þróun og gera viðeigandi ráðstafanir. Ofbeldi er háð mörgum atriðum og getur ástand manns, aðstæður og ýmsir samverkandi þættir leitt til ofbeldis. Meðal áhættuþátta eru:

1. Ölvunarsástand. Áfengi er sennilega helsti ofbeldishvetjandi vímugjafinn og reynsla þess leiðir oft af sér ofbeldisháttsemi, auk þess sem ölvaðir einstaklingar eru einnig ákjósanleg fórnarlömb ofbeldismanna og annarra misindismanna.

2. Fíkniefni. Önnur fíkniefni en áfengi eru ekki eingöngu ofbeldishvetjandi heldur verða neytendur oft haldnir ofsóknarbrjálæði sem m.a. lýsir sér í því að menn vopnast sér til varnar gegn ímynduðum andstæðingum og það eykur líkur á alvarlegu ofbeldi.

3. Þrengsli. Þrengsli geta skapað ertandi umhverfi og leitt til ofbeldisverka.

4. Ofbeldismyndir eða leikir. Til eru dæmi um það hjá lögregluyfirvöldum að tiltekin ofbeldisverk megi rekja til áhorfs ofbeldismynda. Hefur komið fram bein vísan til tiltekins verknaðar, en einnig er hugsanlegt að mikið áhorf á ofbeldi geti með tímanum rýrt virðingu og jákvætt hugarfar í garð annarra. Nokkuð skiptar skoðanir eru meðal fræðimanna um þessi mál, enda mörg sjónarmið sem þessu tengjast og erfitt að einangra orsaka- og áhrifaþætti.

5. Ofbeldisumræða í fjölmiðlum. Í rannsókn sem dr. Helgi Gunnlaugsson lektor við Háskóla Íslands gerði kom fram mikil breyting á umfjöllun um þessi efni á árunum frá 1989 til 1993. Ef tekið væri mið af umfjöllun fjölmiðla einni saman mætti halda að mikil aukning hefði orðið á beitingu ofbeldis á þessu tímabili. Hins vegar var einnig kannað umfang mála hjá lögregluyfirvöldum sem gaf ekki til kynna miklar breytingar. Mikil og hasarkennd umfjöllun fjölmiðla getur alið á ótta og óöryggi borgaranna meira en góðu hófi gegnir.

6. Aðgengi að vopnum. Aðgengi að vopnum, eða öðrum hlutum sem hægt er að beita sem vopnum, getur ráðið miklu um það hvort ofbeldi verði smávægilegt eða alvarlegt. Alvarleiki ofbeldis ræðst oft af því hvar það á sér stað og hvaða hluta er hægt að grípa til. Flest alvarlegustu tilvikin eiga sér stað í heimahúsum. Þar er greiðastur aðgangur að vopnum, t.d. hnífum, sem eru langalgengustu morðvopnin á Íslandi.

Hefur ofbeldi aukist?

Ef horft er til þeirra þátta sem oft virðast vera samfara beitingu ofbeldis og nefndir hafa verið hér að framan væri eðlilegt að telja að ofbeldi hljóti að hafa aukist mikið. Það á einkum við þar sem heildarfjöldi tilkynntra ofbeldisverka til lögreglu hefur aukist. En aukning á tilkynntum brotum til lögreglu þarf ekki að fela í sér að um raunfjölgun sé að ræða. Skipulagsbreytingar og meiri nálægð lögreglu við borgara getur leitt til þess að hærra hlutfall brota er kært til lögreglu en áður var. Til að fá gleggri mynd af stöðu ofbeldisbrota er mjög gagnlegt að skoða upplýsingar frá slysadeildum því þangað leitar meiri hluti þeirra sem skaða hljóta við ofbeldisbrot. Í þessu sambandi er gott að skoða sérstaklega yfirlit sem fylgir spurningu 26 hér á eftir frá slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur. Yfirlit slysadeildar sýnir mjög litla fjölgun mála frá 1975 ef tekið er tillit til íbúafjölda.

Ýmsir samverkandi þættir hafa breytt mynstri ofbeldis. Aukin áfengis- og fíkniefnaneysla hefur vegið þar þungt og aukið alvarleika verknaða þótt ekki sé alltaf um fjölgun tilvika að ræða. Þá er þó ekki síður alvarleg þróun sem þar kemur fram. Oft er þar um að ræða tilefnislausar árásir. Við skoðun á lögregluskýrslum kemur skýrt fram að áfengi er án nokkurs vafa helsti ofbeldisverkandi vímugjafinn sem þekkist, auk þess sem hátt hlutfall þeirra sem verða fórnarlömb ofbeldis er einnig undir áhrifum áfengis. Drykkjuvenjur Íslendinga eru að mestu leyti bundnar við helgar, og ofbeldi er einnig mest á þeim tíma. Ekki er hægt að sjá hversu áfengisneyslan ein sér á mikinn þátt í ofbeldisbrotum, en ljóst er að meiri hluti líkamsmeiðinga á Íslandi gerist í framhaldi af deilum ölvaðs fólks. Þessar niðurstöður eru samt ekki einhlítar því t.d. árið 1988 voru framin 6 manndráp á Íslandi. Ári síðar var bjór lögleiddur og jókst áfengissalan um 23% að vínandamagni. Það ár var ekkert manndráp framið á Íslandi, en alvarlegum ofbeldisverkum, svo sem ránum, fjölgaði gífurlega og fleiri þurfti að leggja á spítala vegna ofbeldisáverka.

Áfengis- og vímuefnaneysla virðist skapa umhverfi sem eykur mjög líkur á ofbeldisverkum. Aukin neysla er greinanleg á efnum sem eru ofbeldishvetjandi og skapa einnig ótta til að beita ofbeldi að tilefnislausu. Það hefur aukist að menn geta síður gefið skýringu á þeim verkum sem þeir fremja. Í rannsókn á þessum málum sem Guðmundur Guðjónsson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, gerði árið 1992 hafa þessir áhrifaþættir komið skýrt fram. Auk þess vakti athygli mjög mikið áfengismagn í blóði (yfir 2 prómill) og hátt hlutfall kókaíns eða amfetamíns í blóði sem talið var á mörkum eitrunar. Þá kom einnig fram, ef borin eru saman árin 1985 og 1992 að hlutfall líkamsmeiðinga í heimahúsum hefur hækkað úr 14,5% í 27%, árásir á almannafæri standa nánast í stað (fjölgaði úr 21% í 22%) og þeim fækkaði mikið inni á veitingahúsum, úr 44,9% í 24,5%. Ef litið er á aðdraganda átaka fjölgaði þeim tilvikum þar sem deilur voru milli manna, úr 25,2% í 57,7% en fyrirvaralausar árásir höfðu svipað hlutfall eða frá 34% í 34,4%. Árásarmenn voru í 95% tilvika karlmenn, og hélst það óbreytt milli þessara ára. Kyn þolenda breyttist aðeins að því leyti að hlutur karla jókst úr 74% í 78,7%. Ef litið er á beitingu ofbeldis fjölgaði mjög tilvikum þar sem slegið var og sparkað (úr 4,2% í 8,5%) eða sparkað í liggjandi mann (2,3% í 7,1%).

22. Hvernig hefur þróunin orðið á sl. 10 árum á fjölda kynferðisbrota og aldri gerenda og þolenda?

Hér er vísað til svars við spurningu 19 hér að framan að því er varðar aldur gerenda og þolenda, en hann virðist ekki hafa breyst að neinu marki. Að því er varðar frekari svör við þessari spurningu má vísa til ítarlegs svars RLR 9. desember 1993 við fyrir-

spurn frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson nr. 251 á 117. löggjarfarþingi (224. mál), um ýmis mál er varða kynferðisbrot. Auk þess er verið að semja svör við fyrirspurn vegna sifskapar- og kynferðisbrota á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins sem birt verður bráðlega.

23. Hve margir dómar hafa fallið vegna kynferðisbrota sl. 10 ár?
Hversu margir dómar hafa kveðið á um fangavist?
Hversu margir dómar hafa kveðið á um önnur úrræði og þá hver?
Hversu margir sektardómar hafa verið felldir og hversu hátt hlutfall sekta hefur innheimst?

Ár:	Óskb.	Óskb. /sekt	Óskb. /skb.	Óskb. /skb. /sekt	Skb.	Skb. /sekt	Sekt	Ekki refsing	Annað	Samtals
1986	4	0	6	0	1	0	0	0	0	11
1987	4	1	4	0	2	0	0	0	0	11
1988	9	0	0	0	3	0	0	0	0	12
1989	4	0	3	0	4	0	0	1	0	12
1990	11	0	4	0	6	0	1	0	0	22
1991	8	0	4	0	9	0	0	0	0	21
1992	10	0	1	0	3	0	0	0	0	14
1993	16	0	1	0	5	0	1	0	0	23
1994	11	0	6	0	8	2	0	0	1	28
1995	16	0	4	0	3	0	1	1	0	25

Eins og kemur fram í þessari töflu hér að ofan þá hefur verið kveðið á um sektargreiðslu í 6 dómum samtals 424.000 krónur. Um innheimtuhlutfall vísast til svars við spurningu 11 um fíkniefnamál hér að framan.

24. Hvernig er búið að þolendum kynferðisbrota og eru áform um að herða refsingu fyrir kynferðisbrot?

Umtalsverðar breytingar voru gerðar á ákvæðum hegningarlaga í kjölfar skýrslu nauðgunarmálanefndar sem birt var 1989. Þær breytingar voru meðal annars til þess ætlaðar að bæta aðstöðu fórnarlamba kynferðisafbrota. Ekki er hægt að sjá að á annan hátt sé búið að þolendum hér á landi en þekkist í nágrannalöndum okkar. Ekki eru uppi nein áform um að gera frekari breytingar á þessum kafla hegningarlaga í þá veru að þyngja refsingar.

25. Hvaða breytingar urðu með nýjum skaðabótalögum í sambandi við rétt fórnarlamba ofbeldis til skaðabóta?
Hefur hann rýrnað?

Engar breytingar urðu á rétti fórnarlamba ofbeldis til skaðabóta við gildistöku laga nr. 50/1993. Sú breyting varð með gildistöku laganna að ríkissjóður ábyrgist greiðslu til fórnarlamba á sérstaklega tilgreindum bótum.

26. Hvaða breytingar hafa orðið á áverkum af völdum ofbeldis sem meðhöndlaðir hafa verið á sjúkrahúsum síðustu 20 ár, sundurliðaðar eftir árum, varðandi eftirfarandi:
a) heildarfjölda mála,
b) fjölda innlagna,
c) alvarleika miðað við læknisfræðilegu staðlana AIS og ISS, óskað er tölulegra upplýsinga ásamt helstu útskýringum á læknisfræðilegu mati,
d) kyn og aldursskiptingu ofbeldisþola?

Á meðfylgjandi töflu má sjá fjölda þeirra sem leitað hafa til slysadeildar Sjúkrahúss Reykjavíkur síðan 1975 vegna ofbeldis sem þeir hafa verið beittir.

Ár	Karlar	Konur	Samtals	Íbúafjöldi	Hlutfall í %	Fjöldi innlagna	Karlar	Konur
1975	1045	486	1531	84856	1,80	52	42	10
1976	1135	495	1630	84493	1,93	59	44	15
1977	1218	571	1789	83887	2,13	49	38	11
1978	1334	597	1931	83376	2,32	54	36	18
1979	1159	496	1655	83536	1,98	55	34	21
1980	981	465	1446	83766	1,73	41	29	12
1981	811	357	1168	84593	1,38	55	41	14
1982	916	364	1280	86092	1,49	46	30	16
1983	905	370	1275	87309	1,46	59	45	14
1984	1075	385	1460	88745	1,65	59	51	8
1985	982	384	1366	89868	1,52	57	43	14
1986	980	380	1360	91497	1,49	46	36	10
1987	1229	463	1692	93425	1,81	46	31	15
1988	1479	549	2028	95811	2,12	74	56	18
1989	1640	580	2220	96708	2,30	86	64	22
1990	1466	561	2027	97569	2,08	78	56	22
1991	1471	521	1992	99623	2,00	76	57	19
1992	1474	564	2038	100850	2,02	80	54	26
1993	1186	475	1661	101824	1,63	59	47	12
1994	1410	556	1966	103020	1,91	122	62	60

Athyglisvert er að sjá að hlutfall þeirra sem leita til slysadeildar vegna ofbeldis hefur ekki aukist svo marktækt sé síðan 1975 ef tekið er tillit til íbúafjölda í Reykjavík. Í reynd er það mjög sérstakt miðað við þær aðstæður sem skapast hafa hér undanfarin ár og eru taldar hvatar að ofbeldisverkum. Því miður er ekki fyrir að fara upplýsingum hliðstæðum þessum frá öðrum stöðum á landinu.

Á skurðlæknaþingi 1993 birtu þrír læknar á slysa- og bæklunardeild Borgarspítala (Sjúkrahús Reykjavíkur), þeir Björn Zoëga, Brynjólfur Mogensen og Helgi Sigvaldason, niðurstöður rannsóknar þeirra á áverkum eftir ofbeldi í Reykjavík. Við rannsókn þeirra kom í ljós að tíðni innlagna eftir ofbeldi hafði tvöfaldast á árunum 1974 til 1991 en heildartíðni ofbeldis var á þessu tímabili breytileg. Þessi aukning á innlögnum var einkum á síðari hluta tímabilsins. Fjölgun innlagna getur hugsanlega skýrst af breyttu áverkamynstri. Alvarleiki áverkanna virðist ekki hafa aukist miðað við AIS- og ISS-staðla. Innlögnum vegna andlitsáverka hefur fækkað en brotum, kviðarhols- og kynfæraáverkum

hefur fjölgað. AIS og ISS eru aðþjóðlegir staðar sem notaðir eru við alvarleikaflokkun áverka. Ekki reyndist unnt að fá nánari útskýringar á læknisfræðilegu stöðlunum á þeim tíma sem var til skýrslugerðarinnar.

Ef litið er á fjölda þeirra sem lagðir eru inn á slysadeild, sem jafnan eru þeir sem hljóta alvarlegustu áverkana, þá hefur hlutfall kvenna hækkað mjög, og eru þær nú nær helmingur þeirra sem inn eru lagðar. Árið 1975 voru það aðeins 2% þeirra kvenna sem komu á slysadeild vegna ofbeldisáverka sem varð að leggja inn en árið 1994 voru þær 10%. Það sem skekkir þessa mynd nokkuð er að árið 1994 var byrjað að skrá sem innlagnir komur kvenna sem leita til neyðarmóttöku vegna kynferðisbrota. Hlutfall karla hefur hins vegar hækkað minna og er reyndar ekki hæst fyrir árið 1994 ef litið er á þetta 20 ára tímabil. Þessar upplýsingar eru því í raun staðfesting þess að ofbeldi hafi ekki aukist til muna heldur form þess breyst að nokkru marki.

Ef litið er á aldursdreifingu þeirra sem leituðu til slysadeildar Sjúkrahúss Reykjavíkur kemur fram að það hafa orðið breytingar síðan 1975. Hjá körlum hefur aldurinn heldur lækkað og er stærsti hópur þeirra sem aðstoðar leita nú 15 til 19 ára (32,5% en var áður 17,9%). Árið 1975 var fjölmennasti hópur karla 20 til 24 ára (20,6%). Þessi aldurshópur (20–24 ára) er enn fjölmennur (22%) þannig að helsta breyting hjá körlum er að fjölgað hefur í aldurshópnum 15 til 19 ára meðal þeirra sem leita til slysadeildar.

Á meðfylgjandi töflu má sjá samanburð milli áranna 1975 og 1994 að því er varðar aldursskiptingu og kyn þeirra sem leituðu til slysadeildar vegna ofbeldisáverka.

	1975			**1994**	
Aldur	**Karlar – hlutfall**	**Konur – hlutfall**	**Aldur**	**Karlar – hlutfall**	**Konur – hlutfall**
0–4 ára	4,00%	8,90%	0–4 ára	3,30%	8,50%
5–9 ára	10,80%	7,70%	5–9 ára	2,80%	1,80%
10–14 ára	11,50%	12,10%	10–14 ára	7,00%	8,60%
15–19 ára	18,00%	13,30%	15–19 ára	23,50%	16,40%
20–24 ára	20,70%	13,60%	20–24 ára	22,20%	21,00%
25–29 ára	10,00%	11,60%	25–29 ára	14,00%	10,10%
30–34 ára	7,50%	8,20%	30–34 ára	8,10%	7,70%
35–39 ára	4,70%	7,60%	35–39 ára	6,60%	8,60%
40–44 ára	4,90%	4,50%	40–44 ára	5,00%	5,60%
45–49 ára	2,30%	5,60%	45–49 ára	2,30%	4,00%
50–54 ára	1,80%	1,40%	50–54 ára	2,50%	4,30%
55–59 ára	1,60%	3,10%	55–59 ára	1,10%	1,60%
60–64 ára	0,80%	1,00%	60–64 ára	0,80%	0,72%
65–69 ára	0,80%	0,10%	65–69 ára	0,30%	0,20%
70–74 ára	0,50%	0,20%	70–74 ára	0,25%	0,50%
75–79 ára	1,00%	0,60%	75–79 ára	0,25%	0,36%
80 og eldri	0,00%	0,00%	80 og eldri	0,00%	0,00%
Heildarfjöldi	1045	486		1410	556

Aldursdreifing kvenna er með nokkuð öðrum hætti. Þótt þær séu einnig flestar á aldrinum 15 til 19 ára (13,3% til 16,4%) og 20 til 24 ára (13,6% til 21.0%) er samt fjölmennur hópur kvenna í eldri aldurshópum. Sem dæmi má nefna að árið 1975 voru 7,6% þeirra kvenna sem leituðu til slysadeildar vegna ofbeldis á aldrinum 35 til 39 ára en árið 1994 voru það 8,6% kvenna.

Í heild má sjá að þótt heldur sé þróun í þá átt að aldur kvenna færist í svipuð aldursskeið og karla, er enn töluverður munur á. Enn eru fleiri konur sem leita til slysadeildar í eldri aldurshópum. Telja verður líklegt að þar vegi þungt að algengast er að konur verði fyrir sínum áverkum á heimilum en karlar á götum úti. Í þessu sambandi má benda á að verið er að gera ítarlega rannsókn á umfangi og eðli heimilisofbeldis á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins sem væntanlega verður tilbúin á vormánuðum 1996.

Á undanförnum árum hefur færst mjög í vöxt að líkamsmeiðingar væru tilkynntar til lögreglu, á sama tíma og ekki er að sjá að fleiri hljóti ofbeldisáverka skv. gögnum Sjúkrahúss Reykjavíkur. Þetta vekur athygli og bendir til þess að fjölgun tilvika samkvæmt lögregluskýrslum komi til af því að fólk tilkynni mun frekar slík ofbeldisverk en áður. Hér kunna að vera ýmsar skýringar að baki, svo sem að fólk sættir sig síður við ofbeldi en áður. Hugsanlega má að einhverju leyti rekja skýringuna til meira forvarnarstarfs lögreglu og breyttra áherslna og starfshátta, enn fremur að meiri fjölmiðlaumfjöllun um ofbeldi hvetji fólk frekar til að tilkynna slík brot. Þá vekur athygli að fjölgun tilvika samkvæmt lögregluskýrslum liggur í minni háttar málum, en ekki þeim alvarlegri, þó svo að árásarmunstur hafi nokkuð breyst á undanförnum árum. Þetta styður einmitt þá tilgátu að fólk leiti frekar en áður til lögreglu vegna ofbeldisverka, án þess þó að um raunverulega fjölgun ofbeldistilvika sé að ræða.

870. Nefndarálit [233. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um einkaleyfi, nr. 17/1991, með síðari breytingum, lögum um vörumerki, nr. 47/1968, með síðari breytingum, og lögum um hönnunarvernd, nr. 48/1993.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á sinn fund Ástu Valdimarsdóttur lögfræðing og Ómar Grétar Ingvarsson verkfræðing frá Einkaleyfastofunni, en þau áttu sæti í þeirri nefnd sem samdi frumvarpið. Þá komu einnig fyrir nefndina þeir Friðrik Kristjánsson frá Omega Farma hf., Ottó B. Ólafsson frá Delta hf., Ólafur Helgi Árnason frá Samtökum iðnaðarins, Örn Guðmundsson frá Lyfjaverslun Íslands og Jón L. Arnalds héraðsdómari.

Með frumvarpinu er lagt til að breytt verði ýmsum ákvæðum laga um einkaleyfi ásamt einu ákvæði vörumerkjalaga og einu ákvæði laga um hönnunarvernd, með vísan til breytinga vegna skuldbindinga Íslands í alþjóðasamstarfi. Annars vegar er um að ræða samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO, World Trade Organization) og samning um hugverkarétt í viðskiptum (TRIPS, Agreement on Trade-Related Aspects of Intellectual Property Rights) og hins vegar er um að ræða skuldbindingar samkvæmt EES-samningnum. Enn fremur eru gerðar tillögur um breytingar í samræmi við tillögur sem norrænn vinnuhópur um einkaleyfamál hefur gert. Meginbreytingin felst í því að

heimilt verður að veita einkaleyfi fyrir lækningalyfjum hér á landi verði frumvarpið að lögum.

Nefndin leggur til að tveimur nýjum greinum verði bætt við frumvarpið er breyti 31. og 33. gr. einkaleyfalaganna. Við framkvæmd á samstarfssáttmálanum um einkaleyfi (PCT, Patent Cooperation Treaty) hafa komið í ljós annmarkar á þessum greinum. Með breytingunni er heimilað að í reglugerð verði kveðið á um þýðingar á alþjóðlegum einkaleyfisumsóknum við innlagningu þeirra hérlendis og þegar slíkar umsóknir eru yfirfærðar til Íslands. Felld er að hluta til niður skylda til að leggja inn íslenska þýðingu á umsókn við yfirfærslu. Þar sem Einkaleyfastofan er ekki byggð upp sem rannsóknastofnun á sviði einkaleyfa, en stofnunin hefur til þess hvorki nægilegan fjölda sérfræðinga né rannsóknargögn, verður hún að leita til erlendra rannsóknastofnana vegna rannsókna á einkaleyfishæfi umsókna. Þessar rannsóknastofnanir geta ekki framkvæmt rannsóknina ef umsóknargögn eru á íslensku. Þá er ekki nauðsynlegt að óska eftir afriti af alþjóðlegri umsókn sem óskast yfirfærð til Íslands þar sem hægt er að fá slík afrit send frá Alþjóðahugverkastofnuninni (WIPO) og lýtur hluti breytingarinnar að því atriði.

Breytingar á 25. og 28. gr. varða gildistöku ef frumvarpið verður að lögum.

Mikil umræða varð í nefndinni um túlkun á 3. tölul. 3. mgr. 3. gr. einkaleyfalaganna sem fjallar um takmarkanir á einkarétti einkaleyfishafa. Í ákvæðinu segir að einkaréttur nái ekki til tilrauna með efni uppfinningar og telja íslenskir lyfjaframleiðendur eðlilegt að skýra ákvæðið svo að heimilt verði að vinna að þróun og skráningu samheitalyfja hér á landi á meðan einkaleyfisverndar nýtur.

Íslensku einkaleyfalögin eru í öllum meginatriðum samhljóða einkaleyfalöggjöf annars staðar á Norðurlöndum, þar með talið ákvæði 3. tölul. 3. mgr. 3. gr. laganna. Norræn löggjöf hefur verið samræmd löggjöf helstu iðnríkja Evrópu og þeim breytingum sem orðið hafa á alþjóðavettvangi. Einkaleyfi eru í eðli sínu alþjóðleg og því nauðsynlegt að um löggjöf á þessu sviði skapist samstaða á alþjóðlegum vettvangi. Nefndin telur ekki ástæðu til að breyta ákvæði 3. tölul. 3. mgr. 3. gr. að svo stöddu. Nefndin minnir á að það er hlutverk íslenskra dómstóla að kveða á um túlkun einkaleyfalaganna ef ágreiningur rís um hana fyrir þeim. Hins vegar telur nefndin brýnt að einkaleyfayfirvöld, iðnaðarráðuneyti og Einkaleyfastofan, fylgist náið með réttarþróun á þessu sviði og beiti sér fyrir umræðum um túlkun og endurskoðun þessa ákvæðis, t.d. á norrænum vettvangi. Varðandi alþjóðaskuldbindingar almennt telur nefndin eðlilegt og mikilvægt, bæði við gerð og túlkun þeirra, að íslenskir hagsmunir verði ávallt hafðir að leiðarljósi til hins ýtrasta.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Hjálmar Árnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 29. apríl 1996.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Pétur H. Blöndal.
Guðjón Guðmundsson.	Árni R. Árnason.	Svavar Gestsson.
Guðmundur Árni Stefánsson.		Jóhanna Sigurðardóttir.

871. Breytingartillögur [233. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um einkaleyfi, nr. 17/1991, með síðari breytingum, lögum um vörumerki, nr. 47/1968, með síðari breytingum, og lögum um hönnunarvernd, nr. 48/1993.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Á eftir 12. gr. komi tvær nýjar greinar, svohljóðandi:
   a. (13. gr.)
      Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:
      a. Í stað 2. og 3. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Enn fremur skal umsækjandi afhenda þýðingu á umsókninni að því marki sem ákveðið er í reglugerð.
      b. 3. mgr. orðast svo:
         Hafi umsækjandi greitt þau gjöld, sem krafist er, innan þess frests sem um getur í 1. og 2. mgr. má leggja inn tilskilda þýðingu innan tveggja mánaða viðbótarfrests gegn því að greitt sé ákveðið viðbótargjald áður en sá frestur rennur út.
   b. (14. gr.)
      3. mgr. 33. gr. laganna orðast svo:
      Þótt umsókn hafi ekki verið yfirfærð koma ákvæði 22. gr. til framkvæmda um leið og umsækjandi hefur uppfyllt skyldur sínar skv. 31. gr. með því að leggja inn þýðingu á umsókninni til einkaleyfayfirvalda.
2. Við 25. gr. Í stað orðanna „eftir 1. janúar 1996“ í efnismálsgrein komi: eftir 1. júní 1996.
3. Við 28. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1996.

872. Fyrirspurn [499. mál]

til umhverfisráðherra um bætur fyrir tjón af völdum arna.

Frá Gísla S. Einarssyni.

Hefur ráðherra látið kanna hver sé bótaskyldur vegna tjóns af völdum arna sem hafa útrýmt æðarvarpi, valdið lambadauða og kostað bændur verulegan tekjumissi og aukið vinnuálag þeirra við sauðburð?

873. Lög [393. mál]

um breytingu á lögum nr. 145/1995, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 688.

874. Lög [399. mál]

um breytingu á skaðabótalögum, nr. 50/1993.

(Afgreidd frá Alþingi 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 866.

875. Lög [367. mál]

um breytingu á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990.

(Afgreidd frá Alþingi 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 644.

876. Lög [271. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

(Afgreidd frá Alþingi 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 867.

877. Frumvarp til laga [500. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, ásamt síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 3. gr. kemur ný málsgrein er orðast svo:

Kennarar og skólastjórnendur, sem ráðnir eru samkvæmt ákvæðum laga um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla og starfa við skóla sem eru reknir af

sveitarfélögum samkvæmt lögum um grunnskóla, skulu vera sjóðfélagar og greiða iðgjöld til sjóðsins, enda uppfylli ráðning þeirra skilyrði a-liðar I-tölul. 1. mgr. um ráðningartíma og starfshlutfall. Kennurum og skólastjórnendum er þó heimilt að greiða í annan lífeyrissjóð, ef viðkomandi sveitarfélag samþykkir aðild þeirra að þeim sjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1996.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að kennarar og skólastjórnendur greiði áfram iðgjald til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eftir að rekstur grunnskólans hefur verið fluttur frá ríki til sveitarfélaga. Efni frumvarpsins er í samræmi við ákvæði a-liðar 1. mgr. 57. gr. laga nr. 66/1995, um grunnskóla, en samkvæmt þeirri lagagrein er það meðal skilyrða fyrir því að fyrrgreind lög um grunnskóla taki gildi 1. ágúst 1996 að Alþingi hafi þá samþykkt breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem tryggi öllum þeim kennurum og skólastjórnendum við grunnskóla, sem rétt hafa átt til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, aðild að sjóðnum.

Í frumvarpinu er lagt til að réttur til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins nái bæði til þeirra kennara og skólastjórnenda sem greitt hafa í sjóðinn sem ríkisstarfsmenn og til þeirra sem að óbreyttu verða ráðnir til starfa hjá grunnskólum eftir að sveitarfélög hafa tekið við rekstri þeirra. Heimild þessi nær eftir sem áður ekki til starfsmanna við einkaskóla.

Í frumvarpinu er lagt til að kennurum og skólastjórnendum við grunnskóla verði heimilt að greiða iðgjald í annan lífeyrissjóð ef þeir kjósa svo fremur en að greiða iðgjald í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Það er þó skilyrði að viðkomandi sveitarfélag samþykki aðild þeirra að þeim sjóði. Nú starfrækja níu sveitarfélög lífeyrissjóði fyrir starfsmenn sína. Reglur þessara sjóða eru að miklu leyti sambærilegar við reglur Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Þá greiða mörg sveitarfélög iðgjald til staðbundinna lífeyrissjóða fyrir starfsmenn sína. Með frumvarpinu er lagt til að heimilt verði fyrir sveitarfélög og kennara og skólastjórnendur sem hjá þeim starfa að semja svo um að þessir starfsmenn greiði í sömu lífeyrissjóði og aðrir starfsmenn viðkomandi sveitarfélaga.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að þessar breytingar öðlist gildi 1. ágúst 1996. Sú tímasetning er til samræmis við gildistökuákvæði í 57. gr. laga nr. 66/1995, um grunnskóla.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, ásamt síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að kennarar og skólastjórnendur grunnskóla, sem reknir eru af sveitarfélögum samkvæmt lögum um grunnskóla, verði heimilt að greiða áfram iðgjald til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Í skýrslu kostnaðarnefndar um flutning grunnskólans til sveitarfélaga er lagt til í fyrsta lagi að sveitarfélög beri ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum vegna áunninna réttinda grunnskólakennara í þjónustu þeirra frá 1. janúar 1997 en ríkissjóður beri ábyrgðina til þess tíma, í öðru lagi að skuldbindingarnar verði fullnustaðar með greiðslu fulls iðgjalds til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og í þriðja lagi að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga beri bakábyrgð á þessum skuldbindingum. Vegna þessa er í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga frá 4. mars sl. um kostnaðar- og tekjutilfærslu vegna flutnings grunnskólans miðað við að hækka þurfi framlag vinnuveitanda úr 6% í 10,5%. Hækkunin er talin nema um 160 m.kr. á ári og er hún innifalin í þeim tekjum sem fluttar verða frá ríki til sveitarfélaga samkvæmt frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum. Tillaga kostnaðarnefndar byggist á ákveðnum forsendum sem eru til nánari skoðunar og kunna að leiða til þess að gerðar verði tillögur um frekari lagabreytingar. Samkvæmt frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 4/1995 er einnig lagt til að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga beri bakábyrgð á umræddum lífeyrisgreiðslum.

Gert er ráð fyrir að frumvarpið hafi ekki önnur áhrif á kostnað ríkisins en greint er frá hér að framan.

878. Frumvarp til laga [501. mál]

um breyting á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Samband íslenskra sveitarfélaga fer með þau málefni grunnskólans sem varða fleiri en eitt sveitarfélag, ef þeim er ekki skipað með öðrum hætti í lögum, reglugerðum eða með samkomulagi aðila.

2. gr.

Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sveitarfélag getur falið byggðasamlagi um rekstur grunnskóla þau réttindi og skyldur sem á sveitarfélagi hvíla samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Við 21. gr. laganna bætast fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Eignarhlut ríkisins í skólahúsnæði skal afskrifa í 15 jöfnum áföngum og hann þannig yfirfærður til þeirra sveitarfélaga sem annast og kosta viðhald húsnæðisins. Skal það gert með því að lækka í lok hvers árs eignarhlut ríkisins, eins og hann er skráður hjá Fasteignamati ríkisins 1. ágúst 1996, um 6⅔%, í fyrsta skipti 31. desember 1996. Jafnframt hækki eignarhluti sveitarfélaga samsvarandi.

Verði breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þannig að skólahúsnæði er ráðstafað til rekstrar á vegum ríkisins skal samsvarandi yfirfærsla á eignarhlut sveitarfélags eiga sér stað á 15 árum frá sveitarfélagi til ríkis.

Ákvæði þessarar greinar eiga þó ekki við um húsnæði og aðstöðu sem framhaldsskólar hafa afnot af, svo sem íþróttahús og önnur íþróttamannvirki. Enn fremur eru undanskildir skólastjóra- og kennarabústaðir, óbyggðar lóðir og landréttindi.

Menntamálaráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar í reglugerð að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

4. gr.

1. mgr. 26. gr. laganna orðast svo:

Starfstími grunnskóla skal á hverju skólaári vera níu mánuðir. Kennsludagar skulu ekki vera færri en 170.

5. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í lögunum orðast svo:

Ákvæði 3. gr. um einsetinn grunnskóla skal komið að fullu til framkvæmda að átta árum liðnum frá gildistöku laga þessara.

Ákvæði 2. mgr. 27. gr. um vikulegan kennslutíma á hvern nemanda skal koma til framkvæmda á árabilinu 1995–2001 sem hér segir:

Haustið 1995 fjölgar kennslustundum um sex, þannig að vikulegur kennslustundafjöldi nemenda verður að lágmarki sem hér segir:

1.–4. bekkur: 26 kennslustundir,
5.–7. bekkur: 29, 31 og 33 kennslustundir,
8.–10. bekkur: 34 kennslustundir.

Haustið 1996 fjölgi kennslustundum um 10, þannig:

1.–4.bekkur: 27 kennslustundir,
5.–7. bekkur: 30, 32 og 34 kennslustundir,
8.–10. bekkur: 35 kennslustundir

Haustið 1997 fjölgi kennslustundum um 5, þannig:

1.–4. bekkur 28 kennslustundir,
5.–7. bekkur 31, 32 og 34 kennslustundir,
8.–10. bekkur 35 kennslustundir.

Haustið 1998 fjölgi kennslustundum um 5, þannig:

1.–4. bekkur 29 kennslustundir,
5.–7. bekkur 32, 32 og 34 kennslustundir,
8.–10. bekkur 35 kennslustundir.

Haustið 1999 fjölgi kennslustundum um 5, þannig:

1.–4. bekkur 30 kennslustundir,
5.–7. bekkur 32, 32 og 35 kennslustundir,
8.–10. bekkur 35 kennslustundir.

Haustið 2000 fjölgi kennslustundum um 5, þannig:

1.–4. bekkur 30 kennslustundir,
5.–7. bekkur 33, 33, 35 kennslustundir,
8.–10. bekkur 36 kennslustundir.

Haustið 2001 fjölgi kennslustundum um 7, þannig:

1.–4. bekkur 30 kennslustundir,
5.–7. bekkur 35 kennslustundir,
8.–10. bekkur 37 kennslustundir.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. og 3. gr. koma til framkvæmda 1. ágúst 1996.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við yfirfærslu grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga, sbr. ákvæði laga um grunnskóla, nr. 66/1995 og byggist á samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga frá 4. mars 1996 um kostnaðar- og tekjutilfærslu við flutning grunnskólans sem samþykkt hefur verið í ríkisstjórn og fulltrúaráði Sambands íslenskra sveitarfélaga, sbr. fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þessi viðbót á að tryggja frumkvæði og ábyrgð á málum sem falla undir mörg sveitarfélög, svo sem rekstur sérskóla og skólabúða. Ekki er líklegt að á þetta ákvæði reyni nema rétt á meðan flutningur grunnskólans gengur yfir. Tillaga um þetta ákvæði er flutt að ósk fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga í verkefnisstjórn um flutning grunnskóla til að koma í veg fyrir að tómarúm skapist varðandi ákvarðanir sem snerta fleiri en eitt sveitarfélag. Á það t.d. við um skólabúðir, sérskóla og nýbúafræðslu Litið er á ákvæðið sem nauðsynlegan varnagla svo að þessi viðkvæma starfsemi raskist ekki við flutninginn.

Um 2. gr.

Nýrri málsgrein við 11. gr. grunnskólalaganna er ætlað að taka af tvímæli um að byggðasamlög, sbr. 98. gr. sveitarstjórarlaga, nr. 8/1986, geti tekið við skyldum sveitarfélags, t.d. varðandi ráðningar. Samvinna tveggja eða fleiri sveitarfélaga um grunnskóla eða hluta grunnskóla er algeng í dreifbýli og þá eru stofnuð byggðasamlög um reksturinn samkvæmt sveitarstjórnarlögum.

Um 3. gr.

Greinin felur í sér að skólahúsnæði verði afskrifað í jöfnum áföngum á næstu 15 árum. Með skólahúsnæði er hér átt við húsnæði til skólastarfsemi skv. 19. gr. grunnskólalaga, nr. 66/1995. Undanskilið er þó húsnæði og aðstaða sem framhaldsskólar hafa afnot af, svo sem íþróttahús og önnur íþróttamannvirki. Enn fremur eru undanskildir skólastjóra- og kennarabústaðir, óbyggðar lóðir og landréttindi.

Í 11. gr. samkomulags ríkis og sveitarfélaga um kostnaðar- og tekjutilfærslu vegna flutnings grunnskólans er gert ráð fyrir því að framkomnar hugmyndir um að eignarhluti ríkisins í grunnskólahúsnæði færist til sveitarfélaga verði útfærðar nánar. Í umfjöllun kostnaðarnefndar sem lagði mat á kostnað við grunnskólahald samkvæmt grunnskólalögunum kom fram það álit að tilfærsla á eignarhlut ríkisins kæmi til greina. Í skýrslu kostnaðarnefndar segir m.a.: „Samkvæmt grunnskólalögunum er gert ráð fyrir að skólahús sem byggð voru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum verði í umsjón og rekstri sveitarfélaga meðan þau eru notuð til grunnskólahalds. Verði húsnæði, er byggt var með stofnkostnaðarframlagi úr ríkissjóði, ráðstafað til annarra nota skal samið um uppgjör þess hluta eigna er þannig myndaðist. Kostnaðarnefnd telur ekki heppilegt að húsnæði sé sameign ríkis og sveitarfélaga, m.a. með tilliti til notkunar, viðhalds og reksturs á eignum. Verði ákveðið að skipta eignum upp á milli ríkis og sveitarfélaga þarf að setja almennar og skýrar reglur um hvernig slíkt eignauppgjör fer fram. Að því búnu mætti kanna

hvort færa skuli kennsluhúsnæði grunnskólans sem er í sameign yfir til sveitarfélaga í jöfnum áföngum, t.d. á 15 árum.“

Í viðræðum milli ríkis og sveitarfélaga um flutning grunnskólans hafa fulltrúar sveitarfélaga sótt fast að fá full yfirráð yfir og ábyrgð á skólahúsnæði. Af hálfu ríkisins hefur verið bent á ýmsar aðrar eignir sem eru í sameign og æskilegt væri að gera upp með svipuðum hætti, t.d. heilsugæsluhúsnæði. Fulltrúar sveitarfélaga hafa lýst sig reiðubúna til að beita sér fyrir samsvarandi tilfærslu á eignarhluta sveitarfélaga til ríkisins í anda bókunar á fundi verkefnisstjórnar um flutning grunnskólans 10. apríl 1996:

„Verði framangreind breyting á lögum um grunnskóla telur Samband íslenskra sveitarfélaga eðlilegt að sambærileg yfirfærsla til ríkisins eigi sér stað á eignarhlut sveitarfélaga í húsnæði heilsugæslu og framhaldsskóla. Þetta er þó háð því að lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um framhaldsskóla verði breytt þannig að kostnaður við byggingu og búnað heilsugæslustöðva og framhaldsskóla verði að fullu greiddur úr ríkissjóði og þátttaka sveitarfélaga í stofnkostnaðarframlögum þar með afnumin.“

Ákvæði 3. gr. frumvarpsins er sett fram til að taka af skarið um vilja ríkisins varðandi skólahúsnæði í tengslum við flutning grunnskólans til sveitarfélaga og í trausti þess að svipuð regla verði viðhöfð t.d. varðandi eignarhlut sveitarfélaga í heilsugæslustöðvum og framhaldsskólum.

Um 4. gr.

Breyting á 26. gr. grunnskólalaga er hluti af samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga vegna flutnings grunnskólans.

Lágmarkinu, 172 kennsludögum, er breytt í 170 daga. Í síðustu kjarasamningum við kennara náðist ekki markmið laganna um 172 kennsludaga. Ekki þótti fært að áætla kostnað við þá tvo daga sem munar, enda kemur það í hlut sveitarfélaga að gera næsta kjarasamning við kennara. Við útreikninga á kostnaði við grunnskólahald í tengslum við flutning grunnskóla til sveitarfélaga var því reiknað með raunkostnaði sem miðaðist við niðurstöðu kjarasamninga, þ.e. 170 kennsludaga.

Um 5. gr.

Ákvæði til bráðabirgða er breytt þannig að tveimur árum er bætt við og reiknað með að einsetningu grunnskóla verði náð árið 2002 í stað ársins 2000. Jafnframt er tímafjölguninni sem lögin gera ráð fyrir dreift á fleiri ár og kemur sú breyting fram frá og með árinu 1997.

Þessi tillaga um breytingu á ákvæði til bráðabirgða er liður í samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga um kostnaðar- og tekjutilfærslu vegna flutnings grunnskólans til sveitarfélaga. Í 4. gr. samkomulagsins frá 4. mars 1996 segir:

„Ákvæði til bráðabirgða í grunnskólalögum verði breytt í þá veru að grunnskóli skuli einsetinn að fullu að átta árum liðnum frá gildistöku laganna (mars 1995). Til samræmis verði gerðar eftirfarandi breytingar á ákvæði til bráðabirgða um vikulegan kennslutíma:

Haustið 1997: fjölgun um 5 stundir í stað 10 og verði 314 stundir.
Haustið 1998: fjölgun um 5 stundir í stað 10 og verði 319 stundir.
Haustið 1999: fjölgun um 5 stundir í stað 7 og verði 324 stundir.
Haustið 2000: fjölgun um 5 stundir í stað 0 og verði 329 stundir.
Haustið 2001: fjölgun um 7 stundir í stað 0 og verði 336 stundir.“

Í samræmi við þetta hefur viðbótarstundum verið dreift á árganga þannig að fjölgun stunda og lengri viðvera í skóla komi fyrst fram hjá yngstu nemendunum.

Um 6. gr.

Samkvæmt reglugerð nr. 349/1995 koma 10. og 26. gr. grunnskólalaganna ekki til framkvæmda fyrr en 1. ágúst 1996. Hér er gert ráð fyrir að sama máli gegni um viðbótarákvæði við þessar greinar.

Fylgiskjal I.

Samkomulag ríkis og sveitarfélaga um kostnaðar- og tekjutilfærslu vegna flutnings grunnskólans.

1. Til að mæta kostnaði sveitarfélaga við framkvæmd grunnskólalaga verði gerð breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem heimili 11,9% hámarksútsvar 1. janúar 1997 og 11,95% 1. janúar 1998. Hækkun útsvars um 2,65%-stig 1. janúar 1997 er til að fjármagna þann hluta kostnaðar við rekstur grunnskólans sem flyst til sveitarfélaga og lækkar tekjuskattur samsvarandi. Áhrif lífeyrisskuldbindinga í flutningi tekjustofna er í samræmi við tillögur kostnaðarnefndar, sbr. bls. 2 og 6 í lokaskýrslu nefndarinnar.
2. Til að tryggja framgang lagaáforma um einsetningu grunnskólans verji ríkissjóður allt að 265 m.kr. á ári af tekjuskatti áranna 1997–2001 til að styrkja framkvæmdir við grunnskólabyggingar sem ríkissjóður mun fjármagna án þess að auka halla ríkissjóðs. Féð skal renna í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Til viðbótar framlagi ríkisins til stofnframkvæmda í grunnskólum renni árlegt lögbundið framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Lánasjóðs sveitarfélaga á árunum 1997–2002, 135 m.kr. á ári.

   Fé þessu verði varið til að greiða allt að 20% af normkostnaði við grunnskólabyggingar í sveitarfélögum með yfir 2.000 íbúa á árunum 1997–2002 í samræmi við norm og reglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eins og þær eru hverju sinni. Sá hluti fjárhæðarinnar sem sveitarfélögin nýta ekki á viðkomandi ári verði færanlegur milli ára innan tímabilsins. Þannig verði framlag ríkisins að hámarki 1.325 m.kr. á tímabilinu.

   Jöfnunarsjóður sveitarfélaga setji nánari reglur um norm og úthlutun fjárins að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og skulu þær taka mið af gildandi reglum um hliðstæð framlög til sveitarfélaga með innan við 2.000 íbúa.
3. Ákvæði 26. gr. grunnskólalaga verði breytt, þannig að kennslu- og prófdagar verði eigi færri en 170 á skólaári.
4. Ákvæði til bráðabirgða í grunnskólalögum verði breytt í þá veru að grunnskóli skuli einsetinn að fullu að átta árum liðnum frá gildistöku laganna (mars 1995). Til samræmis verði gerðar eftirfarandi breytingar á ákvæði til bráðabirgða um vikulegan kennslutíma:

   Haustið 1997: fjölgun um 5 stundir í stað 10 og verði 314 stundir.
   Haustið 1998: fjölgun um 5 stundir í stað 10 og verði 319 stundir.
   Haustið 1999: fjölgun um 5 stundir í stað 7 og verði 324 stundir.
   Haustið 2000: fjölgun um 5 stundir í stað 0 og verði 329 stundir.
   Haustið 2001: fjölgun um 7 stundir í stað 0 og verði 336 stundir.

5. Setja skal reglugerð á grundvelli 20. gr. grunnskólalaganna sem tryggi að nýting skólahúsnæðis verði sem best með tilliti til stofnkostnaðar án þess að það komi niður á gæðum skólastarfsins. Í því sambandi skal sveigjanleiki í húsnæðisnýtingu vera sem mestur svo stærð kennslurýmis með tilliti til aldurs og fjölda nemenda í hverri bekkjardeild verði í samræmi við ákveðnar viðmiðanir.
6. Reglugerðir um sérkennslu og sérfræðiþjónustu verði endurskoðaðar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga með það að markmiði að efla núverandi þjónustu.
7. Við framkvæmd laga eða setningu reglugerða um nýbúafræðslu og ráðningu aðstoðarskólastjóra verði haft samráð milli menntamálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga.
8. Fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga frá ágúst 1996 til janúar 1997 verði í samræmi við tillögur kostnaðarnefndar, sbr. kafla 8.2 í lokaskýrslu nefndarinnar, að teknu tilliti til breytinga á tryggingargjöldum í ársbyrjun 1996.
9. Í fjáraukalögum 1996 verði sótt um 15 m.kr. fjárheimild til að mæta kostnaðarauka sveitarfélaga fram til 1. ágúst nk. vegna undirbúnings yfirfærslu grunnskólans.
10. Sveitarfélögin eigi kost á að fá skólahúsnæði að Reykjum í Hrútafirði undir rekstur skólabúða. Samkomulagi þar að lútandi milli menntamálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði hraðað svo sem kostur er. Áframhaldandi rekstur skólabúðanna verði tryggður með framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.
11. Í samræmi við ákvæði 4.5 í lokaskýrslu kostnaðarnefndar er lagt til að verkefnisstjórn útfæri frekar þær hugmyndir sem þar eru settar fram um eignarhald á skólahúsnæði.
12. Árið 2000, fyrir 1. ágúst, verði kostnaður og tekjuþörf við framkvæmd grunnskólalaganna endurmetinn í ljósi reynslunnar.
13. Verði veruleg röskun á þeim forsendum sem samkomulag þetta byggist á skulu teknar upp viðræður milli samningsaðila með það að markmiði að lagfæra það sem úrskeiðis hefur farið.

Samkomulag þetta er gert með fyrirvara um staðfestingu ríkisstjórnar og stjórnar og fulltrúaráðs Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Reykjavík 4. mars 1996.

Halldór Árnason.	Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.
Húnbogi Þorsteinsson.	Valgarður Hilmarsson.
Ólafur Darri Andrason.	Karl Björnsson.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla.

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við yfirfærslu grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga, sbr. ákvæði laga um grunnskóla, nr. 66/1995, og byggist á samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga frá 4. mars 1996 um kostnaðar- og tekjutilfærslu vegna flutnings grunnskólans.

Í frumvarpinu er kveðið á um hlutverk Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi rekstur grunnskóla, heimildir sveitarfélaga til að framselja réttindi og skyldur sem á þeim hvíla vegna grunnskóla, fækkun lögboðinna kennsludaga um tvo á ári, frestun gildistöku einsetningar um tvö ár og breytingu á bráðabirgðaákvæði um vikulegan kennslutíma. Þessar breytingar leiða til þess að rekstrarkostnaður hins opinbera árin 1996 til 2002 verður um 460 m.kr. lægri en hann hefði orðið að óbreyttum lögum. Skiptist fjárhæðin þannig að um 290 m.kr. eru vegna frestunar einsetningar, um 90 m.kr. eru vegna stundafjölda og um 80 m.kr. vegna kennsludagafjölda. Breytingarnar eru forsendur þess að hægt sé að dreifa um 7,6 milljarða kr. uppbyggingu á aðstöðu vegna einsetningar á sjö ár í stað fimm, frá og með árinu 1996, eins og gildandi lög kveða á um.

Í frumvarpinu er ákvæði um að eignarhluti ríkisins í skólahúsnæði grunnskóla verði afskrifaður í jöfnum áföngum á fimmtán árum og hann þannig yfirfærður til þeirra sveitarfélaga sem annast og kosta viðhald húsnæðisins. Með skólahúsnæði er átt við húsnæði samkvæmt ákvæði 19. gr. grunnskólalaga sem er notað undir rekstur grunnskóla. Undanskilið er þó húsnæði sem framhaldsskólar hafa afnot af, þar á meðal íþróttamannvirki. Aðrar eignir en skólahúsnæði, svo sem skólastjóra- og kennarabústaðir, óbyggðar lóðir og landréttindi, eru einnig undanskildar. Ekki hefur verið tekin afstaða til einstakra eigna, en með hliðsjón af fyrirliggjandi upplýsingum er áætlað að húsnæði sem sveitarfélög geta eignast að fullu samkvæmt lögunum sé á bilinu 320–360 þúsund fermetrar að stærð og brunabótamat eignarhluta ríkisins í því sé um 15–17 milljarðar kr.

Ríkissjóður tók þátt í kostnaði við byggingu grunnskóla þar til verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga var breytt með lögum árið 1989 og sveitarfélögum ætlað að annast þennan þátt í rekstri grunnskóla. Reglur um skiptingu byggingarkostnaðar hafa breyst í gegnum tíðina auk þess sem ríkið hefur tekið meiri þátt í byggingu heimavista og íbúða starfsfólks en byggingu kennsluhúsnæðis. Ástand grunnskólahúsnæðis ræðst mjög af því hvernig viðhaldi þess hefur verið sinnt. Talið er að árleg viðhaldsþörf bygginga sé almennt á bilinu 1–5% af endurstofnverði eftir notkun og byggingarefni. Gert er ráð fyrir að grunnskólar séu nær efri mörkunum en þeim neðri. Um helmingur grunnskólahúsnæðis var byggður fyrir meira en 25 árum og væri því ekki í nothæfu ástandi ef viðhald hefði verið vanrækt. Reyndar hefur lítill hluti þess húsnæðis sem ríkið tók þátt í að byggja með sveitarfélögum fyrir grunnskóla verið tekinn til annarra notkunar. Sveitarfélög hafa greitt viðhaldskostnað grunnskólahúsnæðis í sameign að fullu frá árinu 1968 en fyrir þann tíma skiptist kostnaðurinn milli ríkis og sveitarfélaga í hlutfalli við eigaraðild.

Gera má ráð fyrir að kostnaður ríkisins við að færa eignirnar til sveitarfélaga, svo sem við að ákveða hvaða eignir færast og breyta skráningu þeirra, dreifist á nokkur ár og kosti samtals um 5 m.kr. Að öðru leyti er talið að yfirfærslan hafi ekki áhrif á fjárhag ríkissjóðs.

879. Svar [418. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um öryggi við þungaflutninga á þjóðvegum.

1. *Hversu mörg slys hafa orðið árlega við þungaflutninga á þjóðvegum landsins undanfarin fimm ár:*
   a. *bílveltur,*
   b. *akstur út af vegi,*
   c. *árekstrar við önnur farartæki,*
   d. *meiðsli á fólki,*
   e. *banaslys?*

Umferðarráð tekur árlega saman upplýsingar um slys á þjóðvegum landsins og er þar byggt á skráningu lögreglu. Fyrir hendi eru upplýsingar um fjölda slysa vegna þungaflutninga árin 1992–1995, en skráningarkerfi Umferðarráðs tekur ekki til áranna þar á undan. Eru upplýsingarnar miðaðar við þungaflutninga á þjóðvegum, óháð því hvort um vörubifreiðir eða dráttarbifreiðir er að ræða.

	1992	1993	1994	1995
Fjöldi slysa	17	19	26	24
með meiðslum	17	17	25	20
dauðaslys	0	2	1	4
Fjöldi slasaðra og látinna	21	29	51	33
slasaðir	21	27	50	28
látnir	0	2	1	5
Árekstur	10	15	16	14
Ekið á gangandi	0	0	0	1
Ekið á dýr eða hluti	0	0	0	1
Ekið út af vegi	4	2	6	3
Annað	3	2	4	5

2. *Hvaða hættur skapast einkum í umferðinni við aukna þungaflutninga?*

Þungaflutningar fara ýmist fram á vegum með bundnu slitlagi eða á malarvegum. Malarvegir eru í misjöfnu ástandi til að bera þungaflutninga og geta skapast ýmsar hættur samfara því. Örðugt verður um mætingar og framúrakstur. Þá geta malarvegir sem og aðrir vegir reynst hættulegir ef ekið er nærri vegköntum. Á þeim vegum er jafnan töluverð rykmyndun sem verður veruleg við akstur þungaflutningabifreiða. Skapar það hættur og óþægindi fyrir umferð. Nokkur hætta er einnig samfara þungaflutningum á vegum með bundnu slitlagi, en almennt má segja, eðli málsins samkvæmt, að meiri umferð sé um þá vegi. Við árekstur er þungi þeirra bifreiða það mikill að skriðþunginn verður til muna meiri en annars gerist. Við það geta slysin orðið alvarlegri. Loks má nefna að auknir þungaflutningar auka til muna slit á vegum, hvort sem um er að ræða malarvegi eða vegi með bundnu slitlagi, en holóttir og illa farnir vegir geta verið hættulegar slysagildrur.

3. *Til hvaða ráða hefur verið gripið til að draga úr hættum við þungaflutninga?*

Skoðunarstöðvum fyrir bifreiðir hefur fjölgað talsvert undanfarin ár og eru þær nú staðsettar víða um land. Með tilkomu þeirra má fullyrða að mun ítarlegri skoðun fari fram á búnaði ökutækja. Ætti það að verða til þess að færri illa búin ökutæki séu í akstri á þjóðvegum. Gildir það jafnt um þungaflutningabifreiðir sem aðrar bifreiðir.

Eftirlit lögreglu með akstri þungaflutningabifreiða hefur ávallt verið nokkuð. Á árunum 1988–1989 gerði lögregla sérstakt átak í að fylgjast með því að þungaflutningar færu fram samkvæmt þeim reglum er um þá gilda. Á grundvelli umferðarlaga, nr. 50/1987, og reglugerðar nr. 393/1992, um hleðslu, frágang og merki á farmi, hefur lögregla víða sett ákveðnar reglur um þungaflutninga þegar farmur er umfram leyfilega lengd, breidd eða hæð. Skal sækja um leyfi til viðkomandi lögreglustjóra ef fyrirhugaður er flutningur á farmi sem er umfram leyfileg mörk. Ef farmur er umfram leyfilegan ásþunga er nauðsyn á leyfi Vegagerðarinnar. Ef um flutning er að ræða milli lögregluumdæma skal leyfishafi jafnframt hafa aflað sér leyfis lögreglu í viðkomandi umdæmi. Frágangur farms skal vera í samræmi við 73., 75. og 76. gr. umferðarlaga og reglugerð um stærð og þyngd ökutækja, nr. 425/1995. Farmur umfram leyfileg mörk verður að jafnaði ekki fluttur nema í fylgd lögreglu.

4. *Til hvaða ráðstafana er nauðsynlegt að grípa til að tryggja öryggi vegfarenda sérstaklega við þungaflutninga á vegum?*

Með reglugerð um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 136 3. mars 1995, staðfesti dómsmálaráðuneytið gildistöku þriggja gerða Evrópubandalagsins sem voru hluti EES-samningsins. Var um að ræða reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85, um samhæfingu tiltekinnar löggjafar á sviði félagsmála er varðar flutninga á vegum, reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85, með síðari breytingum, um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum, og tilskipun ráðsins nr. 88/599EBE, um staðlaðar aðferðir við eftirlit með framkvæmd reglugerðanna. Reglugerð nr. 136/1995 tók gildi 15. nóvember 1995. Reglurnar gilda um hópbifreiðir og ökutæki í vöruflutningum í atvinnuskyni þegar heildarþyngd bifreiðar og eftirvagns er yfir 3.500 kg. Reglurnar taka þó ekki til flutninga með ökutækjum sem einvörðungu eru notuð til farþegaflutninga í reglubundnum ferðum, enda sé ökuleið ekki lengri en 50 km, aksturs í neyðartilvikum eða aðstoðar á vegum, aksturs fyrir rafmagns-, gas- og vatnsveitur, aksturs vegna viðhalds á vegum, dreifingar á

pósti eða söfnunar á sorpi og aksturs ökutækja sem ætlað er að safna mjólk frá mjólkurbúum og ökutækja sem opinber yfirvöld nota til þjónustu við almenning. Með reglugerðinni er skráðum eða skráningarskyldum eiganda ökutækis skylt að sjá til þess að ökuriti skrái hverju sinni upplýsingar um ökuhraða, ekna vegalengd, aksturstíma, hlé frá vinnu og daglegan vinnutíma, annan vinnutíma eða viðverutíma ökumanns og þau tilvik þegar ökuritinn er opnaður.

Í reglunum er gert ráð fyrir því að komið verði á fót sérstöku eftirliti með þeim skráningarbúnaði bifreiða er hér um ræðir og framkvæmd reglna um aksturs- og hvíldartíma ökumanna. Eftirlit þetta er falið lögreglunni og eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar. Að undanförnu hefur verið unnið að nánara samkomulagi milli dómsmálaráðuneytisins og Vegagerðarinnar um fyrirkomulag þessa eftirlits. Í samningsdrögum er gert ráð fyrir því að fjórar bifreiðir annist eftirlitið með tveimur mönnum í hverri bifreið, einum frá Vegagerðinni og einum frá lögreglunni. Auk eftirlits með aksturs- og hvíldartíma ökumanna er áætlað að þessir starfsmenn hafi eftirlit með ásþunga ökutækja, búnaði þeirra og þungaskattsmælum.

Gera verður ráð fyrir að með tilkomu aukins eftirlits með ökuritum verði eftirlit lögreglu og Vegagerðarinnar með þungaflutningabifreiðum töluvert. Er nauðsyn á virku eftirliti með því að ekki séu í umferð ökutæki í þungaflutningum þar sem stjórntæki eða annar búnaður er í ólagi. Með almennu eftirliti með ástandi ökutækja má draga talsvert úr hættu samfara auknum þungaflutningum á þjóðvegum. Tilgangur þess að koma fyrir skráningarbúnaði (ökuritum) í stórum ökutækjum sem notuð eru í atvinnurekstri er sá að hægt sé að fylgjast með að ökumönnum þeirra verði ekki haldið að vinnu lengur en eðlilegt getur talist og draga þar með úr hættu sem hlýst af því að þreyttir ökumenn aki bifreiðum um vegi landsins. Þær bifreiðir, er búnar skulu ökuritum, eru gjarnan í þungaflutningum og skapa þær þar af leiðandi meiri hættu í umferðinni en minni bifreiðir.

5. *Liggur fyrir mat á kostnaði við einstakar aðgerðir? Ef svo er, hver er hann?*

Í samningsdrögum, er liggja til grundvallar samstarfi dómsmálaráðuneytisins og Vegagerðarinnar um eftirlit með aksturs- og hvíldartíma ökumanna, ásamt búnaði ökutækja, er gert ráð fyrir því að kostnaður dómsmálaráðuneytisins af eftirlitinu verði 16 millj. kr. á ári, auk stofnkostnaðar í upphafi að fjárhæð 5 millj. kr. Annað kostnaðarmat liggur ekki fyrir.

880. Fyrirspurn [502. mál]

til menntamálaráðherra um varðveislu gjafa og eigna hússtjórnarskóla.

Frá Ísólfi Gylfa Pálmasyni.

Hvernig er háttað varðveislu gjafa og eigna hússtjórnarskóla sem flestir hafa verið lagðir niður?

881. Breytingartillögur [232. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði.

Frá Vilhjálmi Egilssyni, Valgerði Sverrisdóttur,
Pétri H. Blöndal og Árna R. Árnasyni.

1. Við 18. gr. Í stað orðsins „hámark“ í lok 2. málsl. 1. mgr. f-liðar 18. gr. komi: viðmiðunarmörk.
2. Við 26. gr. Við greinina bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Þegar lögin hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði, og gefa þau út svo breytt með samfelldri greinatölu og kaflanúmerum.
3. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:
   Tryggingarsjóður sparisjóða skal aðlaga samþykktir sínar ákvæðum laganna á fyrsta aðalfundi eftir gildistöku þeirra.

882. Nefndarálit [94. mál]

um frv. til. l. um framhaldsskóla.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hörð Lárusson, deildarstjóra í menntamálaráðuneyti, Elnu Katrínu Jónsdóttur, Hjördísi Þorgeirsdóttur, Birgi Björn Sigurjónsson og Danfríði Skarphéðinsdóttur frá Hinu íslenska kennarafélagi, Eirík Jónsson og Guðrúnu Ebbu Ólafsdóttur frá Kennarafélagi Íslands, Þórð Kristinsson og Guðmund G. Haraldsson frá kennslumálanefnd Háskóla Íslands, Ingvar Ásmundsson, Örlyg Karlsson og Oddnýju G. Harðardóttur frá Sambandi iðnmenntaskóla, Kristján Bersa Ólafsson og Þorstein Þorsteinsson frá Félagi áfangaskóla, Margréti Friðriksdóttur og Sigurð Sigursveinsson frá Skólameistarafélagi Íslands, Harald Sumarliðason, Örn Jóhannsson, Atla Ólafsson, Jón Albert Kristinsson og Inga Boga Bogason frá Samtökum iðnaðarins, Þórð Skúlason og Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Halldór Grönvold frá Alþýðusambandi Íslands, Snorra Konráðsson frá Menningar- og fræðslusambandi alþýðu, Brján Jónsson og Hallfríði Einarsdóttur frá Iðnnemasambandi Íslands, Sigurð Orra Jónsson og Snævar Sigurðsson frá Félagi framhaldsskólanema og Þröst Sigurðsson frá Bandalagi íslenskra sérskólanema. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Félagi kennara í bókiðngreinum, Menntaskólanum við Hamrahlíð, Framhaldsskólanum Laugum, Fjölbrautaskólanum við Ármúla, Fræðsluskrifstofu Reykjavíkurumdæmis, Bandalagi íslenskra sérskólanema, Húsmæðraskóla Reykjavíkur, Menntaskólanum við Sund, Fjölbrautaskólanum í Garðabæ, Öryrkjabandalagi Íslands, Íþróttakennarafélagi Íslands, Sambandi iðnmenntaskóla, Félagi áfangaskóla, Félagi dönskukennara, Félagi íslenskra sérkennara, Stýrimannaskólanum í Reykjavík, Menntaskólanum í Reykjavík, Menntaskólanum á Akureyri, Félagi sögukennara, Vélskóla Íslands, Tannsmiðaskóla Íslands, Þroskahjálp, Félagi tölvukennara, Samtökum kennara í viðskipta- og hagfræðigreinum, Félagi félagsfræðikennara á framhaldsskólastigi, Hinu íslenska kennarafélagi og Kennarasam-

bandi Íslands, kennurum Menntaskólans við Hamrahlíð, kennurum Menntaskólans í Kópavogi, Skólameistarafélagi Íslands, Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu, Fjölbrautaskóla Vesturlands, Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna, Félagi framhaldsskólanema, Félagi raungreinakennara, Iðnskólanum í Hafnarfirði, kennurum Kvennaskólans í Reykjavík, Iðnnemasambandi Íslands, Kvennaskólanum í Reykjavík, nemendaráði Kvennaskólans í Reykjavík, Skólanefnd Iðnskólans í Reykjavík, Kennarafélagi Fjölbrautaskólans í Breiðholti, Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, Samtökum líffræðikennara, Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum, Bændaskólanum á Hvanneyri, Nemendafélagi öldungadeildar Menntaskólans við Hamrahlíð, Félagi háskólakennara, kennurum Menntaskólans við Sund, kennurum Menntaskólans á Egilsstöðum, Samtökum iðnaðarins, kennurum Fjölbrautaskóla Vesturlands, Alþýðusambandi Íslands, Félagi norsku- og sænskukennara, kennurum Menntaskólans á Laugarvatni, skólanefnd Skógaskóla, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Fjölbrautaskóla Suðurlands, Menntaskólanum að Laugarvatni, kennslumálanefnd Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, rektor Menntaskólans við Sund, Bandalagi íslenskra sérskólanema og Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra.

Frumvarp til laga um framhaldsskóla felur í sér ýmsar breytingar frá núgildandi lögum. Helstu breytingarnar snúa að skýrari námsuppbyggingu í framhaldsskólum og breyttum áherslum í námsframboði. Þannig er lögð meginhersla á starfsnám í frumvarpinu og stefnt að því að efla og fjölga starfsnámsbrautum og opna leiðir til stúdentsprófs fyrir nemendur sem ljúka starfsnámi og námi frá sérskólum. Þá eru í frumvarpinu ákvæði sem miða að því að auka frumkvæði og ábyrgð skóla á mótun innra starfs. Felast nýmæli þessi í ákvæðum um skólanámskrá sem unnin skal af starfsfólki skóla og ákvæðum um reglulegt sjálfsmat starfsfólks skóla á starfsháttum skóla sem stuðla á að stöðugri endurskoðun á innra starfi skóla. Einnig felur frumvarpið í sér hvata til nýbreytnistarfa í skólum því að gert er ráð fyrir að stofnaður verði sérstakur þróunarsjóður fyrir framhaldsskóla þar sem skólar geti sótt um styrki og loks er í frumvarpinu að finna heimild til að gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs. Einnig er í frumvarpinu gert ráð fyrir að allar námsbrautir framhaldsskóla verði skipulagðar í samræmi við lokamarkmið náms og lögð er aukin áhersla á tengsl framhaldsskóla og atvinnulífs, en mjög mikilvægt er að treysta þau tengsl. Þá er einnig lögð áhersla á mikilvægi þess að starfsnám verði eftirsótt, ekki síst af góðu námsfólki.

Í flestum nágrannalöndum okkar ljúka nemendur stúdentsprófi fyrr en hér. Byggist það m.a. á betri nýtingu tíma nemenda og því að lengri tíma er varið til skólahalds hvert ár. Mjög mikilvægt er að íslenskt menntakerfi sé í takt við menntakerfi annarra vestrænna landa og að ungt fólk hérlendis hefji ekki sérhæft nám seinna en jafnaldrar þess í nágrannalöndunum. Meiri hluti menntamálanefndar leggur áherslu á að unnið verði markvisst að því að nemendur eigi kost á að ljúka framhaldsskólanámi fyrr en nú er og hafin verði skipulagning á þriggja ára bóknámsbrautum til stúdentsprófs, en í frumvarpinu er sá möguleiki fyrir hendi að ráðherra geti heimilað einstökum skólum að skipuleggja bóknámsbrautir til stúdentsprófs sem þriggja ára nám.

Vegna athugasemda sem komu fram í umsögnum um 13. gr. frumvarpsins, sem fjallar um heilsuvernd í framhaldsskólum, er rétt að árétta að samkvæmt frumvarpinu skulu heilsugæslustöðvar sinna heilsuvernd í skólum. Enn fremur má benda á að samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, er ljóst að það er þeirra verkefni. Meiri hluti menntamálanefndar telur ljóst að heilsugæslustöðvum beri ekki að krefja framhaldsskóla um sérstakar greiðslur fyrir heilsuverndarþjónustu þeirra við skóla.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að lágmarksfjöldi kennsludaga verði 145 í stað 150 daga eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Breyting þessi er lögð til vegna ábendinga frá ýmsum skólum um að lögfesting á að kennsludagar skuli að lágmarki vera 150 geti þrengt mjög að skipulagi skólastarfsins og veiti of lítið svigrúm til prófahalds, úrvinnslu prófa og brautskráningar.
2. Lagt er til að reglugerðarheimild í 6. gr. vegna skipunar skólanefnda sérskóla verði gerð skýrari þannig að ljóst sé að gert er ráð fyrir þeim möguleika að settar verði sérreglur um skipan skólanefnda sérskóla. Reglugerðarheimild 6. gr. er þó einungis ætlað að ná til skipunar skólanefnda. Í 7. gr. er aftur á móti fjallað um hlutverk skólanefnda og í 4. mgr. er mælt fyrir um að ráðherra skuli setja nánari reglur um störf skólanefnda, en það á við bæði í sérskólum og framhaldsskólum.
3. Lagt er til að nokkur breyting verði gerð á ákvæði 2. mgr. 7. gr. sem fjallar um innritunar- og efnisgjöld. Nauðsynlegt þykir að reglur um innheimtu gjaldanna séu skýrar og byggist tillagan á svipuðum viðmiðunum og kveðið er á um í viðmiðunarreglum menntamálaráðuneytisins settum á grundvelli 33. gr. núgildandi laga um framhaldsskóla. Lagt er til að lögfestar verði viðmiðanir við útreikning upphæðar gjaldanna og ítrekað mikilvægi þess að við endanlega ákvörðun upphæðar framangreindra gjalda beri að hafa hliðsjón af því meginsjónarmiði að þau séu ekki hærri en sá kostnaður sem almennt hlýst af því að veita umrædda þjónustu. Gerir tillagan ráð fyrir því að heitið innritunargjald nái til þeirra gjalda sem hingað til hafa verið nefnd pappírsgjöld, efnisgjöld eða staðfestingargjöld. Af innheimtum innritunargjöldum er gert ráð fyrir að skóli greiði kostnað af ýmiss konar þjónustu við nemendur, svo sem útgáfu námsvísis, gerð stundaskráa, tilkynninga, dreifibréfa og annarra pappírsgagna sem dreift er innan skólans. Heppilegt þykir að lögfesta hámarksgjald. Lagt er til að heimild til hækkunar gjalds fyrir innritun utan auglýstra skrásetningartíma verði lögfest. Efnisgjöld eru nú innheimt í skólum sem annast iðnfræðslu og aðra kennslu sem krefst verulegrar efnisnotkunar umfram það sem gerist og gengur í hefðbundnu bóklegu námi. Efniskostnaður er mjög mismunandi, ekki einvörðungu milli námsbrauta heldur einnig milli námsára. Gerð er tillaga líkt og um innritunargjöld að lögfest verði hámarksgjald. Á grundvelli tillögunnar verður að halda sérgreindum í bókhaldi skóla þeim kostnaðarþáttum sem innritunargjöldum, ásamt efnisgjöldum, er ætlað að mæta. Loks er gerð tillaga um breytingu á orðalagi í frumvarpinu þannig að í stað orðanna „við innritun í framhaldsskóla“ komi „við upphaf námsannar eða skólaárs“ en ekki mun hafa verið ætlunin með frumvarpinu að hverfa frá þeirri tilhögun sem nú er að gjöld nemenda séu innheimt í upphafi námsannar eða skólaárs.

   Í þessu sambandi er vert að taka skýrt fram að ætlunin er að gjöld til nemendasjóða séu umfram það 6.000 kr. hámark innritunargjalda sem lagt er til að lögbundið verði, enda er fjallað sérstaklega um gjöld til nemendasjóða í 2. mgr. 10. gr. Loks er rétt að árétta þann skilning meiri hluta nefndarinnar að þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 10. gr. geti nemendafélög falið skóla að sjá um innheimtu gjalda til nemendasjóða, samhliða innheimtu skóla á innritunargjöldum.
4. Lagt er til að reglugerðarheimild verði bætt við 9. gr. Er þetta lagt til í ljósi þess að nauðsynlegt þykir að starfssvið kennarafunda sé skýrt og afdráttarlaust. Þykir fara best á því að útfæra starfssvið fundanna nánar í reglugerð, líkt og gert er á grundvelli gildandi laga.
5. Breytingum þeim, sem lagðar eru til á 11. gr., má skipta í þrennt. Í fyrsta lagi eru lagðar til breytingar til samræmis við frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem nú er til meðferðar á Alþingi. Felast breytingartillögurnar í því að skólameistari verði skipaður í embætti en ekki ráðinn eins og gert var ráð fyrir

í frumvarpinu. Þar sem skólameistarar teljast til forstöðumanna ríkisstofnana þykir rétt að leggja til að þeir komi að stöðu sinni með tímabundinni skipun eins og aðrir forstöðumenn ríkisstofnana. Þá er lagt til að felld verði brott ákvæði um tímabundna ráðningu aðstoðarskólameistara, deildarstjóra, og áfangastjóra í samræmi við þá meginreglu sem kemur fram í frumvarpi til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins að ráðning starfsmanna skuli almennt vera ótímabundin.

Þá er lagt til að bætt verði við 11. gr. ákvæði um hvernig fara skuli með ráðningu kennara sem ekki hafa réttindi til kennslu við framhaldsskóla. Er tillagan í samræmi við ákvæði núgildandi laga um framhaldsskóla og ljóst að um slík tilvik gilda ákvæði laga nr. 48/1986, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

Einnig er lögð til breyting á 5. mgr. 11. gr. þar sem í frumvarpinu er kveðið á um að menntamálaráðherra setji skólameisturum, kennurum og öðrum starfsmönnum skóla erindisbréf. Í frumvarpi því sem nú liggur fyrir Alþingi, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er að finna almennar reglur um heimild veitingarvaldshafa til að setja starfsmanni erindisbréf. Einnig er samkvæmt frumvarpinu lögð sú skylda á ráðherra að setja forstöðumönnum stofnana erindisbréf um markmið og áhersluatriði í rekstri stofnunar og verkefni sem ætlast er til að stofnunin sinni. Því þykir eðlilegra að fela ráðherra að setja í reglugerð ákvæði um starfssvið skólameistara, kennara og annarra starfsmanna þar sem fram koma helstu atriði í starfslýsingu starfsfólks skóla. Vert er þó að taka fram að þarna yrði ekki um tæmandi talningu á verkefnum að ræða heldur eins konar ramma að starfslýsingu.

Loks er rétt að benda í þessu sambandi á þær breytingar sem lagðar eru til á 47. og 48. gr. frumvarpsins, en þar er kveðið á um að gildistöku 11. gr. skuli frestað þar til réttindi ríkisstarfsmanna til æviráðningar hafa verið afnumin.

6. Lögð er til breyting á 16. gr. þar sem meiri hluti menntamálanefndar telur nauðsynlegt að skýrt sé kveðið á um að þeir sem lokið hafa prófi frá starfsnámsbrautum eigi kost á viðbótarnámi til undirbúnings náms á háskólastigi.
7. Lagt er til að bætt verði við 21. gr. ákvæði um að í aðalnámskrá skuli vera almennar reglur um meðferð ágreiningsmála sem kunna að rísa í skólum. Gert er ráð fyrir að slíkar reglur næðu til þess hvernig taka skuli á agabrotum, hver eigi úrskurðarvald í deilumálum og hvert skjóta megi úrskurðum skólameistara.
8. Lögð er til sú breyting á 22. gr. að skólanefnd skuli afla umsagnar almenns kennarafundar áður en nefndin samþykkir skólanámskrá, en frumvarpið gerir ráð fyrir að skólanefnd þurfi að samþykkja skólanámskrá áður en skólar geta hafið störf á grundvelli hennar. Þá er rétt að ítreka að þrátt fyrir ákvæði greinarinnar um að skólanefnd skuli fylgjast með framkvæmd skólanámskrár er ekki gert ráð fyrir að skólanefndarmenn fari sjálfir með framkvæmd eftirlitsins, þannig að þeir fylgist með kennslu, heldur leiti þeir upplýsinga um starf skóla hjá skólameistara og starfsfólki skóla.
9. Lögð er til breyting á 30. gr. er miðar að því að tryggt verði að ráðgjafarnefndir við skóla geti átt frumkvæði hvað varðar þróun starfsnáms.
10. Lögð er til breyting á ákvæðum 37. gr. um notkun heimavistarhúsnæðis utan skólatíma þar sem eðlilegt þykir að skólanefnd staðfesti samning um slíka notkun og beri lokaábyrgð á samningsgerðinni. Má í þessu sambandi vísa til 43. gr. þar sem segir að skólanefnd setji almennar reglur um ráðstöfun skólahúsnæðis utan reglulegs skólatíma.
11. Lagðar eru til breytingar á 47. og 48. gr. með hliðsjón af meðferð Alþingis á frumvarpi til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem miða að því að fyllsta samræmis sé gætt og það tryggt að sömu grundvallarreglur gildi um alla starfsmenn

ríkisins. Þá er lagt til að lög um Stýrimannaskólann í Reykjavík og lög um vélstjórnarnám verði felld úr gildi þar sem gert er ráð fyrir að um slíkt nám fari eftir lögum um framhaldsskóla.

12. Loks er lögð til breyting á ákvæði til bráðabirgða III sem miðar að því að stytta gildistíma undanþágu til að undirgangast sveinspróf í löggiltri iðngrein án undangengins skólanáms úr fjórum árum í tvö.

Alþingi, 30. apríl 1996.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Tómas Ingi Olrich.
Ólafur Örn Haraldsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Árni Johnsen.

883. Breytingartillögur [94. mál]

við frv. til l. um framhaldsskóla.

Frá meiri hluta menntamálanefndar (SAÞ, HjÁ, TIO, ÓÖH, ArnbS, ÁJ).

1. Í stað orðanna „150“ í 3. gr. komi: 145.
2. 3. mgr. 6. gr. orðist svo:
   Sé um sérskóla að ræða er ráðherra heimilt með reglugerð að víkja frá reglum um skipan skólanefndar.
3. 2. mgr. 7. gr. orðist svo:
   Skólanefnd ákveður upphæð innritunargjalds og efnisgjalds sem nemendum er gert að greiða við upphaf námsannar eða skólaárs. Upphæð innritunargjalds skal taka mið af kostnaði vegna ýmiss konar kennsluefnis og pappírsvara sem skóli lætur nemendum í té án sérstaks endurgjalds og nauðsynlegt er fyrir starfsemi skólans. Innritunargjald skal þó aldrei vera hærra en 6.000 kr. á skólaári. Heimilt er að taka 15% hærra gjald af þeim sem fá leyfi til innritunar utan auglýsts innritunartíma. Efnisgjald er innheimt af nemendum sem njóta verklegrar kennslu og skal upphæð þess miðast við þriðjung af raunverulegum kostnaði vegna efnis sem skóli lætur nemendum í té og þeir þurfa að nota í námi sínu. Efnisgjald skal aldrei vera hærra en 25.000 kr. á skólaári eða 12.500 kr. á önn. Halda skal bókhald um fjárreiður þessar. Um endurskoðun gilda sömu reglur og um annan rekstur. Menntamálaráðherra setur nánari reglur um innritunar- og efnisgjöld.
4. Við 9. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Nánari ákvæði um starfssvið kennarafundar skal setja í reglugerð.
5. Við 11. gr.
   a. Í stað orðsins „ræður“ í fyrri málslið 2. mgr. komi: skipar.
   b. Síðari málsliður 2. mgr. orðist svo: Kennari, sem skipaður er skólameistari, skal fá leyfi frá kennarastarfi sínu þann tíma sem hann gegnir embætti skólameistara.
   c. 3. mgr. orðist svo:
      Skólameistari ræður aðstoðarskólameistara, áfangastjóra, deildarstjóra, kennara, námsráðgjafa, starfsfólk skólasafns og aðra starfsmenn skólans að höfðu samráði við skólanefnd.

d. Á eftir 3. mgr. komi ný málsgrein er orðist svo:
Hafi umsækjandi um stöðu kennara ekki réttindi til kennslu við framhaldsskóla skal fara með umsókn hans samkvæmt ákvæðum laga nr. 48/1986, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.
e. 5. mgr. orðist svo:
Menntamálaráðherra setur í reglugerð ákvæði um starfssvið skólameistara, kennara og annarra starfsmanna skóla eftir því sem við á.

6. Á eftir fyrri málslið 2. mgr. 16. gr. komi nýr málsliður er orðist svo: Nemendur á starfsnámsbrautum skulu einnig eiga kost á viðbótarnámi til undirbúnings námi á háskólastigi.
7. Við 1. mgr. 21. gr. bætist: svo og meðferð ágreiningsmála.
8. Í stað síðari málsliðar 2. mgr. 22. gr. komi tveir nýir málsliðir er orðist svo: Skólanámskrá skal samþykkt af skólanefnd að fenginni umsögn almenns kennarafundar. Skólanefnd fylgist með framkvæmd skólanámskrár.
9. Á eftir orðunum „samstarfi skóla og atvinnulífs“ í 30. gr. komi: og ýta undir frumkvæði þeirra við þróun starfsnáms.
10. 3. málsl. 6. mgr. 37. gr. orðist svo: Um notkun heimavistarhúsnæðis utan skólatíma skal gerður sérstakur samningur í samráði við menntamálaráðuneyti og hann staðfestur af skólanefnd.
11. Við 47. gr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Þó skal gildistöku 11. gr. laga þessara frestað þar til réttindi ríkisstarfsmanna til æviráðningar, sem leiða má af ákvæðum laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, hafa verið afnumin.
12. 48. gr. orðist svo:
Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um framhaldsskóla, nr. 57/1988, með áorðnum breytingum, að undanskildum ákvæðum 12. og 13. gr. þeirra laga sem halda skulu gildi sínu þar til ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, er kveða á um æviráðningu ríkisstarfsmanna, hafa verið afnumin, sbr. 47. gr. Einnig falla úr gildi við gildistöku laga þessara lög um fiskvinnsluskóla, nr. 55/1971, með áorðnum breytingum, lög um almenna fullorðinsfræðslu, nr. 47/1992, lög um vélstjórnarnám, nr. 11/1985, og lög um Stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 22/1972.
13. Ákvæði til bráðabirgða III orðist svo:
Næstu tvö ár frá gildistöku laganna getur menntamálaráðherra veitt heimild til að umsækjandi gangist undir verklegt sveinspróf í löggiltri iðngrein án undangengins skólanáms. Að þeim tíma liðnum er óheimilt að gangast undir slíkt próf án undangengins skólanáms.
Skilyrði fyrir próftöku eru eftirfarandi:
a. vottorð um að viðkomandi hafi unnið við iðnina í 10 ár undir stjórn meistara,
b. vottorð iðnmeistara um að hann telji umsækjanda hæfan til að gangast undir sveinspróf,
c. umsagnir viðkomandi sveinafélags og starfsgreinaráðs.
Standist umsækjandi prófið öðlast hann sveinsbréf sem veitir þó ekki rétt til inngöngu í meistaraskóla.

884. Breytingartillögur [154. mál]

við frv. til l. um tæknifrjóvgun.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Við 4. gr. Greinin falli brott.
2. Í stað 5. og 6. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Tæknisæðingu eða glasafrjóvgun má því aðeins framkvæma að notaðar séu kynfrumur parsins. Tæknifrjóvgun með gjafakynfrumum, gjöf fósturvísa svo og staðgöngumæðrun er óheimil.
3. Við 8. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:
   Kynfrumur má því aðeins geyma að tilgangurinn sé eigin notkun síðar eða gjöf í rannsóknarskyni.
4. Við 9. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Fósturvísa má geyma í þeim tilgangi að koma þeim fyrir í eiginkonu eða sambýliskonu karlmannsins sem lagði til sæðisfrumur. Geymsla fósturvísa í öðrum tilgangi er óheimil.
5. Við 10. gr.
   a. Orðin „nema tilgangur geymslunnar hafi verið gjöf kynfrumna til notkunar við tæknifrjóvgun“ í 3. mgr. falli brott.
   b. Orðin „nema um gjöf kynfrumna til notkunar við tæknifrjóvgun hafi verið að ræða“ í síðari málslið 4. mgr. falli brott.

Greinargerð.

Breytingartillögur þessar við frumvarpið miða við að eingöngu sé ráðist í tæknifrjóvgun fyrir fólk í hjúskap eða óvígðri sambúð og með kynfrumum hlutaðeigandi einstaklinga. Með því verður komist hjá þeim flóknu siðferðilegu, félagslegu og lögfræðilegu vandamálum sem leiðir af notkun gjafakynfrumna, þar á meðal spurningunni um nafnleynd.

885. Frumvarp til laga [503. mál]

um breytingar á sérákvæðum í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

I. KAFLI

Forsætisráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 59/1928, um friðun Þingvalla.

1. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Forsætisráðherra skipar þjóðgarðsvörð til fimm ára í senn samkvæmt tillögu þingvallanefndar. Þjóðgarðsvörður skal jafnframt vera framkvæmdastjóri þingvallanefndar. Hann ræður aðra starfsmenn.

Breyting á lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands.

2. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Forsætisráðherra felur starfsmanni forsætisráðuneytis að gegna störfum ritara ráðherrafunda.

3. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra kveður á um skiptingu ráðuneytis í skrifstofur og starfsdeildir eftir verkefnum.

4. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 11. gr. laganna.

a. 1. mgr. orðast svo:

Skrifstofu ráðuneytis stýrir skrifstofustjóri og starfsdeild deildarstjóri undir umsjón ráðuneytisstjóra.

b. 2. mgr. fellur brott.

c. 3. mgr. orðast svo:

Nú er starfsmaður ráðuneytis ráðinn deildarstjóri eða skipaður skrifstofustjóri þess ráðuneytis og þarf þá eigi að auglýsa starfið sem hann er fluttur í.

5. gr.

Aftan við 1. málsl. 12. gr. laganna kemur nýr málsliður er orðast svo: Heimilt er þó ráðherra að ráða starfsmenn í ráðuneyti undir öðrum starfsheitum.

6. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Forseti Íslands skipar ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra til fimm ára í senn.

Ráðherra ræður aðra starfsmenn ráðuneytis.

7. gr.

Í stað orðsins „deildarstjóri“ í 14. gr. laganna kemur: skrifstofustjóri.

Breyting á lögum nr. 54/1974, um Þjóðhagsstofnun.

8. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Stofnunin nefnist Þjóðhagsstofnun og heyrir undir forsætisráðherra. Ráðherra skipar forstjóra hennar til fimm ára í senn.

Breyting á lögum nr. 64/1985, um Byggðastofnun.

9. gr.

1. tölul. 5. gr. laganna fellur brott. Töluliðir 2 til og með 9 breytast í samræmi við það í tölulið 1 til og með 8.

10. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Forsætisráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn til að annast daglega stjórn stofnunarinnar.

Breyting á lögum nr. 12/1986, um ríkisendurskoðun.

11. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðast svo: Forseti Alþingis skipar forstöðumann stofnunarinnar til fimm ára í senn og nefnist hann ríkisendurskoðandi.
b. 4. og 5. málsl. falla brott.

Breyting á lögum nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis.

12. gr.

1. og 2. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo: Kjör umboðsmanns Alþingis fer fram á Alþingi. Kosningin gildir til fimm ára.

13. gr.

Síðari málsl. 14. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis.

14. gr.

1. málsl. 1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Forseti Alþingis skipar skrifstofustjóra til fimm ára í senn.

II. KAFLI
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 94/1962, um almannavarnir, með síðari breytingu.

15. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. mgr. 6. gr. laganna eins og henni var breytt með 3. gr. laga nr. 85/1985:

a. 1. málsl. orðast svo: Ráðherra skipar framkvæmdastjóra almannavarnaráðs til fimm ára í senn að fengnum tillögum ráðsins.
b. 2. málsl. orðast svo: Framkvæmdastjóri ræður annað starfslið.
c. Í stað orðsins „skipaður“ í 4. málsl. komi: ráðinn.

Breyting á lögum nr. 25/1967, um Landhelgisgæslu Íslands.

16. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Forseti Íslands skipar forstjóra til fimm ára í senn til þess að stjórna Landhelgisgæslunni svo og til að vera ráðherra til aðstoðar um allt er lýtur að málefnum hennar.

17. gr.

Í stað orðanna „lög nr. 56/1963 og lög nr. 82/1961, V. kafli“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: lög um lögreglumenn og um meðferð opinberra mála.

Breyting á lögum nr. 56/1972, um lögreglumenn.

18. gr.

Við 1. málsl. 2. mgr. 3. gr. laganna bætist: til fimm ára í senn.

Breyting á lögum nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, með síðari breytingum.

19. gr.

2. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna, eins og henni var breytt með 1. gr. laga nr. 39/1994, orðast svo: Forseti Íslands skipar hæstaréttardómara ótímabundið.

20. gr.

1. mgr. 8. gr. laganna, eins og henni var breytt með 5. gr. laga nr. 67/1982, orðast svo:

Forseti Hæstaréttar skipar dóminum ritara til fimm ára í senn, ræður sérfróða aðstoðarmenn og annað starfslið.

Breyting á lögum nr. 18/1975, um trúfélög.

21. gr.

2. málsl. 1. mgr. 17. gr. laganna orðast svo: Hann skal hafa almenn hæfisskilyrði til opinberra starfa, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Breyting á lögum nr. 108/1976, um rannsóknarlögreglu ríkisins, með síðari breytingu.

22. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. laganna eins og henni var breytt með 2. gr. laga nr. 5/1978:

a. 1. mgr. orðast svo:

Forseti Íslands skipar yfirmann rannsóknarlögreglu ríkisins til fimm ára í senn og nefnist hann rannsóknarlögreglustjóri ríkisins.

b. 1. málsl. 3. mgr. orðast svo: Ráðherra skipar vararannsóknarlögreglustjóra ríkisins til fimm ára í senn.

c. 4. mgr. orðast svo:

Ráðherra skipar sérhæft starfslið rannsóknarlögreglu ríkisins til fimm ára í senn, þar á meðal deildarstjóra og/eða fulltrúa með lögfræðiprófi. Rannsóknarlögreglustjóri ræður annað starfslið.

Breyting á lögum nr. 96/1980, um biskupskosningu.

23. gr.

Við 2. mgr. 6. gr. laganna bætist: til fimm ára í senn.

Breyting á lögum nr. 44/1987, um veitingu prestakalla.

24. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 3. mgr. 6. gr. laganna:

a. Aftan við orðið „embættið“ kemur: til fimm ára í senn.

b. Aftan við orðið „veitingu“ kemur: til sama tíma.

25. gr.

Í stað orðanna „en eigi lengur en til fjögurra ára í senn“ í 2. málsl. i.f. 3. mgr. 7. gr. laganna kemur: til fimm ára í senn.

26. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. mgr. 17. gr. laganna:

a. Aftan við orðið „ráðherra“ í 1. málsl. kemur: til fimm ára í senn.

b. Við 2. málsl. bætist: til fimm ára í senn.

Breyting á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingu.

27. gr.

3. mgr. 114. gr. laganna, eins og henni var breytt með 3. gr. laga nr. 12/1992, orðast svo:

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra Umferðarráðs til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar þess.

Breyting á lögum nr. 48/1988, um fangelsi og fangavist.

28. gr.

1. málsl. 4. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar forstjóra fangelsismálastofnunar og sérhæft starfslið til fimm ára í senn.

29. gr.

1. málsl. 1. mgr. 5. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar forstöðumann fangelsis til fimm ára í senn.

30. gr.

2. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar fangaverði til fimm ára í senn, en forstöðumaður stofnunar ræður aðra starfsmenn.

Breyting á lögum nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

31. gr.

1. málsl. 5. gr. laganna orðast svo: Forseti Íslands skipar héraðsdómara ótímabundið.

32. gr.

Á eftir orðinu „héraðsdómstól“ í 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna, eins og henni var breytt með 1. gr. laga nr. 80/1995, kemur: til fimm ára í senn.

33. gr.

1. málsl. 14. gr. laganna orðast svo: Forseti Íslands skipar sýslumenn til fimm ára í senn.

34. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „deildarstjóra“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: til fimm ára í senn.
b. Á eftir 1. málsl. 3. mgr. kemur nýr málsl. er orðast svo:
   Ráðherra skipar sérhæft starfslið til fimm ára í senn, en sýslumaður ræður annað starfslið.

Breyting á lögum nr. 62/1990, um skipan prestakalla og prófastdæma og um starfsmenn þjóðkirkjunnar.

35. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Þingvallaprestakalli skv. 1. gr. gegnir prestur er ráðherra skipar til fimm ára í senn að fengnum tillögum biskups og þingvallanefndar.

36. gr.

Aftan við orðið „embætti“ í 1. málsl. 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: til fimm ára í senn.

37. gr.

Í stað orðanna „skilyrðum 3. gr. laga nr. 38/1954,“ í 5. tölul. 1. mgr. 16. gr. laganna kemur: starfsgengisskilyrðum laga.

38. gr.

Í stað orðanna „sbr. m.a. lög nr. 38/1954“ í 18. gr. laganna kemur: sbr. meðal annars lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

39. gr.

Í stað orðanna „26. gr. laga nr. 38/1954“ í 23. gr. laganna kemur: lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

40. gr.

Í stað orðanna „Kirkjumálaráðherra skipar prófasta úr hópi þjónandi presta í prófastsdæminu“ í upphafi 1. mgr. 27. gr. laganna kemur: Ráðherra skipar prófast úr hópi þjónandi presta í prófastsdæminu til sama tíma og skipun hans í prestsembætti stendur til.

41. gr.

1. málsl. 2. mgr. 35. gr. laganna orðast svo: Forseti Íslands skipar biskup til fimm ára í senn.

42. gr.

1. mgr. 43. gr. laganna orðast svo: Forseti Íslands skipar vígslubiskupa til fimm ára í senn.

Breyting á lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála.

43. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 25. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „skipaður“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: ótímabundið.
b. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Honum til aðstoðar eru vararíkissaksóknari og saksóknarar sem ráðherra skipar til fimm ára í senn.
c. Í stað 4. málsl. 2. mgr. koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Sérhæft starfslið við embætti ríkissaksóknara, þar á meðal löglærða fulltrúa, skipar ráðherra til fimm ára í senn að fengnum tillögum ríkissaksóknara. Ríkissaksóknari ræður annað starfslið.

III. KAFLI
Félagsmálaráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 33/1978 um sáttastörf í vinnudeilum.

44. gr.

Í stað orðsins „fjögurra“ í 1. og 3. mgr. 1. gr. laganna kemur: fimm.

45. gr.

Orðin „í samræmi við lög nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana“ í 2. málsl. 2. gr. laganna falla brott.

Breyting á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

46. gr.

1. mgr. 76. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar forstjóra Vinnueftirlits ríkisins til fimm ára í senn og setur honum erindisbréf, hvort tveggja að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

Breyting á lögum nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

47. gr.

Í stað 1. málsl. 2. mgr. 15. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Jafnréttisráð hefur skrifstofu og skipar ráðherra framkvæmdastjóra þess til fimm ára senn. Framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn.

Breyting á lögum nr. 41/1992, um brunavarnir og brunamál.

48. gr.

Í stað orðsins „sex“ í 1. málsl. 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: fimm.

Breyting á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra.

49. gr.

1. málsl. 2. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar framkvæmdastjóra svæðisskrifstofa til fimm ára í senn, að fenginni umsögn svæðisráða.

50. gr.

3. málsl. 3. mgr. 16. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar forstöðumann og framkvæmdastjóra til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

Breyting á lögum nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

51. gr.

Í stað orðsins „sex“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: fimm.

IV. KAFLI
Fjármálaráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, með síðari breytingu.

52. gr.

2. málsl. 1. mgr. 90. gr. laganna, sbr. 19. gr. laga nr. 84/1985, orðast svo: Hann ber ábyrgð á störfum ríkisbókhaldsins og skal skipaður af ráðherra til fimm ára í senn.

Breyting á lögum nr. 63/1969, um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

53. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar forstjóra Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins til fimm ára í senn og setur honum erindisbréf. Forstjóri ræður aðra fasta starfsmenn.

Breyting á lögum nr. 103/1974, um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja.

54. gr.

Í stað orðanna „III. kafla laga nr. 38/1954,“ í 6. gr. laganna komi: lögum.

Breyting á lögum nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingu.

55. gr.

7. gr. laganna, eins og henni var breytt með 2. gr. laga nr. 51/1994, orðast svo:

Fasteignamat ríkisins starfar undir stjórn forstjóra sem ráðherra skipar til fimm ára í senn. Forstjóri ræður starfsfólk og kaupir sérfræðilega aðstoð eftir því sem nauðsyn ber til og heimildir fjárlaga hverju sinni segja til um.

Breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

56. gr.

2. málsl. 1. mgr. 86. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar skattstjóra til fimm ára í senn.

57. gr.

Í stað orðsins „skipa“ í 1. málsl. 87. gr. laganna komi: ráða.

58. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 88. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ráðherra skipar ríkisskattstjóra til fimm ára í senn.
b. 2. mgr., eins og henni var breytt með 13. gr. laga nr. 111/1992, orðast svo:
   Þá skipar ráðherra vararíkisskattstjóra til fimm ára í senn sem skal fullnægja sömu skilyrðum og ríkisskattstjóri.

59. gr.

1. málsl. 89. gr. laganna, eins og henni var breytt með 14. gr. laga nr. 111/1992, orðast svo: Ráðherra skipar skattrannsóknarstjóra ríkisins til fimm ára í senn.

Breyting á lögum nr. 51/1985, um ríkislögmann.

60. gr.

1. málsl. 2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo: Forseti Íslands skipar ríkislögmann til fimm ára í senn.

Breyting á lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup.

61. gr.

Í stað orðsins „fjögurra“ í 1. málsl. 4. gr. laganna kemur: fimm.

Breyting á tollalögum nr. 55/1987.

62. gr.

Á eftir orðinu „tollstjóri“ í 2. málsl. 31. gr. laganna, eins og henni var breytt með 95. gr. laga nr. 92/1991, kemur: sem ráðherra skipar til fimm ára í senn.

63. gr.

Við 1. mgr. 32. gr. laganna bætist nýr málsliður, er verður 1. málsl., og orðast svo: Fjármálaráðherra skipar ríkistollstjóra til fimm ára í senn.

64. gr.

Við 1. málsl. 33. gr. laganna bætist: sem fjármálaráðherra skipar til fimm ára í senn.

65. gr.

2. málsl. 1. mgr. 35. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar tollgæslumenn til fimm ára í senn.

Breyting á lögum nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

66. gr.

1. málsl. 8. gr. laganna orðast svo: Forseti Íslands skipar forstjóra Lánasýslu ríkisins til fimm ára í senn.

Breyting á lögum nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

67. gr.

Í stað orðsins „sex“ í 1. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: fimm.

V. KAFLI
Hagstofa Íslands.

Breyting á lögum nr. 24/1913, um hagstofu Íslands, með síðari breytingu.

68. gr.

5. gr. laganna, eins og henni var breytt með 8. gr. laga nr. 71/1919, orðast svo:

Hagstofunni stýrir hagstofustjóri skipaður af forseta Íslands til fimm ára í senn. Vanalega hefur sá einn rétt til þess starfa, er lokið hefur háskólaprófi í stjórnfræði.

VI. KAFLI
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Breyting á áfengislögum nr. 82/1969.

69. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 26. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ráðherra skipar sér til aðstoðar áfengisvarnaráðunaut til fimm ára í senn.
b. Í stað orðsins „ríkisstjórnin“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: ráðherra.
c. Í stað orðanna „kjarasamninga opinberra starfsmanna“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Breyting á lögum nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.

70. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra stofnunarinnar til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar. Ráðherra skipar yfirlækni til fimm ára í senn að fengnum tillögum stöðunefndar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu. Framkvæmdastjóri ræður yfirheyrnar- og taluppeldisfræðing og aðra starfsmenn stofnunarinnar.

Breyting á lögum nr. 18/1984, um þjónustu- og endurhæfingastöð sjónskertra.

71. gr.

1. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar yfirlækni til fimm ára í senn að fengnum tillögum stöðunefndar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu.

Breyting á lögum nr. 117/1985, um geislavarnir.

72. gr.

1. málsl. 5. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar forstöðumann stofnunarinnar til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar.

Breyting á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingu.

73. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 3. mgr. 3. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðast svo: Forseti Íslands skipar landlækni til fimm ára í senn.
b. Á eftir orðinu „aðstoðarlandlækni“ í 3. málsl. kemur: til fimm ára í senn.

74. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 6. gr. laganna eins og henni var breytt með 7. gr. laga nr. 148/1994:

a. Í stað orðsins „fjögurra“ í 1., 2. og 4. málsl. 2. mgr. kemur: fimm.
b. Í stað orðsins „fjögurra“ í 3. mgr. kemur: fimm.

75. gr.

5. málsl. 3. mgr. 21. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar framkvæmdastjóra heilsugæslustöðva í Reykjavík og hafa þeir sömu skyldur og framkvæmdastjórar sjúkrahúsa skv. 29. gr., sbr. og 8. mgr. 30. gr.

76. gr.

Í 6. mgr. 29. gr. laganna falla brott orðin: yfirlæknum, hjúkrunarforstjórum og.

77. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. Í stað 4. málsl. 1. mgr. koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Við ríkisspítalana skal starfa einn forstjóri skipaður af ráðherra til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnarnefndar. Ráðherra skipar forstöðumenn sviða samkvæmt stjórnskipulagi ríkisspítala til fimm ára í senn.
b. Í stað orðsins „ráða“ í 4. málsl. 6. mgr. kemur: skipa.
c. Aftan við 4. málsl. 6. mgr. kemur nýr málsliður er orðast svo: Framkvæmdastjórar sjúkrahúsa ríkisins eru skipaðir af ráðherra til fimm ára í senn.
d. Á eftir 3. málsl. 7. mgr. kemur nýr málsliður er orðast svo: Ráðherra staðfestir stjórnskipulag ríkisspítala að fengnum tillögum stjórnarnefndar og forstjóra.
e. 8. mgr. orðast svo:

   Forstjóri ríkisspítala skv. 1. mgr. 30. gr. og framkvæmdastjórar sjúkrahúsa skv. 3. mgr. 30. gr. ráða annað starfslið sjúkrahúsa ríkisins. Um ákvörðun launa fer samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

78. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skipaðir af ráðherra“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: ráðnir af forstjóra skv. 1. mgr. 30. gr. eða framkvæmdastjóra skv. 5. mgr. 29. gr. eftir því sem við á.
b. Í stað orðsins „skipaðir af ráðherra“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: ráðnir af forstjóra skv. 1. mgr. 30. gr. eða framkvæmdastjóra skv. 5. mgr. 29. gr. eftir því sem við á.
c. Í stað orðsins „Skipa“ í 5. mgr. kemur: Ráða.

Breyting á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar.

79. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Ráðherra skipar forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins og tryggingayfirlækni til fimm ára í senn, að fengnum tillögum tryggingaráðs.
b. 2. mgr. orðast svo:
   Forstjóri ræður skrifstofustjóra, tryggingafræðing, aðalgjaldkera og deildarstjóra að fengnum tillögum tryggingaráðs og tryggingalækni að fengnum tillögum tryggingaráðs og tryggingayfirlæknis. Forstjóri ræður einnig aðra starfsmenn.

80. gr.

2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna fellur brott.

VII. KAFLI
Iðnaðarráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna með síðari breytingu.

81. gr.

1. mgr. 50. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 107/1974, orðast svo:

Ráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar. Forstjóri ræður sérfræðinga við stofnunina að fengnum tillögum stjórnar.

82. gr.

2. mgr. 55. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 107/1974, orðast svo:

Ráðherra ákveður deildaskiptingu í rannsóknastofnunum. Forstjóri ræður deildarstjóra að fengnu áliti stjórnar viðkomandi stofnunar. Deildarstjórar og sérfræðingar skulu hafa lokið meistaraprófi eða öðrum hliðstæðum háskólaprófum í fræðigrein sinni. Þó skal forstjóra heimilt að víkja frá þessu ákvæði, hafi umsækjandi á annan hátt sannað vísindalega hæfni sína.

Breyting á orkulögum nr. 58/1967, með síðari breytingum.

83. gr.

1. málsl. 3. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar framkvæmdastjóra Orkustofnunar til fimm ára í senn.

84. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðast svo: Orkumálastjóri ræður starfsmenn Orkustofnunar.
b. Í stað orðanna „kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 55/1962“ í 2. málsl. kemur: um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

85. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 60. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 53/1985:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ráðherra skipar forstjóra Rafmangsveitna ríkisins til fimm ára í senn.
b. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Rafmagnsveitustjóri ræður starfsmenn Rafmagnsveitna ríkisins.

c. Í stað orðanna „kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 55/1962“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Breyting á lögum nr. 47/1968, um vörumerki.

86. gr.

2. málsl. 12. gr. laganna orðast svo: Skráninguna annast vörumerkjaskráritari er ráðherra skipar til fimm ára í senn.

Breyting á lögum nr. 41/1978, um Iðntæknistofnun.

87. gr.

Í stað orðsins „4ra“ í 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: fimm.

88. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:
Forstjóri ræður framkvæmdastjóra aðaldeilda að fengnum tillögum stjórnar.

89. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Orðin „í umboði stjórnar og“ í 1. mgr. falla brott.
b. 2. mgr. orðast svo:
Starfslið stofnunarinnar skal ýmist ráðið ótímabundið með gagnkvæmum uppsagnarfresti eða til ákveðins tíma, t.d. til ákveðinna verkefna.

Breyting á lögum nr. 60/1979, um Rafmagnseftirlit ríkisins.

90. gr.

1. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar framkvæmdastjóra Rafmagnseftirlits ríkisins til fimm ára í senn.

91. gr.

3. gr. laganna orðast svo:
Rafmagnseftirlitsstjóri ræður starfsmenn stofnunarinnar.

VIII. KAFLI
Landbúnaðarráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 91/1936, um garðyrkjuskóla ríkisins.

92. gr.

1. málsl. 6. gr. laganna orðast svo: Við garðyrkjuskólann skal skipaður forstöðumaður til fimm ára í senn, og honum fengin aðstoð við kennslu og annan rekstur eftir þörfum.

Breyting á lögum nr. 3/1955, um skógrækt.

93. gr.

2. málsl. 2. gr. laganna orðast svo: Forseti Íslands skipar skógræktarstjóra til fimm ára, er annast framkvæmd þessara mála.

94. gr.

1. málsl. 3. gr. laganna orðast svo: Skógræktarstjóri ræður skógarverði.

Breyting á lögum nr. 17/1965, um landgræðslu með síðari breytingu.

95. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 3. gr. laganna, eins og henni var breytt með 2. gr. laga nr. 54/1975:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Hann skipar landgræðslustjóra til fimm ára í senn.
b. 1. málsl. 3. mgr. orðast svo: Landgræðslustjóri ræður fulltrúa landgræðslustjóra og skulu þeir fullnægja hliðstæðum menntunarskilyrðum.

96. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Landgræðslustjóra er heimilt að ráða landgræðsluverði sér til aðstoðar.

Breyting á lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna með síðari breytingu.

97. gr.

1. málsl. 32. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 107/1974, orðast svo: Ráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn. Forstjóri ræður sérfræðinga við Rannsóknastofnun landbúnaðarins að fengnum tillögum stjórnarinnar.

Breyting á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði með síðari breytingu.

98. gr.

1. málsl. 1. mgr. 86. gr. laganna, eins og henni var breytt með 6. gr. laga nr. 63/1994, orðast svo: Ráðherra skipar veiðimálastjóra til fimm ára í senn.

Breyting á lögum nr. 55/1978, um búnaðarfræðslu.

99. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar skólastjóra til fimm ára í senn og hafa þeir á hendi stjórn skóla, skólabús, rannsókna og annarrar starfsemi skólans.

100. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Skólastjóri ræður fasta kennara og stundakennara.
b. 3. mgr. orðast svo:
   Ráða má bústjóra við skólabúin með sömu kjörum og kennara, enda hafi þeir sambærilega menntun.

101. gr.

1. og 2. mgr. 21. gr. laganna orðast svo:

Skólastjóri ræður fasta kennara, sem fullnægja skulu sömu kröfum og gerðar eru til háskólakennara og njóta sömu kjara.

Ráða skal a.m.k. 5 aðalkennara og auk þess aðstoðarkennara, að fengnum tillögum deildarstjórnar. Skólastjóri ræður einnig stundakennara.

Breyting á lögum nr. 77/1981, um dýralækna, með síðari breytingu.

102. gr.

1. mgr. 5. gr. laganna, eins og henni var breytt með 3. gr. laga nr. 54/1989, orðast svo:

Forseti Íslands skipar yfirdýralækni, héraðsdýralækna og dýralækni fisksjúkdóma til fimm ára í senn.

103. gr.

Í stað orðsins „launalögum“ í 3. málsl. 16. gr. laganna, eins og henni var breytt með 41. gr. laga nr. 108/1988, kemur: ákvörðun kjaranefndar.

Breyting á lögum nr. 63/1989, um Hagþjónustu landbúnaðarins.

104. gr.

Við 3. gr. laganna bætist við ný málsgrein, 3. mgr., er orðast svo:

Ráðherra skipar forstöðumann til fimm ára í senn.

105. gr.

1. tölul. 4. gr. laganna fellur brott. Töluliðir 2 og 3 breytast í samræmi við það í tölulið 1 og 2.

Breyting á lögum nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

106. gr.

Í stað 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Skal það nefnast aðfangaeftirlit og skipar ráðherra forstöðumann þess til fimm ára í senn. Forstöðumaður hefur á hendi umsjón með framkvæmd laga þessara og reglugerða sem settar verða samkvæmt þeim.

IX. KAFLI
Menntamálaráðuneyti.

Breyting á íþróttalögum nr. 49/1956.

107. gr.

3. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna falli brott.

Breyting á lögum nr. 38/1965, um Myndlista- og handíðaskóla Íslands.

108. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:

Skólastjóri skal skipaður af ráðherra til fimm ára í senn að fengnum tillögum skólastjórnar. Fastir kennarar skulu ráðnir af skólastjóra að fengnum tillögum skólastjórnar.

b. 4. mgr. fellur brott.

109. gr.

Í stað orðanna „skipa, auk skólastjóra“ í 1. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: ráða.

Breyting á lögum nr. 22/1972, um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

110. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Í stað 1. málsl. 1. mgr. kemur: Ráðherra skipar skólastjóra til fimm ára í senn að fengnum tillögum skólanefndar. Skólastjóri ræður fasta kennara eftir þörfum að fengnum tillögum skólanefndar.
b. 2. mgr. orðast svo:
   Um ákvörðun launa skólastjóra og kennara fer samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Breyting á lögum nr. 65/1972, um Íþróttakennaraskóla Íslands.

111. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Skólastjóri skal skipaður af ráðherra til fimm ára í senn. Fastir kennarar og aðrir fastir starfsmenn skólans skulu ráðnir af skólastjóra að fengnum tillögum skólaráðs og skólanefndar.
b. Í stað orðsins „skipaður“ í 2. mgr. kemur: ráðinn.

112. gr.

1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Launakjör skólastjóra, kennara og annarra fastra starfsmanna skulu ákveðin samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Breyting á lögum nr. 66/1972, um Tækniskóla Íslands.

113. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra fer með yfirstjórn skólans og skipar skólanefnd. Ráðherra skipar rektor til fimm ára í senn.

114. gr.

3. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Ennfremur ræður hann kennara og annað starfsfólk skólans.

115. gr.

Í stað orðsins „skipa“ í 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráða.

Breyting á lögum nr. 70/1972, um Stofnun Árna Magnússonar.

116. gr.

2. málsl. 2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Þeir skulu ráðnir af forstöðumanni að fenginni umsögn stjórnarnefndar.

Breyting á lögum nr. 10/1973, um Fósturskóla Íslands.

117. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Ráðherra skipar skólastjóra til fimm ára í senn. Skólastjóri ræður kennara og aðra starfsmenn að fengnum tillögum skólanefndar. Greini skólastjóra og skólanefnd á, skulu tillögur skólastjóra lagðar fyrir ráðuneytið jafnframt tillögum skólanefndar.

b. 3. mgr. fellur brott.

Breyting á lögum nr. 37/1975, um Leiklistarskóla Íslands.

118. gr.

1. málsl. 3. gr. laganna orðast svo: Við skólann starfar skólastjóri, sem skipaður skal af ráðherra til fimm ára í senn.

Breyting á lögum nr. 58/1978, um Þjóðleikhús.

119. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „ræður þjóðleikhússtjóra til fjögurra ára í senn“ í 1. mgr. kemur: skipar þjóðleikhússtjóra til fimm ára í senn.

b. 2. mgr. orðast svo:

Skipaður skal maður með staðgóða þekkingu á starfi leikhúsa. Starfið skal auglýsa samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Endurnýja má skipun þjóðleikhússtjóra einu sinni til næstu fimm ára, ef meiri hluti þjóðleikhúsráðs mælir með því. Ella skal skipa annan þjóðleikhússtjóra, eftir að starfið hefur verið auglýst að nýju og að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs.

120. gr.

Í stað orðanna „menntamálaráðuneytið skipar“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: þjóðleikhússtjóri ræður.

121. gr.

Í stað orðsins „ráðinn“ í 2. málsl. 10. gr. laganna kemur: skipaður.

122. gr.

Í stað orðsins „ráðinn“ í 1. málsl. 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: skipaður.

Breyting á lögum nr. 35/1982, um Blindrabókasafn Íslands.

123. gr.

3. málsl. 4. gr. laganna orðast svo: Forstöðumaður Blindrabókasafns ræður starfslið stofnunarinnar að fengnum tillögum stjórnar safnsins.

124. gr.

Í stað orðsins „þriggja“ í 3. málsl. 6. gr. laganna kemur: fimm.

Breyting á lögum nr. 94/1984, um kvikmyndamál.

125. gr.

1. málsl. 4. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar framkvæmdastjóra sjóðsins til fimm ára í senn að fengnum tillögum sjóðsstjórnar.

Breyting á lögum nr. 11/1985, um vélstjóranám.

126. gr.

Eftirtaldar braytingar verða á 5. gr. laganna:

a. 3.–5. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ráðherra skipar skólameistara til fimm ára í senn. Skólameistari ræður kennara og annað starfslið. Um ákvörðun launa fer að lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytinu“ í 3. málsl. 3. mgr. kemur: veitingarvaldshafa.
c. 4. mgr. fellur brott.

Breyting á lögum nr. 40/1985, um Þroskaþjálfaskóla Íslands.

127. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „og fastráðna kennara“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: til fimm ára í senn að fenginni umsögn skólanefndar.
b. 1. málsl. 3. mgr. orðast svo: Skólastjóri ræður kennara að skólanum að fengnum tillögum skólastjórnar.

Breyting á lögum nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands.

128. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 4. mgr. orðast svo:

   Forseti Íslands skipar þjóðskjalavörð til fimm ára í senn, samkvæmt tillögu ráðherra að fenginni umsögn stjórnarnefndar safnsins. Þjóðskjalavörður annast daglegan rekstur og stjórn safnsins og kemur fram fyrir hönd þess út á við.
b. 5. mgr. orðast svo:

   Þjóðskjalavörður ræður skjalaverði og aðra fasta starfsmenn að fenginni tillögu stjórnarnefndar. Við safnið starfi skjalfræðingur eða sagnfræðingur með skjalfræðimenntun.

Breyting á útvarpslögum nr. 68/1985.

129. gr.

1. mgr. 18. gr. laganna orðast svo

Forseti Íslands skipar útvarpsstjóra til fimm ára í senn. Útvarpsstjóri annast rekstur Ríkisútvarpsins, sér um fjárreiður þess og semur ár hvert fjárhagsáætlun þess.

130. gr.

6. mgr. 21. gr. laganna orðast svo:

Starfsmenn Ríkisútvarps skulu ráðnir af útvarpsstjóra. Framkvæmdastjórar og starfsfólk dagskrár skal ráðið að fengnum tillögum útvarpsráðs.

Breyting á lögum nr. 50/1986, um Rannsóknadeild fisksjúkdóma.

131. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði ræður deildarstjóra Rannsóknadeildar fisksjúkdóma, sbr. lög nr. 67/1990, og setur honum erindisbréf.

Breyting á lögum nr. 29/1988, um Kennaraháskóla Íslands.

132. gr.

4. mgr. 31. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að tillögu skólaráðs að ráða dósent eða lektor tímabundið til allt að tveggja ára í senn. Um tilhögun slíkrar ráðningar skal setja ákvæði í reglugerð.

133. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 32. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Forseti Íslands skipar prófessora til fimm ára í senn, en rektor ræður dósenta og lektora.
b. Á eftir orðinu „skipa“ í 2. málsl. 2. mgr. bætast við orðin: eða ráða.
c. Í 6. mgr. falla brott orðin „og dósent úr dósentsstöðu í prófessorsstöðu“.

134. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 33. gr. laganna:

a. 1. mgr. fellur brott.
b. 1. málsl. 3. mgr. orðast svo: Rektor ræður, að fengnum tillögum skólaráðs, fulltrúa rektors, fjármálastjóra, kennslustjóra, aðalbókavörð, bókaverði, endurmenntunarstjóra, aðstoðarmenn endurmenntunarstjóra, námsráðgjafa, deildarstjóra, húsverði, forstöðumann gagnasmiðju, tækjavörð og annað starfslið við stjórnsýslu eftir því sem fé er veitt á fjárlögum.

Breyting á lögum nr. 57/1988, um framhaldsskóla, með síðari breytingu.

135. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 12. gr. laganna eins og henni var breytt með 7. gr. laga nr. 72/1989:

a. 2. mgr. orðast svo:
   Ráðherra skipar skólameistara (rektor) til fimm ára í senn að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólanefndar.
b. 5. mgr. orðast svo:
   Skólameistari ræður aðstoðarskólameistara, áfangastjóra og deildarstjóra að fengnum tillögum skólanefndar

136. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. málsl. 13. gr. laganna:

a. Orðin „settur eða“ falla brott.
b. Á eftir orðunum „skólameistari eða“ kemur: ráðinn.

137. gr.

Orðin „ráðinn, settur eða skipaður“ í 1. málsl. 1. mgr. 14. gr. laganna, eins og henni var breytt með 9. gr. laga nr. 72/1989, falla brott.

Breyting á lögum nr. 58/1988, um Listasafn Íslands.

138. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ræður“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: skipar.
b. Í stað orðsins „Ráðinn“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: Skipaður
c. Í stað orðsins „ráðningu“ í 4. málsl. 1. mgr. kemur: skipun
d. Í stað orðsins „ráðningar“ í 3. málsl. 3. mgr. kemur: skipunar

139. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Forstöðumaður ræður nauðsynlegt starfslið þegar fé er veitt í því skyni á fjárlögum.

Breyting á þjóðminjalögum nr. 88/1989, með síðari breytingum.

140. gr.

Í 2. málsl. 3. mgr. 4. gr. laganna, eins og henni var breytt með 3. gr. laga nr. 98/1994, falla brott orðin „til fimm ára í senn“.

141. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 5. gr. laganna, eins og henni var breytt með 4. gr. laga nr. 98/1994:

a. 3. málsl. 2. mgr. orðast svo: Þjóðminjavörður ræður safnstjóra að fengnum tillögum þjóðminjaráðs.
b. Orðin „Deildarstjórar skulu ráðnir til fimm ára í senn.“ í 4. mgr. falla brott.

Breyting á lögum nr. 2/1990, um Íslenska málnefnd.

142. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Að fengnum tillögum málnefndar ræður forstöðumaður starfsfólk eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum. Forstöðumaður stjórnar daglegum rekstri málstöðvarinnar, gefur árlega skýrslu um starfsemi stöðvarinnar og leysir af hendi önnur þau verkefni sem málnefndin felur honum.

b. 3. mgr. fellur brott.

Breyting á lögum nr. 58/1990, um launasjóð stórmeistara í skák.

143. gr.

Í 2. málsl. 5. gr. laganna falla brott orðin „nr. 38/1954“.

Breyting á lögum nr. 67/1990, um Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum.

144. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. mgr. 5. gr. laganna:

c. 3. málsl. fellur brott.
d. 4. málsl. orðast svo: Um ráðningu hans fer eins og segir í háskólalögum um prófessora.

145. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Menntamálaráðherra skipar“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Forstöðumaður ræður.
b. Orðin „forstöðumanns og“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
c. Í stað orðsins „þriggja“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: tveggja.

Breyting á lögum nr. 129/1990, um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

146. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Forstöðumaður ræður annað starfsfólk að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar í samræmi við starfsmannaheimildir.

Breyting á lögum nr. 131/1990, um Háskóla Íslands.

147. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „fimm“ í 3. málsl. 3. mgr. kemur: tveggja.
b. Í stað orðsins „fimm“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: tveggja.

148. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Forseti Íslands skipar prófessora til fimm ára í senn, en rektor ræður dósenta og lektora.
b. Í 6. mgr. falla brott orðin „og dósent í prófessorsembætti“.
c. Í 7. mgr. falla brott orðin „eftir sömu reglum og gilda um flutning dósents í prófessorsembætti“.

149. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Þegar sérstaklega stendur á, getur rektor, samkvæmt tillögu háskóladeildar og með samþykki háskólaráðs, boðið vísindamanni að taka við kennarastarfi við háskólann, án þess að það sé auglýst laust til umsóknar.

Rektor skal heimilt, samkvæmt tillögu háskóladeildar, að auglýsa kennarastarf laust til umsóknar, svo að starfið verði veitt ári áður en hinn nýráðni kennari hefur kennslu sína. Kveða skal á um það hverju sinni, frá hvaða tíma launagreiðslur hins nýráðna kennara hefjist.

Breyting á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

150. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. mgr. 4. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ræður“ í 1. málsl. kemur: skipar.
b. Í stað orðsins „fjögurra“ í 1. málsl. kemur: fimm.
c. Í 2. málsl. falla brott orðin „að fenginni heimild ráðuneytis, sbr. ákvæði laga nr. 97/1974.“

Breyting á lögum nr. 51/1992, um Háskólann á Akureyri, með síðari breytingu.

151. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðuneyti“ í 1. málsl. 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðherra.

152. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 10. gr. laganna eins og henni var breytt með 1. gr. laga nr. 70/1994:

a. 2. mgr. orðast svo:
   Forseti Íslands skipar prófessora til fimm ára í senn. Rektor ræður dósenta, lektora og stundakennara.
b. Á eftir orðinu „skipa“ í 3. mgr. bætast við orðin: eða ráða.
c. Í stað orðsins „embættinu“ í 1. málsl. 5. mgr. kemur: stöðunni.
d. Í stað orðsins „embættið“ í 2. málsl. 5. mgr. kemur: staðan.
e. Í stað orðsins „embætti“ í 2. málsl. 5. mgr. kemur: stöðu.
f. Í 3. málsl. 5. mgr. falla brott orðin „og dósent í prófessorsembætti“.

Breyting á lögum nr. 76/1993, um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

153. gr.

Í stað orðsins „ráðinn“ í 1. málsl. 5. gr. laganna kemur: skipaður.

Breyting á lögum nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands.

154. gr.

1. málsl. 5. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar framkvæmdastjóra til fimm ára í senn.

Breyting á lögum nr. 71/1994, um Landsbókasafn – Háskólabókasafn.

155. gr.

Í stað orðsins „sex“ í 1. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: fimm

156. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. mgr. 4. gr. laganna:

a. Í 1. málsl. falla brott orðin „til sex ára í senn“.
b. 2. málsl. fellur brott.

X. KAFLI
Samgönguráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 119/1950, um stjórn flugmála, með síðari breytingu.

157. gr.

2. gr. laganna, sbr. lög nr. 26/1954, orðast svo:

Ráðherra skipar flugmálastjóra til fimm ára í senn að fengnum tillögum flugráðs. Flugmálastjóri veitir Flugmálastjórn Íslands forstöðu og annast daglega stjórn hennar. Í erindisbréfi flugmálastjóra, er ráðherra setur að fengnum tillögum flugráðs, skal nánar kveðið á um störf hans.

Ráðherra ræður framkvæmdastjóra að fengnum tillögum flugmálastjóra og flugráðs. Flugmálastjóri ræður aðra starfsmenn flugmálastjórnar.

Hlutverk flugmálastjórnar er að fara með framkvæmdarvald samkvæmt lögum um loftferðir og öðrum lögum og stjórnvaldsfyrirmælum á sviði flugmála.

Breyting á lögum nr. 36/1977, um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

158. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Forseti Íslands skipar póst- og símamálastjóra til fimm ára í senn. Póst- og símamálastjóri veitir póst- og símamálastofnun forstöðu.

Póst- og símamálastjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar, að fengnum tillögum starfsmannaráðs póst- og símamálastofnunar, sbr. 10. gr.

Breyting á vegalögum nr. 45/1994.

159. gr.

Í stað 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna koma þrír nýir málsliðir er orðast svo: Til að stjórna framkvæmdum í þessum málum skipar forseti Íslands vegamálastjóra til fimm ára í senn og veitir hann Vegagerðinni forstöðu. Ráðherra ræður aðstoðarvegamálastjóra og framkvæmdastjóra að fengnum tillögum vegamálstjóra. Vegamálastjóri ræður aðra starfsmenn vegagerðarinnar.

Breyting á lögum nr. 117/1994, um skipulag ferðamála.

160. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Að fenginni umsögn Ferðamálaráðs skipar ráðherra ferðamálastjóra til fimm ára í senn. Ferðamálastjóri annast daglega stjórn Ferðamálaráðs samkvæmt því sem ráðið ákveður.

XI. KAFLI
Sjávarútvegsráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

161. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar forstjóra og aðstoðarforstjóra til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar. Ráðherra ræður forstöðumenn sviða að fengnum tillögum stjórnar og forstjóra. Forstjóri ræður sérfræðinga við stofnunina og annað starfsfólk. Forstjóri skal hafa lokið prófi í raunvísindum og vera sérfróður um fiskiðnað. Ráðherra ákveður stjórnskipulag Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

Breyting á lögum nr. 36/1992, um Fiskistofu.

162. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar forstöðumann Fiskistofu, fiskistofustjóra, til fimm ára í senn.

XII. KAFLI
Umhverfisráðuneyti.

Breyting á skipulagslögum nr. 19/1964.

163. gr.

1. málsl. 2. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar skipulagsstjóra ríkisins til fimm ára í senn að fengnum tillögum skipulagsstjórnar.

Breyting á lögum nr. 47/1971 um náttúruvernd.

164. gr.

1. málsl. 8. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar framkvæmdastjóra Náttúruverndarráðs til fimm ára í senn og veitir hann skrifstofu þess forstöðu.

Breyting á lögum nr. 30/1985, um Veðurstofu Íslands.

165. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Veðurstofustjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

Breyting á lögum nr. 31/1985, um Landmælingar Íslands.

166. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Forstjóri ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar.

Breyting á lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingu.

167. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 14. gr. laganna eins og henni var breytt með 2. gr. laga nr. 70/1995:

a. Í stað orðsins „fjögurra“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: fimm.
b. 5. málsl. 3. mgr. orðast svo: Þeir skulu ráðnir af framkvæmdastjóra að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

Breyting á lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.

168. gr.

4. málsl. 7. gr. laganna orðast svo: Forstjóri ræður deildarstjóra og sérfræðinga að fengnum tillögum stjórnar.

Breyting á lögum nr. 64/1994, um verndun, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

169. gr.

1. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar veiðistjóra til fimm ára í senn að fengnum tillögum ráðgjafanefndar um villt dýr.

XIII. KAFLI
Utanríkisráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 39/1971, um utanríkisþjónustu Íslands.

170. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Forseti Íslands skipar til fimm ára í senn þá starfsmenn sem taldir eru í 1. og 2. flokki samkvæmt 8. gr. Ráðherra skipar kjörræðismenn ótímabundið, en forseti Íslands aðalræðismenn með sama hætti. Aðrir starfsmenn eru ráðnir.

171. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Starfsmenn utanríkisþjónustunnar eru skyldir til að starfa sem fulltrúar utanríkisþjónustunnar erlendis eða í utanríkisráðuneytinu samkvæmt ákvörðun ráðherra. Eigi þarf nýja skipun, þótt embættismaður sé fluttur milli staða eða starfa innan sama flokks samkvæmt 8. gr. þessara laga en skipunartími hans framlengist við flutninginn til fimm ára í senn.

XIV. KAFLI
Viðskiptaráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands.

172. gr.

Í stað orðsins „sex“ í 2. málsl. 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: fimm.

173. gr.

Í stað orðsins „sex“ í 2. málsl. 2. mgr. 26. gr. laganna kemur: fimm.

Breyting á samkeppnislögum nr. 8/1993.

174. gr.

Í stað orðsins „sex“ í 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: fimm.

Breyting á lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi.

175. gr.

Í stað orðsins „sex“ í 1. málsl. 3. mgr. 50. gr. laganna kemur: fimm.

Breyting á lögum nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði.

176. gr.

1. málsl. 29. gr. laganna orðast svo: Bankastjórn ríkisviðskiptabanka skal skipuð þremur bankastjórum sem skulu eigi skipaðir til lengri tíma en fimm ára í senn.

XV. KAFLI
Gildistaka.

177. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1996.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin hefur markað nýja stefnu í starfsmannamálum ríkisins og leitað eftir atbeina Alþingis til að hrinda henni í framkvæmd með samþykkt frumvarps til nýrra starfsmannalaga (hér eftir auðkennt: stmlfrv.). Ákvæði þeirra víkja þó eftir sem áður fyrir sérákvæðum í öðrum lögum eins og hnykkt er á í 3. gr. stmlfrv. Markmið starfsmannastefnunnar ná því ekki að fullu fram að ganga nema sérákvæði um einstaka embættismenn og hópa starfsmanna verði í öllu verulegu færð til samræmis við meginreglur almennu laganna, eins og þær birtast í stmlfrv. Í þessu felst samnefnari allra þeirra breytinga sem hér er lagt til að gerðar verði á sérákvæðum í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og teljast þessar helstar:

Afnám æviráðningar

Í 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. er lagt til að lögfest verði sú meginregla að skipun í embætti verði framvegis tímabundin til fimm ára í senn. Af þessum sökum er lagt til að öllum sérákvæðum um ótímabundna skipun í embætti verði breytt í samræmi við meginreglu stmlfrv. utan skipun í dómaraembætti sem óvarlegt þykir að tímabinda með hliðsjón af 61. gr. stjórnarskrárinnar og í embætti ríkissaksóknara sem svipuð sjónarmið þykja eiga við um.

Skipun í embætti

Í 2. mgr. 5. gr. stmlfrv. er lagt til að lögfest verði sú meginregla að forstöðumenn stofnana og aðrir þeir starfsmenn stofnana sem taldar eru í 22. gr. sama frumvarps komi að störfum sínum með skipun í embætti. Í samræmi við þetta er nokkrum ákvæðum sem mæla fyrir um að forstöðumenn skuli ráðnir til starfa, tímabundið eða ótímbundið, breytt í tímabundna skipun. Í nokkrum tilvikum er lagt til að staðgenglar þeirra eða næstráðendur komi að störfum sínum með sama hætti.

Ótímabundin ráðning í starf

2. mgr. 5. gr. stmlfrv. gerir jafnframt ráð fyrir að forstöðumenn ráði aðra starfsmenn stofnana. Í samræmi við þetta er ákvæðum sem fela ráðherra eða stjórn stofnunar að skipa eða ráða annað starfslið breytt og forstöðumanni falið ráðning þess, nema sérstök rök standi til annars. Það á t.d. við um staðgengla forstöðumanna eða næstráðendur, eins og lýst hefur verið, lögreglumenn og aðra þá sem fela má lögregluvald lögum samkvæmt og starfsstéttir sem talist hafa til embættismanna og ekki þykir rétt að breyta að svo stöddu, svo sem prestar og prófessorar.

Tímabundin ráðning afnumin eða stytt

Í 1. mgr. 41. gr. stmlfrv. er lagt til að lögfest verði sú meginregla að ráðning í starf skuli almennt vera ótímabundin með gagnkvæmum uppsagnarrétti með þriggja mánaða fyrirvara. Skv. 2. mgr. sömu greinar er þó heimilt að ráða í starf tímabundið en þó aldrei lengur en til tveggja ára. Í samræmi við þetta er tímabundin ráðning starfsliðs almennt felld niður nema sérstök rök standi til annars og þá bundin við tveggja ára hámark.

Frumvarpið miðar við gildandi lög þegar það er lagt fram. Í einhverjum tilvikum eru því lagðar til breytingar á lögum sem ríkisstjórnin hefur þegar beitt sér fyrir breytingum á í öðrum frumvörpum. Meðan ekki er ljóst hvaða afgreiðslu slík frumvörp fá á Alþingi þótti þó ekki önnur leið fær en að halda í þessu frumvarpi öllum þeim breytingum sem nauðsynlegt er að gera á gildandi lögum. Eftir atvikum þarf síðan að fella úr þessu frumvarpi ákvæði um breytingar á lögum sem þingið afgreiðir með öðrum hætti.

Loks ber að leggja áherslu á að ákvæði þessa frumvarps leiða öll með einum eða öðrum hætti af frumvarpi til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Frumvarpinu er skipt í kafla eftir því undir hvaða ráðuneyti heyrir eftirlit með framkvæmd þeirra laga sem leitað er breytinga á og innan hvers kafla eftir aldursröð viðkomandi laga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Um 1. gr.

Gildandi ákvæði heimilar þingvallanefnd að ráða umsjónarmann á Þingvöllum til fimm ára í senn, en tímabundin ráðning til svo langs tíma verður almennt óheimil skv. 2. mgr. 41. gr. stmlfrv. Þá hafa lög um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkjunnar til skamms tíma falið sóknarpresti þingvallaprestakalls, sem dóms- og kirkjumálaráðherra skipar, að gegna jafnframt þeim starfa sínum starfi þjóðgarðsvarðar. Í 35. gr. þessa frumvarps er lagt til að hin lögbundna tenging þessara starfa verði rof-

in enda má færa að því gild rök að hún stríði gegn grundvallarreglum stjórnskipunarinnar um skipting starfa og valdmörk ráðherra. Þess í stað er í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stmlfrv. lagt til að forsætisráðherra verði falið að skipa þjóðgarðsvörð til fimm ára í senn, sbr. meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv., þó að bindandi tillögu þingvallanefndar í samræmi við valdsvið hennar samkvæmt lögum um friðun þingvalla. Jafnframt þjóðgarðsvörslu er lagt til að þjóðgarðsvörður gegni störfum framkvæmdastjóra þingvallanefndar og ráði annað starfslið í samræmi við stefnumið stmlfrv.

Um 2. gr.

Gildandi ákvæði mælir fyrir um að sá starfsmaður forsætisráðuneytis sem forsætisráðherra velur til að gegna jafnframt störfum ritara ráðherrafunda komi að því starfi sínu með skipun. Við það hugtak eru bæði samkvæmt gildandi starfsmannalögum og hinu nýja stmlfrv. bundin réttindi sem ekki þykja fara saman við það svigrúm sem rétt þykir að forsætisráðherra og eftir atvikum ríkisstjórn hafi til að ráðstafa þessum trúnaðarstarfa eins og hentast þykir hverju sinni, t.a.m. við stjórnarskipti. Af þessum sökum er lagt til að gerðar verði viðeigandi breytingar á ákvæðinu í samræmi við skyldu starfsmanns til að hlíta breytingum á starfi sínu og verksviði skv. 19. gr. stmlfrv.

Um 3. gr.

Aðrar breytingar sem lagt er til að lög um Stjórnarráð Íslands taki leiða allar af þeirri breytingu sem lagt er til að gerð verði á 13. gr. laganna í 6. gr. þessa frumvarps. Hún felur í sér að einungis ráðuneytisstjórar og skrifstofustjórar í ráðuneytum komi að störfum sínum með tímabundinni skipun, en deildarstjórar verði ráðnir til starfa eins og annað starfslið ráðuneytanna. Þessi breyting er í samræmi við það stefnumið stmlfrv. að einungis æðstu stjórnendur og stundum staðgenglar þeirra eða aðrir næstráðendur verði skipaðir í embætti, sbr. 2. mgr. 5. gr. og hér 3. tölul. 1. mgr. 22. gr. stmlfrv. Gildandi starfsmannaákvæði stjórnarráðslaga taka hins vegar mið af öðrum ákvæðum sömu laga um innra skipulag ráðuneyta. Samhliða breytingum á starfsmannaákvæðunum þykir þess vegna nauðsynlegt að gera jafnframt nokkrar breytingar á þeirri tilhögun sem 7. og 11. gr. laganna gera ráð fyrir.

Í 7. gr. gildandi laga um stjórnarráðið segir að ráðherra kveði á um skiptingu ráðuneytis í starfsdeildir eftir verkefnum og í 1. mgr. 11. gr. að þeim stýri deildarstjórar undir yfirstjórn ráðuneytisstjóra en ráðherra getur einnig sett þeim erindisbréf skv. 4. mgr. sömu greinar. Þannig teljast grunneiningar ráðuneytanna vera deildir samkvæmt gildandi lögum en ekki er gert ráð fyrir skrifstofum sem sérstökum stjórnunareiningum. Eftir því sem umsvif hins opinbera hafa aukist og stjórnsýslan þróast hefur svo einfalt stjórnskipulag ekki reynst fullnægjandi, a.m.k. ekki í hinum stærri ráðuneytum, sem aftur hefur leitt af sér að innan þeirra hefur verið stofnað til skrifstofa sem sérstaks stjórnunarstigs yfir deildunum. Sú breyting sem lagt er til að gerð verði á 7. gr. miðar að því aðlaga lögin þeirri breytingu sem telja verður að þegar sé orðin á stjórnskipulagi ráðuneyta, sbr. niðurstöður könnunar sem forsætisráðuneytið gekkst fyrir í tengslum við gerð frumvarps til nýrra stjórnarráðslaga árið 1989 og lýst er í alþt. 1989–90, A-deild, bls. 4082–83.

Um 4. gr.

Breyting á 1. mgr. 11. gr. samkvæmt staflið a er í samræmi við þær breytingar sem þegar hefur verið lýst og miðar að því að skýra stöðu skrifstofustjóra og deildarstjóra í ráðuneytum.

Í staflið b er lagt til að felld verði brott heimild til að skipa deildarstjóra ráðuneytis skrifstofustjóra þess ráðuneytis, sem taki sjálfkrafa við störfum ráðuneytisstjóra í forföllum hans. Með öðrum breytingum á lögunum þykir þetta ákvæði óþarft en það gerði upphaflega ráð fyrir að aðeins einn skrifstofustjóri gæti starfað í hverju ráðuneyti og hefði sömu stöðu og deildarstjóri nema í forföllum ráðuneytisstjóra að hann tæki við störfum hans. Með brottfalli þessa ákvæðis er gert ráð fyrir að staðgengill ráðuneytisstjóra verði eftir sem áður valinn úr hópi skrifstofustjóra en falið það hlutverk sitt með erindisbréfi ráðherra skv. 4. mgr. 11. gr. laganna.

Í staflið c er orðalag fært til samræmis við breytingar á ráðningarformi deildarstjóra skv. 6. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að starfsheiti í stjórnarráðinu eru nú orðin allmiklu fleiri en talin eru í 12. gr. stjórnarráðslaga. Til að koma einhverjum böndum á er lagt til að ráðning starfsmanna undir öðrum starfsheitum en þar greinir verði bundin heimild ráðherra.

Um 6. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst í að tímabinda skipun ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. og breyta skipun deildarstjóra og annarra starfsmanna ráðuneyta í ráðningu í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stmlfrv.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að stöðu aðstoðarmanna ráðherra innan ráðuneyta verði breytt úr deildarstjórastöðu í stöðu skrifstofustjóra eins og eðlilegt er með hliðsjón af öðrum breytingum á stjórnarráðslögum og hinum sérstöku trúnaðarskyldum sem aðstoðarmenn hafa við ráðherra. Til að taka af allan vafa þykir hins vegar rétt að taka fram að breyting þessi miðar ekki á nokkurn hátt að því að gera þá að einhvers konar staðgenglum ráðherranna eða aðstoðarráðherrum.

Um 8. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst í að tímabinda skipun forstjóra Þjóðhagsstofnunar til fimm ára í senn í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. Jafnframt er fellt brott úrelt sérnefni stöðunnar.

Um 9.–10. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæðum er forstjóri Byggðastofnunar ráðinn ótímabundið af stjórn stofnunarinnar með sex mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Í samræmi við stefnumið 2. mgr. 5. gr. og meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. er lagt til að ráðherra skipi forstjórann tímabundið.

Um 11. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði er ríkisendurskoðandi ráðinn af forsetum Alþingis í sameiningu til sex ára í senn. Í samræmi við stefnumið 2. mgr. 5. gr. og meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. er í staflið a lagt til að hann verði skipaður af forseta Alþingis til fimm ára í senn. Hæfisskilyrði ríkisendurskoðanda eru óbreytt, en í ljósi ítarlegra ákvæða 6. kafla stmlfrv. um aðdraganda að og skilyrði fyrir brottvikningu skipaðra manna úr embætti er í staflið b lagt til að brott falli sérregla um að forseti verði að njóta tilstyrks meirihluta Alþingis til slíkrar athafnar. Þá er einnig lagt til að brott falli úr þessari grein þýð-

ingarlaust ákvæði um að ríkisendurskoðandi sé starfsmaður Alþingis og beri ábyrgð gagnvart því, enda bætir það engu við það sem þegar er fram komið í 1. gr. laganna og er til þess fallið að valda ruglingi eins og það er staðsett í 2. gr. og hugtakanotkun stmlfrv.

Um 12. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði er umboðsmaður Alþingis kjörinn á Alþingi til fjögurra ára í senn. Í frumvarpi því er varð að lögum um umboðsmann Alþingis var lagt til að umboðsmanninn skyldi kjósa að loknum hverjum kosningum til Alþingis (alþt. 1986–87, A-deild, bls. 2556 og 2559). Í meðferð þingsins var tenging við kjörtímabil Alþingis rofin en lengd kjörtímabils umboðsmanns þess í stað bundin við fjögur ár. Í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. er lagt til að kjörtímabil hans verði lengt í fimm ár.

Um 13. gr.

Samkvæmt fyrri málsl. 14. gr. laga um umboðsmann Alþingis skal hann sjálfur ráða starfsfólk embættis síns en ber skv. síðari málsl. sömu greinar að fara eftir reglum sem Alþingi setur um fjölda þess og launakjör. Í ljósi þeirra meginmarkmiða stmlfrv. að færa vald til að taka ákvarðanir um starfsmenn stofnana frá yfirstjórn stofnananna til forstöðumanna þeirra, auka sveigjanleika í starfsmannahaldi og einfalda launakerfi, þykir síðari málsliður greinarinnar skerða það sjálfræði sem þau stefna að og fyrri málsliður 14. gr. laganna virðist ætla umboðsmanni. Af þessum sökum er lagt til að síðari málsliður greinarinnar falli brott.

Um 14. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði er skrifstofustjóri Alþingis ráðinn af forsætisnefnd til sex ára í senn. Í athugasemdum við þetta ákvæði frumvarps þess er varð að lögum um þingsköp Alþingis er skýrt að sex ára ráðningartími hans sé í samræmi við það sem farið sé að tíðkast um æðstu embættismenn ríkisins (alþt. 1991 vþ., A-deild, bls. 25). Í ljósi þess að gert er ráð fyrir að þessi hópur muni framvegis taka skipun til fimm ára í senn skv. meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. er lagt til að hið sama gildi um skrifstofustjóra Alþingis.

Um II. kafla.

Um 15. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði er framkvæmdastjóri almannavarnaráðs skipaður ótímabundið að fengnum tillögum ráðsins en ráðherra er þó heimilt að tímabinda skipun hans. Í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. stmlfrv. er í staflið a lagt til að skipun framkvæmdastjórans verði tímabundin.

Í stað 2. málsl. málsgreinarinnar, sem geymt hefur heimild, sem nú verður óþörf, til að tímabinda skipun framkvæmdastjóra, er í staflið b lagt til að tekið verði upp nýtt ákvæði þess efnis að framkvæmdastjóri ráði annað starfslið ráðsins eins og 2. mgr. 5. gr. stmlfrv. miðar að.

Loks er í staflið c lagt til að fulltrúar almannavarnaráðs í kjördæmum landsins komi að þeim störfum sínum með ótímabundinni ráðningu í stað skipunar, enda geta þeir einir komið að störfum sínum með skipun sem taldir eru í 1. mgr. 22. gr. stmlfrv.

Um 16. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun forstjóra Landhelgisgæslunnar til samræmis við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 17. gr.

Lagt er til að úrelt lagatilvísun verði gerð að eyðuákvæði þannig greinin vísi til þeirra laga sem á hverjum tíma gilda um lögreglumenn og um meðferð opinberra mála.

Um 18. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun lögreglumanna í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 19. gr.

61. gr. stjórnarskrárinnar virðist ganga út frá því sem meginreglu að dómarar skuli skipaðir í embætti ótímabundið, enda verði þeim ekki að fullu vikið úr embætti nema með dómi. Er því m.a. ætlað að tryggja sjálfstæði dómstólanna gagnvart öðrum handhöfum ríkisvaldsins. Vegna meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. um tímabundna skipun í embætti, nema annað sé tekið fram í lögum, er því einu bætt við gildandi ákvæði að skipun hæstaréttardómara skuli vera ótímabundin.

Um 20. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst í að tímabinda skipun hæstaréttarritara í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. Jafnframt þykir eðlilegra að veitingarvald þessa embættis og ráðning annarra starfsmanna sé í höndum forseta hæstaréttar í stað réttarins í heild eins og gildandi ákvæði er orðað.

Um 21. gr.

Lagt er til að lagatilvísun verði gerð að eyðuákvæði þannig að starfsgengisskilyrði presta og forstöðumanna skráðra trúfélaga ráðist af því sem á hverjum tíma gildir um starfsmenn ríkisins, sbr. 6. gr. stmlfrv. en þau eru í meginatriðum hin sömu og nú gilda skv. 3. gr. laga nr. 38/1954.

Um 22. gr.

Breyting á gildandi ákvæði samkvæmt staflið a felst einungis í að tímabinda skipun rannsóknarlögreglustjóra til samræmis við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Breyting á gildandi ákvæði samkvæmt staflið b felst í færa veitingarvald embættis vararannsóknarlögreglustjóra frá forseta til ráðherra í ljósi staðgengilshlutverks hans og tímabinda skipun í embættið í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Samkvæmt gildandi ákvæði er annað starfslið rannsóknarlögreglunnar skipað af ráðherra. Í staflið c er lagt til að greint verði á milli sérhæfðs starfsliðs, þ. á m. löglærðs starfsliðs og rannsóknarlögreglumanna, annars vegar og annars starfsliðs, þ. á m. þess sem sinnir almennum skrifstofu- og ritarastörfum, hins vegar, á þann hátt að fyrrnefndi hópurinn kemur að störfum sínum eins og aðrir þeir sem falið er að fara með lögregluvald, þ.e. með tímabundinni skipun ráðherra, en síðarnefndi hópurinn, eins og meginþorri starfsmanna ríkisins, með ótímabundinni ráðningu forstöðumanns stofnunarinnar.

Um 23. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun biskupsins yfir Íslandi í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 24. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda veitingu prestsembættis að undangengnu vali í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. hvort heldur valið er með bindandi niðurstöðu samkvæmt staflið a eða án bindandi niðurstöðu samkvæmt stafið b.

Um 25. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að binda tímabundna veitingu prestsembættis samkvæmt köllun við fimm ár í stað fjögurra ára hámarks í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 26. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda veitingu prestsembættis að undangenginni kosningu í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. hvort heldur niðustaða kjörsins er bindandi samkvæmt staflið a eða ekki samkvæmt staflið b.

Um 27. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun framkvæmdastjóra Umferðarráðs til samræmis við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 28. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst í að tímabinda skipun forstjóra fangelsismálastofnunar í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. Jafnframt er lagt til að sérhæft starfslið stofnunarinnar komi að störfum sínum með tímabundinni skipun í stað ráðningar ráðherra í samræmi við það sem lagt er til að almennt gildi um þá sem sinna skyldum störfum á sviði löggæslu og réttarvörslu.

Um 29. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst í að ráðherra er í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stmlfrv. falið að skipa forstöðumenn fangelsa í stað þess að ráða þá. Jafnframt er skipun þeirra tímabundin í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 30. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst í að fangaverðir koma störfum sínum með tímabundinni skipun í stað ráðningar ráðherra í samræmi við það sem lagt er til að almennt gildi um þá sem falið er lögregluvald.

Um 31. gr.

61. gr. stjórnarskrárinnar virðist ganga út frá því sem meginreglu að dómarar skuli skipaðir í embætti ótímabundið, enda verði þeim ekki að fullu vikið úr embætti nema með dómi. Er því m.a. ætlað að tryggja sjálfstæði dómstólanna gagnvart öðrum handhöfum ríkisvaldsins. Vegna meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. um tímabundna skipun í embætti, nema annað sé tekið fram í lögum, er því einu bætt við gildandi ákvæði að skipun héraðsdómara skuli vera ótímabundin.

Um 32. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun dómarafulltrúa í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. Vegna nýlegra breytinga sem gerðar hafa verið á stöðu fulltrúanna þykir rétt að árétta að þeir starfa í umboði og á ábyrgð dóm-

stjóra eða héraðsdómara, þar sem dómstjóri er ekki skipaður. Tímabinding skipunar þeirra þykir því ekki með nokkru móti vega að stjórnarskrárvörðu sjálfstæði dómstólanna eða tefla í tvísýnu stöðu þeirra til að annast lögmælt störf á óvilhallan hátt.

Um 33. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun sýslumanna til samræmis við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 34. gr.

Breyting á gildandi ákvæði samkvæmt staflið a felst einungis í að tímabinda skipun deildarstjóra við sýslumannsembætti í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði mæla að öðru leyti ekki fyrir um hvernig starfsmenn sýslumannsembætta koma að störfum sínum. Í samræmi við aðra þá sem falið er að fara með lögregluvald er lagt til að sérhæft starfslið sýslumanna, þ. á m. löglærðir fulltrúar, komi að störfum sínum með tímabundinni skipun ráðherra, en annað starfslið, þ. á m. þeir sem sinna almennum skrifstofu- og ritarastörfum, verði ráðið af sýslumanni.

Um 35. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst í að tímabinda skipun prestsins á Þingvöllum í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. Jafnframt er lagt til að fellt verði úr þessum lögum ákvæði um stöðu hans sem þjóðgarðsvarðar, enda þykir eðlilegra og í samræmi við þá stefnu stmlfrv. að völd og ábyrgð fari saman að ráðning hans sé í höndum þess stjórnvalds sem fer með málefni þjóðgarðsins og er að mestu leyti í höndum þingkjörinnar stjórnar, þingvallanefndar. Það stjórnvald getur eftir sem áður falið sama manni að hafa bæði þessi störf með höndum.

Um 36. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun sóknarpresta í embætti í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 37. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst í að gera það að eyðuákvæði þannig að það vísi til þeirra almennu hæfisskilyrða sem á hverjum tíma gilda samkvæmt lögum um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna. Gildandi hæfisskilyrði í 3. gr. laga nr. 38/1954 eru í meginatriðum óbreytt í 6. gr. stmlfrv.

Um 38. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst í að gera það að eyðuákvæði þannig að það vísi til þeirra laga sem á hverjum tíma gilda um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna.

Um 39. gr.

Greinin sem leitað er breytinga á skyldar sóknarprest til að taka að sér aukaþjónustu sókna innan prófastsdæmis, samkvæmt boði biskups gegn launum skv. 26. gr. gildandi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríksins, nr. 38/1954. Sú grein mælir fyrir um að starfsmanni sem gegnir samkvæmt fyrirmælum stjórnvalds jafnhliða sínum starfa öðrum starfa, fái hálf þau föstu byrjunarlaun sem þeim starfa fylgja svo og allar aukatekjur. Breyting sú sem hér er lögð til felst í að gera lagatilvísun ákvæðsins að eyðuákvæði þannig að það vísi til þeirra laga sem á hverjum tíma gilda um réttindi og skyldur rík-

isstarfsmanna. Af því leiðir samkvæmt stmlfrv. að þóknun fyrir aukastörf sem þessi verður metin af kjaranefnd skv. 1. mgr. 9. gr., sbr. 39. gr. stmlfrv.

Um 40. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að binda skipun prófasts við sama tíma og skipun hans í prestsembætti stendur til þegar hann tekur við prófastsembættinu.

Um 41. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun biskups í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 42. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun vígslubiskupa í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 43. gr.

Vegna meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. um að skipun í embætti sé tímabundin, nema annað sé tekið fram í lögum, er því einu bætt við gildandi ákvæði samkvæmt staflið a að skipun ríkissaksóknara sé ótímbundin, en um sjáflstæði hans í starfi þykja gilda sams konar sjónarmið og um dómara.

Breyting á gildandi ákvæði samkvæmt staflið b felst í að tímabinda skipun vararíkissaksóknara og saksóknara í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. Jafnframt er ráðherra falið veitingarvaldið í stað forseta.

Samkvæmt gildandi ákvæði skipar ráðherra annað starfslið við embætti ríkissaksóknara. Með hliðsjón af 2. mgr. 5. gr. stmlfrv. er lagt til að sérhæft starfslið embættis hans, þ. m. t. löglærðir fulltrúar, verði skipaðir tímabundið, en ríkissaksóknara falið að ráða annað starfslið, s. s. þá sem gegna almennum skrifstofu- og ritarastörfum.

Um III. kafla.

Um 44. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að lengja tímabundna skipun ríkissáttasemjara og vararíkissáttasemjara úr fjórum árum í fimm til samræmis við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 45. gr.

Í gildandi ákvæði segir að ríkissáttasemjari ráði sér starfslið í samræmi við lög um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana. Í 3. tölul. 55. gr. stmlfrv. er lagt til að lög þessi falli brott. Í samræmi við það er lagt til að tilvísun þessi falli brott enda þykja starfsmannalög og fjárlög hverju sinni veita forstöðumönnum nægilegt aðhald við mat á starfsmannaþörf og ráðningar.

Um 46. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst í að tímabinda skipun forstjóra Vinnueftirlits ríkisins í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. og taka af tvímæli um að tillögur stjórnar stofnunarinnar eru ekki bindandi fyrir ráðherra.

Um 47. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði ræður Jafnréttisráð framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn. Breytingin er í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stmlfrv. um að forstöðumaður sé skipaður af ráðherra en annað starfslið ráðið af forstöðumanni. Jafnframt er lagt til að framkvæmdastjórinn sé skipaður tímabundið í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 48. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að stytta tímabundna skipun brunamálastjóra í fimm ár í stað sex til samræmis við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 49. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun framkvæmdastjóra svæðisskrifstofa fyrir málefni fatlaðra í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 50. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun forstöðumanns og framkvæmdastjóra Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 51. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að stytta tímabundna skipun framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins úr sex árum í fimm til samræmis við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um IV. kafla.

Um 52. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun ríkisbókara í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 53. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði skulu bæði forstjóri og aðrir starfsmenn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins vera skipaðir af ráðherra og hann setja þeim erindisbréf. Í breytingunni felst að starfsmenn verða ráðnir af forstjóra í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stmlfrv. en skipun forstjóra er tímabundin í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. Um veitingu erindisbréfa fyrir starfsmenn fer að 8. gr. stmlfrv.

Um 54. gr.

Lagt er til að lagatilvísun verði gerð að eyðuákvæði þannig að um brot starfsmanns gegn lögum um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja fari að ákvæðum starfsmannalaga eins og þau eru á hverjum tíma.

Um 55. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði er forstjóri og fast starfsfólk Fasteignamats ríkisins ráðið af ráðherra en starfsfólk til tímabundinna starfa ráðið af forstjóra. Í breytingunni felst að forstjóri verður tímabundið skipaður af ráðherra en starfsfólk ráðið af forstjóra í samræmi við 2. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. Þá þykir ekki ástæða til að halda í sér-

staka heimild forstjóra til að ráða starfsfólk til tímabundinna starfa með hliðsjón af meginreglu 1. mgr. 41. gr. stmlfrv.

Um 56. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun skattstjóra í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 57. gr.

Í samræmi við stefnmið 2. mgr. 5. gr. stmlfrv. er lagt til að umboðsmenn skattstjóra komi að þeim störfum með ráðningu, enda verður einungis skipað í störf hjá þeim stofnunum sem taldar eru í 1. mgr. 22. gr. stmlfrv. Í ljósi þess að tilteknir starfsmenn sveitarfélaga geta verið skikkaðir til að taka við starfanum samkvæmt síðari málslið 1. mgr. 87. gr. þykir þó rétt að ráðning þeirra verði áfram í höndum ráðherra.

Um 58. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun ríkisskattstjóra og vararíkisskattstjóra í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 59. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun skattrannsóknarstjóra ríkisins í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 60. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun ríkislögmanns í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 61. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að lengja tímabundna skipun forstjóra Innkaupastofnunar ríkisins, sem nú kallar sig Ríkiskaup, úr fjórum árum í fimm í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 62. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun tollstjórans í Reykjavík í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 63. gr.

Í samræmi við stefnumið 2. mgr. 5. gr. og 8. sbr. 7. tölul. 1. mgr. 22. gr. stmlfrv. er lagt til að tekið verði upp afdráttarlaust ákvæði í lögin um að ríkistollstjóri komi að starfi sínu með tímabundinni skipun, sbr. og meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 64. gr.

Í samræmi við stefnumið 2. mgr. 5. gr. og 8. sbr. 7. tölul. 1. mgr. 22. gr. stmlfrv. er lagt til að tekið verði upp afdráttarlaust ákvæði í lögin um að tollgæslustjóri komi að starfi sínu með tímabundinni skipun, sbr. og meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 65. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði eru tollgæslumenn ráðnir til starfa. Í öðrum ákvæðum frumvarpsins er lagt til að þeir, sem falið er að halda uppi lögum og reglu og sinna öryggisgæslu og eftirliti, komi að jafnaði að stöfum sínum með tímabundinni skipun. Af

þessum sökum er lagt til að sama regla gildi um tollgæslumenn í samræmi við 7. tölul. 1. mgr. 22. gr. og meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 66. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun forstjóra Lánasýslu ríkisins í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 67. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að stytta skipunartíma yfirskattanefndar úr sex árum í fimm í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. enda hafa fjórir nefndarmenn starfið að aðalstarfi.

Um V. kafla.

Um 68. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst í að tímabinda skipun hagstofustjóra í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. og fela veitingarvaldið forseta í samræmi við 13. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, sbr. 4. gr. s.l. Jafnframt er fellt brott úrelt ákvæði um aðstoðarmann hagstofustjóra þar eð hagstofan starfar auk stofnlaga sinna samkvæmt lögum um Stjórnarráð Íslands og fer um starfsmannahald að þeim lögum.

Um VI. kafla.

Um 69. gr.

Breyting á gildandi ákvæði samkvæmt staflið a felur í sér að skipun áfengisvarnaráðunautar er tímabundin í samræmi við 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. og veitingavaldið falið ráðherra þeim er fer með mál er varða áfengisvarnir samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands í stað ríkisstjórnar. Jafnframt er heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra falið að setja honum erindisbréf samkvæmt staflið b í stað ríkisstjórnar. Loks segir í gildandi ákvæði að um launakjör áfengisvarnaráðunautar fari samkvæmt ákvæðum laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Í staflið c er tilvísun þessari breytt og færð til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins en skv. 39. gr. stmlfrv. taka embættismenn laun samkvæmt ákvörðun kjaranefndar.

Um 70. gr.

Gildandi ákvæði kveður á um að ráðherra skipi yfirlækni og yfirheyrnar- og talupp-eldisfræðing, en aðrir starfsmenn eru ráðnir af stjórn stöðvarinnar. Á meðal þeirra starfsmanna er einnig framkvæmdastjóri. Í samræmi við stefnumið 2. mgr. 5. gr. stmlfrv. er lagt til að framkvæmdastjóri og yfirlæknir stöðvarinnar verði skipaðir af ráðherra til fimm ára í senn í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv., en annað starfslið ráðið af framkvæmdastjóra í stað stjórnar í samræmi við það markmið stmlfrv., sem m.a. birtist í 38. gr. stmlfrv., að auka á ábyrgð og tækifæri forstöðumanna til að skila betri árangri.

Um 71. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun yfirlæknis Þjónustu- og endurhæfingastöðvar sjónskertra í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 72. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun forstöðumanns Geislavarna ríkisins í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 73. gr.

Breytingar á gildandi ákvæði felast einungis í að tímabinda skipun landlæknis og aðstoðarlandlæknis í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 74. gr.

Breyting á gildandi ákvæðum felst einungis í að lengja tímabundna skipun héraðslækna og héraðshjúkrunarfræðinga úr fjórum árum í fimm í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 75. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði eru framkvæmdastjórar heilsugæslustöðva í Reykjavík ráðnir af stjórnum þeirra. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. og 8. tölul. 1. mgr. 22. gr. stmlfrv. er lagt til að þeir verði skipaðir af ráðherra til fimm ára í senn sbr. meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. Jafnframt er þeim falið að annast starfsmannamál stöðvanna með vísan til 29. gr. laganna, sbr. 8. mgr. 30. gr. eins og lagt er til að því ákvæði verði breytt.

Um 76. gr.

Með því lagt er til að forstjóri ríkisspítala og framkvæmdastjórum annarra heilbrigðisstofnana verði falið að ráða yfirlækna og hjúkrunarforstjóra skv. 78. gr. frumvarps þessa og þeir eru við önnur sjúkrahús ráðnir af sjúkrahússtjórnum skv. 3. mgr. 31. gr. laga um heilbrigðisþjónustu er lagt til að brott falli ákvæði um að ráðherra setji yfirlæknum og hjúkrunarforstjórum erindisbréf en útgáfa slíkra bréfa er skv. stmlfrv. falin veitingarvaldshafa.

Um 77. gr.

Breyting á gildandi ákvæði samkvæmt staflið a felst í að tímabinda skipun forstjóra ríkisspítala í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. og fela ráðherra að skipa forstöðumenn sviða ríkisspítalanna til sama tíma í samræmi við stefnumið 2. mgr. 5. gr. stmlfrv.

Samkvæmt gildandi ákvæði eru framkvæmdastjórar sjúkrahúsa ráðnir til starfa. Sem forstöðumenn stofnana er í samræmi við stefnumið 2. mgr. 5. gr. stmlfrv., sbr. 8. tölul. 1. mgr. 22. gr., lagt til í stafliðum b og c að þeir komi að störfum sínum með skipun til fimm ára í senn sbr. meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur staðfest sérstakt stjórnskipulag ríkisspítala. Með vísan til þeirra starfsmanna sem lagt er til að ráðherra skipi samkvæmt staflið a þykir rétt að lögin geri ráð fyrir að slíkt stjórnskipulag sé fyrir hendi. Í staflið d er því lagt til að tekið sé upp ákvæði um það og hvernig að setningu þess skuli staðið.

Í samræmi við breytingar í stafliðum b og c er loks í staflið e lagt til að forstjóra ríkisspítala og framkvæmdastjórum sjúkrahúsa verði í samræmi við stefnumið stmlfrv. falið að annast um starfsmannahald þeirra stofnana sem þeir stýra í stað stjórna þeirra.

Um 78. gr.

Gildandi ákvæði mælir fyrir um að yfirlæknar og hjúkrunarforstjórar við sjúkrahús ríkisins og aðrar heilbrigðisstofnanir skuli vera skipaðir af ráðherra en við önnur sjúkrahús ráðnir af viðkomandi sjúkrahússtjórn.

Í samræmi við stefnumið 2. mgr. 5. gr. stmlfrv. og framangreindar breytingar á þessum lögum er í þessari grein lagt til að yfirlæknar og hjúkrunarforstjórar við sjúkrahús ríkisins og aðrar heilbrigðisstofnanir verði ráðnir af forstöðumanni viðkomandi stofnunar. Að svo stöddu þykir hins vegar ekki rétt að færa ráðningu þeirra eða annars starfsliðs úr höndum stjórnar að því er önnur sjúkrahús varðar.

Um 79. gr.

Breyting á gildandi ákvæði samkvæmt staflið a felst einungis í að tímabinda skipun forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins og tryggingayfirlæknis í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stmlfrv., sbr. 1. mgr. 22. gr., er í staflið b lagt til að forstjóri ráði annað starfslið.

Um 80. gr.

Fellt er brott ákvæði sem fært hefur verið í 79. gr. frumvarps þessa og lagt til að verði 2. málsl. 2. mgr. 3. gr. laga um almannatryggingar.

Um VII. kafla.

Um 81. gr.

Breyting á gildandi ákvæði samkvæmt fyrri málslið felst einungis í að tímabinda skipun forstöðumanns Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Samkvæmt gildandi ákvæði eru sérfræðingar stofnunarinnar skipaðir af ráðherra. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stmlfrv., sbr. 1. mgr. 22. gr., er í síðari málslið lagt til að þeir verði ráðnir af forstjóra.

Um 82. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði eru deildarstjórar rannsóknastofnana atvinnulífsins skipaðir af ráðherra. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stmlfrv., sbr. 1. mgr. 22. gr., er lagt til að þeir verði framvegis ráðnir af forstjóra og honum veittar heimildir til að víkja frá þeim starfsgengisskilyrðum sem í ákvæðinu greinir í stað ráðherra.

Um 83. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun orkumálastjóra í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 84. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði eru fastir starfsmenn Orkustofnunar skipaðir af ráðherra að fengnum tillögum orkumálastjóra. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stmlfrv., sbr. 1. mgr. 22. gr., er í staflið a lagt til að þeir verði ráðnir af orkumálastjóra.

Í staflið b er er tilvísun færð til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. 9. gr. stmlfrv.

Um 85. gr.

Breyting á gildandi ákvæði í staflið a felst einungis í að tímabinda skipun rafmagnsveitustjóra ríkisins í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Samkvæmt gildandi ákvæði eru fastir starfsmenn Rafmagnsveitu ríkisins skipaðir af ráðherra að fengnum tillögum rafmagnsveiturstjóra. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stmlfrv., sbr. 1. mgr. 22. gr., er í staflið b lagt til að þeir verði ráðnir af rafmagnsveitustjóra.

Í staflið c er tilvísun færð til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. 9. gr. stmlfrv.

Um 86. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun vörumerkjaskráritara í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 87. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að lengja tímabundna skipun forstjóra Iðntæknistofnunar úr fjórum í fimm ár í senn í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 88. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði ræður stjórn Iðntæknistofnunar framkvæmdastjóra aðaldeilda stofnunarinnar tímabundið til fjögurra ára í senn. Í samræmi við það markmið starfsmannastefnu ríkisstjórnarinnar að auka á ábyrgð og sjálfstæði forstöðumanna ríkisstofnana er lagt til að ráðning þeirra verði falin forstjóra að fengnum tillögum stjórnar. Jafnframt er í samræmi við meginreglu 1. mgr. 41. gr. stmlfrv. og skuldbindingu fjármálaráðherra í kjarasamningum við stéttarfélög opinberra starfsmanna frá árinu 1989 lagt til að þessir eins og aðrir starfsmenn verði ráðnir ótímabundið með gagnkvæmum uppsagnarrétti.

Um 89. gr.

Í samræmi við þá breytingu sem lögð er til í 88. gr. þessa frumvarps og af sömu ástæðum er í staflið a lagt til að brott falli að forstjóri þiggi umboð sitt til að ráða aðra starfsmenn frá stjórn stofnunarinnar.

Í staflið b er lagt til að felld verði brott úrelt notkun hugtaka um fasta og lausa ráðningu starfsmanna og ákvæðið aðlagað meginreglu 41. gr. stmlfrv.

Um 90. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun rafmagnseftirlitsstjóra ríkisins í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 91. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði er starfslið rafmagnseftirlitsins skipað og ráðið af ráðherra að fengnum tillögum rafmagnseftirlitsstjóra. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stmlfrv., sbr. 1. mgr. 22. gr., er lagt til að það verði ráðið af rafmagnseftirlitsstjóra.

Um VIII. kafla.

Um 92. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun forstöðumanns garðyrkjuskóla ríkisins í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 93. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun skógræktarstjóra í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 94. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði eru skógarverðir skipaðir af ráðherra að fengnum tillögum skógræktarstjóra. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stmlfrv., sbr. 1. mgr. 22. gr., er lagt til að þeir verði ráðnir af skógræktarstjóra.

Um 95. gr.

Breyting á gildandi ákvæði samkvæmt staflið a felst einungis í að tímabinda skipun landgræðslustjóra í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Samkvæmt gildandi ákvæði eru fulltrúar landgræðslustjóra skipaðir af ráðherra. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stmlfrv., sbr. 1. mgr. 22. gr., er í staflið b lagt til að þeir verði ráðnir af landgræðslustjóra.

Um 96. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði skal landgræðslustjóri leita samþykkis ráðherra til að ráða landgræðsluverði. Í samræmi við markmið starfsmannastefnu ríkisstjórnarinnar um valddreifingu og aukið sjálfstæði og ábyrgð forstöðumanna ríkisstofnana er lagt til að þetta skilyrði falli brott.

Um 97. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði eru bæði forstjóri og sérfræðingar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins skipaðir af ráðherra. Í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. er lagt til að skipun forstjóra verði tímabundin til fimm ára í senn og í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stmlfrv., sbr. 1. mgr. 22. gr., er lagt til að sérfræðingar stofnunarinnar verði ráðnir af forstjóra.

Um 98. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun veiðimálastjóra í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 99. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun skólastjóra búnaðarskólanna í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 100. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði skipar landbúnaðarráðherra fasta kennara við búnaðarskólana. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stmlfrv., sbr. 1. mgr. 22. gr., er í staflið a lagt til að þeir verði ráðnir af skólastjóra.

Gildandi ákvæði veitir heimild til að skipa bústjóra við skólabú búnaðarskólanna. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stmlfrv., sbr. 1. mgr. 22. gr., er í staflið b lagt til að heimilað verði að ráða þá þegar svo ber undir.

Um 101. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði skipar landbúnaðarráðherra fasta kennara við búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stmlfrv., sbr. 1. mgr. 22. gr., er lagt til að þeir verði ráðnir af skólastjóra. Jafnframt er felld niður tilvísun í lög nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana, en þau falla úr gildi skv. 3. tölul. 55. gr. stmlfrv.

Um 102. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun héraðsdýralækna og dýralæknis fisksjúkdóma og stytta hámark skipunartíma yfirdýralæknis úr sex árum í fimm í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 103. gr.

Gildandi ákvæði geymir úrelta tilvísun í ákvörðun launa héraðsdýralækna samkvæmt launalögum. Skv. 39. gr. stmlfrv. skulu laun skipaðra embættismanna, þ. á m. héraðsdýralækna, ákveðin af kjaranefnd. Er því lagt til að ákvæðið taki samsvarandi breytingum en það mælir að öðru leyti fyrir um hámarksstyrk til sveitarfélaga til að greiða mönnum, sem ekki eru dýralæknar að mennt, laun fyrir að annast tiltekin dýralæknisstörf meðan dýralæknir fæst ekki í umdæmi.

Um 104. og 105. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði er forstöðumaður Hagþjónustu landbúnaðarins ráðinn af stjórn stofnunarinnar. Í samræmi við það stefnumið ríkisstjórnarinnar að auka á sjálfstæði og ábyrgð forstöðumanna sbr. 2. mgr. 5. gr. og 8. tölul. 1. mgr. 22. gr. stmlfrv. er lagt til að forstöðumaðurinn verði skipaður af ráðherra til fimm ára í senn, sbr. einnig meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 106. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst í einungis í að tímabinda skipun forstöðumanns aðfangaeftirlits með fóðri, áburði og sáðvöru í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um IX. kafla.

Um 107. gr.

Lagt er til að felld verði brott heimild til að veita íþróttafulltrúa skipun í embætti að liðnum þremur árum í starfi í samræmi við 1. mgr. 22. gr. stmlfrv.

Um 108. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði eru bæði skólastjóri og kennarar Myndlista- og handíðaskólans skipaðir af ráðherra. Í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. er í staflið a lagt til að skipun skólastjóra verði tímabundin og honum falið að ráða kennara í samræmi við stefnumið 2. mgr. 5. gr. stmlfrv. Þá er tillöguréttur við val á skólastjóra og kennurum fluttur til skólastjórnar skv. 2. mgr. 9. gr. laganna í stað fræðsluráðs.

Í staflið b er lagt til að fellt verði brott úrelt ákvæði um að launakjör og kennsluskylda skólastjóra og kennara fari samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, enda mæla núgildandi lög um það efni ekki fyrir um slík atriði.

Um 109. gr.

Breyting á gildandi lagaákvæði er í samræmi við þá breytingu sem lögð er til í 108. gr. frumvarps þessa og felur í sér að skólastjóri ráði fasta kennara, sbr. 2. mgr. 5. gr. stmlfrv.

Um 110. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði skipar menntamálaráðuneytið skólastjóra og fasta kennara eftir þörfum að fengnum tillögum skólastjóra. Jafnframt að laun þeirra skuli ákveðin í kjarasamningum starfsmanna ríkisins eða í kjaradómi.

Í staflið a er annars vegar lagt til að ráðherra skipi skólastjóra til fimm ára í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. og hins vegar að hann ráði fasta kennara við skólann í samræmi við stefnumið 2. mgr. 5. gr. stmlfrv. Jafnframt er lagt til að lögbundið verði að leita álits skólanefndar við val á umsækjendum en hún starfar skv. 2. mgr. 14. gr. laga um Stýrimannaskólann.

Í staflið b er lagt til að launaákvæði vísi til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins en skv. 1. mgr. 9. gr. stmlfrv. skulu laun ákvörðuð af kjaranefnd, sbr. 39. gr. frumvarpsins, eða samkvæmt kjarasamningum, sbr. 47. gr. sama frumvarps.

Um 111. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði skipar forseti Íslands skólastjóra Íþróttakennaraskólans en ráðherra annað fast starfsfólk. Í staflið a er í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stmlfrv. lagt til að ráðherra verði falið skipa skólastjórann og skólastjóranum að ráða annað starfslið. Í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. er lagt til að skipun skólastjóra verði tímabundin til fimm ára í senn.

Breyting í staflið b leiðir af síðastgreindri breytingu með því að kennarar koma að störfum sínum með ráðningu í stað skipunar.

Um 112. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði eru launakjör skólastjóra og starfsmanna Íþróttakennaraskólans ákveðin samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Með breytingunni er lagt til að lagatilvísun sé breytt og færð til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. 9. gr. stmlfrv.

Um 113. og 114. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði skipar menntamálaráðuneytið rektor, kennara og skólanefnd Tækniskóla Íslands. Í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. er lagt til að skipun rektors verði tímabundin og að kennarar og annað starfslið skólans verði ráðið af honum í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stmlfrv., sbr. 1. mgr. 22. gr.

Um 115. gr.

Gildandi ákvæði kveður á um að heimilt sé að skipa deildarstjóra úr röðum kennara Tækniskóla Íslands. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stmlfrv., sbr. 1. mgr. 22. gr., er lagt til að heilmildin taki til ráðningar þeirra í stað skipunar.

Um 116. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði eru sérfræðingar Stofnunar Árna Magnússonar skipaðir eða settir af menntamálaráðherra. Breytingin felur annars vegar í sér að forstöðumaður ráði sérfræðinga til starfa í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stmlfrv., sbr. 1. mgr. 22. gr., og hins vegar að stjórnarnefnd verði umsagnaraðili við ráðningu sérfræðinga og geti þannig haft áhrif á val á umsækjendum.

Um 117. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði skipar forseti Íslands skólastjóra Fósturskóla Íslands, en ráðherra skipar annað fast starfsfólk, að fengnum tillögum skólanefndar. Breyting á gildandi ákvæði samkvæmt staflið a, felst annars vegar í því að tímabinda skipun skólastjóra í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. og hins vegar í að færa veitingarvaldið til ráðherra. Einnig er lagt til að skólastjóri ráði kennara og aðra starfsmenn skólans í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stmlfrv., sbr. 1. mgr. 22. gr.

Í staflið b er lagt til að ákvæði um að skólastjóri ráði stundakennara og annað starfsfólk falli brott. Breyting sú sem lögð er til í staflið a gerir það ákvæði óþarft.

Um 118. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að lengja tímabundna skipun skólastjóra Leiklistarskóla Íslands í fimm ár úr fjórum í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 119. gr.

Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. og 8. tölul. 1. mgr. 22. gr. stmlfrv. er lagt til í staflið a að þjóðleikhússtjóri komi að stöðu sinni með skipun og í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. að hún standi til fimm ára í senn í stað fjögurra.

Í staflið b er gildandi ákvæði einungis breytt til samræmis við þá breytingu sem lögð er til í staflið a.

Um 120. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði skipar menntamálaráðuneytið fjármálafulltrúa Þjóðleikhússins. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stmlfrv., sbr. 1. mgr. 22. gr., er lagt til að fjármálafulltrúinn verði ráðinn af þjóðleikhússtjóra.

Um 121. gr.

Gildandi ákvæði gerir ráð fyrir að þjóðleikhússtjóri sé ráðinn til starfa. Breytingin er til að samræma ákvæðið breytingu að staflið a í 119. gr. þessa frumvarps.

Um 122. gr.

Gildandi ákvæði gerir ráð fyrir að þjóðleikhússtjóri sé ráðinn til starfa. Breytingin er til að samræma ákvæðið breytingu í staflið a í 119. gr. þessa frumvarps.

Um 123. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði eru starfsmenn Blindrabókasafns Íslands ráðnir af stjórn Blindrabókasafnsins, að fengnum tillögum forstöðumanns og með samþykki menntamálaráðuneytis. Í samræmi við það stefnumið ríkisstjórnarinnar að auka á sjálfstæði og ábyrgð forstöðumanna, sbr. 2. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 22. gr. stmlfrv., er lagt til að starfsmenn verði ráðnir af forstöðumanni. Lagt er til að stjórn Blindrabókasafns Íslands hafi í stað veitingarvalds, tillögurétt við ráðningu starfsmanna og geti með þeim hætti haft áhrif á val starfsmanna.

Um 124. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í því að tímabundinn skipunartími forstöðumanns Blindrabókasafns Íslands verður fimm ár í stað þriggja ára í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 125. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði er framkvæmdastjóri Kvikmyndasjóðs Íslands ráðinn af menntamálaráðherra að fengnum tillögum sjóðsstjórnar. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. og 8. tölul. 1. mgr. 22. gr. stmlfrv. er lagt til að framkvæmdastjórinn verði skipaður af ráðherra til fimm ára í senn, sbr. meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 126. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði ræður menntamálaráðuneytið skólameistara og fasta kennara, þeir teljast til embættismanna ríkisins og taka laun samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Jafnframt er tiltekið að skólameistari ráði stundakennara og að ráðherra setji skólameistara og kennurum erindisbréf.

Í samræmi við stefnumið 2. mgr. 5. gr. stmlfrv. er í staflið a lagt til að skólameistari sem forstöðumaður stofnunarinnar komi að stöðu sinni með tímabundinni skipun, sbr. meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv., og honum falið að ráða kennara, jafnt fasta kennara sem stundakennara. Þá er tilvísun um launaákvörðun færð til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. 9. gr. stmlfrv., í stað laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Skv. 3. málsl. 3. mgr. 5. gr. laga um vélstjóranám skal skólanefnd fjalla um umsóknir um skólameistara- og kennarastöður og senda menntamálaráðuneytinu umsagnir um umsækjendur. Breyting samkvæmt staflið b leiðir af því að ráðning kennara er færð í hendur skólameistara samkvæmt staflið a og skólanefnd ber því að beina umsögnum sínum vegna slíkra starfa til hans.

Skv. 4. mgr. 5. gr. laga um vélstjóranám setur ráðherra skólanefnd, skólameistara og kennurum erindisbréf. Í ljósi þess að stmlfrv. gerir ráð fyrir að veiting erindisbréfa sé ávallt í höndum veitingarvaldshafa og geymir um þau sérstök ákvæði í 8. og 38. gr. þykir ekki þörf á að hala slíku ákvæði í sérlögum.

Um 127. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði skipar menntamálaráðherra skólastjóra og fastráðna kennara Þroskaþjálfaskóla Íslands. Til samræmis við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. er lagt til í staflið a, að skólastjóri verði skipaður tímabundið. Einnig er lagt til að skipun kennara verði afnumin í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stmlfrv., sbr. 1. mgr. 22. gr.

Í samræmi við það stefnumið ríkisstjórnarinnar að auka á sjálfstæði og ábyrgð forstöðumanna, sbr. 2. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 22. gr. stmlfrv., er í staflið b lagt til að kennarar verði ráðnir af skólastjóra að fengnum tillögum skólastjórnar.

Um 128. gr.

Breyting á gildandi ákvæði samkvæmt staflið a, felst einungis í að tímabinda skipun þjóðskjalavarðar til samræmis við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Samkvæmt gildandi ákvæði skipar menntamálaráðherra eða setur skjalaverði að fengnum tillögum stjórnarnefndar en þjóðaskjalavörður ræður aðra fasta starfsmenn með samþykki stjórnarnefndar. Í samræmi við það stefnumið ríkisstjórnarinnar að auka á sjálfstæði og ábyrgð forstöðumanna, sbr. 2. mgr. 5. gr. stmlfrv., er í staflið b lagt til að þjóðskjalavörður ráði fast starfsfólk, en stjórnarnefnd hafi tillögurétt við ráðningu þess.

Um 129. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun útvarpsstjóra í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 130. gr

Samkvæmt gildandi ákvæði eru framkvæmdastjórar Ríkisútvarps skipaðir af menntamálaráðherra að fengnum tillögum útvarpsráðs og útvarpsstjóra. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stmlfrv. er lagt til að þeir verði ráðnir af útvarpsstjóra að fengnum tillögum útvarpsráðs.

Um 131. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði er deildarstjóri Rannsóknadeildar fisksjúkdóma skipaður af menntamálaráðherra. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stmlfrv. er lagt til að deildarstjóri verði ráðinn af forstöðumanni Tilraunastöðvar háskólans í meinafræði enda lýtur deildin stjórn hans.

Um 132. gr.

Gildandi ákvæði veitir heimild til að skipa dósent eða lektor tímabundinni skipun til allt að fimm ára í senn. Með breytingu í 133. gr. þessa frumvarps á 32. gr. laga um Kennaraháskóla Íslands er lagt til að dósentar og lektorar komi að stöðum sínum með ótímabundinni ráðningu í stað skipunar. Af þeim sökum er hér lagt til að heimild þessari verði breytt í tímabundna ráðningu og hún bundin við tveggja ára hámark í samræmi við 2. mgr. 41. gr. stmlfrv.

Um 133. gr.

Um staflið a.

Samkvæmt gildandi ákvæði skipar forseti prófessora og menntamálaráðherra dósenta og lektora. Í samræmi við 10. tölul. 1. mgr. 22. gr. og meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. er annars vegar lagt til að skipun prófessora verði tímabundin til fimm ára í senn. Í samræmi við markmið 2. mgr. 5. gr. stmlfrv. um aukið sjálfstæði og ábyrgð forstöðumanna á starfsmannahaldi er hins vegar lagt til að dósentar og lektorar verði ráðnir af rektor. Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. stmlfrv. verður ráðning þeirra ótímabundin með gagnkvæmum uppsagnarrétti.

Um staflið b.

Í samræmi við þær breytingar sem verða á því hvernig kennarar koma að störfum sínum er lagt til að ákvæði um almenn hæfisskilyrði kennara taki samsvarandi breytingum.

Um staflið c.

Gildandi ákvæði veitir heimild til að flytja lektor úr lektorsstöðu í dósentsstöðu og dósent úr dósentsstöðu í prófessorsstöðu. Vegna þeirra breytinga sem verða á því hvernig kennarar koma að störfum sínum þykir ekki unnt að viðhalda þessu framgangskerfi að því er prófessora varðar og miðar breyting þessi að því að fella þann hluta þess brott.

Um 134. gr.

1. mgr. 33. gr. laga um Kennaraháskóla Íslands, sem lagt er til að falli brott samkvæmt staflið a, mælir fyrir um tímabundna ráðningu kennslustjóra, fjármálastjóra og endurmenntunarstjóra og ótímabundna skipun aðalbókavarðar. Í samræmi við meginreglu 1. mgr. 41. gr. stmlfrv. er í staflið b lagt til að rektor ráði ótímabundið í þessi störf eins og önnur við skólann. Jafnframt felst í breytingu samkvæmt staflið b að ekki þarf að leita samþykkis menntamálaráðherra fyrir ráðningu í stöður enda þykja ákvæði stmlfrv., sér í lagi 38. gr. þess, og vísun til fjárlaga veita fullnægjandi aðhald hvað það varðar.

Um 135. gr.

Samkvæmt 12. gr. laga um framhaldsskóla nr. 57/1988, eins og henni var breytt með 7. gr. laga nr. 72/1989, er skólameistari skipaður eða settur af ráðherra og kennarar, námsráðgjafar og skólasafnverðir annaðhvort skipaðir af ráðherra eða ráðnir af skólameistara. Með þeirri breytingu sem lögð er til í staflið a er í samræmi við 2. mgr. 5. gr.

stmlfrv. lagt til að ráðherra skipi ekki aðra en skólameistara og að sú skipun sé tímabundin í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. Skólameistari ræður þá annað starfslið skólans eins og fram gengur af öðrum ákvæðum 12. gr.

Breyting á 5. mgr. samkvæmt staflið b felst í að fella brott tímabundna ráðningu í þau starfsheiti sem þar greinir þar sem tímabundin ráðning verður almennt óheimil til lengri tíma en tveggja ára skv. 2. mgr. 41. gr. stmlfrv. Jafnframt er felld úr þeirri málsgrein skylda til að bera ákvarðanir um ráðningu í þau starfsheiti undir menntamálaráðuneytið í samræmi við þau markmið starfsmannastefnunnar sem birtast m.a. í 38. gr. stmlfrv. og miða að því að auka sjálfræði og ábyrgð forstöðumanna stofnana.

Um 136. gr.

Þessar breytingar leiða af þeim breytingum á ráðningarformi skólameistara og kennara sem gerð hefur verið grein fyrir í athugasemdum við 135. gr. frumvarps þessa.

Um 137. gr.

14. gr. laga um framhaldsskóla fjallar um sérstakt orlof sem kennarar eiga rétt til að liðnum tilteknum tíma í starfi óháð því hvernig þeir eru að störfum sínum komnir. Með því að þeir verða aðeins ráðnir samkvæmt þeirri breytingu sem lögð er til í 135. gr. frumvarps þessa þykir rétt að fella brott skírskotun til mismunandi ráðningarhátta sem þar með verður úrelt.

Um 138. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði er forstöðumaður Listasafns Íslands ráðinn af menntamálaráðherra til fimm ára í senn. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. og 8. tölul. 1. mgr. 22. gr. stmlfrv. er lagt í staflið a, að hann verði skipaður til fimm ára í senn af menntamálaráðherra, sbr. og meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. Breytingar í staflið b, c og d felast einungis í því að aðlaga lagatextann þeirri breytingu.

Um 139. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði ræður menntamálaráðherra nauðsynlegt starfslið Listasafns Íslands að fengnum tillögum forstöðumanns. Í samræmi við það stefnumið ríkisstjórnarinnar að auka á sjálfstæði og ábyrgð forstöðumanna, sbr. 2. mgr. 5. gr. stmlfrv., er lagt til að forstöðumaður ráði nauðsynlegt starfslið.

Um 140. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst í því að minjaverðir verða ráðnir ótímabundið í stað þess að binda ráðningu þeirra til fimm ára. Er það gert til samræmis við 1. mgr . 41. gr. stmlfrv. sem gerir ráð fyrir að starfsmenn ríkisins séu almennt ráðnir ótímabundið.

Um 141. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði ræður menntamálaráðherra safnstjóra til fimm ára í senn, að fengnum tillögum þjóðminjavarðar og þjóðminjaráðs. Í samræmi við það stefnumið ríkisstjórnarinnar að auka á sjálfstæði og ábyrgð forstöðumanna, sbr. 2. mgr. 5. gr. og 8. tölul. 1. mgr. 22. gr. stmlfrv. er lagt til í staflið a, að þjóðminjavörður ráði safnstjóra að fengnum tillögum þjóðminjaráðs. Ráðning hans verði ótímabundin í samræmi við meginreglu 1. mgr. 41. gr. stmlfrv.

Breyting á gildandi ákvæði í staflið b, felst einungis í að fella niður tímabundna ráðningu deildarstjóra við Þjóðminjasafnið, til samræmis við 1. mgr. 41. gr. stmlfrv.

Um 142. gr

Samkvæmt gildandi ákvæði skipar menntamálaráðherra fastráðið starfsfólk að fengnum tillögum málnefndar. Í samræmi við það stefnumið ríkisstjórnarinnar að auka á sjálfstæði og ábyrgð forstöðumanna, sbr. 2. mgr. 5. gr. stmlfrv., er lagt til í staflið a að forstöðumaður Íslenskrar málstöðvar ráði starfsfólk að fengnum tillögum málnefndar.

Breyting á gildandi ákvæði samkvæmt staflið b felst einungis í því að 2. og 3. mgr. gildandi ákvæðis eru samræmdar og felldar saman í eina málsgrein með tilliti til þeirrar breytingar sem lögð er til í staflið a.

Um 143. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að fella brott tilvísun í númer gildandi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og ákvæðið gert að eyðuákvæði þannig að það vísi til gildandi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins á hverjum tíma.

Um 144. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði er forstöðumaður Tilraunstöðvar háskólans í meinafræði ráðinn til sex ára í senn en um ráðningu hans fer að öðru leyti eins og segir í háskólalögum um prófessora. Breytingin felst einungis í því að vísa um ráðningu hans til háskólalaga enda er hann jafnframt prófessor við læknadeild Háskólans.

Um 145. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði skipar menntamálaráðherra sérfræðinga við Tilraunastöð háskólans í meinafræði, að fengnu áliti dómnefndar, forstöðumanns og stjórnar. Í staflið a er lagt til að forstöðumaður ráði sérfræðinga í samræmi við stefnumið 2. mgr. 5. gr. stmlfrv. Til samræmis við það er álitsréttur forstöðumanns við ráðningu sérfræðinga felldur brott í staflið b.

Breyting á gildandi ákvæði í staflið c felst í því að tímabundnar stöður sérfræðinga verði veittar til tveggja ára í stað þriggja í samræmi við 2. mgr. 41. gr. stmlfrv., sem kveður á um að tímabundin ráðning skuli aldrei vara lengur en í tvö ár.

Um 146. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að forstöðumaður ræður starfsfólk stofnunarinnar að fengnum tillögum stjórnar. Samkvæmt gildandi ákvæði ræður stjórn stofnunarinnar starfsfólk. Breytingin er í samræmi við það stefnumið ríkisstjórnarinnar að auka á sjálfstæði og ábyrgð forstöðumanna sbr. 2. mgr. 5. gr. stmlfrv.

Um 147. gr.

10. gr. laga um Háskóla Íslands fjallar um kennara við skólann.

Um staflið a.

Skv. 3. mgr. 10. gr. má tengja kennarastöðu tiltekinni stöðu eða starfsaðstöðu við opinbera stofnun utan Háskóla Íslands þegar skólinn hefur ekki tök á koma upp rannsóknaaðstöðu í viðkomandi kennslugrein. Heimilað er að veita slíka stöðu tímabundið til allt að fimm ára í senn. Með því að telja verður að hér sé um tímabundna ráðningu að ræða er í samræmi við 2. mgr. 41. gr. stmlfrv. lagt til að hámark hennar verði bundið við tvö ár.

Um staflið b.

Skv. 4. mgr. 10. gr. má skipa dósent eða lektor tímabundinni skipun til allt að fimm ára í senn. Með því að telja verður að hér séu um tímabundna ráðningu að ræða er í samræmi við 2. mgr. 41. gr. stmlfrv. lagt til að hámark hennar verði bundið við tvö ár.

Um 148. gr.

Um staflið a.

Samkvæmt gildandi ákvæði skipar forseti prófessora og menntamálaráðherra dósenta og lektora. Í samræmi við 10. tölul. 1. mgr. 22. gr. og meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. er annars vegar lagt til að skipun prófessora verði tímabundin í fimm ár í senn. Í samræmi við markmið 2. mgr. 5. gr. stmlfrv. um aukið sjálfstæði og ábyrgð forstöðumanna á starfsmannahaldi er hins vegar lagt til að dósentar og lektorar verði ráðnir af rektor. Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. stmlfrv. verður ráðning þeirra ótímabundin með gagnkvæmum uppsagnarrétti.

Um staflið b.

Gildandi ákvæði veitir heimild til að flytja lektor í dósentsstöðu og dósent í prófessorsembætti samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Með því að ráðning í dósents- og lektorsstörf er færð í hendur rektors háskólans þykir ekki unnt að viðhalda sama framgangskerfi og verið hefur að því er varðar flutning dósents í prófessorsembætti. Stefnir breyting þessi að því að fella það niður.

Um staflið c.

Gildandi ákvæði mælir fyrir um að háskólaráð geti lagt til að forstöðumaður háskólastofnunar sé fluttur í prófessorsembætti eftir sömu reglum og gilda um flutning dósents í prófessorsembætti. Af sömu ástæðu og getur í athugasemd við staflið b er felld niður tilvísun í reglur um framgangskerfi dósenta í prófessorsembætti, en háskólaráð getur eftir sem áður gert tillögur í þessu skyni.

Um 149. gr.

Breyting á gildandi ákvæði miðar að því að fela rektor þær heimildir sem ráðherra hefur haft til að ráða vísindamenn til kennarastarfa við háskólann og leiðir af þeirri breytingu sem lagt er til að gerð verði á 11. gr. laga um Háskóla Íslands og þegar hefur verið gerð grein fyrir.

Um 150. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði er framkvæmdastjóri Lánasjóðs íslenskra námsmanna ráðinn af ráðherra til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum sjóðsstjórnar. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr., sbr. 8. tölul. 1. mgr. 22. gr., og meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. er með breytingum í staflið a og b lagt til að framkvæmdastjórinn verði skipaður til fimm ára í senn.

Í samræmi við markmið stmlfrv. um aukna ábyrgð og sjálfstæði forstöðumanna ríkisstofnana er í staflið c lagt til að brott falli skylda til að leita eftir heimild ráðuneytis til að ráða starfsfólk og tilvísun til laga nr. 97/1974, sem lagt er til að felld verði úr gildi í 3. tölul. 55. gr. stmlfrv., felld brott en 38. gr. stmlfrv. þykir veita nægilega leiðbeiningu og aðhald í þessum efnum.

Um 151. gr.

Gildandi ákvæði mælir fyrir um að menntamálaráðuneyti skipi rektor Háskólans á Akureyri til fimm ára í senn. Í raun réttri er embættið veitt af ráðherra og þykir rétt að færa hér orðalag ákvæðisins til betri vegar.

Um 152. gr.

Um staflið a.

Samkvæmt gildandi ákvæði skipar forseti prófessora og menntamálaráðuneytið dósenta, en lektorar eru ráðnir af háskólanefnd og stundakennarar af rektor. Í samræmi við 10. tölul. 1. mgr. 22. gr. og meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. er annars vegar lagt til að skipun prófessora verði tímabundin í fimm ár í senn. Í samræmi við markmið 2. mgr. 5. gr. stmlfrv. um aukið sjálfstæði og ábyrgð forstöðumanna á starfsmannahaldi er hins vegar lagt til að dósentar, lektorar og stundakennarar verði ráðnir af rektor. Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. stmlfrv. verður ráðning þeirra ótímabundin með gagnkvæmum uppsagnarrétti.

Um stafliði b til e.

Með því að kennarar koma að stöðum sínum með mismunandi hætti, sbr. framanritað, er orðalag fært því til samræmis en ákvæðin taka ekki efnislegum breytingum.

Um staflið f.

Með framangreindum breytingum á veitingarvaldi embætta prófessora og annarra starfa þykir ekki unnt að viðhalda sama framgangskerfi og verið hefur að því er varðar prófessora.

Um 153. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði er forstöðumaður Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála ráðinn til fimm ára í senn. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. og 8. tölul. 1. mgr. 22. gr. stmlfrv. er lagt til að hann komi að stöðu sinni með skipun ráðherra til sama tíma.

Um 154. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði er framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs Íslands ráðinn af því sjálfu til fimm ára í senn. Í samræmi við stefnumið 2. mgr. 5. gr. og 8. tölul. 1. mgr. 22. gr. stmlfrv. er lagt til að hann komi að stöðu sinni með skipun ráðherra til sama tíma.

Um 155. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að stytta tímabundna skipun landsbókavarðar úr sex árum í fimm í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 156. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði er aðstoðarlandsbókavörður ráðinn tímabundinni ráðningu til sex ára í senn. Í samræmi við meginreglu 1. mgr. 41. gr. stmlfrv. er lagt til að hann verði ráðinn ótímabundið með gagnkvæmum uppsagnarrétti enda verður tímabundin ráðning til lengri tíma en tveggja ára almennt óheimil skv. 2. mgr. sömu greinar. Af sömu ástæðu er einnig fellt niður ákvæði um endurráðningu aðstoðarlandsbókavarðar.

Um X. kafla.

Um 157. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst í að tímabinda skipun flugmálastjóra í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Samkvæmt gildandi ákvæði eru starfsmenn flugmálastjórnar skipaðir og ráðnir af ráðherra. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stmlfrv., sbr. 1. mgr. 22. gr., er jafnframt lagt til að þeir verði ráðnir af flugmálastjóra, en ráðherra þó falið að ráða framkvæmdastjóra deilda og sviða að fengnum tillögum flugmálastjóra og flugráðs.

Loks er lagt til að fellt verði brott úrelt ákvæði um að ráðherra ákveði laun flugmálastjóra og starfsmanna hans þar til þeir hafi verið teknir í launalög.

Um 158. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst annars vegar í að tímabinda skipun póst- og símamálastjóra í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. og hins vegar í að fela honum að ráða annað starfslið stofnunarinnar í stað þess að vera skipað af ráðherra.

Um 159. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst í að tímabinda skipun vegamálastjóra í samræmi við 1. mgr. 23. gr. stmlfrv., fela ráðherra að ráða aðstoðarvegamálastjóra og framkvæmdastjóra einstakra sviða, þ.e. tæknisviðs og stjórnsýslusviðs, og vegamálastjóra að ráða aðra starfsmenn í samræmi við 5. gr. stmlfrv.

Um 160. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði er ferðamálastjóri ráðinn af ráðherra til fjögurra ára í senn. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr., 8. tölul. 1. mgr. 22. gr. og 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. er lagt til að ferðamálastjóri verði skipaður til fimm til ára í senn.

Um XI. kafla.

Um 161. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði eru bæði forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og sérfræðingar við stofnina skipaðir af ráðherra. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stmlfrv., sbr. 1. mgr. 22. gr., er lagt til að sérfræðingarnir og annað starfslið verði ráðið af forstjóra og skipun hans tímabundin í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Þá hefur sjávarútvegsráðuneytið nýverið beitt sér fyrir skipulagsbreytingum innan stofnunarinnar, þ. á m. þeim að aðstoðarforstjóri starfi við hlið forstjóra og sem staðgengill hans. Með hliðsjón af 1. mgr. 5. gr. og 10. tölul. 1. mgr. 22. gr. stmlfrv. þykir rétt að leggja til að hann verði einnig skipaður af ráðherra til fimm ára í senn.

Loks hefur ráðuneytið kosið skipta starfsemi stofnunarinnar í svið í stað deilda eins og 2. mgr. 55. gr. laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna gerir ráð fyrir að séu grunneiningar rannsóknastofnana atvinnulífsins. Eftir atvikum þykir því rétt að leggja til að tekið verði upp sérstakt ákvæði um að ráðherra ákveði stjórnskipulag þessarar stofnunar í niðurlagi ákvæðsins og jafnframt að ráðherra ráði forstöðumenn sviða eins og 1. mgr. 5. gr. stmlfrv. geymir heimild til. Lagt er til að áhrif stjórnar og forstjóra stofnunarinnar við val þeirra verði tryggð með lögbundinni álitsumleitan.

Um 162. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði er fiskistofustjóri ráðinn ótímabundið. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr., 8. tölul. 1. mgr. 22. gr. og 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. er lagt til að hann verði skipaður til fimm ára senn.

Um XII. kafla.

Um 163. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun skipulagsstjóra ríkisins í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 164. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði ræður Náttúruverndarráð framkvæmdastjóra til að veita skrifstofu þess forstöðu. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr., 8. tölul. 1. mgr. 22. gr. og 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. er lagt að hann verði skipaður af ráðherra til fimm ára í senn.

Um 165. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði er starfslið Veðurstofu Íslands ráðið af ráðherra að fengnum tillögum veðurstofustjóra. Í samræmi við markmið 2. mgr. 5. gr. stmlfrv. er lagt til að veðurstofustjóra verði falið að ráða annað starfslið stofnunarinnar.

Um 166. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði er starfslið Landmælinga Íslands ráðið af ráðherra að fengnum tillögum forstjóra stofnunarinnar. Í samræmi við markmið 2. mgr. 5. gr. stmlfrv. er lagt til að forstjóra verði falið að ráða annað starfslið stofnunarinnar.

Um 167. gr.

Breyting á gildandi ákvæði samkvæmt staflið a felst einungis í að tímabinda skipun framkvæmdastjóra Hollustuverndar ríkisins í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Samkvæmt gildandi ákvæði eru forstöðumenn verkefnasviða stofnunarinnar ráðnir af stjórn stofnunarinnar að fenginni umsögn framkvæmdastjóra. Í samræmi við það markmið starfsmannastefnu ríkisstjórnarinnar að auka sjálfstæði og ábyrgð forstöðumanna stofnana sbr. 2. mgr. 5. gr. stmlfrv. er í staflið b lagt til að forstöðumennirnir verði ráðnir af framkvæmdastjóra að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

Um 168. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði eru deildarstjórar og sérfræðingar Náttúrufræðistofnunar Íslands annaðhvort skipaðir eða fastráðnir af ráðherra. Í samræmi við markmið 2. mgr. 5. gr. stmlfrv. er lagt til að þeir verði ráðnir af forstjóra stofnunarinnar.

Um 169. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun veiðistjóra í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um XIII. kafla.

Um 170. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst í að skipun í stöður sendiherra og sendifulltrúa í utanríkisþjónustunni, sem svarar til staða ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra í stjórnarráðinu sbr. skilgreiningu 8. gr. laganna, verður tímabundin í fimm ár í senn í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. Í samræmi við stefnumið 2. mgr. 5. gr. og ráðningarháttu annarra starfsmanna stjórnarráðsins, eins og lagt er til að lögum um Stjórnarráð Íslands verði breytt sbr. 6. gr. frumvarps þessa, er gert ráð fyrir að aðrir starfsmenn, þ. á m. sendiráðunautar og sendiráðsritarar sem svara til deildarstjóra og fulltrúa í stjórnarráðinu, komi að störfum sínum með ótímabundinni ráðningu.

Um 171. gr.

Í ljósi hinna sérstöku aðstæðna í utanríkisþjónustunni þykir rétt að leggja til að sú sérregla gildi um skipunartíma sendiherra og sendifulltrúa að hann framlengist sjálfkrafa við flutning þeirra milli staða og starfa innan sama flokks um fimm ár.

Um XIV. kafla.
Um 172. gr.

Gildandi ákvæði mælir fyrir um að forstöðumaður bankaeftirlitsins skuli eigi skipaður til lengri tíma en sex ára í senn. Í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. er lagt til að hámark skipunartíma hans verði bundið við fimm ár.

Um 173. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði skulu bankastjórar Seðlabankans eigi skipaðir til lengri tíma en sex ára í senn. Í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv. er lagt til að hámark skipunartíma þeirra verði bundið við fimm ár.

Um 174. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að stytta tímabundna skipun forstjóra Samkeppnisstofnunar úr sex árum í fimm í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 175. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í því að stytta tímabundna skipun forstöðumanns Vátryggingaeftirlitsins úr sex árum í fimm í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um 176. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði skulu bankastjórar ríkisviðskiptabankanna eigi ráðnir til lengri tíma en sex ára í senn. Í samræmi við stefnumið 2. mgr. 5. gr. og 8. tölul. 1. mgr. 22. gr. stmlfrv. er lagt til að þeir komi að störfum sínum með tímabundinni skipun og hún bundin við fimm ára hámark, sbr. meginreglu 1. mgr. 23. gr. stmlfrv.

Um XV. kafla.
Um 177. gr.

Gildistaka er hin sama og stmlfrv. og taka ný ákvæði laganna til þeirra sem skipaðir eru eða ráðnir eftir gildistöku þeirra.

886. Nefndarálit [372. mál]

um frv. til l. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um málið og fengið á fundi til sín Eiríks Tómasson prófessor, Magnús Pétursson og Gunnar Björnsson frá fjármálaráðuneyti, Birgi Guðjónsson, formann samninganefndar ríkisins, Mörthu Á. Hjálmarsdóttur, Elnu Katrínu Jónsdóttur, Birgi Björn Sigurjónsson og Gunnar Ármannsson frá Bandalagi háskólamanna, Sólveigu Bachmann og Júlíus Smára frá Stéttarfélagi lögfræðinga í ríkisþjónustu, Baldur Pétursson og Margréti Hauksdóttur frá Félagi háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins, Hjalta Hugason, Oddnýju G. Sverrisdóttur og Snjólf Ólafsson frá Félagi háskólakennara, Eddu Sóleyju Óskarsdóttur frá Meinatæknafélagi Íslands, Jóhönnu Kristjánsdóttur frá Stéttarfélagi sjúkraþjálfara, Einar Kjartansson frá Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Ástu Möller frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Brynju R. Guðmundsdóttur frá Félagi tækniskólakennara, Sjöfn Ingólfsdóttur, Rannveigu Sigurðardóttur og Gest

Jónsson frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Eirík Jónsson og Ingiberg Elíasson frá Kennarasambandi Íslands, Friðbert Traustason frá Sambandi íslenskra bankamanna, Jónas Magnússon, Baldvin Einarsson, Jóhannes Jensson og Óskar Bjartmarz frá Landssambandi lögreglumanna, Kristínu Þórarinsdóttur og Samúel Inga Þórisson frá Tollvarðafélagi Íslands, Kristínu Á. Guðmundsdóttur og Gunnar Gunnarsson frá Sjúkraliðafélagi Íslands, Allan Vagn Magnússon og Markús Sigurbjörnsson frá Dómarafélagi Íslands, Geir Waage frá Prestafélagi Íslands, Sveinbjörn Björnsson, rektor Háskóla Íslands, Þórarin V. Þórarinsson og Hrafnhildi Stefánsdóttir frá Vinnuveitendasambandi Íslands og Björn Grétar Sveinsson, Þórunni Sveinbjörnsdóttur og Ástráð Haraldsson frá Alþýðusambandi Íslands. Þá fékk nefndin einnig sendar umsagnar um málið frá Bandalagi háskólamanna, Stéttarfélagi lögfræðinga í ríkisþjónustu, Félagi háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Félagi háskólakennara, Kennarafélagi KHÍ, Stéttarfélagi sjúkraþjálfara, Meinatæknafélagi Íslands, Félagi tækniskólakennara, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Iðjuþjálfafélagi Íslands, Stéttarfélagi sálfræðinga á Íslandi, Félagi fréttamanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Sjúkraliðafélagi Íslands, Starfsmannafélagi ríkisstofnana, Starfsmannafélagi Selfosskaupstaðar, Starfsmannafélagi Vestmannaeyjabæjar, Félagi opinberra starfsmanna í Húnavatnssýslum, Félagi opinberra starfsmanna á Suðurlandi, Starfsmannafélagi Akureyrarbæjar, Starfsmannafélagi Dala- og Snæfellsnessýslu, Félagi opinberra starfsmanna á Austurlandi, Starfsmannafélagi Borgarbyggðar, Starfsmannafélagi Sauðárkróks, Félagi starfsmanna stjórnarráðsins, Starfsmannafélagi Akraness, Félagi íslenskra símamanna, Starfsmannafélagi Kópavogs, Félagi flugmálastarfsmanna ríkisins, Póstmannafélagi Íslands, Félagi íslenskra leikskólakennara, Starfsmannafélagi Ólafsfjarðar, Starfsmannafélagi Seltjarnarness, Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, Starfsmannafélagi Sjónvarpsins, Félagi opinberra starfsmanna á Vestfjörðum, Starfsmannafélagi Húsavíkur, Starfsmannafélagi Siglufjarðarkaupstaðar, Tollvarðafélagi Íslands, Landssambandi lögreglumanna, Landssambandi slökkviliðsmanna, Kennarasambandi Íslands, Sambandi íslenskra bankamanna, Alþýðusambandi Íslands, Félagi starfsmanna Alþingis og Starfsmannafélagi Ríkisendurskoðunar, Dómarafélagi Íslands, Prestafélagi Íslands, Háskóla Íslands, skrifstofu jafnréttismála, Vinnumálasambandinu og Eyþingi.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingartillögurnar eru eftirfarandi:

1. Við 2. gr. Hæstaréttardómarar og héraðsdómarar hafa nokkra sérstöðu meðal embættismanna. Þannig gilda sérreglur um lausn þeirra frá embætti, frábrugðnar þeim þeim sem frumvarpið mælir fyrir um. Því er lagt til að lögin gildi einungis um þá eftir því sem við getur átt.
2. Við 7. gr. Lagt er til að upptalning í 2. mgr. á störfum sem ekki krefjast tiltekinnar sérmenntunar eða sérhæfingar falli brott.
3. Við 9. gr. Lagðar eru til nokkrar breytingar á greininni. Í fyrsta lagi er lögð til breyting á 1. mgr. sem leiðir af þeirri breytingu sem meiri hluti nefndarinnar leggur til að gerð verði á 56. gr. Í öðru lagi eru lagðar til þær breytingar á 2. mgr. að ákvarðanir um viðbótarlaun nái ekki til embættismanna þannig að ákvörðun um laun þeirra verði alfarið á vegum Kjaradóms eða kjaranefndar. Í þriðja lagi er lagt til að við 3. mgr. verði bætt ákvæði þar sem gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra geti gripið inn í ef forstöðumaður fer út fyrir þær reglur um ákvörðun viðbótarlauna sem settar hafa verið.

4. Við 10. gr. Lögð er til breyting á hugtakinu „föst laun“ frá því sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Miðar breytingin að því að tryggja að greiðsla viðbótarlauna geti aldrei orðið grundvöllur hækkunar lífeyrisgreiðslna til fyrrverandi starfsmanna samkvæmt svonefndri eftirmannsreglu laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.
5. Við 11. gr. Lagt er til að úr greininni verði felld brott ákvæði um heimild til að færa orlof á milli ára, enda er um slíkt samið í kjarasamningum opinberra starfsmanna.
6. Við 13. gr. Lögð er til lagfæring á orðalagi greinarinnar.
7. Við 21. gr. Lögð er til sú breyting á ákvæðinu að forstöðumanni sé skylt að veita áminningu ef starfsmaður verður uppvís að háttsemi sem greind er í ákvæðinu. Tillagan leiðir af sér breytingar á 26. og 44. gr. frumvarpsins.
8. Við 22. gr. Lagðar eru til breytingar á ákvæði greinarinnar um hverjir skuli teljast embættismenn. Þannig er annars vegar lagt til að prestar og prófastar ásamt ríkistollstjóra verði embættismenn en starfsmenn Almannavarna ríkisins og Landhelgisgæslu ekki. Hins vegar er lagt til að skilyrði 10. tölul. um forsetaskipun verði tekið út.
9. Við 23. gr. Lagt er til að frestur til að tilkynna um hvort embætti verði auglýst laust til umsóknar að skipunartíma loknum verði sex mánuðir í stað þriggja. Jafnframt er lögð til smávægileg lagfæring á lokamálslið 2. mgr. þannig að tryggt sé að embættismenn geti einnig hætt af sjálfsdáðum ef þeir kjósa.
10. Við 26. gr. Lagt er til að skylt verði að veita embættismanni áminningu áður en honum er veitt lausn um stundarsakir af ástæðum sem taldar eru upp í greininni og jafnframt að skylt verði að rökstyðja ákvörðun um slíka lausn. Sambærileg breyting er lögð til á 44. gr. varðandi aðra starfsmenn.
11. Við 27. gr. Lagt er til að réttur starfsmannsins verði tryggður frekar en gert er ráð fyrir í upphaflegum texta. Hann geti því ávallt vísað máli vegna lausnar um stundarsakir til opinberrar rannsóknar.
12. Við 30. gr. Tillögu um breytingu á ákvæðinu leiðir af þeirri breytingartillögu meiri hlutans að embættismenn taki alfarið laun samkvæmt Kjaradómi eða kjaranefnd og eigi því ekki rétt á viðbótarlaunum skv. 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins.
13. Við 37. gr. Um breytingartillöguna vísast til skýringa í 12. lið.
14. Við 39. gr. Lagðar eru til tvær breytingar á greininni. Um fyrri málslið greinarinnar vísast til skýringa við breytingartillögur við 56. gr. Þá er lagt til að lögreglumenn, tollverðir og fangaverðir haldi samningsrétti sínum þótt þeir teljist til embættismanna. Vegna fjölbreytileika starfa þeirra og mismunandi staðhátta víðs vegar um landið þótti meiri hlutanum ekki rétt að um launakjör þeirra væri fjallað af kjaranefnd.
15. Við 41. gr. Lagt er til að uppsagnarfrestur verði áfram miðaður við þrjá mánuði nema um annað sé samið í kjarasamningum.
16. Við 44. gr. Lögð er til sambærileg breyting og á 26. gr., sbr. og breytingartillögu meiri hlutans við 21. gr.
17. Við 51. gr. Lagðar eru til breytingar á ákvæðinu sem snúa að stöðu Alþingis og stofnana þess innan ríkisvaldsins.
18. Við 56. gr. Meginbreytingin miðar að því að fallið verði frá því að launakjör embættismanna verði alfarið ákveðin af kjaranefnd. Því er gert ráð fyrir að núgildandi fyrirkomulag haldist óbreytt, en þó er lagt til að umboðsmaður barna verði tekinn inn í 2. gr. laga nr. 120/1992 í samræmi við ákvæði laga um umboðsmann barna, nr. 83/1994, sbr. a-lið breytingartillögunnar. Tillögu b-liðar leiðir af þeim breytingum sem meiri hlutinn leggur til að gerðar verði á 2. gr. laga nr. 120/1992 og 39. gr. frumvarpsins. Í d-lið er lagt til að kjaranefnd fái sambærilega heimild til ákvörð-

unar viðbótarlauna og er að finna í ákvæði 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins varðandi aðra starfsmenn. Loks er í tillögu um ákvæði til bráðabirgða, í e-lið, lagt til að laun og starfskjör embættismanna, sem hingað til hafa tekið laun samkvæmt kjarasamningum, verði óbreytt til loka þeirra samninga.

19. Við ákvæði til bráðabirgða. Breytingar á ákvæðinu miða að því að tímalengd varðandi rétt til biðlauna verði óbreytt frá gildandi lögum hjá starfsmönnum sem skipaðir hafa verið eða ráðnir í starf hjá ríkinu fyrir gildistöku laganna.

Alþingi, 30. apríl 1996.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm. Valgerður Sverrisdóttir. Pétur H. Blöndal.

Árni R. Árnason. Gunnlaugur M. Sigmundsson.

887. Breytingartillögur [372. mál]

við frv. til l. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, VS, PHB, ÁRÁ, GMS).

1. Við 2. gr. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Lögin taka til hæstaréttardómara og héraðsdómara eftir því sem við getur átt.
2. Við 7. gr. Orðin „svo sem minni háttar skrifstofustörf, störf samkvæmt námssamningi, ræstingastörf, sendilsstörf eða önnur svipuð störf“ í 2. mgr. falli brott.
3. Við 9. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Á eftir orðunum „samkvæmt ákvörðun“ í 1. mgr. komi: Kjaradóms eða.
   b. 2. mgr. orðist svo:

      Forstöðumenn stofnana geta ákveðið að greiða einstökum starfsmönnum, öðrum en embættismönnum, laun til viðbótar grunnlaunum, sem samið er um skv. 1. mgr., vegna sérstakrar hæfni er nýtist í starfi eða sérstaks álags í starfi, svo og fyrir árangur í starfi. Þessum ákvörðunum má breyta hvenær sem er, en sé breytingin starfsmanni í óhag tekur hún ekki gildi fyrr en að liðnum uppsagnarfresti þess starfsmanns sem hún varðar, sbr. 46. gr.
   c. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Þar á meðal getur hann að eigin frumkvæði breytt ákvörðunum um viðbótarlaun ef þær brjóta í bága við reglurnar og afnumið heimild einstakra forstöðumanna til að ákvarða starfsmönnum viðbótarlaun ef rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunar er ekki í samræmi við fjárlög.
4. Við 10. gr. Í stað 2. málsl. 1. mgr. komi nýr málsliður er orðist svo: Með hugtakinu „föst laun“ er í þessum lögum átt við föst laun fyrir dagvinnu án viðbótarlauna skv. 2. mgr. 9. gr.
5. Við 11. gr. 3. og 4. mgr. falli brott.
6. Við 13. gr. 1. mgr. orðist svo:

   Starfsmenn eiga rétt á sveigjanlegum vinnutíma. Ber forstöðumanni stofnunar að verða við óskum starfsmanna þess efnis eftir því sem unnt er, sbr. 1. mgr. 17. gr., enda bitni slíkt ekki á þjónustu stofnunar við almenning.

7. Við 21. gr. Í stað orðanna „getur forstöðumaður stofnunar veitt“ komi: skal forstöðumaður stofnunar veita.
8. Við 22. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Embættismenn teljast samkvæmt lögum þessum einvörðungu þeir starfsmenn ríkisins sem taldir eru upp hér á eftir, enda séu þeir skipaðir í starf skv. 23. gr.:
   1. Starfsmenn Alþingis og stofnana þess.
   2. Starfsmenn skrifstofu forseta Íslands.
   3. Starfsmenn Stjórnarráðs, þar með taldir starfsmenn utanríkisþjónustunnar.
   4. Hæstaréttardómarar og héraðsdómarar, svo og aðrir starfsmenn Hæstaréttar og héraðsdómstóla.
   5. Biskup Íslands, vígslubiskupar, prófastar og prestar þjóðkirkjunnar.
   6. Ríkissaksóknari, ríkislögmaður, ríkissáttasemjari og umboðsmaður barna, svo og aðrir starfsmenn við embætti þeirra.
   7. Sýslumenn og aðrir starfsmenn sýslumannsembætta, svo og rannsóknarlögreglustjóri ríkisins, ríkistollstjóri, lögreglustjórinn í Reykjavík, tollstjórinn í Reykjavík og aðrir starfsmenn lögreglu- og tollstjóraembættanna.
   8. Starfsmenn Fangelsismálastofnunar.
   9. Forstöðumenn ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja.
   10. Þeir aðrir sem skipaðir eru í störf samkvæmt öðrum lögum, svo og þeir er gegna störfum sem öldungis verður jafnað til þeirra manna sem getið er í 1.–9. tölul.
9. Við 23. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Í stað orðsins „þremur“ í 2. mgr. komi: sex.
   b. Við 2. mgr. bætist: nema hann óski eftir að láta af störfum með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 37. gr.
10. Við 26. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Í stað síðari málsliðar 4. mgr. komi tveir nýir málsliðir er orðist svo: Ef embættismanni er veitt lausn um stundarsakir af ástæðum sem greindar eru í 2. mgr. er skylt að veita honum áminningu skv. 21. gr. og gefa honum færi á að bæta ráð sitt áður en honum er veitt lausn. Annars er ekki skylt að gefa honum kost á að tjá sig um ástæður lausnar áður en hún tekur gildi.
   b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðist svo:
      Ef embættismaður óskar skal rökstyðja ákvörðun um lausn um stundarsakir. Ef annað stjórnvald en ráðherra hefur tekið þá ákvörðun má bera hana undir hlutaðeigandi ráðherra.
11. Við 27. gr. Eftirfarandi breytingar verði á 1. mgr.:
   a. Orðin „eða að hætti opinberra mála, ef ástæða þykir til“ falli brott.
   b. Við bætist nýr málsliður er orðist svo: Stjórnvaldi eða starfsmanni er þó ætíð heimilt að vísa máli til rannsóknar að hætti opinberra mála.
12. Við 30. gr. Í stað orðanna „ber að greiða honum föst laun“ í 3. mgr. komi: skal hann halda óbreyttum launakjörum.
13. Við 37. gr. Orðin „þar á meðal viðbótarlaunum skv. 2. mgr. 9. gr.“ í lokamálslið 2. mgr. falli brott.
14. Við 39. gr. Greinin orðist svo:
   Laun og önnur launakjör embættismanna skulu ákveðin af Kjaradómi og kjaranefnd samkvæmt þeim lögum sem um þá úrskurðaraðila gilda. Þó skulu laun og önnur launakjör lögreglumanna, tollvarða og fangavarða fara eftir kjarasamningum sem stéttarfélög eða samtök þeirra gera við ríkið, sbr. 47. gr.

15. Við 41. gr. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Skal sá frestur vera þrír mánuðir að loknum reynslutíma nema um annað sé samið í kjarasamningi.
16. Við 44. gr. Greinin orðist svo:

    Skylt er að veita starfsmanni áminningu skv. 21. gr. og gefa honum færi á að bæta ráð sitt áður en honum er sagt upp störfum ef uppsögn á rætur að rekja til ástæðna sem þar eru greindar. Annars er ekki skylt að gefa starfsmanni kost á að tjá sig um ástæður uppsagnar áður en hún tekur gildi, þar á meðal ef uppsögn stafar af öðrum ástæðum, svo sem þeirri að verið sé að fækka starfsmönnum vegna hagræðingar í rekstri stofnunar.

    Ef starfsmaður óskar skal rökstyðja uppsögn skriflega. Ef hún á rætur að rekja til ástæðna sem greindar eru í 21. gr. má bera hana undir hlutaðeigandi ráðherra.
17. Við 51. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
    a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Forseti Alþingis fer með það vald gagnvart starfsmönnum þingsins sem fjármálaráðherra er fengið í 3. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 27. gr.
    b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Skrifstofustjóri Alþingis er á sama hátt í fyrirsvari gagnvart starfsmönnum þingsins, svo og ríkisendurskoðandi og umboðsmaður Alþingis gagnvart starfsmönnum sínum.
18. Við 56. gr. 2. tölul. orðist svo: Eftirfarandi breytingar verða á lögum um Kjaradóm og kjaranefnd, nr. 120/1992:
    a. Í stað orðanna „og umboðsmanns Alþingis“ í 2. gr. laganna kemur: umboðsmanns Alþingis og umboðsmanns barna.
    b. 2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

        Kjaranefnd ákveður laun og starfskjör embættismanna, annarra en þeirra sem taldir eru upp í 2. gr., lögreglumanna, tollvarða og fangavarða, sbr. ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
    c. 9. gr. laganna fellur brott og breytist greinatala samkvæmt því.
    d. Í stað 1. og 2. mgr. 12. gr. (er verður 11. gr.) laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

        Kjaranefnd skal ákvarða föst laun fyrir dagvinnu og kveða á um önnur starfskjör. Hún úrskurðar hvaða aukastörf tilheyra aðalstarfi og hver beri að launa sérstaklega. Þegar um er að ræða ráðuneytisstjóra eða forstöðumenn stofnana skal kjaranefnd enn fremur ákvarða þeim laun fyrir venjubundið vinnuframlag og starfsskyldur umfram dagvinnu. Við ákvarðanir sínar getur nefndin tekið tillit til sérstakrar hæfni er nýtist í starfi og sérstaks álags sem starfinu fylgir.
    e. Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

        Þrátt fyrir breytingu á 2. mgr. 8. gr. þessara laga samfara gildistöku nýrra laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins skal kjaranefnd fyrst ákveða laun og starfskjör þeirra embættismanna, sem fram að þessu hafa ekki fallið undir lög þessi, frá og með 1. janúar 1997. Fram að þeim tíma skulu laun og starfskjör þessara embættismanna ráðast af kjarasamningum.
19. Við ákvæði til bráðabirgða. Eftirfarandi breytingar verði á ákvæðinu:
    a. Í stað orðanna „sbr. þó 4. og 5. mgr.“ í 3. mgr. komi: sbr. þó 4. mgr.
    b. Í stað orðanna „3 mánuði“ og „6 mánuði“ í 5. mgr. komi: sex mánuði, og: tólf mánuði.

888. Frumvarp til laga [504. mál]

um húsnæðissparnaðarreikninga.

Flm.: Tómas Ingi Olrich, Árni R. Árnason, Einar Oddur Kristjánsson, Egill Jónsson, Drífa Hjartardóttir, Árni Johnsen, Hjálmar Jónsson, Guðjón Guðmundsson, Pétur H. Blöndal, Kristján Pálsson, Árni M. Mathiesen, Sturla Böðvarsson, Einar K. Guðfinnsson, Sólveig Pétursdóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Arnbjörg Sveinsdóttir.

1. gr.

Innlegg manna á húsnæðissparnaðarreikninga skapa rétt til skattafsláttar er nemur fjórðungi árlegs innleggs innan þeirra marka og með þeim skilyrðum er í lögum þessum greinir, sbr. 68. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, enda beri þeir ótakmarkaða skattskyldu hér á landi skv. 1. gr. þeirra laga.

2. gr.

Húsnæðissparnaðarreikninga geta þeir menn, er um ræðir í 1. gr. og náð hafa 16 ára aldri á tekjuárinu, stofnað með samningi við innlenda viðskiptabanka og sparisjóði.

Í samningnum skal kveðið á um reglubundinn sparnað allan binditíma reikningsins skv. 3. gr. Á hverju heilu tekjuári skal lágmarksfjárhæð vera 48.000 kr. en hámarksfjárhæð 480.000 kr., sbr. þó 7. gr. um breytingar samkvæmt byggingarvísitölu. Spariféð leggist inn á reikninginn eigi sjaldnar en á hverjum ársfjórðungi almanaksársins og nemi á ársfjórðungi eigi lægri fjárhæð en 12.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 120.000 kr.

Samið skal fyrir fram til a.m.k. eins árs í senn um jöfn mánaðarleg eða ársfjórðungsleg innlegg en umsaminni fjárhæð má breyta árlega miðað við upphaf almanaksárs innan þeirra marka er getur í 2. mgr. Þó er heimilt að semja fyrir fram um lækkun á umsömdum sparnaði miðað við ársfjórðunga.

Hver maður getur aðeins átt einn húsnæðissparnaðarreikning í senn.

3. gr.

Húsnæðissparnaðarreikningar skulu bundnir til tíu ára, talið frá upphafi þess mánaðar er sparnaður hófst. Að þeim tíma liðnum er innstæða til frjálsrar ráðstöfunar reikningseiganda. Þeir sem orðnir eru 67 ára eða eru 75% öryrkjar geta þó fengið fé sitt til frjálsrar ráðstöfunar að fimm árum liðnum. Framlengja má binditíma umfram tíu ár um eitt ár í senn, þó mest um fimm ár.

Kaupi reikningseigandi íbúðarhúsnæði til eigin nota eða hefji byggingu slíks húsnæðis skal innstæðan þó laus frá þeim tíma er hann staðfestir kaupin eða bygginguna við banka eða sparisjóð með framvísun kaupsamnings eða vottorðs byggingarfulltrúa um að bygging sé hafin, þó aldrei fyrr en full þrjú ár eru liðin frá því að fyrst var lagt inn á reikninginn. Sama gildir ef reikningseigandi hefur lagt í endurbætur eða viðhald á eigin íbúðarhúsnæði. Úttektarfjárhæð má þó eigi fara fram úr kostnaðinum við endurbæturnar eða viðhaldið.

4. gr.

Húsnæðissparnaðarreikningar eru sérstakir reikningar við innlenda banka eða sparisjóði sem bera skulu nafn og kennitölu eiganda. Bankar eða sparisjóðir skulu ókeypis og ótilkvaddir afhenda skattstjóra upplýsingar í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður um innstæður hvers manns á slíkum reikningi, um innlegg á og úttekt af slíkum reikningum á árinu og önnur atriði er máli skipta.

Húsnæðissparnaðarreikningar skulu á hverjum tíma njóta bestu ávöxtunarkjara almennra innlánsreikninga í viðkomandi banka eða sparisjóði.

Í samningi um húsnæðissparnaðarreikning skal tekið fram hvort reikningseigandi eigi við úttekt af reikningnum rétt á láni frá viðkomandi banka eða sparisjóði, hvert hlutfall það lán sé af innstæðunni og með hvaða kjörum slík lán standi til boða.

Óski banki eða sparisjóður eftir að stofna innlánaflokk húsnæðissparnaðarreikninga í samræmi við ákvæði laga þessara skal hann fyrir fram leita staðfestingar fjármálaráðherra á að fyrirhugað reikningsform fullnægi skilyrðum laganna.

5. gr.

Dragist innborgun umsamins innleggs eða hluta þess fram yfir lok ársfjórðungs er það skyldi lagt inn samkvæmt samningi við banka eða sparisjóð skv. 2. gr. skapar sá hluti innleggs, sem dregst fram yfir lok ársfjórðungs, ekki rétt til skattafsláttar.

Hafi ekki verið gerð skil á öllu umsömdu innleggi fyrir lok almanaksárs skapar innlegg ársins engan rétt til skattafsláttar og skal skattstjóri þá gera reikningseiganda að endurgreiða þann skattafslátt sem honum hefur nýst vegna innleggs á reikninginn á næstu tveimur árum þar á undan að viðbættu 25% álagi. Sama gildir brjóti reikningseigandi að öðru leyti í verulegum atriðum þau skilyrði sem um reikningana gilda.

Verði ekki af kaupum, þrátt fyrir gerð kaupsamnings skv. 2. mgr. 3. gr., skal leggja úttekið fé aftur inn á reikning innan þriggja mánaða frá því að ljóst er að ekki varð af kaupunum. Ella skal endurgreiða allan nýttan skattafslátt að viðbættu 25% álagi, sbr. þó 1. mgr. 97. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Hafi gjaldþol manns skerst verulega vegna þeirra atvika er greinir í 66. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir að samið var um stofnun húsnæðissparnaðarreiknings skulu ákvæði 2. mgr. þó ekki gilda ef ætla má að þessi atvik hafi gert honum ókleift að standa við samning um reglubundinn sparnað.

Brot á samningi um reglubundinn sparnað breytir engu um binditíma reiknings skv. 3. gr.

6. gr.

Reikningseigandi getur ekki framselt, veðsett né á annan hátt ráðstafað innstæðu sinni á húsnæðissparnaðarreikningi. Innstæðan er undanþegin aðför skuldheimtumanna. Verði reikningseigandi gjaldþrota fellur binding innstæðu niður. Við andlát innstæðueiganda rennur innstæðan til dánarbúsins án bindingar. Komi til skilnaðar má skipta inneign á reikningum milli hjónanna en slík skipting hefur engin áhrif á binditíma reikninganna.

7. gr.

Fjárhæðir þær er um getur í 2. mgr. 2. gr. skulu vera grunnfjárhæðir. Skulu þær breytast árlega í samræmi við breytingar er verða kunna á byggingarvísitölu, í fyrsta skipti vegna innborgana á árinu 1996 miðað við breytingu á byggingarvísitölu frá 31. desember 1995 til 31. desember 1996. Ríkisskattstjóri skal fyrir upphaf tekjuárs birta nýju fjárhæðirnar.

8. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 49/1985 var komið á húsnæðissparnaðarreikningum í bönkum og sparisjóðum sem sköpuðu rétt til skattafsláttar. Byggðist það reikningsform á samningsbundnum innlánum sem tengd voru rétti til húsnæðislána og áttu að fjármagna kaup á íbúðarhúsnæði. Með lögum nr. 111/1992 var ákveðið að skattafsláttur framangreindra laga um húsnæðissparnaðarreikninga yrði skertur í áföngum og lögin afnumin 1. janúar 1997.

Ekki verður séð að þær breytingar hafi orðið hér á landi sem leiði til þess að rétt sé að leggja niður þessa aðferð til sparnaðar. Fremur er ástæða til þess að ýta undir sparnað í þjóðfélaginu nú þegar kaupmáttur almennings eykst og þjóðfélagið siglir upp úr öldudal síðustu átta ára. Ýmsar opinberar stofnanir hafa lýst yfir áhyggjum af vaxandi verðbólgu. Við því má m.a. sporna með auknum sparnaði.

Ljóst er að það skiptir sköpum um möguleika fólks á að eignast eigið húsnæði hve mikinn hlut kaupanna er hægt að fjármagna með eigið fé. Talið er að á almennum markaði verði fólk að eiga minnst 15% af kaupverði íbúðar skuldlaus við fyrstu kaup. Þetta er talsvert hærri eiginfjárkrafa en víða gerist. Með nokkurri einföldun má segja að erlendis dugi að eiga 10% kaupverðs og taka eitt lán fyrir 90% af íbúðarverði og er þá miðað við óverðtryggð fasteignaveðlán sem minnka hratt vegna endurgreiðslna og verðbólgu. Hér standa fólki aðeins til boða lán fyrir 70% íbúðarverðs og er um verðtryggð jafngreiðslulán að ræða sem greiðast afar hægt upp. Þar sem algengt er að hérlendis sé eigið fé við fyrstu kaup um 15% er það sem á vantar fjármagnað með skammtímalánum. Segja má að í þeim sé fólgin sérstaða íslenska húsnæðislánakerfisins.

Greiðslubyrði skammtímalána ræður mjög miklu um kaupgetu ungs fólks. Sem dæmi má nefna að af greiðslubyrði fjölskyldu, sem á 15% af kaupverði íbúðar, eru a.m.k. 40% vegna skammtímalána en 60% vegna húsbréfalána. Er þá miðað við að lánstími skammtímalána sé sjö ár. Ef hann er skemmri vega skammtímalánin enn þyngra. Í töflunni hér á eftir má sjá hversu þungt skammtímalánin vega í greiðslubyrði miðað við mismunandi eign við kaup:

Skuldlaus eign sem % af kaupverði:	*10*	*15*	*20*	*25*
Greiðslubyrði húsbréfaláns í %	52	60	69	81
Greiðslubyrði skammtímaláns í %	48	40	31	19

Af þessu má ráða að skammtímalánin og skuldlaus eign ráða mjög miklu um kaupgetu og á það af skiljanlegum ástæðum einkum við um ungt fólk. Eftirfarandi tafla sýnir aðra hlið á þessu máli en þar kemur fram hversu há mánaðarlaun fjölskylda þarf að hafa til að geta keypt þriggja herbergja íbúð miðað við misjafnlega mikið eigið fé. Til dæmis má sjá að fjölskylda sem á 20% af kaupverði kemst af með 70 þús. kr. lægri mánaðarlaun en sú sem á aðeins 10% skuldlaus.

Skuldlaus eign sem % af kaupverði:	*Mánaðarlaun (í þús. kr.):*
10	285
15	250
20	218

Málinu má einnig stilla upp á þann hátt að sýna hversu dýra íbúð fjölskylda með 250 þús. kr. mánaðarlaun gæti keypt miðað við misjafnlega skuldlausa eign, hlutfallslega.

Skuldlaus eign sem % af kaupverði:	*Kaupgeta (millj. kr.):*	*Samanburður í %:*
10	5,8	89
15	6,5	100
20	7,5	115
25	8,9	137

Þessi dæmi sýna að húsbréfakerfið er afar viðkvæmt fyrir eignastöðu kaupenda. Áhrif sparnaðar á kaupgetuna eru því afgerandi. Miðað við að flestir eigi milli 15–20% af kaupverði má segja að fyrir hver 100 þús. kr. sem kaupandi nær að spara aukist kaupgetan um 300 þús. kr. Með því að spara 10 þús. kr. á mánuði í þrjú ár getur fjölskylda með öðrum orðum aukið kaupgetuna um allt að 1,2 millj. kr. eða um eitt til tvö herbergi.

Ef jafnhliða húsnæðissparnaði kæmi hagstæð lánafyrirgreiðsla þeirrar stofnunar sem sparnaðinn ávaxtar má enn auka áhrifin.

Miðað við núverandi kerfi þarf fjölskylda að hafa 175 þús. kr. í mánaðartekjur til að geta keypt allra ódýrasta húsnæði á höfuðborgarsvæðinu svo að dæmi sé tekið (4,5 millj. kr.). Þá er miðað við að skuldlaus eign sé 15% af kaupverði. Með sparnaði má færa þessi mörk neðar sem nemur 5 þús. kr. mánaðarlaunum fyrir hver 45 þús. kr. sem lögð eru í sparnað.

Fjölmargar fjölskyldur hafa nægilega háar tekjur til að ráða við húsnæðiskaup ef miðað er við það sem tíðkast í húsnæðislánakerfum annarra þjóða. Hér er þó kaupgeta þeirra metin mjög til lækkunar í húsbréfakerfinu, m.a. vegna áhrifa skammtímalána og takmarkaðrar eiginfjárstöðu. Óeðlilegt er að fólk með 150 þús. kr. í fjölskyldutekjur á mánuði geti ekki keypt sér íbúð. Samningsbundinn húsnæðissparnaður getur gert þessu fólki mögulegt að kaupa húsnæði með því einu að leggja fyrir 5 þús. kr. á mánuði í þrjú ár.

Fólki með tekjur á bilinu 175–300 þús. kr. á mánuði og mikla rýmisþörf er gert mjög erfitt fyrir að kaupa nægilega stórt húsnæði í húsbréfakerfinu. Það verður því oft að kaupa of litlar íbúðir. Afleiðingin er mikil eftirspurn eftir smáum íbúðum en offramboð á stórum, burtséð frá raunverulegri húsnæðisþörf. Af þessum sökum hefur ekki verið innbyrðis samræmi í húsnæðisverði. Stórar eignir eru ódýrar af því að fáir eru til að kaupa þær af kerfisástæðum en litlar eignir dýrar af því að margir eru um hituna. Samningsbundinn húsnæðissparnaður mun auðvelda ungu fólki með góðar tekjur að kaupa húsnæði í samræmi við fjölskylduþarfir.

Þegar á heildina er litið má því fullyrða að með markvissum, samningsbundnum sparnaði sé hægt að draga úr ýmsum neikvæðum árhrifum húsnæðiskerfisins sem hér hefur verið komið upp.

Sérstök ástæða er til þess að heimila að húsnæðissparnaðarreikningar verði nýttir til að fjármagna viðhald íbúðarhúsnæðis. Mikil áhersla hefur verið lögð á að auka nýbyggingar. Er það skiljanlegt þegar tekið er tillit til þess hve húsakostur var lélegur og Íslendingar langt á eftir nágrannaþjóðum í þeim efnum. Nú er hins vegar svo komið að á

tiltölulega skömmum tíma hefur mikið verið byggt. Kallar það á breyttar áherslur í húsnæðismálum. Nauðsynlegt er að mæta húsnæðisþörf með viðhaldi og endurnýjun eldra húsnæðis ekki síður en með nýbyggingum. Er því full ástæða til að leita leiða til að ýta undir viðhald íbúðarhúsa, bæði með skattalegum ívilnunum og samningsbundnum sparnaði.

Á Íslandi eru nú tæplega 63 milljónir m^3 af íbúðar- og atvinnuhúsnæði að núvirði um 1.200 milljarðar kr. en til viðbótar eru um 13 milljónir m^3 í ýmiss konar útihúsum. Þjóðarauður okkar er að mestu bundinn í þessum eignum.

Meðalaldur þessa húsnæðis er um 25 ár og það því að mestu byggt á eftirstríðsárunum. Á síðasta áratug hefur viðhaldsþörf fasteigna landsmanna farið hraðvaxandi og ekki er óvarlegt að gera ráð fyrir holskeflu á næstu árum þar sem aðeins litlum hluta húsnæðisins hefur enn sem komið er verið haldið við sem skyldi, hjá einkaaðilum sem opinberum aðilum. Veldur þar nokkru oftrú á steinsteypu sem ekki hefur reynst það viðhaldsfría efni sem almennt var talið, a.m.k. eins og hún hefur verið notuð í húsbyggingar.

Annars staðar á Norðurlöndum er almennt miðað við að árlegur viðhaldskostnaður sé um 1–5% af nýbyggingarkostnaði en fari hækkandi með aldri húsnæðisins. Lægri mörkin eru fyrir íbúðarhúsnæði í einkaeign en hærri mörkin fyrir sumar opinberar byggingar. Þessi hlutföll miða við reglubundið viðhald. Þar sem það hefur almennt verið vanrækt hér á landi og aldur húsnæðis er lágur kemur gífurlegur uppsafnaður vandi til með að mæta húseigendum á næstu árum. Sé viðhald vanrækt eykst skemmd sem fall af tíma þannig að á endanum verður þörf á mun víðtækari viðgerðum en var í upphafi. Óverulegar rannsóknir hafa verið gerðar á viðhaldskostnaði húsa hér á landi en flest bendir til að hann sé sambærilegur því sem að framan greinir. Reynsla Reykjavíkurborgar af viðhaldskostnaði húsnæðis í eigu borgarinnar styður það mat. Húsnæði hér á landi er almennt vandað en jafnframt undir miklu og erfiðu álagi af veðri.

Gefa skal út vottorð ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt í aðildarríkinu þar sem umsóknin er um getur í 7. gr. er lögð fram á þeim tíma sem sótt er um:

a) framleiðsluvaran nýtur verndar gildandi grunneinkaleyfis;

b) framleiðsluvaran hefur fengið markaðsleyfi í samræmi við tilskipun 65/65/EBE eða tilskipun 81/851/EBE, eftir því sem við á;

c) framleiðsluvaran hefur ekki þegar fengið vottorð;

d) leyfið sem um getur í b-lið er fyrsta leyfið til að setja framleiðsluna á markað sem lyf.

4. gr.

Efni sem nýtur verndar

Sú vernd sem vottorð veitir takmarkast af umfangi grunneinkaleyfisins og tekur einungis til þeirrar framleiðsluvöru sem markaðsleyfið fyrir lyfið gildir um og til þeirra nota lyfsins sem heimiluð hafa verið á gildistíma vottorðsins.

5. gr.

Áhrif vottorðs

Með fyrirvara um ákvæði 4. gr., skal vottorðið veita sama rétt og grunneinkaleyfið og vera háð sömu takmörkunum og skuldbindingum.

6. gr.

Réttur til vottorðs

Vottorðið skal veitt réthafa grunneinkaleyfis eða síðari handhafa réttinda.

7. gr.

Umsókn um vottorð

1. Leggja skal inn umsókn um vottorð innan sex mánaða frá þeim degi er leyfið sem um getur í b-lið 3. gr. var veitt til að markaðssetja framleiðsluna sem lyf.

2. Þrátt fyrir 1. mgr., hafi markaðsleyfi verið veitt vegna lyfsins áður en grunneinkaleyfið var veitt, ber að leggja inn umsókn um vottorð innan sex mánaða frá þeim degi er grunneinkaleyfið var veitt.

---

(1) Stjtíð. EB nr. L 22, 9. 12. 1965, bls. 369. Síðast breytt með tilskipun 89/341/EBE (Stjtíð. EB No L 142, 25. 5. 1989, bls. 11).

(2) Stjtíð. EB nr. L 317, 6. 11. 1981, bls. 1. Breytt með tilskipun 90/676/EBE (Stjtíð. EB nr. L 373, 31. 12. 1990, bls. 15).

8. gr.

Upplýsingar í umsókn um vottorð

1. Í umsókn um vottorð skal veita eftirfarandi upplýsingar:

a) beiðni um útgáfu vottorðs, þar sem einkum kemur fram:

i) *nafn og heimilisfang umsækjanda;*

ii) nafn og heimilisfang fulltrúa hans, ef hann hefur tilnefnt fulltrúa;

iii) númer grunneinkaleyfisins og heiti uppfinningarinnar;

iv) númer og dagsetning fyrsta markaðsleyfis, eins og um getur í b-lið 3. gr. og, ef þetta er ekki fyrsta markaðsleyfið innan bandalagsins, númer og dagsetningar þess leyfis;

b) afrit af markaðsleyfinu, eins og um getur í b-lið 3. gr., með lýsingu á framleiðsluvörunni, einkum númeri og dagsetningu leyfisins og samantekt um eiginleika lyfsins eins og fram kemur í 4. gr. a í tilskipun 65/65/EBE eða 5. gr. a í tilskipun 81/851/EBE;

c) ef leyfið sem um getur í b-lið er ekki fyrsta markaðsleyfið sem fengist hefur fyrir lyfið innan bandalagsins, skal veita upplýsingar um framleiðsluvöruna sem leyfi hefur fengist fyrir og lagaákvæði sem farið var eftir við veitingu leyfisins, ásamt afriti af opinberu tilkynningunni um markaðsleyfi.

2. Aðildarríki geta kveðið á um gjald sem greiða skal þegar sótt er um vottorð.

9. gr.

Umsókn um vottorð lögð fram

1. Leggja skal inn umsókn um vottorð hjá lögbærri einkaleyfastofu í aðildarríkinu sem gaf út grunneinkaleyfið eða sem ber ábyrgð á veitingu leyfisins og þar sem markaðsleyfið sem um getur í b-lið 3. gr. fékkst fyrir framleiðsluvöruna, nema það aðildarríki tilnefni annað yfirvald til þess.

2. Yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. skal birta tilkynningu um umsókn um vottorð. Í tilkynningunni skulu koma fram að *minnsta kosti* eftirfarandi upplýsingar:

a) nafn og heimilisfang umsækjanda;

b) númer grunneinkaleyfisins;

c) heiti uppfinningarinnar;

d) númer og dagsetning markaðsleyfis sem um getur í b-lið 3. gr. og hvaða framleiðsluvöru leyfið gildir um;

e) þegar við á, númer og dagsetning fyrsta markaðsleyfis sem veitt var vegna framleiðsluvörunnar innan bandalagsins.

10. gr.

Útgáfa vottorðs eða synjun umsóknar

1. Ef umsókn um vottorð og framleiðsluvaran sem um er að ræða uppfylla skilyrði sem mælt eru fyrir um í þessari reglugerð skal yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. gefa út vottorðið.

2. Yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. skal, með fyrirvara um 3. mgr., synja umsókn um vottorð ef umsóknin eða framleiðsluvaran sem um er að ræða uppfylla ekki skilyrðin sem mælt er fyrir um í reglugerð þessari.

3. Ef umsókn um vottorð uppfyllir ekki skilyrði sem mælt er fyrir um í 8. gr. skal yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. veita umsækjanda færi á að ráða bót þar á eða greiða gjaldið innan tilskilins tíma.

4. Verði ekki ráðin bót á ágöllum eða gjaldið ekki greitt *innan tiltekins tíma, eins og greint er frá í 3. mgr.*, skal yfirvaldið synja umsókninni.

5. Aðildarríkjum er heimilt að kveða á um að yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. skuli gefa út vottorð án þess að ganga úr skugga um að skilyrði í c- og d-lið 3. gr. hafi verið uppfyllt.

11. gr.

Útgáfa

1. Yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. skal birta opinbera tilkynningu þess eðlis að vottorð hafi verið gefið út. Í tilkynningunni skulu að minnsta kosti eftirfarandi upplýsingar koma fram:

a) nafn og heimilisfang þess sem hefur fengið vottorð;

b) númer grunneinkaleyfisins;

c) heiti uppfinningarinnar;

d) númer og dagsetning markaðsleyfisins sem um getur í b-lið 3. gr. og hvaða framleiðsluvöru leyfið gildir fyrir;

e) þegar við á, númer og dagsetning fyrsta markaðsleyfis sem veitt var vegna framleiðsluvörunnar innan bandalagsins;

f) gildistími vottorðsins.

2. Yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. skal birta opinbera tilkynningu þess eðlis að umsóknnni hafi verið synjað. Í tilkynningunni skulu koma fram að minnsta kosti þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 2. mgr. 9. gr.

12. gr.

Árgjald

Aðildarríkjum er heimilt að krefjast greiðslu árgjalds fyrir vottorðið.

13. gr.

Gildistími vottorðs

1. Vottorðið tekur gildi þegar lögbundinn gildistími grunneinkaleyfisins rennur út og gildir á tímabili sem er jafnlangt þeim tíma er leið frá því umsóknin um grunneinkaleyfi var lögð fram og þangað til fyrsta markaðsleyfið var veitt fyrir framleiðsluvöruna innan bandalagsins, að frádregnum fimm árum.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal vottorðið ekki gilda lengur en fimm ár frá gildistökudeginum.

14. gr.

Vottorð fellur úr gildi

Vottorðið fellur úr gildi:

a) þegar tímabil sem kveðið er á um í 13. gr. er útrunnið;

b) ef handhafi vottorðs skilar því;

c) hafi árgjald sem sett er í samræmi við 12. gr. ekki verið greitt á tilsettum tíma;

d) ef og svo lengi sem óheimilt verður að setja framleiðsluvöruna sem vottorðið gildir um á markað í kjölfar þess að markaðsleyfi hefur verið afturkallað í samræmi við tilskipun 65/65/EBE eða tilskipun 81/851/EBE. Yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. getur ákveðið að fella vottorð úr gildi, að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni þriðja aðila.

15. gr.

Ógilding vottorðs

1. Vottorðið skal ógilt ef:

a) það hefur verið gefið út á forsendum sem stangast á við ákvæði 3. gr.;

b) grunneinkaleyfið hefur fallið niður áður en gildistími þess er útrunninn;

c) grunneinkaleyfið hefur verið afturkallað eða takmarkað þannig að framleiðsluvaran, sem vottorðið var gefið út fyrir, nýtur ekki lengur verndar grunneinkaleyfisins eða, eftir að grunneinkaleyfið er útrunnið, ástæða er fyrir því að afturkalla það eða takmarka það með þessum hætti.

2. Sérhver einstaklingur getur sótt um að fá vottorð ógilt, eða hafið mál til þess, hjá þeim aðila sem ber ábyrgð samkvæmt landslögum á endurnýjun á samsvarandi einkaleyfi.

16. gr.

Tilkynning um vottorð sem hafa fallið úr gildi eða verið ógilt

Yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. skal birta opinbera tilkynningu um það ef vottorð fellur úr gildi í samræmi við b-, c- eða d-lið 14. gr. eða er ógilt í samræmi við 15. gr.

17. gr.

Áfrýjun

Unnt skal vera að áfrýja ákvörðunum yfirvaldsins sem um getur í 1. mgr. 9. gr. eða aðilans sem um getur í 2. mgr. 15. gr. á þann hátt sem kveðið er á um í landslögum um ákvarðanir í einkaleyfamálum í viðkomandi landi.

18. gr.

Málsmeðferð

1. Sé ekki kveðið á um sérstaka málsmeðferð í þessari reglugerð skal sú málsmeðferð sem gildir um grunneinkaleyfið samkvæmt landslögum gilda um vottorðið nema kveðið sé á um sérstaka málsmeðferð fyrir vottorð í þeim lögum.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal undanskilja málsmeðferð vegna andmæla við útgáfu vottorðs.

19. gr.

Bráðabirgðaákvæði

1. Heimilt er að gefa út vottorð fyrir allar framleiðsluvörur sem njóta verndar grunneinkaleyfis þegar reglugerð þessi tekur gildi og hafa fyrst fengið lyfjamarkaðsleyfi í bandalaginu eftir 1. janúar 1985.

Þegar um er að ræða vottorð sem gefin verða út í Danmörku og Þýskalandi skal dagsetningin 1. janúar 1988 koma í stað 1. janúar 1985.

Þegar um er að ræða vottorð sem gefin verða út í Belgíu og Ítalíu skal dagsetningin 1. janúar 1982 koma í stað 1. janúar 1985.

2. Leggja ber fram umsókn um vottorð sem um getur í 1. mgr. innan sex mánaða frá því að reglugerð þessi tekur gildi.

20. gr.

Reglugerð þessi gildir ekki um vottorð sem hafa verið gefin út í samræmi við landslög í aðildarríki áður en reglugerð þessi tekur gildi eða umsóknir um vottorð í samræmi við þau lög sem lagðar eru fram áður en reglugerð þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

21. gr.

Í aðildarríkjunum þar sem landslög gerðu ekki ráð fyrir veitingu einkaleyfa vegna lyfjavara 1. janúar 1990 skal beita ákvæðum reglugerðar þessarar fimm árum eftir að hún öðlast gildi.

Ákvæði 19. gr. gilda ekki í þeim aðildarríkjum.

22. gr.

Verði vottorð gefið út vegna framleiðsluvöru sem nýtur einkaleyfaverndar og gildistími einkaleyfisins hefur verið framlengdur eða sótt hefur verið um framlengingu samkvæmt landslögum áður en þessi reglugerð öðlast gildi, skal stytta þann tíma sem varan nýtur verndar samkvæmt vottorðinu um þann fjölda ára umfram tuttugu sem einkaleyfaverndin varir.

LOKAÁKVÆÐI

23. gr.

Gildistaka reglugerðarinnar

Reglugerð þessi öðlast gildi sex mánuðum eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

896. Frumvarp til laga [254. mál]

um breyting á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34 25. mars 1991, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 2. maí.)

1. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi er háð eftirfarandi takmörkunum:

1. Eftirtaldir aðilar mega einir stunda fiskveiðar í efnahagslögsögu Íslands samkvæmt lögum um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands eða eiga og reka fyrirtæki til vinnslu sjávarafurða hér á landi:
   a. Íslenskir ríkisborgarar og aðrir íslenskir aðilar.
   b. Íslenskir lögaðilar sem að öllu leyti eru í eigu íslenskra aðila eða íslenskra lögaðila sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:
      i. Eru undir yfirráðum íslenskra aðila.
      ii. Eru ekki í eigu erlendra aðila að meira leyti en 25% sé miðað við hlutafé eða stofnfé. Fari eignarhlutur íslensks lögaðila í lögaðila, sem stundar veiðar í efnahagslögsögu Íslands eða vinnslu sjávarafurða hér á landi, ekki yfir 5% má eignarhlutur erlendra aðila þó vera allt að 33%.
      iii. Eru að öðru leyti í eigu íslenskra ríkisborgara eða íslenskra lögaðila sem eru undir yfirráðum íslenskra aðila.

   Með vinnslu sjávarafurða í 1. mgr. þessa töluliðar er átt við frystingu, söltun, herslu og hverja aðra þá verkun sem ver fisk og aðrar sjávarafurðir skemmdum, þar með taldar bræðsla og mjölvinnsla. Til vinnslu í þessu sambandi telst hins vegar ekki reyking, súrsun, niðursuða, niðurlagning og umpökkun afurða í neytendaumbúðir eða frekari vinnsla afurða til að gera þær hæfari til dreifingar, neyslu eða matreiðslu.
2. Íslenskir ríkisborgarar og aðrir íslenskir aðilar mega einir eiga virkjunarréttindi vatnsfalla og jarðhita önnur en til heimilisnota. Sama á við um fyrirtæki sem stunda orkuvinnslu og orkudreifingu. Sama rétt hafa einstaklingar sem búsettir eru í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins og lögaðilar sem heimilisfastir eru í öðru EES-ríki. Heimilt skal að kveða svo á í fjárfestingarsamningum milli Íslands og ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins að einstaklingar sem þar eru búsettir eða lögaðilar sem þar eru heimilisfastir hafi einnig sama rétt, enda verði slíkir samningar lagðir fyrir Alþingi til staðfestingar með þingsályktun.

   Erlendum aðila, sem öðlast eignarrétt og afnotarétt yfir fasteign samkvæmt ákvæðum laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, er heimilt að nýta jarðhita til beinnar notkunar í atvinnustarfsemi sinni innan þeirra takmarkana sem fram koma í orkulögum.
3. Samanlagður eignarhluti erlendra aðila í íslensku atvinnufyrirtæki sem stundar flugrekstur hér á landi má á hverjum tíma ekki vera meiri en 49%. Einstaklingar sem búsettir eru í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins og lögaðilar sem þar eru heimilisfastir eru þó undanþegnir ákvæðum þessa töluliðar.

4. Fjárfesting erlends ríkis, sveitarfélags eða annars erlends stjórnvalds í atvinnurekstri hér á landi er óheimil nema með sérstöku leyfi viðskiptaráðherra.
5. Erlendum aðila er heimilt að öðlast eignarrétt og afnotarétt yfir fasteign til beinnar notkunar í atvinnustarfsemi sinni samkvæmt ákvæðum laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Með íslenskum aðila er í þessari grein átt við ríkissjóð og sveitarfélög, svo og stofnanir, fyrirtæki og sjóði hér á landi í fullri eigu þeirra, íslenska ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi og lögaðila sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu opinberra aðila hér á landi, íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi eða annarra lögaðila sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi. Með íslenskum lögaðila er í þessari grein átt við lögaðila með heimili hér á landi án tillits til þess hvernig rekstrarformi eða eignarhaldi er háttað. Lögaðili telst eiga heimili hér á landi ef hann er skráður hér á landi, ef hann telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn hans er hér á landi. Með íslenskum lögaðila undir yfirráðum íslenskra aðila er í þessari grein átt við íslenskan lögaðila þar sem íslenskir aðilar eiga meiri hluta hans, svo sem meiri hluta hlutafjár eða stofnfjár, og hafa meiri hluta atkvæðisréttar og hafa raunveruleg yfirráð yfir viðkomandi lögaðila.

2. gr.

Á eftir 4. gr. laganna koma tvær nýjar greinar og breytist greinatala samkvæmt því. Hinar nýju greinar orðast svo:

a. (5. gr.)

Telji stjórnendur fyrirtækis sem starfar hér á landi og rétt hefur til að stunda fiskveiðar í efnahagslögsögu Íslands, stjórnendur fiskvinnslufyrirtækis eða stjórnendur íslensks lögaðila sem á með beinum eða óbeinum hætti hlut í slíku fiskveiðifyrirtæki eða fiskvinnslufyrirtæki að farið sé gegn ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. um hámark erlendrar fjárfestingar og innlend yfirráð í íslenskum lögaðila sem með beinum eða óbeinum hætti á hlut í fiskveiðifyrirtæki eða fiskvinnslufyrirtæki skal viðkomandi þá þegar senda viðskiptaráðuneytinu tilkynningu þar að lútandi. Ráðuneytið skal þá afla upplýsinga frá hlutaðeigandi lögaðila um það hverjir eigendur hans eru, atkvæðamagn hvers þeirra, stjórnarmenn og önnur atriði sem máli þykja skipta varðandi raunveruleg yfirráð hans. Ráðherra getur að eigin frumkvæði óskað eftir slíkum upplýsingum ef grunsemdir eru um brot gegn ákvæði þessu. Ráðuneytinu skal senda þær upplýsingar sem það óskar eftir innan fjögurra vikna frá því að beiðni þess berst. Að þeim tíma liðnum skal ráðuneytið senda þau gögn, sem það hefur um hlutaðeigandi lögaðila, nefnd um erlenda fjárfestingu, sbr. 12. gr., sem metur hvort gengið sé gegn ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. Nefndin getur að eigin frumkvæði aflað frekari gagna til skýringar máli. Álit nefndarinnar skal sent viðskiptaráðherra innan fjögurra vikna frá því að málefni barst nefndinni.

Telji nefnd um erlenda fjárfestingu að fjárfesting eða yfirráð séu með þeim hætti að gengið sé gegn ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. skal viðskiptaráðherra með úrskurði skylda hlutaðeigandi lögaðila til að selja þann eignarhlut í fiskveiðifyrirtæki eða fiskvinnslufyrirtæki eða, ef um það er að ræða, þá hlutdeild í lögaðila sem á hlut í fiskveiðifyrirtæki eða fiskvinnslufyrirtæki sem ekki er samræmanlegur ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. Söluskylda samkvæmt þessari málsgrein takmarkast við þann eignarhlut eða hluta

eignarhlutar sem varð til þess að erlend fjárfesting fór fram úr þeim mörkum sem greinir í 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. Við úrlausn þess skal miðað við það hvenær tilkynning um eigendaskipti barst viðkomandi lögaðila. Ef ekki er orðið við slíkri skyldu innan fjögurra vikna skal með eignarhlutinn fara skv. 4. og 5. mgr.

Ef erlendur aðili eignast hlut í fiskveiðifyrirtæki, fiskvinnslufyrirtæki eða fiskiskipi með samningum til lúkningar veðskuldar sem veðhafi við útgáfu uppboðsafsals, með erfðum eða á annan hátt skal hann selja hlutinn svo fljótt sem verða má og eigi síðar en tólf mánuðum eftir að hluturinn komst í eigu hans. Ef ekki hefur orðið af slíkri sölu innan tólf mánaða skal fara með eignarhlutinn skv. 4. og 5. mgr.

Eigi sala á eignarhlut, sem skylt er að selja skv. 2. mgr., sér ekki stað innan fjögurra vikna eða skv. 3. mgr. innan tólf mánaða skal afhenda viðskiptaráðherra hlutabréfin eða skilríki fyrir eignarhlutnum ásamt undirrituðu söluumboði. Hann skal þá fela óháðu, íslensku verðbréfafyrirtæki, sem heimilt væri skv. b-lið 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. að eiga slíkan hlut, að selja þann eignarhlut sem um ræðir til aðila sem uppfyllir skilyrði laganna. Skal verðbréfafyrirtækið eftir það annast söluna og fara með eignarhlutinn þar til sala hefur tekist. Skal verðbréfafyrirtækið gæta fjárhagslegra hagsmuna eiganda við þá sölumeðferð, þar með talið við ákvörðun um tímasetningu á sölu. Nú selur verðbréfafyrirtækið eignarhlutinn og er eigandi hans þá bundinn við söluna. Þóknun fyrir umsýslu og sölu eignarhlutarins skal greiða af söluandvirði eða arði samkvæmt almennum venjum á verðbréfamarkaði.

Skili eigandi eða umráðaaðili eignarhlutar ekki hlutabréfum eða skilríki fyrir eignarhlut, sbr. 4. mgr., falla öll réttindi samkvæmt eignarhlutnum niður, þar með talin atkvæðisréttur, áskriftarréttur að nýjum hlutum og réttur til greiðslu arðs, þar til skil hafa verið gerð.

Hafi sala skv. 3. mgr. eigi tekist innan sex mánaða frá því að verðbréfafyrirtækið tók eignarhlutinn til umsýslu og sölumeðferðar er ráðherra heimilt að fenginni ósk verðbréfafyrirtækisins eða eiganda hans að veita viðbótarfrest í sex mánuði ef líkur eru taldar á frjálsri sölu innan þess frests. Að öðrum kosti er ráðherra rétt að krefjast nauðungarsölu á eignarhlutnum án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar.

Ákvæði 1.–6. mgr. eiga með samsvarandi hætti við þegar gengið er gegn ákvæðum 2. og 3. tölul. 1. mgr. 4. gr.

b. (6. gr.)

Nú vill erlendur aðili reka atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni og skal þá svo með fara:

1. Sé um að ræða einstakling sem búsettur er erlendis skal honum óheimilt að vinna sjálfstætt eða starfrækja eigið atvinnufyrirtæki eða taka þátt í fyrirtæki með ótakmarkaðri ábyrgð hér á landi nema með leyfi viðskiptaráðherra, enda sé lögheimili hér á landi ekki óundanþægt skilyrði samkvæmt lögum um viðkomandi atvinnugrein eða veiting undanþágu frá lögheimilisskilyrði falin öðrum. Ríkisborgarar aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins eru undanþegnir ákvæðum þessa liðar.
2. Um rétt hlutafélags eða einkahlutafélags, sem á heimili erlendis, til að starfa hér á landi fer samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög og laga um einkahlutafélög.

3. Viðskiptaráðherra getur veitt öðrum lögaðilum, sem heimili eiga erlendis, leyfi til að starfa hér á landi, enda sé þá að því er varðar slíka lögaðila og starfsemi þeirra hér á landi fullnægt sömu skilyrðum og fylgt sömu meginreglum og að því er varðar erlend hlutafélög, sbr. 2. tölul. þessarar greinar. Útibú slíks lögaðila skal skráð í firmaskrá á heimilisvarnarþingi útibúsins. Lögaðilar með heimili í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins þurfa ekki leyfi viðskiptaráðherra til starfsemi hér á landi.

3. gr.

5. gr. laganna, er verður 7. gr., orðast svo:

Tilkynna ber viðskiptaráðherra alla erlenda fjárfestingu jafnskjótt og samningur eða ákvarðanir þar að lútandi liggja fyrir. Tilkynningarskyldan tekur bæði til fjárfestingar erlends aðila í atvinnufyrirtæki sem hann hefur ekki átt í áður og viðbótarfjárfestingar í slíku fyrirtæki. Tilkynningu skulu fylgja afrit eða ljósrit af skjölum eða gögnum sem málið varða og nauðsynleg teljast að mati ráðherra. Sé um að ræða erlenda fjárfestingu í íslensku atvinnufyrirtæki hvílir tilkynningarskyldan á viðkomandi atvinnufyrirtæki, en sé um að ræða fyrirhugaða atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni erlends aðila hvílir tilkynningarskyldan á honum.

Viðskiptaráðherra hefur rétt til upplýsingaöflunar og athugana vegna fjárfestingar erlendra aðila. Heimilt er viðskiptaráðherra að fela ríkisstofnun að annast slíka upplýsingaöflun og athuganir.

4. gr.

1. málsl. 6. gr. laganna, er verður 8. gr., orðast svo: Erlendum aðila, sem fjárfestir í atvinnurekstri hér á landi, skal frjálst að flytja í því skyni til landsins erlendan gjaldmiðil, enda sé slíkur fjármagnsflutningur tilkynntur samkvæmt lögum og reglum um gjaldeyrisviðskipti.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna er verður 10. gr.:

a. 2. málsl. orðast svo: Búsetuskilyrði gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki.
b. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:

   Nú geyma sérlög um tiltekna fjárfestingu hér á landi, sem í gildi eru við gildistöku laga þessara, skilyrði um íslenskt ríkisfang stjórnarmanna eða búsetu þeirra hér á landi, og skulu þá ríkisborgarar þeirra ríkja sem aðild eiga að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og búsettir eru í EES-ríki teljast uppfylla ríkisfangs- og búsetuskilyrði slíkra sérlaga.

6. gr.

10. gr. laganna, er verður 12. gr., orðast svo:

Sérstök fimm manna nefnd, nefnd um erlenda fjárfestingu, skal fylgjast með að ákvæðum 4. gr. um takmarkanir á fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri sé framfylgt, sbr. ákvæði 5. gr. Jafnframt skal hún vera ráðherra til ráðuneytis um leyfisveitingar skv. 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. Nefndin skal skipuð fimm mönnum, kosnum hlutfallskosningu á Alþingi að afstöðnum almennum þingkosningum. Kosnir skulu jafnmargir varamenn. Viðskiptaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi nefndarmanna. For-

maður nefndarinnar boðar hana til funda. Viðskiptaráðherra ákveður þóknun nefndarinnar.

Nú telur viðskiptaráðherra að tiltekin erlend fjárfesting ógni öryggi landsins eða gangi gegn allsherjarreglu, almannaöryggi eða almannaheilbrigði eða ef upp koma alvarlegir efnahagslegir, þjóðfélagslegir eða umhverfislegir erfiðleikar í sérstökum atvinnugreinum eða á sérstökum svæðum, sem líklegt er að verði viðvarandi, og getur hann þá stöðvað slíka fjárfestingu, enda kunngjöri hann ákvörðun sína innan átta vikna frá því að honum berst tilkynning um hlutaðeigandi fjárfestingu, sbr. 7. gr. Áður en slík ákvörðun er tekin skal ráðherra leita álits nefndar um erlenda fjárfestingu. Þegar um er að ræða fjárfestingu aðila frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins skal gætt ákvæða 112. og 113. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993.

Viðskiptaráðherra skal á fyrri hluta hvers árs flytja Alþingi skýrslu um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hérlendis næsta ár á undan. Í henni skulu m.a. koma fram upplýsingar um aðgerðir stjórnvalda til að auka fjárfestingu erlendra aðila hér á landi, um fjárfestingu erlendra aðila og heildarfjárfestingu eftir atvinnugreinum og um beitingu öryggisákvæðis skv. 2. mgr. og úrræða stjórnvalda skv. 5. gr.

7. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Hafi íslenskur lögaðili, sem á eignarhlut í lögaðila sem stundar veiðar í efnahagslögsögu Íslands eða vinnslu sjávarafurða hér á landi, verið að hluta í eigu erlends aðila 31. desember 1995 skulu takmarkanir skv. b-lið 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga þessara ekki koma til framkvæmda að því er varðar þann lögaðila fyrr en 1. janúar 1998, enda hafi erlend eignaraðild í lögaðilanum ekki verið meiri en 49%, eignarhlutur lögaðilans í einstökum sjávarútvegs- eða fiskvinnslufyrirtækjum ekki farið yfir 10% og fjárfestingin verið tilkynnt Seðlabanka Íslands samkvæmt ákvæðum laganna fyrir 31. desember 1995.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

897. Frumvarp til laga [308. mál]

um breytingu á lögum um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands, nr. 13 30. mars 1992.

(Eftir 2. umr., 2. maí.)

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Fiskveiðar í efnahagslögsögu Íslands mega eftirtaldir aðilar einir stunda:

a. Íslenskir ríkisborgarar og aðrir íslenskir aðilar.
b. Íslenskir lögaðilar sem að öllu leyti eru í eigu íslenskra aðila eða íslenskra lögaðila sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:
   i) Eru undir yfirráðum íslenskra aðila.

ii) Eru ekki í eigu erlendra aðila að meira leyti en 25% sé miðað við hlutafé eða stofnfé. Fari eignarhlutur íslensks lögaðila í lögaðila, sem stundar veiðar í efnahagslögsögu Íslands, ekki yfir 5% má eignarhlutur erlendra aðila þó vera allt að 33%.

iii) Eru að öðru leyti í eigu íslenskra ríkisborgara, eða íslenskra lögaðila sem eru undir yfirráðum íslenskra aðila.

2. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Hafi íslenskur lögaðili, sem á eignarhlut í lögaðila sem stundar veiðar í efnahagslögsögu Íslands eða vinnslu sjávarafurða hér á landi, verið að hluta í eigu erlends aðila 31. desember 1995 skulu takmarkanir skv. b-lið 1. mgr. 2. gr. laga þessara ekki koma til framkvæmda að því er varðar þann lögaðila fyrr en 1. janúar 1998, enda hafi erlend eignaraðild í lögaðilanum ekki verið meiri en 49%, eignarhlutur lögaðilans í einstökum sjávarútvegs- eða fiskvinnslufyrirtækjum ekki farið yfir 10% og fjárfestingin verið tilkynnt Seðlabanka Íslands samkvæmt ákvæðum laganna fyrir 31. desember 1995.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

898. Nefndarálit [376. mál]

um frv. til l. um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Þorstein A. Jónsson frá dómsmálaráðuneyti, Benedikt Bogason hæstaréttarritara og Grétar J. Guðmundsson og Vigdísi Hreinsdóttur frá Húsnæðisstofnun. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Neytendasamtökunum, Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna og Sambandi íslenskra viðskiptabanka.

Eins og heiti frumvarpsins ber með sér miðar það að því að auðvelda einstaklingum sem eiga í verulegum fjárhagsörðugleikum að leita nauðasamninga. Í því felst að ríkið greiðir kostnað af aðstoð við að leita nauðasamnings, fyrst og fremst lögmannsþóknun, ásamt greiðslu tryggingar fyrir kostnaði við undirbúning og gerð nauðasamnings. Þó er miðað við að slík aðstoð nemi að hámarki 250.000 kr.

Samkvæmt frumvarpinu verður það í höndum þriggja manna nefndar sem dómsmálaráðherra skipar að yfirfara umsóknir og meta þörfina á réttaraðstoð í hverju tilviki fyrir sig. Allsherjarnefnd leggur áherslu á að fjárhagsaðstoð nemi aldrei hærri fjárhæð en sem svarar til raunverulegs kostnaðar í hverju tilviki fyrir sig. Skv. 5. gr. getur ráðherra sett reglugerð þar sem mælt er nánar fyrir um framkvæmd laganna. Nefndin telur brýnt að slík reglugerð verði sett og þar verði m.a. tekið á þessu atriði.

Með hliðsjón af framansögðu mælir nefndin með að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 2. maí 1996.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Árni R. Árnason.
Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.	Kristján Pálsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir, með fyrirvara.
Jón Kristjánsson.	Hjálmar Jónsson.	Sighvatur Björgvinsson.

899. Nefndarálit [361. mál]

um frv. til upplýsingalaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á nokkrum fundum og fengið Eirík Tómasson prófessor og Pál Hreinsson, aðstoðarmann umboðsmanns Alþingis, til að fara yfir frumvarpið með sér. Einnig komu á fund nefndarinnar Lúðvík Geirsson, Pétur Gunnarsson og Þór Jónsson frá Blaðamannafélagi Íslands. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Blaðamannafélagi Íslands, Félagi íslenskra bókaútgefenda, Hagþenki — félagi höfunda fræðirita og kennslugagna, Lögmannafélagi Íslands, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Neytendasamtökunum og Vinnumálasambandinu.

Með frumvarpinu er stefnt að því að lögleiða almennar reglur um aðgang almennings að upplýsingum hjá stjórnvöldum. Gert er ráð fyrir að aðgangur almennings að gögnum verði rýmkaður frá því sem nú er þar sem tekin verði upp sú meginregla í íslensk lög að stjórnvöldum sé skylt, sé þess óskað, að veita aðgang að gögnum sem varða tiltekið mál.

Í umsögn Blaðamannafélags Íslands er gerð athugasemd við það að lögunum sé ekki ætlað að ná til rannsóknar eða saksóknar í opinberum málum. Nefndin telur eðlilegra að lög um meðferð opinberra mála hafi að geyma sérreglur í þessu sambandi og leggur áherslu á að sú endurskoðun sem dómsmálaráðherra hefur boðað á þeim lögum verði hraðað eins og kostur er. Nauðsynlegt er að huga sérstaklega að upplýsingaréttinum þar.

Í 5. gr. frumvarpsins er fjallað um takmarkanir á upplýsingarétti vegna einkahagsmuna, þar með talið vegna fjárhagslegra hagsmuna einstaklinga. Í athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins kemur fram að ákvæði greinarinnar standi ekki í vegi fyrir því að almenningur fái aðgang að gögnum um föst laun og önnur föst launakjör opinberra starfsmanna. Að því leyti sem slík upplýsingagjöf fellur undir ákvæði frumvarps þessa en ekki ákvæða laga nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, leggur nefndin sérstaka áherslu á að skýra beri ákvæði 5. gr. svo að með lögum þessum sé ekki aðeins tryggður aðgangur að upplýsingum um föst laun opinberra starfsmanna heldur einnig að þeim einstaklingsbundnu samningum sem gerðir hafa verið við starfsmenn um önnur föst kjör þeirra, svo sem fasta (ómælda) yfirvinnu, akstursgjald o.fl.

Miklar umræður urðu í nefndinni um 8. gr. frumvarpsins. Skv. 2. mgr. 8. gr. á almenningur að fá aðgang að upplýsingum um einkamálefni einstaklinga 80 árum eftir að þær upplýsingar urðu til. Nefndin leggur til, sbr. breytingartillögu á sérstöku þingskjali, að sjúkraskrár og skýrslur sálfræðinga eða félagsráðgjafa verði undanþegnar slíkum aðgangi. Það er mat nefndarinnar að hér sé um að ræða svo viðkvæmar persónuupplýsingar að rétt sé að undanþiggja þær óheftum aðgangi almennings. Aftur á móti er kveðið á um að úrskurðarnefnd um upplýsingamál sé heimilt að veita aðgang að slíkum skýrslum og sjúkraskrám til rannsókna eftir að þær hafa verið afhentar skjalasafni. Veiti nefndin slíkt leyfi er henni heimilt að binda það þeim skilyrðum sem hún metur nauðsynleg hverju sinni, svo sem að gætt sé þagmælsku og að niðurstöður séu ekki birtar undir nafni þeirra einstaklinga er upplýsingar varða eða á annan sambærilegan hátt.

Það er skilningur nefndarinnar á ákvæði 11. gr. að meginreglan hljóti að verða sú að gögn séu afhent samdægurs eða a.m.k. sem allra fyrst. Sjö daga fresturinn eigi því fyrst og fremst við í vafatilvikum, þ.e. þegar ekki er ljóst hvort afhenda megi gögnin og stjórnvald þarf lengri frest til að leita af sér allan grun í því sambandi.

Nefndin leggur því til að frumvarpið verði afgreitt með þeirri breytingu sem hér hefur verið gerð grein fyrir. Ljóst er að hér er á ferðinni mál sem mikilvægt er að kynnt verði sem rækilegast áður en lögin taka gildi. Í því sambandi er ekki síst mikilvægt að forsætisráðuneytið beiti sér fyrir því að haldin verði námskeið fyrir þá sem ætlað er að starfa eftir lögunum, þ.e. starfsfólk stjórnsýslunnar, þar sem farið verði vandlega yfir efni laganna og tilgang þeirra.

Jóhanna Sigurðardóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 2. maí 1996.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Sighvatur Björgvinsson.
Hjálmar Jónsson.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.	Jón Kristjánsson.
Árni R. Árnason.	Guðný Guðbjörnsdóttir, með fyrirvara.	Kristján Pálsson.

900. Breytingartillaga [361. mál]

við frv. til upplýsingalaga.

Frá allsherjarnefnd.

Við 2. mgr. 8. gr. bætist þrír nýir málsliðir er orðist svo: Þetta gildir þó ekki um sjúkraskrár og skýrslur sálfræðinga eða félagsráðgjafa. Úrskurðarnefnd um upplýsingamál er þó heimilt að veita aðgang að slíkum skýrslum og sjúkraskrám til rannsókna eftir að þær hafa verið afhentar skjalasafni. Nefndin bindur slíkt leyfi þeim skilyrðum sem hún metur nauðsynleg hverju sinni.

901. Breytingartillaga [73. mál]

við frv. til l. um mannanöfn.

Frá Svavari Gestssyni.

Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra skal, er lög þessi hafa tekið gildi, skipa þriggja manna nefnd er fylgist með framkvæmd laganna. Einn nefndarmaður skal skipaður eftir tilnefningu menntamálaráðuneytis. Nefndin skal skila greinargerð til ráðherra fyrir 15. september 1997 og tillögum um breytingar á lögunum eftir því sem nefndin telur nauðsynlegt, m.a. í ljósi þeirrar reynslu sem þá hefur fengist af lögunum. Nefndin skal leita álits Hagstofu Íslands.

902. Fyrirspurn [505. mál]

til menntamálaráðherra um endurskoðun útvarpslaga, nr. 68/1985.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hvernig er háttað þeirri endurskoðun sem nú fer fram á útvarpslögum?
2. Eru frumvörp til breytinga á útvarpslögum sem lögð voru fram á Alþingi á 117. og 118. löggjafarþingi lögð til grundvallar í þeirri endurskoðun?
3. Ef nefnd er að störfum, hverjir skipa hana?
4. Hefur verið tekin afstaða til framtíðar Menningarsjóðs útvarpsstöðva?
5. Eru fyrirhugaðar breytingar á afskiptum útvarpsráðs af ráðningu starfsfólks dagskrár?
6. Hvenær er fyrirhugað að endurskoðuninni ljúki og Alþingi fái frumvarp til breytinga á útvarpslögum eða til nýrra útvarpslaga til meðferðar?

903. Fyrirspurn [506. mál]

til fjármálaráðherra um tekjur og gjöld ríkissjóðs af flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli.

Frá Árna Johnsen.

Hverjar hafa verið tekjur og gjöld ríkissjóðs af flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli frá upphafi 1988 til 1996, þar með talin gjöld og tekjur Fríhafnarinnar og Íslensks markaðar og aðrir tekju- og gjaldaþættir, og hvernig hefur tekjunum verið ráðstafað?

904. Fyrirspurn [507. mál]

til dómsmálaráðherra um löggæslu í Reykjavík.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hversu margir lögreglumenn eru á vakt í Reykjavík:
   a. á dagvakt,
   b. á næturvakt,
   c. á dagvakt um helgar,
   d. á næturvakt um helgar?
2. Hvernig skiptast störf þeirra, þ.e. í stjórnunarstörf og almenn löggæslustörf, í hverri deild?
3. Hversu margar lögreglubifreiðar eru í notkun á framangreindum vöktum?
4. Hver hefur verið meðalfjöldi útkalla á framangreindum vöktum sl. þrjú ár?
5. Hversu langur tími líður frá útkalli (vegna annars en umferðaróhappa) þar til lögregla er komin á vettvang?
6. Hvernig hefur tæknibúnaður lögreglu þróast undanfarin ár, þ.e.:
   a. bifreiðar,
   b. tækjakostur við skýrslugerð,
   c. tækjakostur við löggæslustörf?
7. Er tækjakostur lögreglu sambærilegur við það sem tíðkast í öðrum Evrópuríkjum?

905. Nefndarálit [94. mál]

um frv. til l. um framhaldsskóla.

Frá 2. minni hluta menntamálanefndar.

Frumvarpið sem nú er til meðferðar er þriðja afbrigðið af frumvarpi til framhaldsskólalaga sem upphaflega var samið af nefnd um mótun menntastefnu. Nefndin var skipuð í mars 1992 af þáverandi menntamálaráðherra Ólafi G. Einarssyni. Hún hafði það hlutverk að endurskoða lög um grunn- og framhaldsskóla og móta menntastefnu. Samtök kennara áttu ekki fulltrúa í nefndinni sem samdi frumvarpið. Það hefur vafalítið haft afgerandi áhrif á stefnu og innihald þess og skýrir viðbrögð kennarasamtakanna. Frumvarpið var fyrst lagt fram til kynningar á 117. löggjafarþingi, 1993–94, og því næst á 118. löggjafarþingi, án þess að hljóta afgreiðslu. Eftir stjórnarskiptin 1995 var frumvarpið lagt fram í núverandi búningi með nokkrum breytingum sem greint er frá í athugasemdum við frumvarpið.

Mannauður og menntakerfi eru undirstöðuþættir sem framtíðarheill einstaklinga og þjóðfélags byggjast á. Það skiptir því afar miklu máli að vel takist til þegar ráðist er í lagabreytingar, í þessu tilfelli á framhaldsskólastiginu eða þriðja skólastiginu af fjórum.

Skömmu fyrir 1970 jókst aðsókn að framhaldsskólum hér á landi sem annars staðar. Þá tók að þróast sú skólagerð sem nú er ríkjandi á framhaldsskólastiginu án heildarlöggjafar. Aðsókn að framhaldsskólum er enn vaxandi. Í greinargerð frumvarpsins er í kafla um stöðu framhaldsskólans bent á að þrátt fyrir stofnun fjölbrautaskóla hafi ekki tekist að auka vægi starfsnáms, en vægi bóknáms hafi í reynd stóraukist. Þó að um 85% nem-

enda hefji nú nám í framhaldsskóla er brottfall mjög mikið. Rannsókn á árgangi nemenda sem fæddir eru árið 1969 sýnir að 58% pilta og 50% stúlkna hafði ýmist ekki farið í framhaldsskóla, hætt námi eða ekki tekist að ljúka því 22 ára eða sex árum eftir lok grunnskóla. Í skýrslu OECD frá árinu 1987, um menntastefnu á Íslandi, er bent á að á framhaldskólastiginu skorti mikið á stefnumörkun og að aðstandendur framhaldsskólanna „greini enn á um í hverju framhaldsmenntun skuli vera fólgin og hver skuli vera markmið hennar og skipulag". Þá segir í greinargerðinni að gildandi framhaldsskólalögum frá árinu 1988 hafi fyrst og fremst verið ætlað að setja ramma utan um það skólastarf sem þegar fór fram í skólunum og þau hafi því lítil áhrif haft á innihald þess og skipan. Sama má segja um gildandi námskrá framhaldsskólanna sem í raun er aðeins lýsing á þeim námsáföngum sem kenndir eru.

Annar minni hluti getur tekið undir framannefnda greiningu þó að ljóst sé að ástæður þessarar þróunar, t.d. ofuráhersla á bóknám í stað verknáms, eru flóknari en svo að skorti á lagafyrirmælum verði um kennt. Ekki hefur tekist að útfæra fjölbrautaskólahugmyndina þannig að starfsmenntun njóti sömu virðingar og vinsælda og bóknám. Þótt lagaramminn og innra skipulag skólanna og starfsnámsins hafi skipt nokkru í því sambandi er nærtækasta skýringin sú að alls ekki hefur verið veitt nægjanlegt fé í starfsnámið, sem er mun dýrara en bóknám, auk þess sem bóknámshefðin á sér djúpar menningarlegar rætur. Brottfall nema úr framhaldsskólum er staðreynd og því er mjög brýnt að koma upp fjölbreyttara námi þannig að allir ljúki skilgreindum prófum eða starfsáföngum.

Smám saman hefur starfsnám í umönnunar- og uppeldisgreinum verið flutt af framhaldsskólastigi á háskólastig, t.d. nám kennara og hjúkrunarfræðinga. Nú er til umræðu að Fósturskólinn og Þroskaþjálfaskólinn flytjist á háskólastig, sbr. nýstofnaða leikskólakennaradeild við Háskólann á Akureyri og hugmyndir um uppeldisháskóla. Þær iðngreinar sem boðið hefur verið upp á höfða fæstar til stúlkna ef marka má hlutföll kynjanna í iðnnámi. Mjög mikilvægt er því að við uppbyggingu starfsnáms á framhaldsskólastigi verði hugað að námi sem höfðar til stúlkna jafnt sem pilta þar sem þeir sérskólar sem stúlkur hafa sótt mest í eru nú á háskólastigi eða verða fluttir þangað. Að öðrum kosti verða stúlkur að taka stúdentspróf áður en þær komast í starfsnám. Í vaxandi mæli gætir og þeirrar þróunar að þeir sem sækja í sterkar iðngreinar fara fyrst í nám til stúdentsprófs og ljúka því ekki iðnnámi fyrr en við 24 ára aldur. Er e.t.v. kominn tími til að hafa hluta iðnnáms á háskóla- eða tækniskólastigi? Fræðimenn hafa spáð því út frá þessari þróun að mestur vöxtur verði á háskólastiginu í framtíðinni, ekki síst verði þar eftirspurn eftir stuttu starfsnámi að loknu stúdentsprófi. Því er mjög mikilvægt að fram komi skýr stefnumörkun frá Alþingi um hvaða starfsnám er fyrirhugað á framhaldsskólastigi annars vegar og á háskólastigi hins vegar. En er raunhæft að fá helming þeirra nema sem nú fara í bóknám til að snúa við blaðinu og fara í starfsnám eins og að virðist stefnt? Er e.t.v. tímabært að viðurkenna að góð almenn menntun sé nauðsynlegur undirbúningur undir þátttöku í síflóknara samfélagi og því sé eðlilegt að ljúka stúdentsprófi áður en farið er í starfsnám? Ef framhaldsskólinn öðlast svipaðan sess og gagnfræðaskólinn hafði áður er þá rétt að hann verði áfram fjögur ár?

Ein helsta sérstaða íslenska skólakerfisins í samanburði við nágrannalöndin er sú að námi úr framhaldsskóla lýkur ekki fyrr en við 20 ára aldur að meðaltali hér á landi en lýkur við 19 ára aldur annars staðar á Norðurlöndum og við 18 ára aldur í Englandi og Bandaríkjunum. Lengi vel var ekki atvinnuleysi meðal ungs fólks þannig að skólanemar stunduðu vinnu á sumrin. Nú hafa atvinnuhorfur þeirra stórversnað. Því eru enn frekari rök fyrir því að breyta íslenska skólakerfinu til samræmis við það sem tíðkast í ná-

grannalöndunum þannig að íslenskt námsfólk geti hafið störf að loknum framhaldsskóla eða nám á háskólastigi á sama aldri og ungmenni erlendis.

Tekur umrætt frumvarp á framannefndum veikleikum framhaldsskólans? Þrátt fyrir fögur markmið verður ekki séð að frumvarpið geri það. Þó að sumt í frumvarpinu sé vissulega til bóta, t.d. hugmyndir um skólanámskrá, þróunarsjóð, aukna námsráðgjöf, aukið starfsnám, listnámsbrautir og kjarnaskóla, þá er það gallað, ótímabært og boðar að mörgu leyti ómannúðlega menntastefnu. Sú menntastefna sem frumvarpið fylgir hentar þeim sterku í samkeppnisþjóðfélaginu, en horfið er frá stefnu þar sem meira er lagt upp úr jafngildi þegnanna og rétti allra til náms í eigin skólahverfi.

Megingagnrýni 2. minni hluta beinist að eftirfarandi atriðum sem vega það þungt að ekki þykir rétt að lögfesta frumvarpið á þessu þingi:

1. *Uppbygging starfsnáms er óviss og óljós. Löggjöfin er aðeins rammi um form starfsnáms en aðilar vinnumarkaðarins eiga að ákveða hvers konar starfsnám verður í boði og innihald námsins. Tilhögun starfsnáms á framhaldsskólastigi og á háskólastigi er ekki skoðuð í samhengi.*

Þrátt fyrir yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því í haust um að leggja fram almenna rammalöggjöf um háskólastigið er hún ekki tilbúin og því er ómögulegt að skipuleggja í samhengi hvaða starfsnám ætti að vera á framhaldsskólastigi og hvað á háskólastigi. Að auki kemur hvorki fram í frumvarpinu hvers konar starfsnám á að ráðast í né hvernig á að fara að því að fá „gott námsfólk“ til að sækjast eftir starfsnámi, eins og stefnt er að samkvæmt nefndaráliti meiri hlutans. Ætlunin er að lögfesta nýja yfirbyggingu eða stjórnunarnefndir starfsnáms, þ.e. 18 manna samstarfsnefnd (26. gr.), starfsgreinaráð fyrir hvern starfsgreinaflokk eða starfsgrein (28. gr.) og ráðgjafarnefndir (30. gr.) sem alfarið eiga að ráða hvers konar starfsnám er byggt upp, þá væntanlega miðað við fjárhag hverju sinni. Æskilegra væri að löggjafinn gæfi a.m.k. til kynna hvers konar starfsnám er brýnast og hvernig eigi að ná því markmiði að „gott námsfólk“ sæki jafnt í starfsnám sem bóknám. Ein leið til þess væri t.d. að láta alla framhaldsskólanema stunda starfsnám, einnig þá sem stefna beint á stúdentspróf. Þó að vissulega sé æskilegt að starfsnám sé byggt upp í nánu samráði við fulltrúa atvinnulífsins eru völd þeirra svo mikil samkvæmt frumvarpinu að hætta er á að námsframboðið stjórnist meira af skammtímasjónarmiðum atvinnurekenda eða aðstæðum á vinnumarkaði hverju sinni fremur en af framtíðarmöguleikum. Hvaða trygging fæst t.d. fyrir því að atvinnurekendur hugi að því að starfsnámið sem komið verður á laggirnar henti jafnt stúlkum sem piltum? Hér er því eins og áður eingöngu um rammalöggjöf að ræða. Með samþykkt frumvarpsins fæst alls engin trygging fyrir markvissri uppbyggingu námsins eða að fé fáist til þess á fjárlögum. Í kostnaðaráætlun fjármálaráðuneytis er gert ráð fyrir að starfsnám sé 50% dýrara en bóknám og að fjölgun nema í starfsnámi muni auka kostnað en á móti komi að starfsnámsbrautir yrðu að jafnaði styttri en nú er. Útilokað sé að meta kostnað af auknu starfsnámi fyrr en drög að námskrá liggi fyrir og ljóst verði hvernig það muni breytast.

2. *Þrátt fyrir viljayfirlýsingu um styttingu náms til stúdentsprófs í nefndaráliti sjást þess engin skýr merki í frumvarpinu. Áfram virðist því gert ráð fyrir þeirri meginreglu að íslenskir nemar útskrifist úr framhaldsskóla 1–2 árum síðar en jafnaldrar þeirra í nágrannalöndunum.*

Tímabært er orðið að samræma íslenskt skólakerfi hvað aldursmörk varðar skólakerfi annarra landa. Í því sambandi þarf bæði að skoða tengsl grunnskóla og framhaldsskóla

og tengsl framhaldsskóla og háskóla. Horfið hefur verið frá öllum breytingum sem fyrirhugaðar voru við upphaflega gerð þessa frumvarps í þá átt að stytta framhaldsskólann í þrjú ár, þrátt fyrir viljayfirlýsingu um að stytta nám til stúdentsprófs í nefndaráliti. Sú stytting þyrfti að geta náð til fleiri skóla en áfangaskóla og til fleiri nemenda en þeirra sem þola óhóflegt námsálag. Markviss stefnumörkun þarf að koma til og í framhaldi af henni markvissar aðgerðir allt frá grunnskólastigi til háskólastigs.

3. *Þrátt fyrir yfirlýst markmið um aukna sjálfsstjórn skóla og aukna valddreifingu stefnir í hið gagnstæða á of mörgum sviðum.*

Varla getur það talist valddreifing að fækka í skólanefndum úr sjö fulltrúum í fimm og enn síður að menntamálaráðherra skipi þrjá af fimm skólanefndarmönnum og skipi einn meiri hlutann í skólanefndum allra framhaldsskóla landsins. Það að taka fulltrúa kennara og nemenda úr skólanefndum mun draga úr sjálfsstjórn skóla, sömuleiðis samræmd aðalnámskrá og fækkun bóknámsbrauta.

4. *Aukin áhersla á samkeppni, inntökupróf, samræmd próf og afnám svæðaskiptingar framhaldsskóla mun veikja stöðu þeirra hópa sem ekki ná góðum einkunnum á grunnskólaprófi og stuðla að einhæfari þekkingu en ella. Hætta verður á stöðlun og lagskiptingu „viðurkenndrar" þekkingar.*

Um leið og svæðisskipting framhaldsskólans er afnumin, sem vissulega er auðvelt að rökstyðja í ljósi lýðræðissjónarmiða, aukast líkur á því að þeir sem fá lágar einkunnir komist ekki að í heimaskóla sínum eða þeim skóla sem þeir helst óska sér. Ekki er fyrirséð hver þróunin verður en vafalítið þarf að grípa til markvissra aðgerða fljótlega til að koma í veg fyrir að jafnrétti þegnanna til náms verði fótum troðið. Þó að frá faglegu sjónarmiði sé eðlilegt að tryggja með inntökuprófum að nemar hafi viðeigandi undirbúning fyrir hverja námsbraut verður einnig að huga að félagslegum afleiðingum slíkrar stefnu. Hún getur ýtt undir aukin félagsleg skil milli starfsgreina og að sum þekking þyki æðri en önnur. Líklegt má telja að þessi stefna verði alls ekki til þess fallin að eyða þeim „virðingarmun" á bóknámi og verknámi sem virðist til staðar í þjóðarsálinni. Samræmd próf eru líkleg til að leiða til stagls og þess að ákveðnir megintextar verði á færi allra á kostnað breytileika þekkingarforðans. Því fylgir mikið vald að velja þá „samræmdu" þekkingu sem viðurkennd er, hvað telst „mikilvægur" sannleikur og hvað ekki að mati skólayfirvalda. Hverjum á að færa slíkt vald?

5. *Andstaða kennarasamtaka. Farsælt skólastarf byggist á jákvæðu andrúmslofti og áhugasömum kennurum og nemendum.*

Skólastarf byggist á félagslegum samskiptum og góðu andrúmslofti og því er mjög mikilvægt að lagafrumvörp um skólastarf séu samin í samstarfi við samtök kennara. Við samningu þessa frumvarps var ekki leitað eftir samstarfi við kennarasamtökin og lítið tillit tekið til umsagna þeirra og ábendinga um fjölmargar greinar þess. Á þingi HÍK í nóvember sl. var frumvarpinu hafnað samhljóða í atkvæðagreiðslu. Framhaldskólakennarar komust að þeirri niðurstöðu að það væri ekki til hagsbóta fyrir nemendur, dragi úr möguleikum kennara til að hafa áhrif á stefnumótun í skólum og væri yfirleitt ekki boðberi menntastefnu sem verðskuldaði framgang.

Annar minni hluti telur varhugavert að knýja fram frumvarp um menntastefnu sem ekki hefur hlotið betri undirtektir hjá þeim sem eiga að bera hitann og þungann af framkvæmd hennar. Minna má á að nú liggur fyrir Alþingi annað frumvarp, þ.e. frumvarp-

ið um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, sem einnig er borið fram í mikilli andstöðu við kennarasamtökin, sem og aðra opinbera starfsmenn, og varðar starfskjör þeirra og starfsöryggi.

Auk framangreindrar gagnrýni getur 2. minni hluti tekið undir fjölmargar athugasemdir sem gerðar voru af umsagnaraðilum við velflestar greinar frumvarpsins. Aðeins hluti þeirra hefur verið tekinn til greina af meiri hlutanum. Sérstaklega skal tekið undir mótmæli Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi ákvæði 37. gr. frumvarpsins um að sveitarfélög eigi að leggja til lóðir fyrir framhaldsskóla án kvaða eða gjalda og að þau skuli taka þátt í kostnaði við heimavistir sem hefur í för með sér breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Í ljósi framangreinds mun 2. minni hluti ekki greiða frumvarpinu atkvæði en áskilur sér rétt til að bera fram breytingartillögur og styðja aðrar tillögur sem horfa til bóta.

Alþingi, 2. maí 1996.

Guðný Guðbjörnsdóttir, frsm. Sigríður Jóhannesdóttir.

906. Frumvarp til laga [154. mál]

um tæknifrjóvgun.

(Eftir 2. umr., 3. maí.)

Skilgreiningar.

1. gr.

Tæknifrjóvgun: Getnaður sem verður í framhaldi af tæknisæðingu eða glasafrjóvgun.

Tæknisæðing: Aðgerð þegar sæði er komið fyrir í eða nærri kynfærum konu á annan hátt en með samförum.

Glasafrjóvgun: Aðgerð þegar eggfruma, sem numin hefur verið úr líkama konu, er frjóvguð með sæðisfrumu utan líkamans.

Kynfrumur: Eggfrumur og sæðisfrumur.

Fósturvísir: Frjóvgað egg á öllum þroskastigum þess, allt frá því að það er frjóvgað og þar til það kemst á fósturstig.

Gjafi: Einstaklingur sem leggur öðrum til kynfrumur.

Staðgöngumæðrun: Tæknifrjóvgun framkvæmd á konu sem hyggst ganga með barn fyrir aðra konu og hefur fallist á það fyrir meðgönguna að láta barnið af hendi strax eftir fæðingu.

Almenn ákvæði.

2. gr.

Tæknifrjóvgun má eingöngu framkvæma á heilbrigðisstofnun sem fengið hefur til þess leyfi ráðherra og undir eftirliti sérfræðinga í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp.

Heilbrigðisstofnun sem fær leyfi skv. 1. mgr. er skylt að bjóða pörum sem sækja um tæknifrjóvgunarmeðferð og væntanlegum gjöfum faglega ráðgjöf sérfræðinga, svo sem félagsráðgjafa eða sálfræðinga.

3. gr.

Tæknifrjóvgun má því aðeins framkvæma að:

a. konan, sem undirgengst aðgerðina, sé samvistum við karlmann, í hjúskap eða óvígðri sambúð, sem staðið hafa samfellt í þrjú ár hið skemmsta og að þau hafi bæði samþykkt aðgerðina skriflega og við votta,
b. aldur parsins megi teljast eðlilegur, m.a. með tilliti til velferðar barnsins á uppvaxtarárum,
c. andleg og líkamleg heilsa og félagslegar aðstæður parsins séu góðar og
d. aðrar aðgerðir til að sigrast á ófrjósemi hafi brugðist eða séu ekki tiltækar.

Áður en tæknifrjóvgun fer fram og samþykki skv. a-lið 1. mgr. er veitt skal gefa parinu upplýsingar um meðferðina og þau læknisfræðilegu, félagslegu og lögfræðilegu áhrif sem hún kann að hafa.

Læknir ákveður hvort tæknifrjóvgun fer fram. Synjun má kæra til landlæknis sem sendir kæruna tafarlaust til meðferðar sérstakrar nefndar sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Í nefndinni skulu eiga sæti þrír fulltrúar og jafnmargir til vara, einn lögfræðingur, einn læknir og einn félagsráðgjafi. Ákvörðun nefndarinnar er endanleg.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd ákvæðis þessa, m.a. um heimild til að leita umsagnar barnaverndarnefndar um félagslegar aðstæður parsins.

4. gr.

Læknir, sem annast meðferð, skal velja viðeigandi gjafa.

Óski gjafi eftir nafnleynd er heilbrigðisstarfsfólki skylt að tryggja að hún verði virt. Í þeim tilvikum má hvorki veita gjafa upplýsingar um parið sem fær gjafakynfrumur eða um barnið né veita parinu eða barninu upplýsingar um gjafann.

Óski gjafi ekki eftir nafnleynd skal stofnunin varðveita upplýsingar um hann í sérstakri skrá. Verði til barn vegna kynfrumugjafarinnar skal varðveita upplýsingar um það og parið sem fékk gjafakynfrumurnar í sömu skrá.

Barnið, sem verður til vegna kynfrumugjafar þar sem gjafi óskar ekki eftir nafnleynd, getur er það nær 18 ára aldri óskað eftir aðgangi að skrá skv. 3. mgr. til að fá upplýsingar um nafn gjafans. Nú fær barn upplýsingar um kynfrumugjafa hjá stofnuninni og ber henni þá eins fljótt og auðið er að tilkynna honum um upplýsingagjöfina.

Tæknisæðing með gjafasæði.

5. gr.

Tæknisæðingu með gjafasæði má því aðeins framkvæma að frjósemi karlmannsins sé skert, hann haldinn alvarlegum erfðasjúkdómi eða aðrar læknisfræðilegar ástæður mæli með notkun gjafasæðis.

Glasafrjóvgun.

6. gr.

Glasafrjóvgun má því aðeins framkvæma að notaðar séu kynfrumur parsins. Þó skal heimilt að nota gjafakynfrumur ef frjósemi karlsins eða konunnar er skert, annað þeirra haldið alvarlegum erfðasjúkdómi eða aðrar læknisfræðilegar ástæður mæla með notkun gjafakynfrumna.

Gjöf fósturvísa er óheimil.

Staðgöngumæðrun er óheimil.

Geymsla kynfrumna og fósturvísa.

7. gr.

Geymsla kynfrumna og fósturvísa er eingöngu heimil á heilbrigðisstofnun sem fengið hefur leyfi ráðherra til að framkvæma tæknifrjóvgun, sbr. 2. gr.

8. gr.

Kynfrumur má því aðeins geyma að tilgangurinn sé:

a. eigin notkun síðar,
b. gjöf í rannsóknarskyni eða
c. gjöf kynfrumna til notkunar við tæknifrjóvgun.

Sá sem leggur kynfrumur til skal veita skriflegt samþykki fyrir geymslunni í samræmi við tilgang hennar, enda hafi honum áður verið veittar upplýsingar um áhrif geymslunnar á kynfrumurnar og hin almennu skilyrði sem sett eru fyrir geymslu kynfrumna í lögum þessum og reglum samkvæmt þeim.

9. gr.

Fósturvísa má geyma í þeim tilgangi að koma þeim fyrir í konu þeirri sem lagði eggfrumurnar til eða eiginkonu eða sambýliskonu karlmannsins sem lagði til sæðisfrumur. Geymsla fósturvísa í öðrum tilgangi er óheimil.

Geymsla fósturvísa er háð því skilyrði að karlmaður sá og kona, sem leggja kynfrumurnar til, veiti skriflegt samþykki fyrir geymslunni í samræmi við tilgang hennar, enda hafi þeim áður verið veittar upplýsingar um áhrif geymslunnar á fósturvísana og hin almennu skilyrði sem sett eru fyrir geymslu kynfrumna og fósturvísa í lögum þessum og reglum samkvæmt þeim.

Fósturvísa má eingöngu nota í samræmi við samþykki þeirra sem lögðu kynfrumurnar til.

10. gr.

Ráðherra skal setja reglur um hve lengi má geyma kynfrumur og fósturvísa í samræmi við bestu læknisfræðilega þekkingu á hverjum tíma.

Að hámarksgeymslutíma liðnum skal eyða ónotuðum kynfrumum og fósturvísum.

Nú er hámarksgeymslutími kynfrumna ekki liðinn en sá sem lagði til kynfrumur andast og skal þá eyða ónotuðum kynfrumum nema tilgangur geymslunnar hafi verið gjöf kynfrumna til notkunar við tæknifrjóvgun.

Nú er hámarksgeymslutími fósturvísa ekki liðinn en karlmaður sá og kona, sem lögðu kynfrumurnar til, slíta hjúskap eða sambúð og skal þá eyða fósturvísunum. Sama gildir ef annað þeirra andast nema um gjöf kynfrumna til notkunar við tæknifrjóvgun hafi verið að ræða.

Rannsóknir á fósturvísum.

11. gr.

Hvers konar rannsóknir, tilraunir og aðgerðir á fósturvísum skulu vera óheimilar. Þó skal heimilt að gera rannsóknir á fósturvísum:

a. ef þær eru liður í glasafrjóvgunarmeðferð,
b. ef þeim er ætlað að greina arfgenga sjúkdóma í fósturvísunum sjálfum.
c. ef þær miða að framförum í meðferð vegna ófrjósemi eða
d. ef þær eru ætlaðar til aukins skilnings á orsökum meðfæddra sjúkdóma og fósturláta.

12. gr.

Óheimilt er:

a. að rækta eða framleiða fósturvísa eingöngu í þeim tilgangi að gera á þeim rannsóknir,
b. að rækta fósturvísa lengur en í 14 daga utan líkamans eða eftir að frumrákin kemur fram,
c. að koma mannlegum fósturvísum fyrir í dýrum og
d. að framkvæma einræktun.

Lokaákvæði.

13. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara. Í þeim skal m.a. fjalla um:

a. undirbúning væntanlegra foreldra vegna meðferðarinnar, m.a. aðgang þeirra að ráðgjöf,
b. notkun gjafakynfrumna, m.a. um notkun gjafakynfrumna innan fjölskyldu,
c. geymslutíma fósturvísa,
d. vísindarannsóknir á fósturvísum, sbr. c- og d-lið 11. gr., og vísindasiðanefnd sem fjalli um slíkar rannsóknir.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að þremur mánuðum.

Fyrir hlutdeild í broti skal refsa á sama hátt, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1996, og skulu á sama tíma liggja fyrir reglur skv. 13. gr. um framkvæmd tæknifrjóvgunar sem ráðherra setur.

907. Lög [232. mál]

um breytingu á lögum nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði.

(Afgreidd frá Alþingi 3. maí.)

Samhljóða þskj. 854 með þessum breytingum:

F-liður 18. gr. (79. gr.) hljóðar svo:

Stefnt skal að því að heildareign innstæðudeildar tryggingarsjóða innlánsstofnana nemi a.m.k. 1% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári. Hafi heildareign ekki náð lágmarki skv. 1. málsl. skulu allir viðskiptabankar og sparisjóðir greiða eigi síðar en 1. mars ár hvert gjald til sjóðsins er nemur 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði á næstliðnu ári, sbr. þó viðmiðunarmörk skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar. Þar til heildareign deildarinnar hefur náð tilskildu lágmarki skal hver viðskiptabanki og sparisjóður leggja fram ábyrgðaryfirlýsingu fyrir jafnháum hlut af þeirri fjárhæð er á vantar til að lágmarkinu hafi verið náð og nemur hlut tryggðra innstæðna hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs af samanlögðum tryggðum innstæðum. Greiðslur til sjóðsins eru óendurkræfar.

Nýr viðskiptabanki eða sparisjóður skal greiða sérstaklega til sjóðsins 1. mars ár hvert í sjö ár frá því að hann hefur starfsemi hér á landi 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði á næstliðnu ári, í fyrsta sinn fullu ári eftir upphaf starfseminnar. Auk þess leggur hlutaðeigandi viðskiptabanki eða sparisjóður fram ábyrgðaryfirlýsingu er stjórn sjóðsins metur gilda fyrir mismun á greiðslu til sjóðsins og lágmarki skv. 1. málsl. þessarar greinar samkvæmt nánari ákvæðum er ráðherra setur í reglugerð.

Nú hrökkva eignir tryggingarsjóða innlánsstofnana ekki til þess að greiða heildarfjárhæð tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði og skal þá greiðslu úr sjóðnum skipt þannig milli innstæðueigenda að heildarinnstæða hvers innstæðueiganda allt að 1,7 milljónum króna er bætt að fullu en allt sem umfram er þessa fjárhæð skal bætt hlutfallslega jafnt eftir því sem eignir sjóðsins hrökkva til. Fjárhæð þessi skal bundin við gengi evrópsku mynteiningarinnar ECU miðað við kaupgengi hennar 3. janúar 1995. Sjóðurinn verður ekki síðar krafinn um frekari greiðslu þótt innstæða hafi ekki verið bætt að fullu. Kröfur um innborgun í sjóðinn á grundvelli ábyrgðaryfirlýsinga geta á hverju ári ekki verið hærri en sem nemur einum tíunda hluta af lágmarksstærð sjóðsins skv. 1. mgr. þessarar greinar. Telji stjórn sjóðsins brýna ástæðu til er henni heimilt að taka lán til að greiða innstæðueigendum hrökkvi eignir sjóðsins ekki til.

Komi til greiðslu úr tryggingarsjóðum innlánsstofnana yfirtekur hann kröfu innstæðueiganda á hendur hlutaðeigandi viðskiptabanka, sparisjóði eða þrotabúi.

26. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 8. gr. koma þó ekki til framkvæmda fyrr en 1. júlí 1996. Jafnframt falla brott 5.–7. gr. laga nr. 16/1993, um ráðstafanir til að efla eiginfjárstöðu innlánsstofnana.

Þegar lögin hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði, og gefa þau út svo breytt með samfelldri greinatölu og kaflanúmerum.

Ákvæði til bráðabirgða hljóða svo:

I.

Víkjandi lán, sem viðskiptabanki eða sparisjóður hefur tekið fyrir gildistöku laga þessara og greiðast skulu niður með afborgunum, eru undanþegin ákvæði 3. málsl. 1. tölul. 4. mgr. 54. gr. laganna um endurgreiðslu víkjandi lána sem teljast til eiginfjárþáttar B.

II.

Ríkissjóður yfirtekur frá og með gildistöku laga þessara allar eignir og skuldir lánadeildar Tryggingarsjóðs viðskiptabanka.

III.

Tryggingarsjóður sparisjóða skal aðlaga samþykktir sínar ákvæðum laganna á fyrsta aðalfundi eftir gildistöku þeirra.

IV.

Ríkisviðskiptabanka er fram til 31. desember 1997 heimilt að taka víkjandi lán til endurfjármögnunar víkjandi lánum er bankinn hefur tekið. Hámarksheimild samkvæmt þessu ákvæði miðast við þá fjárhæð sem slík lán námu 1. janúar 1994.

908. Lög [233. mál]

um breytingu á lögum um einkaleyfi, nr. 17/1991, með síðari breytingum, lögum um vörumerki, nr. 47/1968, með síðari breytingum, og lögum um hönnunarvernd, nr. 48/1993.

(Afgreidd frá Alþingi 3. maí.)

Samhljóða þskj. 895.

909. Fyrirspurn [508. mál]

til samgönguráðherra um símgjöld stjórnmálasamtaka.

Frá Kristínu Halldórsdóttur.

1. Hvaða afslátt frá gjaldskrá, eða önnur sérkjör, bauð Póstur og sími stjórnmálasamtökum fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 1994 og alþingiskosningarnar 1995?
2. Hvert var umfang viðskiptanna og hvað má meta ívilnanir stofnunarinnar til mikils fjár?
3. Hvaða skilyrði þurfa framboð að uppfylla til að njóta þessara kjara?

Skriflegt svar óskast.

910. Breytingartillaga [94. mál]

við frv. til l. um framhaldsskóla.

Frá Ragnari Arnalds, Steingrími J. Sigfússyni og Kristni H. Gunnarssyni.

Við 37. gr.

a. Orðin „og heimavista við þá“ í 1. málsl. 4. mgr. falli brott.
b. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Kostnað við byggingu heimavistar greiðir ríkissjóður að fullu.

911. Fyrirspurn [509. mál]

til umhverfisráðherra um efnistöku úr Seyðishólum.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Er ráðherra kunnugt um mikla andstöðu þúsunda sumarhúsaeigenda í Árnessýslu við þá fyrirætlan sveitarstjórnar Grímsneshrepps að leyfa efnistöku úr Seyðishólum?
2. Er það að mati ráðherra merki um góða stjórnsýsluhætti að Grímsneshreppur sé í senn eftirlitsaðili með að samningar séu haldnir um malarnámið, samningsaðili námaeiganda og umsagnaraðili um fyrirhugaðar framkvæmdir?
3. Var félögum sumarhúsaeigenda á svæðinu gefinn kostur á að gefa ráðherra sitt álit um málið?
4. Hyggst ráðherra veita umbeðið leyfi fyrir efnistöku einhliða eða eru uppi hugmyndir um að ná samkomulagi við sumarhúsaeigendur á svæðinu?

912. Nefndarálit [372. mál]

um frv. til l. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um málið og fengið á fundi til sín Eirík Tómasson prófessor, Magnús Pétursson og Gunnar Björnsson frá fjármálaráðuneyti, Birgi Guðjónsson, formann samninganefndar ríkisins, Mörthu Á. Hjálmarsdóttur, Elnu Katrínu Jónsdóttur, Birgi Björn Sigurjónsson og Gunnar Ármannsson frá Bandalagi háskólamanna, Sólveigu Bachmann og Júlíus Smára frá Stéttarfélagi lögfræðinga í ríkisþjónustu, Baldur Pétursson og Margréti Hauksdóttur frá Félagi háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins, Hjalta Hugason, Oddnýju G. Sverrisdóttur og Snjólf Ólafsson frá Félagi háskólakennara, Eddu Sóleyju Óskarsdóttur frá Meinatæknafélagi Íslands, Jóhönnu Kristjánsdóttur frá Stéttarfélagi sjúkraþjálfara, Einar Kjartansson frá Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Ástu Möller frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Brynju R. Guðmundsdóttur frá Félagi tækniskólakennara, Sjöfn Ingólfsdóttur, Rannveigu Sigurðardóttur og Gest Jónsson frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Eirík Jónsson og Ingiberg Elíasson frá

Kennarasambandi Íslands, Friðbert Traustason frá Sambandi íslenskra bankamanna, Jónas Magnússon, Baldvin Einarsson, Jóhannes Jensson og Óskar Bjartmarz frá Landssambandi lögreglumanna, Kristínu Þórarinsdóttur og Samúel Inga Þórisson frá Tollvarðafélagi Íslands, Kristínu Á. Guðmundsdóttur og Gunnar Gunnarsson frá Sjúkraliðafélagi Íslands, Allan Vagn Magnússon og Markús Sigurbjörnsson frá Dómarafélagi Íslands, Geir Waage frá Prestafélagi Íslands, Sveinbjörn Björnsson, rektor Háskóla Íslands, Þórarin V. Þórarinsson og Hrafnhildi Stefánsdóttir frá Vinnuveitendasambandi Íslands og Björn Grétar Sveinsson, Þórunni Sveinbjörnsdóttur og Ástráð Haraldsson frá Alþýðusambandi Íslands. Þá fékk nefndin einnig sendar umsagnar um málið frá Bandalagi háskólamanna, Stéttarfélagi lögfræðinga í ríkisþjónustu, Félagi háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Félagi háskólakennara, Kennarafélagi KHÍ, Stéttarfélagi sjúkraþjálfara, Meinatæknafélagi Íslands, Félagi tækniskólakennara, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Iðjuþjálfafélagi Íslands, Stéttarfélagi sálfræðinga á Íslandi, Félagi fréttamanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Sjúkraliðafélagi Íslands, Starfsmannafélagi ríkisstofnana, Starfsmannafélagi Selfosskaupstaðar, Starfsmannafélagi Vestmannaeyjabæjar, Félagi opinberra starfsmanna í Húnavatnssýslum, Félagi opinberra starfsmanna á Suðurlandi, Starfsmannafélagi Akureyrarbæjar, Starfsmannafélagi Dala- og Snæfellsnessýslu, Félagi opinberra starfsmanna á Austurlandi, Starfsmannafélagi Borgarbyggðar, Starfsmannafélagi Sauðárkróks, Félagi starfsmanna Stjórnarráðsins, Starfsmannafélagi Akraness, Félagi íslenskra símamanna, Starfsmannafélagi Kópavogs, Félagi flugmálastarfsmanna ríkisins, Póstmannafélagi Íslands, Félagi íslenskra leikskólakennara, Starfsmannafélagi Ólafsfjarðar, Starfsmannafélagi Seltjarnarness, Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, Starfsmannafélagi Sjónvarpsins, Félagi opinberra starfsmanna á Vestfjörðum, Starfsmannafélagi Húsavíkur, Starfsmannafélagi Siglufjarðarkaupstaðar, Tollvarðafélagi Íslands, Landssambandi lögreglumanna, Landssambandi slökkviliðsmanna, Kennarasambandi Íslands, Sambandi íslenskra bankamanna, Alþýðusambandi Íslands, Félagi starfsmanna Alþingis og Starfsmannafélagi Ríkisendurskoðunar, Dómarafélagi Íslands, Prestafélagi Íslands, Háskóla Íslands, skrifstofu jafnréttismála, Vinnumálasambandinu og Eyþingi.

Frumvarpið er tillaga ríkisstjórnarinnar að heildarlöggjöf um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Í I. hluta frumvarpsins eru almenn ákvæði, þ.e. um gildissvið þeirra, hvaða skilyrði verði að vera uppfyllt til að hægt sé að veita starf og um réttindi starfsmanna ríkisins og skyldur.

Í II. hluta eru sérstök ákvæði um embættismenn, þ.e. skipun þeirra, lausn frá embætti og sérstakar skyldur.

Í III. hluta eru ákvæði um aðra starfsmenn ríkisins en embættismenn og þar er greint frá lagaákvæðum um ráðningu og starfslok og sérstök réttindi.

Í IV. hluta eru önnur ákvæði, þ.e. ýmis sérákvæði, gildistökuákvæði og ákvæði til bráðabirgða.

Rökstuðningur ríkisstjórnarinnar í greinargerð er helst sá að með þessu frumvarpi eigi að

— marka nýja starfsmannastefnu ríkisins og
— auka valddreifingu og sveigjanleika í starfsmannahaldi, auk þess sem
— launakerfið sé einfaldað og
— jafnrétti aukið.

Einnig er því markmiði lýst í greinargerðinni að ríkið og stofnanir þess verði fyrsta flokks vinnuveitendur.

Þótt markmiðin séu háleit er langt frá því að efnisatriði frumvarpsins nái yfir þau eða feli í sér í nútímalega löggjöf á þessu sviði. Frumvarpið er *samið einhliða* af embættismönnum ríkisvaldsins, en stéttarfélög sem málið varðar fengu hvorki að koma að samningu frumvarpsins né var þeim gefinn kostur á að koma með ábendingar þegar frumvarpið var í vinnslu. Þetta er mjög ámælisvert þegar verið er að fjalla um atriði sem varða samskipti ríkisvalds og starfsmanna þess.

Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eru frá 1954 eða meira en 40 ára gömul. Því er ljóst, þótt nauðsyn sé á að endurskoða lögin, að það er vandmeðfarið verk sem útheimtir samvinnu þeirra aðila sem málið varðar. Þótt réttur löggjafans til lagasetningar sé ótvíræður hefur það ekki gerst áður að lagt sé fram frumvarp til laga sem kveði á um skipulag á opinberum vinnumarkaði og unnið *án samráðs við stéttarfélög* starfsmanna.

Frumvarpið skiptir starfsmönnum ríkisins í *tvo meginflokka*, þ.e. embættismenn, sem eiga að vera tiltölulega fáir, og aðra almenna starfsmenn. Þess ber að geta að lögin ná til allra starfsmanna ríkisins, einnig þótt þeir séu í verkalýðsfélögum sem teljast til hins almenna vinnumarkaðar.

Með frumvarpinu eru gerðar breytingar á efnisatriðum sem tengjast kjarasamningum opinberra starfsmanna. Það eru mjög ámælisverð vinnubrögð að löggjafinn *breyti einhliða ákvæðum kjarasamninga*. Helst má nefna tvö atriði sem ótvírætt rýra núverandi samninga starfsmanna ríkisins, þ.e. ákvæði um það sem nefnt hefur verið *biðlaunaréttur* og
æviráðning. Biðlaun eru skert í þessu frumvarpi og biðlaunaréttur felldur niður hjá nýjum starfsmönnum. „Æviráðning“ er afnumin, þ.e. gert er ráð fyrir gagnkvæmum uppsagnarfresti almennra starfsmanna og embættismenn skulu ráðnir tímabundið til fimm ára. Bæði þessi atriði eru í kjarasamningum og móta meðal annars launakjör starfsmanna ríkisins.

Geta má þess í sambandi við „æviráðningu“ að fjölmargir starfsmenn ríkisins hafa hingað til sætt sig við lægri laun vegna þess að ekki hefur verið gagnkvæmur uppsagnarfrestur. Þessi réttur er einhliða afnuminn hjá nýjum starfsmönnum án þess að þeim sé gefinn kostur á að sætta sig við gagnkvæman uppsagnarfrest eða takmarkaðan ráðningartíma gegn betri kjörum eins og þekkist á almennum markaði. Vitaskuld er það eins og blaut tuska framan í starfsmenn ríkisins þegar með einhliða ákvörðun er tekinn af mönnum réttur sem hingað til hefur verið metinn til launa og menn fá ekki tækifæri til að takast á um málið í kjarasamningum.

Með frumvarpinu er veikt staða ýmissa réttinda svo sem
— veikindaréttar,
— fæðingarorlofs og
— málskotsréttar.

Hafa þarf í huga að löggjöf um skipulag á vinnumarkaði markar umgjörð kjarasamninga sem hefur vitaskuld áhrif þegar tekist er á um kaup og kjör í almennum kjarasamningum. Því er mjög ámælisvert af hálfu ríkisstjórnarinnar að *breyta samningsumgjörðinni einhliða.*

Minni hluti nefndarinnar mótmælir harðlega þeim vinnubrögðum að ríkisvaldið beiti meiri hluta sínum á Alþingi til að breyta einhliða ákvæðum kjarasamninga í stað þess að taka þau efnisatriði upp við samningagerð og finna þá lausn sem heppileg getur talist.

Þannig á að gefa starfsmönnum kost á að fara fram á hærri laun í kjarasamningum ef réttindi verða minnkuð. Réttindi opinberra starfsmanna vinnast ýmist í áföngum, þ.e. *ávinnsla*, eða þau eru *áunnin*. Með ávinnslu er átt við rétt til að halda áfram að byggja ofan á réttindi, sbr. lífeyrisréttindi. Ljóst er að ekki er heimilt að raska áunnum réttindum án bóta, enda getur verið um brot á stjórnarskrá að ræða. Afnám biðlaunaréttar er dæmi um slíkt.

Rétt er að minna á *yfirlýsingar forsætisráðherra* um flutning á grunnskólum til sveitarfélaga, þ.e. að ekki yrðu skert áunnin réttindi né þau sem starfsmenn mættu vænta í framtíðinni í tengslum við lífeyrissjóðsmál. Engar slíkar yfirlýsingar hafa verið gefnar varðandi þetta frumvarp og er m.a. í ýmsu gengið á ávinnslurétt opinberra starfsmanna. Minni hlutinn mótmælir þessu og bendir á misræmi milli yfirlýsinga og gerða ríkisstjórnarinnar.

Grundvallaratriði í þessu sambandi er að *frjáls samningsréttur* er í landinu sem hefur verið virtur um áratuga skeið. Með þessu frumvarpi og öðru frumvarpi, sem einnig liggur fyrir þinginu, um *stéttarfélög og vinnudeilur*, er hins vegar vegið harkalega að þeirri grundvallarreglu stjórnskipunar okkar.

Hafa ber skýrt í huga að *laun eru almennt lægri hjá starfsmönnum ríkisins* en hjá starfsmönnum á hinum almenna vinnumarkaði og hefur svo verið um langt skeið. Á móti hafa starfsmenn ríkisins búið við meira *starfsöryggi* sem m.a. markast af þeim lögum sem hér er verið að fella úr gildi. Sú aðferðafræði að breyta þessu einhliða með löggjöf gengur þvert á allar venjur í samskiptum vinnuveitanda og starfsmanna hans og er að mati ýmissa lögfræðinga talin *brjóta í bága við alþjóðasamninga* sem Íslendingar eru aðilar að.

Einnig eru í frumvarpinu gerðar róttækar *breytingar á réttarstöðu* ýmissa starfsmanna ríkisins þar sem margir þeirra eru gerðir að embættismönnum og þar með tekinn af þeim samnings- og verkfallsréttur. Það mál hefði vitaskuld þurft að ræða ítarlega við stéttarfélögin og taka upp í kjarasamningum.

Frumvarpið bindur í lög fjölmörg atriði sem eru gerólík því sem gerist á almennum vinnumarkaði, þótt markmið frumvarpshöfunda sé að líkja sem mest eftir aðstæðum þar. Hér má nefna ákvæði um skyldu til yfirvinnu, uppsagnir við langvarandi veikindi, framlengingu á uppsagnarfresti og engar stjórnir að baki forstöðumönnum auk annarra atriða.

Í umsögnum sem efnahags- og viðskiptanefnd hafa borist um frumvarpið leggjast öll stéttarfélög gegn ákvæðum þess. Ekki er að finna eina einustu jákvæða umsögn um það nema stuðningur er við það hjá samtökum vinnuveitenda.

Vegið að rótum stéttarfélaganna.

Í frumvarpinu er vegið mjög harkalega að grundvelli stéttarfélaganna, þ.e. með ákvæðum í 47. gr. frumvarpsins. Þar segir að kjósi starfsmaður að standa utan stéttarfélags skuli hann njóta sömu launa og launakjara og samið hefur verið um í kjarasamningum fyrir sambærileg störf. Starfsmaðurinn þarf ekki að greiða gjald til stéttarfélags eins og verið hefur og kveðið er á um í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Fjármálaráðherra skal ákveða laun og launakjör þeirra starfsmanna sem standa utan stéttarfélaga ef starf það sem hlutaðeigandi gegnir fellur ekki innan samningssviðs einhvers ákveðins félags.

Þarna er opnaður möguleiki á því að starfsmenn geti staðið *utan stéttarfélaga* og taki mið af kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags án þess að taka nokkurn fjárhagslegan þátt í kostnaði við samningsgerð. Þessir einstaklingar geta byggt á sjálfstæðum launasamningi við vinnuveitanda. Hér er farið út á þá braut að kjarasamningsgerð verði gerð á einstaklingsbundnum grunni án aðildar stéttarfélags. Þetta er gróft brot á því fyrirkomulagi sem ríkt hefur hér um áratuga skeið, að samningsréttur og félagafrelsi launþega við kjarasamningsgerð hefur ótvírætt verið tryggt.

Hér er bersýnilega ætlunin að opna möguleika á því að *brjóta niður stéttarfélögin* sem þann aðila sem fer með kjarasamninga. Í 7. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna er kveðið á um starfsmenn utan stéttarfélaga. Um sérlög er að ræða sem ganga lengra en heildarlöggjöfin. Bersýnilegt er þó ef þessar tvær greinar eru lesnar saman að þarna skapast réttaróvissa og vegið er mjög harkalega að rótum félagafrelsis og stéttarfélaga, enda má benda á að félagafrelsi er tryggt í stjórnarskrá.

Með þessu frumvarpi er:

— brotið gegn eðlilegum samræðuvettvangi sem undirbúningi fyrir lagasmíð,
— gripið einhliða inn í kjarasamninga og
— vegið að rótum skipulags stéttarfélaga á opinberum markaði.

Stefna ríkisstjórnarinnar, sem endurspeglast í frumvarpinu, hefur *ekkert með nútímalega stjórnarhætti að gera* heldur er löggjöfin einungis sett til að þrengja möguleika starfsmanna til að koma að samningum um réttindi og kjör með skipulögðum hætti.

Gengið á rétt starfsmanna.

— Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið skýrt á um að frumvarpið *taki ekki til starfsmanna hlutafélaga eða annarra félaga* þótt þau séu að öllu leyti í eigu ríkisins og þau taka ekki heldur til starfsmanna stofnana sem eru að einhverju eða öllu leyti í eigu annarra en ríkisins þótt þær séu reknar fyrir framlög frá ríkinu. Þetta ákvæði þýðir m.a. að verði rekstrarformi ríkisstofnana breytt í hlutafélagsform hverfi allir starfsmenn þeirra félaga sjálfkrafa úr lagaumgjörð um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Um þá starfsmenn munu gilda lög um stéttarfélög og vinnudeilur.
— Í frumvarpinu er *skertur möguleiki starfsmanna til að tala máli sínu* og skjóta ákvörðun yfirmanns til *æðra stjórnsýslustigs*. Með þessari útfærslu eru ákvæði nýsettra *stjórnsýslulaga gerð óvirk*. Þetta er mjög alvarlegt og minni hlutinn mótmælir þessum vinnubrögðum og þeirri fyrirætlun að þrengja að eðlilegum lýðræðislegum rétti starfsmanna sem hefur verið tryggður með sérstökum hætti í öðrum lögum.
— Þess má geta að *starfsmanni verður samkvæmt frumvarpinu skylt að vinna yfirvinnu,* en engin slík ákvæði gilda um almenna markaðinn sem frumvarpshöfundar bera sig saman við. Hér er um að ræða íþyngjandi ákvæði fyrir starfsmenn ríkisins án þess að gefinn sé kostur á að taka þau mál upp í kjarasamningum. Ef menn telja rétt að hafa slík íþyngjandi ákvæði á það að endurspeglast í hærri launum.
— Ámælisvert er að í frumvarpinu er kveðið á um að verði um *langvarandi veikindi starfsmanns* að ræða sé *skylt að leysa hann frá störfum*. Þetta ákvæði lýsir vel hugsunarhætti frumvarpshöfunda, þ.e. að ganga skuli á rétt starfsmanna alls staðar þar sem kostur er.
— Áberandi er í frumvarpinu að *fjármálaráðuneytið sankar að sér eins miklum völdum* og hægt er í stjórnsýslu ríkisins með útfærslu einstakra greina þess í stað þess að byggja upp fagráðuneytin sem hina eðlilegu eftirlitsaðila.

— Einnig er ámælisvert að í frumvarpinu er kveðið á um vald til að *framlengja uppsagnarfrest* í allt að sex mánuði ef margir leita lausnar samtímis. Þetta ákvæði þekkist ekki á almennum vinnumarkaði og hefði vitaskuld átt að taka það upp í kjarasamningum. Ef menn telja nauðsyn á að hafa slíkt ákvæði vegna sérstöðu ýmissa starfa á vegum ríkisins á það jafnframt að koma fram í hærri launum.
— Sömuleiðis er frumvarpinu mjög ábótavant að því leyti að *ekki er tekið á kjarasamningsferli hjá* ríkinu. Kjarasamningar á vegum ríkisins fara þannig fram að ein miðstýrð nefnd, samninganefnd ríkisins, sem starfar á vegum fjármálaráðuneytisins, gerir alla kjarasamninga við ríkisstarfsmenn. Engin tilraun er gerð í frumvarpinu til að brjóta þessa miðstýringu á bak aftur og stokka upp það launakerfi sem opinberir starfsmenn búa við nú.
— Það er mat langflestra sem um það mál hafa fjallað að *launakerfið sé ónýtt* og þurfi algerrar endurnýjunar við. Hið ónýta launakerfi lýsir sér m.a. í að það er ógagnsætt, greiðslur fyrir óunna yfirvinnu eru algengar, enginn hvati er byggður inn í kerfið, það tekur ekki mið af ólíkum aðstæðum innan ríkiskerfisins, mælir ekki mismunandi álag starfsmanna og er flókið, miðstýrt og svifaseint samningaferli, í því að erfitt er að leiðrétta rangfærslur og í lítilli aðlögunarhæfni að breyttum aðstæðum. Ekkert er fjallað um bætt og betra launakerfi í þessu frumvarpi. Það hefði verið til bóta ef vald til kjarasamninga hefði verið fært betur út til fagráðuneyta eða einstakra stofnana með skipulögðum hætti þar sem starfsmannaráð og stéttarfélög hefðu getað mætt viðræðunefndum ríkisvaldsins á jafnréttisgrundvelli.
— Frumvarpið *eykur vald vinnuveitandans mikið miðað við hinn almenna vinnumarkað* og þykir vald vinnuveitenda þar þó vera verulegt. Þannig stríðir það gegn öllum venjum sem eiga að ríkja í samskiptum vinnuveitenda og starfsmanna.
— Í frumvarpinu *skortir algerlega stefnumótun hvað snertir samningsstöðu stéttarfélaga* við ríkisvaldið og stofnanir þess. Það felur í sér *lélegri ráðningarfestu* en verið hefur. Það vantar algerlega farveg ef deilur verða milli forstöðumanns og starfsmanna einstakra stofnana. Þetta frumvarp gengur raunverulega út á það að geðþóttavald forstöðumanna ráði ríkjum í opinberri stjórnsýslu.
— Frumvarpið ber öll merki þess að hagsmunir ríkisvaldsins sem vinnuveitanda ganga eins og rauður þráður í gegnum það. Það gengur á réttindi starfsmanna og möguleika þeirra til að hafa áhrif á sitt starfsumhverfi. Þetta er *siðlaus lagasetning* og í andstöðu við nútímastjórnarhætti miðað við hvernig fyrirtækjarekstur og opinber stjórnsýsla hefur þróast í nágrannalöndunum.
— Í frumvarpið vantar algjörlega ákvæði um *starfsmannaráð* í einstökum stofnunum. Það vantar í það ákvæði um *skyldu til samráðs og samstarfs* við stéttarfélög eða samtök þeirra þegar kemur að ákvörðunum sem varða starfsmenn sjálfa, svo sem um setningu reglna við yfirborganir. Hafa ber í huga að ríkisstarfsmenn eru 25 þúsund talsins og vitaskuld er mjög mikilvægt að gætt sé eðlilegs samráðs í stjórnsýslunni.
— Frumvarpið er allt of hrátt til að hægt sé að vinna eftir því af nokkru viti. Ítrekaðar ábendingar, bæði minni hlutans og forsvarsmanna stéttarfélaga, um að málið yrði skoðað betur voru hundsaðar. Meiri hlutinn afgreiddi málið löngu áður en það var tilbúið til frekari þinglegrar afgreiðslu.
— Í frumvarpinu ríkir mikil óvissa um réttarstöðu ýmissa stétta. Þannig má geta þess að stöðu *lögreglumanna, tollvarða og fangavarða* er breytt verulega í frumvarpinu og í breytingartillögum meiri hlutans. Ekki hefur verið haft eðlilegt samráð við stéttarfélögin og nauðsynleg umræða hefur ekki farið fram meðal félagsmanna þeirra.

Einnig má geta þess að *réttarstaða presta og prófasta*, en um þá gildir sérstaða í íslenskum rétti, hefur ekki verið skoðuð vandlega.

— Ýmislegt bendir til þess að athuga hefði þurft betur fyrirkomulag á *réttarstöðu prófessora og annarra starfsmanna Háskóla Íslands*, en ljóst er að fyrirkomulag kjarasamninga á þeim vettvangi gerir það að verkum að ekki er hægt með einhliða hætti að kveða á um breytingar án þess að það sé rætt ítarlega við kjarasamningagerð.
— Í nefndinni var rætt m.a. um að *skipa þyrfti einstökum stofnunum og fyrirtækjum ríkisins stjórnir* þar sem það á við til að forstöðumenn með hið aukna vald sitt lytu virku eftirliti. Ekki var neitt tillit tekið til þessara ábendinga þannig að miðstýringarvaldið er látið ná fram að ganga með tillögum meiri hlutans.
— Ekki er tekið á þeirri staðreynd að fjölmargir starfsmenn ríkisins eru með „æviráðningu", þ.e. ekki með gagnkvæman uppsagnarfrest. Þessir menn munu starfa við hlið nýrra starfsmanna ríkisins sem eru með gagnkvæman uppsagnarfrest eða tímabundna ráðningu. *Engin tilraun er gerð til að reyna að fella þessi tvö ólíku kerfi saman*, t.d. á þann hátt að þeir sem væru með „æviráðningu" á eldri kjörum gætu átt þess kost að fara inn í hið nýja réttarkerfi og þá á hærri launum gegn því að afsala sér æviráðningunni. Engin ákvæði eru í frumvarpinu um slíkan feril.
— Einnig hefur verið bent á að til bóta væri ef forstöðumenn stofnana og fyrirtækja og æðstu embættismenn *gerðu nánar grein fyrir starfsemi sinna stofnana*, t.d. gagnvart viðkomandi þingnefnd þegar það á við. Enginn slíkur ferill er í frumvarpinu né gert ráð fyrir honum í greinargerð eða í breytingartillögum meiri hlutans.
— Vafasamt er að *takmarka auglýsingar á lausum stöðum* hjá ríkinu eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.
— Gerð er alvarleg athugasemd við það að heimilt verður að *framlengja stöður yfirmanna ríkisins án auglýsinga* þannig að í reynd getur verið um að ræða framlengingu á ráðningu óhæfra yfirmanna í ríkisþjónustu um mörg ár án þess að neitt virkt eftirlit sé með starfseminni.
— Lögfesta hefði átt með skilmerkilegum hætti að *reglur fjármálaráðherra um yfirborgunarvald forstöðumanns yrðu settar í samráði við stéttarfélög og/eða starfsmannaráð* einstakra stofnana. Þetta eftirlitslausa vald, sem ætlunin er að lögfesta, er mikill galli á frumvarpinu.
— Einnig hefði verið nauðsynlegt að takmarka möguleika forstöðumanna ríkisins á að *framselja vald* sitt þannig að ótvírætt væri hvar það vald lægi.
— Takmarkanir á rétti embættismanna til að *starfa að málefnum sem tengjast kjaramálum* eru síður en svo til bóta og vega harkalega að stjórnarskrárvörðum mannréttindum einstaklingsins um málfrelsi.

Aukið vald forstöðumanna.

Eitt af meginatriðum frumvarpsins, og það sem frumvarpshöfundar lofa hvað mest, er að forstöðumönnum ríkisstofnana er *falið meira vald* í stjórnsýslunni, þar á meðal til að ákvarða viðbótarlaun til einstakra starfsmanna sem sýnt hafa sérstaka hæfni í starfi. Ekki er í frumvarpinu á neinn hátt lýst með hvaða hætti skuli gera þetta og þrátt fyrir ítrekaðar óskir minni hlutans um að fá reglur sem ætlunin er að vinna eftir hefur ekkert slíkt verið lagt fram í nefndinni. Það er bersýnilegt að *engar slíkar reglur eru til*. Með þessu ákvæði er forstöðumönnum falið mikið vald til eftirlitslausra launaákvarðana og geta þeir hyglað einstökum starfsmönnum án nokkurra afskipta, t.d. af hálfu stéttarfélaganna.

Ein röksemd frumvarpshöfunda er að slíkt fyrirkomulag svari til þess sem er á almennum markaði. Hér er um mikinn *misskilning* að ræða. Á almennum markaði hefur framkvæmdastjóri fyrirtækis vissulega vald og möguleika til að gera sjálfstæða launasamninga við undirmenn sína og það þekkist mjög víða. Framkvæmdastjórar í fyrirtækjum á almennum markaði eru hins vegar bundnir af stjórnarsamþykktum og verða í flestum fyrirtækjum að standa reikningsskil gerða sinna gagnvart stjórn síns fyrirtækis. Hún þarf síðan að svara fyrir rekstur fyrirtækisins á árlegum aðalfundi eða hluthafafundum. Hér er því um a.m.k. tvö virk stjórnstig að ræða hjá framkvæmdastjóra fyrirtækis á hinum almenna markaði miðað við forstöðumenn hjá ríkinu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að forstöðumaður geti beitt þessu valdi sínu í samræmi við *miðstýrðar reglur fjármálaráðuneytis* en hafi þó mikið vald til sjálfstæðra launaákvarðana gagnvart einstökum starfsmönnum, en formlegur yfirmaður forstöðumanns er viðkomandi fagráðherra. Vitað er að í ríkisrekstrinum eru fjölmargir forstöðumenn tiltölulega sjálfstæðir þannig að *húsbóndavald ráðherra, sem er þar að auki pólitískur*, virkar alls ekki í reynd. Þannig er samanburður við almennan markað varðandi hið aukna vald forstöðumanna alls ekki á rökum reistur.

Ákvæðið um útfærslu á viðbótarlaunum miðar að því, eins og fleiri ákvæði, að *brjóta niður möguleika stéttarfélaganna til að hafa áhrif á samninga* um kaup og kjör félagsmanna sinna. Þetta er vitaskuld alvarleg íhlutun í samningafrelsið og þann feril sem hefur verið hér um áratuga skeið.

Vitaskuld hefði komið til greina, ef lögfesta á þetta frumvarp með svona miklu valdi forstöðumanna, að gerð hefði verið gagnskör að því að *segja upp öllum forstöðumönnum ríkisins* og auglýsa stöður þeirra lausar til umsóknar og endurráða í stöðurnar fyrri forstöðumenn *eða aðra* og reyna að stokka ríkisreksturinn þannig upp ef menn hefðu talið þörf á. Í stað þess eru forstöðumönnum og æðstu yfirmönnum ríkisins tryggðar ýmsar réttarbætur sem almennum starfsmönnum eru bannaðar.

Einnig má geta þess að forstöðumenn ríkisins og yfirmenn ríkisstofnana eru margir ekki í stakk búnir til þess að taka við því aukna valdi sem frumvarpið veitir þeim. Engin tilraun er til þess gerð í frumvarpinu, hvorki í greinum þess né í greinargerð, að lýsa því hvað eigi að gera ef ýmsir núverandi forstöðumenn reynast *ekki færir um að fara vel með það viðbótarvald* sem þeir fá samkvæmt því.

Gamaldags aðferðafræði við stjórnun.

Í frumvarpinu, bæði í greinargerð og í einstökum frumvarpsgreinum sem varða stjórnunarstíl í opinberum rekstri, er *gamaldags hugmyndafræði* sem hefur runnið sitt skeið á enda. Þessi hugmyndafræði, sem felur í sér áherslu á *boðvald* forstöðumanna og yfirmanna og mjög miðstýrða ákvarðanatöku í einstökum stofnunum, hefur alls staðar orðið að víkja fyrir

— meiri valddreifingu,
— samráði og
— samstöðu milli forsvarsmanna, starfsfólks og samtaka þeirra.

Á síðustu árum hafa orðið miklar framfarir í stjórnun erlendis, bæði í fyrirtækjum og á opinberum vettvangi, sem miða að því að *dreifa valdi og ákvarðanatöku* á árangursríkan hátt þannig að starfsemi einstakra stofnana sé sjálfstæð og inn í hana fléttist sem flestir aðilar sem að stofnuninni koma. Þessi hugmyndafræði fær enga fótfestu í frumvarpinu. Í nágrannalöndum okkar og á almennum markaði hérlendis er sífellt reynt að tengja starfsmenn inn í lýðræðislegan ákvarðanaferil í starfi sínu, ásamt stjórnendum, frekar en

að setja upp miðstýrt boðvald gagnvart undirmönnum eins og gert er í frumvarpinu. Einn alvarlegasti galli frumvarpsins er að *ekki er fundinn farvegur fyrir nútímalega stjórnunarhætti.*

Vitaskuld er það markmið opinbers reksturs að ná árangri en til þess þarf að beita nýjustu þekkingu. Ýmislegt í starfsemi ríkisins er á *samkeppnisvettvangi* og þá þarf að laga sig að þeim leikreglum sem þar gilda. Það er hins vegar ekki gert í frumvarpinu heldur er miðstýringin í reynd látin gilda þegar kemur að því að finna stjórnunarlegum þáttum farveg. Mjög áberandi er sú miðstýringarárátta sem kemur m.a. fram í því að fjármálaráðuneytinu er falin framkvæmd á langflestum þáttum sem varða starfsmenn ríkisins. Í frumvarpinu er engin tilraun gerð til þess að tengja fagráðuneytin betur inn einstökum ákvörðunum á árangursríkan hátt, en slíkt væri miklu nær nútímastjórnarháttum en þetta frumvarp gerir ráð fyrir.

Vald forstöðumanna í fyrirtækjum, bæði til ráðninga og sjálfstæðra viðbótarlaunaákvarðana er dæmi um vanhugsaða stjórnarhætti þar sem forstöðumanni er þar falið eftirlitslítið vald í stað þess að tengja það endurskipulagningu á ríkisrekstri.

Umsögn Lagastofnunar Háskóla Íslands.

Félagsmálanefnd Alþingis leitaði álits Lagastofnunar á frumvarpi um stéttarfélög og vinnudeilur. Í þeirri álitsgerð koma fram ýmsar athugasemdir byggðar á alþjóðlegum samningum sem eiga einnig við um frumvarpið um réttindi og skyldur.

Í álitsgerðinni segir á bls. 2: „Rétt er þó að taka fram að Alþjóðavinnumálastofnunin í Genf hefur lagt áherslu á mikilvægi reglulegs samráðs stjórnvalda við aðila vinnumarkaðarins til að tryggja frið í þjóðfélaginu, þar á meðal samráð við undirbúning löggjafar sem snertir þá.“ Einnig segir síðar í álitsgerðinni, á bls. 10: „Þó að réttur einstakra launþega til að stofna stéttarfélög séu mannréttindi hvers launþega og sá réttur verndi ekki þau stéttarfélög sem þegar eru til staðar er ljóst að bæði stjórnarskrá og alþjóðasáttmálar á þessu sviði gera ráð fyrir því að íhlutun ríkisvalds með lagasetningu um málefni stéttarfélaga sé mjög takmörkuð og hindri ekki lögmæta og eðlilega starfsemi stéttarfélaga. Þá er það einnig mjög mikilvæg hlutverk ríkisvaldsins að stuðla hverju sinni að því að friður ríki á vinnumarkaði án þess þó að grípa inn í starfsemi og baráttu stéttarfélaga.“

Ljóst er af þessum tilvitnunum að frumvörp ríkisstjórnarinnar *brjóta í bága við alþjóðlega samninga* sem eru lagðir til grundvallar í álitsgerðinni. Það er a.m.k. ljóst að sú hugmyndafræði, sem liggur að baki frumvarpinu um réttindi og skyldur og frumvarpi um stéttarfélög og vinnudeilur, *gengur þvert á það sem er talið eðlilegt í samskiptum* vinnuveitenda og launþega eða í samskiptum ríkisvalds og launþega.

Þetta eru alvarlegar athugasemdir sem styðja enn frekar þá kröfu að frumvörpin verði dregin til baka.

Umsagnir um frumvarpið og breytingartillögur meiri hlutans.

Fjölmargar umsagnir bárust nefndinni, og voru þær nær allar á einn veg, þ.e. stéttarfélögin og verkalýðsfélögin lögðust hatramlega gegn frumvarpinu og kröfðust þess að það yrði dregið til baka. Fulltrúar minni hlutans í nefndinni, svo og aðrir stjórnarandstöðuþingmenn, taka eindregið undir þá kröfu, enda er frumvarpið inngrip í kjarasamninga, einhliða breyting á réttarstöðu, illa unnið og hefði þurft miklu lengri og betri aðdraganda; þegar setja á nýja löggjöf sem endurspegli nútímanlega starfsmannastefnu.

Stuðningur við frumvarpið kom einungis frá vinnuveitendum á almennum markaði, en allir aðrir umsagnaraðilar lögðust gegn frumvarpinu og margir þeirra mjög harkalega. *Umsagnir sem bárust nefndinni verða þingmönnum tiltækar við 2. umræðu um málið.*

Breytingartillögur meiri hlutans, sem bornar eru fram í 19 liðum á sérstöku þingskjali, eru flestar minni háttar breytingar á efni frumvarpsins. Tillögurnar breyta ekki grundvallaratriðum frumvarpsins.

Fyrsta breytingartillaga meiri hlutans lýtur að því að fella brott orðin „svo sem *minni háttar* skrifstofustörf, störf samkvæmt námssamningi, ræstingastörf, sendilsstörf eða önnur svipuð störf“ í 2. mgr. 7. gr. Þetta orðalag hefur verið gagnrýnt af mjög mörgum, enda sýnir það lítilsvirðingu gagnvart tilteknum störfum hjá ríkisins. Engin efnisbreyting er gerð á greininni.

Á 9. gr. frumvarpsins er gerð sú breyting að fjármálaráðherra getur *breytt ákvörðunum um viðbótarlaun* ef þær brjóta í bága við reglur og afnumið heimild einstakra forstöðumanna til að ákvarða starfsmönnum viðbótarlaun ef rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunarinnar er ekki í samræmi við fjárlög. Þessi breytingartillaga þýðir í reynd að fari stofnun fram úr fjárlögum eru forstöðumanni allar bjargir bannaðar við að veita viðbótarlaun. Eins og áður hefur verið bent á verður það gert samkvæmt reglum sem fjármálaráðherra setur, en ekki liggur fyrir hvers eðlis þessar reglur eru.

Fjárlög hafa undanfarin ár verið þannig að ýmsar stofnanir hafa reglubundið farið fram úr þeim. Má þar nefna stofnanir innan heilbrigðiskerfisins. Samkvæmt þessari breytingartillögu meiri hlutans hefur fjármálaráðherra vald til að afturkalla viðbótarlaunagreiðslur forstöðumanns. Hér er enn og aftur *miðstýring fjármálaráðuneytisins* alls ráðandi. Oft er það ekki nema að hluta til á ábyrgð forstöðumanns hvort rekstur er samkvæmt fjárlögum, enda er það Alþingi sem setur fjárlög og gerir oft kröfur um tiltekna þjónustu. Oft eru teknar ákvarðanir af hálfu ríkisstjórnar sem gera forstöðumanni ókleift að halda sig innan ramma fjárlaga.

Gerð er tillaga um breytingu á 10. gr. frumvarpsins, þ.e. að hugtakið „föst laun“ verði skilgreint sérstaklega. Hér er reynt að taka á svokallaðri *reglu eftirmanns við lífeyrisgreiðslur*, þ.e. að fyrrverandi starfsmaður geti ekki gert kröfu til viðbótarlauna sem eftirmaður hans í starfi hefur fengið. Þetta mál tengist endurskoðun á lífeyrismálum opinberra starfsmanna en það mál hefur verið saltað í bili. Ekki er augljóst, þrátt fyrir breytingartillöguna, að ákvæðið haldi gagnvart dómstólum þar sem það hefur verið talinn skýlaus réttur manns sem lætur af starfi að eftirlaun hans miðist við laun eftirmanns. Hér er enn eitt dæmið um *óljósa afgreiðslu* meiri hlutans.

Gerð er tillaga um að upptalningu í 22. gr. frumvarpsins verði breytt nokkuð. *Prófastum og prestum* þjóðkirkjunnar hefur verið bætt í hóp embættismanna. Jafnframt verði starfsmenn *lögreglu- og tollstjóraembætta* gerðir að embættismönnum, þó þannig að samkvæmt breytingartillögu meiri hlutans við 39. gr. skulu laun og launakjör lögreglumanna, tollvarða og fangavarða fara eftir kjarasamningi sem stéttarfélög eða samtök þeirra gera við ríkið. Hér er farið út á þá braut að taka út úr einn flokk embættismanna og veita honum rétt til samningsgerðar, en um þessar stéttir gildir að þær búa við takmarkaðan verkfallsrétt.

Því er augljóst að samkvæmt frumvarpinu verða opinberir starfsmenn a.m.k. þrenns konar:

— embættismenn án samningsréttar sem lúta Kjaradómi eða kjaranefnd,
— sérstakir embættismenn, þ.e. lögregluþjónar, tollverðir og fangaverðir sem njóta réttinda embættismanna en hafa þar að auki samningsrétt, og

— almennir starfsmenn sem eru með gagnkvæman uppsagnarfrest, samningsrétt og verkfallsrétt eftir öðrum lögum.

Þessi breytingartillaga meiri hlutans um sérstaka embættismenn hefði þurft miklu meiri skoðunar við og væri vel hægt að ímynda sér að fleiri stéttir vildu komast í þann flokk sem hinar sérstöku öryggisstéttir eru settar í. Hugsanlega er hér um brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar að ræða.

Breytingartillaga, sem meiri hlutinn gerir er við 39. gr., kveður á um að laun og launakjör embættismanna skuli ákveðin af Kjaradómi og kjaranefnd, fyrir utan undantekningu gagnvart lögreglumönnum, tollvörðum og fangavörðum. Hér er formfest enn betur *hið tvöfalda launakerfi frumvarpsins*:

— hin *sérstaka lávarðadeild ríkisstarfsmanna*, embættismenn sem njóta sérstakra réttinda, auk ívilnandi ákvæða hvað varðar störf Kjaradóms og kjaranefndar, og
— almennir starfsmenn sem semja um kaup og kjör.

Í breytingartillögu meiri hlutans við 56. gr. er kveðið skýrt á um að kjaranefnd skuli ákvarða laun fyrir dagvinnu, önnur starfskjör, hvaða aukastörf tilheyri aðalstarfi og hvað ber að launa sérstaklega. Síðan er búið til *sérstakt ákvæði fyrir hæst launuðu menn ríkisins*, þ.e. ráðuneytisstjóra og forstöðumenn stofnana, þess efnis að kjaranefnd er falið að ákvarða þeim laun fyrir venjubundið vinnuframlag og starfsskyldur umfram dagvinnu. Við þá ákvörðun getur nefndin tekið sérstakt tillit til hæfni sem nýtist í starfi og sérstaks álags sem starfinu fylgir. Hér er enn og aftur *hyglað þeim sem best mega sín í opinberri þjónustu*. Sérstakir trúnaðarmenn ráðherra eiga þannig að fá sérstaka meðferð í kjaranefnd og nefndinni er falið með lögum að verðlauna þá sérstaklega. Slík ákvæði eru ekki látin gilda fyrir almenna starfsmenn ríkisins.

Við 44. gr. er gerð breytingartillaga sem kveður á um að skylt sé að veita áminningu, en ekki á að gefa starfsmanni tækifæri til að tjá sig um ástæður uppsagnar, svo sem ef uppsögn stafar af því að verið er að fækka starfsmönnum vegna hagræðingar í rekstri stofnana. Þetta þýðir í reynd að forstöðumönnum er veitt fullkomið vald til að *segja fólki upp án nokkurra skýringa*. Hér er um að ræða *alvarlega atlögu að starfsöryggi* opinberra starfsmanna miðað við það sem áður var og undirstrikar enn frekar hentistefnuvald forstöðumanna.

Að lokum er í breytingartillögum meiri hlutans gert ráð fyrir að sá frestur sem gildir um biðlaun verði færður í fyrra horf. Það ber að undirstrika varðandi biðlaunin að *tekinn er biðlaunaréttur af nýjum starfsmönnum* ríkisins. Frumvarpið gerir einnig ráð fyrir að biðlaunaréttur verði *felldur niður hjá núverandi starfsmönnum ríkisins ef um formbreytingu* verður að ræða á ríkisstofnunum þrátt fyrir að það mál sé ótvírætt samningsatriði.

Í heildina má segja að *breytingartillögur* meiri hlutans séu *smávægilegar*, orðalag snyrt og sniðnir af nokkrir agnúar. Breytingatillögurnar breyta í engu grundvallaratriðum frumvarpsins þannig að það verði ásættanlegra. Sama skoðun hefur komið fram af hálfu allra stéttarfélaga opinberra starfsmanna, svo og á almennum vinnumarkaði.

Lokaorð.

Nefndin átti fundi með mörgum umsagnaraðilum og þar kom fram hörð andstaða við frumvarpið, auk þess sem skýrt kom í ljós að málin yrðu tekin upp af fullri hörku í næstu kjarasamningum. Því er augljóst að verði þetta frumvarp að lögum er búið að *slíta í sundur friðinn* milli ríkisvaldsins og starfsmanna þess. Fulltrúar stéttarfélaga drógu enga dul á það að yrði frumvarpið lögfest yrðu *næstu kjarasamningar einstaklega erfiðir*.

Óskir minni hlutans um að málið yrði skoðað betur yfir sumarið voru hundsaðar. Ekki var hlustað á ráðleggingar minni hlutans um að ríkisstjórnin tæki út úr frumvarpinu þau nauðsynlegu pólitísku áhersluatriði sem hún teldi sig þurfa að koma fram á þessu þingi en frestaði málinu að öðru leyti.

Augljóst er af öllum málatilbúnaði ríkisstjórnarinnar í þessu máli að eitt aðalatriði frumvarpsins er að *afnema biðlaunarétt*. Ástæða þess að ríkisstjórnin leggur svo mikla áherslu á afnám þess réttar er *fyrirhuguð hlutafjárvæðing* ríkisstofnana. Hér ber hæst Póst og síma, en frumvarp um það efni er nú í meðförum Alþingis. Samkvæmt því frumvarpi fer um biðlaunarétt samkvæmt lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Verði þetta frumvarp að lögum, sem afnemur biðlaunaréttinn, þýðir það að starfsmenn Pósts og síma missa þann rétt, en gildistaka þess frumvarps er síðar en frumvarps um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Afnám biðlaunaréttarins er einnig mikilvægt fyrir ríkisstjórnina vegna fyrirhugaðra breytinga á ríkisviðskiptabönkunum í hlutafélög en komið hefur fram í dómum að biðlaunaréttur telst lögverndaður réttur og hafa dómsmál unnist af því tilefni við formbreytingu ríkisstofnana. Hér er því um mjög alvarlegt mál að ræða og skýrir þetta m.a. hörku ríkisstjórnarinnar við að keyra málið í gegn með þeim hætti sem hún stefnir að.

Við lokaafgreiðslu málsins í nefndinni gerði minni hlutinn kröfu til þess að fjármálaráðherra ásamt helstu starfsmönnum sínum kæmi á fund hennar til að fara yfir helstu atriði málsins áður en málið yrði afgreitt út úr nefndinni. Slíkt var eðlilegt og nauðsynlegt þar sem komið höfðu fram fjölmargar alvarlegar ábendingar um frumvarpið sem embættismenn voru ekki í stakk búnir til að svara, enda *ber fjármálaráðherra hina pólitísku ábyrgð* á málinu. Þrátt fyrir það að fjölmörg dæmi séu um að ráðherra komi fyrir þingnefnd og skýri sín þingmál *neitaði fjármálaráðherra að koma fyrir efnahags- og viðskiptanefnd*. Þess í stað var málið keyrt út úr nefndinni í andstöðu við minni hlutann. Sú afstaða lá auk þess fyrir frá samtökum launafólks að þetta frumvarp fæli í sér ávísun á mikil átök í næstu kjarasamningum.

Bandormsfrumvarp, sem lagt er fram í tengslum við þetta frumvarp, og felur í sér breytingar á fjölmörgum sérlögum hefur ekki enn fengið umfjöllun á Alþingi. Það eru forkastanleg vinnubrögð að bandormurinn skuli ekki ræddur í tengslum við frumvarpið um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Framkoma ríkisstjórnarmeirihlutans við afgreiðslu málsins út úr nefndinni er með eindæmum og sýnir betur en margt annað þann *hroka* og *ögrun* sem einkennir ríkisstjórnina í samskiptum sínum við launafólk. Minni hlutinn greiddi atkvæði gegn því að málið yrði tekið út úr nefndinni. Málið yrði að skoða frekar auk þess sem rétt væri að ræða við fjármálaráðherra um einstaka þætti. Meiri hlutinn kaus að valta yfir sjónarmið minni hlutans og allrar launþegahreyfingarinnar *daginn fyrir 1. maí* sem lýsir betur en margt annað hvað ríkisstjórninni er algerlega sama um sjónarmið og hagsmuni launafólks í þessu máli.

Minni hlutinn telur að áhersla ríkisstjórnarinnar í þessu máli sýni glöggt *forgangsröðun hennar*. Reynt er með öllum tiltækum ráðum og í skjóli mikils meiri hluta á Alþingi að kreppa að réttindum og skyldum opinberra starfsmanna og annarra launþega í þessu landi og gera þeim erfiðara fyrir að sækja rétt sinn og réttmæt kjör í næstu kjarasamningum.

Augljóst er að *ríkisstjórnin gengur hér erinda vinnuveitenda* hvort sem um ríkisvald eða vinnuveitendur á almennum markaði er að ræða. Þessi stjórnarstefna er andstæð grundvallarhugmyndum minni hlutans um samráð og samstarf aðila í þjóðfélaginu. Það

er því eðlilegt að þessu frumvarpi verði vísað frá. Frumvarpið, ásamt breytingartillögunum, felur í sér það alvarlega árás á réttindi og skyldur opinberra starfsmanna að ekki hafa önnur eins vinnubrögð sést í áratugi.

Þessi mál á að leysa í samvinnu og finna endurskoðun laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eðlilegan farveg og tengja þau mál kjarasamningum, þar sem það á við. Í stað þess kýs ríkisstjórnin að efna til átaka við starfsmenn sína og kærir sig kollótta um afleiðingarnar.

Sókn ríkisstjórnarinnar á þessum vettvangi endurspeglast ekki einungis í þessu frumvarpi heldur einnig í frumvarpi um *stéttarfélög og vinnudeilur* sem liggur fyrir Alþingi. Það er augsýnilegt að ríkisstjórnin leggur höfuðáherslu á það á sínu fyrsta starfsári að *þrengja að launafólki,* m.a.

— hvað varðar stöðu þeirra á vinnumarkaði og
— með niðurskurði á framlögum í fjárlögum til velferðar- og heilbrigðismála og
— vaxandi ójöfnuði í skattkerfinu efnafólki í hag.

Allt ber þetta að sama brunni. *Ríkisstjórnin gætir hagsmuna hinna betur stöddu í þjóðfélaginu og gengur á rétt þeirra sem minna mega sín.* Minni hlutinn mótmælir slíkum vinnubrögðum og mun *berjast gegn þeim á Alþingi og annars staðar* með öllum tiltækum ráðum.

Minni hlutinn leggur til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Kristín Ástgeirsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk þessu áliti.

Alþingi, 6. maí 1996.

Ágúst Einarsson, frsm. Jón Baldvin Hannibalsson. Steingrímur J. Sigfússon.

913. Frumvarp til laga [510. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. gr.

Við 1. mgr. 33. gr. laganna bætist nýr stafliður, er verður g-liður, svohljóðandi: Að veita styrk til kaupa á næringarefnum og sérfæði sem lífsnauðsynlegt er vegna hamlaðrar líkamsstarfsemi.

2. gr.

3. mgr. 33. gr. laganna orðast svo:

Tryggingaráð setur reglur um greiðslu styrkja skv. a-, b- og g-liðum. Afla skal greiðsluheimildar frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir fram. Tryggingastofnun getur áskilið vottorð sérfræðings um nauðsyn hjálpartækis, þjálfunar, næringarefnis eða sérfæðis.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt þar sem nauðsynlegt er talið að lögfesta heimild Tryggingastofnunar ríkisins til að veita styrki til kaupa á næringarefnum og sérfæði. Í lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, er ekki að finna heimild til slíkra greiðslna og hafa Tryggingastofnun ríkisins og tryggingaráð óskað eftir því við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að hann beiti sér fyrir lagabreytingu þessa efnis. Heilbrigðis- og tryggingnefnd hefur að ósk ráðherra ákveðið að flytja slíkt frumvarp.

Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð gilda sérstakar reglur um styrki sem almannatryggingar veita til kaupa á sérfæði og næringu. Hér á landi hafa slíkar reglur ekki átt sér lagastoð en Tryggingastofnun ríkisins hefur leitast við að leysa vandann, m.a. á grundvelli heimildar til að veita hjálpartækjastyrki, innan reglna um örorkustyrki, uppbóta á lífeyri og umönnunarbætur. Slíkar lausnir eru ófullnægjandi og ná ekki til allra þeirra sem þörf hafa fyrir þá aðstoð sem hér um ræðir. Því er nauðsynlegt að kveða skýrt á um rétt til styrkveitinga vegna næringar og sérfæðis þannig að unnt sé að taka heildstætt á þeim málum og færa þau til samræmis við framkvæmd annars staðar á Norðurlöndum.

Nokkrir hópar sjúklinga verja verulegum fjármunum til kaupa á lífsnauðsynlegri næringu eða sérfæði og hafa heilbrigðisstofnanir og fulltrúar einstakra sjúklingahópa óskað eftir því að Tryggingastofnun ríkisins taki þátt í þeim kostnaði. Um er að ræða kaup á næringu vegna efnaskiptagalla, næringu um slöngu, næringarviðbót vegna vannæringar og sérfæði, svo sem vegna ofnæmis, óþols, lifrarbilunar, nýrnabilunar eða efnaskiptagalla. Í þessu sambandi má sérstaklega nefna að á undanförnum árum hefur átt sér stað veruleg þróun á næringargjöf um slöngu fyrir sjúklinga sem dveljast í heimahúsum, tímabundið eða til langs tíma. Þörf fyrir þá aðstoð sem frumvarp þetta varðar er að öðru leyti afar mismunandi. Um getur verið að ræða tímabundna notkun þeirra sem útskrifaðir eru af heilbrigðisstofnun, einstaklinga með meðfædda efnaskiptagalla sem þurfa á sérfæði að halda frá fæðingu eða krabbameinssjúklinga eða aðra sem haldnir eru alvarlegum sjúkdómum og þurfa tímabundið á næringarviðbót að halda.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Við 1. mgr. 33. gr. laganna er bætt sérstakri heimild til að veita styrki til kaupa á næringarefnum og sérfæði sem er lífsnauðsynlegt vegna hamlaðrar líkamsstarfsemi. Undir heimildina fellur næring vegna efnaskiptagalla (PKU), næring um slöngu (sondumatur), næringarviðbót vegna vannæringar (næringardrykkur), sérfæði (próteinskert og glútensnautt sérfæði vegna ofnæmis, óþols, lifrarbilunar, nýrnabilunar eða efnaskiptagalla). Tryggingaráð setur nánari reglur um framkvæmd styrkveitinga skv. 3. mgr. 33. gr. laganna, sbr. 2. gr. frumvarps þessa.

Um 2. gr.

Til samræmis við breytingu á 1. mgr. 33. gr. er bætt inn heimild til að setja reglur um styrkveitingar. Þá er rýmkuð heimild til að áskilja vottorð sérfræðings við mat á þörf styrkveitingar í 3. málsl. 3 mgr. 33. gr. þannig að hún nái til þeirra starfsmanna sem um mál fjalla hverju sinni en ekki einungis til tryggingayfirlæknis eins og nú er. Tryggingayfirlæknir getur eftir atvikum haft þetta hlutverk með höndum auk annarra starfsmanna stofnunarinnar.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

914. Svar [426. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um breytingar á réttarstöðu fólks við gildistöku EES-samningsins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða breytingar urðu á réttarstöðu fólks á sviði félagsmála við flutninga milli norrænna landa við gildistöku EES-samningsins 1. janúar 1994?*
2. *Féllu niður eða breyttust ákvæði í þágildandi samningum milli norrænna landa á þessu sviði? Ef svo er, hafa einhverjar breytingar eða leiðréttingar verið gerðar síðan og þá hverjar? Sé svo ekki, eru þær þá áformaðar og hvenær?*

Fyrirspurnin spannar mjög umfangsmikið málefnasvið og mismunandi samninga sem að sínu leyti geta heyrt undir ýmis ráðuneyti. Svörin við fyrirspurninni munu þó einkum beinast að þeim atriðum sem heyra undir félagsmálaráðuneytið.

Nauðsynlegt er að gefa stutt yfirlit yfir hvaða norrænu samninga hér gæti verið um að ræða.

Fyrir gildistöku EES-samningsins 1. janúar 1994 var í gildi sérstakur samningur um almannatryggingar og annar um atvinnuleysistryggingar. Þessir samningar voru sameinaðir í einn samning, Norðurlandasamning um félagslegt öryggi. Hann nær fyrst og fremst til þeirra efnisatriða sem EES-samningurinn spannar. Tilgangurinn var að tryggja þeim aðilum sem ekki nutu réttinda EES-samningsins á sviði almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga sömu réttindi innan Norðurlandanna. Þetta gilti m.a. um flóttamenn, ríkisfangslausa, aðra einstaklinga sem löggjöf norræns lands tók til eða hafði tekið til og einstaklinga sem röktu rétt sinn til áðurgreindra einstaklinga. Samningurinn tekur einnig til nokkurra atriða EES-samningssviðsins sem ekki er þar að finna en eru hluti réttinda á sviði almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga.

Ákvæði gömlu samninganna sem ekki féllu undir EES-samningssviðið voru sett í sérstakan samning um félagslega aðstoð. Ekkert var hins vegar hróflað við norrænum vinnumarkaðssamningum, enda er EES-samningurinn að mörgu leyti víðtækari.

EES-samningurinn spannar þannig fyrst og fremst réttindi sem tengjast atvinnu- og búseturétti en aðeins að litlu leyti réttindum til félagslegrar aðstoðar.

Ljóst er að réttarsvið norrænu samninganna og Evrópusamninganna eru að ýmsu leyti ólík og flókið er að túlka það sem hugsanlega getur leitt til mismunar við framkvæmd áþekkra ákvæða.

Almennt má segja um norrænu samningana að þeir veita að miklu leyti sömu réttindi og EES-samingurinn. Framkvæmd EES-samningsins er hins vegar miklu kerfisbundnari og betur kynnt í stjórnkerfum landanna.

Með sparnaðaraðgerðum hins opinbera undanfarin ár, m.a. í velferðarþjónustu víða á Norðurlöndum, kann svo að virðast sem áhrifameiri breytingar hafi orðið en raun ber vitni vegna þessara samninga.

Atvinnuleysisbætur.

Meginreglan fyrir og eftir gildistöku EES-samningsins 1. janúar 1994 er sú að menn eiga rétt til atvinnuleysisbóta í landi þar sem þeir hafa unnið til slíkra réttinda. Ekki er hægt að fara beint á atvinnuleysisbætur í öðru landi hvort sem um er að ræða Norðurlönd eða önnur EES-lönd.

Mikilvægt ákvæði var í gamla norræna samningnum um að ef hægt var að sýna fram á að annað hjóna hefði vinnusamning til tveggja ára í aðflutningslandinu væri makinn undanþeginn meginreglunni um vinnu í aðflutningslandi til að eiga þar rétt á bótum samkvæmt reglum þess.

Þessi regla féll niður þegar gerður var nýr samningur um almannatryggingar milli Norðurlandanna sem tók gildi 1. janúar 1994. Eftir því sem næst verður komist komu fram álitamál um hvort viðhalda bæri þessari sértæku undanþágu og var því frestað að taka ákvörðun um það. Hafa ber í huga að slíkar reglur þurfa að gilda óháð ríkisborgararétti ríkisborgara EES-landanna. Þannig er ekki að búast við að einstök lönd greiði einhliða samkvæmt þessari reglu. Ekki hafa komið upp nein tilvik hér á landi eftir gildistöku EES-samningsins sem varða þessa reglu.

Rétt er að fram komi að önnur undanþága úr fyrri samningi, svokölluð fimm ára regla, er í nýja samningnum en hún veitir mönnum rétt til atvinnuleysisbóta í landi þar sem þeir hafa unnið einhvern tíma sl. fimm ár eða þegið atvinnuleysisbætur, svo framarlega sem þeir hafa uppfyllt skilyrði til atvinnuleysisbóta í landinu sem þeir koma frá.

Aðrar undanþágur í gamla samningnum gilda um svokallaða landamæragengla sem búa í einu landi en vinna í öðru. Þessar undanþágur eru í EES-samningnum, a.m.k. hvað varðar atvinnuleysisbætur.

Atvinnuréttindi.

Heildarniðurstöður könnunar á norrænum vinnumarkaðssamningi gagnvart EES-samningi eru þær að í öllum aðalatriðum samrýmast norrænu ákvæðin og ESB-reglurnar. Að nokkru leyti fela norrænu ákvæðin í sér meiri takmarkanir en ESB-reglurnar. Þetta gildir um ákvæðin sem er ætlað að koma í veg fyrir atvinnuráðningar einkaaðila, tilvísanir til vinnumiðlana um að stjórna og halda í jafnvægi búferlaflutningum milli landanna, tilvísanir um forgangsrétt atvinnuleitenda í landinu og reglur sem opna möguleika á að binda aðgang að vinnumarkaðsaðgerðum við ákveðinn búsetutíma eða lengd atvinnuleysis. Samt sem áður er lögð áhersla á að þessar andstæður séu aðallega fræðilegar og að þær hafi a.m.k. haft lítil áhrif á framkvæmd opinberrar vinnumiðlunar.

Þá má telja að viðurkenningar starfsréttinda séu víðtækari í EES-samningnum.

Félagsleg aðstoð og félagsleg þjónusta.

Með fullgildingu norræns samnings um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu verða ýmis félagsleg réttindi tryggð, en frumvarp til lögfestingar samningsins hefur verið lagt fyrir Alþingi. Einkum er hér um að ræða að tryggja þau félagslegu réttindi sem áður voru fyrir hendi í Norðurlandasamningi um félagslegt öryggi frá árinu 1981. Sá samningur tók einkum til almannatrygginga en geymdi jafnframt ákvæði um félagslega aðstoð.

Samningurinn sem byggist á jafnrétti norrænna ríkisborgara tekur til allrar löggjafar í norrænum löndum, sem gildir á hverjum tíma um félagsleg málefni, þar með talda félagslega aðstoð og félagslega þjónustu, svo og aðrar félagslegar bætur, sem ákvæði Norðurlandasamningsins um almannatryggingar frá árinu 1992 taka ekki til.

Ef einstaklingur sem samningurinn tekur til þarf skyndilega á félagslegri aðstoð að halda á hann rétt á að fá hana í landi þar sem hann dvelur samkvæmt lögum dvalarlandsins og í samræmi við þörf hans fyrir aðstoð.

Ef fyrirsjáanlegt er að þörfin fyrir aðstoð er varanleg er réttur til hennar bundinn ákveðnum skilyrðum. Þannig má ekki senda norrænan ríkisborgara heim vegna þarfar hans fyrir félagslega aðstoð hafi hann dvalið í landinu undanfarin þrjú ár. Áður var rétturinn bundinn við fimm ára lögmæta búsetu og er því um rýmkun frá eldri samningi að ræða. Þá má ekki senda norrænan ríkisborgara heim vegna þarfar hans fyrir félagslega aðstoð ef fjölskylduaðstæður hans eða tengsl hans við dvalarlandið mæla með því að hann verði um kyrrt. Gildandi reglur á Norðurlöndunum um þetta eru hins vegar nokkuð mismunandi: Í Danmörku er réttur til framfærslustyrks til langframa háður dönsku ríkisfangi, en menn eru ekki sendir heim ef þeir hafa dvalið lengur en þrjú ár í landinu eða þeir hafa sérstök tengsl við landið. Í Noregi gilda svipuð ákvæði. Í Svíþjóð er ekki heimilt að vísa útlendingum úr landi vegna langvarandi þarfar fyrir fjárhagsaðstoð. Á Íslandi er þeim sem eiga hér lögheimili tryggður réttur til félagsþjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Í samningnum er nýtt ákvæði um flutning þeirra sem þarfnast sérstakrar meðferðar eða umönnunar um lengri tíma til annars norræns ríkis. Þetta á við þegar einstaklingur, sem svo er ástatt um, óskar að flytja frá einu landi til annars sem hann tengist sérstökum böndum. Þá ber stjórnvöldum í löndunum tveimur að leitast við að greiða fyrir slíkum flutningi, enda bæti hann stöðu viðkomandi einstaklings í lífinu.

Áfram munu gilda reglur um fyrirframgreiðslu barnsmeðlags þannig að sá sem flytur frá einu norrænu landi til annars á rétt á fyrirframgreiðslu í síðarnefnda landinu frá þeim tíma er hann sest þar að á sömu forsendum og ríkisborgarar þess ríkis.

915. Svar [488. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Þórunnar Sveinbjarnardóttur um aðstoð við Bosníu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Til hvaða verkefna hyggst ríkisstjórnin verja þeim 110 millj. kr. sem ákveðið hefur verið að veita til uppbyggingar í Bosníu?

Hinn 19. mars sl. tók ríkisstjórnin ákvörðun um að verja alls 110 millj. kr. til endurreisnarstarfsins í Bosníu og Hersegóvínu. Tekur framlag Íslands mið af fjögurra ára uppbyggingaráætlun Alþjóðabankans og Evrópusambandsins sem er lögð til grundvallar endurreisnarstarfinu. Gert er ráð fyrir að til þess þurfi 5,1 milljarð Bandaríkjadala á næstu fjórum árum, þar af 1,8 milljarða á þessu ári.

Hluti framlags Íslands, eða 10 millj. kr., verður lagður í sérstakan sjóð í umsjón Alþjóðabankans sem hefur það markmið að koma allra brýnustu efnahagsstarfsemi af stað í Bosníu og Hersegóvínu á fyrri hluta þessa árs. Síðan verður 100 millj. kr. veitt til afmarkaðs og vel skilgreinds verkefnis í landinu, þótt til greina komi að skipta fjármununum að einhverju leyti á milli verkefna. Nefnd á vegum utanríkisráðuneytis, með fulltrúum forsætis- og fjármálaráðuneytis, vinnur um þessar mundir að því að finna framlaginu farveg. Hefur athyglin einkum beinst að verkefnum á sviði heilbrigðis- eða

menntamála sem unnið yrði að í samvinnu við Alþjóðabankann. Stefnt er að því að finna verkefni þar sem íslensk sérþekking eða framleiðsla kemur að sem bestum notum.

916. Svar [439. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um gjaldþrot einstaklinga.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. *Hversu margar beiðnir um gjaldþrot einstaklinga voru gerðar á árunum 1992–95 að kröfu innheimtumanna ríkissjóðs og tollstjóra?*
2. *Hve hátt hlutfall var það af gjaldþrotabeiðnum sömu ár?*

Í byrjun árs 1994 var nýtt málaskráningartölvukerfi tekið í notkun hjá héraðsdómstólunum fyrir alla málaflokka og eru skráðar í það mun víðtækari upplýsingar en áður tíðkaðist. Með tilkomu þessa málaskráningarforrits er hægt að afla mun víðtækari upplýsinga frá dómstólunum en hægt var þegar málaskrár voru handfærðar.

Hjá minni héraðsdómstólunum hafa öll mál frá 1. júlí 1992 verið skráð í kerfið en vegna mikils málafjölda í héraðsdómi Reykjavíkur hefur enn ekki gefist tími til að flytja gögn úr eldri kerfum yfir í nýja skráningarkerfið. Sökum þess eru tölvutæk gögn frá héraðsdómi Reykjavíkur frá árinu 1993 ekki fullnægjandi til að vinna upp úr þeim upplýsingar um fjölda gjaldþrotaskiptabeiðna innheimtumanna ríkissjóðs og tollstjóra á hendur einstaklingum. Af því leiðir að ekki er hægt að finna samtölur yfir fjölda slíkra beiðna nema árin 1994 og 1995.

Þar sem héraðsdómstólarnir tóku ekki til starfa fyrr en á miðju ári 1992 og starfsemi þeirra var ekki komin í eðlilegan farveg fyrr en seint á því ári eru tölur um gjaldþrotaskiptabeiðnir frá 1992 vart samanburðarhæfar við tölur síðari ára. Sá kostur var því valinn að láta þær ekki fylgja með í þessu svari.

Beiðnirnar eru annars vegar flokkaðar eftir einstökum héraðsdómstólum og hins vegar eru samtölur fyrir landið allt.

Til frekari fróðleiks fylgja með tölur um beiðnir einstakra innheimtumanna árin 1993–95.

Helstu niðurstöður athugunarinnar eru þessar:

— Héraðsdómstólunum bárust alls 3.054 gjaldþrotaskiptabeiðnir árið 1994 en 2.960 á árinu 1995.
— Héraðsdómstólunum bárust 1.084 gjaldþrotaskiptabeiðnir á hendur einstaklingum frá innheimtumönnum ríkissjóðs árið 1994. Slíkar beiðnir voru 1.461 á árinu 1995.
— Hlutfall gjaldþrotaskiptabeiðna innheimtumanna ríkissjóðs á hendur einstaklingum af öllum gjaldþrotaskiptabeiðnum var 35% árið 1994 en 49% árið 1995.
— Hlutfall gjaldþrotaskiptabeiðna innheimtumanna ríkissjóðs á hendur einstaklingum af öllum gjaldþrotaskiptabeiðnum á hendur einstaklingum var 59% árið 1994 en 71% árið 1995.

Hér á eftir fer samantekt þeirra upplýsinga sem aflað var. Þess ber að gæta að gjaldþrotaskiptabeiðnir til héraðsdóms Reykjavíkur frá árinu 1993 eru ekki með í þessari samantekt og eru tölur um fjölda beiðna frá innheimtumönnum sem einkum beina beiðnum sínum þangað, svo sem Gjaldheimtunni í Reykjavík og tollstjóra, of lágar sem því nemur.

- Héraðsdómur Reykjavíkur

Ár	Fjöldi beiðna innheimtumanna ríkissjóðs á hendur einstaklingum	Heildarfjöldi beiðna á hendur einstaklingum	Heildarfjöldi allra beiðna	Hlutfall beiðna innheimtumanna ríkissjóðs af öllum beiðnum á hendur einstaklingum	Hlutfall beiðna innheimtumanna ríkissjóðs á hendur einstaklingum af öllum beiðnum
1993	-	862	1842		
1994	643	1103	1941	58%	33%
1995	985	1304	1856	76%	53%
Samt		3269	5639		

- Héraðsdómur Reykjaness

Ár	Fjöldi beiðna innheimtumanna ríkissjóðs á hendur einstaklingum	Heildarfjöldi beiðna á hendur einstaklingum	Heildarfjöldi allra beiðna	Hlutfall beiðna innheimtumanna ríkissjóðs af öllum beiðnum á hendur einstaklingum	Hlutfall beiðna innheimtumanna ríkissjóðs á hendur einstaklingum af öllum beiðnum
1993	169	312	528	54%	32%
1994	251	447	667	56%	38%
1995	298	461	659	65%	45%
Alls	718	1220	1854	59%	39%

- Héraðsdómur Vesturlands

Ár	Fjöldi beiðna innheimtumanna ríkissjóðs á hendur einstaklingum	Heildarfjöldi beiðna á hendur einstaklingum	Heildarfjöldi allra beiðna	Hlutfall beiðna innheimtumanna ríkissjóðs af öllum beiðnum á hendur einstaklingum	Hlutfall beiðna innheimtumanna ríkissjóðs á hendur einstaklingum af öllum beiðnum
1993	3	20	36	15%	8%
1994	19	37	57	51%	33%
1995	31	45	65	69%	48%
Alls	53	102	158	52%	34%

- Héraðsdómur Vestfjarða

Ár	Fjöldi beiðna innheimtumanna ríkissjóðs á hendur einstaklingum	Heildarfjöldi beiðna á hendur einstaklingum	Heildarfjöldi allra beiðna	Hlutfall beiðna innheimtumanna ríkissjóðs af öllum beiðnum á hendur einstaklingum	Hlutfall beiðna innheimtumanna ríkissjóðs á hendur einstaklingum af öllum beiðnum
1993	15	33	67	45%	22%
1994	28	38	59	74%	47%
1995	11	24	50	46%	22%
Alls	54	95	176	57%	31%

- Héraðsdómur Norðurlands vestra

Ár	Fjöldi beiðna innheimtumanna ríkissjóðs á hendur einstaklingum	Heildarfjöldi beiðna á hendur einstaklingum	Heildarfjöldi allra beiðna	Hlutfall beiðna innheimtumanna ríkissjóðs af öllum beiðnum á hendur einstaklingum	Hlutfall beiðna innheimtumanna ríkissjóðs á hendur einstaklingum af öllum beiðnum
1993	3	11	24	27%	13%
1994	23	31	48	74%	48%
1995	16	24	42	67%	38%
Alls	42	66	114	64%	37%

- Héraðsdómur Norðurlands eystra

Ár	Fjöldi beiðna innheimtumanna ríkissjóðs á hendur einstaklingum	Heildarfjöldi beiðna á hendur einstaklingum	Heildarfjöldi allra beiðna	Hlutfall beiðna innheimtumanna ríkissjóðs af öllum beiðnum á hendur einstaklingum	Hlutfall beiðna innheimtumanna ríkissjóðs á hendur einstaklingum af öllum beiðnum
1993	40	62	112	65%	36%
1994	53	78	123	68%	43%
1995	49	82	112	60%	44%
Alls	142	222	347	64%	41%

- Héraðsdómur Austurlands

Ár	Fjöldi beiðna innheimtumanna ríkissjóðs á hendur einstaklingum	Heildarfjöldi beiðna á hendur einstaklingum	Heildarfjöldi allra beiðna	Hlutfall beiðna innheimtumanna ríkissjóðs af öllum beiðnum á hendur einstaklingum	Hlutfall beiðna innheimtumanna ríkissjóðs á hendur einstaklingum af öllum beiðnum
1993	24	38	60	63%	40%
1994	27	40	65	68%	42%
1995	22	38	58	58%	38%
Alls	73	116	183	63%	40%

- Héraðsdómur Suðurlands

Ár	Fjöldi beiðna innheimtumanna ríkissjóðs á hendur einstaklingum	Heildarfjöldi beiðna á hendur einstaklingum	Heildarfjöldi allra beiðna	Hlutfall beiðna innheimtumanna ríkissjóðs af öllum beiðnum á hendur einstaklingum	Hlutfall beiðna innheimtumanna ríkissjóðs á hendur einstaklingum af öllum beiðnum
1993	52	78	112	67%	46%
1994	40	78	94	51%	43%
1995	49	85	118	58%	42%
Alls	141	241	324	59%	44%

- LANDIÐ ALLT

Ár	Fjöldi beiðna innheimtumanna ríkissjóðs á hendur einstaklingum	Heildarfjöldi beiðna á hendur einstaklingum	Heildarfjöldi allra beiðna	Hlutfall beiðna innheimtumanna ríkissjóðs af öllum beiðnum á hendur einstaklingum	Hlutfall beiðna innheimtumanna ríkissjóðs á hendur einstaklingum af öllum beiðnum
1993		1416	2781		
1994	1084	1852	3054	59%	35%
1995	1461	2063	2960	71%	49%
Alls		5331	11755		

- **Skipting beiðna á hendur einstaklingum eftir Innheimtumönnum.**

Nafn innheimtuaðila	Fjöldi beiðna
Gjaldheimta Suðurnesja	32
Gjaldheimtan í Garðabæ	1
Gjaldheimtan í Reykjavík	632
Gjaldheimtan Seltjarnarnesi	1
Sýslumaðurinn á Akranesi	17
Sýslumaðurinn á Akureyri	102
Sýslumaðurinn á Blönduósi	17
Sýslumaðurinn á Eskifirði	14
Sýslumaðurinn á Hólmavík	4
Sýslumaðurinn á Húsavík	23
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	10
Sýslumaðurinn á Höfn Hornafirði	9
Sýslumaðurinn á Ísafirði	26
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði	4
Sýslumaðurinn á Patreksfirði	14
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	9
Sýslumaðurinn á Selfossi	81
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	37
Sýslumaðurinn á Siglufirði	9
Sýslumaðurinn í Bolungarvík	1
Sýslumaðurinn í Borgarnesi	4
Sýslumaðurinn í Búðardal	3
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	268
Sýslumaðurinn í Keflavík	144
Sýslumaðurinn í Kópavogi	149
Sýslumaðurinn í Neskaupstað	17
Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu	3
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi	25
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	20
Sýslumaðurinn Vík í Mýrdal	4
Tollstjóraskrifstofa	1171
Alls	2851

917. Svar [433. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um gjaldþrot sl. tíu ár.

1. *Hve margir einstaklingar hafa orðið gjaldþrota á Íslandi sl. tíu ár, flokkað eftir aldri og árum?*

Fyrir gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, 1. júlí 1992, voru dómstólar á héraðsdómsstigi um 30 talsins hér á landi og ekki um samræmda skráningu að ræða á dómsmálum.

Hjá borgarfógetaembættinu í Reykjavík höfðu skiptaréttarmál verið tölvuskráð í nokkur ár fyrir 1992 og það skráningarforrit var notað í héraðsdómi Reykjavíkur fram á mitt ár 1994. Skráningarforritið var þó mjög ófullkomið og er ekki hægt að vinna upp úr því þær upplýsingar sem beðið er um í þessari fyrirspurn. Þar sem upplýsingar um gjaldþrotaúrskurði fyrir 1. júlí 1992 eru brotakenndar og torsóttar hefur ráðuneytið ekki treyst sér til að taka þær saman.

Á árinu 1992 voru settar nokkrar reglugerðir um málaskrár sýslumanna og dómstóla, þar á meðal reglugerð um málaskrár vegna gjaldþrotaskipta o.fl. nr. 226/1992. Í byrjun árs 1994 var nýtt málaskráningartölvukerfi tekið í notkun hjá héraðsdómstólunum fyrir alla málaflokka og eru skráðar í það mun víðtækari upplýsingar en áður tíðkaðist. Að sama skapi er hægt að fá úr því betri upplýsingar en hægt var úr handfærðum málaskrám.

Hjá minni héraðsdómstólunum hafa öll mál frá 1. júlí 1992 verið skráð í kerfið en vegna mikils málafjölda í héraðsdómi Reykjavíkur hefur enn ekki gefist tími til að flytja gögn úr eldri kerfum yfir í nýja skráningarkerfið. Sökum þess eru upplýsingar frá héraðsdómi Reykjavíkur frá árunum 1993 og 1994 ekki fullnægjandi til að vinna upp úr þeim yfirlit yfir aldursdreifingu þeirra sem úrskurðaðir hafa verið gjaldþrota.

Sú tölulega samantekt sem hér fer á eftir er því eingöngu um fjölda gjaldþrotaúrskurða á hendur einstaklingum árin 1993, 1994 og 1995. Tölurnar eru flokkaðar eftir héraðsdómstólum þar sem úrskurðirnir voru kveðnir upp. Til frekari fróðleiks fylgir yfirlit yfir fjölda gjaldþrotaúrskurða á hendur einstaklingum árið 1995 á hverja 1000 íbúa, miðað við íbúafjölda 1. desember 1994.

Sem fyrr segir var aðeins unnt að kanna aldursdreifingu þeirra einstaklinga sem úrskurðaðir voru gjaldþrota á landinu öllu árið 1995 og því tekur tafla 2 og súlurit 2 um aldursdreifingu gjaldþrota einstaklinga aðeins til þess árs.

Helstu niðurstöður athugunarinnar eru þessar:

— Á árunum 1993–95 voru 1.990 einstaklingar úrskurðaðir gjaldþrota eða að meðaltali 663 á ári.
— Á árinu 1995 voru flestir einstaklingar sem úrskurðaðir voru gjaldþrota í aldurshópnum 35–39 ára. Meðalaldur þeirra sem úrskurðaðir voru gjaldþrota var 37,3 ár á úrskurðardegi.

Tafla 1. Fjöldi gjaldþrotaúrskurða á hendur einstaklingum 1993-1995

Héraðsdómur	1993	1994	1995	Alls	Íbúafjöldi 1/12 1994	pr.1000 íbúa 1995
Reykjavíkur	209	384	509	1102	112.974	4,51
Reykjaness	100	184	217	501	59.224	3,66
Vesturlands	8	14	21	43	14.278	1,47
Vestfjarða	10	18	12	40	9.448	1,27
Norðurlands vestra	5	16	13	34	10.294	1,26
Norðurlands eystra	27	32	35	94	26.783	1,31
Austurlands	15	21	18	54	12.909	1,39
Suðurlands	37	37	48	122	20.876	2,30
Samtals	**411**	**706**	**873**	**1990**	**266.786**	**3,27**

Súlurit 1.

Fjöldi gjaldþrotaúrskurða á hendur einstaklingum á hverja 1000 íbúa í einstökum dómaumdæmum árið 1995



Tafla 2. Aldursdreifing þeirra einstaklinga sem úrskurðaðir voru gjaldþrota á árinu 1995.

Aldur	Reykjav.	Reykjan.	Vesturl.	Vestf.	Norðl.v.	Norðl.e.	Austurl.	Suðurl.	Samtals
15-19	1	0	0	0	0	0	0	0	1
20-24	17	2	1	0	0	3	1	1	25
25-29	46	18	2	0	1	3	1	3	74
30-34	72	25	6	2	3	5	3	8	124
35-39	107	44	1	4	3	7	3	8	177
40-44	76	45	3	3	3	7	0	4	141
45-49	75	29	5	2	2	3	3	14	133
50-54	38	22	2	0	0	2	5	7	76
55-59	31	13	1	0	0	4	1	0	50
60-64	20	9	0	1	0	0	1	1	32
65-69	16	7	0	0	0	1	0	2	26
70-74	7	2	0	0	1	0	0	0	10
75-79	2	1	0	0	0	0	0	0	3
80-84	1	0	0	0	0	0	0	0	1
85-89	0	0	0	0	0	0	0	0	0
90-94	0	0	0	0	0	0	0	0	0
95-99	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Alls	**509**	**217**	**21**	**12**	**13**	**35**	**18**	**48**	**873**

Súlurit 2.



2. *Er vitað hversu margir einstaklingar, sem orðið hafa gjaldþrota á áðurgreindu tímabili, eru:*
   a. launamenn,
   b. verktakar?

Í reglugerð um málaskrár vegna gjaldþrotaskipta o.fl. nr. 226/1992 er talið upp hvaða upplýsingar skuli færa í málaskrá. Upplýsingar um atvinnu skuldara eða hvort viðkomandi er launþegi eða verktaki eru ekki meðal þeirra atriða sem ber að skrá. Einnig má benda á að veruleg vandkvæði eru á að skrá slíkt þar sem skilin eru ekki í öllum tilvikum skörp þarna á milli og einstaklingur getur verið launþegi í dag og verktaki á morgun eða jafnvel hvort tveggja á sama tíma.

Ekki er því mögulegt að veita umbeðnar upplýsingar og ekki eru uppi áform um að hefja skráningu á slíkum atriðum.

918. Frumvarp til laga [94. mál]

um framhaldsskóla.

(Eftir 2. umr., 6. maí.)

I. KAFLI
Gildissvið.
1. gr.

Lög þessi taka til skólastarfs á framhaldsskólastigi er tekur við af skyldunámsstigi og allt til háskólastigs, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1974, um skólakerfi. Framhaldsskólar er samnefni þeirra skóla er undir lög þessi falla. Þeir eru: fjölbrautaskólar, iðn- og verkmenntaskólar og menntaskólar, svo og skólar sem veita sérhæft nám á framhaldsskólastigi. Einstakar skólastofnanir geta borið sérstakt nafn, t.d. tengt stað, hefð eða sérstöku hlutverki. Setja skal reglugerð um sérskóla sem starfa samkvæmt lögum þessum.

II. KAFLI
Hlutverk.
2. gr.

Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Framhaldsskólinn býr nemendur undir störf í atvinnulífinu og frekara nám.

Framhaldsskólinn skal leitast við að efla ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfa þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýninni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja til stöðugrar þekkingarleitar.

III. KAFLI
Starfstími.
3. gr.

Árlegur starfstími nemenda í framhaldsskólum skal eigi vera skemmri en níu mánuðir. Þar af skulu kennsludagar ekki vera færri en 145. Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfstíma skóla og leyfisdaga.

IV. KAFLI
Stjórnun.

4. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála er lög þessi taka til og ber ábyrgð á aðalnámskrá, eftirliti með skólastarfi og námsefni, ráðgjöf um kennslu og þróunarstarf í framhaldsskólum og söfnun og dreifingu upplýsinga um skólastarf. Menntamálaráðherra setur reglugerð um framkvæmd einstakra þátta sem hér eru nefndir.

Menntamálaráðherra gerir tillögur um fjárveitingu á fjárlögum til hvers skóla og annast fjárhagslegt eftirlit, svo og eftirlit með því að framhaldsskólar hafi fullnægjandi aðstöðu hvað varðar húsnæði og búnað.

5. gr.

Samstarfsnefnd framhaldsskóla, skipuð skólameisturum og rektorum undir forsæti menntamálaráðherra eða staðgengils hans, fjallar um sameiginleg málefni framhaldsskóla og samræmir störf þeirra.

6. gr.

Menntamálaráðherra skipar skólanefnd við framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Ráðherra getur heimilað sveitarstjórn/sveitarstjórnum að tveir eða fleiri skólar sameinist um eina skólanefnd.

Í skólanefnd skulu sitja fimm menn. Tveir eru skipaðir samkvæmt tilnefningu sveitarstjórnar/sveitarstjórna og þrír án tilnefningar og skulu þeir að jafnaði búsettir í sveitarfélagi sem á aðild að skólanum. Nefndin kýs sér formann til eins árs í senn. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Áheyrnarfulltrúar eru tveir með málfrelsi og tillögurétt, annar tilnefndur af kennurum skólans en hinn af nemendafélagi skólans. Áheyrnarfulltrúar skulu tilnefndir til eins árs í senn. Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt. Hann er framkvæmdastjóri nefndarinnar.

Sé um sérskóla að ræða er ráðherra heimilt með reglugerð að víkja frá reglum um skipan skólanefndar.

7. gr.

Skólanefnd markar áherslur í starfi skólans. Hún gerir árlega starfs- og fjárhagsáætlun fyrir skólann til þriggja ára sem háð er samþykki menntamálaráðherra. Skólanefnd gerir í upphafi hvers árs fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og fylgist með að henni sé framfylgt. Skólanefnd skal gera menntamálaráðuneytinu grein fyrir rekstrarstöðu skólans a.m.k. tvisvar á ári, þ.e. í febrúar og ágúst.

Skólanefnd ákveður upphæð innritunargjalds og efnisgjalds sem nemendum er gert að greiða við upphaf námsannar eða skólaárs. Upphæð innritunargjalds skal taka mið af kostnaði vegna ýmiss konar kennsluefnis og pappírsvara sem skóli lætur nemendum í té án sérstaks endurgjalds og nauðsynlegt er fyrir starfsemi skólans. Innritunargjald skal þó aldrei vera hærra en 6.000 kr. á skólaári. Heimilt er að taka 15% hærra gjald af þeim sem fá leyfi til innritunar utan auglýsts innritunartíma. Efnisgjald er innheimt af nemendum sem njóta verklegrar kennslu og skal upphæð þess miðast við þriðjung af raunverulegum kostnaði vegna efnis sem skóli lætur nemendum í té og þeir þurfa að nota í námi sínu. Efnisgjald skal aldrei vera hærra en 25.000 kr. á skólaári eða 12.500 kr. á önn. Halda skal bókhald um fjárreiður þessar. Um endurskoðun gilda sömu reglur og um ann-

an rekstur. Menntamálaráðherra setur nánari reglur um innritunar- og efnisgjöld.

Heimilt er skólanefnd að stofna sérstaka sjóði við framhaldsskóla. Skal um þá sett skipulagsskrá, leitað staðfestingar á henni og hún birt í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um skipan og störf skólanefnda.

8. gr.

Skólameistari veitir skólanum forstöðu. Hann stjórnar daglegum rekstri og starfi framhaldsskóla og gætir þess að skólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann ber ábyrgð á að fylgt sé fjárhagsáætlun skólans og hefur frumkvæði að gerð skólanámskrár og umbótastarfi innan skólans.

Skólaráð skal vera skólameistara til aðstoðar við stjórn skóla. Skólameistari er oddviti skólaráðs sem auk hans skal skipað fulltrúum kennara og nemenda, svo og aðstoðarskólameistara og áfangastjóra starfi þeir við skólann. Heimilt er að setja í reglugerð nánari ákvæði um skipan skólaráðs, verksvið þess, starfstíma og starfshætti.

9. gr.

Almennur kennarafundur í framhaldsskóla fjallar um stefnumörkun í starfi skólans, um námsskipan, kennsluhætti, þar með talið námsmat, og aðra starfsemi og kemur tillögum sínum á framfæri við skólanefnd og skólaráð. Kennarafund skal halda eigi sjaldnar en fjórum sinnum á hverju skólaári. Skylt er skólameistara að halda kennarafund ef fulltrúar kennara í skólaráði eða þriðjungur fastra kennara skólans krefjast þess.

Nánari ákvæði um starfssvið kennarafundar skal setja í reglugerð.

10. gr.

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendaráð sem er fulltrúi nemenda í hagsmunamálum þeirra. Nemendaráð hefur tillögu- og umsagnarrétt um markmið náms, námsefni og kennslutilhögun í skóla sínum. Almenn samtök nemenda í hverjum skóla, nemendafélög, setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs.

Gjöld til nemendasjóða eru ákveðin af nemendafélögum skóla sem sjá um innheimtu og meðferð fjárins. Bókhald nemendafélags skal háð sömu endurskoðun og aðrar fjárreiður skólans.

V. KAFLI
Starfsfólk.

11. gr.

Um fjölda starfsmanna og skiptingu starfa fer eftir stærð og gerð skóla og fjárveitingu hverju sinni.

Menntamálaráðherra skipar skólameistara til fimm ára í senn að fenginni tillögu hlutaðeigandi skólanefndar. Kennari, sem skipaður er skólameistari, skal fá leyfi frá kennarastarfi sínu þann tíma sem hann gegnir embætti skólameistara.

Skólameistari ræður aðstoðarskólameistara, áfangastjóra, deildarstjóra, kennara, námsráðgjafa, starfsfólk skólasafns og aðra starfsmenn skólans að höfðu samráði við skólanefnd.

Hafi umsækjandi um stöðu kennara ekki réttindi til kennslu við framhaldsskóla skal fara með umsókn hans samkvæmt ákvæðum laga nr. 48/1986, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

Um skilyrði þess að vera ráðinn skólameistari eða kennari við framhaldsskóla fer eftir ákvæðum gildandi laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum framhaldsskólakennara. Setja skal í reglugerð ákvæði um menntun og starfssvið námsráðgjafa og starfsfólks skólasafna. Setja má í reglugerð ákvæði um menntun og starfssvið annarra starfsmanna.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð ákvæði um starfssvið skólameistara, kennara og annarra starfsmanna skóla eftir því sem við á.

12. gr.

Hafi kennari starfað a.m.k. í fimm ár og óski að fá sérstakt námsorlof til að efla þekkingu sína og kennarahæfni skal hann senda skólanefnd og menntamálaráðuneyti beiðni um námsorlof ásamt greinargerð um hvernig hann hyggst verja námsorlofstímanum. Ráðuneytið getur veitt honum námsorlof allt að einu ári á föstum embættislaunum.

Menntamálaráðherra getur veitt kennara, er nýtur námsorlofs, styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við námsorlofið ef hann ver því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar njóti hann ekki sambærilegs styrks frá öðrum. Að loknu námsorlofi er kennurum skylt að senda ráðuneytinu skýrslu um störf sín á námsorlofstíma.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til skólameistara og annarra stjórnenda skóla. Menntamálaráðherra setur reglugerð um framkvæmd námsorlofs kennara.

13. gr.

Í öllum framhaldsskólum skal rækja heilsuvernd. Sé heilsugæslustöð starfandi í nágrenni skólans skal fela henni að annast heilsuverndina.

Héraðslæknar hafa umsjón með þessari starfsemi undir yfirstjórn heilbrigðisstjórnar og líta eftir að aðbúnaður og aðstaða nemenda og starfsmanna sé viðhlítandi. Starfsfólk við heilsuvernd í skólum skal hafa náið samstarf við skólameistara um framkvæmdina.

14. gr.

Nemendum í framhaldsskóla skal standa til boða ráðgjöf og leiðsögn um náms- og starfsval og persónuleg mál er snerta nám þeirra og skólavist. Slíka þjónustu veita námsráðgjafar, kennarar og annað starfsfólk eftir því sem við á.

VI. KAFLI
Inntökuskilyrði.

15. gr.

Allir sem lokið hafa grunnskólanámi eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun skulu eiga kost á að hefja nám í framhaldsskóla.

Inntaka nemenda á einstakar námsbrautir framhaldsskólans ákvarðast af þeim kröfum sem gerðar eru í viðkomandi námi. Í reglugerð skal kveðið á um lágmarkskröfur um námsárangur í einstökum greinum og greinaflokkum við lok grunnskóla og starfsþjálfun þar sem hennar er krafist. Heimilt er skólameistara, að undangengnu mati, að veita nemanda sem orðinn er 18 ára gamall inngöngu á einstakar námsbrautir framhaldsskóla þótt hann uppfylli ekki lágmarkskröfur um námsárangur við lok grunnskóla.

Nemendum, sem ekki hafa náð tilskildum árangri við lok grunnskóla, skal standa til boða fornám eða nám í sérstökum deildum á framhaldsskólastigi. Inntaka nemenda í framhaldsskóla er á ábyrgð skólameistara.

VII. KAFLI
Námsskipan.

16. gr.

Námsbrautir framhaldsskóla skiptast í starfsnámsbrautir, bóknámsbrautir, listnámsbrautir og almenna námsbraut. Af öllum námsbrautum skulu vera leiðir til frekara náms, annaðhvort beinar eða með skilgreindri viðbót náms.

Á starfsnámsbrautum er nám í löggiltum iðngreinum og annað starfsnám. Nemendur á starfsnámsbrautum skulu einnig eiga kost á viðbótarnámi til undirbúnings námi á háskólastigi. Í reglugerð skal kveðið á um hverjar skuli vera löggiltar starfsgreinar.

Bóknámsbrautir veita undirbúning að námi á háskólastigi. Bóknámsbrautir eru þrjár: tungumálabraut, félagsfræðabraut og náttúrufræðabraut.

Listnámsbrautir veita undirbúning að frekara námi í listgreinum í sérskólum eða í skólum á háskólastigi.

Almenn námsbraut veitir undirbúning fyrir nám á bók-, list- og starfsnámsbrautum og getur jafnframt verið hluti af því námi.

Stofnun nýrra námsbrauta er háð samþykki menntamálaráðherra.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um framkvæmd ákvæða þessarar greinar.

17. gr.

Námsbrautir framhaldsskóla skulu skipulagðar í samræmi við lokamarkmið námsins. Þær skiptast í brautarkjarna, kjörsvið og frjálst val. Hlutfall milli þessara þátta er ákveðið í aðalnámskrá og getur verið mismunandi eftir brautum.

Brautarkjarni er skyldunám brautar. Þar eru sérgreinar brautarinnar og námsgreinar sem stuðla að almennri menntun og búa nemendur undir þátttöku í samfélaginu.

Kjörsvið er frekari sérhæfing á brautinni. Það er skipulagt sem heild, ýmist með samröðun námsáfanga eða í stórum heildstæðum áföngum með áherslu á fræðileg viðfangsefni. Starfsnám og viðurkennt listnám á framhaldsskólastigi má meta til kjörsviðs í námi á bóknámsbrautum að uppfylltum skilyrðum sem tilgreind eru í aðalnámskrá.

Frjálst val námsgreina, sem skilgreindar eru í aðalnámskrá framhaldsskóla og kenndar eru í viðkomandi skóla, gefur nemendum kost á að kynnast list-, verk- og fræðasviðum að eigin vali.

18. gr.

Menntamálaráðherra getur heimilað stofnun og starfrækslu fornáms við framhaldsskóla. Fornám er skipulagt sem eins árs nám fyrir nemendur sem ekki hafa náð tilskildum árangri á grunnskólaprófi. Menntamálaráðherra setur nánari reglur um fornám og skilyrði fyrir stofnun þess.

19. gr.

Á framhaldsskólastigi skal veita fötluðum nemendum samkvæmt skilgreiningu á hugtakinu fatlaður í 2. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, kennslu og sérstakan stuðning í námi. Látin skal í té sérfræðileg aðstoð og nauðsynlegur aðbúnaður eftir því sem þörf krefur að mati menntamálaráðuneytisins. Fatlaðir nemendur skulu stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er.

Menntamálaráðherra getur heimilað stofnun sérstakra deilda við framhaldsskóla fyrir fatlaða nemendur. Menntamálaráðherra setur reglugerð með nánari ákvæðum um kennslu og nám fatlaðra nemenda í framhaldsskólum.

20. gr.

Nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku eiga rétt á sérstakri kennslu í íslensku. Menntamálaráðherra getur heimilað að stofnað verði til sérstaks grunnnáms í íslensku við framhaldsskóla fyrir þessa nemendur. Íslenskir nemendur sem hafa dvalist langdvölum erlendis og hafa þar af leiðandi litla kunnáttu í móðurmálinu skulu eiga kost á sérstakri kennslu í íslensku. Í reglugerð skal kveðið nánar á um rétt þessara nemenda til kennslu í íslensku, svo og um tilhögun og mat á náminu. Einnig skal í reglugerð kveðið á um rétt heyrnarlausra nemenda til sérstakrar íslenskukennslu.

VIII. KAFLI
Námskrár og mat.

21. gr.

Aðalnámskrá, er menntamálaráðherra setur, er meginviðmiðun skólastarfs. Í henni eru útfærð markmið framhaldsskóla og skilgreind markmið einstakra námsbrauta og námsgreina, svo og námslok. Í aðalnámskrá skulu vera almennar reglur um réttindi og skyldur nemenda, svo og meðferð ágreiningsmála.

Í aðalnámskrá skal kveðið á um uppbyggingu einstakra námsbrauta, samhengi í námi og meðallengd námstíma á hverri braut. Þar er ákveðinn lágmarksfjöldi kennslustunda í einstökum námsgreinum og inntak í megindráttum.

Í aðalnámskrá skal mælt fyrir um námsmat, þar með talin próf og vitnisburð. Þar komi fram hvaða kröfur nemandi þarf að uppfylla til þess að hann teljist hafa lokið einstökum áföngum náms með fullnægjandi árangri og lágmarkskröfur til þess að standast tiltekin lokapróf. Þar skal kveðið á um hversu oft nemandi má endurtaka próf og birtar reglur um rétt nemenda til að sjá prófúrlausnir sínar.

Í aðalnámskrá eru ákvæði um mat á starfsþjálfun sé hún hluti námsins, mat á námi þegar nemendur flytjast milli skóla og skilyrði þess að flytjast milli námsbrauta. Í aðalnámskrá skal setja viðmiðunarreglur um skólanámskrár og mat á skólastarfi.

Tilkynning um gildistöku aðalnámskrár eða hluta hennar skal birt í Stjórnartíðindum.

22. gr.

Í hverjum skóla skal gefa út skólanámskrá þar sem gerð er grein fyrir námsframboði, lengd og innihaldi námsáfanga og skiptingu námsgreina á námsannir og/eða námsár. Þar skal einnig gerð grein fyrir áherslum í starfi skólans, kennsluháttum, námsmati og stjórnunarháttum, svo sem gæðastjórnun.

Í skólanámskrá geri skólar grein fyrir hvernig ná skuli því markmiði framhaldsskóla að námið stuðli að alhliða þroska nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Skólanámskrá skal samþykkt af skólanefnd að fenginni umsögn almenns kennarafundar. Skólanefnd fylgist með framkvæmd skólanámskrár.

23. gr.

Sérhver framhaldsskóli skal innleiða aðferðir til að meta skólastarfið, þar á meðal kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans. Á fimm ára fresti skal utanaðkomandi aðili gera úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla.

24. gr.

Almennt námsmat í framhaldsskóla er í höndum kennara og deildarstjóra. Matið byggist á markmiðum skólastarfs sem kveðið er á um í aðalnámskrá og skólanámskrá.

Lokapróf úr framhaldsskóla, svo sem stúdentspróf og burtfararpróf af starfsmenntabrautum, er veitt geta rétt til frekara náms eða réttindi til starfa, skulu vera samræmd í tilteknum greinum sem nánar er kveðið á um í reglugerð. Í reglugerð skal einnig kveðið nánar á um framkvæmd samræmdra prófa í framhaldsskólum, svo og sveinsprófa.

IX. KAFLI
Starfsnám.

25. gr.

Starfsnám skal stuðla að almennri menntun nemenda, veita þeim undirbúning til tiltekinna starfa og innsýn í hlutverk fyrirtækja og starfsfólks í atvinnulífi. Náminu er jafnframt ætlað að hvetja nemendur til að viðhalda þekkingu sinni og bæta við hana með endurmenntun eða áframhaldandi námi.

Starfsnám skiptist á skóla og vinnustað eða fer eingöngu fram í skóla. Námið er bóklegt og verklegt og skal mynda sem samfelldasta heild svo að nemendur fái betur skilið tengsl fræðilegra og hagnýtra þátta. Áhersla skal lögð á að innihald starfsnáms taki mið af þörfum starfsgreina fyrir fagmenntun starfsfólks á hverjum tíma.

26. gr.

Menntamálaráðherra skipar samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð 18 fulltrúum, þar af 12 tilnefndum af eftirtöldum aðilum atvinnulífs: fimm frá Alþýðusambandi Íslands, þar af skal einn vera fulltrúi nema, einn frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, fimm frá Vinnuveitendasambandi Íslands og einn frá Vinnumálasambandi samvinnufélaga. Leitast skal við að fulltrúar atvinnulífsins komi úr sem flestum atvinnugreinum. Auk þess sitja í nefndinni einn fulltrúi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, tveir fulltrúar tilnefndir sameiginlega af samtökum kennara og skólastjórnenda, og skal annar þeirra vera starfsmenntakennari en hinn stjórnandi starfsmenntaskóla, og þrír fulltrúar skipaðir án tilnefningar. Menntamálaráðherra skipar formann nefndarinnar.

Samtök atvinnurekenda, launþega og sveitarfélaga greiða kostnað af störfum fulltrúa sinna í samstarfsnefndinni en menntamálaráðuneytið greiðir kostnað af störfum fulltrúa menntamálaráðherra og leggur nefndinni til skrifstofuþjónustu.

27. gr.

Samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi stuðlar að tengslum skóla og atvinnulífs og er menntamálaráðherra til ráðuneytis um stefnumótun í starfsnámi og setningu almennra reglna um skipan og framkvæmd starfsnáms. Nefndin gerir tillögur um skipan starfsgreina í starfsgreinaflokka í samráði við samtök atvinnurekenda og launþega í viðkomandi greinum, forgangsröðun verkefna í starfsnámi, svo og sérstakar tilraunir og þróunarverkefni. Nefndin setur sér starfsreglur sem öðlast gildi við staðfestingu menntamálaráðherra.

28. gr.

Menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn starfsgreinaráð fyrir starfsgreinaflokka eða starfsgreinar. Í starfsgreinaráði skulu eiga sæti fulltrúar tilnefndir af samtök-

um atvinnurekenda og launþega í viðkomandi starfsgreinum og einn fulltrúi menntamálaráðherra. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Allar starfsgreinar, sem njóta fræðslu á framhaldsskólastigi, skulu eiga kost á fulltrúaaðild að starfsgreinaráði og skal gætt jafnræðis milli fulltrúa atvinnurekenda og launþega. Formaður skal kjörinn úr hópi fulltrúa til tveggja ára í senn. Ef ekki tekst að skipa starfsgreinaráð er menntamálaráðherra heimilt að skipa tímabundið sérstaka starfshópa til að sinna verkefnum starfsgreinaráðs.

Samtök atvinnurekenda og launþega greiða kostnað af störfum fulltrúa sinna í starfsgreinaráði og menntamálaráðuneytið greiðir kostnað af störfum fulltrúa menntamálaráðherra og af sérfræðilegri vinnu við námskrárgerð.

29. gr.

Starfsgreinaráð skilgreinir þarfir starfsgreina fyrir kunnáttu og hæfni starfsmanna og setur fram markmið starfsnáms.

Starfsgreinaráð gerir tillögur um uppbyggingu starfsnáms og námskrá í sérgreinum viðkomandi starfsnáms, svo og um tilhögun námsmats, þar með talin sveinspróf og eftirlit með gæðum kennslu og námsefnis. Það gerir einnig tillögur að skiptingu náms í skóla og á vinnustað, svo og reglum um vinnustaðanám, viðurkenningu á vinnustöðum til að taka nema í starfsþjálfun eða á námssamning og aðstöðu, búnað og kennarakost skóla sem annast starfsnám.

Starfsgreinaráð skal hafa frumkvæði að tillögugerð um breytta skipan náms og vera stjórnvöldum til ráðuneytis í málum er varða menntun í starfsgreinum er undir ráðið heyra.

Að fengnum tillögum starfsgreinaráðs gefur menntamálaráðherra út námskrá í sérgreinum starfsnáms sem hluta af aðalnámskrá framhaldsskóla og reglur um framkvæmd starfsnáms í einstökum starfsgreinum.

30. gr.

Til að stuðla að sem bestu samstarfi skóla og atvinnulífs og ýta undir frumkvæði þeirra við þróun starfsnáms er skólanefnd heimilt að setja á fót eina eða fleiri ráðgjafarnefndir við skóla með fulltrúum atvinnulífs í viðkomandi byggðarlagi og skal gætt jafnræðis milli fulltrúa atvinnurekenda og launþega. Skólar leiti til starfsgreinaráða um tilnefningar fulltrúa í ráðgjafarnefndir í byggðarlagi.

31. gr.

Menntamálaráðherra getur, að fenginni umsögn starfsgreinaráðs og stofnaðila, gert framhaldsskóla eða deild í framhaldsskóla að kjarnaskóla um lengri eða skemmri tíma. Í samráði við starfsgreinaráð hefur kjarnaskóli forgöngu um að þróa námsefni, námsskipan og kennsluaðferðir í starfsnámi og aðstoðar aðra skóla og fyrirtæki við umbætur í kennslu og þjálfun á viðkomandi sviði.

Í samningi, er menntamálaráðherra gerir við þá stofnun er tekur að sér hlutverk kjarnaskóla, skal verkefnið skilgreint, stjórnun þess, lengd samningstíma og hvernig úttekt þess skuli háttað. Hagsmunaaðilar á vinnumarkaði geta átt aðild að slíkum samningi.

32. gr.

Verknám og starfsþjálfun á vinnustað byggist á ákvæðum aðalnámskrár og reglum um vinnustaðanám í viðkomandi starfsgrein. Um vinnustaðanám skal gera sérstakan starfs-

þjálfunarsamning milli skóla og vinnustaðar eða námssamning milli nema og vinnuveitanda.

Námssamningur skal undirritaður við upphaf vinnustaðanáms og staðfestur innan eins mánaðar. Þar skal tilgreindur reynslu- og gildistími samningsins. Ákvæði um laun og önnur starfskjör skulu vera í samræmi við gildandi kjarasamninga að því er varðar nema í viðkomandi starfsnámi.

Í reglugerð, sem menntamálaráðherra setur, skulu vera ákvæði um starfsþjálfunarsamninga. Þar skal einnig kveðið á um form, staðfestingu og skráningu námssamninga, svo og samningsslit og meðferð ágreiningsefna er upp kunna að koma varðandi framkvæmd samnings. Áður en reglugerð þessi er sett skal leitað umsagnar aðila vinnumarkaðar og samtaka nemenda.

X. KAFLI
Fullorðinsfræðsla og endurmenntun.

33. gr.

Menntamálaráðherra getur heimilað framhaldsskóla að bjóða nám í öldungadeildum. Nám í öldungadeildum skal vera jafngilt námi á einstökum námsleiðum framhaldsskólans, en skipulagning náms og kennsluhættir taki mið af því að um fullorðna nemendur er að ræða.

Fyrir kennslu í slíku námi skulu nemendur greiða gjald sem nemur sem næst þriðjungi kennslulauna. Menntamálaráðherra setur reglur um hlutdeild öldungadeildarnemenda í efniskostnaði. Nánari ákvæði um þessa starfsemi skulu sett í reglugerð.

34. gr.

Framhaldsskóla er heimilt, með samþykki menntamálaráðherra, að starfrækja endurmenntunarnámskeið eða annars konar nám í samráði eða samvinnu við faggreinafélög, stéttarfélög, atvinnurekendur eða aðra hagsmuna- eða áhugahópa, t.d. með farskólasniði.

Halda skal kostnaði vegna þessara námskeiða aðgreindum frá öðrum rekstri skólans og skal hann greiddur að fullu af þeim aðilum er að námskeiðum standa með skólanum eða með þátttökugjöldum.

Gera skal samning milli samstarfsaðila og skólans þar sem gengið er frá fyrirkomulagi og full greiðsla kostnaðar tryggð.

35. gr.

Framhaldsskóla er heimilt með samþykki menntamálaráðherra að stofna, í samvinnu við sveitarfélög, faggreinafélög, stéttarfélög, atvinnurekendur eða aðra hagsmuna- og áhugahópa, fullorðinsfræðslumiðstöð, sbr. 33. og 34. gr. Samstarfsaðilar skulu gera með sér samning um starfsemina. Nánari ákvæði um þessa starfsemi skal setja í reglugerð.

XI. KAFLI
Skólasafn.

36. gr.

Í öllum framhaldsskólum skal vera skólasafn. Hlutverk þess er að vera upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og kennara. Það skal búið bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist kennslugreinum skóla. Í tengslum við húsnæði skólasafns skal vera lesaðstaða með aðgangi að upplýsingaritum á skólasafni.

Í starfsemi skólasafns skal leggja áherslu á að þjálfa nemendur í sjálfstæðri leit upplýsinga og notkun gagnabanka.

XII. KAFLI
Stofnun og bygging framhaldsskóla.

37. gr.

Ríki eða sveitarfélög, eitt eða fleiri, geta haft frumkvæði að stofnun nýs framhaldsskóla en skóli verður þó eigi stofnaður nema með samþykki Alþingis. Ákvæði þetta á þó ekki við um skóla sem stofnaðir kunna að verða samkvæmt ákvæðum 41. gr.

Standi ríki og sveitarfélag/sveitarfélög sameiginlega að stofnun framhaldsskóla skal gera samning milli aðila um nýframkvæmdir, stofnbúnað og endurbyggingu húsnæðis sem ríki og sveitarfélög samþykkja að standa að vegna framhaldsskóla. Þar skulu m.a. vera ákvæði um stjórn framkvæmda, byggingarhraða og greiðslustreymi. Heimilt er að fela sveitarfélögum, sem aðild eiga að framhaldsskóla, að fara með undirbúning og umsjón með byggingarframkvæmdum.

Samningar um framkvæmdir skulu undirritaðir af menntamálaráðherra og fjármálaráðherra annars vegar og hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnum hins vegar. Fjármálaráðherra skal kynna fjárlaganefnd slíka samninga.

Kostnaður við byggingarframkvæmdir, aðrar framkvæmdir á lóð og stofnbúnað framhaldsskóla og heimavista við þá skiptist þannig að ríkissjóður greiðir 60% áætlaðs kostnaðar samkvæmt viðmiðunarreglum (normkostnaður) þegar sveitarfélag eða sveitarfélög annast undirbúning og verkframkvæmd. Hlutur sveitarfélags eða sveitarfélaga er þá sá hluti kostnaðar sem ríkissjóður greiðir ekki. Lóðir undir framhaldsskóla skulu sveitarfélög leggja til án kvaða eða gjalda. Þegar ríkissjóður ber ábyrgð á undirbúningi verks og stjórnar framkvæmdum, án íhlutunar sveitarfélags eða sveitarfélaga, greiðir sveitarfélag eða sveitarfélög 40% miðað við normkostnað en ríkissjóður hinn hlutann. Heimilt er ráðuneytinu að semja um aðra kostnaðaraðild þegar um búnað verknámshúsnæðis er að ræða að fengnu samþykki fjárlaganefndar.

Ákveði Alþingi að stofna skóla án aðildar sveitarfélags eða sveitarfélaga greiðist allur stofnkostnaður úr ríkissjóði.

Þar sem heimavistir verða reistar í tengslum við framhaldsskóla má gerð húsnæðis og búnaðar miðast við að nýta megi aðstöðuna til gistihúsarekstrar utan reglulegs skólatíma. Um umframkostnað, sem af því kann að leiða, skal samið sérstaklega milli byggingaraðila. Um notkun heimavistarhúsnæðis utan skólatíma skal gerður sérstakur samningur í samráði við menntamálaráðuneyti og hann staðfestur af skólanefnd.

Menntamálaráðherra skal í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga setja viðmiðunarreglur um stærð og gerð húsnæðis fyrir framhaldsskóla og málsmeðferð varðandi undirbúning framkvæmda samkvæmt þessari grein. Menntamálaráðuneytið skal að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga setja reglur um viðmiðun stofnkostnaðar og búnaðar (norm) er skipting áætlaðs byggingarkostnaðar miðist við.

38. gr.

Skólamannvirki þau, sem lög þessi taka til, skulu vera eign ríkis og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur eða hefur verið greiddur sé um eldra húsnæði að ræða.

Verði húsnæði framhaldsskóla ráðstafað til annarra nota en framhaldsskólanáms skulu eignaraðilar gera með sér samkomulag þar um. Verði eign seld öðrum hvorum eignaraðila skal hún metin af dómkvöddum mönnum.

XIII. KAFLI
Rekstur framhaldsskóla.

39. gr.

Ríkissjóður greiðir samkvæmt lögum þessum rekstrarkostnað framhaldsskóla. Hver skóli er sjálfstæð rekstrareining og hefur sérstaka fjárveitingu á fjárlögum. Menntamálaráðherra gerir tillögur til fjárveitingar á fjárlögum til hvers skóla á grundvelli samþykktrar kennslu- og fjárhagsáætlunar skólans til þriggja ára. Áætlun þessi skal endurskoðuð árlega með tilliti til nemendafjölda skólans.

Ríkissjóður greiðir allan launakostnað vegna kennslu, stjórnunar og annarra starfa. Menntamálaráðherra skal gefa út reglugerð þar sem settar eru fram reglur (reiknilíkan) til að reikna út kennslukostnað skóla. Við útreikninga þessa skal miðað við fjölda nemenda, lengd og tegund náms, fjölda kennslustunda á viku samkvæmt aðalnámskrá, kostnað sem leiðir af kjarasamningum og annað sem kann að skipta máli. Í reglugerð þessari skulu einnig vera viðmiðunarreglur um framlög til annarra starfa en kennslu.

Auk launakostnaðar greiðir ríkissjóður annan rekstrarkostnað skóla, svo og viðhald húsa og tækja. Rekstrarframlag er greitt til skóla samkvæmt ákvæðum í samningi er gerður skal við menntamálaráðuneytið. Heimilt er skólanefnd, ef þörf krefur, að millifæra fé af rekstrarlið fjárlaga til launaliðar og af launalið til rekstrarliðar.

Meiri háttar viðhald framhaldsskóla í eigu ríkissjóðs skal greitt af sérstakri fjárveitingu til þessa verkefnis sem ákveðin er í fjárlögum í samræmi við sérstaka viðhaldsáætlun til þriggja ára í senn sem menntamálaráðherra gerir. Um undirbúning viðhaldsframkvæmda og umsjón með þeim fer með sama hætti og aðrar slíkar framkvæmdir á vegum ríkisins.

Heimilt er að ráða sérstakan fjármálafulltrúa til þess að annast fjárreiður skóla og bókhald og starfar hann undir stjórn skólameistara.

40. gr.

Þar sem talið er nauðsynlegt að reka heimavist við framhaldsskóla er ríkið rekur greiðir ríkissjóður kostnað við umsjón og almennan rekstur. Nemendur bera sjálfir hluta sérgreinds kostnaðar í heimavistum og rekstri mötuneyta samkvæmt sérstökum reglum sem menntamálaráðherra setur.

Skólameistari hefur umsjón með rekstri heimavistar og mötuneytis nemenda.

XIV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

41. gr.

Einkaaðilar eða samtök geta stofnað og rekið skóla á framhaldsskólastigi.

Menntamálaráðherra getur veitt slíkum skólum viðurkenningu á grundvelli laga og reglugerða er varða framhaldsskóla og rekstur þeirra að uppfylltum skilyrðum sem sett skulu í reglugerð.

Ekki eiga einkaskólar kröfu til styrks af almannafé. Alþingi ákveður framlag ríkissjóðs til þessara skóla. Njóti einkaskólar framlags af opinberu fé skal gerður verksamningur milli menntamálaráðherra og rekstraraðila skólans um fjárveitingu, rekstur, stjórnun og eigur eftir því sem við á.

42. gr.

Samtök atvinnurekenda og launþega geta gerst aðilar að stofnun og/eða rekstri framhaldsskóla eða hluta hans. Um slíka aðild skal gerður samningur milli aðila er kveði á um framlög og aðild að stjórnun hans, ef um slíkt á að vera að ræða.

43. gr.

Heimilt er að nýta skólahúsnæði til félagsstarfsemi utan reglulegs skólatíma, enda greiðist fyrir leiga sem nemur a.m.k. kostnaði fyrir rafmagn, hita, ræstingu og vörslu. Skólanefnd setur almennar reglur um slíka ráðstöfun skólahúsnæðis.

Hagnaði af leigu skólahúsnæðis og heimavista, sbr. 40. gr., skal verja til viðhalds og endurnýjunar húsnæðis og búnaðar.

44. gr.

Menntamálaráðherra getur heimilað framhaldsskóla að gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs með undanþágu frá ákvæðum laga þessara og reglugerðum er settar kunna að verða samkvæmt þeim.

Um fjárframlög til tilraunastarfs af þessu tagi fer samkvæmt ákvörðun Alþingis hverju sinni. Slíkum tilraunum skulu ávallt sett eðlileg tímamörk og í leyfi kveðið á um úttekt að tilraun lokinni.

45. gr.

Árlega skal veita fé á fjárlögum til Þróunarsjóðs framhaldsskóla og heyrir hann undir menntamálaráðherra sem setur reglur um styrkveitingar úr sjóðnum.

46. gr.

Menntamálaráðherra gerir Alþingi grein fyrir framkvæmd skólastarfs í framhaldsskólum landsins á þriggja ára fresti.

XV. KAFLI
Gildistaka, brottfallin lög o.fl.

47. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1996 og skulu komin að fullu til framkvæmda í upphafi skólaársins 2000–2001. Þó skal gildistöku 11. gr. laga þessara frestað þar til réttindi ríkisstarfsmanna til æviráðningar, sem leiða má af ákvæðum laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, hafa verið afnumin.

48. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um framhaldsskóla, nr. 57/1988, með áorðnum breytingum, að undanskildum ákvæðum 12. og 13. gr. þeirra laga sem halda skulu gildi sínu þar til ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, er kveða á um æviráðningu ríkisstarfsmanna, hafa verið afnumin, sbr. 47. gr. Einnig falla úr gildi við gildistöku laga þessara lög um fiskvinnsluskóla, nr. 55/1971,

með áorðnum breytingum, lög um almenna fullorðinsfræðslu, nr. 47/1992, lög um vélstjórnarnám, nr. 11/1985, og lög um Stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 22/1972.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Ákvæði í 24. gr. um samræmd lokapróf úr framhaldsskóla skulu ekki komin að fullu til framkvæmda fyrr en skólaárið 2000–2001.

II.

Ákvæði um starfsnám í 25.–32. gr. skulu vera komin til fullra framkvæmda innan fjögurra ára frá gildistöku laga þessara. Menntamálaráðherra setur í reglugerð áætlun um framkvæmd ákvæða greina þessara að höfðu samráði við samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi, sbr. 26. gr. Ef þörf þykir skal fara fram endurskoðun þessara lagagreina í kjölfar úttektar á framkvæmd þeirra.

III.

Næstu tvö ár frá gildistöku laganna getur menntamálaráðherra veitt heimild til að umsækjandi gangist undir verklegt sveinspróf í löggiltri iðngrein án undangengins skólanáms. Að þeim tíma liðnum er óheimilt að gangast undir slíkt próf án undangengins skólanáms.

Skilyrði fyrir próftöku eru eftirfarandi:

a. vottorð um að viðkomandi hafi unnið við iðnina í tíu ár undir stjórn meistara,
b. vottorð iðnmeistara um að hann telji umsækjanda hæfan til að gangast undir sveinspróf,
c. umsagnir viðkomandi sveinafélags og starfsgreinaráðs.

Standist umsækjandi prófið öðlast hann sveinsbréf sem veitir þó ekki rétt til inngöngu í meistaraskóla.

919. Lög [73. mál]

um mannanöfn.

(Afgreidd frá Alþingi 6. maí.)

I. KAFLI

Fullt nafn og nafngjöf.

1. gr.

Fullt nafn manns er eiginnafn hans eða eiginnöfn, millinafn, ef því er að skipta, og kenninafn.

Eiginnöfn og millinafn mega aldrei vera fleiri en þrjú samtals.

2. gr.

Skylt er að gefa barni nafn innan sex mánaða frá fæðingu þess.

Barn öðlast nafn við skírn í þjóðkirkjunni eða skráðu trúfélagi eða með tilkynningu um nafngjöf til Hagstofu Íslands, Þjóðskrár, prests eða forstöðumanns skráðs trúfélags.

3. gr.

Eigi að gefa barni nafn við skírn sem prestur þjóðkirkjunnar, forstöðumaður eða prestur skráðs trúfélags á að annast skal forsjármaður þess, um leið og skírnar er óskað, skýra honum frá því nafni eða nöfnum sem barnið á að hljóta. Sé eiginnafn eða millinafn sem barn á að hljóta ekki á mannanafnaskrá, sbr. 22. gr., skal prestur eða forstöðumaður trúfélags hvorki samþykkja það að svo stöddu né gefa það við skírn heldur skal málið borið undir mannanafnanefnd, sbr. þó 3. mgr. 6. gr. og 7. og 10. gr.

Berist Þjóðskrá tilkynning um eiginnafn eða millinafn sem ekki er á mannanafnaskrá skal það ekki skráð að svo stöddu heldur skal málinu vísað til mannanafnanefndar.

II. KAFLI
Eiginnöfn.

4. gr.

Hverju barni skal gefa eiginnafn, þó ekki fleiri en þrjú.

Þeir sem fara með forsjá barns hafa bæði rétt og skyldu til að gefa því eiginnafn eftir því sem greinir í lögum þessum.

5. gr.

Eiginnafn skal geta tekið íslenska eignarfallsendingu eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli. Nafnið má ekki brjóta í bág við íslenskt málkerfi. Það skal ritað í samræmi við almennar ritreglur íslensks máls nema hefð sé fyrir öðrum rithætti þess.

Stúlku skal gefa kvenmannsnafn og dreng skal gefa karlmannsnafn.

Eiginnafn má ekki vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama.

III. KAFLI
Millinöfn.

6. gr.

Heimilt er að gefa barni eitt millinafn auk eiginnafns þess eða eiginnafna. Millinafn má hvort heldur er gefa stúlku eða dreng.

Millinafn skal dregið af íslenskum orðstofnum eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli en má þó ekki hafa nefnifallsendingu. Nöfn, sem aðeins hafa unnið sér hefð sem annaðhvort eiginnöfn karla eða eiginnöfn kvenna, eru ekki heimil sem millinöfn. Þó er eiginnafn foreldris í eignarfalli heimilt sem millinafn. Millinöfn, sem eru mynduð með sama hætti og föður- og móðurnöfn, sbr. 3. mgr. 8. gr., eru óheimil.

Millinafn, sem víkur frá ákvæðum 2. mgr., er heimilt þegar svo stendur á að eitthvert alsystkini þess sem á að bera nafnið, foreldri, afi eða amma ber eða hefur borið nafnið sem eiginnafn eða millinafn.

Millinafn skal ritað í samræmi við almennar ritreglur íslensks máls nema hefð sé fyrir öðrum rithætti þess.

Millinafn má ekki vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama.

7. gr.

Ættarnafn er einungis heimilt sem millinafn í þeim tilvikum sem um getur í þessari grein.

Hver maður, sem ber ættarnafn í þjóðskrá, má breyta því í millinafn, sbr. 15. gr.

Hver maður, sem ekki ber ættarnafn en á rétt til þess, má bera það sem millinafn.

Maður má bera ættarnafn sem millinafn hafi eitthvert alsystkini hans, foreldri, afi eða amma borið það sem eiginnafn, millinafn eða ættarnafn.

Maður á og rétt á að taka sér ættarnafn maka síns sem millinafn. Honum er einnig heimilt að taka sér nafnið sem millinafn beri maki hans það sem millinafn skv. 2. eða 3. mgr.

IV. KAFLI
Kenninöfn.

8. gr.

Kenninöfn eru tvenns konar, föður- eða móðurnöfn og ættarnöfn.

Hver maður skal kenna sig til föður eða móður nema hann eigi rétt á að bera ættarnafn og kjósi að gera svo, sbr. 5. mgr. Manni er enn fremur heimilt að kenna sig til beggja foreldra sinna eða bera ættarnafn sem hann á rétt á til viðbótar því að kenna sig til föður eða móður. Heimilt er að ófeðrað barn sé kennt til afa síns.

Föður- og móðurnöfn eru mynduð þannig að á eftir eiginnafni eða eiginnöfnum og millinafni, ef því er að skipta, kemur nafn föður eða móður í eignarfalli, að viðbættu son ef karlmaður er en dóttir ef kvenmaður er.

Nú óskar maður þess að hann eða barn hans beri kenninafn sem dregið er af erlendu eiginnafni foreldris og má þá með úrskurði mannanafnanefndar laga kenninafnið að íslensku máli.

Maður, sem samkvæmt þjóðskrá ber ættarnafn við gildistöku þessara laga eða bar ættarnafn í gildistíð laga nr. 37/1991, má bera það áfram. Sama gildir um niðja hans hvort heldur er í karllegg eða kvenlegg.

Maður, sem samkvæmt þjóðskrá er kenndur til föður eða móður maka síns við gildistöku þessara laga, má kenna sig svo áfram.

Óheimilt er að taka upp nýtt ættarnafn hér á landi.

9. gr.

Íslenskur ríkisborgari má ekki taka sér ættarnafn maka síns.

Maður, sem við gildistöku þessara laga ber ættarnafn maka síns, má bera það áfram. Eftir að hjúskap lýkur er honum og heimilt að bera ættarnafn fyrrverandi maka síns. Þó getur maður krafist þess að dómsmálaráðherra úrskurði að fyrri maka sé óheimilt að bera ættarnafn hans eftir að hinn fyrri maki gengur í hjúskap að nýju. Sé viðkomandi maður látinn hefur eftirlifandi maki hans sama rétt til að gera þess háttar kröfu. Krafa skal gerð innan sex mánaða frá því að hlutaðeigandi gekk í hjúskap. Dómsmálaráðherra reisir úrskurð sinn á því hvort þyngri séu á metum hagsmunir fyrri maka af því að halda nafni eða þau rök sem fram eru borin fyrir því að hann hætti að bera fyrra nafn.

Hafi annað íslenskra hjóna tekið upp föður- eða móðurnafn hins við búsetu erlendis er því skylt að leggja það niður við flutning til landsins. Sama gildir um niðja þeirra.

V. KAFLI
Nafnréttur manna af erlendum uppruna.

10. gr.

Ákvæði 2. og 5. gr. taka ekki til barns hér á landi ef báðir foreldrar þess eru erlendir ríkisborgarar. Sama gildir um ófeðrað barn erlendrar móður.

Sé annað foreldri barns erlendur ríkisborgari eða hafi verið það er heimilt að barninu sé gefið eitt eiginnafn og/eða millinafn sem víkur frá ákvæðum 5.–7. gr. ef unnt er

að sýna fram á að hið erlenda nafn sé gjaldgengt í heimalandi hins erlenda foreldris. Barnið skal þó ávallt bera eitt eiginnafn sem samrýmist 5. gr.

11. gr.

Nú fær maður sem heitir erlendu nafni íslenskt ríkisfang með lögum og má hann þá halda fullu nafni sínu óbreyttu. Honum er þó heimilt að taka upp eiginnafn, millinafn og/eða kenninafn í samræmi við ákvæði laga þessara.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um börn manns, sem fær íslenskt ríkisfang með lögum, og öðlast íslenskt ríkisfang með honum, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 100/1952.

Ákvæði 1. mgr. taka enn fremur til manna sem fá íslenskt ríkisfang skv. 2.–4. gr. laga nr. 100/1952.

Þeim sem fyrir gildistöku laga þessara hafa fengið íslenskt ríkisfang með nafnbreytingarskilyrðum skal með leyfi dómsmálaráðherra heimilt að taka aftur upp þau nöfn sem þeir báru fyrir og/eða fella niður þau nöfn sem þeim var gert að taka sér, þó þannig að eiginnöfn þeirra og millinöfn verði ekki fleiri en þrjú samtals, sbr. 2. mgr. 1. gr. Sama gildir um niðja þeirra.

12. gr.

Erlendur ríkisborgari, sem stofnar til hjúskapar við Íslending, má taka upp kenninafn maka síns. Enn fremur má hann kenna sig til föður maka síns eða móður þannig að við eignarfallsmynd eiginnafns komi dóttir ef kvenmaður á í hlut en son ef um karlmann er að ræða.

VI. KAFLI
Nafnbreytingar.
A. Eiginnöfn og millinöfn.

13. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að leyfa manni breytingu á eiginnafni og/eða millinafni skv. 6. gr., þar með talið að taka nafn eða nöfn til viðbótar því eða þeim sem hann ber eða fella niður nafn eða nöfn sem hann ber ef telja verður að ástæður mæli með því.

Nafnbreyting barns undir 16 ára aldri er háð því skilyrði að séu forsjármenn þess tveir standi þeir báðir að beiðni um nafnbreytinguna. Beri forsjármaður barns fram ósk um breytingu á nafni þess og hafi orðið breyting á forsjánni frá því barninu var gefið nafn skal, ef unnt er, leita samþykkis þess foreldris sem með forsjána fór við fyrri nafngjöf. Þótt samþykki þess foreldris liggi ekki fyrir getur dómsmálaráðherra engu að síður heimilað nafnbreytingu ef ótvíræðir hagsmunir barns mæla með því.

Sé barn undir 16 ára aldri ættleitt eftir að því var gefið nafn má gefa því nafn eða nöfn í ættleiðingarbréfi í stað hinna fyrri eða til viðbótar nafni eða nöfnum sem það hefur áður hlotið.

Breyting á eiginnafni eða millinafni barns undir 16 ára aldri skal háð samþykki þess hafi það náð 12 ára aldri.

Það er skilyrði nafnbreytingar að hin nýju nöfn séu á mannanafnaskrá eða samþykkt af mannanafnanefnd, sbr. þó 3. mgr. 6. gr. og 7. og 10. gr.

B. Kenninöfn.

14. gr.

Breytingar á kenninöfnum samkvæmt þessari grein gilda um börn yngri en 16 ára.

Nú gengur móðir ófeðraðs barns í hjónaband og má þá kenna barnið til stjúpföður þess.

Heimilt er með leyfi dómsmálaráðherra að feðrað barn sé kennt til stjúpforeldris. Leita skal samþykkis þess kynforeldris sem ekki fer með forsjá barnsins, ef unnt er, áður en ákvörðun er tekin um slíkt leyfi. Nú er kynforeldri ekki samþykkt breytingu á kenninafni og getur dómsmálaráðherra þá engu að síður leyft breytinguna ef sérstaklega stendur á og telja verður að breytingin verði barninu til verulegs hagræðis.

Ákvörðun skv. 2. og 3. mgr. skal háð samþykki stjúpforeldris.

Heimilt er með leyfi dómsmálaráðherra að fósturbarn, sem er í varanlegu fóstri hjá fósturforeldrum, sé kennt til fósturforeldris. Leita skal samþykkis kynforeldra barnsins, ef unnt er, áður en ákvörðun er tekin um slíkt leyfi. Nú er kynforeldri ekki samþykkt breytingu á kenninafni og getur dómsmálaráðherra þá engu að síður leyft breytinguna ef sérstaklega stendur á og telja verður að breytingin verði barninu til verulegs hagræðis.

Ef óskað er breytingar á kenninafni barns þannig að það fái ættarnafn sem það á rétt á eða verði kennt til móður í stað föður eða öfugt og foreldrið, sem barnið hefur verið kennt til, er andvígt breytingunni getur dómsmálaráðherra leyft hana ef sérstaklega stendur á og telja verður að hún verði barninu til verulegs hagræðis.

Þegar barn er ættleitt skal það kennt til kjörforeldris nema kjörforeldri óski eftir að barnið haldi fyrra kenninafni sínu.

Breyting á kenninafni barns undir 16 ára aldri skal háð samþykki þess hafi það náð 12 ára aldri.

15. gr.

Maður getur fellt niður ættarnafn sem hann hefur borið eða tekið það upp sem millinafn, sbr. 2. mgr. 7. gr., og kennt sig svo sem segir í 3. mgr. 8. gr.

16. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að leyfa manni eldri en 16 ára að taka upp nýtt kenninafn ef telja verður að gildar ástæður mæli með því.

17. gr.

Nafnbreytingar samkvæmt lögum þessum, hvort sem um er að ræða breytingar tilkynntar Þjóðskrá eða samkvæmt leyfi dómsmálaráðherra, skulu einungis heimilaðar einu sinni nema sérstaklega standi á.

VII. KAFLI
Skráning og notkun nafns.

18. gr.

Við skráningu kenninafns barns í þjóðskrá skal fara eftir ákvæðum 3. mgr. 8. gr. nema fram sé tekið í tilkynningu til Þjóðskrár að barnið skuli bera ættarnafn, sbr. 5. mgr. 8. gr.

Allar nafnbreytingar samkvæmt lögum þessum, sem ekki eru bundnar leyfi dómsmálaráðherra, skulu tilkynntar Þjóðskrá.

Breyting á eiginnafni, millinafni eða kenninafni samkvæmt lögum þessum tekur ekki gildi fyrr en hún hefur verið færð í þjóðskrá.

19. gr.

Á öllum opinberum skrám og öðrum opinberum gögnum skulu nöfn manna rituð eins og þau eru skráð í þjóðskrá á hverjum tíma.

Í skiptum við opinbera aðila, við samningsgerð, skriflega og munnlega, svo og í öllum lögskiptum, skulu menn tjá nafn sitt eins og það er ritað í þjóðskrá á hverjum tíma.

20. gr.

Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, getur heimilað að ritun nafns í þjóðskrá sé breytt án þess að um sé að ræða eiginlega nafnbreytingu. Slík breyting á nafnritun skal fara eftir reglum sem Hagstofan setur að höfðu samráði við mannanafnanefnd. Hver maður getur aðeins fengið slíka breytingu gerða einu sinni nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

VIII. KAFLI
Mannanafnanefnd.

21. gr.

Dómsmálaráðherra skipar mannanafnanefnd til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Skal einn nefndarmaður skipaður að fenginni tillögu heimspekideildar Háskóla Íslands, einn að fenginni tillögu lagadeildar Háskóla Íslands og einn að fenginni tillögu Íslenskrar málnefndar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum. Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

22. gr.

Mannanafnanefnd hefur eftirtalin verkefni samkvæmt lögum þessum:

1. Að semja skrá um eiginnöfn og millinöfn sem heimil teljast skv. 5. og 6. gr. og er hún nefnd mannanafnaskrá í lögum þessum. Nefndin gefur skrána út, kynnir hana og gerir aðgengilega almenningi og sendir hana öllum sóknarprestum og forstöðumönnum skráðra trúfélaga. Skrána skal endurskoða eftir því sem þörf er á en hún skal gefin út í heild eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.
2. Að vera prestum, forstöðumönnum skráðra trúfélaga, Hagstofunni, dómsmálaráðherra og forsjármönnum barna til ráðuneytis um nafngjafir og skera úr álita- og ágreiningsefnum um nöfn samkvæmt lögum þessum.
3. Að skera úr öðrum álita- eða ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um nafngjafir, nafnritun og fleira þess háttar.

Úrskurðum mannanafnanefndar er ekki unnt að skjóta til æðra stjórnvalds. Nefndin skal birta niðurstöður úrskurða sinna árlega.

23. gr.

Mannanafnanefnd kveður upp úrskurði í þeim málum sem til hennar er vísað skv. 3. gr. og 4. mgr. 8. gr. Úrskurðir skulu kveðnir upp svo fljótt sem við verður komið og ekki síðar en innan fjögurra vikna frá því að mál berast nefndinni.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

24. gr.

Geti maður fært sönnur að því að annar maður noti nafn hans eða nafn sem líkist því svo mjög að villu geti valdið getur hann krafist þess í dómsmáli að hinn sé skyldaður til að láta af notkun nafnsins.

25. gr.

Sé barni ekki gefið nafn innan þess tíma sem um getur í 1. mgr. 2. gr. skal Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, vekja athygli forsjármanna barnsins á þessu ákvæði laganna og skora á þá að gefa barninu nafn án tafar. Sinni forsjármenn ekki þessari áskorun innan eins mánaðar og tilgreini ekki gildar ástæður fyrir drætti á nafngjöf er Hagstofu Íslands heimilt, að undangenginni ítrekaðri skriflegri áskorun, að leggja dagsektir allt að 1.000 kr. á forsjármenn barns og falla þær á þar til barni er gefið nafn. Hámarksfjárhæð dagsekta miðast við vísitölu neysluverðs í janúar 1996 og breytist í samræmi við breytingar hennar. Dagsektir renna í ríkissjóð og má gera aðför til fullnustu þeirra.

Að öðru leyti varða brot gegn lögum þessum sektum nema þyngri viðurlög liggi við eftir öðrum lögum.

26. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við önnur ríki um mörkin milli íslenskrar og erlendrar mannanafnalöggjafar.

Dómsmálaráðherra er enn fremur heimilt að kveða á með reglugerð um mörkin milli íslenskrar löggjafar um mannanöfn og löggjafar annarra þjóða á því sviði.

27. gr.

Dómsmálaráðherra fer með mál er varða mannanöfn og er honum heimilt með reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd þessara laga.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997.

Jafnframt falla þá úr gildi lög um mannanöfn, nr. 37 27. mars 1991.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, skal við gildistöku laga þessara setja reglur um skráningu nafna þegar ekki er unnt að skrá nafn manns að fullu í þjóðskrá og ekki næst samkomulag um hvernig með skuli fara.

II.

Dómsmálaráðherra skal þegar eftir birtingu laga þessara gera ráðstafanir til að kynna almenningi efni þeirra.

III.

Dómsmálaráðherra skal, er lög þessi hafa tekið gildi, skipa þriggja manna nefnd er fylgist með framkvæmd laganna. Einn nefndarmaður skal skipaður eftir tilnefningu menntamálaráðuneytis. Nefndin skal skila greinargerð til ráðherra fyrir 15. september

1997 og tillögum um breytingar á lögunum eftir því sem nefndin telur nauðsynlegt, m.a. í ljósi þeirrar reynslu sem þá hefur fengist af lögunum. Nefndin skal leita álits Hagstofu Íslands.

920. Fyrirspurn [511. mál]

til iðnaðarráðherra um álbræðslu á Grundartanga.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hver er staða samningaviðræðna stjórnvalda við Columbia Aluminium um byggingu álbræðslu á Grundartanga?
2. Hvenær gæti bygging fyrsta áfanga verksmiðjunnar hafist og rekstur hennar byrjað?
3. Hversu miklu fjármagni hefur þegar verið varið til undirbúnings þessu máli af hálfu Íslendinga í heild, þar af frá eftirtöldum aðilum:
   a. iðnaðarráðuneyti,
   b. Landsvirkjun,
   c. MIL, þar af sérgreint til umhverfisrannsókna,
   d. öðrum?
4. Hversu mikið hefur Columbia Aluminium lagt fram eða endurgreitt vegna einstakra undirbúningsþátta?
5. Verður búnaður verksmiðjunnar að öllu leyti í samræmi við alþjóðleg skilyrði um bestu fáanlega tækni (BAT), m.a. að því er varðar mengunarvarnir?
6. Hvert er áætlað heildarkoltvísýringsútstreymi frá verksmiðjunni á ári og hvernig samrýmist sú losun alþjóðlegum skuldbindingum Íslendinga?
7. Hvernig verður tryggð vatnsöflun til fullbyggðrar álbræðslu á þessum stað og hvernig fellur sú vatnstaka að heildarmarkmiðum um vatnsöflun og vatnsvernd á svæðinu sunnan Skarðsheiðar?
8. Hvaða virkjanir þurfa að koma til vegna verksmiðjunnar, bæði fyrsta áfanga hennar og síðari áfanga?

Skriflegt svar óskast.

921. Fyrirspurn [512. mál]

til umhverfisráðherra um losun koltvísýrings.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hver var heildarlosun koltvísýrings (CO_2) hér á landi árið 1990, hver er hún nú og hver má ætla að hún verði árið 2000, m.a. að teknu tilliti til stóriðjuuppbyggingar?

2. Hvernig ætlar ríkisstjórnin að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar um að losun koltvísýrings hérlendis verði ekki meiri árið 2000 en hún var árið 1990?

922. Fyrirspurn [513. mál]

til fjármálaráðherra um þungaskatt af almenningsvögnum.

Frá Svavari Gestssyni.

Hverju nam álagning þungaskatts á almenningsvagna árið 1995?

Skriflegt svar óskast.

923. Fyrirspurn [514. mál]

til menntamálaráðherra um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

Frá Lúðvík Bergvinssyni.

1. Hvernig er afgreiðslutíma Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns háttað? Er fyrirhuguð breyting á afgreiðslutíma safnsins?
2. Er afgreiðslutíminn frábrugðinn því sem tíðkast um sambærileg söfn annars staðar á Norðurlöndum?
3. Hversu miklum fjármunum er ætlað að verja til bókakaupa fyrir safnið á þessu ári?

924. Nefndarálit [249. mál]

um frv. til l. um umgengni um auðlindir sjávar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Árna Kolbeinsson og Snorra Rúnar Pálmason frá sjávarútvegsráðuneyti, Árna Múla Jónasson frá Fiskistofu, Kristján Þórarinsson frá LÍÚ og Sævar Gunnarsson frá Sjómannasambandi Íslands sem báðir áttu sæti í nefndinni er samdi frumvarpið, Grétar Má Jónsson, Sæmund Halldórsson og Örn Einarsson frá skipstjóra- og stýrimannafélaginu Vísi og Ingólf Karlsson, Dag Brynjólfsson, Friðrik Magnússon, Hermann Ólafsson og Jón Sigurðsson, allt útgerðarmenn netabáta. Þá fékk nefndin sendar umsagnir um málið frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Fiskmarkaði Vestmannaeyja, Hafnarsjóði Þorlákshafnar, Íslenskum sjávarafurðum hf., Landssambandi smábátaeigenda, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Náttúruverndarráði, Samtökum fiskvinnslustöðva, Sigurði Gunnarssyni, Sjómannasambandi Íslands, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Verkamannasambandi Íslands og Vélstjórafé-

lagi Íslands. Nefndinni bárust einnig áskoranir um að fella brott tiltekna grein frumvarpsins frá eigendum og áhöfnum vertíðarbáta.

Frumvarpið er samið af samstarfsnefnd um bætta umgengni um auðlindir sjávar sem ráðherra skipaði árið 1994.

Nefndin leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Heiti frumvarpsins verði breytt þannig að heiti laganna verði: Lög um umgengni um nytjastofna sjávar.
2. Að óheimilt verði að varpa fyrir borð fiskhlutum sem til falla við verkun eða vinnslu nema með heimild ráðherra. Ákvæði 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins veitir að mati nefndarinnar of víðtækar undanþágur frá meginreglu 1. mgr. 2. gr., um að skylt sé að hirða og koma með að landi allan afla.
3. Þar sem mikil andstaða kom fram hjá mörgum umsagnaraðilum við ákvæði 3. gr. og ekki er að mati nefndarinnar til staðar fullnægjandi rökstuðningur fyrir því að takmarka veiðar þess hluta bátaflotans sem greinin fjallar um umfram aðra er lagt til að hún verði felld brott.
4. Lögð er til breyting á síðari málsgrein 4. gr. sem fjallar um að skip verði að hafa aflaheimildir sem líklegt sé að dugi fyrir afla í veiðiferð. Miklar umræður urðu um þetta atriði í nefndinni og allt sem lýtur að því að fiski er fleygt í sjóinn. Voru nefndarmenn þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að skoða möguleika á breytingum sem dregið gætu úr úrkasti og var m.a. rætt um hugmyndir um að heimila einhverja löndun meðafla umfram kvóta. Komu fram tillögur um það efni í nefndinni. Nefndin telur ekki að svo stöddu liggja fyrir nægilegar upplýsingar um umfang vandans sem við er að glíma né hafa komið fram tillögur til úrbóta sem samstaða gæti tekist um. Sjávarútvegsnefnd leggur því til að samstarfsnefndin skoði þetta mál áfram og mun hún fylgjast með því starfi.
5. Ákvæði 7. gr. verði rýmkað þannig að þeim sem stunda róðra frá afskekktum stöðum verði heimilt að landa þótt höfnin sé ekki viðurkennd af sjávarútvegsráðuneyti sem löndunarhöfn. Nefndin lítur svo á að skilyrði 2. mgr. 7. gr. um að vigtun skuli framkvæmd af löggiltum vigtunarmanni eigi ekki við í þessum tilvikum.
6. Orðalag 11. gr. verði fært til betri vegar.
7. Afdráttarlaust orðalag 1. málsl. 12. gr., um að starfsmenn hafnarvoga skuli sannreyna að uppgefin tegund vigtaðs afla sé rétt, verði mildað. Þykir ákvæðið eins og það stendur óþarflega strangt og geta leitt til töluverðs viðbótarkostnaðar fyrir hafnir.
8. Orðalag 15. gr. verði lagfært.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þessum breytingum, sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 6. maí 1996.

Steingrímur J. Sigfússon, form., frsm.	Árni R. Árnason.	Stefán Guðmundsson.
Sighvatur Björgvinsson, með fyrirvara.	Einar Oddur Kristjánsson, með fyrirvara.	Hjálmar Árnason.
Guðmundur Hallvarðsson.	Svanfríður Jónasdóttir, með fyrirvara.	Vilhjálmur Egilsson, með fyrirvara.

925. Breytingartillögur [249. mál]

við frv. til l. um umgengni um auðlindir sjávar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Markmið laga þessara er að bæta umgengni um nytjastofna sjávar og stuðla að því að þeir verði nýttir með sjálfbærum hætti er tryggi til langs tíma hámarksafrakstur fyrir íslensku þjóðina.
2. Við 2. gr. Í stað 3. og 4. málsl. 2. mgr. komi nýr málsliður er orðist svo: Einnig getur ráðherra með reglugerð ákveðið að heimilt sé að varpa fyrir borð innyflum, hausum og öðru sem til fellur við verkun eða vinnslu, enda verði þessi fiskúrgangur ekki nýttur með arðbærum hætti.
3. Við 3. gr. Greinin falli brott.
4. Við 4. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Óheimilt er að hefja veiðiferð skips sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni nema skipið hafi aflaheimildir sem telja má líklegt að dugi fyrir afla í ferðinni með hliðsjón af þeim veiðarfærum sem notuð eru.
5. Við 7. gr. Í stað 3. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar er orðist svo:
   Hafnir skulu uppfylla kröfur um aðstöðu til vigtunar sjávarafla og eftirlit sem kveðið er á um í reglugerð. Sjávarútvegsráðuneyti getur bannað löndun sjávarafla í einstökum höfnum sem ekki fullnægja kröfum samkvæmt þessari málsgrein.
   Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. getur sjávarútvegsráðuneytið við sérstakar aðstæður, svo sem vegna róðra frá afskekktum stöðum, veitt undanþágu frá löndun í viðurkenndri höfn. Skilyrði fyrir þessari undanþágu er að vigtun afla og skýrsluskil séu fullnægjandi.
6. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   Ökumaður sem flytur óveginn afla skal aka rakleiðis frá skipshlið að hafnarvog, að undanteknum þeim tilvikum þegar Fiskistofa hefur veitt undanþágu frá vigtun á hafnarvog, sbr. 2. mgr. 6. gr. Ökumaðurinn skal kynna sér samsetningu farmsins eins og kostur er og gefa vigtarmanni upplýsingar um hann.
7. Við 12. gr. 1. málsl. orðist svo: Starfsmenn hafnarvoga skulu sannreyna að uppgefin tegund vigtaðs afla sé rétt, m.a. með beinni skoðun úrtaks úr lönduðum afla eftir því sem við getur átt.
8. Við 15. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Í stað orðsins „aflamark“ alls staðar þar sem það kemur fyrir í greininni komi: aflaheimildir.
   b. 2. málsl. 1. mgr. orðist svo: Veita skal skipi leyfi að nýju ef aflaheimildir þess á fiskveiðiárinu eru auknar þannig að afli skipsins á fiskveiðiárinu rúmist innan þeirra.
   c. 2. mgr. orðist svo:
      Nú veiðir skip ítrekað umfram aflaheimildir á sama fiskveiðiári og skal þá svipta það leyfi til veiða í atvinnuskyni, til viðbótar því sem segir í 1. mgr., í tvær vikur er slíkt gerist í annað sinn, í sex vikur ef slíkt gerist í þriðja sinn en

til loka fiskveiðiárs gerist slíkt í fjórða sinn, þó aldrei skemur en tólf vikur.

9. Heiti frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um umgengni um nytjastofna sjávar.

926. Nefndarálit [371. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um sálfræðinga, nr. 40/1976, sbr. lög nr. 68/1988.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og farið yfir umsagnir sem bárust frá Sálfræðingafélagi Íslands og Tryggingastofnun ríkisins. Nefndin leggur áherslu á að með þeirri breytingu, sem frumvarpið mælir fyrir um, sé engin afstaða tekin til þess hvort Tryggingastofnun ríkisins skuli semja við sálfræðinga um sálfræðiþjónustu til sjúkratryggðra eða ekki.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við bætist ný grein er orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jóhanna Sigurðardóttir sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 7. maí 1996.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Sighvatur Björgvinsson.
Hjálmar Jónsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.	Ögmundur Jónasson.
Jón Kristjánsson.	Kristján Pálsson.	Árni R. Árnason.

927. Nefndarálit [297. mál]

um frv. til l. um fjárreiður ríkisins.

Frá sérnefnd.

Nefndin hefur farið ítarlega yfir frumvarpið og fengið á fund til sín fulltrúa úr ríkisreikningsnefnd, þá Sigurð Þórðarson ríkisendurskoðanda, Magnús Pétursson, ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneyti, Gunnar H. Hall ríkisbókara, Markús Möller, deildarstjóra í Seðlabanka Íslands, Eyjólf Sverrisson, forstöðumann hjá Þjóðhagsstofnun, og Hallgrím Snorrason hagstofustjóra. Einnig mætti á fund nefndarinnar Lárus Ögmundsson, lögfræðingur Ríkisendurskoðunar, og Þórhallur Arason, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneyti. Þá fékk nefndin sendar umsagnir um málið frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfs-

manna ríkis og bæja, Bandalagi háskólamanna, Félagi löggiltra endurskoðenda, Ríkisendurskoðun og Verslunarráði Íslands.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingartillögum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Í þeim felst:

1. Lagt er til að ákvæði 2. gr. verði samræmt 3. gr. enda hefur verið litið svo á að lögaðilar, sem ríkið á að hálfu, teljist til ríkisaðila. Þá er einnig lagt til að æðsta stjórn ríkisins verði talin sérstaklega upp í ákvæðinu. Leiðir þetta einnig til breytinga á 3., 13., 20. og 24. gr.
2. Lögð er til breyting á 8. gr., um A-hluta ríkisreiknings, svo að ekki leiki vafi á að yfirlit yfir samninga vegna rekstrar og framkvæmda sem fela í sér fjárhagsskuldbindingar sé birt í skýringum með ríkisreikningi. Nefndin telur orðalagið „Samningar sem fela í sér fjárskuldbindingar“ ekki nægilega skýrt í þessu sambandi.
3. Lagt er til að hægt verði að gera kröfu um ítarlegri upplýsingar í D- og E-hluta ríkisreiknings en 17. gr. gerir ráð fyrir. Er það til samræmis við þær kröfur sem gerðar eru í 16. gr. til B- og C-hluta ríkisreikningsins.
4. Í 20. gr. er gert ráð fyrir að stofnanir, sem falla undir A-hluta ríkisreiknings, skuli senda ársreikning og eignaskrá til ríkisbókhalds, viðkomandi ráðuneytis og Ríkisendurskoðunar. Alþingi og stofnanir þess hafa að mati nefndarinnar sérstöðu í þessu sambandi og er því lagt til að þeim verði ætlað að senda ársreikning og eignaskrá til ríkisbókhalds.
5. Lagt er til að til viðbótar þeim upplýsingum sem fjármálaráðherra er skv. 28. gr. gert að birta samhliða framlagningu fjárlagafrumvarps komi upplýsingar um greiðslubyrði lána.
6. Lagt er til að gerðar séu auknar kröfur til ráðherra um samráð áður en mikilvægar ákvarðanir eru teknar. Þannig er í fyrsta lagi lögð til sú breyting á 30. gr. að hlutaðeigandi ráðherrum verði, auk kröfu um samþykki fjármálaráðherra, gert skylt að hafa samráð við fjárlaganefnd Alþingis áður en gerðir eru verksamningar eða samningar um rekstrarverkefni til lengri tíma en eins árs. Í öðru lagi er lagt til að fjármálaráðherra verði skylt að hafa samráð við hlutaðeigandi ráðherra og fjárlaganefnd Alþingis áður en hann innir af hendi greiðslu úr ríkissjóði skv. 33. gr. vegna ófyrirséðra atvika, án heimildar í fjárlögum. Loks er áréttað að forstöðumenn ríkisstofnana sem falla undir A-hluta ríkisreiknings skuli leita samþykkis þess ráðherra sem þeir heyra undir, sem og fjármálaráðherra, áður en tekin er ákvörðun um að geyma ónotaðar fjárveitingar í lok reikningsárs eða draga skuldir frá fyrra ári frá fjárveitingum ársins, sbr. 37. gr.
7. Lögð er til sú breyting á 46. gr. að með ríkisreikningi fylgi jafnframt skýringar á frávikum milli fjárlaga og ríkisreiknings í einstökum atriðum.
8. Lagðar eru til orðalagsbreytingar á 7., 9., 16., 22., 44., 48. og 50. gr.
9. Loks er lagt til að lögin öðlist gildi 1. janúar 1997, en láðst hafði að setja gildistökuákvæði inn í frumvarpstextann.

Á fundum nefndarinnar kom fram vilji til að gera nánari grein fyrir nokkrum atriðum. Í fyrsta lagi ber að nefna 15. gr. frumvarpsins. Samkvæmt þeirri grein skulu ríkisstofnanir í A-hluta halda og uppfæra árlega sérstaka eignaskrá þar sem færðar verði inn allar eigur ríkisins sem ekki eru taldar upp í efnahagsreikningi. Nefndin leggur áherslu á að slík skrá liggi fyrir þegar á þessu ári. Í öðru lagi komu fram hugmyndir í nefndinni varðandi færslu vaxta og verðbóta í reikningsskilum, þ.e. um að færa alla vexti til gjalda án leiðréttingar vegna verðþátta. Í skýrslu ríkisreikningsnefndar um málið kemur fram að

nefndin hafi velt fyrir sér hvort rétt væri að huga að því að beita sömu reglum í reikningsskilum ríkissjóðs og almennt tíðkast erlendis. Niðurstaðan hafi orðið sú að ríkið ætti ekki að gera tillögur um breytingar á þessu stigi. Ekki eru hér lagðar til breytingar hvað þetta varðar, en þó er full ástæða fyrir ríkisreikningsnefnd að fylgjast náið með þróun mála í þessu efni á næstu missirum. Loks var mikið rætt um hina svokölluðu heimildargrein fjárlaga, þ.e. núverandi 6. gr. fjárlaga (verður 7. gr. samkvæmt frumvarpi), þar sem veittar eru ýmsar heimildir, m.a. til eftirgjafar gjalda, ráðstöfunar og fasteignakaupa. Nefndin leggur áherslu á að um slíkar heimildir eigi það sama við og um önnur ákvæði fjárlagafrumvarps, þ.e. að þær gildi aðeins út fjárlagaárið. Brýnt er að í reglugerð, sem í 51. gr. er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra setji um nánari framkvæmd laganna, sé skýrt kveðið á um hvaða efnisþættir komi til álita í slíkum heimildargreinum og um meðferð þeirra.

Alþingi, 6. maí 1996.

Sturla Böðvarsson, form., frsm.	Jón Kristjánsson.	Ágúst Einarsson.
Sighvatur Björgvinsson.	Kristinn H. Gunnarsson.	Pétur H. Blöndal.
Kristín Ástgeirsdóttir.	Árni M. Mathiesen.	Vilhjálmur Egilsson.
Ísólfur Gylfi Pálmason.		Gunnlaugur M. Sigmundsson.

928. Breytingartillögur [297. mál]

við frv. til l. um fjárreiður ríkisins.

Frá sérnefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisaðilar eru æðsta stjórn ríkisins og þeir sem hafa með höndum starfsemi sem lögum samkvæmt lýtur ákvörðunarvaldi stjórnvalda eða eru að hálfu eða meiri hluta í eigu ríkisins.
2. Við 3. gr. Á eftir orðunum „Til hans teljast“ í upphafi 1. tölul. komi: æðsta stjórn ríkisins.
3. Við 7. gr. Á eftir orðinu „ríkisreikning“ komi: næstliðins reikningsárs.
4. Við 8. gr. Við c-lið 2. tölul. b-liðar bætist: þar með talið vegna rekstrar og framkvæmda.
5. Við 9. gr. Í stað orðsins „lögþvingaðar“ í 2. tölul. komi: lögákveðnar.
6. Við 13. gr. Í stað orðanna „eftir ráðuneytum“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: á æðstu stjórn ríkisins og ráðuneyti.
7. Við 16. gr. Skammstöfunin „a.m.k.“ falli brott.
8. Við 17. gr. Í stað orðanna „úr ársreikningum“ komi: og samandregin útgáfa ársreikninga.
9. Við 20. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Í stað fyrri málsliðar 1. mgr. komi tveir nýir málsliðir er orðist svo: Allar stofnanir A-hluta skulu gera ársreikning og eignaskrá innan tveggja mánaða frá lok-

um reikningsárs. Alþingi og stofnanir þess skulu senda þessar upplýsingar til ríkisbókhalds en aðrar stofnanir A-hluta til ríkisbókhalds, viðkomandi ráðuneytis og Ríkisendurskoðunar.

b. Framan við 4. mgr. bætist: Æðstu stjórn ríkisins og.

10. Við 22. gr. Síðari málsliður 2. mgr. orðist svo: Skulu þar bæði sýndir álagðir skattar og gjöld og innheimtar tekjur.
11. Við 24. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
    a. Á eftir orðinu „útgjaldaáformum“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: æðstu stjórnar ríkisins.
    b. Í upphafi 2. mgr. komi: Æðstu stjórn ríkisins.
12. Við 28. gr. Við 1. mgr. bætist: og greiðslubyrði lána.
13. Við 30. gr. Á eftir orðunum „samþykki fjármálaráðuneytis“ komi: og að höfðu samráði við fjárlaganefnd Alþingis.
14. Við 33. gr. Fyrri málsliður orðist svo: Valdi ófyrirséð atvik því að greiða þarf úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum er fjármálaráðherra að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra og fjárlaganefnd Alþingis heimilt að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún ekki bið.
15. Við 37. gr. Í stað orðanna „Heimilt er“ í 2. mgr. komi: Að fengu samþykki hlutaðeigandi ráðherra og fjármálaráðherra er heimilt.
16. Við 40. gr. Við greinina bætist: og afkomu stofnana.
17. Við 44. gr. Greinin orðist svo:
    Ef þörf krefur skal í frumvarpi til fjáraukalaga leitað eftir heimildum til frekari fjárráðstafana en fjárlög ársins gera ráð fyrir.
18. Við 46. gr. Á eftir orðunum „sérstaka skrá“ komi: ásamt skýringum.
19. Við 48. gr. Í stað 2. og 3. málsl. komi nýr málsliður er orðist svo: Í henni skulu sitja ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytis, ríkisbókari, ríkisendurskoðandi og hagstofustjóri auk tveggja fulltrúa sem fjármálaráðherra skipar eftir tilnefningu.
20. Við 50. gr. Í stað tilvísunarinnar „sbr. lög nr. 38/1954“ í 2. mgr. komi: samkvæmt lögum.
21. Við 52. gr. Við bætist nýr málsliður, 1. málsl., og orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997.

929. Breytingartillaga [249. mál]

við frv. til l. um umgengni um auðlindir sjávar.

Frá Einari Oddi Kristjánssyni.

2. málsl. 1. mgr. 24. gr. falli brott.

930. Breytingartillaga [372. mál]

við frv. til l. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

Við 12. gr. bætist þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Við barnsburð skal starfsmaður, sem starfað hefur í þjónustu ríkisins samfellt í sex mánuði fyrir fæðingu barns, eiga rétt á sex mánaða leyfi með þeim dagvinnulaunum sem stöðunni fylgja, enda sé ráðningunni ætlað að standa a.m.k. þann tíma.

Fyrstu þrjá mánuði í barnsburðarleyfi svo og í framlengdu leyfi við fleirburafæðingu eða sjúkleika barns skal auk dagvinnulauna greiða meðaltal þeirrar yfirvinnu-, vakta-, gæsluvakta- og óþægindaálagsstunda sem greiddar voru starfsmanni síðasta 12 mánaða uppgjörstímabil yfirvinnu áður en barnsburðarleyfi hófst.

Heimilt er að semja um eða ákvarða betri kjör og réttindi í barnsburðarleyfi.

931. Fyrirspurn [515. mál]

til dómsmálaráðherra um endurskoðun lögræðislaga.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hyggst ráðherra endurskoða það ákvæði lögræðislaga sem lýtur að sjálfræðissviptingu sjúklinga, þar með talið þroskaheftra, vegna læknismeðferðar eða aðgerða?

932. Fyrirspurn [516. mál]

til félagsmálaráðherra um útskriftir íbúa Kópavogshælis.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hyggst ráðherra standa við skriflegt samkomulag milli ráðherra heilbrigðis- og félagsmála sem gert var í ársbyrjun 1995 um að 37 íbúar Kópavogshælis yrðu útskrifaðir árin 1995 og 1996 og þeim búin nútímalegri lífskjör?

933. Svar [382. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um útboð þjónustuverkefna, starfsmannafjölda og réttindi starfsmanna varnarliðsins.

1. *Liggja fyrir áætlanir um áhrif aukinna útboða þjónustuverkefna á starfsmannafjölda varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli? Fela þær í sér fækkun bandarískra starfsmanna sem sinna borgaralegum störfum hjá varnarliðinu?*

Áætlanir liggja ekki fyrir um áhrif aukinna útboða, enda hefur varnarliðið ekki tilkynnt um neinar stórfelldar breytingar á þessu sviði. Heildarfjöldi íslenskra starfsmanna er starfa í þágu varnarliðsins, bæði sem ráðnir starfsmenn og þeir sem vinna fyrir atbeina verktaka í þágu varnarliðsins, hefur verið svo til óbreyttur síðustu þrjú ár, eða rúmlega 1.600 manns. Bandarískum starfsmönnum hefur ekki fækkað vegna aukinna útboða.

2. *Njóta núverandi starfsmenn forgangs við ráðningar í störf sem þeir sinna sem starfsmenn varnarliðsins þegar verkefni eru boðin út?*

Hjá varnarliðinu gilda sömu meginreglur og á íslenskum vinnumarkaði. Varnarliðið hefur mælt með því við verktaka að starfsmenn er verið hafa í störfum hjá varnarliðinu fái tækifæri til að starfa hjá verktökum, ef þess er kostur. Í einu tilfelli stofnuðu starfsmenn varnarliðsins fyrirtæki sem var valið til verktöku.

3. *Fela starfslokasamningar þeirra starfsmanna, sem sæta því að störf þeirra færast á útboðsmarkað, í sér biðlaunaréttindi eða önnur réttindi sem miðast við starfsaldur hjá varnarliðinu? Er munur á réttindum íslenskra starfsmanna að þessu leyti og bandarískra þegar störf eru lögð niður hjá hernum við lokanir og fækkun starfsliðs?*

Íslenskir starfsmenn varnarliðsins eru ráðnir til starfa samkvæmt ákvæðum varnarsamningsins frá árinu 1951. Ráðningarkjör og vinnuskilyrði fara að íslenskum lögum og venjum. Varnarliðið er ekki íslensk ríkisstofnun og íslenskir starfsmenn þess teljast ekki til íslenskra ríkisstarfsmanna. Starfsmenn sem sæta því að störf þeirra færast á útboðsmarkað fá uppsagnarfrest og lokauppgjör í samræmi við kjarasamninga og lög og venjur er gilda og tíðkast á íslenskum vinnumarkaði. Íslenskir starfsmenn varnarliðsins njóta ekki þeirra réttinda sem bandarískum ríkisstarfsmönnum eru tryggð með lögum í Bandaríkjunum.

4. *Hver er aldursskipting og starfsaldursskipting íslenskra starfsmanna varnarliðsins sem nú nálgast starfslok, skipt eftir kynjum?*

Enginn sérstakur starfshópur íslenskra starfsmanna varnarliðsins nálgast nú starfslok. Varnarliðið hefur ekki sett það að skilyrði að íslenskir starfsmenn hætti störfum við ákveðin aldursmörk. Um síðastliðin áramót störfuðu 882 Íslendingar hjá varnarliðinu og skiptust þeir þannig eftir aldri og kyni:

Aldur	Karlar	Konur	Samtals
Yngri en 29 ára	60	31	90
30–39 ára	158	58	216
40–49 ára	139	45	184
50–59 ára	143	41	184
60–66 ára	106	46	152
67–69 ára	25	6	31
Eldri en 70 ára	22	2	24

Starfsaldursskiptingin var með þessum hætti:

Starfsaldur	Karlar	Konur	Samtals
Minna en 10 ár	230	103	333
10–19 ár	198	86	284
20–29 ár	128	35	163
30–39 ár	63	3	66
40–44 ár	34	2	36

5. *Hverjar eru áætlanir varnarliðsins fyrir næstu ár um heildarfjölda íslenskra starfsmanna?*

Rekstur varnarliðsins er háður fjárveitingum og leyfum frá bandaríska þinginu og bandarískum fjárveitingaraðilum. Varnarliðið hefur ekki lagt fram áætlanir um breytingar á starfsmannafjölda, hvorki til fækkunar né fjölgunar.

Með hliðsjón af bókun við varnarsamninginn sem utanríkisráðherra Íslands og aðstoðarvarnarmálaráðherra Bandaríkjanna, Walter B. Slocombe, undirrituðu í Reykjavík 9. apríl 1996 um umsvif varnarliðsins er tryggt að starfsemi varnarliðsins hér á landi næstu fimm árin verði með svipuðu sniði og undanfarin ár. Óvissu sem ríkt hefur um nokkurt skeið varðandi framtíðarumsvif varnarliðsins hér á landi hefur þar með verið eytt. Með bókuninni hefur stöðugleiki í rekstri verið tryggður fram yfir aldamót og gera má ráð fyrir að heildarfjöldi íslenskra starfsmanna varnarliðsins verði svipaður á því tímabili og verið hefur.

934. Nefndarálit [366. mál]

um frv. til l. um náttúruvernd.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund frá umhverfisráðuneyti Ingimar Sigurðsson skrifstofustjóra og Guðjón Ólaf Jónsson, aðstoðarmann ráðherra, frá Náttúruverndarráði Arnþór Garðarsson formann og Aðalheiði Jóhannsdóttur framkvæmdastjóra, frá Ferðamálaráði Íslands Magnús Oddsson ferðamálastjóra, frá Landvernd Svanhildi Skaftadóttur og Auði Sveinsdóttur, frá Félagi íslenskra ferðaskrifstofa Kjartan Lárusson og Sigurjón Hafsteinsson, frá Ferðafélagi Íslands Pál Sigurðsson forseta og Kristján M. Baldursson framkvæmdastjóra og frá Félagi íslenskra náttúrufræðinga Hólmfríði Sigurðardóttur og Jóhann Þórsson. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Skipulagi ríksins, Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, Náttúruverndarráði, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Landvarðafélagi Íslands, Landgræðslu ríkisins, Ferðafélagi Íslands, Ferðamálaráði, Bændasamtökum Íslands og Landvernd.

Frumvarpið felur í sér verulegar breytingar á stjórn náttúruverndarmála og nokkrar breytingar á efnisatriðum laga um náttúruvernd. Nauðsynlegt er að gera breytingar þessar nú þar sem miklar breytingar hafa orðið á undanförnum árum á skipan náttúruverndarmála í stjórnkerfinu og miðar frumvarpið að því að laga stjórn náttúruverndarmála að stofnun umhverfisráðuneytis. Meiri hluti nefndarinnar fagnar áætlaðri heildarendurskoðun laganna og bendir á nauðsyn þess að um þessi mál gildi skýrar og heildstæðar reglur.

Þá vill meiri hlutinn benda á nauðsyn þess að Náttúruverndarráði verði séð fyrir starfsaðstöðu, en ekki þykja efni til að kveða sérstaklega á um það í lögum.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Helstu efnisbreytingar eru eftirfarandi:

1. Lögð er til breyting á 6. gr. er snýr að þjónstugjöldum. Lagt er til að ekki verði kveðið á um þjónustugjöld í samningum um umsjón náttúruverndarsvæða heldur sé rekstraraðilum heimilt að ákveða þau án íhlutunar Náttúruverndar ríkisins.
2. Lögð er til breyting á 7. gr. er lýtur að hæfisskilyrðum sem þjóðgarðsverðir skulu uppfylla. Leggur nefndin til að þjóðgarðsverðir hafi sérþekkingu og reynslu sem nýtist þeim í starfi, en að ekki sé skilyrði að þeir búi yfir sérþekkingu á náttúrufræðum.
3. Lagt er til að við 12. gr. bætist ákvæði er kveður á um að Náttúruverndarráð veiti Náttúruvernd ríkisins faglega ráðgjöf.
4. Við 16. gr. er lögð til breyting er snýr að takmörkun umferðar og lokun svæða í verndarskyni. Lagt er til að Náttúruvernd ríksins skuli gera úttekt á ástandi svæða í óbyggðum og gefa umhverfisráðherra skýrslu þar sem fram komi niðurstöður úttektarinnar. Þannig skal koma fram í skýrslunni hvaða svæði eru í hættu og hvar geti komið til lokana. Almenningur skal eiga greiðan aðgang að skýrslunni þannig að fólk geti kynnt sér hvaða svæðum eða hlutum svæða standi til að takmarka umferð um eða loka á komandi ári. Þó er gert ráð fyrir að heimilt verði að loka svæðum þótt þess sé ekki getið í skýrslunni ef brýna nauðsyn ber til og ljóst er að ekki var fyrirsjáanlegt að hausti að loka þyrfti svæðinu eða takmarka umferð um það.
5. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 35. gr. Þannig er í samræmi við breytingartillögu við 6. gr. lagt til að rekstraraðila náttúruverndarsvæðis, hvort sem það er Náttúruvernd ríkisins eða aðilar sem stofnunin hefur falið umsjón svæðanna, verði heimilt að ákveða gjald fyrir veitta þjónustu. Enn fremur er gert ráð fyrir að sömu aðilar geti ákveðið gjald fyrir aðgang að svæðinu ef þar hafa orðið spjöll af völdum ferðamanna eða hætta er á slíkum spjöllum. Tekjum af aðgangseyri skal verja til eftirlits, lagfæringar eða uppbyggingar á því svæði sem þeirra var aflað eða á aðkomu að svæðinu. Þá er lagt til að við 35. gr. bætist ný málsgrein þar sem kveðið er á um að Náttúruvernd ríkisins skuli birta skrá yfir gjaldtöku allra rekstraraðila náttúruverndarsvæða fyrir næsta ár með opinberri auglýsingu. Skal auglýsingin birtast eigi síðar en í september ár hvert. Slíka gjaldskrá er heimilt að kæra til umhverfisráðherra á grundvelli stjórnsýslulaga. Loks er lagt til að ráðherra verði heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins í reglugerð.

Alþingi, 8. maí 1996.

Ólafur Örn Haraldsson, form., frsm.	Árni M. Mathiesen.	Gísli S. Einarsson, með fyrirvara.
Ísólfur Gylfi Pálmason.	Einar Oddur Kristjánsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.

Katrín Fjeldsted.

935. Breytingartillögur [366. mál]

við frv. til l. um náttúruvernd.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar (ÓÖH, ÁMM, GE, ÍGP, EOK, ArnbS, KF).

1. Á eftir orðunum „svo og svæði“ í 1. málsl. 1. mgr. 2. gr. komi: og náttúrumyndanir.
2. Fyrri málsliður 3. mgr. 4. gr. orðist svo: Stjórnin hefur undir yfirstjórn ráðherra æðsta vald í málefnum Náttúruverndar ríkisins.
3. Við 6. gr.
   a. Í stað orðanna „fræðslu og þjónustugjöld“ í 3. málsl. 3. mgr. komi: og fræðslu þeirra.
   b. Í stað orðanna „ráðstöfun þjónustugjalda“ í 4. málsl. 3. mgr. komi: þjónustugjöld.
4. Orðin „á náttúrufræðum“ í síðari málslið 1. mgr. 7. gr. falli brott.
5. Orðið „sveitarfélaga“ í 2. málsl. 1. mgr. 8. gr. falli brott.
6. Á eftir 2. mgr. 12. gr. komi ný málsgrein er orðist svo:
   Náttúruverndarráð veitir Náttúruvernd ríkisins faglega ráðgjöf.
7. Orðin „tvisvar á kjörtímabili, í fyrra skiptið“ í 1. mgr. 13. gr. falli brott.
8. 3. og 4. mgr. 16. gr. orðist svo:
   Náttúruvernd ríkisins getur í verndarskyni tímabundið takmarkað umferð eða lokað svæðum í óbyggðum, enda hafi stofnunin að jafnaði gert grein fyrir fyrirhugaðri lokun í skýrslu skv. 4. mgr. Slíkar ákvarðanir skal umhverfisráðherra staðfesta og birta í Stjórnartíðindum.
   Skal stofnunin á hverju hausti gera úttekt á ástandi svæða í óbyggðum og gefa umhverfisráðherra skýrslu um niðurstöður úttektarinnar. Í skýrslunni skal koma fram hvaða svæði eru í hættu og hvar geti komið til lokana. Niðurstöður skýrslunnar skulu birtar opinberlega og skal almenningur eiga greiðan aðgang að þeim.
9. 35. gr. orðist svo:
   Náttúruvernd ríkisins eða sá aðili sem falinn hefur verið rekstur náttúruverndarsvæðis getur ákveðið gjald fyrir veitta þjónustu. Rekstraraðili náttúruverndarsvæðis getur enn fremur ákveðið gjald fyrir aðgang að svæðinu ef spjöll hafa orðið af völdum ferðamanna eða hætta er á slíkum spjöllum.
   Tekjum samkvæmt síðari málslið 1. mgr. skal varið til eftirlits, lagfæringar eða uppbyggingar svæðisins eða aðkomu að því.
   Eigi síðar en í september ár hvert skal Náttúruvernd ríkisins með opinberri auglýsingu birta skrá yfir gjaldtöku rekstraraðila náttúruverndarsvæða fyrir næsta ár. Gjaldskrá má kæra til ráðherra.
   Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd greinarinnar í reglugerð.

936. Fyrirspurn [517. mál]

til dómsmálaráðherra um kærur vegna iðnlagabrota.

Frá Hjálmari Árnasyni og Guðmundi Árna Stefánssyni.

1. Hversu margar kærur hafa verið gefnar út vegna iðnlagabrota sl. tíu ár?
2. Hvernig skiptast kærurnar eftir
   a. iðngreinum,
   b. sveitarfélögum?
3. Hversu stórum hluta kæranna lauk með dómi?

Skriflegt svar óskast.

937. Nefndarálit [471. mál]

um till. til þál. um fullgildingu Evrópusamnings um viðurkenningu og fullnustu ákvarðana varðandi forsjá barna og endurheimt forsjár barna og samnings um einkaréttarleg áhrif af brottnámi barna til flutnings milli landa.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið á sinn fund Helga Ágústsson og Tómas H. Heiðar frá utanríkisráðuneyti og Björgu Thorarensen frá dómsmálaráðuneyti.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Lára Margrét Ragnarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. maí 1996.

Geir H. Haarde, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Siv Friðleifsdóttir.
Hjörleifur Guttormsson.	Árni R. Árnason.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Gunnlaugur M. Sigmundsson.		Árni M. Mathiesen.

938. Nefndarálit [475. mál]

um till. til þál. um fullgildingu samnings gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið á sinn fund Helga Ágústsson og Tómas H. Heiðar frá utanríkisráðuneyti og Björgu Thorarensen frá dómsmálaráðuneyti.

Hvað varðar efni tillögunar telur nefndin mikilvægt og löngu tímabært að þessi samningur verði fullgiltur fyrir Íslands hönd.

Við umfjöllun nefndarinnar kom fram athugasemd við að í samningnum er enska orðið „inhuman“ þýtt sem „ómannlegt“ í stað þess að nota orðið „ómannúðlegt“. Í 68. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. lög nr. 97/1995, segir: „Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.“ Í 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og í 7. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, sbr. lög nr. 10/1979, er hins vegar notað orðalagið „ómannleg eða vanvirðandi meðferð“. Því virðist sem við þýðingu alþjóðasamninga á þessu sviði hafi skapast hefð um að þýða orðið „inhuman“ sem „ómannlegt“.

Nefndin telur það til baga að þessa misræmis gæti í íslenskum lagatexta og mælist til þess að orðið „ómannúðlegt“ verði framvegis notað í stað orðsins „ómannlegt“. Nefndin telur þó ekki rétt að breyta orðalagi fyrirliggjandi tillögu heldur þurfi að samræma orðnotkun á þessu sviði í heild. Beinir nefndin því til þeirra ráðuneyta sem hlut eiga að máli.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Lára Margrét Ragnarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. maí 1996.

Geir H. Haarde, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Siv Friðleifsdóttir.
Hjörleifur Guttormsson.	Árni R. Árnason.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Gunnlaugur M. Sigmundsson.		Árni M. Mathiesen.

939. Nefndarálit [491. mál]

um till. til þál. um staðfestingu viðbótarbókunar við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og lýðveldisins Íslands.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið á sinn fund Kristin F. Árnason og Björgvin Guðmundsson frá viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Lára Margrét Ragnarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. maí 1996.

Geir H. Haarde, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Siv Friðleifsdóttir.
Hjörleifur Guttormsson.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Árni R. Árnason.
Jóhanna Sigurðardóttir.		Árni M. Mathiesen.

940. Nefndarálit [493. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd Norðurlandasamning um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á sinn fund Helga Ágústsson og Tómas H. Heiðar frá utanríkisráðuneyti og Ingibjörgu Broddadóttur frá félagsmálaráðuneyti.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Lára Margrét Ragnarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. maí 1996.

Geir H. Haarde, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Siv Friðleifsdóttir.
Hjörleifur Guttormsson.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Árni R. Árnason.
Jóhanna Sigurðardóttir.		Árni M. Mathiesen.

941. Nefndarálit [313. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 74/1984, um tóbaksvarnir.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Arnljótsdóttur, deildarstjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, frá Krabbameinsfélaginu og tóbaksvarnanefnd Þorvarð Örnólfsson og Helga Guðbergsson, Lilju Sigrúnu Jónsdóttur, lækni hjá Hjartavernd, Guðmund Þorgeirsson hjartalækni, Þórólf Þórlindsson, prófessor við Háskóla Íslands, Gunnar Guðmundsson, framkvæmdastjóra Sambands hljómplötuframleiðenda, Sigurð Snæberg Jónsson frá Félagi kvikmyndagerðarmanna, Sigurð Jónsson frá Kaupmannasamtökum Íslands, Davíð Ólafsson frá Félagi matvörukaupmanna, Steinar Waage og Snorra Waage frá Skóverslun Steinars Waage og Sölva Óskarsson frá Tóbaksversluninni Björk. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Landssambandi sjúkrahúsa á Íslandi, Flugmálastjórn, Blaðamannafélagi Íslands, Hollustuvernd ríkisins, Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa, Siglingamálastofnun ríkisins, Samtökum heilbrigðisstétta, Krabbameinsfélagi Íslands, Háskóla Íslands, Verslunarráði Íslands, Sambandi veitinga- og gistihúsa, Rithöfundasambandi Íslands, Vinnueftirliti ríkisins, tóbaksvarnanefnd, Bandalagi íslenskra listamanna, oddvita Hraungerðishrepps, Sambandi hljómplötuframleiðenda, Neytendasamtökunum, Alþýðusambandi Íslands, Íslenskri verslun, Félagi íslenskra stórkaupmanna, Læknafélagi Íslands, Kaupmannasamtökum Íslands, Krabbameinsfélagi Reykjavíkur og Pétri Heimissyni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lögð er til breyting á c-lið 2. gr. þar sem kveðið er á um hvað teljast auglýsingar í skilningi laganna. Megintilgangur breytingarinnar er að gera ákvæði laganna um hvað kaupmönnum er leyfilegt eins skýr og mögulegt er. Þannig er skv. 1. tölul. lagt til að ekki séu lagalegar skorður við því hvar tóbaksvörum er raðað í hillur verslana. Fyrirmæli greinarinnar ganga því skemur en upphafleg gerð frumvarpsins sem var af ýmsum túlkuð þannig að kaupmenn hefðu ekki sjálfdæmi um hvar vara væri sett í hillur. Í 2. tölul. eru tekin af tvímæli um að selja má varning sem framleiddur er undir tóbaksvörumerkjum, svo sem Camel-skó. Breytingartillagan felur hins vegar í sér að útilokað verður að auglýsa vöruna þannig að vörumerki eða nokkur hluti af nafni eða auðkennum tóbaksvörunnar komi fram í auglýsingum eða tilkynningum. Í tilviki Camel-skónna mætti flytja þá inn og selja en ekki auglýsa þá sem Camel-skó. Einnig mætti Camel-vörumerkið eða heitið Camel hvergi koma fram innan eða utan verslunarinnar nema á skónum sjálfum og umbúðum þeirra. Sama gilti um allar vörur sem seldar væru undir auðkennum hefðbundinna tóbaksvörumerkja. Með orðalaginu „hefðbundin tóbaksvörumerki“ eru einnig tekin af tvímæli um að heimil skuli óheft notkun vörumerkja sem þekkt eru fyrir óskylda framleiðslu en tóbak er nú selt undir. Dæmi um slík vörumerki eru Cartier og Yves St. Laurent. Sérstök athygli er vakin á því að þær takmarkanir sem eru á auglýsingum á tóbaki samkvæmt lögunum ættu að koma tryggilega í veg fyrir landnám nýrra tegunda af tóbaksvörum undir vörumerkjum sem þekkt eru fyrir annað en tóbaksvörur, eins og þeirra tveggja sem áður eru nefnd. Í 3. tölul. er lagt til að umfjöllun um einstakar tóbakstegundir verði óheimil nema ljóst sé að hún verði beinlínis til þess að koma á framfæri upplýsingum sem eru fallnar til þess að minnka skaðsemi tóbaksneyslu. Ef kæmu á markað tóbakstegundir sem hefðu sannanlega minna af skaðlegum efnum en þær sem fyrir eru væri heimilt að fjalla um það í fjölmiðlum. Öllum takmörkunum um auglýsingar er hins vegar einnig ætlað að gilda um slíkar hættuminni tegundir. Loks leggur nefndin til að fellt verði niður ákvæði er felur í sér bann við að framleiða hér á landi tónlistarmyndbönd þar sem tóbaksneysla er áberandi.

   Loks vill nefndin minna á að ákvæði tóbaksvarnalaga um bann við auglýsingum á tóbaksvörum og um skráningu viðvarana á þær gilda einnig í fríhöfnum landsins og ber að framfylgja þeim.
2. Tvær breytingar eru lagðar til á 3. gr. frumvarpsins. Annars vegar er lagt til að aldursmörk til kaupa á tóbaki verði hækkuð úr 17 í 18 ár. Rannsóknir, sem gerðar hafa verið, sýna að reykingamönnum er því hættara við að deyja af völdum reykinga því yngri sem þeir byrja að reykja. Þróun á löggjöf um tóbaksvarnir í heiminum virðist almennt vera í þá átt að hækka mörkin. Hin breytingin, sem lögð er til, felst í því að fellt verði brott ákvæði frumvarpsins sem segir að aðeins megi selja vindla í heilum pakkningum nema á vínveitingahúsum þar sem selja megi þá í stykkjatali. Rökin fyrir upphaflegu tillögunni voru að vindlareykingar væru þess eðlis að ætla mætti að það ýtti undir þær ef hægt væri að kaupa vindla í stykkjatali í verslunum. Nefndin telur þessi rök vafasöm og að færa megi rök að hinu gagnstæða.
3. Lagðar eru til tvær breytingar á 5. gr. frumvarpsins. Lagt er til að bætt verði við 1. tölul. greinarinnar ákvæði þess efnis að tóbaksreykingar verði með öllu óheimilar í húsakynnum sem fyrst og fremst eru ætluð til íþróttastarfs barna og unglinga. Einnig er lagt til að forstöðumenn opinberra stofnana, í samráði við starfsfólk, geri áætl-

un um hvernig útrýma eigi reykingum innan stofnananna fyrir lok ársins 2000. Þó skal í áætlunum þessum heimilt að gera ráð fyrir afdrepi innan hverrar stofnunar þar sem reykingar eru heimilaðar.

4. Lögð er til breyting á 7. gr. frumvarpsins er lýtur að því að skylt verði að verja 0,7% af bruttósölu tóbaks til tóbaksvarnastarfs í stað 0,4% eins og gert er ráð fyrir í greininni. Breytingin er lögð til í ljósi þeirrar skoðunar nefndarinnar að nauðsynlegt sé að efla forvarnir gegn tóbaksneyslu til muna. Einnig var rætt um það í nefndinni hvort æskilegt væri að hækka verð á tóbaki í forvarnarskyni en tæknilega er það mjög erfitt vegna tengsla tóbaks við vísitölu neysluverðs. Engin tillaga er þó flutt af nefndinni um það. Mikilvægt er að fé, sem rennur til tóbaksvarna, sé varið á markvissan hátt með vel undirbúnum áætlunum um tóbaksvarnir. Að mati nefndarinnar eru börn og unglingar sá hópur sem helst þarf að beina fræðslu um skaðsemi tóbaks að.
5. Loks er lagt til að gildistöku ákvæðis um bann við innflutningi, framleiðslu og sölu á munntóbaki og fínkornóttu neftóbaki verði frestað til 1. febrúar 1997.

Alþingi, 9. maí 1996.

Össur Skarphéðinsson, form., frsm., með fyrirvara.	Siv Friðleifsdóttir.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Ásta R. Jóhannesdóttir.	Sólveig Pétursdóttir.	Guðni Ágústsson, með fyrirvara.
Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.	Guðmundur Hallvarðsson, með fyrirvara.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.

942. Breytingartillögur [313. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 74/1984, um tóbaksvarnir.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

1. Við 2. gr. C-liður orðist svo: 3. mgr. orðast svo:
   Með auglýsingum er í lögum þessum m.a. átt við:
   1. hvers konar tilkynningar til almennings eða sérstakra markhópa, þar á meðal útstillingar í gluggum verslana, hvers konar skilti og svipaðan búnað,
   2. alla notkun hefðbundinna tóbaksvörumerkja (heita og auðkenna) eða hluta þeirra; undanskildar eru þó vörur sem framleiddar eru undir slíkum merkjum, enda gilda auglýsingatakmarkanir laganna um þær að öðru leyti,
   3. hvers konar umfjöllun í fjölmiðlum um einstakar vörutegundir nema ljóst sé að hún miði beinlínis að því að koma á framfæri upplýsingum sem draga úr skaðsemi tóbaksneyslu,
   4. dreifingu vörusýna til neytenda.

2. Við 3. gr.
   a. Í stað orðanna „17 ára“ 1. og 3. málsl. 1. efnismgr. komi: 18 ára.
   b. 4. efnismgr. orðist svo:
      Ekki er heimilt að selja sígarettur í minna magni en heilum 20 stykkja pökkum.
3. Við 5. gr.
   a. Í stað orðanna „félags- og tómstundastarfa“ í 1. tölul. komi: félags-, íþrótta- og tómstundastarfa.
   b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðist svo:
      Forstöðumenn allra annarra opinberra stofnana en um getur í 1. mgr. skulu í samráði við starfsfólk gera áætlun um bann við reykingum innan viðkomandi stofnunar sem kemur til framkvæmda eigi síðar en fyrir lok ársins 2000. Innan sérhverrar stofnunar skal þó heimilt að gera ráð fyrir afdrepi þar sem reykingar eru heimilaðar.
4. Við 6. gr. C-liður orðist svo: 2. mgr. orðast svo:
   Fræðsla um áhrif tóbaksneyslu og leiðir til að draga úr henni skal veitt á heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum.
5. Við 7. gr. Í stað orðanna „0,4%“ í 1. efnismgr. komi: 0,7%.
6. Við 8. gr.
   a. Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ í 1. efnismgr. komi: Siglingastofnun Íslands.
   b. Í stað orðanna „II. kafla“ í 1. efnismgr. komi: III. kafla.
7. Við 10. gr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Þó skal 5. efnismgr. 3. gr. ekki öðlast gildi fyrr en 1. febrúar 1997.

943. Nefndarálit [285. mál]

um frv. til l. um breyt. á þjóðminjalögum, nr. 88 29. maí 1989, með síðari breytingum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund frá menntamálaráðuneyti Árna Gunnarsson skrifstofustjóra og Þórunni J. Hafstein skrifstofustjóra. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Félagi íslenskra fornleifafræðinga, Þjóðminjasafni Íslands, Þjóðskjalasafni Íslands, Listasafni Íslands og Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni.

Frumvarpið er m.a. byggt á tilskipun Evrópusambandsins sem hefur að geyma reglur um skil menningarminja sem fluttar hafa verið ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis og tilskipun um útflutning menningarminja. Þá er einnig að finna í frumvarpinu stefnumörkun varðandi útflutning menningarminja sem hafa sérstakt gildi fyrir íslenska þjóðmenningu og almennt bann við innflutningi erlendra menningarminja fari sá flutningur fram í andstöðu við löggjöf í því ríki sem minjarnar eru fluttar frá. Í núgildandi lögum er ekki að finna skýrar reglur um útflutning eða innflutning menningarminja en ljóst er að mikilvægt er að skýrar lagareglur gildi á þessu sviði.

Menntamálanefnd mælir með því að frumvarpið verði samþykkt með nokkrum orðalagsbreytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Svanfríður Jónasdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi Þjóðvaka og er sammála því sem fram kemur í áliti þessu.

Alþingi, 9. maí 1996.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Lúðvík Bergvinsson.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Ólafur Örn Haraldsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.
Sigríður Jóhannesdóttir.	Katrín Fjeldsted.	Árni Johnsen.

944. Breytingartillaga [285. mál]

við frv. til l. um breyt. á þjóðminjalögum, nr. 88 29. maí 1989, með síðari breytingum.

Frá menntamálanefnd.

Við 2. gr.

a. Í stað orðsins „skilaferli“ í 2. mgr. d-liðar (53. gr.) komi: skil.

b. 3. mgr. f-liðar (55. gr.) orðist svo:

Við mat á gildi menningarminja, er hér um ræðir, svo og um meiri háttar álitaefni, skal Þjóðminjasafn Íslands hafa samráð við forstöðumenn þeirra stofnana hér á landi er einkum varðveita þess konar muni sem mál snýst um hverju sinni. Þar skal m.a. kalla til forstöðumann Listasafns Íslands um myndlistarverk, Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi um handrit, Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns um bækur og handrit og Þjóðskjalasafns Íslands um skjöl. Ef þörf gerist skal og leitað álits sérfróðra manna er eigi starfa við stofnanir þær er hér um ræðir.

945. Breytingartillaga [372. mál]

við frv. til l. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

Framan við 49. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Við allar opinberar stofnanir skulu starfa fimm manna starfsmannaráð. Skulu fulltrúar valdir af starfsmönnum á almennum fundi eða þannig að stærstu deildir viðkomandi stofnunar velji fulltrúa þar til ráðið er fullskipað. Hlutverk starfsmannaráða er að fylgjast með rekstri stofnunarinnar, meta gæði þjónustu og miðla þekkingu og reynslu innan hennar, standa fyrir innra mati á störfum, fylgjast með starfsmannamálum og standa vörð um rétt starfsmanna, stuðla að símenntun starfsmanna og vinna að auknu jafnrétti, samráði um ákvarðanir, er varða stofnunina, og lýðræði innan hennar.

946. Svar [380. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um húsbréfalán.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver er skipting afgreiddra umsókna um húsbréfalán hjá húsbréfadeild Húsnæðisstofnunar ríkisins milli þeirra sem eru að eignast sína fyrstu íbúð og þeirra er áttu íbúð fyrir? Óskað er eftir að tilgreind sé hlutfallsleg skipting afgreiddra umsókna fyrir og eftir gildistöku reglugerðar nr. 351/1995, sundurgreind eftir mánuðum.

Félagsmálaráðuneytið leitaði eftir upplýsingum til Húsnæðisstofnunar ríkisins. Ekki reyndist unnt að afla samstæðra upplýsinga yfir tímabilið frá því að húsbréfakerfið var tekið upp. Helgast það af því að ekki var gerður greinarmunur milli þeirra sem voru að kaupa sína fyrstu íbúð og annarra fyrr en með gildistöku reglugerðar nr. 351/1995. Þær upplýsingar sem eru til eru handunnar og ná ekki í öllum tilvikum til alls hópsins.

Fyrir tímabilið 1989–1992 er í tiltækum upplýsingum ekki greint á milli lána til að kaupa og byggja íbúðir. Tölulegar upplýsingar fyrir þetta tímabil eru eftirfarandi:

	Fjöldi afgreiðslna	Fyrstu kaup	Hlutfall, %
1989			
desember	21	15	71,43
1990			
janúar	28	13	46,43
febrúar	30	20	66,67
mars	41	14	34,15
apríl	37	17	45,95
maí	61	22	36,07
júní	135	40	29,63
júlí	231	105	45,45
ágúst	133	48	36,09
september	350	155	44,29
október	322	127	39,44
nóvember	400	136	34,00
desember	322	104	32,30
1991			
janúar	274	65	23,72
febrúar	424	81	19,10
mars	182	61	33,52
apríl	289	83	28,72
maí	229	75	32,75
júní	207	75	36,23
júlí	411	143	34,79
ágúst	189	79	41,80
september	248	101	40,73
október	317	110	34,70
nóvember	322	106	32,92
desember	47	15	31,91

Af yfirlitinu má ráða að hlutfall þeirra sem keyptu sína fyrstu íbúð var 38,33% árið 1990 og 31,67% árið 1991.

Upplýsingar fyrir tímabilið 1992–1996 eru heldur ekki fullnægjandi þar sem ekki er hægt að sundurgreina þá sem keyptu nýjar íbúðir árin 1994 og 1995. Sama gildir um þá sem keyptu notaðar íbúðir árið 1994 og fyrri hluta ársins 1995. Reglugerð nr. 351/1995 var gefin út 22. júní 1995.

Í eftirfarandi töflum eru tiltækar upplýsingar um skiptingu lántakenda sem voru að eignast sína fyrstu íbúð og annarra lántakenda hjá húsbréfadeild.

1992	Afgreiddar umsóknir	Fyrstu kaup	Hlutfall, %	Íbúð fyrir	Hlutfall, %
NOTAÐ HÚSNÆÐI					
janúar	229	87	38,0	142	62,0
febrúar	159	81	50,9	78	49,1
mars	248	88	35,5	160	64,5
apríl	167	50	29,9	117	70,1
maí	196	45	23,0	151	77,0
júní	366	161	44,0	205	56,0
júlí	325	116	35,7	209	64,3
ágúst	187	78	41,7	109	58,3
september	291	104	35,7	187	64,3
október	291	121	41,6	170	58,4
nóvember	177	77	43,5	100	56,5
desember	208	86	41,3	122	58,7
Meðaltal fyrir árið			38,5		61,5
NÝBYGGINGAR					
janúar	65	10	15,4	55	84,6
febrúar	77	12	15,6	65	84,4
mars	58	8	13,8	50	86,2
apríl	44	8	18,2	36	81,8
maí	71	12	16,9	59	83,1
júní	65	18	27,7	47	72,3
júlí	69	7	10,1	62	89,9
ágúst	48	10	20,8	38	79,2
september	54	10	18,5	44	81,5
október	79	14	17,7	65	82,3
nóvember	68	14	20,6	54	79,4
desember	50	9	18,0	41	82,0
Meðaltal fyrir árið			17,6		82,4

1993	Afgreiddar umsóknir	Fyrstu kaup	Hlutfall, %	Íbúð fyrir	Hlutfall, %
NOTAÐ HÚSNÆÐI					
janúar	153	57	37,3	96	62,7
febrúar	154	76	49,4	78	50,6
mars	260	98	37,7	162	62,3
apríl	152	56	36,8	96	63,2
maí	237	96	40,5	141	59,5
júní	297	129	43,4	168	56,6
júlí	228	78	34,2	150	65,8
ágúst	173	78	45,1	95	54,9
september	255	95	37,3	160	62,7
október	221	80	36,2	141	63,8
nóvember	256	90	35,2	166	64,8
desember	99	34	34,3	65	65,7
Meðaltal fyrir árið			38,9		61,1

1993	Afgreiddar umsóknir	Fyrstu kaup	Hlutfall, %	Íbúð fyrir	Hlutfall, %
NÝBYGGINGAR					
janúar	52	16	30,8	36	69,2
febrúar	57	11	19,3	46	80,7
mars	63	15	23,8	48	76,2
apríl	29	4	13,8	25	86,2
maí	52	16	30,8	36	69,2
júní	48	10	20,8	38	79,2
júlí	54	13	24,1	41	75,9
ágúst	54	9	16,7	45	83,3
september	71	24	33,8	47	66,2
október	49	14	28,6	35	71,4
nóvember	94	20	21,3	74	78,7
desember	39	8	20,5	31	79,5
Meðaltal fyrir árið			24,2		75,8

1995	Afgreiddar umsóknir	Fyrstu kaup	Hlutfall, %	Íbúð fyrir	Hlutfall, %
NOTAÐ HÚSNÆÐI					
janúar*	245				
febrúar*	250				
mars*	308				
apríl*	193				
maí*	322				
júní*	369				
júlí	263	69	26,2	194	73,8
ágúst	436	153	35,1	283	64,9
september	264	90	34,1	174	65,9
október	366	126	34,4	240	65,6
nóvember	343	89	25,9	254	74,1
desember	289	87	30,1	202	69,9
Meðaltal fyrir júlí–desember 1995			31,3		68,7

* Nánari upplýsingar vantar.

1996	Afgreiddar umsóknir	Fyrstu kaup	Hlutfall, %	Íbúð fyrir	Hlutfall, %
NOTAÐ HÚSNÆÐI					
janúar	216	57	26,4	159	73,6
febrúar	328	89	27,1	239	72,9
NÝBYGGINGAR					
janúar	88	27	30,7	61	69,3
febrúar	101	30	29,7	71	70,3

Í eftirfarandi töflu sést hlutfall þeirra sem keyptu sína fyrstu íbúð á tímabilinu 1990–1996:

Ár	Notað, %	Nýtt, %	Meðaltal, %
1990			38,3
1991			31,7
1992	38,5	17,6	34,1
1993	38,9	24,4	35,8
1994[1]			
1995[2]	31,0		31,0
1996[3]	27,0	31,0	27,7

[1] Engar upplýsingar liggja fyrir.
[2] Upplýsingar um notaðar íbúðir ná til sex mánaða. Upplýsingar um nýjar íbúðir eru ekki tiltækar.
[3] Upplýsingar miðast við tvo fyrstu mánuði ársins.

Samkvæmt upplýsingum frá Húsnæðisstofnun hækkaði meðallán um 10% til þeirra sem keyptu sína fyrstu íbúð á tímabilinu júlí–desember 1995 úr 2.250 þús. kr. í 2.500 þús. kr.

947. Nefndarálit [385. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóra í umhverfisráðuneytinu, og Helga Jensson frá mengunarvörnum sjávar hjá Hollustuvernd ríkisins.

Frumvarpið felur í sér breytingar á lögum um varnir gegn mengun sjávar sem nauðsynlegar eru vegna alþjóðlegra skuldbindinga Íslendinga. Í fyrsta lagi er um að ræða breytingu er snýr að því að taka af öll tvímæli um að íslensk lög um mengunarvarnir nái ekki einungis til íslensku efnahagslögsögunnar heldur einnig til starfsemi íslenskra skipa utan íslenskrar efnahagslögsögu. Í öðru lagi er um að ræða atriði sem nauðsynlegt er að breyta til að unnt sé að staðfesta OSPAR-samninginn um varnir gegn mengun hafrýmis Norður-Atlantshafsins. Einnig er um að ræða breytingar er lúta að því að tryggð verði samræmd viðbrögð við mengunaróhöppum á sjó, svo og notkun mengunarvarnabúnaðar. Þá felur frumvarpið einnig í sér heimild fyrir ráðherra til að setja gjaldskrá fyrir mengunarvarnabúnaðinn. Loks er um að ræða breytingar sem rekja má til flutnings mengunardeildar Siglingamálastofnunar ríkisins til Hollustuverndar ríkisins.

Umhverfisnefnd leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Annars vegar er um að ræða breytingar sem gerðar eru með hliðsjón af breytingum sem nýsett lög um Siglingastofnun Íslands hafa í för með

sér. Hins vegar er lagt til að felld verði niður heimild Hollustuverndar til að veita leyfi til að skipum eða loftförum verði varpað í hafið, en í frumvarpinu var lagt til að heimilt yrði að veita slíkt leyfi fram til 31. desember 2004.

Alþingi, 10. maí 1996.

Ólafur Örn Haraldsson, form., frsm.	Árni M. Mathiesen.	Gísli S. Einarsson.
Katrín Fjeldsted.	Hjörleifur Guttormsson.	Ísólfur Gylfi Pálmason.
	Kristín Halldórsdóttir.	

948. Breytingartillögur [385. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 3. gr.
   a. D-liður 2. efnismgr. falli brott.
   b. Í stað orðsins „Hafnamálastofnunar“ í 4. efnismgr. komi: Siglingastofnunar Íslands.
2. Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins og Hafnamálastofnun“ í efnismálsgrein 4. gr. komi: Siglingastofnun Íslands.
3. Í stað orðanna „Siglingamálastofnunar ríkisins“ í b-lið 6. gr. komi: Siglingastofnunar Íslands.

949. Breytingartillaga [154. mál]

við frv. til l. um tæknifrjóvgun.

Frá Hjörleifi Guttormssyni, Ástu R. Jóhannesdóttur, Bryndísi Hlöðversdóttur og Kristínu Halldórsdóttur.

4. gr. orðist svo:

Læknir, sem annast meðferð, velur viðeigandi gjafa.

Upplýsingar um gjafa skulu skráðar og varðveittar samkvæmt reglum er ráðherra setur þannig að barn geti við 18 ára aldur fengið aðgang að upplýsingum um erfðafræðilegt foreldri sitt.

950. Breytingartillaga [154. mál]

við frv. til l. um tæknifrjóvgun.

Frá allsherjarnefnd.

Við bætist ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

Dómsmálaráðherra skal við gildistöku laga þessara skipa þriggja manna nefnd sérfróðra aðila á sviði læknisfræði, lögfræði og siðfræði til að fylgjast með framkvæmd laganna og vinna að endurskoðun þeirra. Nefndin skal hafa hliðsjón af laga- og tækniþróun á sviði tæknifrjóvgunar, m.a. með tilliti til nafnleyndar. Nefndin skal ljúka störfum innan tveggja ára frá gildistöku laganna.

951. Frumvarp til laga [518. mál]

um breyting á lögum um framboð og kjör forseta Íslands, nr. 36 12. febrúar 1945, með síðari breytingu.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

Í stað orðanna „á kjörskrá“ í 4. gr. lagann kemur: kosningarbærir.

2. gr.

Í stað „128. gr.“ í 1. mgr. 14. gr. laganna, eins og henni var breytt með 2. gr. laga nr. 39/1963, kemur: 120. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 4. gr. laga um framboð og kjör forseta Íslands skal framboði til forsetakjörs skilað til dóms- og kirkjumálaráðuneytis ásamt samþykki forsetaefnis, nægilegri tölu meðmælenda og vottorðum yfirkjörstjórna um að þeir séu á kjörskrá eigi síðar en fimm vikum fyrir kjördag.

Samkvæmt 1. gr. sömu laga fer um kjörskrár til afnota við kjör forseta á sama hátt og við alþingiskosningar.

Til skamms tíma voru kjörskrár við alþingiskosningar lagðar fram tveimur mánuðum fyrir kjördag. Ákvæði þessu var breytt 1991 þannig að kjörskrá skyldi lögð fram eigi síðar en 24 dögum fyrir kjördag. Þessu var svo breytt 1995 þannig að kjörskrá skal nú leggja fram eigi síðar en tíu dögum fyrir kjördag. Jafnframt er kjörskrá nú miðuð við skráð lögheimili samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag.

Samkvæmt þessu mun engin kjörskrá liggja frammi þegar meðmælendalistum vegna forsetaframboðs verður skilað til yfirkjörstjórna til athugunar. Yfirkjörstjórnir munu því ekki hafa útgefnar kjörskrár til að styðjast við við vottun sína. Er því lagt til að ákvæði um vottun yfirkjörstjórna verði breytt þannig að í stað þess að yfirkjörstjórnirnar votti

að meðmælendurnir séu á kjörskrá votti þær að meðmælendurnir séu kosningarbærir svo sem segir í 5. gr. stjórnarskrárinnar.

Kosningarbærir við alþingiskosningar, og þá jafnframt við forsetakjör, eru samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga um kosningar til Alþingis allir íslenskir ríkisborgarar 18 ára og eldri sem lögheimili eiga hér á landi. Einnig eru þeir ríkisborgarar, sem hér hafa átt lögheimili en búsettir eru erlendis, kosningarbærir samkvæmt nánari reglum í 2. mgr. 1. gr. Þjóðskrá Hagstofunnar heldur skrá um alla sem lögheimili eiga hér á landi. Þar eru og á skrá þeir sem átt hafa lögheimili hér og halda kosningarrétti í átta ár frá því þeir fluttu af landinu. Þá heldur Hagstofan sérstaka skrá um þá sem lengur hafa búið erlendis og sótt hafa um að halda kosningarrétti, sbr. 2. mgr. 15. gr. kosningalaga, svo og danska ríkisborgara sem njóta jafnréttis á við íslenska ríkisborgara.

Í stað þess að styðjast við framlagðar kjörskrár verða yfirkjörstjórnir því að styðjast við upplýsingar frá þjóðskrá Hagstofunnar um hverjir eru kosningarbærir er þeir votta um það.

Með frumvarpi þessu er lagt til að 4. gr. laga um framboð og kjör forseta Íslands verði breytt þannig að í stað þess að vottun yfirkjörstjórna feli í sér að meðmælendur við forsetaframboð séu á kjörskrá komi vottun um að þeir séu kosningarbærir. Þá er lagt til að leiðrétt verði tilvísun sem er í 14. gr. laganna, þar sem vísað er í 128. gr. laga um kosningar til Alþingis. Í staðinn komi tilvísun í 120. gr. þeirra laga en greinatölu kosningalaganna var breytt að þessu leyti með lagabreytingu 1984.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um framboð og kjör forseta Íslands, nr. 36 12. febrúar 1945, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er verið að laga lögin að breyttum aðstæðum. Í stað þess að yfirkjörstjórnir beri meðmælendalista vegna forsetaframboðs saman við kjörskrár munu þær bera þá saman við þjóðskrá, enda verða kjörskrár ekki tilbúnar á þeim tíma þegar yfirfara á meðmælendalistana.

Að mati Hagstofu Íslands mun það ekki hafa neinn aukakostnað í för með sér að yfirkjörstjórnir styðjist við upplýsingar úr þjóðskrá um hverjir eru kosningarbærir.

952. Nefndarálit [441. mál]

við frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 55 30. mars 1987, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Sveinsson hdl., Indriða H. Þorláksson, Guðrúnu Ástu Sigurðardóttur og Bergþór Magnússon frá fjármálaráðuneyti, Sigurgeir A. Jónsson ríkistollstjóra, Karl F. Garðarsson vararíkistollstjóra, Kristin Ólafsson tollgæslustjóra, Björn Hermannsson, tollstjóra í Reykjavík, Samúel Inga Þórisson og Kristínu Þórarinsdóttur frá Tollvarðafélagi Íslands, Ólaf A. Jónsson frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Birgi Ármannsson frá Verslunarráði Íslands, Hallgrím Gunnarsson frá Íslenskri verslun, Jakob Fal Garðarsson og Arnald F. Axfjörð frá EDI/ICEPRO, Árna Pétur Jónsson frá Tollvörugeymslunni – Zimsen og Stein Sveinsson frá Flutningsmiðluninni Jónum.

Með lagafrumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ákvæðum um yfirstjórn tollamála með því að ríkistollstjóra verði falin yfirstjórn allra þátta tollamála á landsvísu. Í samræmi við það er gert ráð fyrir að embætti tollgæslustjóra verði lagt niður. Þá er með frumvarpinu kveðið nánar á um réttaröryggi borgaranna gagnvart tollyfirvöldum og ákvæði um úrskurði og kæruleiðir gerð skýrari og einfaldari. Stefnt er að því að tollafgreiðsla verði öll tölvuvædd árið 2000 og eru með frumvarpinu gerðar breytingar á lögunum sem setja starfsreglur um samskipti tollyfirvalda og innflytjenda vegna þess. Þá eru gerðar ýmsar breytingar og lagfæringar á einstökum ákvæðum laganna til einföldunar og frekari skýrleika.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Í þeim felst:

1. Við 1. gr. Lagt er til að við bætist skilgreining á leyndarkóðun og stafrænni undirskrift. Mun þetta hafa í för með sér öryggi fyrir þá sem skiptast á upplýsingum í gegnum tölvur og verður hægt að tryggja að upplýsingar, sem sendar eru um tölvur, komi ekki frá öðrum en þeim sem þær eiga að berast frá og ber ábyrgð á upplýsingunum.
2. Við 6. gr. Lagðar eru til þrjár breytingar á greininni. Í fyrsta lagi sú breyting að aðili, sem tollafgreiðir vöru fyrir aðra, beri ekki skilyrðislaust ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann sendir tollyfirvöldum. Ósanngjarnt þykir að umboðsaðili beri ábyrgð á röngum upplýsingum sem hann hefur ekki tök á að sannreyna. Er því lagt til að hann beri eingöngu ábyrgð ef hann vissi eða mátti vita að upplýsingarnar voru rangar eða ófullnægjandi. Í öðru lagi er lagt til að ákvæði um að tollstjórar geti boðið innflytjendum aðstoð við útfyllingu aðflutningsskýrslu gegn gjaldi verði fellt brott. Í þriðja lagi er lagt til að við bætist heimild fyrir ríkistollstjóra til að láta taka upp leyndarkóðun og stafræna undirskrift.
3. Við 8. gr. Lögð er til sambærileg breyting og á 6. gr. hvað varðar upplýsingar í aðflutningsskýrslu.
4. Við 12. gr. Lagt er til að þeirri skyldu verði bætt á tollyfirvöld að veita innflytjendum upplýsingar um kæruleiðir samkvæmt lögunum.
5. Við 17. gr. Lagðar eru til nokkrar breytingar á greininni. Í fyrsta lagi er lagt til að skýrar verði kveðið á um að tollverðir við embætti ríkistollstjóra annist eftirlits- og rannsóknarstörf. Er það í samræmi við löggæsluheimildir tollvarða sem ekki verða faldar öðrum. Jafnframt er kveðið á um að aðrir starfsmenn embættisins geti starf-

að að eftirlits- og rannsóknarstörfum án þess þó að þeir geti farið með lögregluvald. Í öðru lagi er lagt til að hætt verði við að fella niður starfsemi tollskólans. Er það m.a. gert með hliðsjón af ábendingum umsagnaraðila um að ákvæði í kjarasamningum starfsmanna tollkerfisins byggist að nokkru á því að skólinn sé starfræktur. Í þriðja lagi er lagt til að sömu skilyrði gildi um ákvörðun ríkistollstjóra til að endurákvarða gjöld og þegar um er að ræða sambærilega ákvörðun tollstjóra. Í fjórða lagi er lagt til að sömu ákvæði gildi um embættisgengi tollstjórans í Reykjavík og gilda um skipun sýslumanna samkvæmt lögum nr. 92/1989. Í fimmta lagi er lögð til orðalagsbreyting á ákvæðinu þannig að skýrt sé kveðið á um hvaða starfsmenn tollstjórar ráða. Loks er lagt til að sérstaklega verði kveðið á um að við skipun í ríkistollanefnd verði þess gætt að nefndarmenn séu hvorki háðir tollyfirvöldum né þeim sem samskipti hafa við tollyfirvöld.

6. Við 24. gr. Lagt er til að fjármálaráðherra verði veitt sambærileg heimild til reksturs tollfrjálsra verslana í höfnum og hann hefur í sambandi við flugstöðvar.
7. Við 25. gr. Lagt er til að frestur tollstjóra til að senda tilkynningu um hugsanlega endurákvörðun verði styttur. Miðar tillagan að því að innflytjandi hafi jafnan nægan tíma til andsvara ef tollyfirvöld telja vöru ekki rétt tollafgreidda.
8. Við 26. gr. Lagt er til að ákvæði um málskot til ríkistollanefndar verði gert skýrara þannig að ljóst sé hvaða ágreiningsmálum verði skotið til nefndarinnar. Jafnframt er kærufresturinn lengdur úr 30 í 60 daga.
9. Við 30. gr. Lagðar eru til breytingar á ákvæðinu sem miða að því að kveða á um að ekki verði heimilt að framselja tollgæsluvald, sem eingöngu tollyfirvöldum er falið, til einkaaðila. Eðlilegt þykir hins vegar að tollyfirvöldum verði heimilað að fela öðrum ákveðna þætti tollafgreiðslu eins og er nú.
10. Við 37. gr. Lagðar eru til breytingar á refsiákvæði laganna.
11. Við 39. gr. Lagt er til að sektarheimild verði lækkuð til samræmis við það sem gildir um sektargerðir lögreglu.

Alþingi, 13. maí 1996.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Pétur H. Blöndal.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.	Einar Oddur Kristjánsson.
Valgerður Sverrisdóttir.	Jón Baldvin Hannibalsson.	Árni M. Mathiesen.

953. Breytingartillögur [441. mál]

við frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 55 30. mars 1987, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Við b-lið bætist ný skilgreining, svohljóðandi:
   Leyndarkóðun og stafræn undirskrift: Leyndarkóðun á rammaskeyti kemur í veg fyrir að annar en viðtakandi, sem hefur til þess réttan lykil, geti lesið innihald skeytisins. Með stafrænni undirskrift er tryggt að rammaskeyti hafi borist frá tilgreind-

um sendanda og innihaldi þess hafi ekki verið breytt.

2. Við 6. gr.
   a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Rekstraraðilar frísvæðis og almennra tollvörugeymslna, sem og umboðsaðilar, bera þó eigi ábyrgð ef þeir hafa sent rammaskeyti eða aðflutningsskýrslu sem byggist á röngum eða ófullnægjandi upplýsingum frá innflytjanda eða viðtakanda vörunnar, nema hlutaðeigandi rekstrar- eða umboðsaðilar hafi vitað eða mátt vita að upplýsingarnar væru rangar eða ófullnægjandi.
   b. 10. mgr. falli brott.
   c. Við bætist ný málsgrein er orðist svo:
      Ríkistollstjóri getur ákveðið að taka upp leyndarkóðun og stafræna undirskrift í því skyni að vernda upplýsingar í rammaskeyti og staðfesta uppruna þeirra.
3. Við 8. gr. Við bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Sá aðili, sem sent hefur rammaskeyti eða aðflutningsskýrslu fyrir hönd innflytjanda, ber ekki ábyrgð á röngum eða ófullnægjandi upplýsingum, nema hann hafi vitað eða mátt vita að upplýsingar innflytjanda væru rangar eða ófullnægjandi.
4. Við 12. gr. Efnismálsgreinin orðist svo:
   Tollyfirvöldum er skylt að veita almennar upplýsingar og leiðbeiningar um tollflokkun vöru, ákvörðun tollverðs, gjaldtöku, útfyllingu á aðflutningsskýrslum, kæruleiðir og hvaðeina sem lýtur að tollafgreiðslu, sbr. þó 141. gr.
5. Við 17. gr.
   a. 4. mgr. b-liðar (32. gr.) orðist svo:
      Ríkistollstjóri getur falið tollvörðum við embætti sitt að annast eftirlits- og rannsóknarstörf hvar sem er á landinu og er tollstjórum skylt að veita nauðsynlega aðstoð við framkvæmd starfanna. Hann getur á sama hátt falið öðrum starfsmönnum störf á sínu starfssviði hvar sem er á landinu.
   b. Eftirfarandi breytingar verði á c-lið (33. gr.):
      1. 3. málsl. falli brott.
      2. Við bætist tvær nýjar málsgreinar er orðist svo:
         Við embætti ríkistollstjóra skal vera tollskóli er veiti tollstarfsmönnum fræðslu í tollamálum. Gera má það að skilyrði fyrir ráðningu í fasta stöðu að viðkomandi hafi lokið prófi frá skólanum. Ráðherra setur nánari reglur um nám við skólann.
         Ráðherra er heimilt að ákveða að innheimt skuli gjald vegna kostnaðar sem hlýst af námskeiðshaldi við skólann fyrir aðra en tollstarfsmenn.
   c. Við 1. mgr. e-liðar (35. gr.) bætist: enda séu skilyrði 98. og 99. gr. uppfyllt ef um hækkun gjalda er að ræða.
   d. 2. mgr. f-liðar (36. gr.) orðist svo:
      Ráðherra skipar tollstjórann í Reykjavík og skal hann fullnægja sömu almennu hæfisskilyrðum og héraðsdómarar til skipunar í embætti, sbr. lög nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.
   e. 4. mgr. f-liðar (36. gr.) orðist svo:
      Tollstjórar ráða tollverði og aðra tollstarfsmenn og skipta með þeim störfum og starfa þeir í umboði og á ábyrgð viðkomandi tollyfirvalds.
   f. Við 2. mgr. h-liðar (38. gr.) bætist nýr málsliður er orðist svo: Við skipun í nefndina skal þess gætt að nefndarmenn séu óháðir tollyfirvöldum og hagsmunaaðilum.

6. Á eftir 24. gr. komi ný grein er orðist svo:
   1. mgr. 79. gr. laganna orðast svo:
   Fjármálaráðherra er heimilt að reka eða leyfa rekstur verslana með tollfrjálsar vörur, þar á meðal áfengi og tóbak, í flugstöðvum á Reykjavíkurflugvelli, Keflavíkurflugvelli, Akureyrarflugvelli, Egilsstaðaflugvelli og Ísafjarðarflugvelli í tengslum við farþegaflug milli landa. Heimild þessi gildir einnig um sams konar rekstur í Reykjavíkurhöfn, Ísafjarðarhöfn, Akureyrarhöfn, Seyðisfjarðarhöfn og Vestmannaeyjahöfn. Birgðir slíkra verslana má geyma í tollfrjálsum birgðageymslum sem eingöngu eru ætlaðar til þeirra nota.
7. Við 25. gr. (er verði 26. gr.). 3. málsl. 3. mgr. c-liðar (99. gr.) orðist svo: Tilkynningu um að til endurákvörðunar geti komið skal tollstjóri senda eigi síðar en 45 dögum frá því að afhending vöru var heimiluð.
8. Við 26. gr. (er verði 27. gr.).
   a. Efnismálsgrein a-liðar orðist svo:
      Innflytjandi getur skotið endurákvörðun ríkistollstjóra skv. 35. gr., úrskurði tollstjóra skv. 100. gr. og ákvörðun tollstjóra skv. 142. gr. til ríkistollanefndar innan 60 daga, talið frá póstlagningu úrskurðar eða ákvörðunar.
   b. Efnismálsgrein b-liðar orðist svo:
      Ríkistollstjóri getur skotið úrskurði tollstjóra skv. 100. gr. og ákvörðun tollstjóra skv. 142. gr. til ríkistollanefndar innan sama frests og greindur er í 1. mgr.
9. Við 30. gr. (er verði 31. gr.). Greinin orðist svo:
   107. gr. laganna orðast svo:
   Póst- og símamálastofnun annast innheimtu aðflutningsgjalda af póstsendingum sem hún sér um flutning á og afhendingu á þeim undir eftirliti tollstjóra samkvæmt nánari reglum sem fjármálaráðherra setur.
   Tollstjóri getur heimilað aðilum, sem annast vörslu ótollafgreiddra vara samkvæmt VII., VIII. og IX. kafla laga þessara, að veita greiðslu aðflutningsgjalda viðtöku og standa ríkissjóði skil á þeim. Binda má leyfi því skilyrði að leyfishafi setji ríkissjóði tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og annarra gjalda sem leiða kann af tollmeðferð vöru hjá leyfishafa.
   Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um framkvæmd þessarar greinar.
10. Við 37. gr. (er verði 38. gr.). Í stað a- og b-liða komi nýr stafliður, svohljóðandi: 1. og 2. mgr. orðast svo:
   Hver sem af ásetningi, stórfelldu gáleysi eða ítrekað veitir rangar eða villandi upplýsingar um tegund, magn eða verðmæti farms eða vöru eða leggur ekki fram til tollmeðferðar gögn sem lög þessi taka til skal sæta sektum sem nema skulu að lágmarki tvöfaldri en að hámarki tífaldri þeirri fjárhæð sem undan var dregin af aðflutningsgjöldum.
   Hafi brot skv. 1. mgr. verið framið með þeim ásetningi að svíkja undan eða fá ívilnun á aðflutningsgjöldum skal það, auk sekta, varða varðhaldi eða fangelsi ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað.
11. Við 39. gr. (er verði 40. gr.) Í stað fjárhæðarinnar „150.000 kr.“ í c-lið komi: 75.000 kr.

954. Nefndarálit [415. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Gylfa Kristinsson deildarstjóra frá félagsmálaráðuneyti, Benedikt Davíðsson, Hervar Guðmundsson, Ingibjörgu Guðmundsdóttur, Ara Skúlason, Gylfa Arnbjörnsson og Ástráð Haraldsson frá Alþýðusambandi Íslands, Björn Grétar Sveinsson frá Verkamannasambandi Íslands, Magnús L. Sveinsson frá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur, Sævar Gunnarsson frá Sjómannasambandi Íslands, Þórunni Sveinbjörnsdóttur frá Sókn, Guðmund Þ Jónsson frá Landssambandi iðnverkafólks, Sigurð Guðmundsson frá Félagi starfsfólks í veitingahúsum, Grétar Þorsteinsson frá Samiðn, Jens Andrésson frá Starfsmannafélagi ríkisstofnana, Ragnhildi Guðmundsdóttur og Sjöfn Ingólfsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Mörthu Á. Hjálmarsdóttur, Birgi Björn Sigurjónsson og Gunnar Ármannsson frá Bandalagi háskólamanna, Friðbert Traustason frá Sambandi íslenskra bankamanna, Eirík Jónsson frá Kennarasambandi Íslands, Elnu Katrínu Jónsdóttur frá Hinu íslenska kennarafélagi, Halldór Björnsson og Atla Gíslason frá Dagsbrún, Guðjón A. Kristjánsson og Benedikt Valsson frá Farmanna- og fiskimannasambandinu, Sæmund Árnason frá Félagi bókagerðarmanna, Þóri Einarsson ríkissáttasemjara, Þórarin V. Þórarinsson, Hannes Sigurðsson og Hrafnhildi Stefánsdóttur frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Árna Benediktsson og Jóngeir H. Hlinason frá Vinnumálasambandinu, Sigurð Snævarr frá Þjóðhagsstofnun og Helga Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands. Þá komu til fundar Tryggvi Gunnarsson hrl. og Páll Þórhallsson hdl.

Eftirtaldir aðilar sendu nefndinni umsagnir um frumvarpið: Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband íslands, Vinnumálasambandið, Verkamannasambandið, Bandalag háskólamanna, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Sjómannafélag Reykjavíkur og Verkamannafélagið Dagsbrún, Útgerðarfélag Akureyringa, Starfsmannafélag Sauðárkróks, Sveinafélag járniðnaðarmanna, Félag járniðnaðarmanna, Verslunarmannafélag Húnvetninga, Alþýðusamband Austurlands, Vélstjórafélag Íslands, Trésmíðafélag Reykjavíkur, Samtök iðnaðarins, Félag íslenskra atvinnuflugmanna, Sveinafélag málmiðnaðarmanna, Starfsmannafélag Siglufjarðarkaupstaðar, Verslunarmannafélag Húnvetninga, Starfsmannafélag Kópavogs, Samband veitinga- og gistihúsa, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Iðjuþjálfafélag Íslands, Mjólkurfræðingafélag Íslands, Verslunarmannafélag Vestmannaeyja, Verkalýðsfélagið Samherjar, Bakarasveinafélag Íslands, Félag íslenskra kjötiðnaðarmanna, Félag framreiðslumanna, Verslunarmannafélag Rangárvallasýslu, Verkalýðs- og sjómannafélag Gerðahrepps, Starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar, Félag leiðsögumanna, Félag matreiðslumanna, Verkalýðsfélagið Baldur, Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungavíkur, Verkalýðs- og sjómannafélagið Súgandi, Verkalýðs- og sjómannafélag Álftfirðinga, Sveinafélag byggingamanna Ísafirði, Verklýðsfélagið Skjöldur, Verkalýðsfélagið Brynja, Vélstjórafélag Ísafjarðar, Sjómannafélag Ísfirðinga, Félag bókagerðarmanna, Trésmiðafélag Reykjavíkur, Sjómannasamband Íslands, Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur, Málarafélag Reykjavíkur, Iðnsveinafélag Fljótsdalshéraðs, Félag íslenskra náttúrufræðinga, Sjúkraliðafélag Íslands, Verslunarmannafélag Húsavíkur, Verkalýðsfélag Húsavíkur, Verkamannafélagið Fram, Verkalýðsfélag Fljótsdalshéraðs, Verslunarmannafélag Skagfirðinga, Verkalýðsfélag Þórshafnar, Verslunarmannafélag Suður-

nesja, Íslenska álfélagið hf., Verslunarmannafélag Vestur-Húnavatnssýslu, Verslunarmannafélag Akraness, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis, Verkalýðs- og sjómannafélag Fáskrúðsfjarðar, Félag opinberra starfsmanna á Suðurlandi, Starfsmannafélag Akureyrarbæjar, Sjómannafélag Ólafsfjarðar, Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi, Sveinafélag járniðnaðarmanna á Húsavík, fjármálaráðuneytið, Starfsmannafélag Borgarbyggðar, Byggingamannafélagið Árvakur, Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu, Flugleiðir, Þjónustusamband Íslands, Félag hárgreiðslu- og hárskerasveina, Verkalýðsfélag Akraness, Stéttarfélag sjúkraþjálfara, Stéttarfélag lögfræðinga, Starfsmannafélag Selfosskaupstaðar, Verkalýðsfélagið Víkingur, Samband íslenskra bankamanna, Félag byggingariðnaðarmanna í Hafnarfirði, Samiðn, Meinatæknafélag Íslands, Bíliðnafélagið, Verkalýðsfélagið Fram, Verkalýðsfélag Borgarness, Verkalýðsfélag Reyðarfjarðar, Félag málmiðnaðarmanna Akureyri, Starfsmannafélag Mosfellsbæjar, Landssamband lögreglumanna, Tollvarðafélag Íslands, Félag flugmálastarfsmanna ríkisins, Landssamband íslenskra verslunarmanna, Verkalýðsfélag Skeggjastaðahrepps, Verkalýðsfélag Borgarfjarðar eystri, Verkalýðsfélag Norðfirðinga, Verkalýðs- og sjómannafélag Djúpavogs, Sjómannafélag Eyjafjarðar, Stéttarfélag sálfræðinga á Íslandi, Verkalýðs- og sjómannafélag Vopnafjarðar, Verkalýðsfélag Raufarhafnar, Verkalýðs- og sjómannafélag Breiðdælinga, Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins, Ríkisútvarpið, Verslunarráð Íslands, verkalýðsfélögin Afturelding á Hellissandi, Jökull í Ólafsvík, Stjarnan í Grundarfirði og Verkalýðsfélag Stykkishólms, Iðnsveinafélag Suðurnesja, Verkalýðs- og sjómannafélagið Grettir, Félag íslenskra leikskólakennara, Kaupmannasamtök Íslands, Verkalýðsfélagið Boðinn, Verkamannafélagið Hlíf, Verkalýðsfélagið Báran, Verkalýðsfélagið Rangæingur, Verslunarmannafélag Árnessýslu, Verslunarmannafélag Ísafjarðar, Félag blikksmiða, Verkalýðsfélagið Jökull, Félag starfsmanna Stjórnarráðsins, Íslenska járnblendifélagið, Félag íslenskra símamanna, Verkalýðsfélagið Þór, Iðja, félag verksmiðjufólks á Akureyri, Verslunarmannafélag Austurlands, Verkalýðsfélagið Vaka, Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri, Verkalýðsfélagið Valur, Verkalýðsfélag Vestmannaeyja, Verkalýðsfélag Hólmavíkur, Félag byggingamanna Eyjafirði, Félag starfsfólks í veitingahúsum, Sunniðn, sunnlenska iðnfélagið, Starfsmannafélag Seltjarnarness, kjaradeild Félags íslenskra félagsvísindamanna, Starfsmannafélag Kópavogs, Félag fréttamanna, Póstmannafélag Íslands, Bifreiðastjórafélagið Sleipnir, Verkalýðsfélagið Hvöt, Verkalýðsfélag Austur-Húnvetninga, Flugvirkjafélag Íslands, Starfsmannafélag Húsavíkur, Félag opinberra starfsmanna Vestfjörðum, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Sjómannafélagið Jötunn, Starfsmannafélag Sjónvarpsins, Flugfreyjufélag Íslands, Verkalýðsfélagið Eining, Verkakvennafélagið Snót, fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Vestmannaeyjum, Iðja, félag verksmiðjufólks, Landssamband iðnverkafólks, Kennarafélag KHÍ, aðildarfélög BSRB í Skagafirði, Kennarar og trúnaðarmenn í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, Starfsmannafélag Kvennaskólans í Reykjavík, Verkamannafélagið Árvakur, Rafiðnaðarsamband Íslands, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, Starfsmannafélagið Sókn, Starfsmannafélag ríkisstofnana, Eimskip, Lögmannafélag Íslands, Landssamband slökkviliðsmanna, Bílgreinasambandið, Félag íslenskra hljómlistarmanna, ríkissáttasemjari, Landssamband íslenskra rafverktaka, Múrarasamband Íslands, Múrarafélag Reykjavíkur, Félag háskólakennara, Blaðamannafélag Íslands, Verkakvennafélagið Aldan, Félag opinberra starfsmanna í Húnavatnssýslum, Helgi Tómasson dósent og Landssamband íslenskra útvegsmanna.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að 1. gr. frumvarpsins, sem m.a. kveður á um heimild til stofnunar vinnustaðafélaga, verði felld brott. Fjöldi starfandi stéttarfélaga lýsti mikilli andstöðu við þetta ákvæði og taldi það til þess fallið að veikja skipulag verkalýðshreyfingarinnar. Í þessu samhengi er ákvæði 9. gr. fellt brott þar sem sú breyting tengist stofnun áðurnefndra félaga.
2. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 2. gr. frumvarpsins. Í fyrsta lagi er lagt til að orðin „sé ekki á annan veg samið“ verði flutt til í 1. málsl. 2. mgr. Við þá breytingu mun kjarasamningur, sem undirritaður hefur verið af til þess bærum fulltrúum samningsaðila, gilda frá undirskriftardegi sé ekki á annan veg samið. Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða heldur er verið að taka af tvímæli um það að einungis sé átt við að hægt sé að semja um gildistökudaginn. Í öðru lagi er lagt til, í samræmi við framangreint, að niðurstaða leynilegrar póstatkvæðagreiðslu meðal félagsmanna um gerðan kjarasamning gildi óháð þátttöku. Í þriðja lagi er fellt brott ákvæði sem byggði á skilyrði um hærri hlutfallstölur þegar atkvæðagreiðslur um samninga eða vinnustöðvanir næðu til hluta af félagi. Það er gert til einföldunar og samræmingar vegna gagnrýni stéttarfélaga og fleiri á fjölbreyttar reglur um atkvæðagreiðslur sem fram koma í frumvarpinu. Þannig mun sama regla gilda um höfnun kjarasamninga og boðun vinnustöðvana, sbr. 4. gr. Í fjórða lagi hefur orðalag 3. málsl. 2. mgr. verið gagnrýnt. Þess vegna er lagt til að orðalag ákvæðisins verði gert skýrara og með því tekin af tvímæli um þá heimild aðila að kveða á um í nýjum kjarasamningi að þeir einir séu atkvæðisbærir sem samningurinn tekur til. Í fimmta lagi er svo að finna ákvæði um vinnustaðarsamninga og er það nýmæli. Þetta form tíðkast nú þegar á ýmsum vinnustöðum. Hins vegar hefur verið bent á þann ókost sem felst í rétti einstakra félaga til að fella slíkan samning, enda þótt mikill meiri hluti starfsmanna sé hlynntur samningsniðurstöðu. Því er kveðið á um að slíkur samningur skuli borinn sameiginlega undir atkvæði allra félagsmanna sem hann tekur til og ráði meiri hluti niðurstöðu.
3. Þá eru lagðar til breytingar á 4. gr. frumvarpsins. Í fyrsta lagi er lagt til að sé vinnustöðvun einungis ætlað að taka til ákveðins hóps félagsmanna eða starfsmanna á tilgreindum vinnustað þurfi einungis fimmtungur atkvæðisbærra að taka þátt í atkvæðagreiðslu í stað helmings áður. Breytingar þessar eru gerðar til samræmis og einföldunar, sbr. umfjöllun í 2. lið hér að framan. Í öðru lagi er í fyrri málslið 3. mgr. bætt við orðinu „einkum“. Með breytingunni er textinn færður til samræmis við ákvæði 16. gr. gildandi laga, nr. 80/1938, þar sem notað er orðið „aðallega“. Einnig er verið að koma til móts við gagnrýni sem hefur beinst að því að of strangar kröfur séu gerðar um skilgreiningu á því til hverra vinnustöðvun sé ætlað að taka. Í þriðja lagi eru síðan lagðar til nokkrar breytingar á 4. mgr. Fyrst skal líta til ákvæðis um frestun boðaðrar vinnustöðvunar. Sérstök ástæða er til að leggja áherslu á að heimildin til að fresta boðaðri vinnustöðvun án samþykkis gagnaðila tekur eingöngu til vinnustöðvunar sem ekki er hafin. Hún tekur þannig ekki til yfirstandandi vinnustöðvunar. Í þessu felst að einungis er heimilt að fresta vinnustöðvun áður en hún hefst og þá með þeim fyrirvara sem kveðið er á um í 4. mgr. Meiri hlutinn leggur til að frestunarheimildin verði rýmkuð þannig að heimilt verði að fresta boðaðri vinnustöðvun, einu sinni eða oftar, um allt að 28 sólarhringa í stað 14 áður. Það felur í sér t.d. að hafi vinnustöðvun verið boðuð 1. janúar er heimilt að fresta henni til 29. janúar.

Þann dag tekur vinnustöðvunin gildi hafi samningar ekki tekist en fellur að öðrum kosti niður. Heimild til frestunar í 28 sólarhringa miðast þannig við upphafsdag boðaðs verkfalls. Þá er lagt til að komið verði til móts við þá gagnrýni að tjóni af völdum boðaðrar vinnustöðvunar verði yfirleitt ekki afstýrt með minna en þriggja sólarhringa fyrirvara og því sé óæskilegt að fresta megi verkfalli án samþykkis gagnaðila með minni fyrirvara. Loks er lagt til að bætt verði við nýju ákvæði þannig að ljóst verði að aðilum sé sameiginlega ávallt heimilt að fresta boðaðri eða yfirstandandi vinnustöðvun. Hér er verið að festa í sessi verklagsreglur sem í raun hafa gilt við lok kjaradeilu.

4. Lögð er til sú breyting á 5. gr. frumvarpsins að felld verði brott tilvísun til fjöldauppsagna. Hér er þó ekki lagt til að fjöldauppsögnum verði aldrei unnt að jafna til vinnustöðvunar, enda geta slíkar uppsagnir fallið undir aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu atvinnurekenda eða launamanna sem jafna má til vinnustöðvunar.
5. Lagðar eru til nokkrar breytingar á einstökum stafliðum 6. gr. frumvarpsins. Fyrst er að nefna ákvæði a-liðar (20. gr.) um skipun ríkissáttasemjara. Í gildandi lögum og frumvarpinu er gert ráð fyrir að ríkissáttasemjari skuli skipaður til fjögurra ára í senn. Samkvæmt frumvarpi til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er gert ráð fyrir breytingum á skipunartíma ýmissa opinberra starfsmanna og er þar kveðið á um fimm ára skipunartíma. Því er lagt til að sú regla verði tekin upp hér til samræmis. Í annan stað er lagt til að í stað inngangs 1. málsl. i-liðar (28. gr.) komi efni gildandi 3. mgr. 9. gr. laga nr. 33/1978, um sáttastörf í vinnudeilum. Samkvæmt þeirri grein hefur ríkissáttasemjari heimildir til að leggja fram miðlunartillögur. Hann getur lagt fram eina eða fleiri tillögur í deilum félaga sem saman eiga í kjaradeilum og jafnframt ákveðið sameiginlega atkvæðagreiðslu um slíka tillögu. Áður en til þess kemur ber honum þó að hafa samráð við hlutaðeigandi samninganefndir. Rétt þykir hins vegar að halda inni skilyrðum frumvarpsins, sem eru nýmæli, fyrir framlagningu miðlunartillögu samkvæmt framanskráðu, en þau koma fram í a–e-liðum í i-lið (28. gr.). Þá er loks lögð til breyting á reglu l-liðar (31. gr.) um atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu en sú regla hefur sætt gagnrýni. Á það má minna að miðlunartillaga er neyðarúrræði til lausnar kjaradeilu. Þess vegna er eðlilegt að gera nokkrar kröfur um lágmarkshlutfall mótatkvæða. Lagt er til að dregið verði verulegu úr kröfum frumvarpsins um hlutfall mótatkvæða og miðað verði við að fjórðungur samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá þurfi að vera andvígur miðlunartillögu til þess að hún teljist felld í stað þriðjungs áður.
6. Loks er lögð til sú breyting á 8. gr. að við bætist tilvísun í 66. gr. laganna og orðinu „atvinnumálaráðherra“ breytt einnig þar í félagsmálaráðherra.

Vegna athugasemda frá Lagastofnun Háskóla Íslands var sérstaklega rætt um samúðarverkföll. Rétt þykir að fram komi að ekki er verið að breyta neinu um þann skilning Félagsdóms sem lagður er til grundvallar nú um slík verkföll. Þá er og rétt að geta þess vegna athugasemda frá Sambandi íslenskra bankamanna, en sérstök lög eru í gildi um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins, nr. 34/1977, að ekki er ætlunin með þessu frumvarpi að fella brott eða breyta ákvæðum þeirra laga. Í greinargerð með frumvarpinu er sérstaklega tekið fram að reglum þess er ekki ætlað að hafa áhrif á stöðu og

valdsvið ríkissáttasemjara eða starfsmanna hans samkvæmt öðrum lögum og eru fyrrnefnd lög nefnd þar sem dæmi. Því má ljóst vera að lögin gilda áfram sem hingað til og ekki er verið að breyta réttarstöðu þeirra sem gert hafa samkomulag á grundvelli þeirra laga.

Alþingi, 13. maí 1996.

Siv Friðleifsdóttir, frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Magnús Stefánsson.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Kristján Pálsson.	Pétur H. Blöndal.

955. Breytingartillögur [415. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar (SF, EKG, MS, KPál, PHB, ArnbS).

1. Við 1. gr. Greinin falli brott.
2. Við 2. gr.
   a. 1. málsl. 2. efnismgr. orðist svo: Þegar kjarasamningur hefur verið undirritaður af til þess bærum fulltrúum samningsaðila gildir hann frá undirskriftardegi sé ekki á annan veg samið, nema hann sé felldur við leynilega atkvæðagreiðslu með meiri hluta greiddra atkvæða og minnst fimmtungs þátttöku samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá innan fjögurra vikna frá undirritun.
   b. Í stað orðsins „framangreindu“ í 2. málsl. 2. efnismgr. komi: þátttöku.
   c. Í stað orðanna „að ákveða í kjarasamningi“ í 3. málsl. 2. efnismgr. komi: að ákveða í samningnum.
   d. Lokamálsliður 2. efnismgr. falli brott.
   e. Á eftir 2. efnismgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
      Standi fleiri en tvö stéttarfélög að gerð kjarasamnings, vinnustaðarsamnings, fyrir félagsmenn á sama vinnustað skal hann borinn sameiginlega undir atkvæði allra félagsmanna sem hann tekur til og ræður meiri hluti niðurstöðu. Um gildistöku og afgreiðslu vinnustaðarsamnings fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum 2. mgr.
3. Við 4. gr.
   a. Í stað orðsins „helmingur“ í síðari málslið 2. efnismgr. komi: fimmtungur.
   b. Á eftir orðunum „til hverra henni er“ í fyrri málslið 3. efnismgr. komi: einkum.
   c. Orðið „boðaðri“ í fyrri málslið 4. efnismgr. falli brott.
   d. Í stað síðari málsliðar 4. efnismgr. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Sömu aðilum er heimilt að fresta boðaðri vinnustöðvun, einu sinni eða oftar, um allt að 28 sólarhringa samtals án samþykkis gagnaðila, enda sé frestunin kynnt honum með minnst þriggja sólarhringa fyrirvara. Þó er jafnan heimilt að fresta boðaðri vinnustöðvun og yfirstandandi vinnustöðvun með samþykki beggja aðila.
4. Við 5. gr. Orðin „fjöldauppsagnir og“ í síðari málslið efnismálsgreinar falli brott.

5. Við 6. gr.
   a. Í stað orðanna „til fjögurra ára“ í 1. málsl. 1. mgr. a-liðar (20. gr.) komi: til fimm ára.
   b. Í stað inngangs 1. málsl. 1. mgr. i-liðar (28. gr.) komi þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

      Ef tvö eða fleiri félög eða félagasambönd eiga saman í deilu getur sáttasemjari í samráði við samninganefndir borið fram eina miðlunartillögu er taki til fleiri en eins deiluaðila eða þeirra allra. Atkvæðagreiðsla og talning atkvæða fer þá fram í sameiningu hjá öllum þeim félögum eða samböndum sem miðlunartillagan nær til þannig að sameiginlegt atkvæðamagn ræður úrslitum um samþykkt eða synjun.

      Sáttasemjara er einnig heimilt að efna til sameiginlegrar atkvæðagreiðslu þótt hann beri fram fleiri en eina miðlunartillögu, enda sé það gert samtímis. Gilda þá reglur 1. mgr. eftir því sem við á.

      Skilyrði þess að sáttasemjara sé heimilt að leggja fram miðlunartillögu, eina eða fleiri, samkvæmt þessari grein eru eftirfarandi.
   c. 2. málsl. 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. i-liðar (28. gr.) falli brott.
   d. L-liður (31. gr.) orðist svo:

      Miðlunartillaga telst felld í atkvæðagreiðslu ef meira en helmingur greiddra atkvæða er á móti henni og ef mótatkvæði eru fleiri en fjórðungur atkvæða samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá. Þetta gildir jafnt um atkvæðagreiðslu á kjörfundi og póstatkvæðagreiðslu.
6. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

   Í stað orðsins „atvinnumálaráðherra“ í 1. málsl. 40. gr. og 1. mgr. 66. gr. laganna komi: félagsmálaráðherra.
7. Við 9. gr. Greinin falli brott.

956. Frumvarp til laga [519. mál]

um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

I. KAFLI
Fiskveiðar íslenskra skipa.

1. gr.

Ákvæði þessa kafla taka til veiða íslenskra skipa úr nytjastofnum utan lögsögu Íslands, sbr. lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Til veiða samkvæmt lögum þessum telst hvers konar nýting nytjastofna. Til nytjastofna í þessu sambandi teljast sjávardýr og sjávargróður sem nytjuð eru og kunna að verða nytjuð.

2. gr.

Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.

3. gr.

Ráðherra skal setja reglur um veiðar íslenskra skipa utan lögsögu sem nauðsynlegar eru til að fullnægja almennum skyldum Íslands til verndunar lifandi auðlindum hafsins eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

4. gr.

Öllum íslenskum skipum eru heimilar veiðar utan lögsögu Íslands með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum og reglum settum með stoð í þeim.

Ráðherra skal með reglugerð binda veiðar íslenskra skipa á úthafinu sérstökum leyfum sé það nauðsynlegt vegna alþjóðlegra samningskuldbindinga Íslands, til þess að fullnægja almennum ákvörðunum sem teknar eru með stoð í 3. gr., eða til að vernda hagsmuni Íslands að því er varðar fiskstofna sem um ræðir í 5. gr., og eru veiðar í þessum tilvikum óheimilar án slíkra leyfa. Skulu leyfin bundin þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru. Því aðeins er heimilt að veita skipum leyfi samkvæmt þessari grein að eigendur þeirra og útgerðir fullnægi skilyrðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og laga um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands til að stunda veiðar í efnahagslögsögu Íslands.

Ákvæði 2. mgr. gilda einnig um veiðar íslenskra skipa í lögsögu annarra ríkja úr þeim stofnum sem um ræðir í 5. gr.

Fiskveiðar íslenskra skipa innan lögsögu annarra ríkja eru ekki heimilar nema með leyfi þar til bærra yfirvalda.

5. gr.

Um veiðar utan lögsögu Íslands úr stofnum, sem veiðast bæði innan og utan hennar, skulu gilda ákvæði laga um stjórn fiskveiða eftir því sem við getur átt, sbr. þó ákvæði þessarar greinar.

Sé tekin ákvörðun um að takmarka heildarafla úr slíkum stofni sem samfelld veiðireynsla er á, skal aflahlutdeild einstakra skipa ákveðin á grundvelli veiðireynslu þeirra miðað við þrjú bestu veiðitímabil þeirra á undangengnum sex veiðitímabilum. Veiðireynsla telst samfelld samkvæmt lögum þessum hafi ársafli íslenskra skipa úr viðkomandi stofni a.m.k. þrisvar sinnum á undangengnum sex árum svarað til a.m.k. þriðjungs þess heildarafla sem er til ráðstöfunar af hálfu íslenskra stjórnvalda.

Ráðherra getur bundið úthlutun skv. 2. mgr. því skilyrði að skip afsali sér aflaheimildum innan lögsögu Íslands er nemi, reiknað í þorskígildum, allt að 20% af þeim aflaheimildum sem ákveðnar eru á grundvelli þeirrar málsgreinar. Þær útgerðir sem ekki geta uppfyllt skilyrði þessarar málsgreinar skulu sæta skerðingu á úthlutuðum aflaheimildum samkvæmt þessari grein sem þessu nemur.

Þeim aflaheimildum sem ekki er úthlutað samkvæmt ofansögðu skal ráðstafað með þeim hætti sem um ræðir í 5. mgr.

Sé ekki fyrir hendi samfelld veiðireynsla úr viðkomandi stofni skal ráðherra ákveða aflahlutdeild einstakra skipa. Skal hann við þá ákvörðun m.a. taka mið af fyrri veiðum skips. Einnig getur hann tekið mið af stærð skips, gerð þess eða búnaði og öðrum atriðum er máli skipta. Þá getur hann ráðstafað veiðiheimildum til skipa þeirra útgerða sem að undangenginni auglýsingu hafa lýst sig með skuldbindandi hætti reiðubúnar til þess að afsala af viðkomandi skipi mestum aflaheimildum, reiknað í þorskígildum, á tegundum sem heildarafli er takmarkaður af.

Þeim aflaheimildum sem afsalað hefur verið á grundvelli 1. málsl. 3. mgr. eða á grundvelli 5. mgr. skal úthlutað til annarra skipa í hlutfalli við samanlagða aflahlutdeild sem þau hafa, í þorskígildum talið, á grundvelli 2. mgr. 7. gr. laga um stjórn fiskveiða eða á grundvelli þessara laga.

Ráðherra er heimilt að veita íslenskum skipum, sem ekki hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni í íslenskri lögsögu skv. 1. mgr. 4. gr. laga um stjórn fiskveiða, leyfi til veiða úr þeim stofnum, sem um ræðir í þessari grein, utan lögsögunnar enda uppfylli þau skilyrði lokamálsl. 2. mgr. 4. gr. þessara laga. Þá skulu slík skip koma til greina við úthlutun aflahlutdeildar enda hafi þau veiðireynslu úr viðkomandi stofni.

Ráðherra getur, þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar, ákveðið að allt að 3% heildaraflans verði sérstaklega úthlutað til þeirra skipa sem hófu veiðar úr viðkomandi stofni.

6. gr.

Sé ákveðinn heildarafli úr öðrum stofnum en þeim, sem um ræðir í 5. gr., á grundvelli samnings sem Ísland er aðili að, skal ráðherra setja reglur um veiðar íslenskra skipa á þeim hluta heildaraflans sem kemur í hlut Íslands. Skulu þær reglur tryggja að aflinn verði innan umsaminna marka og getur ráðherra í því skyni skipt veiðiheimildum úr stofninum á hverju veiðitímabili milli einstakra íslenskra skipa.

Við skiptingu veiðiheimilda úr stofni sem samfelld veiðireynsla er á, skulu veiðiheimildir einstakra skipa ákveðnar á grundvelli veiðireynslu skipanna miðað við bestu þrjú veiðitímabil þeirra á undangengnum sex veiðitímabilum.

Ráðherra getur bundið úthlutun skv. 2. mgr. því skilyrði að skip afsali sér aflaheimildum innan lögsögu Íslands er nemi, reiknað í þorskígildum, allt að 10% af þeim aflaheimildum sem ákveðnar eru á grundvelli þeirrar málsgreinar. Þær útgerðir sem ekki geta uppfyllt skilyrði þessarar málsgreinar skulu sæta skerðingu á úthlutuðum aflaheimildum samkvæmt þessari grein sem þessu nemur.

Þeim aflaheimildum sem ekki er úthlutað samkvæmt ofansögðu skal ráðstafað með þeim hætti sem um ræðir í 6. mgr.

Ráðherra getur ákveðið einstökum skipum fasta hlutdeild í afla til lengri tíma en eins veiðitímabils þegar veiðiheimildum er úthlutað skv. 2. mgr. og getur hann þá ákveðið að ákvæði laga um stjórn fiskveiða varðandi framsal veiðiheimilda gildi eftir því sem við getur átt.

Sé ekki fyrir hendi samfelld veiðireynsla úr viðkomandi stofni skal ráðherra ákveða veiðiheimildir einstakra skipa. Skal hann við þá ákvörðun m.a. taka mið af fyrri veiðum skips. Einnig getur hann tekið mið af stærð skips, gerð þess eða búnaði og öðrum atriðum er máli skipta. Þá getur hann ráðstafað veiðiheimildum til skipa þeirra útgerða sem að undangenginni auglýsingu hafa lýst sig með skuldbindandi hætti reiðubúnar til þess að afsala af viðkomandi skipi mestum aflaheimildum, reiknað til þorskígilda, í tegundum sem heildarafli er takmarkaður af.

Þeim aflaheimildum sem afsalað hefur verið á grundvelli 1. málsl. 3. mgr. eða á grundvelli 6. mgr. skal úthlutað til annarra skipa í hlutfalli við samanlagða aflahlutdeild sem þau hafa, í þorskígildum talið, á grundvelli 2. mgr. 7. gr. laga um stjórn fiskveiða eða á grundvelli þessara laga.

Sé ekki ákveðinn heildarafli skv. 1. mgr., en gert ráð fyrir takmörkun veiða á úthafinu á annan hátt, skal ráðherra setja reglur sem nauðsynlegar eru til að tryggja að veiðar íslenskra skipa verði innan þeirra marka. Getur hann í því skyni m.a. sett reglur um fjölda skipa, fjölda veiðiferða og úthaldstíma einstakra skipa.

Ráðherra er einnig heimilt að setja reglur sem nauðsynlegar eru til að takmarka veiðar í öðrum tilvikum, sbr. 3. gr., og skal hann í þeim efnum leita álits Hafrannsóknastofnunarinnar.

Ráðherra getur, þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar, ákveðið að allt að 5% heildaraflans verði sérstaklega úthlutað til þeirra skipa sem hófu veiðar úr viðkomandi stofni.

7. gr.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um gerð og frágang veiðarfæra íslenskra skipa við veiðar utan lögsögu Íslands, þar á meðal um lágmarksmöskvastærð. Þá getur hann sett reglur um lokun veiðisvæða og aðrar þær aðgerðir sem nauðsynlegar kunna að vera til að tryggja verndun smáfisks og ábyrgar veiðar. Ráðherra skal í þessum efnum byggja á samningum sem Ísland er aðili að. Jafnframt getur ráðherra tekið mið af þeim reglum sem gilda við veiðar í lögsögu Íslands, reglum sem gilda í lögsögu annarra ríkja sem liggur að viðkomandi hafsvæði eða reglum sem settar hafa verið af viðkomandi svæðisstofnun.

8. gr.

Eftirlitsmönnum Fiskistofu er heimilt að fara í eftirlitsferðir með íslenskum skipum við veiðar utan íslensku lögsögunnar. Um eftirlit með framkvæmd laga þessara gilda ákvæði laga um stjórn fiskveiða og laga um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum eftir því sem við á. Auk þess skal ráðherra með reglugerð gera íslenskum skipum að sæta því eftirliti sem kveðið er á um í samningum sem Ísland er aðili að.

Fyrir leyfi til veiða á úthafinu sem veitt verða á grundvelli 2. mgr. 4 gr. laga þessara skal greiða gjald skv. 3. mgr. 18. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Útgerðir skipa sem fá úthlutað veiðiheimildum á grundvelli 5. gr. skulu greiða sérstakt gjald — veiðieftirlitsgjald — vegna eftirlits með veiðum skipanna. Gilda um það ákvæði laga um stjórn fiskveiða varðandi gjaldskyldu, gjaldstofn, gjaldstig, álagningu og innheimtu.

Útgerðir skipa sem veiða sjávardýr á grundvelli 6. gr. skulu greiða sérstakt gjald — veiðieftirlitsgjald — vegna eftirlits með veiðum skipanna. Ráðherra skal með reglugerð ákveða veiðieftirlitsgjald vegna eftirlits með veiðum sem beinast að hverjum þeim stofni sem um getur í 6. gr. og skal gjaldið ákveðið sérstaklega fyrir hvern stofn fyrir upphaf hvers fiskveiðiárs, vertíðar eða veiðitímabils. Skal gjaldið renna til reksturs veiðieftirlits Fiskistofu og vera í hverju tilfelli miðað við að það standi undir kostnaði Fiskistofu vegna eftirlits með veiðum úr hverjum stofni. Ráðherra skal gera rökstudda kostnaðaráætlun um kostnað af eftirliti með hverjum stofni og skal reikna út fjárhæð eftirlitskostnaðar á hvert tonn afla viðkomandi stofns miðað við fiskveiðiár, vertíð eða veiðitímabil. Skal sú fjárhæð lögð til grundvallar þegar veiðieftirlitsgjald hvers stofns er ákveðið. Skulu útgerðir fiskiskipa greiða gjaldið í samræmi við ákvæði 5. og 6. mgr. Gjald vegna hvers einstaks skips má þó aldrei vera hærra en 1% af áætluðu aflaverðmæti skipsins vegna veiða þess úr viðkomandi stofni á viðkomandi fiskveiðiári, vertíð eða veiðitímabili. Sé á grundvelli milliríkjasamnings ákveðið að eftirlitsmaður skuli vera um borð í hverju veiðiskipi má gjaldið ekki vera hærra en 3% af áætluðu aflaverðmæti. Ráðherra skal áætla aflaverðmæti vegna veiða úr stofninum á viðkomandi fiskveiðiári, vertíð eða veiðitímabili. Skal eftir því sem unnt er leggja verð sem fiskkaupendur greiða fyrir sama eða sambærilegan afla íslenskra skipa til grundvallar við gerð þeirrar áætlunar.

Útgerð skips sem fær úthlutað veiðiheimildum á grundvelli 6. gr. skal greiða gjald skv. 4. mgr. fyrir hvert úthlutað aflatonn vegna eftirlits með veiðum skipsins. Skal gjaldið greitt fyrir fram við útgáfu tilkynningar um aflamark er kveður á um heimild til að veiða tiltekið magn sjávardýra og skal gjaldstofn miðaður við úthlutað aflamark. Gjaldið er ekki endurkræft þó veiðiheimildir verði ekki nýttar.

Fari stjórn veiða á þeim stofnum er 6. gr. tekur til fram þannig að veiðiheimildum er ekki skipt á milli skipa skal gjald skv. 4. mgr. innheimt árlega eftir á samhliða gjaldi vegna almenns veiðileyfis skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, vegna skipa er hafa það leyfi. Innheimta vegna afla fiskiskipa er ekki hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða fer fram á sama tíma. Skulu ákvæði 4. mgr. gilda um álagningu gjaldsins en gjaldstofn miðast við landaðan afla viðkomandi fiskiskips er veiðar stunda skv. 6. gr. á 12 mánaða tímabili frá 1. ágúst til 31. júlí fyrir upphaf hvers fiskveiðiárs miðað við skráningu aflans í aflaupplýsingakerfi Fiskistofu.

Útgerð skips skal greiða fæði veiðieftirlitsmanna og sjá þeim endurgjaldslaust fyrir aðstöðu meðan þeir stunda eftirlitsstörf um borð.

Sé á grundvelli 1. mgr. ákveðið að tiltekin skip skuli búin staðsetningar- og sendingarbúnaði sem veitir sjálfvirkt upplýsingar um staðsetningu þeirra til stöðvar í landi skulu viðkomandi útgerðir greiða kostnað sem af slíku eftirliti hlýst, þ.m.t. hlutdeild í yfirstjórn.

Þá skulu íslensk skip er stunda veiðar utan lögsögu Íslands fullnægja öllum sömu ákvæðum um skil á aflaskýrslum og gilda um veiðar innan lögsögunnar. Að auki skal ráðherra með reglugerð gera íslenskum skipum að fullnægja ákvæðum samninga sem Ísland er aðili að um tilkynningaskyldu og upplýsingagjöf til erlendra stjórnvalda eða alþjóðastofnana.

9. gr.

Íslensk lög og reglur settar samkvæmt þeim varðandi hreinlæti, búnað og innra eftirlit sem og um meðferð og nýtingu afla, sem gilda um veiðar íslenskra skipa innan lögsögu Íslands, skulu jafnframt gilda um veiðar þeirra utan hennar. Ráðherra er þó heimilt að veita undanþágur varðandi aflanýtingu við veiðar utan lögsögunnar ef fjarlægð frá landi, lengd veiðiferða eða aðrar aðstæður gera slíkt nauðsynlegt.

II. KAFLI
Fiskveiðar erlendra skipa.

10. gr.

Óheimilt er að landa afla erlendra fiskiskipa í íslenskum höfnum ef veiðarnar brjóta í bága við samninga um nýtingu og varðveislu lifandi auðlinda hafsins sem Ísland er aðili að. Í þessum tilvikum er viðkomandi skipum einnig óheimilt að sækja hvers konar þjónustu til íslenskra hafna. Þessar takmarkanir koma til viðbótar ákvæðum 3. gr. laga um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands.

Þá getur ráðherra ákveðið að 1. mgr. skuli beitt gagnvart skipum ef ætla má vegna veiða þeirra úr tilteknum stofni að slíkt sé nauðsynlegt til verndunar lifandi auðlinda hafsins eða ef viðkomandi skip er skráð undir hentifána og ætla má að það sé gert til að forðast stjórnun fiskveiða á viðkomandi hafsvæði.

Ákvæði þessarar greinar takmarka ekki rétt erlendra skipa til löndunar eða þjónustu hér á landi samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að eða gildandi þjóðarétti. Þá skerða ákvæðin ekki rétt erlendra skipa til að koma til hafna þurfi þau á neyðarþjónustu að halda.

11. gr.

Íslenskum stjórnvöldum er heimilt að gera aðrar þær ráðstafanir gagnvart erlendum skipum vegna veiða þeirra á úthafinu sem nauðsynlegar eru til að framfylgja samningum sem Ísland er aðili að.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

12. gr.

Hafi íslensk stjórnvöld á grundvelli milliríkjasamnings veitt heimild til þess að eftirlitsaðilar erlends ríkis, fari til eftirlitsstarfa um borð í íslensk fiskiskip utan lögsögu Íslands skal ráðherra með reglugerð kveða nánar á um eftirlit þetta.

Í reglugerðinni skal m.a. kveða á um heimildir eftirlitsaðilanna til þess að rannsaka meint brot gegn veiðistjórnunarreglum á viðkomandi hafsvæði og um réttarvernd þeirra í samræmi við viðkomandi samning. Einnig skal kveðið á um skyldur skipverja á íslenskum skipum m.a. til þess að ljá atbeina sinn við eftirlitið þegar uppganga fer fram.

13. gr.

Beita skal ákvæðum laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla vegna brota gegn lögum þessum eftir því sem við á.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum, reglugerðum og reglum settum samkvæmt þeim eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum eða varðhaldi og sviptingu afla og veiðarfæra nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Um mál er rísa út af brotum gegn lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

15. gr.

Ráðherra kveður nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 34/1976, um veiðar íslenskra skipa utan efnahagslögsögu Íslands.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 4. og 6. mgr. 8. gr. skal ráðherra ákveða veiðieftirlitsgjaldið fyrir 1. júní 1996 og við innheimtu gjaldsins í fyrsta sinn 1. september 1996 skal miða innheimtuna við landaðan afla viðkomandi fiskiskips á tveggja mánaða tímabili frá 1. júní 1996 til 31. júlí 1996.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almennar athugasemdir.

Frumvarp þetta fjallar um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

Núgildandi lög um þetta efni eru lög um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 34/1976. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. þeirra laga setur sjávarútvegsráðherra með reglugerð þær reglur um slíkar veiðar sem nauðsynlegar þykja til þess að framfylgt verði ákvæðum alþjóðasamninga sem Ísland gerist aðili að eða samninga sem gerðir eru milli íslenskra og erlendra stjórnvalda. Reglugerð nr. 676/1995, sem og reglugerð nr. 471/1994, sem hún leysti af hólmi, er sett á grundvelli þessa ákvæðis. Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laganna er ráðherra heimilt að setja aðrar nauðsynlegar reglur um veiðar utan lögsögu Íslands, m.a. til samræmingar við reglur þær er gilda um veiðar innan lögsögunnar. Á grundvelli þessa ákvæðis hafa verið settar reglugerðir um möskvastærðir. Í 2. gr. laganna er loks tekið fram að brot gegn reglum settum samkvæmt lögunum varði sektum og upptöku afla og veiðarfæra.

Þar sem miklar breytingar hafa átt sér stað í úthafsveiðimálum síðan framangreind lög öðluðust gildi var orðin brýn þörf á endurskoðun þeirra. Veiðar á úthafinu hafa færst mjög í vöxt á síðustu árum, bæði af hálfu Íslendinga og annarra þjóða. Slíkar veiðar eru því orðnar miklu brýnna hagsmunamál en fyrirsjáanlegt var árið 1976.

Ljóst er að hin aukna sókn í fiskimiðin á úthafinu hefur leitt til ofveiði þar víða um heim. Þjóðir heims hafa í vaxandi mæli gert sér grein fyrir því að koma verður í veg fyrir stjórnlausar fiskveiðar á úthafinu. Allar þær deilur, sem sprottið hafa á undanförnum árum um fiskveiðar á úthafinu, hafa og fært mönnum heim sanninn um nauðsyn bindandi samkomulags. Hin mikla aukning í úthafsveiðum hefur leitt til örrar þróunar í hafréttarmálum.

Með hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna frá 1982 voru settar ítarlegar reglur um landhelgina, efnahagslögsöguna og landgrunnið. Hins vegar má segja með nokkrum rétti að úthafið hafi verið skilið eftir. Áfram var fylgt þeirri hefðbundnu meginreglu þjóðaréttar að veiðar á úthafinu væru öllum ríkjum frjálsar. Þær reglur, sem settar voru um verndun fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim á úthafinu og takmarka áttu þetta frelsi, voru of almenns eðlis til að geta þjónað tilgangi sínum og þörfnuðust nánari útfærslu.

Það var hlutverk úthafsveiðiráðstefnu Sameinuðu þjóðanna að útfæra nánar ákvæði hafréttarsamningsins um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna, stjórnun veiða úr þeim og hrinda þeim í framkvæmd. Samkomulag varð um að kalla ráðstefnuna saman á umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í júní 1992. Úthafsveiðiráðstefnunni lauk hinn 4. ágúst 1995 með því að 112 ríki auk Evrópusambandsins samþykktu samhljóða bindandi alþjóðasamning um veiðar á úthafinu. Samningurinn liggur frammi til undirritunar í eitt ár frá og með 4. desember 1995 og var Ísland í hópi þeirra ríkja sem undirrituðu hann þann dag. Hann mun öðlast gildi 30 dögum eftir að 30 ríki hafa tilkynnt um fullgildingu hans. Rétt heiti samningsins er samningur um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim, en hann hefur almennt gengið undir nafninu úthafsveiðisamningurinn, enda fjallar hann fyrst og fremst um stjórnun veiða úr þessum stofnum á úthafinu. Langflestir þeirra fiskstofna, sem veitt er úr á úthafinu, teljast annaðhvort deilistofnar, þ.e. stofnar sem halda sig bæði innan og utan lögsögu ríkja, eða víðförulir fiskstofnar og falla því undir samninginn. Sem dæmi um deilistofna má nefna norsk-íslenska síldarstofninn, þorskstofninn í Barentshafi, úthafskarfann á Reykjanes-

hrygg og íslenska loðnustofninn. Helstir víðförulla fiskstofna eru túnfiskstofnar víðs vegar í heiminum.

Yfirlýst markmið úthafsveiðisamningsins er að tryggja langtímaverndun og sjálfbæra nýtingu deilistofna og víðförulla fiskstofna. Segja má að samningurinn byggist á eftirfarandi fimm meginþáttum:

Fyrsti meginþátturinn eru þær reglur sem verndun stofnanna og stjórnun veiða úr þeim skulu byggð á. Hér er annars vegar um að ræða almennar reglur, m.a. þá að verndunar- og stjórnunarráðstafanir skuli byggðar á bestu vísindalegu niðurstöðum sem tiltækar eru, og hins vegar ákvæði um varúðarleiðina, en þar er m.a. gert ráð fyrir því að ríki skuli sýna sérstaka varúð þegar upplýsingar um viðkomandi stofn eru óvissar eða ónógar.

Annar meginþáttur úthafsveiðisamningsins eru reglur hans um samstarf ríkja. Þar er gert ráð fyrir því að strandríki og úthafsveiðiríki starfi saman á vettvangi svæðisbundinna veiðistjórnarstofnana að verndun áðurnefndra stofna og stjórnun veiða úr þeim. Skulu ríkin m.a. ákvarða leyfilegan heildarafla úr stofnum, úthluta kvótum til einstakra ríkja og setja reglur um veiðar og veiðarfæri og um eftirlit með veiðunum.

Þriðji meginþátturinn, sem samningurinn byggist á, er ákvæði hans um að verndunar- og stjórnunarráðstafanir fyrir úthafið annars vegar og efnahagslögsögu ríkja hins vegar skuli vera samrýmanlegar. Sem dæmi um slíkar ráðstafanir má nefna ákvörðun um skiptingu leyfilegs heildarafla úr stofni á milli úthafssvæðis annars vegar og lögsögu ríkja hins vegar.

Fjórði meginþáttur úthafsveiðisamningsins eru ákvæði hans um eftirlit og framkvæmdarvald. Þeirri meginreglu þjóðaréttarins er fylgt að eftirlit með því að fiskiskip virði verndunar- og stjórnunarreglur á úthafinu og að þeim sé framfylgt, sé fyrst og fremst í höndum fánaríkisins, þ.e. þess ríkis sem skipið er skráð í. Samningurinn leggur þá skyldu á herðar fánaríkinu að það stjórni veiðum skipa sinna á úthafinu með því að leyfisbinda þær og að það banni þeim skipum að stunda veiðar sem ekki hafa tilskilin leyfi. Hins vegar er gert ráð fyrir því að öll aðildarríki samningsins, sem eru aðilar að svæðisstofnun, hafi rétt til að hafa eftirlit með fiskiskipum annarra aðildarríkja samningsins á því úthafssvæði sem stofnunin nær til og jafnframt til að fara með framkvæmdarvaldið gagnvart þeim sinni fánaríkið ekki skyldu sinni í því efni. Loks gerir samningurinn ráð fyrir því að hafnríki fari með hefðbundið eftirlitsvald samkvæmt þjóðarétti og að þeim sé einnig heimilt að setja lög sem geri stjórnvöldum þeirra kleift að banna löndun á afla sem veiddur hefur verið í trássi við gildandi verndunar- og stjórnunarreglur.

Fimmti og síðasti meginþáttur samningsins eru ákvæði hans um friðsamlega lausn deilumála. Sú leið er farin að láta ákvæði hafréttarsamningsins um skyldubundna og bindandi lausn deilumála gilda um deilur milli aðildarríkja úthafsveiðisamningsins.

Á undanförnum árum hefur á vegum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAO, verið unnið að gerð bálks um ábyrgar fiskveiðar. Samkomulag um endanlegan texta hans náðist haustið 1995 og var bálkurinn samþykktur af aðildarríkjum FAO á ársfundi stofnunarinnar í október 1995. Bálkurinn samanstendur af almennum reglum og nokkrum undirköflum. Þar er m.a. að finna reglur um fiskveiðistjórnun, framkvæmd fiskveiða og vísindarannsóknir. Einnig er svonefndur samningur um skyldur fánaríkja hluti af bálkinum. Efnisatriði bálksins eru í samræmi við ákvæði hafréttarsamningsins og úthafsveiðisamningsins. Ólíkt því sem gildir um úthafsveiðisamninginn er bálkur FAO um ábyrgar fiskveiðar ekki bindandi. Hins vegar má gera ráð fyrir að hann geti haft áhrif á þróun mála. Þannig munu ríki, sem eiga í fiskveiðideilum, ef að líkum lætur vitna til ákvæða bálksins og dómstólar líta til hans við úrlausn deilumála.

Á árinu 1993 skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd til að endurskoða lög um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands. Var Geir H. Haarde alþingismaður skipaður formaður nefndarinnar en auk hans voru skipuð í nefndina alþingismennirnir Halldór Ásgrímsson, Matthías Bjarnason, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Rannveig Guðmundsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon, Arnar Sigurmundsson, formaður Samtaka fiskvinnslustöðva, Guðjón A. Kristjánsson, forseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Óskar Vigfússon, formaður Sjómannasambands Íslands og Kristján Ragnarsson, formaður Landssambands íslenskra útvegsmanna. Með bréfi dagsettu 5. júlí 1995 voru gerðar þær breytingar á skipan nefndarinnar að Halldóri Ásgrímssyni, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur og Matthíasi Bjarnasyni var veitt lausn frá störfum en alþingismennirnir Einar Oddur Kristjánsson, Guðný Guðbjörnsdóttir, Stefán Guðmundsson og Ágúst Einarsson voru skipuð í nefndina. Svanfríður Jónasdóttir, alþingismaður hefur setið í nefndinni í stað Ágústs Einarssonar að nokkru leyti. Árni Kolbeinsson, ráðuneytisstjóri hefur verið ritari nefndarinnar. Þá hefur Arnór Halldórsson lögfræðingur starfað með nefndinni.

Nefndin lauk störfum 7. maí sl. og er skilabréf nefndarinnar svohljóðandi:

„Hr. sjávarútvegsráðherra
Þorsteinn Pálsson
Sjávarútvegsráðuneytinu
Skúlagötu 4
Reykjavík

Með bréfi 23. september 1993 skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd til að endurskoða lög um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands. Í nefndina voru skipaðir þingmenn úr öllum þinglokkum sem og fulltrúar sjómannasamtaka og stærstu hagsmunasamtaka í sjávarútvegi. Nokkrar mannabreytingar hafa orðið í nefndinni á starfstímanum. Nefndin hefur haldið samtals 37 fundi.

Snemma í nefndarstarfinu var ákveðið að bíða niðurstöðu úthafsveiðiráðstefnu Sameinuðu þjóðanna áður en samið yrði nýtt lagafrumvarp. Þeirri ráðstefnu lauk með samkomulagi um nýjan alþjóðlegan samning í ágúst sl. og hefur nefndin unnið að frumvarpsgerðinni undanfarna mánuði. Á starfstíma nefndarinnar hefur hún jafnframt verið gagnlegur samráðsvettvangur þingflokka og hagsmunaaðila um úthafsveiðimál og samningaviðræður við erlend ríki um þau efni. Hefur samstarf nefndarmanna um þessu mikilvægu málefni verið með ágætum.

Með bréfi þessu fylgja drög að frumvarpi til laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands ásamt greinargerð. Ekki er í nefndinni samkomulag um öll atriði málsins og hafa einstakir nefndarmenn fyrirvara, ýmist um frumvarpið í heild eða einstakar greinar þess. Hér er ekki farin sú leið að tíunda fyrirvara einstakra nefndarmanna, en þeir nefndarmanna sem þess óska munu koma sínum fyrirvörum á framfæri sérstaklega. Það er mat mitt sem formanns nefndarinnar að hjálögð drög endurspegli þær skoðanir sem mestan stuðning hafa í nefndinni. Ekki er líklegt að frekara nefndarstarf á þessum vettvangi leiði til breiðara samkomulags um einstök atriði. Eðlilegt er því að Alþingi fái málið til meðferðar og nánari úrvinnsla fari fram á vegum þess.

Lít ég svo á nefndin hafi skilað því verkefni sem henni var falið og er störfum hennar því lokið.

Virðingarfyllst,

(sign)
Geir H. Haarde
formaður"

Frumvarp þetta er samhljóða þeim drögum er fylgdu skilabréfi nefndarinnar. Skiptist það í þrjá meginkafla. Í fyrsta kafla er fjallað um fiskveiðar íslenskra skipa, einkum um það hvernig veiðiheimildum úr viðkomandi stofnum verði skipt á milli skipanna og um eftirlit með veiðunum. Í öðrum kafla er fjallað um fiskveiðar erlendra skipa, m.a. um það hvernig bregðast skuli við brotum slíkra skipa á reglum um auðlindastjórnun. Þriðji kafli geymir ýmis ákvæði, svo sem reglur um uppgöngu erlendra eftirlitsaðila á íslensk skip, refsiákvæði og ákvæði um gildistöku.

Frumvarpið byggir að miklu leyti, þar sem við getur átt, á þeim meginsjónarmiðum sem gilt hafa um stjórn fiskveiða innan efnahagslögsögu Íslands hin síðari ár. Þar sem í núgildandi lögum um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 34/1976, er gert ráð fyrir því að ráðherra geti sett þær reglur sem honum þykir þurfa, svo sem til samræmingar við reglur í fiskveiðilandhelgi Íslands er því, að þessu leyti, ekki um neina byltingu að ræða.

Hins vegar er með frumvarpinu fyrst og fremst leitast við að skilgreina, með ítarlegri hætti en gert er í gildandi lögum, heimildir ráðherra til að setja reglur. Í núgildandi lögum eru þær heimildir lítt skilgreindar.

Sérstaklega er vert að nefna að frumvarpið gerir ráð fyrir að í vissum tilvikum verði skip sem haldið er til veiða á úthafinu að hafa til þess sérstakt leyfi, líkt og er um veiðar innan lögsögunnar. Er þetta breyting frá þeirri framkvæmd sem að mestu hefur verið viðhöfð varðandi veiðar íslenskra skipa utan íslenskrar lögsögu. Vísast um nánari skýringu á þessu til athugasemda við 4. gr. frumvarpsins.

Einnig er rétt að nefna að í frumvarpinu er með ítarlegum hætti gerð grein fyrir heimildum til veiðieftirlits á úthafinu af hálfu Fiskistofu, Landhelgisgæslu Íslands og eftirlitsaðila erlendra ríkja. Til þessa hafa lagaheimildir til þess að koma á veiðieftirliti á úthafinu verið afar almenns eðlis. Í lögum nr. 34/1976 er að vísu ákvæði sem heimilar ráðherra að setja reglur sem nauðsynlegar þykja til þess að framfylgt verði ákvæðum alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að og hefur á grundvelli þessa ákvæðis verið sett reglugerðarákvæði um þetta atriði. Þegar alþjóðasamningi viki ekki við yrði ráðherra að styðja sig við enn almennari heimild í nefndum lögum stæði vilji íslenskra stjórnvalda til þess að koma á eftirliti á úthafinu. Þar sem kostnaður fylgir slíku eftirliti er óhjákvæmilegt að heimildir verði skýrari í þessum efnum en fram að þessu. Rétt þykir að kveðið sé í lögum á um hvernig heimildum erlendra eftirlitsaðila til þess að hafa eftirlit með veiðum íslenskra skipa skuli háttað þar sem í slíkum heimildum kann að felast takmörkun á sérlögsögu Íslands yfir viðkomandi skipum.

Nauðsynlegt þykir að kveða sérstaklega á um heimildir Landhelgisgæslu Íslands til þess að stunda veiðieftirlit á úthafinu þar sem núgildandi löggjöf um hana tekur mið af þörfum slíks eftirlits hér við land en ekki utan íslensku lögsögunnar. Er því gert ráð fyrir að í kjölfar þessa frumvarps verði flutt frumvarp til breytinga á lögum nr. 25/1967, um Landhelgisgæslu Íslands, þar að lútandi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, taka skv. 2. gr. þeirra til veiða í íslenskri fiskveiðilandhelgi, þ.e. á hafsvæðinu frá fjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands eins og hún er skilgreind í lögum nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Þessum lögum er hins vegar ætlað að taka til veiða utan þessa svæðis hvort sem er á úthafinu, sbr. 86. gr. hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna, í lögsögu annarra ríkja eða í lögsögu samkvæmt sérstökum samningi, enda þótt réttarstaðan sé að sjálfsögðu mjög mismunandi á þessum svæðum. Þá er lögunum ætlað að gilda um nýtingu lífvera á hafsbotni hvort sem er á landgrunni Íslands utan lögsögunnar eða á öðrum svæðum utan hennar. Þótt gildissvið laga þessara sé takmarkað eins og að ofan greinir er ljóst að þau geta í sumum tilvikum haft áhrif innan lögsögunnar, sbr. t.d. 6. mgr. 5. gr. og 7. mgr. 6. gr.

Skilgreining á því hvað teljist veiðar er byggð á sama grunni og í lögum nr. 38/1990. Þó er hér valin sú leið að skilgreina í sjálfum lögunum hugtakið veiðar. Hér er þó ekki á ferðinni efnisleg breyting frá fyrr nefndum lögum svo sem ráða má af efni þeirra. Þótt orðið veiðar sé ekki vel fallið til þess að lýsa tekju sjávargróðurs er það, til einföldunar, engu að síður látið ná til slíkra athafna fari svo að til slíkrar nýtingar sé stofnað utan íslenskrar lögsögu. Nýting lífvera á hafsbotni á landgrunni Íslands sem og annars staðar utan íslenskrar lögsögu fellur undir lögin. Þá er ljóst að föngun lifandi dýra fellur undir lögin.

Um 2. gr.

Til samræmis við ákvæði 3. málsl. 1. gr. laga nr. 38/1990 þykir rétt að hafa skýrt ákvæði um eignarrétt og forræði yfir veiðiheimildum, sem til úthlutunar koma samkvæmt lögum þessum. Með því er ætlunin að koma í veg fyrir stjórnarskrárvarið forræði einstakra aðila yfir auðlindinni. Það er íslenska ríkið, en ekki einstakir þegnar þess eða fyrirtæki, sem ber skyldur gagnvart öðrum ríkjum vegna veiða á úthafinu.

Um 3. gr.

Með þessu ákvæði er lagt til að ráðherra sé falið að setja reglur til að fullnægja þeirri almennu hafréttarskyldu Íslands að vernda lifandi auðlindir hafsins. Að því er varðar úthafið kemur þessi skylda fram í 2. kafla VII. hluta hafréttarsamningsins og er nánar útfærð í úthafsveiðisamningnum, einkum II. hluta hans. Hér er um sjálfstæða skyldu Íslands að ræða án þess að til þurfi að koma frekari skuldbindingar samkvæmt öðrum samningum en þeim sem hér eru nefndir.

Um 4. gr.

Með ákvæði 1. mgr. er mótuð sú meginstefna að öllum íslenskum skipum er heimilt að stunda veiðar utan lögsögu Íslands og að takmarkanir á slíkum veiðum verði að eiga sér stoð í lögum eða reglum settum með stoð í þeim.

Í 2. mgr. eru nefnd þrjú tilvik þar sem ráðherra er skylt að leyfisbinda veiðar íslenskra skipa á úthafinu:

Í fyrsta lagi ef það er nauðsynlegt vegna alþjóðlegra samningsskuldbindinga Íslands. Sem dæmi um slíkt má nefna skuldbindingar sem samið hefur verið um innan þeirra fiskveiðistofnana sem Ísland er aðili að, samninga sem gerðir hafa verið við einstök ríki og fjölþjóðlega samninga. Í þessu sambandi er rétt að benda á að í úthafsveiðisamningnum

er í b-lið ii) 3. tölul. 18. gr. sérstaklega tekið fram að ríki skuli banna skipum veiðar á úthafinu hafi þau ekki tilskilin leyfi eða ef veiðar þeirra samrýmast ekki skilmálum og skilyrðum leyfis eða heimildar. Öðlist úthafsveiðisamningurinn gildi gagnvart Íslandi er ráðherra þar með skylt að leyfisbinda allar veiðar á úthafinu. Þess má þar að auki geta að samkvæmt reglu 7.2.2. bálks Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAO, um ábyrgar fiskveiðar er ríkjum uppálagt að tryggja að engin fiskiskip er sigla undir fána þeirra stundi veiðar á úthafinu eða í lögsögu annarra ríkja án leyfis þar til bærra yfirvalda.

Í öðru lagi ef það er nauðsynlegt til þess að fullnægja almennum ákvörðunum sem teknar eru með stoð í 3. gr. Vísast til athugasemda um 3. gr. í þessu sambandi.

Í þriðja lagi ef það er nauðsynlegt til þess að vernda hagsmuni Íslands að því er varðar fiskstofna sem veiðast bæði innan og utan íslensku lögsögunnar. Í þessu sambandi skal bent á að nauðsynlegt kann að vera fyrir íslensk stjórnvöld að sýna frumkvæði í verndaraðgerðum hvað varðar viðkomandi stofna, enda þótt ekki sé á þeirri stundu sýnt fram á að slíkra aðgerða sé þörf til þess að fullnægja skyldum Íslands til verndunar lifandi auðlindum hafsins. Skoða ber þetta ákvæði m.a. í ljósi 116. gr. hafréttarsamningsins en samkvæmt henni er heimild ríkja til að láta ríkisborgara sína stunda veiðar á úthafinu háð því að réttindi, skyldur og hagsmuni strandríkja séu virt. Einnig er vert að geta þess að í 7. gr. úthafsveiðisamningsins er byggt á því að verndunar- og stjórnunarreglur, sem samþykktar eru fyrir úthafið annars vegar og þær sem ákveðnar eru fyrir innlenda lögsögu hins vegar, skuli vera samþýðanlegar. Ákvæði sama efnis er í 5. gr. samnings um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi sem Ísland er aðili að.

Sérstaklega er tekið fram í 2. málsl. 2. mgr. að viðkomandi veiðileyfi skuli bundin þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru.

Í lokamálsl. 2. mgr. er kveðið á um að ekki megi veita öðrum skipum leyfi skv. 4. gr. en þeim sem fullnægja skilyrðum til að stunda veiðar í efnahagslögsögu Íslands.

Sé um að ræða stofna sem veiðast bæði innan íslenskrar lögsögu og í lögsögu annarra ríkja myndu takmarkalitlar eða óheftar veiðar innan lögsögu þeirra ríkja gera verndunaraðgerðir innan íslensku lögsögunnar hvað þá stofna varðar marklitlar. Í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 13/1992, um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands, er að finna ákvæði um aðgerðir til þess að sporna við slíkum veiðum erlendra skipa auk þess sem ákvæði 10. gr. þessa frumvarps hnígur í sömu átt. Með ákvæði 3. mgr. er ætlunin að tryggja að stjórnun veiða íslenskra skipa úr þessum stofnum verði á hendi íslenskra stjórnvalda að því marki sem unnt er.

Svo sem að ofan er getið kveður regla 7.2.2. bálks Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAO, um ábyrgar fiskveiðar á um að ríki skuli sjá til þess að skip sem sigla undir fána þeirra stundi ekki ólöglegar veiðar innan lögsögu annarra ríkja. Sams konar reglu er að finna í b-lið iv) 3. tölul. 18. gr. úthafsveiðisamningsins. Í samræmi við þetta er í 5. mgr. kveðið á um að veiðar í lögsögu annarra ríkja án leyfa þar til bærra yfirvalda séu óheimilar. Er þetta nýmæli í íslenskum rétti.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að ákvæði laganna um stjórn fiskveiða gildi eftir því sem við getur átt um veiðar utan íslensku lögsögunnar úr svonefndum deilistofnum, þ.e. stofnum sem veiðast bæði innan og utan lögsögumarkanna. Ákvæði þetta verður að sjálfsögðu að skilja með þeim fyrirvara að samningar við önnur ríki eða ákvarðanir innan svæðisbundinna

stofnana geta sett þessum veiðum sérstakar takmarkanir. Verður að telja mjög æskilegt að samræmd stjórn gildi um veiðar úr slíkum stofnum hvort sem þær fara fram innan eða utan lögsögu. Þannig hefur þessu verið varið með nýtingu loðnustofnsins til þessa. Þar hefur kvóta verið úthlutað til skipa án tillits til þess hvort hann er veiddur innan eða utan lögsögumarka og gilda allar sömu reglur um veiðarnar án tillits til þess hvar þær fara fram, að teknu tilliti til samningsákvæða um tilkynningaskyldu o.fl. Af upphafsorðum 2. mgr. er ljóst að ekki er ætlunin að hrófla við aflahlutdeild skipa sem úthlutað hefur verið fyrir gildistöku laga þessara.

Í 5. gr. er lagt til að mismunandi ákvæði gildi eftir því hvort veiðireynsla er samfelld úr viðkomandi stofni eða ekki. Varðandi fyrra tilvikið er í 2. mgr. fylgt þeirri meginreglu, sem fram kemur í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, að þar sem heildarafli er ákveðinn skuli úthluta tilteknu aflamarki til einstakra skipa á grundvelli veiðireynslu þeirra. Er sérstaklega tekið fram í þessu sambandi hvenær veiðireynsla telst samfelld. Er miðað við að afli íslenskra skipa hafi í a.m.k. þrjú af undangengnum sex almanaksárum svarað til a.m.k. þriðjungs þess sem íslensk stjórnvöld hafa til skipta í umrætt sinn. Er kveðið svo á að aflahlutdeild hvers skips skuli miðast við þrjú bestu veiðitímabil þess. Þegar rætt er um veiðitímabil er átt við þau árlegu tímabil, eða vertíðir, sem viðkomandi veiðar standa venjulega. Þegar ekki er hægt að afmarka slík tímabil sýnist augljóst að miðað sé við fiskveiðiár hafi viðkomandi stofni verið stjórnað með stoð í lögum um stjórn fiskveiða en almanaksár í öðrum tilvikum. Af þessu má ljóst vera að um mismunandi viðmiðunartímabil getur verið að ræða eftir því hvort metin er veiðireynsla einstakra skipa eða metið er hvort veiðireynsla íslenskra skipa telst samfelld úr tilteknum stofni.

Með 3. mgr. er ráðherra veitt heimild til þess að binda úthlutun aflamarks skv. 2. mgr. því skilyrði að viðkomandi skip afsali sér aflaheimildum innan lögsögu Íslands, er svari, reiknað í þorskígildum, til allt að 20% af þeim aflaheimildum sem til skipta koma samkvæmt þeirri málsgrein. Umreikningur veiðiheimilda í þorskígildi er byggður á verðmætastuðlum sem gefnir eru út af sjávarútvegsráðuneytinu með stoð í lögum um stjórn fiskveiða. Til þess að jafnræðis sé gætt skal ráðherra láta þær útgerðir sem ekki geta afsalað sér aflaheimildum innan íslenskrar lögsögu sæta skerðingu á úthlutuðum aflaheimildum skv. 5. gr.

Þegar ekki er um að ræða veiðireynslu sem telst samfelld skal ráðherra skv. 5. mgr. engu að síður ákveða aflahlutdeild einstakra skipa. Er honum þá skylt að taka mið af fyrri veiðum skips meðal annarra atriða. Vísað er til athugasemda við 1. mgr. 6. gr, sem þó eru ekki tæmandi taldar um það hvaða viðmiðun hann getur að öðru leyti lagt til grundvallar úthlutun og hvaða aðferðum hann getur beitt við hana. Sérstaklega er tekið fram í niðurlagsákvæði 5. mgr. að ráðherra geti með sérstakri aðferð úthlutað veiðiheimildum til útgerða þeirra skipa sem láta fyrir þær aðrar veiðiheimildir.

Í 6. mgr. er gert er ráð fyrir að þær aflaheimildir sem útgerðir hafa afsalað af skipum sínum á grundvelli 1. málsl. 3. mgr. og á grundvelli 5. gr. skuli ráðstafað til annarra skipa í hlutfalli við samanlagða aflahlutdeild hvers þeirra.

Eftir að í íslenska fiskiskipaflotann hafa bæst skip, sem ekki hafa leyfi til veiða innan íslensku lögsögunnar, skapast sérstök vandamál varðandi veiðar úr deilistofnum sem grein þessi tekur til. Með ákvæði 7. mgr. er tekinn af vafi um heimildir ráðherra til að veita slíkum skipum leyfi til veiða úr viðkomandi stofni komi til leyfisbindingar veiðanna á grundvelli 2. mgr. 4. gr. Þessi heimild er þó bundin við veiðar utan lögsögunnar.

Jafnframt skulu þessi skip koma til greina við úthlutun aflahlutdeildar hafi þau veiðireynslu úr viðkomandi stofni.

Með ákvæði lokamálsgreinar 5. gr. er ætlunin að veita ráðherra heimild til þess að verðlauna sérstaklega frumkvöðla í veiðum á úthafinu.

Um 6. gr.

Komi tiltekið aflamagn í hlut Íslands við skiptingu veiðiheimilda úr stofni, sem heldur sig alfarið utan íslensku lögsögunnar, eða vegna samninga Íslands um veiðar í lögsögu annars ríkis er nauðsynlegt að kveða á um hvernig slíkum veiðum skuli stjórnað til að tryggt verði að afli íslenskra skipa verði innan umsaminna marka. Um það er fjallað í 1. mgr. Nærtækt er að sú leið verði farin að skipta hlut Íslands milli einstakra skipa, svo sem skylt er að gera í hliðstæðu tilfelli hvað varðar stofna sem um er rætt í 5. gr. Erfitt er að setja fastar reglur um hvaða sjónarmið skuli leggja til grundvallar slíkri skiptingu og verður að taka mið af öllum atvikum. Væri í flestum tilvikum eðlilegt að auglýsa eftir umsóknum og úthluta veiðiheimildum á grundvelli tiltekinna efnislegra viðmiðana, svo sem veiðireynslu og gerðar, búnaðar eða stærðar skips. Oft er þetta þó ógerlegt og yrði þá að láta önnur atriði ráða, jafnvel hlutkesti milli skipa er fullnægja tilteknum kröfum. Sem dæmi um skiptingu af þessu tagi má nefna að Íslendingar hafa í ár m.a. heimild til að veiða 1.000 lestir af makríl í færeyskri lögsögu. Ef áhugi væri mikill á þessum veiðum væri augljóslega erfitt að velja örfá skip úr flota 40–50 nótaskipa til veiðanna. Ákvæði þessarar málsgreinar eiga jafnt við um samninga, sem gerðir hafa verið beint við önnur ríki, og þá samninga, sem gerðir hafa verið á vettvangi viðkomandi svæðisstofnana, t.d. Norðvestur-Atlantshafs-fiskveiðistofnunarinnar (NAFO) og Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC). Ákvæði þetta á að sjálfsögðu einungis við í þeim tilvikum þegar Ísland er bundið af ákvörðun um heildarafla og skiptingu hans.

Um athugasemdir við efni 2.–4. mgr. vísast til athugsemda við 2.–4. mgr. 5. gr. að breyttu breytanda.

Í 5. mgr. er gert ráð fyrir að ráðherra geti ákveðið að hverju skipi sé úthlutað aflahlutdeild með líkum hætti og gert er á grundvelli 2. mgr. 7. gr. laga um stjórn fiskveiða. Er á grundvelli ákvæðisins unnt að úthluta viðkomandi skipum aflahlutdeild til tiltekinna ára eða ótiltekið þar til síðar verður ákveðið að breyta henni.

Um athugasemdir við efni 6.–7. mgr. vísast til athugsemda við 5.–6. mgr. 5. gr. að breyttu breytanda.

Í 8. mgr. er fjallað um það hvernig samningsskyldum Íslands skuli fullnægt þegar stofnum er stjórnað með öðrum hætti en með setningu heildarkvóta. Þær leiðir til sóknartakmörkunar, sem tilgreindar eru í þessari málsgrein, eru aðeins nefndar í dæmaskyni. Með vísan til þessa ákvæðis væri því einnig unnt að takmarka veiðar með því að heimila einungis tiltekna gerð og útbúnað veiðarfæra, binda leyfi við ákveðið form útgerðar o.s.frv. Tveir síðustu málsliðir athugasemda við 1. mgr. eiga hér við að breyttu breytanda.

Ef nauðsynlegt er að takmarka veiðar íslenskra skipa í öðrum tilvikum en þegar hefur verið getið samkvæmt þessari grein til að fullnægja almennum skyldum Íslands til verndunar lifandi auðlindum hafsins, sbr. 3. gr., er ráðherra skv. 9. mgr. heimilt að setja reglur þar að lútandi. Augljóslega þarf sterk rök til að beita takmörkunum í slíkum tilvikum og er því lagt til að leitað sé álits Hafrannsóknastofnunarinnar um nauðsyn þeirra.

Um athugasemdir við lokamálsgrein 6. gr. vísast til athugasemda við lokamálsgrein 5. gr.

Um 7. gr.

Í þessari grein er fjallað um svonefndar tæknilegar fiskverndunaraðgerðir, þ.e. ákvæði um gerð og búnað veiðarfæra, lágmarksmöskvastærð, seiðaskiljur, smáfiskskiljur, leggglugga, lokun veiðisvæða o.s.frv. Er ráðherra falið að setja reglur um þessi atriði öll með það að markmiði að tryggja ábyrgar fiskveiðar. Eðli máls samkvæmt getur löggjafinn ekki lagt línurnar í smáatriðum í þessum efnum heldur verður að framselja ráðherra vald til slíkra ákvarðana til að ná áðurnefndu markmiði. Með 3.–4. málsl. greinarinnar er þó settur ákveðinn rammi um efni þessara reglna. Að sjálfsögðu verða þessar reglur að fullnægja þeim skuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist með samningum við önnur ríki svo sem gert er ráð fyrir í 3. málsl. Ráðherra getur gengið lengra en beinlínis er skylt samkvæmt slíkum samningum, því eðlilegt getur verið að taka mið af reglum sem gilda í íslenskri lögsögu. Er gert ráð fyrir þessu í 4. málsl.

Samkvæmt a–c-lið 2. tölul. 7. gr. úthafsveiðisamningsins skulu aðildarríki hans við ákvörðun ráðstafana til verndunar deilistofnum og víðförulum fiskstofnum og til stjórnunar veiða úr þeim taka tillit til verndunar- og stjórnunarráðstafana vegna sömu stofna, sem ákveðnar hafa verið og beitt er af strandríkjum skv. 61. gr. hafréttarsamningsins, sem áður hafa verið samþykktar og beitt er af viðkomandi strandríkjum og úthafsveiðiríkjum samkvæmt hafréttarsamningnum, og sem áður hafa verið ákveðnar og beitt er af veiðistjórnunarstofnun eða samkvæmt veiðistjórnunarfyrirkomulagi á undirsvæði eða svæði samkvæmt hafréttarsamningnum. Með niðurlagsákvæði 7. gr. er gert ráð fyrir að ráðherra geti fylgt þessum atriðum að mestu leyti. Þegar úthafsveiðisamningurinn tekur gildi gagnvart Íslandi verður ráðherra skylt að taka tillit til allra þessara atriða, sbr. 3. málsl.

Um 8. gr.

Samkvæmt 8. gr. er reiknað með að veiðieftirliti utan íslenskrar lögsögu verði hagað með svipuðum hætti og nú er tíðkað innan hennar. Er beinlínis vísað til gildandi laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, og laga nr. 54/1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum. Sérstaklega er tekið fram í 3. málsl. 1. mgr. að ráðherra geri íslenskum skipum að sæta því eftirliti sem kveðið er á um í samningum sem Ísland er aðili að. Sem dæmi um samning, sem fjallað er um í 3. málsl. 1. mgr., má nefna úthafsveiðisamninginn. Þetta kemur þó ekki í veg fyrir að ráðherra mæli fyrir um eftirlit í reglugerð í öðrum tilfellum. Í þeim tilfellum yrði ráðherra þó að grundvalla framkvæmdina á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 54/1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, eða þeim lögum sem sett kunna að verða þessum lögum til fyllingar eða í stað þeirra.

Er lagt til að í þeim tilfellum þegar gefið verður út leyfi til veiða á úthafinu verði greitt fyrir það leyfi sama gjald og greitt er fyrir leyfi til veiða í atvinnuskyni við Ísland skv. 3. mgr. 18. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Á yfirstandandi fiskveiðiári 1995/96 er gjaldið 12.930 kr. fyrir hvert leyfi.

Samkvæmt þessari grein er lagt til að útgerðir greiði kostnað vegna eftirlits með veiðum úr stofnum er um ræðir í 5. gr. með sama hætti og eftir sömu reglum og gilda um greiðslu eftirlitskostnaðar vegna veiða í lögsögu Íslands. Er lagt til að unnið verði eftir þeirri meginreglu að þær útgerðir sem stunda viðkomandi veiðar séu gjaldskyldar. Skal gjaldið renna til reksturs veiðieftirlits Fiskistofu. Er lagt til að útgerðir greiði sams konar veiðieftirlitsgjald þ. m. t. gjaldstofn og gjaldstig og útgerðir greiða vegna eftirlits með veiðum skv. gildandi lögum um stjórn fiskveiða. Samkvæmt þeim lögum greiða útgerð-

ir fiskiskipa sem hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni sérstakt gjald — veiðieftirlitsgjald — fyrir tilkynningu um aflamark sem kveður á um heimild til að veiða tiltekið magn sjávardýra. Á yfirstandandi fiskveiðiári greiða útgerðir fiskiskipa 139 kr. á hvert þorskígildistonn í gjald fyrir aflamarkstilkynningu sem jafngildir 0,139 kr. á kg. Gjaldið má aldrei vera hærra en sem nemur 0,4% af áætluðu verðmæti þess afla sem aflamark skips heimilar veiðar á á viðkomandi fiskveiðiári, vertíð eða veiðitímabili. Gjaldstig gildandi gjalds vegna tilkynningar um aflamark er því langt innan heimilaðra marka.

Útgerðir skipa sem stunda veiðar á úthafinu á grundvelli 6. gr. skulu einnig greiða sérstakt gjald vegna eftirlits með veiðum skipanna. Skal gjaldið miðað við að það standi undir kostnaði Fiskistofu við eftirlit með veiðum úr hverjum stofni fyrir sig. Með kostnaði veiðieftirlits Fiskistofu í þessu sambandi er átt við kostnað af starfsmannahaldi er tengist eftirlitinu, ferðakostnað, eðlilegan rekstrarkostnað eins og hann er venjulega skilgreindur þ. m. t. rekstur tölvukerfa og yfirstjórn. Skal ráðherra fyrir upphaf hvers fiskveiðiárs, vertíðar eða veiðitímabils gera rökstudda kostnaðaráætlun vegna eftirlits með veiðum úr hverjum stofni fyrir sig. Er gert ráð fyrir að veiðieftirlit verði með hefðbundnum hætti nema ef milliríkjasamningar kveða á um annað eins og t.d. að um borð í hverju veiðiskipi skuli vera eftirlitsmenn. Skal reikna út fjárhæð eftirlitskostnaðar á hvert tonn afla viðkomandi stofns og er sú fjárhæð það veiðieftirlitsgjald sem útgerðir fiskiskipa greiða á hvert tonn afla eða aflaheimilda. Rennur gjaldið til að standa undir veiðieftirliti vegna viðkomandi stofns. Þó skal gjaldið aldrei vera hærra en 1% af áætluðu aflaverðmæti þess afla sem aflamark heimilar veiðar á eða fiskiskip veiðir í þeim tilfellum að aflaheimildum sé ekki skipt milli fiskiskipa. Frá þessu má þó víkja í því tilfelli að á grundvelli milliríkjasamnings hafi verið ákveðið víðtækara eftirlit þannig að sérstakur veiðieftirlitsmaður dvelji um borð í veiðiskipi á meðan á veiðum stendur. Í því tilfelli má veiðieftirlitsgjaldið ekki vera hærra en 3% af áætluðu aflaverðmæti vegna veiða skips úr viðkomandi stofni. Þetta er lagt til þar sem eftirlit sem fram fer með slíkum hætti er miklu kostnaðarsamara en hefðbundið eftirlit. Það er því lagt til að unnt verði að leggja þann kostnaði á þau veiðiskip sem stunda veiðar á svæðum þar sem samið hefur verið um svo umfangsmikið eftirlit með veiðunum. Í Bandaríkjunum og Kanada er hefð fyrir slíku eftirliti og má gera ráð fyrir að þegar um verður að ræða stofna sem halda sig á alþjóðahafsvæðum í nágrenni þeirra ríkja verði þeirri kröfu fylgt fast eftir af hálfu þeirra. Þess má geta að samkvæmt samþykktum sem gerðir voru á vegum NAFO í september sl. er kveðið á um að veiðieftirlit á Flæmingjagrunni árin 1996 og 1997 verði m.a. með þeim hætti að veiðieftirlitsmaður verði um borð í hverju veiðiskipi til að fylgjast með veiðum skipsins. Þess vegna er lagt til að ráðherra hafi heimild til að ákvarða hærra veiðieftirlitsgjald í þeim tilfellum þegar veiðieftirlitsmaður dvelur um borð í fiskiskipi til eftirlits á grundvelli alþjóðasamninga. Eins og áður sagði eru í frumvarpinu lagðar skorður við því hversu hátt hlutfall af aflaverðmæti hvers stofns ráðherra hefur heimild til að innheimta í veiðieftirlitsgjald. Er lagt til að ráðherra áætli fyrir fram aflaverðmæti viðkomandi stofns á grundvelli bestu fáanlegra upplýsinga og skal hann í því sambandi leggja til grundvallar verð sem fiskkaupendur greiða fyrir sama eða sambærilegan afla íslenskra skipa eftir því sem unnt er. Þá er gert ráð fyrir því að veiðieftirlitsgjaldið verði innheimt fyrir fram í þeim tilfellum að veiðum verði stjórnað með úthlutun veiðiheimilda. Í þeim tilfellum sem veiðum er stjórnað með öðrum hætti er lagt til að gjaldið verði innheimt eftir á og taki mið af lönduðum afla viðkomandi fiskiskips á 12 mánaða tímabili frá 1. ágúst til 31. júlí fyrir upphaf hvers fiskveiðiárs.

Um 9. gr.

Það leiðir af almennum reglum að ákvæði íslenskra laga ná til íslenskra skipa án tillits til þess hvar þau eru stödd, t.d. varðandi búnað skips og öryggi og aðbúnað áhafnar. Í þessari grein er þessi meginregla áréttuð varðandi meðferð afla um borð í íslenskum fiskiskipum. Jafnframt er heimilað að veita undanþágur varðandi aflanýtingu ef aðstæður krefjast.

Um 10. gr.

Í 3. gr. laga nr. 13/1992, um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands, er kveðið á um að bannað sé að landa hérlendis afla úr skipum sem veiddur er úr nytjastofnum, sem veiðist bæði innan og utan íslenskrar lögsögu, hafi ekki verið gerður samningur um nýtingu stofnsins við stjórnvöld hlutaðeigandi ríkis. Með þessari grein er lagt til að hliðstætt bann gildi ef veiðar brjóta í bága við samninga sem Ísland er aðili að, enda þótt ekki sé um að ræða íslenskan deilistofn. Samkvæmt orðalagi 1. málsl. skiptir ekki máli hvernig viðkomandi afla er komið til Íslands eða hvort viðkomandi skip er að landa eigin afla annarra skipa. Afli sem umskipað hefur verið um borð í annað skip, þar á meðal íslenskt skip gæti því fallið undir ákvæðið.

Þá er í 2. mgr. opnuð heimild til ráðherra til að banna landanir og þjónustu við erlend skip í enn ríkara mæli. Samkvæmt 1. tölul. 23. gr. úthafsveiðisamningsins er ríkjum ekki einungis heimilt að beita hafnríkislögsögu sinni til þess að stuðla að virkni alþjóðlegra verndunar- og stjórnunarráðstafana, heldur er þeim það og skylt. Sá fyrirvari er gerður að aðgerðirnar séu í samræmi við alþjóðalög. Ætlunin með 2. mgr. er að veita ráðherra skýra lagaheimild til að beita hafnríkislögsögunni. Beiting þess ákvæðis getur þó verið vandmeðfarin, þar sem oft kann að orka tvímælis hver sé alþjóðaréttur í þessu sambandi. Með 3. mgr. er ætlunin að koma í veg fyrir að ráðherra verði skyldugur til þess að grípa til aðgerða sem beinlínis brjóta í bága við skuldbindingar Íslands að þjóðarétti.

Um 11. gr.

Með 11. gr. er mælt fyrir um lagagrundvöll fyrir íslensk stjórnvöld til þess að gera aðrar ráðstafanir gagnvart erlendum skipum en um getur í 10. gr. vegna veiða þeirra á úthafinu sé slíkt nauðsynlegt til að framfylgja samningum sem Ísland er aðili að. Má hugsa sér að með vísan í þessa grein geti íslensk stjórnvöld tekið þátt í ýmis konar samræmdum aðgerðum ríkja til þess að tryggja virkt eftirlit með úthafsveiðum eða beitt sér fyrir sérstökum aðgerðum gegn lögbrjótum. Að sjálfsögðu verður að gera þá kröfu að slíkar aðgerðir séu í samræmi við þjóðarétt. Að öðru leyti þarfnast grein þessi ekki skýringar.

Um 12. gr.

Í úthafsveiðisamningnum og reglum ýmissa svæðisstofnana er gert ráð fyrir því að önnur ríki en fánaríki geti haft eftirlit með því að fiskiskip virði viðkomandi verndunar- og stjórnunarreglur og geti jafnframt í vissum kringumstæðum farið með framkvæmdarvald gagnvart þeim. Er með ákvæði þessarar greinar ætlunin að veita íslenskum stjórnvöldum heimild til þess að kveða með reglugerð á um eftirlit erlendra aðila um borð í íslenskum fiskiskipum og um réttarstöðu íslenskra og erlendra aðila í þessum tilvikum.

Um 13.–16. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða

Með ákvæði til bráðabirgða er lagt til að veiðieftirlitsgjald sem lagt verður á skv. 8. gr. vegna veiða á úthafi í þeim tilfellum að veiðiheimildum er ekki skipt á milli skipa komi í fyrsta sinn til innheimtu 1. september 1996. Í því tilviki er gert ráð fyrir að miðað verði við afla landaðan á tímabilinu 1. júní til 31. júlí 1996. Fyrir liggur að kostnaðarsamt eftirlit fer nú fram með veiðum skipa á Flæmingjagrunni. Er eftirlitið til komið vegna samnings sem gerður var á vegum NAFO í október sl., sbr. athugasemdir um 8. gr. frumvarps þessa, og er eftirlitsmaður um borð í hverju veiðiskipi sem stundar þar veiðar í samræmi við ákvæði samningsins. Samkvæmt upplýsingum Fiskistofu má gera ráð fyrir að beinn kostnaður stofunnar af veiðieftirliti vegna þessa samnings á tímabilinu janúar til maí 1996 nemi um 30 m.kr. Í byrjun maí 1996 munu 29 skip hafa verið að veiðum á svæðinu og er gert ráð fyrir að þeim eigi enn eftir að fjölga.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

Frumvarp þetta er lagt fram í framhaldi af endurskoðun eldri laga um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands frá 1976. Er það gert í ljósi þess að mikil þróun hefur orðið á þessu sviði frá því að lögin voru sett.

Með frumvarpinu er skilgreint hvaða heimild Fiskistofa mun hafa til veiðieftirlits á úthafinu og með hvaða hætti stjórnvöld geta lagt á veiðieftirlitsgjald til að standa undir kostnaði Fiskistofu af eftirlitinu. Í 8. gr. er kveðið svo á að útgerðir skipa sem fá úthlutað veiðiheimildum skuli greiða veiðieftirlitsgjald vegna eftirlits með veiðum skipanna. Skal gjaldið renna til Fiskistofu og vera miðað við að standa undir eftirlitskostnaði hennar.

Ekki verður séð að samþykkt frumvarps þessa hafi kostnaði í för með sér fyrir ríkissjóð. Verði frumvarpið hins vegar ekki samþykkt mun verulegur kostnaður falla á ríkissjóð vegna veiða íslenskra skipa utan fiskveiðilögsögu Íslands, enda skortir nú heimild í lögum til að leggja veiðieftirlitsgjald á úthafsveiðar. Eins og kemur fram í greinargerð er sá kostnaður þegar orðinn um 30 m.kr. á fyrstu fimm mánuðum þessa árs og var ekki gert ráð fyrir honum í fjárlögum ársins. Fram til 1. september nk. er áætlað að kostnaður þessa árs verði orðinn um 60 m.kr.

957. Frumvarp til laga [520. mál]

um breyting á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

Í stað orðsins „ofanflóðasjóður“ í 1. málsl. 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: Forvarnasjóður.

2. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Sérstakur sjóður ríkisins, Forvarnasjóður, er í vörslu Viðlagatryggingar Íslands. Ráðstöfunarfé sjóðsins er:

1. Sérstakt gjald, forvarnagjald, sem lagt er á allar húseignir sem eru brunatryggðar hjá vátryggingafélagi sem starfsleyfi hefur hér á landi og nemur 0,2 ‰ af vátryggingarverðmæti. Um innheimtu gjaldsins fer skv. 3. og 5. mgr. 11. gr. og 23. gr. laga um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992, með síðari breytingum. Álagning gjalds þessa skal ekki hafa áhrif til hækkunar á innheimtuþóknun til vátryggingafélaga.
2. 5% af árlegum heildariðgjaldatekjum Viðlagatryggingar Íslands. Þó skal það á árunum 1996–2000, eða vegna fimm næstu iðgjaldaára vera 38% af heildariðgjaldatekjum Viðlagatryggingar Íslands.
3. Á árunum 1996–1999, eða vegna fjögurra næstu iðgjaldaára 10% aukaálag á iðgjöld viðlagatrygginga samkvæmt lögum nr. 36/1995.
4. Árlegt framlag á fjárlögum í samræmi við framkvæmdaáætlun sem lögð skal fram við gerð fjárlaga hverju sinni.
5. Vaxtatekjur, sbr. 11. gr.
6. Aðrar tekjur.
7. Lán til starfsemi sjóðsins sem eru með ábyrgð ríkissjóðs og háð samþykki fjármálaráðuneytisins.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

1. Inngangur 1. mgr. orðast svo:
   Fé Forvarnasjóðs, sbr. 10. gr., skal notað til að greiða kostnað við rekstur sjóðsins, rekstur ofanflóðanefndar, sbr. 8. gr., og kostnað við varnir gegn náttúruvá sem hér segir.
2. Á eftir orðinu ofanflóðahættu í 3. tölul. 1. mgr. kemur: og annarri náttúruvá.
3. Í stað orðsins „ofanflóðasjóði“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: Forvarnasjóði.
4. Í stað orðsins „ofanflóðasjóði“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: Forvarnasjóði.
5. 3. málsl. 2. mgr. orðast svo: Skulu lánskjör vera hin sömu og sjóðnum standa til boða, sbr. 10. gr.

4. gr.

13. gr. fellur brott og aðrar greinar færast til sem því nemur.

5. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1996 er Forvarnasjóði heimilt að taka lán að upphæð allt að krónur 800 milljónir.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fjárþörf Ofanflóðasjóðs 1996.

Að undanförnu hefur skýrst að verulegu leyti hver verður kostnaðarhlutdeild Ofanflóðasjóðs vegna snjóflóðavarna í Súðavík og Hnífsdal, sem ríkisstjórnin tók ákvörðun um sl. haust. Enn fremur liggja fyrir niðurstöður úr forathugun á gerð varnarvirkja á Flateyri sem gefa góða vísbendingu um kostnað Ofanflóðasjóðs vegna snjóflóðavarna á Flateyri, verði heimildum laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum beitt með hliðstæðum hætti og í Súðavík og í Hnífsdal.

Heildarkostnaður Ofanflóðasjóðs vegna húsakaupa á Súðavík er áætlaður um 423 milljónir króna.

Heildarkostnaður Ofanflóðasjóðs vegna stuðnings við húsakaup í Hnífsdal er áætlaður um 151 milljón króna.

Kostnaður við gerð varnarvirkja á Flateyri er áætlaður um 400 milljónir króna samkvæmt niðurstöðum úr forathugun á gerð varnarvirkja fyrir Flateyri, þar af yrði hlutur Ofanflóðasjóðs um 360 milljónir króna. Þess ber þó að geta að verði farið í þetta verkefni verður það boðið út og kostnaður mun því ráðast að einhverju leyti af stöðu á markaði. Reiknað er með því að þessi varnarvirki muni verja nánast alla núverandi byggð en hugsanlegt er þó að nauðsynlegt reynist að kaupa nokkur hús vegna sjálfra varnarvirkjanna.

Auk þess hafa hreppsnefndir Súðavíkur og Flateyrar óskað eftir stuðningi Ofanflóðasjóðs við greiðslu svokallaðra mismunabóta til þeirra húseigenda sem ekki fengu fullnægjandi bætur hjá Viðlagatryggingu, sbr. ákvæði til bráðabirgða í lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Hlutdeild Ofanflóðasjóðs í þessum kostnaði, sem þó er enn verulega óviss, gæti numið allt að 100 milljónum króna.

Á vegum Ísafjarðarkaupstaðar er nú verið að ljúka gerð forathugunar á gerð varnarvirkja við svonefnt Seljalandshverfi í Skutulsfirði. Fyrstu upplýsingar benda til þess að heildarkostnaður við þá framkvæmd geti orðið á bilinu 300–350 milljónir króna, sem þýðir í kringum 300 milljóna króna hlutdeild Ofanflóðasjóðs, ef fallist yrði á þátttöku. Bæjarstjórn Ísafjarðar mun leggja áherslu á að þetta verk verði unnið á þessu ári.

Allar framkvæmdir sem unnar verða á vegum sveitarfélaga með stuðningi Ofanflóðasjóðs verða unnar í samræmi við ákvæði laga nr. 63/1970 um opinberar framkvæmdir eftir því sem við á.

Aðrar skuldbindingar Ofanflóðasjóðs á þessu ári eru kostnaður við rekstur snjóathugunarmanna á snjóflóðasvæðum, kostnaður við gerð rýmingaráætlana, kaup á athugunarbúnaði og kostnaður við frumúttekt á kostnaði við gerð varnarvirkja í þeim sveitarfélögum sem búa við snjóflóðahættu. Heildarkostnaður við þessa rekstrarliði er áætlaður um 45 milljónir króna.

Ekki liggja enn fyrir reikningar Ofanflóðasjóðs fyrir árið 1995, en samkvæmt upplýsingum forstjóra Viðlagatryggingar má gera ráð fyrir að eignir sjóðsins um síðustu áramót hafi verið um 300 milljónir króna. Samkvæmt lögum er Ofanflóðasjóði ekki heimil lántaka vegna skuldbindinga sinna.

Niðurstaða.

Heildarkostnaður vegna snjóflóðavarna á þessu ári gæti numið allt að 1.500 milljónum króna ef farið yrði í gerð varnarvirkja á Flateyri sem nema um 400 milljónum króna og á Ísafirði sem nema um 300 milljónum króna. Þar af yrði hlutur viðkomandi sveitarfélaga 10%, eða um 150 milljónir króna, og Ofanflóðasjóðs um 1.350 milljónir króna. Í sjóðnum eru um 300 milljónir króna þannig að á vantar um 1.050 milljónir króna til þess að sjóðurinn geti staðið við kostnaðarhlutdeild sína.

Um frumvarpið.

Til þess að mæta brýnustu fjárþörf Ofanflóðasjóðs er hér lagt til að lögum um hann verði breytt þannig að honum verði heimiluð lántaka til þess að standa straum af kostnaði við framkvæmdir sumarsins. Hér er um að ræða allt að 1.050 milljónir króna ef ráðist verður í framkvæmdir á Flateyri og Ísafirði á þessu ári. Þó má gera ráð fyrir að allt að krónum 250 milljónum þessarar upphæðar komi ekki til greiðslu úr sjóðnum fyrr en á næsta ári, þar sem greiðslur vegna framkvæmda verða greiddar samhliða framgangi framkvæmda.

Gert er ráð fyrir að tilhögun á lántökum sjóðsins verði háð samþykki fjármálaráðuneytisins, hvort sem um verði að ræða útgáfu skuldabréfa með ríkisábyrgð til ákveðins tíma er beri sambærilega vexti og hliðstæð skuldabréf ríkissjóðs eða að ríkissjóður hafi milligöngu um lántökur sjóðsins, þannig að tryggt verði að hann njóti þeirra hagkvæmustu kjara sem í boði verða hverju sinni.

Hitt meginatriðið í frumvarpinu er að sjóðnum verður nú skapaður sjálfstæður tekjustofn með álagningu sérstaks gjalds á brunatryggðar fasteignir í landinu. Þegar framkvæmdaáætlun sjóðsins liggur betur fyrir verður jafnframt unnið að því að skilgreina að nýju hlutverk Ofanflóðasjóðs þannig að hann geti unnið að eflingu forvarnarstarfs í víðari skilningi en nú er. Verður nafni hans breytt til samræmis við víðtækara hlutverk hans. Til þess að spara innheimtukostnað verður gjaldið lagt á samhliða iðgjaldi viðlagatryggingar.

Þegar er hafinn undirbúningur að heildarendurskoðun laganna, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum svo og laga um Viðlagatryggingu Íslands með það að markmiði að skilgreina betur hlutverk beggja stofnananna og að tryggja betur fjárhagslegt sjálfstæði þeirra. Er stefnt að því að frumvörp þessa efnis verði lögð fram til samþykktar á Alþingi fyrir næstu áramót.

Fjáröflun Ofanflóðasjóðs á næstu árum.

Á vegum umhverfisráðuneytisins og í samráði við viðkomandi sveitarfélög er nú að hefjast heildarúttekt á mögulegum varnarvirkjum í byggðarlögum á snjóflóðasvæðum. Áætlað er að þessari úttekt ljúki í byrjun ágúst þar sem fram komi tillögur um varnaraðgerðir í einstökum byggðarlögum ásamt mati á kostnaði. Á grundvelli þessarar úttektar verður mögulegt að móta stefnu um framkvæmdir þessara sveitarfélaga til snjóflóðavarna og meta líklega fjármögnun þeirra.

Á vegum viðskiptaráðuneytisins verður jafnframt hugað að því hvort að skynsamlegt sé að breyta þeim ákvæðum sem gilda um vátryggingar Viðlagatryggingar á þann veg að fyrirtækinu verði einnig gert skylt að vátryggja gegn afleiddu tjóni vegna náttúruhamfara. Athugað verði einnig hvort auknar forvarnir á vegum Ofanflóðasjóðs geri mögulegt að lækka iðgjöld Viðlagatryggingar og hver sé eðlileg sjóðsmyndun Viðlagatryggingar, sem kynni einnig að leiða til lækkunar gjaldsins, a.m.k. til lengri tíma litið.

Kannaðir hafa verið kostir þess og gallar að sameina Viðlagatryggingu og Ofanflóðasjóð. Niðurstaðan er sú að fjárhagslegur aðskilnaður hafi ótvíræða kosti, enda þótt reka megi stofnanirnar sameiginlega, þyki slíkt hagkvæmt. Rökin eru einkum þau að hlutverk og eðli vátryggingarfélags, sem reka skal á viðskiptalegum grunni og hefur ekki öðru hlutverki að gegna en að bæta vátryggingartökum tjón er þeir kunna að verða fyrir, og forvarna- og styrktarsjóðs, sem er í reynd hluti af almannavarnakerfinu, séu gjörólík.

Það er því ljóst að frumvarpi þessu er aðeins ætlað að leysa úr brýnustu þörfum Ofanflóðasjóðs fyrir fjármuni þannig að hann geti látið hrinda í framkvæmd þeim aðgerðum sem nauðsynlegar eru taldar til þess að auka öryggi íbúa á mögulegum snjóflóðasvæðum. Eins og áður hefur komið fram er þegar hafin vinna við heildarendurskoðun laganna og er stefnt að því að frumvarp þar um verði lagt fyrir Alþingi þegar næsta haust. Ef innheimta á væntanlegt forvarnargjald samhliða iðgjaldi viðlagatryggingar er hins vegar ekki unnt að bíða þess frumvarps, þar sem álagnig iðgjalds Viðlagatryggingar er ákveðið og sent til innheimtu á tímabilinu 1. október til 1. desember ár hvert. Tekjur álagðar á árinu 1996, verða þó ekki til ráðstöfunar hjá Ofanflóðasjóði fyrr en á árinu 1997.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að Ofanflóðasjóður fái víðtækara hlutverk en hann hefur í dag og er því nafni sjóðsins breytt í Forvarnasjóð. Mun hlutverk sjóðsins í framtíðinni því verða að styðja við framkvæmdir sem snúa að aðgerum til að auka öryggi byggðar í landinu gegn náttúruvá.

Um 2. gr.

Breytingar frá núgildandi lögum er að finna í 1., 5. og 7. tölul.

Í 1. tölul. er kveðið á um hinn nýja tekjustofn Forvarnasjóðs, sem nema skal 0,2‰ af vátryggingarverðmæti þeirra húseigna sem brunatryggðar eru hér á landi. Samsvarar þessi upphæð 80% af iðgjaldi Viðlagatryggingar Íslands vegna þessara eigna. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir að lagt verði í Forvarnasjóð vegna veitumannvirkja, hafnarmannvirkja og annarra sambærilegra eigna sem eru í opinberri eigu, jafnvel þótt forvarnir sem Forvarnasjóður kemur til með að fjármagna geti í einhverjum tilfellum varið þessi mannvirki. Reikna má með að viðbótartekjur Forvarnasjóðs muni nema rétt tæpum 400 milljónum króna á ári.

Endurskoðun á lögum um Viðlagatryggingu Íslands og lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum sem nú stendur yfir og ætlað er m.a. að aðskilja fjárhagslega Viðlagatryggingu og Ofanflóðasjóð, kann að leiða til þess að litið til lengri tíma megi lækka iðgjöld til Viðlagatryggingar í ljósi hinna umfangsmiklu framkvæmda til varnar snjóflóðum sem nú standa fyrir dyrum. Verði lækkun á 0,25% iðgjaldi til Viðlagatryggingar talin möguleg gæti gjaldið lækkað eða hluti þess verið færður varanlega yfir á tekjustofn Forvarnasjóðs. Ákvörðun þar um tæki þó eðlilega nokkurt mið af niðurstöðum þeirrar úttektar á æskilegum snjóflóðavörnum í viðkomandi sveitarfélögum, sem nú er að hefjast og áætluðum kostnaði við þær.

Í 5. tölul. er gert ráð fyrir að Forvarnasjóður uppfæri sérstaklega vaxtatekjur vegna þeirra lána sem sjóðurinn kann að veita sveitarfélögum, sbr. 5. tölul. 3. gr. frumvarpsins.

Í 7. tölul. er sjóðnum veitt heimild til lántöku. Frumvarpið gerir ráð fyrir vali á því hvort sjóðurinn gefi út markaðsverðbréf sem seld verði á almennum markaði eða ríkissjóður hafi milligöngu um útvegun lánsfjár. Gert er ráð fyrir því að fjármálaráðuneytið samþykki tilhögun lántöku hverju sinni enda lántökur sjóðsins með ríkisábyrgð.

Um 3. gr.

Efnislegar breytingar í þessari grein eru tvær, í 1. mgr. og í 3. málsl. 2. mgr. Í 1. mgr. er nú kveðið á um með skýrum hætti að Forvarnasjóður greiði fyrir störf nefndar skv. 8. gr. laganna. Lagt er til að kostnaður við störf nefndarinnar og kostnaður vegna reksturs Forvarnasjóðs skv. 10. gr. verði greiddur af Forvarnasjóði enda um kostnað við framkvæmd laganna að ræða. Er þetta í samræmi við þá venju sem fylgt hefur verið á liðnum árum en skv. 13. gr. laganna eins og henni var breytt með lögum nr. 151/1995, skal kostnaður við nefndina greiddur úr ríkissjóði sem teljast verður óeðlilegt. Störf nefndarinnar og sérfræðinga sem vinna á hennar vegum eru eingöngu bundin við framkvæmd laganna s.s. við mat á verkefnum, kaup á fasteignum vegna snjóflóðavarna og gerð varnarmannvirkja.

Í 3. málsl. 2. mgr. er kveðið á um það að sjóðnum verði óheimilt að lána með lægri lánskjörum en þeim er honum standa til boða.

Um 4. gr.

Eins og fram kemur í athugasemd með 3. gr. er gert ráð fyrir því að rekstur nefndar skv. 8. gr. laganna verði greiddur af tekjum Forvarnasjóðs. Því er gerð tillaga um að 13. gr. laganna verði felld brott og að aðrar greinar færist til sem því nemur.

Um 5. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar sem fyrir liggur að nýr gjaldstofn Forvarnasjóðs muni ekki skila tekjum til sjóðsins fyrr en á árinu 1997 og næstu árum er óhjákvæmilegt að sjóðurinn taki lán á árinu 1996, vegna fyrirsjáanlegra verkefna sem þegar hefur verið gerð grein fyrir að vinna þurfi á árinu 1996.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarps þessa er að sjá fyrir fjárþörf ofanflóðasjóðs á árinu 1996, en lagt er til að framvegis heiti hann Forvarnasjóður. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að með lagabreytingu þessari er aðeins verið að sjá fyrir brýnustu fjárþörf sjóðsins á þessu ári, en heildarendurskoðun laganna fer fram í sumar og verður frumvarp þar að lútandi lagt fram á næsta þingi.

Fjárþörf sjóðsins er talin geta numið um 1.350 m.kr. á árinu 1996 og er sundurliðuð í greinargerð með frumvarpinu. Eignir sjóðsins í upphafi árs eru áætlaðar um 300 m.kr. Fjárþörf sjóðsins er þannig metin um 1.050 m.kr. á þessu ári. Þar af er talið að um 250 m.kr. muni ekki koma til greiðslu fyrir áramót þannig að lántökuþörf sjóðsins er áætluð 800 m.kr. og er leitað heimildar til hennar í ákvæði til bráðabirgða (5. gr.).

Í 2. gr. er gerð grein fyrir ráðstöfunarfé sjóðsins. Í 1. tölul. er gert ráð fyrir sérstöku forvarnagjaldi og er áætlað að innheimta þess gefi tæpar 400 m.kr. á ársgrundvelli. Í 2. tölul. er gert ráð fyrir að 38% af heildariðgjaldatekjum Viðlagatryggingar Íslands gangi til sjóðsins á árunum 1996–2000 og 5% árlega eftir það. Heildariðgjaldatekjur Viðlagatryggingar námu um 540 m.kr. árið 1995. Ekki er talið að þær tekjur hækki mikið á þessu ári þannig að tekjur sjóðsins eftir þessum tölulið gætu numið rúmum 200 m.kr. Í 3. tölul. er gert ráð fyrir 10% aukaálagi á iðgjöld viðlagatrygginga og má á sama grundvelli ætla að það gefi um 54 m.kr. Í 4. tölul. er gert ráð fyrir að til komi árlegt framlag á fjárlögum í samræmi við framkvæmdaáætlun sem lögð skal fram við gerð fjárlaga hverju sinni. Engin slík áætlun liggur fyrir. Í 3. tölul. 3. gr. er gert ráð fyrir að vaxtatekjur, sbr. 11. gr., verði hluti af ráðstöfunarfé sjóðsins, en í 11. gr. (4. gr. frumvarpsins) er gert ráð fyrir að lánskjör sjóðsins verði hin sömu og sjóðnum standa til boða. Þetta þýðir að sjóðnum verður óheimilt að lána á lakari vaxtakjörum en lántökukjörum hans nemur.

Engar áætlanir liggja fyrir um fjárþörf sjóðsins á næstu árum en þó má ætla að verkefni sjóðsins kunni að kalla á milljarða króna.

958. Breytingartillaga [442. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur, Guðmundi Árna Stefánssyni, Össuri Skarphéðinssyni, Kristínu Ástgeirsdóttur og Jóhönnu Sigurðardóttur.

Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Á árinu 1996 skal verja 200 millj. kr. af vörugjaldi af eldsneyti til að flýta vegaframkvæmdum í Ártúnsbrekku í Reykjavík.

Greinargerð.

Síendurteknar hækkanir á bensínverði að undanförnu hljóta að raska fyrri áætlunum um tekjur af innfluttu bensíni. Samkvæmt áætlunum FÍB frá 6. maí sl. er tekjuaukinn áætlaður um 300 millj. kr. á þessu ári, þ.e. 240 millj. kr. af almennu vörugjaldi (sem er 97%) og um 60 millj. kr. virðisaukaskattur. Síðan þá hefur bensínverð enn hækkað, jafnvel þótt fjármálaráðherra hafi lækkað hlut ríkissjóðs í bensínverðinu. Með tillögu þessari er ráðgert að verja þeim fjármunum, sem þannig innheimtast af bensíni samkvæmt lögum nr. 29/1993 umfram áætlun fjárlaga 1996, til vegaframkvæmda í Ártúnsbrekku í Reykjavík — þar sem brýnust er þörfin á úrbótum fyrir vegfarendur — í samræmi við fyrri fyrirheit um framkvæmdaátak í atvinnumálum.

959. Svar [481. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðnýjar Guðbjörnsdóttur um fjárveitingar til stjórnmálaflokka.

1. *Hverjar hafa verið fjárveitingar á árunum 1986–1996:*
   a. *til sérfræðilegrar aðstoðar fyrir þingflokka,*
   b. *til útgáfumála?*

Í milljónum króna	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996
Sérfræðileg aðstoð	**6,8**	**7,7**	**10,7**	**18,7**	**22,5**	**24,6**	**24,8**	**25,2**	**36,0**	**37,1**	**36,7**
Til blaða skv. till. nefndar	24,7	22,8	28,5	50,0	61,8	66,0	55,0	79,7	98,0	98,0	123,2
Til útgáfumála		11,8	15,9	22,0	26,1	27,4	25,0				
Samtals til útgáfumála	**24,7**	**34,6**	**44,4**	**72,0**	**87,9**	**93,4**	**80,0**	**79,7**	**98,0**	**98,0**	**123,2**
Samtals til þingflokka	**31,5**	**42,3**	**55,1**	**90,7**	**110,4**	**118,0**	**104,8**	**104,9**	**134,0**	**135,1**	**159,9**

2. *Hversu mikið fé hefur árlega komið í hlut hvers stjórnmálaflokks:*
   a. til sérfræðiaðstoðar,
   b. til útgáfumála?

Í milljónum króna	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996
Alþýðuflokkur:											
Til sérfræðiaðstoðar	1,0	1,2	1,7	2,8	3,6	4,0	4,0	4,1	5,7	4,6	4,2
Til útgáfumála	2,9	5,7	6,5	11,7	13,7	14,8	13,3	13,3	16,3	16,3	15,1
Samtals	**3,9**	**6,9**	**8,2**	**14,5**	**17,3**	**18,8**	**17,3**	**17,4**	**22,0**	**20,9**	**19,3**
Alþýðubandalag:											
Til sérfræðiaðstoðar	1,1	1,1	1,4	2,4	2,9	3,5	3,6	3,7	5,3	5,3	5,3
Til útgáfumála	3,8	6,0	7,3	10,3	12,2	13,2	12,5	12,5	15,4	15,4	18,3
Samtals	**4,9**	**7,1**	**8,7**	**12,7**	**15,1**	**16,7**	**16,1**	**16,2**	**20,7**	**20,7**	**23,6**
Borgaraflokkur:											
Til sérfræðiaðstoðar		0,5	1,2	1,9	2,0	0,5			0,2		
Til útgáfumála		1,0	5,0	9,6	7,7	8,5					
Samtals		**1,5**	**6,2**	**11,5**	**9,7**	**9,0**			**0,2**		
Bandalag jafnaðarmanna:											
Til sérfræðiaðstoðar											
Til útgáfumála	3,0										
Samtals	**3,0**										
Framsóknarflokkur:											
Til sérfræðiaðstoðar	1,6	1,7	2,2	3,4	4,6	5,1	5,1	5,2	7,4	8,2	8,5
Til útgáfumála	4,8	7,4	8,6	13,7	16,6	17,9	15,8	15,6	19,4	19,4	28,2
Samtals	**6,4**	**9,1**	**10,8**	**17,1**	**21,2**	**23,0**	**20,9**	**20,8**	**26,8**	**27,6**	**36,7**
Frjálslyndi hægriflokkurinn:											
Til sérfræðiaðstoðar				0,9	0,2						
Til útgáfumála					4,0						
Samtals				**0,9**	**4,2**						
Samtök jafnréttis og félagshyggju:											
Til sérfræðiaðstoðar		0,1	0,2	0,1	0,3	0,1					
Til útgáfumála			0,4	0,7	1,0	1,0					
Samtals		**0,1**	**0,6**	**0,8**	**1,3**	**1,1**					
Sjálfstæðisflokkur:											
Til sérfræðiaðstoðar	2,7	2,5	3,1	5,1	6,6	9,1	9,8	10,0	14,3	14,0	13,8
Til útgáfumála	7,4	10,8	10,8	17,1	23,2	27,5	30,2	30,2	37,0	37,0	43,3
Samtals	**10,1**	**13,3**	**13,9**	**22,2**	**29,8**	**36,6**	**40,0**	**40,2**	**51,3**	**51,0**	**57,1**
Samtök um kvennalista:											
Til sérfræðiaðstoðar	0,3	0,6	1,0	2,0	2,3	2,3	2,2	2,2	3,2	2,4	2,1
Til útgáfumála	2,8	3,7	5,6	8,9	9,6	10,5	8,1	8,1	9,9	9,9	7,9
Samtals	**3,1**	**4,3**	**6,6**	**10,9**	**11,9**	**12,8**	**10,3**	**10,3**	**13,1**	**12,3**	**10,0**
Þjóðvaki:*											
Til sérfræðiaðstoðar									0,2	2,1	2,7
Til útgáfumála											10,4
Samtals									**0,2**	**2,1**	**13,1**

* Tölur fyrir árið 1994 og hluta árs 1995 gilda fyrir Jóhönnu Sigurðardóttur meðan hún var utan þingflokka.

3. Hvaða reglur hafa gilt síðustu tíu ár um skiptingu þessa fjár á milli stjórnmálaflokka til útgáfumála?

Fjármálaráðuneytinu er ekki kunnugt um að fyrir liggi ákveðnar skriflegar reglur um skiptingu fjárveitingar til útgáfumála. Ráðuneytinu berst árlega erindi stjórnskipaðrar nefndar, þar sem sitja fulltrúar allra stjórnmálaflokka, sem ákveður skiptingu fjárins milli þingflokka.

960. Nefndarálit [331. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund frá samgönguráðuneyti Jón Birgi Jónsson ráðuneytisstjóra, Ármann Kr. Jónsson, aðstoðarmann ráðherra, og Sigurgeir Sigurgeirsson. Þá komu til fundar Ólafur Tómasson póst- og símamálastjóri, Guðmundur Björnsson, aðstoðarpóst- og símamálastjóri, Þuríður Einarsdóttir, Jón Ingi Sesarsson og Þorgeir Ingvarsson frá Póstmannafélagi Íslands, Ragnhildur Guðmundsdóttir og Einar Gústafsson frá Félagi íslenskra símamanna, Páll Jónsson og Anna Guðmundsdóttir frá Félagi háskólamenntaðra póst- og símamanna, Erlingur Tómasson, Helgi Gunnarsson og Valgeir Jónasson frá Félagi rafiðnaðarmanna, Jafet Ólafsson frá Samtökum veitenda fjarskiptaþjónustu, Birgir Ármannsson, lögfræðingur hjá Verslunarráði Íslands, og Sigurður Jónsson, Helgi Jónsson og Heimir Sigurðsson frá Interneti á Íslandi hf. Loks komu til fundar Sveinn Snorrason hrl., Gunnar Björnsson, deildarstjóri starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis, Stefán Már Stefánsson prófessor, Eiríkur Tómasson prófessor, Gestur Jónsson hrl. og Andri Árnason hrl.

Nefndin fékk sendar umsagnir um frumvarpið frá Félagi íslenskra símamanna, Póstmannafélagi Íslands, Stéttarfélagi háskólamenntaðra starfsmanna Pósts og síma, Félagi rafeindavirkja hjá Pósti og síma, Samtökum veitenda fjarskiptaþjónustu, Neytendasamtökunum, Verslunarráði Íslands, Interneti á Íslandi hf. og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem fram koma á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagðar eru til breytingar á 4. gr. frumvarpsins. Annars vegar er lagt til að fellt verði niður ákvæði um að hlutafélagaskrá skuli tilkynnt endanlegt hlutafé félagsins jafnskjótt og niðurstaða matsnefndar skv. 5. gr. liggur fyrir. Ákvæðið á ekki við þar sem hlutafélagið hefur ekki verið stofnað 1. október 1996 þegar nefndin á að ljúka störfum. Hins vegar er lagt til að gefið skuli út eina hlutabréf félagsins við skráningu þess en ekki þegar nefndin hefur lokið störfum og gilda sömu rök um þá breytingu.
2. Lagðar eru til breytingar á 5. gr. frumvarpsins um að niðurstöður nefndar sem endurmeta á eignir Póst- og símamálastofnunar skuli liggja fyrir í síðasta lagi 1. október 1996 í stað 1. júlí sama ár. Þá er gerð tillaga um til hvaða atriða skuli líta við mat á endanlegu stofnfé félagsins.

3. Þá eru lagðar til breytingar á 7. gr. frumvarpsins. Í fyrsta lagi eru tekin af tvímæli um að hlutafélagið Póstur og sími skuli taka til starfa 1. janúar 1997 en ekki fyrir 1. október 1996 eins og upphaflega var ráðgert. Heppilegast er talið að starfsemi hefjist um áramót þar sem formbreytingunni fylgja uppgjör. Enn fremur er talið heppilegt að lengja þann tíma til undirbúnings stofnun félagsins. Í öðru lagi er fellt niður ákvæði um að ráðherra skuli ákveða stofndag félagsins en ákvæði þess efnis er sett í ákvæði til bráðabirgða. Í þriðja lagi eru sett inn skýrari ákvæði um undirbúningsnefnd þá sem ráðherra skal skipa til að annast nauðsynlegar aðgerðir vegna breytingarinnar. Nefndinni skal heimilt að gera hvers kyns samninga sem eru nauðsynlegir til undirbúnings stofnun félagsins og fyrirhugaðri starfrækslu sem félagið verður síðan bundið af við stofnun þess.
4. Þær breytingar, sem lagðar eru til á 8. gr. frumvarpsins, eru í fyrsta lagi að tekið verði fram að um rétt fastráðinna starfsmanna til biðlauna skuli farið eftir þeim lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem í gildi eru við gildistöku frumvarpsins. Í öðru lagi er lagt til að frestur sá, sem starfsmaður hefur til að taka eða hafna boði um sambærilega stöðu hjá Pósti og síma hf., verði lengdur úr tveimur vikum í sex. Í þriðja lagi er lagt til að fallið verði frá því að starfsmaður missi rétt sinn til biðlauna ef hann höfðar mál eins og gert var ráð fyrir í 3. mgr. Þess í stað er byggt á því að ef fastráðinn starfsmaður, þrátt fyrir að hlutaðeigandi taki sambærilegri stöðu hjá félaginu samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr., fær greidd biðlaun eða bætur fyrir missi biðlauna úr ríkissjóði vegna formbreytingarinnar falli sjálfkrafa niður biðlaunaréttur hans hjá félaginu. Hér er horft til þess að hlutaðeigandi hafi t.d. fengið bætur fyrir missi biðlauna samkvæmt dómi. Breytingin er sett fram til að koma í veg fyrir að menn geti átt tvöfaldan biðlaunarétt. Um önnur réttindi en biðlaunarétt fer síðan ýmist samkvæmt kjarasamningum eða almennum lögum. Um réttindi fastráðinna starfsmanna, sem hafa áunnið sér rétt til lífeyrisgreiðslna samkvæmt ákvæðum 12. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og hafa ráðist til starfa hjá félaginu með óskertum launum, gildir að þeir halda þeim réttindum sem upp eru talin í fyrrnefndu ákvæði, sbr. nánar 4. mgr. 8. gr. Þá er rétt að minna á ákvæði 2. gr. laga nr. 77/1993, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Í ákvæðinu segir að frá og með þeim degi er aðilaskipti, eins og hér um ræðir, fara fram skuli nýr eigandi takast á hendur réttindi og skyldur fyrri eiganda samkvæmt ráðningarsamningi og virða þau launakjör og starfsskilyrði sem samþykkt hafa verið í almennum kjarasamningi, með sömu skilmálum og giltu fyrir fyrri eiganda, þar til samningi verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda.
5. Lagðar eru til orðalagsbreytingar á 15. gr. frumvarpsins og að í stað þess að yfirtaka Pósts og síma hf. á eignum, réttindum og skuldbindingum Póst- og símamálastofnunar miðist við stofndag félagsins sé miðað við 1. janúar 1997 er félagið skal taka til starfa. Þá eru lagðar til breytingar á gildistökuákvæði 16. gr. og miðað við að lögin taki gildi 1. september 1996 í stað 15. júlí sama ár eins og upphaflega var ráðgert.

6. Loks er lagt til að sett verði þrjú ákvæði til bráðabirgða. Í fyrsta lagi ákvæði um að í síðasta lagi 1. júlí 1996 skuli ráðherra skipa matsnefnd sem endurmeta skuli eignir stofnunarinnar o.fl. skv. 5. gr. Í öðru lagi að fyrir sama dag skuli ráðherra skipa undirbúningsnefnd skv. 2. mgr. 7. gr. og skuli hún taka til starfa þegar að lokinni skipun. Í þriðja lagi er ákvæði um að stofnfundur félagsins skuli haldinn eigi síðar en 27. desember 1996 og að ráðherra skuli þar skipa félaginu stjórn sem starfa skal fram að fyrsta aðalfundi þess.

Alþingi, 14. maí 1996.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Stefán Guðmundsson.
Árni Johnsen.	Egill Jónsson.	Kristján Pálsson.

961. Breytingartillögur [331. mál]

við frv. til l. um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (EKG, MS, StG, ÁJ, EgJ, KPál).

1. Við 4. gr.
   a. 2. mgr. falli brott.
   b. Í stað orðanna „þegar niðurstaða nefndarinnar liggur fyrir“ í fyrri málslið 3. mgr. komi: við skráningu félagsins.
2. Við 5. gr.
   a. Á eftir fyrri málslið komi nýr málsliður, svohljóðandi: Við endanlegt mat á stofnhlutafé skal jafnframt taka tillit til áhrifa verðbreytinga og rekstrar á efnahag á árinu 1996.
   b. Í stað orðanna „1. júlí 1996“ í síðari málslið komi: 1. október 1996.
3. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Póstur og sími hf. skal taka til starfa 1. janúar 1997.
   Samgönguráðherra skipar þriggja manna undirbúningsnefnd til þess að annast undirbúning og nauðsynlegar aðgerðir vegna breytingarinnar. Nefndin skal hafa heimild til þess að gera hvers kyns löggerninga sem eru nauðsynlegir til undirbúnings stofnun félagsins og fyrirhugaðri starfrækslu. Við stofnun skal félagið bundið við umrædda löggerninga.
4. Við 8. gr.
   a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó fer um biðlaunarétt þeirra eftir þeim lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem í gildi eru við gildistöku laga þessara.
   b. Í stað orðsins „tveggja“ í 2. mgr. komi: sex.

c. 3. mgr. orðist svo:

Ef fastráðinn starfsmaður Póst- og símamálastofnunar, sem ráðinn hefur verið hjá félaginu samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr., fær eigi að síður greidd biðlaun eða bætur fyrir missi biðlauna úr ríkissjóði vegna formbreytingar þeirrar á starfsemi stofnunarinnar, sem lög þessi kveða á um, fellur sjálfkrafa niður biðlaunaréttur hans hjá félaginu.

5. Við 15. gr. Greinin orðist svo:

Póstur og sími hf. yfirtekur í samræmi við 1. gr. allar eignir, réttindi og skuldbindingar Póst- og símamálastofnunar frá og með 1. janúar 1997. Yfirtakan veitir samningsaðilum stofnunarinnar ekki heimild til uppsagnar fyrirliggjandi samningssambanda.

6. Við 16. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1996.

Við yfirtöku Pósts og síma hf. á eignum, réttindum og skyldum Póst- og símamálastofnunar 1. janúar 1997 falla úr gildi lög um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, nr. 36/1977, með síðari breytingum.

7. Við bætist þrjú ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (I.)

Þrátt fyrir ákvæði 16. gr. skal samgönguráðherra eigi síðar en 1. júlí 1996 skipa nefnd þá sem mælt er fyrir um í 5. gr.

b. (II.)

Þrátt fyrir ákvæði 16. gr. skal samgönguráðherra eigi síðar en 1. júlí 1996 skipa undirbúningsnefnd þá sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 7. gr. og skal nefndin taka til starfa þegar í stað.

c. (III.)

Á stofnfundi félagsins sem haldinn skal eigi síðar en 27. desember 1996 skal samgönguráðherra skipa félaginu stjórn sem starfa skal fram að fyrsta aðalfundi, sbr. 6. gr.

962. Nefndarálit [364. mál]

um frv. til l. um breyt. á póstlögum, nr. 33/1986.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Halldór S. Kristjánsson, skrifstofustjóra í samgönguráðuneyti.

Frumvarpið var lagt fram sem fylgifrumvarp með 331. máli. Með frumvarpinu eru aðeins lagðar til breytingar sem nauðsynlegar eru vegna fyrirhugaðrar formbreytingar Pósts og síma.

Þar sem gert er ráð fyrir að Póstur og sími hf. taki til starfa um áramótin 1996–97 en ekki 1. október 1996 eins og upphaflega var gengið út frá leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „1. október 1996“ í 6. gr. komi: 1. janúar 1997.

Alþingi, 14. maí 1996.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Stefán Guðmundsson.
Egill Jónsson.	Kristján Pálsson.	Árni Johnsen.

963. Nefndarálit [334. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft til umfjöllunar síðara frumvarp til laga um veitingu ríkisborgararéttar á þessu þingi. Vinna nefndarinnar við frumvarpið var með hefðbundnu sniði. Formaður og einn nefndarmanna fóru yfir allar umsóknir sem bárust til að kanna hvort þær uppfylltu skilyrði starfsreglna nefndarinnar um veitingu ríkisborgararéttar sem upphaflega voru settar 1955 en hefur verið breytt nokkrum sinnum síðan, síðast í febrúar 1995. Nefndin tók málið síðan fyrir á fundi sínum og mælir hún með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 14. maí 1996.

Sólveig Pétursdóttir, form.	Ögmundur Jónasson, frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.
Guðný Guðbjörnsdóttir.	Kristján Pálsson.	Hjálmar Jónsson.
Jón Kristjánsson.	Árni R. Árnason.	Sighvatur Björgvinsson.

964. Breytingartillaga [334. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr. orðist svo:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Akbashev, Abokhay Zalmanovich, handknattleiksþjálfari í Kópavogi, f. 12. júlí 1933 í Sovétríkjunum. Fær réttinn 9. september 1996.
2. Akbasheva, Olga Khaevna Ilyasova, húsmóðir í Kópavogi, f. 1. mars 1938 í Sovétríkjunum. Fær réttinn 9. september 1996.
3. Amporn, Pijitra, verslunarmaður í Bessastaðahreppi, f. 5. febrúar 1963 í Tælandi.
4. Anna Lára Sigurðardóttir, barn í Reykjavík, f. 24. október 1994 á Ísafirði.
5. Apas, Charito Canete, fiskvinnslukona í Vogum, f. 14. júlí 1969 á Filippseyjum.

6. Atanaia, Ana Maria Mota, fiskvinnslukona á Akureyri, f. 29. maí 1967 á Grænhöfðaeyjum.
7. Ágúst Daníel Haraldsson, barn á Akureyri, f. 17. apríl 1994 á Akureyri.
8. Bao The Duong, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 19. október 1962 í Víetnam. Fær réttinn 5. júlí 1996.
9. Baranska, Anna Olga, karmelnunna í Hafnarfirði, f. 10. júní 1924 í Póllandi.
10. Bargailaité, Nijolé, húsmóðir í Vogum, f. 17. mars 1966 í Litáen.
11. Benbakou, Mustapha, pípulagningarmaður í Reykjavík, f. 27. desember 1956 í Alsír.
12. Birley, Darrin John, vélvirki á Akranesi, f. 14. desember 1963 á Nýja-Sjálandi.
13. Björnsson, Veronica Margaret, ritari í Reykjavík, f. 24. maí 1944 í Englandi.
14. Bolek, Teresa, karmelnunna í Hafnarfirði, f. 15. janúar 1959 í Póllandi.
15. Bow, Jonathan James, þjálfari í Reykjavík, f. 16. febrúar 1966 í Bandaríkjunum.
16. Bozyczko, Stanislawa, karmelnunna í Hafnarfirði, f. 26. júlí 1958 í Póllandi.
17. Browne, Mary Rebecca Deirdre, verkakona í Vestmannaeyjum, f. 21. apríl 1966 á Írlandi.
18. Bustos, Stephen Patrick, viðskiptafræðingur í Keflavík, f. 15. mars 1965 í Bandaríkjunum.
19. Cabaluna, Joyce Maria, ræstingakona í Reykjavík, f. 11. október 1966 á Filippseyjum.
20. Calcedonio, Gonzales, læknir í Reykjavík, f. 17. apríl 1955 á Ítalíu.
21. Cassata, Sigfús Blöndahl Richard, verslunarmaður í Reykjavík, f. 25. janúar 1952 í Bandaríkjunum.
22. Chamoun, Fadi, nemi í Reykjavík, f. 15. maí 1970 í Líbanon.
23. Chien Anh Phang, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 21. júlí 1967 í Víetnam. Fær réttinn 5. júlí 1996.
24. Chow, Nam-Yin Natalia, tónlistarkennari á Húsavík, f. 12. nóvember 1962 í Kína. Fær réttinn 4. júlí 1996.
25. Cisneros, Maria Bethsaida, verkakona á Akureyri, f. 30. desember 1969 á Filippseyjum.
26. Coronil, Victoria del Carmen, nemi í Reykjavík, f. 15. maí 1969 á Spáni.
27. David Charles Friðbertsson, nemi í Reykjavík, f. 11. apríl 1979 í Reykjavík.
28. David, Ishmael Roberto, nemi í Garðabæ, f. 8. apríl 1978 í Reykjavík.
29. Dyer, Paul, nemi í Reykjavík, f. 30. mars 1977 í Bretlandi.
30. Dubik, Alina Helena, söngkennari í Reykjavík, f. 1. ágúst 1959 í Póllandi.
31. Dubik, Zbigniew Aleksander, fiðluleikari í Reykjavík, f. 17. júlí 1959 í Póllandi.
32. Dung Thi Minh Quach, húsmóðir í Reykjavík, f. 14. apríl 1959 í Víetnam. Fær réttinn 5. júlí 1996.
33. Dyla, Donika, húsmóðir í Reykjavík, f. 31. október 1971 í Júgóslavíu.
34. Dyla, Enver, verkamaður í Reykjavík, f. 5. ágúst 1962 í Júgóslavíu.
35. Ermolinskaia, Liudmila Valentinovna, verkakona í Borgarnesi, f. 13. október 1956 í Sovétríkjunum.
36. Ermolinskij, Alexander Palovich, körfuknattleiksmaður í Borgarnesi, f. 11. nóvember 1959 í Sovétríkjunum.
37. Fadai, Asieh, búsett í Teheran, f. 14. apríl 1956 í Íran.
38. Fortes, Joao Da Cruz, sjómaður á Akureyri, f. 10. mars 1959 á Grænhöfðaeyjum.

39. Gould, Emma Louise, nemi í Reykjavík, f. 5. nóvember 1974 á Bretlandi.
40. Gould, Katrín Jane, nemi í Reykjavík, f. 15. ágúst 1977 í Kanada.
41. Greenfield, Heidi, félagsráðgjafi í Garðabæ, f. 4. október 1955 í Kanada. Fær réttinn 12. júlí 1996.
42. Guidice, Diana, verkakona í Reykjanesbæ, f. 27. mars 1957 í Keflavík.
43. Haddad, Walid Rezkalla, veitingamaður í Reykjavík, f. 30. mars 1965 í Líbanon.
44. Hand, Stephen Cramer, húsvörður í Reykjavík, f. 21. janúar 1970 í Keflavík.
45. Hansen, Evald Ægir, afgreiðslumaður í Mosfellsbæ, f. 7. nóvember 1972 í Reykjavík.
46. Henning, Aletta Maria, húsmóðir í Reykjavík, f. 25. apríl 1936 í Suður-Afríku.
47. Hill, Cheryl Lynn, leiðbeinandi í Reykjavík, f. 7. maí 1968 í Bandaríkjunum.
48. Hong Van Bui, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 1. janúar 1966 í Víetnam. Fær réttinn 5. júlí 1996.
49. Horne, Michelle Sonia, verkakona í Hafnarfirði, f. 2. maí 1967 í Suður-Afríku. Fær réttinn 28. september 1996.
50. Hrafnhildur Pétursdóttir, verkakona í Vogum, f. 6. apríl 1975 á Filippseyjum.
51. Idriss, Rabia Oulad, fiskvinnslukona í Reykjavík, f. 13. janúar 1966 í Marokkó. Fær réttinn 11. ágúst 1996.
52. Jamora, Cirila, iðnverkakona í Reykjavík, f. 6. júlí 1973 á Filippseyjum.
53. Jankovic, Dijana, húsmóðir í Grindavík, f. 6. apríl 1965 í Júgóslavíu.
54. Jankovic, Milan, knattspyrnuþjálfari í Grindavík, f. 27. apríl 1960 í Júgóslavíu.
55. Karitas Sumati Árnadóttir, barn í Svíþjóð, f. 26. september 1994 á Indlandi.
56. Karniewicz, Danuta Elzbieta, karmelnunna í Hafnarfirði, f. 3. janúar 1963 í Póllandi.
57. Khiansanthia, Bangon, verkakona á Ísafirði, f. 16. febrúar 1968 í Tælandi. Fær réttinn 21. maí 1996.
58. Koca, Mustafa, veitingamaður í Reykjavík, f. 5. ágúst 1954 í Tyrklandi. Fær réttinn 20. júlí 1996.
59. Kolosowski, Jakub, tónlistarkennari á Ólafsfirði, f. 18. september 1953 í Póllandi. Fær réttinn 1. ágúst 1996.
60. Kolosowska, Lidia, tónlistarkennari á Ólafsfirði, f. 28. janúar 1960 í Póllandi. Fær réttinn 1. ágúst 1996.
61. Koziol, Barbara Irena, karmelnunna í Hafnarfirði, f. 1. október 1958 í Póllandi.
62. Kregar, Nusa Mir, húsmóðir í Garðabæ, f. 27. júlí 1957 í Júgóslavíu.
63. Krouská, Andrea, nemi á Akureyri, f. 23. febrúar 1976 í Tékkóslóvakíu.
64. Krouská, Jarmila, húsmóðir á Akureyri, f. 7. febrúar 1952 í Tékkóslóvakíu.
65. Kubielas, Renata Agnieszka, húsmóðir á Egilsstöðum, f. 11. júní 1972 í Póllandi.
66. Lafleur, Jaqueline Marilyn, listakona í Sandgerði, f. 27. desember 1927 í Bandaríkjunum.
67. Lahham, Jamal Al, verkamaður í Reykjavík, f. 3. mars 1958 á Sýrlandi. Fær réttinn 17. júní 1996.
68. Lang Quang Le, atvinnulaus í Reykjavík, f. 2. september 1957 í Víetnam. Fær réttinn 5. júlí 1996.
69. Larduet, Julián Duranona, handknattleiksmaður á Akureyri, f. 8. desember 1965 á Kúbu.

70. Lefever, Samuel Currey, kennari í Kópavogi, f. 28. nóvember 1954 í Bandaríkjunum.
71. Leplat, Eve Alice Lucienne, húsmóðir í Reykjavík, f. 16. júlí 1957 í Frakklandi.
72. Libongcogon, Mimie Ruda, húsmóðir á Seyðisfirði, f. 2. júní 1962 á Filippseyjum.
73. Long Van Bui, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 5. janúar 1961 í Víetnam. Fær réttinn 5. júlí 1996.
74. Lupinska, Wieslawa, iðnverkakona í Kópavogi, f. 28. mars 1961 í Póllandi.
75. Lucyk, Lidia Jaroslawa, karmelnunna í Hafnarfirði, f. 21. mars 1958 í Póllandi.
76. Luong Xuan Luu, verkamaður í Reykjavík, f. 26. desember 1966 í Víetnam. Fær réttinn 5. júlí 1996.
77. Malashenko, Olga Ivanovna, húsmóðir í Reykjavík, f. 1. júlí 1959 í Sovétríkjunum. Fær réttinn 31. ágúst 1996.
78. Mehic, Zikret, verkamaður í Ólafsvík, f. 26. september 1964 í Júgóslavíu.
79. Micic, Goran, íþróttakennari í Kópavogi, f. 7. mars 1962 í Júgóslavíu.
80. Mlodzianowska, Bozena Jadwiga, karmelnunna í Hafnarfirði, f. 16. júní 1960 í Póllandi.
81. Mlynska, Emilia Danuta, leikskólastarfsmaður í Reykjavík, f. 7. ágúst 1957 í Póllandi.
82. Naimy, Shirin M. R., kennari í Hafnarfirði, f. 17. febrúar 1963 í Jórdaníu. Fær réttinn 28. ágúst 1996.
83. Nga Van Le, verkamaður í Reykjavík, f. 17. nóvember 1958 í Víetnam. Fær réttinn 5. júlí 1996.
84. Noaimi, Nazneen, húsmóðir í Vestmannaeyjum, f. 19. september 1961 í Jórdaníu.
85. Orongan, Hernanita Neis, húsmóðir í Reykjavík, f. 4. júní 1964 á Filippseyjum.
86. Plazas, German Antonio Bohorquez, veitingamaður í Reykjavík, f. 7. mars 1960 í Kólumbíu. Fær réttinn 7. júní 1996.
87. Purusic, Davor, öryggisvörður í Reykjavík, f. 6. júlí 1966 í Júgóslavíu.
88. Ramdin, Mukesh, hjúkrunarfræðingur í Reykjavík, f. 13. september 1963 á Máritíus.
89. Razoumeenko, Dmitrii, nemi í Reykjavík, f. 25. ágúst 1969 í Sovétríkjunum.
90. Reams, Leslie Ann, leikskólakennari í Keflavík, f. 27. júlí 1967 í Bandaríkjunum.
91. Reyes, Jacobson Velos, fiskverkamaður á Sauðárkróki, f. 6. september 1966 á Filippseyjum.
92. Ritchie, Hulda Valdimarsdóttir, ellilífeyrisþegi í Reykjavík, f. 22. desember 1917 í Hnífsdal.
93. Rossiter, Emily Mary, fiskvinnslukona á Höfn, f. 10. september 1968 á Írlandi.
94. Rowlinson, Richard John, verkamaður á Selfossi, f. 11. nóvember 1970 í Hafnarfirði. Fær réttinn 12. ágúst 1996.
95. Rutkowska, Dorota, verkakona í Bolungarvík, f. 17. ágúst 1967 í Póllandi.
96. Sabahudin, Dervic, verkamaður í Ólafsvík, f. 21. október 1966 í Júgóslavíu.
97. Saint-Amant, Thomas Newman, eftirlaunaþegi í Kópavogi, f. 9. desember 1947 í Bandaríkjunum.
98. Savic, Dusko, rafvirki í Reykjavík, f. 24. september 1959 í Júgóslavíu.
99. Seidenfaden, Rüdiger, sjónfræðingur í Reykjavík, f. 13. nóvember 1956 í Þýskalandi.

100. Shanwen, Zhao, íþróttakennari í Kópavogi, f. 20. febrúar 1948 í Kína.
101. Shefqet, Lindita Keli, leikskólastarfsmaður í Reykjavík, f. 17. maí 1964 í Albaníu. Fær réttinn 14. júní 1996.
102. Simons, Anna Maya á Heygum, nemi í Englandi, f. 6. nóvember 1979 í Bandaríkjunum.
103. Simons, Christina Herborg á Heygum, nemi í Englandi, f. 22. desember 1974 í Bandaríkjunum.
104. Sinpru, Saengduan, húsmóðir í Njarðvík, f. 5. maí 1972 í Tælandi.
105. Soares da Silva, Rita de Cassia, húsmóðir á Seltjarnarnesi, f. 5. desember 1959 í Brasilíu.
106. Srdoc, Alen, afgreiðslumaður í Keflavík, f. 6. nóvember 1975 í Júgóslavíu.
107. Stankiewicz, Krystyna, verkakona á Drangsnesi, f. 15. september 1955 í Póllandi.
108. Stephenson, Alicia Suzanne, verkakona á Ísafirði, f. 24. september 1973 á Jamaíka.
109. Sundell, Lars Thomas, rennismiður í Reykjavík, f. 23. september 1960 í Svíþjóð.
110. Theerakorn, Pornthip, verkakona í Reykjavík, f. 9. október 1948 í Tælandi.
111. Thu Thi Phang, iðnverkakona í Reykjavík, f. 7. júlí 1970 í Víetnam. Fær réttinn 5. júlí 1996.
112. Thuy Thanh Thi Ngo, iðnverkakona í Reykjavík, f. 18. september 1963 í Víetnam. Fær réttinn 5. júlí 1996.
113. Tuong Bui Thanh, verkamaður í Reykjavík, f. 10. febrúar 1959 í Víetnam.
114. Trinh Thi Nguyen, iðnverkakona í Reykjavík, f. 22. júlí 1969 í Víetnam. Fær réttinn 5. júlí 1996.
115. Truong Thi Minh Ngo, húsmóðir í Reykjavík, f. 21. desember 1970 í Víetnam. Fær réttinn 5. júlí 1996.
116. Tsai, Chia-Jung, kennari á Akureyri, f. 17. september 1968 í Tævan. Fær réttinn 9. ágúst 1996.
117. Valgerður Helga Jóhannsdóttir, nemi í Reykjavík, f. 6. janúar 1982 í Reykjavík.
118. Van Thi Nguyen, iðnverkakona í Reykjavík, f. 6. maí 1959 í Víetnam. Fær réttinn 5. júlí 1996.
119. Vergara, Aida Tangulamos, verkakona í Reykjavík, f. 18. október 1961 á Filippseyjum. Fær réttinn 30. apríl 1996.
120. Ventura, Bella Marilu Funez, skrifstofumaður í Eyjafjarðarsveit, f. 26. október 1963 í Hondúras.
121. West, Melanie, húsmóðir í Reykjavík, f. 18. júní 1968 á Norður-Írlandi.
122. Wojciechowska, Barbara, karmelnunna í Hafnarfirði, f. 28. ágúst 1957 í Póllandi.
123. Wolanczyk, Marek, iðnverkamaður í Kópavogi, f. 21. ágúst 1969 í Póllandi.
124. Wolska, Hanna, karmelnunna í Hafnarfirði, f. 19. ágúst 1963 í Póllandi.
125. Wuthitha, Komkrit, nemi í Reykjavík, f. 22. nóvember 1984 í Tælandi.
126. Wuthitha, Komson, nemi í Reykjavík, f. 24. nóvember 1982 í Tælandi.
127. Xuyen Thi Nguyen, húsmóðir í Reykjavík, f. 9. september 1965 í Víetnam. Fær réttinn 5. júlí 1996.
128. Zawadzka, Stanislawa Janina, karmelnunna í Hafnarfirði, f. 28. janúar 1950 í Póllandi.
129. Zawisza, Teresa, karmelnunna í Hafnarfirði, f. 23. júlí 1959 í Póllandi.

130. Zhai, Guo Zhen, eftirlaunaþegi í Reykjavík, f. 26. desember 1934 í Kína.
131. Zhu, Wenhong, nemi í Reykjavík, f. 18. nóvember 1968 í Kína.
132. Zintchenko, Tatiana, aðstoðarsjúkraþjálfari í Hafnarfirði, f. 20. júlí 1972 í Sovétríkjunum.

965. Fyrirspurn [521. mál]

til heilbrigðisráðherra um meðferð brunasjúklinga.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Eru fyrirhugaðar úrbætur í meðferð brunasjúklinga á Landspítalanum?

966. Frumvarp til laga [522. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Sturla Böðvarsson, Árni M. Mathiesen, Einar K. Guðfinnsson, Guðjón Guðmundsson, Tómas Ingi Olrich.

1. gr.

Við A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: Frá tekjum skv. 2. mgr. A-liðar 7. gr. sem aflað er við rannsóknar- eða þróunarverkefni að fjárhæð allt að 500.000 kr. Skilyrði þess að skattstjóri veiti slíka undanþágu er að umsögn liggi fyrir um verkefnið frá Rannsóknarráði Íslands sem hafi staðfest verkefnið sem rannsóknar- og þróunarverkefni og skráð það sem slíkt. Fjármálaráðherra skal setja reglur um nánari framkvæmd þessa ákvæðis.

2. gr.

Við 31. gr. laganna bætist nýr töluliður er orðast svo: Jafnháa fjárhæð og færð hefur verið til gjalda sem rekstrarkostnaður skv. 1. tölul. við rannsóknar- og þróunarverkefni samkvæmt nánari skilyrðum sem fjármálaráðherra setur í reglugerð. Frádráttur þessi skal einungis heimill fyrir verkefnabundna rannsókna- og þróunarstarfsemi sem Rannsóknarráð Íslands hefur staðfest.

3. gr.

Við 2. mgr. 31. gr. A bætist nýr stafliður, c-liður, sem orðast svo: Jafnháa fjárhæð og árlega er færð skv. b-lið þessarar málsgreinar, enda sé um að ræða kostnað fyrirtækis við öflun einkaleyfis eða hönnunarverndar til að hagnýta þekkingu sem rekstraraðili hefur sjálfur aflað með rannsókna- og þróunarstarfsemi á eigin vegum eða í samvinnu við rannsóknastofnanir. Frádráttur þessi skal einungis heimill fyrir verkefnabundna rannsókna- og þróunarstarfsemi sem Rannsóknarráð Íslands hefur staðfest.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997.

Greinargerð.

Framfarir og framþróun í atvinnulífinu byggjast að verulegu leyti á rannsóknum. Mörg dæmi eru um mikinn kostnað við rannsóknir og þróun sem fyrirtæki og einstaklingar hafa þurft að leggja í til að hefja starfsemi eða þróa starfsemi sína. Fleiri dæmi eru eflaust um að rannsóknir hafi ekki farið fram áður en fjárfest var í búnaði, tækjum og byggingum sem engan arð báru en koma hefði mátt í veg fyrir með rannsóknum. Slík tilvik hafa kostað þjóðarbúið mikið.

Það er því skoðun flutningsmanna að hvetja eigi til rannsókna og hvers konar þróunarstarfa. Það leiði til framfara, auki hagsæld og skili sér til ríkissjóðs með tekjum af öflugra atvinnulífi. Rannsóknarverkefni af ýmsu tagi eru atvinnulífinu afar mikilvæg og brýn. Sé litið til nýrrar aldar er augljóst að auka verður þann þátt. Því er mikilvægt að fyrirtæki fái hvatningu eins og hér er gert ráð fyrir til að efla rannsóknir á öllum sviðum. Þar með yrðu rannsóknir hagnýtari þar sem þær miðuðust við þarfir atvinnulífsins.

Sú kenning er viðurkennd að vöxtur atvinnulífsins á komandi árum felist í uppbyggingu smárra fyrirtækja. Lítil fyrirtæki hafa ekki burði til að sinna miklum rannsóknum eða þróun en með hvatningu eins og þeirri sem frumvarpið gerir ráð fyrir gætu þau sinnt slíkri starfsemi í samstarfi við stærri fyrirtæki, auk þess sem svigrúm og möguleikar þeirra til þess að stunda rannsóknir og þróun á eigin vegum ykjust. Það er mat flutningsmanna að samþykkt frumvarpsins muni auka rannsókna- og þróunarstarf í smærri fyrirtækjum, svo og þátttöku stærri fyrirtækja í því starfi.

Markmið.

Það hefur lengi verið markmið að auka hlut fyrirtækja í fjármögnun og framkvæmd rannsókna. Með stofnun Rannsóknasjóðs í vörslu Rannsóknarráðs Íslands var stigið mikilvægt skref í þá átt og hefur það sýnt sig að þátttaka fyrirtækja í rannsóknum hefur aukist. Markmiðið með frumvarpi þessu er að auka hlut fyrirtækja í fjármögnun og framkvæmd rannsókna enn frekar. Enn fremur að auðvelda öflun einkaleyfa og hlutafjár á vegum eigenda fyrirtækja með vinnuframlagi við viðurkenndar rannsóknir og þróunarstörf. Það mun síðan draga úr þörf fyrir sérstakar aðgerðir af hálfu hins opinbera.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin gerir ráð fyrir tilfellum þar sem einstaklingar taka þátt í þróunar- og rannsóknarverkefnum. Til slíkra verkefna teljast t.d. öflun verkefna erlendis sem í mörgum tilfellum skila ekki arði fyrr en eftir langan tíma. Einnig er um að ræða verkefni sem lítil einstaklingsfyrirtæki vinna að, t.d. þróun nýrrar framleiðsluvöru þar sem langur tími líður þar til hún skilar arði. Oft á tíðum byggist verðmætasköpunin í slíkum verkefnum á mikilli og fórnfúsri vinnu þeirra einstaklinga sem leggja sitt vinnuframlag til viðkomandi verkefnis. Ekki er hægt að sýna vinnuframlag í bókhaldi því að þá þarf að greiða tekjuskatt af framlaginu. Þetta leiðir til þess að verðlagning á verkefninu verður röng og oft heftir það framgang verkefnanna. Enn fremur er hægt að nefna dæmi um verkefnaöflun erlendis þar sem gerðir hafa verið samningar um kostnaðarþátttöku innlenda aðilans sem í mörgum tilfellum er vinnuframlag. Í mörgum tilfellum verður slík kostnaðarþátttaka erfiðari, sérstaklega hjá minni fyrirtækjum, því að greiða þarf tekjuskatt af vinnuframlaginu.

Ákvæðið miðast við að heimilt verði að sækja um lækkun á tekjuskattsstofni þeirra einstaklinga, sem leggja fram vinnu í rannsóknar- og þróunarverkefni, um 500.000 kr., þar til ljóst verður hvort verkefnið skilar arði eða ekki. Fá verður viðurkenningu Rannsóknarráðs á því að verkefnið teljist rannsóknar- og þróunarverkefni og veitir skattstjóri síðan heimild. Fjárhæðin er óveruleg miðað við þá vinnu sem venjulega er lögð í rannsóknar- og þróunarverkefni og verður í flestum tilvikum aðeins lítill hluti heildarkostnaðar vegna vinnu.

Um 2. gr.

Lagt er til að fyrirtæki sem eru markvisst í rannsókna- og þróunarstarfi fái heimild til að gjaldfæra tvöfaldan þann kostnað sem þau hafa lagt í þróun eða rannsóknir. Þetta er beinlínis gert til að lækka skattskyldar tekjur viðkomandi fyrirtækja og hvetja fyrirtæki til þess að leggja fjármuni í rannsókna- og þróunarstörf.

Erfitt er að meta áhrif heimildarákvæða 2. gr. frumvarpsins. Hægt er þó að benda á þrjú atriði:

— Með því að lækka skattstofn fyrirtækja mun afkoma þeirra batna.
— Áhrif möguleika fyrirtækjanna til þess að ráða meira um eigin framtíð án þess að þurfa að hætta öllu til eða takmarka getu sína við að bregðast við breyttum ytri aðstæðum sem áhrif hafa á reksturinn.
— Líkur á auknum framlögum fyrirtækja til rannsókna- og þróunarstarfsemi.

Dæmi um áhrif frumvarpsins á afkomu fyrirtækja.

Bein áhrif á afkomu fyrirtækis:	*Án álags* %	*Með 100% álagi* %
Heildartekjur	100	100
Rekstrarhagnaður af rannsóknar- og þróunarverkefni	20	20
Eigið framlag til rannsóknar- og þróunarverkefna	–5	–5
Ívilnun fyrir framlög til rannsóknar- og þróunarstarfsemi	0	–10
Stofn til tekjuskatts	–15	5
Tekjuskattur (33%)	–4,95	–1,65
Hagnaður fyrir breytingar á eigin fé	10,05	3,35
Leiðrétting vegna rannsóknar- og þróunarálags	0,0	10,0
Eigið fé til næsta árs:	**10,05**	**13,35**

Í dæminu breytist afkoma fyrirtækisins lítið þrátt fyrir verulega hækkun á rannsóknar- og þróunarframlagi fyrirtækisins. Hins vegar geta stjórnendur fyrirtækisins hlutast mun meira til um framtíð þess með ákvörðunum um þátttöku í rannsókna- og þróunarstarfi. Jafnframt er haldið opnum möguleikum fyrirtækisins til umsvifa sem eru í reynd mun meiri en ef heimildin væri ekki til staðar. Það sem stjórnendum er gefið með þessari heimild snýst um að þeir geta haft meiri áhrif á rekstrargrundvöll eigin fyrirtækis.

Ekki verður með neinni vissu spáð fyrir um aukin framlög fyrirtækjanna til rannsókna- og þróunarstarfsemi ef sú heimild sem hér um ræðir verður lögfest. Þó má leiða líkur að því að aukningin verði nokkur og liggja til þess nokkrar ástæður.

Með því að takmarka réttinn til að nota heimildina við þau fyrirtæki sem verja umtalsverðum fjármunum til rannsókna- og þróunarstarfsemi er verið að skapa rýmri skilyrði til slíkra verka hjá fyrirtækjum þar sem skilningur ríkir á mikilvægi rannsókna- og þróunarstarfs og á tækifærunum sem í því felast.

Einnig er vert að benda á að rýmri möguleikar fyrirtækjanna til þess að fjárfesta í rannsókna- og þróunarstarfsemi sem skattaívilnun skapar ættu að geta leitt til þess að rannsóknarverkefnin verði umfangsmeiri og um leið markvissari. Því meira sem fyrirtækin leggja til einstakra verkefna þeim mun meira er í húfi að vel takist til. Þannig ætti að fást aukin trygging fyrir markvissri stjórnun verkefnanna.

Geta fyrirtækjanna við núverandi aðstæður til þess að verja tiltölulega háum fjárhæðum til rannsóknar- og þróunarverkefna takmarkar líklega í nokkrum mæli viðleitni til að stytta úrlausnartíma verkefnanna. Dæmi eru um að of langur tími líði uns niðurstöður rannsóknarverkefna liggja fyrir sem leiðir til þess að tækifæri renna úr greipum fyrirtækja. Með samþykkt frumvarpsins ætti að fást nokkur úrlausn í þessu efni. Þetta atriði, sem og þau sem á undan voru talin, ræðst mest af þeim ákvörðunum sem stjórnendur fyrirtækjanna taka.

Í greininni er gert ráð fyrir að skattstjóri úrskurði um heimild til frádráttar, að fenginni umsókn fyrirtækisins en hún skal staðfest af löggiltum endurskoðanda fyrirtækisins. Það hvílir á herðum endurskoðandans að fylgja reglum um hvað telst rannsóknar- og þróunarkostnaður samkvæmt ákvæðum reglugerðar sem sett yrði samkvæmt þessari grein.

Þeim sem nýta sér heimildina er skylt að halda sérstakt bókhald fyrir rannsóknar- og þróunarverkefnin sem fyrirtækið tekur þátt í. Í álitamálum skal skattstjóri leita umsagnar Rannsóknarráðs um hvort tæknilegt nýnæmi og framvinda verkefnisins sé með þeim hætti að fullvíst sé að alvara fylgi málum. Ráðið fær nauðsynlegar upplýsingar beint frá fyrirtækjum sem í hlut eiga.

Í reglugerð skal kveðið á um hvaða kostnaðarliðir heyra til rannsókna- og þróunarkostnaðar. Við samningu reglugerðarinnar má taka mið af skilgreiningum OECD og Evrópusambandsins svo að samsvörun náist við þá aðstöðu sem fyrirtækjum í samkeppnislöndum okkar er búin. Jafnframt verði höfð hliðsjón af alþjóðlegum reikningsskilastaðli, nr. 9, en hann fjallar um reikningsskil fyrir rannsókna- og þróunarstarfsemi. Í reglugerð skal fylgt þeirri meginreglu að einungis verði meðtalinn kostnaður lögaðila sem beinlínis verður rakinn til verkefnisins sem sótt er um heimild fyrir. Stofnkostnaður lýtur öðrum reglum samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Ekki er heimilt að reikna sem eigin framlög styrki sem opinberir sjóðir veita til verkefnanna.

Um 3. gr.

Með þessu ákvæði er verið að tryggja hagsmuni íslenskra fyrirtækja vegna tæknibekkingar sem þau hafa lagt í kostnað við og aflað með rannsókna- og þróunarstarfsemi sem annaðhvort hefur verið stunduð hjá þeim sjálfum eða í vísindastofnunum, samkvæmt samningum, hvort sem um er að ræða háskólastofnanir eða aðrar. Það er mikilvægt að hvetja og styðja nýsköpunarverkefni fyrirtækjanna um leið og tryggja verður að ávinningur af rannsókna- og þróunarstarfinu hafni hjá þeim sem borið hafa kostnaðinn. Þetta ákvæði má skoða sem aukinn opinberan stuðning við rannsókna- og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna í landinu.

Ekki þykir annað fært en að bæði einkaleyfishæfar uppfinningar og vörur sem þróaðar hafa verið og njóta verndar samkvæmt ákvæðum laga nr. 48/1993, um hönnunarvernd, falli undir þetta ákvæði.

Gera má ráð fyrir að útlagður kostnaður fyrirtækis fram að veitingu einkaleyfis hér á landi gæti verið 200 þús. kr. Sótt er um 20–30 einkaleyfi á ári og má gera ráð fyrir að fjórða hver umsókn endi með veitingu einkaleyfis sem bundið er við Ísland. Sé gert ráð fyrir að meðalkostnaður við öflun einkaleyfis í öðrum löndum sé 250 þús. kr. og sótt sé um einkaleyfi fyrir veitt íslensk einkaleyfi í átta löndum er kostnaðurinn um 10 millj. kr. Bókfært 100% álag nemur þá tvöfaldri þeirri upphæð og tekjuminnkun hins opinbera því 5,0 millj. kr. frá því sem nú er. Hér er um óverulega upphæð að ræða en kostnaður fyrirtækjanna af því að sleppa einkaleyfisumsóknum getur hins vegar verið verulegur, einkum ef haft er í huga að í rannsókna- og þróunarstarfinu hefur fyrirtæki með stuðningi opinberra aðila, háskóla, rannsóknastofnana og sjóða einatt varið tugum milljóna í verkefnið. Mikilvægt er að tryggja frekari árangur af rannsókna- og þróunarstarfi með því að hvetja fyrirtæki til að afla einkaleyfis- og hönnunarverndar að loknu árangursríku rannsókna- og þróunarstarfi.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

967. Svar [400. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndal um lífeyrisrétt öryrkja.

Fyrirspurninni var vísað til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og í svari þess koma fram eftirfarandi upplýsingar frá Tryggingastofnun ríkisins og tryggingayfirlækni. Þar er tekið fram að annmarkar séu á því að þeir aðilar geti veitt fullnaðarsvör við öllum liðum fyrirspurnarinnar.

1. *Hvaða bætur fær 25 ára gamall einhleypur maður sem hafði 80 þús. kr. í tekjur á mánuði og verður 80% öryrki vegna slyss sem annar aðili ber skaðabótaábyrgð á? Átt er við allar hugsanlegar bætur og réttindi frá Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóði, tryggingafélagi og öðrum aðilum eftir atvikum vegna slyssins og að*
   a. *hann hafi ekki greitt í lífeyrissjóð; örorka sé ekki bótaskyld annars staðar;*
   b. *hann eigi rétt á örorkulífeyri frá lífeyrissjóði vegna iðgjaldagreiðslu síðustu fimm árin (t.d. samkvæmt samræmdri reglugerð SAL) af launum sem höfðu hækkað hlutfallslega eins og grundvallarlaun sjóðsins og nemi nú 80 þús. kr. á mánuði; örorka sé ekki bótaskyld annars staðar;*
   c. *sama og í b-lið nema örorkan stafi af slysi (ekki bílslysi) á vinnustað sem atvinnurekandi ber ábyrgð á; þess er óskað að fjárhæð hugsanlegra eingreiðslubóta verði jafnframt tilgreind sem ígildi mánaðarlegra tekna samkvæmt viðurkenndum viðmiðunartölum um lífslíkur og raunvexti;*
   d. *sama og í c-lið nema örorkan stafi af ábyrgðarskyldu bílslysi utan vinnustaðar.*

a. Örorkulífeyrir er 13.373 kr., tekjutrygging 25.294 kr., heimilisuppbót 8.634 kr., sérstök heimilisuppbót 5.754 kr. Samtals 53.055 kr.

Sé um verulegan aukakostnað vegna örorkunnar að ræða, svo sem lyfja- og sjúkrakostnað eða húsaleigu í sveitarfélagi sem ekki greiðir húsaleigubætur, er greidd uppbót að hámarki 4.681 kr. Sé viðkomandi hreyfihamlaður og á bifreið fær hann bensínstyrk 4.317 kr. Hámarksgreiðsla frá Tryggingastofnun ríkisins á mánuði er því 62.053 kr.

b. Örorkulífeyrir er 13.373 kr., tekjutrygging 1.333 kr., heimilisuppbót 375 kr. Samtals 14.881 kr.

Sé um verulegan aukakostnað að ræða vegna örorkunnar, svo sem lyfja- og sjúkrakostnað eða húsaleigu í sveitarfélagi sem ekki greiðir húsaleigubætur, er greidd uppbót að hámarki 4.681 kr. Sé viðkomandi hreyfihamlaður og á bifreið fær hann bensínstyrk 4.317 kr. Hámarksgreiðsla frá Tryggingastofnun ríkisins á mánuði er því 23.879 kr.

c. Greiðslur eru þær sömu og í b-lið.

d. Greiðslur eru þær sömu og í b-lið.

2. *Hversu hátt orkutap mundi tryggingayfirlæknir meta vegna slíkrar örorku fyrir Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóði og hugsanlega tryggingafélag?*

Í fyrsta lið fyrirspurnarinnar er gengið út frá því að viðkomandi sé 80% öryrki vegna slyss þannig að þar hefur örorka þegar verið ákveðin. Mat fyrir Tryggingastofnun ríkisins mundi eingöngu miðast við læknisfræðilega örorku. Mat fyrir lífeyrissjóð mundi hins vegar miðast við orkutap og ekki væri hægt að ákvarða það fyrir lífeyrissjóðinn án þess að fyrir lægju nánari upplýsingar um viðkomandi. Tryggingastofnun ríkisins metur hins vegar ekki örorku fyrir tryggingafélög. (Vegna reynslu af slíkum málum er tekið fram að þar gæti annars vegar verið óskað eftir mati á læknisfræðilegri örorku, sem þegar hefur verið ákveðin 80% í þessu dæmi, og hins vegar mati á fjárhagslegri örorku. Ekki væri hægt að meta varanlega fjárhagslega örorku án þess að hafa meiri upplýsingar en fram hafa komið í þessu dæmi.)

3. *Hverjar eru heildarmánaðartekjur mannsins sem öryrkja skv. a-, b-, c- og d-lið ef hann getur unnið 20% starf og hlýtur fyrir það 20% af 80 þús. kr. eða 16 þús. kr.? Hvað eru mánaðartekjur mannsins sem öryrkja hátt hlutfall af tekjum hans fyrir slysið?*

Eingöngu fellur niður réttur til sérstakrar heimilisuppbótar. Hámarksgreiðslur væru þá 56.299 kr.

Að gefnum þeim forsendum að lífeyrissjóður sé óbreyttur er aðeins réttur til örorkulífeyris og eftir atvikum bensínstyrks. Bætast því 16.000 kr. laun á mánuði við b-, c- og d-liði. Hámarksgreiðslur væru þá 17.690 kr.

4. *Hvernig breytist svarið ef tekjur mannsins eru 120 þús. kr. á mánuði eða 160 þús. kr. á mánuði?*

Séu laun 120.000 kr. á mánuði er örorkulífeyrir 856 kr. skv. a- og b-liðum og eftir atvikum gæti verið réttur til bensínstyrks. Hámarksgreiðslur væru þá 5.173 kr.

Séu laun 160.000 kr. á mánuði fellur réttur til örorkulífeyris niður. Varðandi c-lið má vænta að gert yrði slysamat en greiðslur slysalífeyris eru óháðar tekjum.

5. Hvernig breytist svarið ef maðurinn er 55 ára á slysdegi?
Svarið breytist ekki.

Að auki skal tekið fram að hreyfihamlaðir öryrkjar geta átt rétt á bifreiðaláni 180.000 kr. eða 340.000 kr. og styrk til bifreiðakaupa 235.000 kr. eða 700.000 kr.

968. Svar [404. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um nefndir á vegum ráðuneyta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða nefndir hafa ráðherrar skipað síðan núverandi ríkisstjórn tók við völdum? Hverjir sitja í nefndunum og hvert er verkefni þeirra? Hver er niðurstaða nefndarstarfsins þar sem því er lokið? Hver er kostnaðurinn við nefndarstarfið? Svar óskast sundurliðað eftir ráðuneytum.

Forsætisráðuneytið leitaði svara hjá öðrum ráðuneytum við fyrirspurninni og fara svör þeirra hér á eftir. Rétt er að taka fram að svarið tekur eingöngu til svokallaðra verkefnisnefnda og starfshópa sem vinna að tilteknum tímabundnum verkefnum og nær því ekki til nefnda, stjórna eða ráða sem starfa ótímabundið.

Leitast hefur verið við að samræma eins og kostur er framsetningu upplýsinga frá einstökum ráðuneytum. Ekki er greint frá efnislegum niðurstöðum af starfi einstakra nefnda, en tekið er fram hafi þær lokið störfum eða skilað skýrslu. Upplýsingar um kostnað af störfum einstakra nefnda eru ekki tilgreindar í mörgum tilvikum, en þóknun fyrir nefndarstörf er oftast nær metin af þóknananefnd eftir að nefndastarfi lýkur. Flestar þær nefndir, sem hér er gerð grein fyrir, eru enn að störfum og áfallinn kostnaður því enginn enn sem komið er.

Loks ber að geta þess að þær upplýsingar sem fram koma hér á eftir eru miðaðar við þann tíma er ráðuneytin stóðu forsætisráðuneyti skil á þeim, en nokkuð misjafnt var hvenær þau gerðu það.

FORSÆTISRÁÐUNEYTI

Nefnd um fjármál stjórnmálaflokka, skipuð í september 1995:

Hreinn Loftsson, formaður, skipaður án tilnefningar, Kjartan Gunnarsson, tilnefndur af Sjálfstæðisflokki, Sigurður Arnórsson, tilnefndur af Alþýðuflokki, Einar Karl Haraldsson, tilnefndur af Alþýðubandalagi, Helgi S. Guðmundsson, tilnefndur af Framsóknarflokki, Kristín Sigurðardóttir, tilnefnd af Samtökum um kvennalista. Ritari nefndarinnar er Guðmundur Árnason, deildarstjóri í forsætisráðuneyti.

Nefndin er að störfum.

Enginn kostnaður er áfallinn.

Nefnd um snjóflóðavarnir, skipuð í september 1995:

Eiríkur Tómasson prófessor, formaður, Þorsteinn Geirsson ráðuneytisstjóri, Berglind Ásgeirsdóttir ráðuneytisstjóri, Magnús Jóhannesson ráðuneytisstjóri, Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Ísafirði, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Ritari nefndarinnar er Kristján Andri Stefánsson, deildarstjóri í forsætisráðuneyti.

Nefndin skilaði lagafrumvarpi um nauðsynlegustu breytingar í desember 1995 en var falið að vinna áfram að heildarendurskoðun laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

Kostnaður við störf nefndarinnar nemur 279.000 kr.

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu, skipuð í janúar 1996:

Hreinn Loftsson hrl., formaður, Steingrímur Ari Arason, tilnefndur af fjármálaráðherra, Sævar Þ. Sigurgeirsson, tilnefndur af viðskiptaráðherra, Jón Sveinsson hdl., tilnefndur af utanríkisráðherra. Ritari nefndarinnar er Skarphéðinn Berg Steinarsson, deildarstjóri í fjármálaráðuneyti.

Nefndin er að störfum.

Áfallinn kostnaður af störfum nefndarinnar er 185.000 kr.

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI

Nefnd sem á að endurskoða lög nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna:

Nefndin á að endurskoða lög nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Í störfum sínum skal nefndin hafa hliðsjón af markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.

Nefndina skipa Þorvaldur Búason, formaður, án tilnefningar, Steingrímur Ari Arason, án tilnefningar, Hilmar Þ. Hilmarsson, án tilnefningar, Hjálmar Árnason, án tilnefningar og Dagur Eggertsson, tilnefndur af námsmannahreyfingum.

Enginn kostnaður er áfallinn.

Nefndin var skipuð 14. ágúst 1995 og er hún að störfum.

Nefnd sem á að fjalla um og gera tillögur um tilhögun og meðferð kjaramála, lífeyrismála og starfsréttindamála kennara á grunnskólastigi, í tengslum við flutning grunnskólans til sveitarfélaga:

Verkefni nefndarinnar er eftirfarandi:

1. Að vinna að eftirtöldum atriðum varðandi kjaramál:
   a. framkvæmd á yfirfærslu samningsumboðs frá ríki til sveitarfélaga,
   b. fyrirkomulagi á kjarasamningum og ráðningarsamningum við sveitarfélögin.
2. Að fylgjast með vinnu nefndar sem vinnur að skilgreiningu lífeyrisskuldbindinga og fella þær tillögur að öðrum þáttum réttindamála kennara.
3. Að leita samkomulags um yfirfærslu á eftirfarandi starfsréttindum: biðlaunaréttindum, sjúkraréttindum, orlofsréttindum og ráðningarmálum, auk annarra réttinda.
4. Að kynna breytta tilhögun framangreindra mála fyrir kennurum og sveitarfélögum í samráði við verkefnisstjórn. Nefndin skal vinna í nánu samráði við verkefnisstjórn og gera henni reglulega grein fyrir framvindu verksins. Nefndin gerir nánari framkvæmda- og tímaáætlun um verkið í samráði við verkefnisstjórn og skal áætlunin miðast við að grunnskólalögin komi að fullu til framkvæmda 1. ágúst 1996.

Nefndina skipa Guðmundur H. Guðmundsson, formaður, tilnefndur af fjármálaráðuneyti, Jón G. Kristjánsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og Birgir Björn Sigurjónsson, tilnefndur af KÍ og HÍK.

Þóknunargreiðslur 1.192.000 kr.

Nefndin var skipuð 26. júní 1995 og skilaði skýrslu 22. desember 1995. Í febrúar 1996 skilaði nefndin frumvarpi til verkefnisstjórnar vegna flutnings grunnskóla til sveitarfélaga.

Nefndarstörfum er lokið.

Nefnd sem fjalla skal um endurbætur og uppbyggingu Þjóðleikhússins:

Nefndin á að skipuleggja framhald þess uppbyggingarstarfs sem staðið hefur um skeið, gera áætlanir um kostnað og tillögur um leiðir og verklag.

Nefndina skipa Árni Johnsen, formaður, án tilnefningar, Stefán Baldursson, án tilnefningar, og Steindór Guðmundsson, án tilnefningar.

Enginn kostnaður er áfallinn.

Nefndin var skipuð 13. febrúar 1996 og er hún að störfum.

Nefnd sem sér um fagleg mál vegna flutnings grunnskólans til sveitarfélaga:

Verkefni nefndarinnar eru:

1. Vera Sambandi íslenskra sveitarfélaga til ráðuneytis um fyrirkomulag þeirrar þjónustu er fræðsluskrifstofur hafa annast. Hér er m.a. átt við sálfræðiráðgjöf, sérkennslu, kennsluráðgjöf og aðra sérfræðiþjónustu.
2. Veita umsagnir um drög að reglugerð um verkefni fræðsluskrifstofa og flutning á þeim og setja fram tillögur og ábendingar um önnur atriði sem nefndin telur ástæðu til að huga sérstaklega að. Nefndin starfar á vegum menntamálaráðuneytisins, í nánu samráði við verkefnisstjórn og gerir henni reglulega grein fyrir framvindu verksins. Nefndin gerir nánari framkvæmda- og tímaáætlun um verkefnið í samráði við verkefnisstjórn og skal áætlunin miðast við að grunnskólalögin komi að fullu til framkvæmda 1. ágúst 1996.

Nefndina skipa Helgi Jónasson, formaður, án tilnefningar, Jón Hjartarson, án tilnefningar, Valgarður Hilmarsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og Guðrún Ebba Ólafsdóttir, tilnefnd af KÍ og HÍK.

Þóknunargreiðslur 158.000 kr.

Nefndin var skipuð 26. júní 1995 og skilaði skýrslu í október 1995. Hún vann áfram að sérverkefnum fyrir verkefnisstjórn vegna flutnings grunnskóla til sveitarfélaga.

Nefndarstörfum er lokið.

Nefnd til að fjalla um leiðir til eflingar íþróttum í skólum:

Nefndinni ber að huga að samstarfi skólanna við ráðuneyti, sveitarfélög og íþróttahreyfingu og jafnframt þætti heilbrigðisyfirvalda í eflingu íþróttaiðkunar og rannsóknum á áhrifum líkamsræktar á heilsufar.

Nefndina skipa Janus Guðlaugsson, formaður, án tilnefningar, Arnþrúður Karlsdóttir, tilnefnd af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Sigurður Magnússon, tilnefndur af ÍSÍ, og Steinunn V. Óskarsdóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Enginn kostnaður er áfallinn.

Nefndin var skipuð 10. október 1995 og er hún að störfum.

Nefnd til að gera tillögur um hagkvæmustu leiðina til að tengja bókasöfn landsins í stafrænt upplýsinganet:

Nefndin átti að leggja fram fastmótaðar tillögur um hagkvæmustu leiðina til þess að tengja bókasöfn landsins í stafrænt upplýsinganet og gera kostnaðarmat.

Nefndina skipuðu Þóra Óskarsdóttir, formaður, án tilnefningar, Hólmkell Hreinsson, án tilnefningar, Þórir Ragnarsson, tilnefndur af Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, Hrafn Harðarson, án tilnefningar, og Þórdís Þorvaldsdóttir, án tilnefningar.

Nefndin var skipuð 22. september 1995 og lauk störfum 23. janúar 1996.

Nefndin skilaði ráðuneytinu skýrslu í janúar 1996.

Þóknunargreiðslur námu 145.000 kr.

Nefnd til að gera tillögur um með hvaða hætti megi standa að stofnun listiðnaðar- og hönnunarsafns:

Nefndin á að skilgreina hlutverk, viðfangsefni og þörf á hönnunarsafni, koma með tillögur og leggja fram kostnaðaráætlun.

Nefndina skipa Stefán Snæbjörnsson, formaður, Dennis Jóhannesson, tilnefndur af Form Ísland, Aðalsteinn Ingólfsson, tilnefndur af Listasafni Íslands, Róbert Jónsson, tilnefndur af Reykjavíkurborg, Þóra Kristjánsdóttir, tilnefnd af Þjóðminjasafni Íslands, og Örn Jóhannsson, tilnefndur af Samtökum iðnaðarins.

Enginn kostnaður er áfallinn.

Nefndin var skipuð 1. febrúar 1996 og er hún að störfum.

Nefnd til að hafa umsjón með munum Húsmæðraskóla Suðurlands, Laugarvatni:

Nefndin sér um að lána munina, hafa eftirlit með að geymslur séu tryggar og meðferð munanna viðunandi að öðru leyti.

Nefndina skipa Gerður Jóhannsdóttir, formaður, án tilnefningar, Guðrún Jónsdóttir, tilnefnd af Sambandi sunnlenskra kvenna, og Páll Lýðsson, tilnefndur af héraðsnefnd Árnesinga.

Enginn kostnaður er áfallinn.

Nefndin var skipuð 12. janúar 1996 og er hún að störfum.

Nefnd til að móta reglur um úthlutanir styrkja vegna Comeníusar-hluta Sókratesáætlunar ESB og vera Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins til stuðnings við úthlutun þeirra:

Nefndin á að móta reglur um úthlutanir styrkja vegna Comeníusar-hluta Sókratesáætlunar ESB og vera Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins til stuðnings við úthlutun þeirra.

Nefndina skipa María Þ. Gunnlaugsdóttir, formaður, án tilnefningar, Hjördís Þorgeirsdóttir, tilnefnd af HÍK, Karitas Kvaran, tilnefnd af Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins, Magnús Þorkelsson, tilnefndur af Skólameistarafélagi Íslands, Ragnar Þorsteinsson, tilnefndur af Skólastjórafélagi Íslands, Guðrún Ebba Ólafsdóttir, tilnefnd af KÍ, og Arna Jónsdóttir, tilnefnd af Félagi íslenskra leikskólakennara.

Enginn kostnaður er áfallinn.

Nefndin var skipuð 16. október 1995 og er hún að störfum.

Nefnd til að móta stefnu í málefnum útlendinga sem flytjast búferlum til landsins:

Nefndin skal m.a. taka saman yfirlit yfir verkaskiptingu ráðuneyta, opinberra stofnana og annarra aðila sem málið varðar við uppbyggingu þjónustu við útlendinga sem flytjast búferlum til landsins, móta tillögur varðandi rétt nýbúa til kennslu, félagslegrar þjónustu og túlkaþjónustu, svo og aðrar tillögur um úrbætur sem hún telur nauðsynlegar.

Nefndina skipa Lárentínus Kristjánsson, formaður, án tilnefningar, Benedikt Jónsson, tilnefndur af utanríkisráðuneyti, Ingibjörg Hafstað, án tilnefningar, Jóhann Jóhannesson, án tilnefningar, Ingibjörg Broddadóttir, tilnefnd af félagsmálaráðuneyti, og Guðmundur Árnason, tilnefndur af forsætisráðuneyti.

Enginn kostnaður er áfallinn.

Nefndin var skipuð 15. september 1995 og er hún að störfum.

Nefnd til að móta upplýsingastefnu menntamálaráðuneytisins:

Hlutverk nefndarinnar var að móta stefnu ráðuneytisins um það hvernig stuðla megi að aukinni notkun nútímaupplýsingatækni til hagsbóta fyrir menntun og menningu í landinu og sjá um samræmingu vinnu undirnefnda.

Nefndina skipuðu Ásdís Halla Bragadóttir, formaður, án tilnefningar, Guðbjörg Sigurðardóttir, án tilnefningar, Hrund Hafsteinsdóttir, án tilnefningar, og Kristín Jónsdóttir, án tilnefningar.

Nefndin var skipuð 10. október 1995 og lauk hún störfum 1. mars 1996.

Nefndin skilaði ráðuneytinu skýrslu.

Þóknunargreiðslur námu 115.000 kr.

Nefnd til að móta upplýsingastefnu ráðuneytisins á sviði menningarmála:

Hlutverk nefndarinnar var að koma með tillögur um stefnu stjórnvalda er stuðlað geti að aukinni notkun nútímaupplýsingatækni til hagsbóta fyrir menningarlífið í landinu.

Nefndina skipuðu Hrund Hafsteinsdóttir, formaður, án tilnefningar, Arnþór Jónsson, án tilnefningar, Eyþór Arnalds, án tilnefningar, Guðrún Þórðardóttir, án tilnefningar, Dagný Halldórsdóttir, án tilnefningar, Bergþóra K. Ketilsdóttir, án tilnefningar, og Baldur Þórhallsson, án tilnefningar.

Nefndin var skipuð 10. október 1995 og lauk störfum 1. mars 1996.

Nefndin skilaði ráðuneytinu skýrslu.

Þóknunargreiðslur námu 405.000 kr.

Nefnd til að móta upplýsingastefnu ráðuneytisins á sviði menntamála:

Hlutverk nefndarinnar var að koma með tillögur um stefnu stjórnvalda er stuðlað geti að aukinni notkun nútímaupplýsingatækni til hagsbóta fyrir menntun í landinu.

Nefndina skipuðu Guðbjörg Sigurðardóttir, formaður, án tilnefningar, Haukur Ágústsson, án tilnefningar, Þórður Kristinsson, án tilnefningar, Hildigunnur Halldórsdóttir, án tilnefningar, Lára Stefánsdóttir, án tilnefningar, og Anna Þórhallsdóttir, án tilnefningar.

Nefndin var skipuð 10. október 1995 og lauk hún störfum 1. mars 1996.

Nefndin skilaði ráðuneytinu skýrslu.

Þóknunargreiðslur námu 540.000 kr.

Nefnd til að móta upplýsingastefnu um innanhússmálefni menntamálaráðuneytisins:

Hlutverk nefndarinnar var að móta almenna stefnu fyrir ráðuneytið sjálft um upplýsingamál, koma með tillögur um aðgerðir og forgangsraða þeim verkefnum sem nefndin taldi mikilvægust.

Nefndina skipuðu Kristín Jónsdóttir, formaður, án tilnefningar, Stefán Baldursson, án tilnefningar, Sólrún Jensdóttir, án tilnefningar, Pétur Ásgeirsson, án tilnefningar, og Þorgeir Ólafsson, án tilnefningar.

Nefnd sem á að yfirfara tillögur tilsjónarmanns St. Jósefsspítala Hafnarfirði um breytt hlutverk deilda spítalans, skipuð 24. nóvember 1995:

Ragnheiður Haraldsdóttir deildarstjóri, formaður, Jóhannes Gunnarsson, lækningaforstjóri Borgarspítala, Sveinn Magnússon héraðslæknir, Vilborg Ingólfsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur, Þórður Harðarson, sviðsstjóri Landspítala, Ásgeir Theódórs lyflæknir, Gunnhildur Sigurðardóttir hjúkrunarforstjóri, Emma R. Marinósdóttir deildarstjóri er starfsmaður nefndarinnar.

Nefndin hefur lokið störfum og skilað ráðherra áliti.

Þóknun nefndarmanna nam 59.200 kr.

Nefnd til að kanna möguleika á, og eftir atvikum, að skipuleggja og koma á fót t.d. helgardvöl í góðu umhverfi fyrir þá sem vilja hætta að reykja. Reykhúsanefnd, skipuð 27. september 1995:

Tilnefndur af landlækni: Ingimar Einarsson félagsfræðingur, formaður. Tilnefndur af stjórn Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur: Þorsteinn Blöndal yfirlæknir. Tilnefnd af Krabbameinsfélagi Íslands: Sigríður Lister hjúkrunarfræðingur. Tilnefndur af Tóbaksvarnanefnd: Helgi Guðbergsson yfirlæknir. Tilnefndur af framkvæmdastjórn Ríkisspítala: Þórarinn Gíslason sérfræðingur. Án tilnefningar: Ingileif Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur. Emma R. Marinósdóttir deildarstjóri, ritari nefndarinnar.

Nefndin hefur lokið störfum og skilað ráðherra áliti.

Þóknun til nefndarmanna nam 104.500 kr.

Nefnd sem gera á tillögur um með hvaða hætti best sé að kynna heilbrigðisstéttum og sjúklingum rétt sjúklinga, skipuð 21. apríl 1995:

Frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu: Dögg Pálsdóttir skrifstofustjóri, formaður, Ragnheiður Haraldsdóttir deildarstjóri, ritari. Samkvæmt tilnefningu landlæknis: Ólafur Ólafsson landlæknir. Samkvæmt tilnefningu Læknafélags Íslands: Ástríður Stefánsdóttir læknir. Samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga: Lovísa Baldursdóttir hjúkrunarframkvæmdastjóri. Samkvæmt tilnefningu Samtaka heilbrigðisstétta: Rannveig Gunnarsdóttir félagsráðgjafi. Samkvæmt tilnefningu Neytendasamtakanna: Ingveldur Fjeldsted.

Nefndin hefur lokið störfum og skilað ráðherra áliti og frumvarpi til laga um réttindi sjúklinga.

Þóknun mun verða ákvörðuð af þóknananefnd og er til umfjöllunar hjá nefndinni.

Nefnd sem gera skal tillögur um nýtingu á húsnæði Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur, skipuð 19. október 1995:

Fulltrúi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis: Ragnheiður Haraldsdóttir deildarstjóri, formaður. Fulltrúi öldrunarlækningadeildar Ríkisspítala: Þór Halldórsson yfirlæknir. Fulltrúar Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur: Bergljót Líndal hjúkrunarforstjóri. Helgi Guðbergsson, formaður læknaráðs. Fulltrúi Reykjavíkurborgar: Hjörleifur Kvaran borgarlögmaður.

Nefndin hefur lokið störfum og skilað ráðherra áliti.

Þóknun til nefndarmanna nam 73.130 kr.

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI

Vinnuhópur sem semji kynningarrit um helstu atriði er snúa að starfsmannamálum við breytingu ríkisstofnana í hlutafélög:

Ritið er ætlað viðkomandi starfsmönnum til leiðbeiningar. Þar komi m.a. fram atriði er varða biðlaunarétt, orlofsrétt, veikindarétt, lífeyrisrétt, barnsburðarleyfi og slysatryggingar. Þá skal hópurinn semja leiðbeiningar fyrir stjórnendur ríkisstofnana sem breytt er í hlutafélög.

Hópinn skipa: Gunnar Björnsson, deildarstjóri í fjármálaráðuneyti, Gunnar Hjartarson, framkvæmdastjóri Lyfjaverslunar Íslands, Skarphéðinn B. Steinarsson, deildarstjóri í fjármálaráðuneyti.

Starfi er ekki lokið.

Nefnd til að vinna að gerð nýs fjárlagakerfis; kerfið er ætlað til nota fyrir fjármálaráðuneyti og önnur ráðuneyti:

Nefndina skipa Halldór Árnason, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneyti, formaður, Árni Hauksson, fulltrúi í dómsmálaráðuneyti, Jón Magnússon, viðskiptafræðingur í fjármálaráðuneyti, Nökkvi Bragason, hagfræðingur í fjármálaráðuneyti, Ólafur Darri Andrason, fulltrúi í menntamálaráðuneyti, Ragnheiður K. Gunnarsdóttir, deildarsérfræðingur hjá Ríkisbókhaldi, Sigurður Ólafsson, hagfræðingur í fjármálaráðuneyti.

Starfi nefndarinnar er lokið með skýrslu.

Kostnaður nam 195.892 kr.

Starfshópur sem meti kosti og galla við að færa starfsemi Þjónustumiðstöðvar ríkisverðbréfa frá ríki til einkaaðila:

Athuga skal áhrif breytingar á markaðsstöðu ríkisverðbréfa, þróun verðbréfamarkaðarins og hvernig unnt verði að tryggja að verðbréfafyrirtæki viðhaldi tilboðsgerð í útboðum o.fl.

Hópinn skipa Einar Sigurjónsson, deildarstjóri í fjármálaráðuneyti, formaður, Pétur Kristinsson, Lánasýslu ríkisins, Svanbjörn Thoroddsen rekstrarráðgjafi.

Starfi er ekki lokið.

Starfshópur sem geri tillögur til breytingar á lögum nr. 97/1987, um vörugjald.

Starfshópurinn skal kanna hvernig unnt sé að haga álagningu og innheimtu vörugjalds þannig að jafnræði sé tryggt milli innlendra og erlendra vara án þess að framkvæmdin verði óþarflega flókin og að kanna hvort til álita geti komið að í stað núverandi vörugjalds verði sömu tekna aflað með öðrum gjaldstofni.

Hópinn skipa Guðrún Ásta Sigurðardóttir, deildarstjóri í fjármálaráðuneyti, formaður, Bjarnfreður Ólafsson, deildarstjóri hjá embætti ríkisskattstjóra, Maríanna Jónasdóttir, deildarstjóri í fjármálaráðuneyti, Stefán Guðjónsson, framkvæmdastjóri Félagi íslenskra stórkaupmanna, Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.

Starfi er lokið með skýrslu.

Starfshópur er fjalli um málefni Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins og þær breytingar sem þarf að gera á starfsemi hennar í ljósi nýrra laga:

Verkefni hópsins er að gera tillögur til ráðuneytisins um skipulag ÁTVR, meginstefnu og verkefni, stjórn og starfsmannamál. Enn fremur að gera tillögu um heildsölu og smásölustarfsemi verslunarinnar, verðlagningarreglur o.fl.

Hópinn skipa Indriði H. Þorláksson, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneyti, formaður, Höskuldur Jónsson, forstjóri ÁTVR, Júlíus S. Ólafsson, forstjóri Ríkiskaupa.

Starfi er lokið með setningu reglugerða og skipan stjórnar ÁTVR.

Kostnaður óviss.

Starfshópur er semji drög að reglugerð um innflutning og heildsölu áfengis á grundvelli laga um verslun með áfengi og tóbak:

Hópnum er ætlað að gera skil á ýmsum verkefnum er tengjast breytingu á áfengislöggjöfinni og gera tillögur um önnur atriði sem æskilegt er að kveða á um í reglugerð. Hópinn skipa Áslaug Guðjónsdóttir, lögfræðingur í fjármálaráðuneyti, formaður, Baldvin Hafsteinsson, lögfræðingur hjá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Högni Kristjánsson, lögfræðingur í dómsmálaráðuneyti, Sigurgeir A. Jónsson ríkistollstjóri.

Starfi lauk með setningu reglugerðar.

Kostnaður 94.028 kr.

Starfshópur er semja skyldi reglugerð á grundvelli laga um gjald á áfengi. Hópurinn skyldi einnig annast nauðsynlegan undirbúning gjaldtökunnar sem hófst 1. september sl.:

Hópinn skipuðu Jón Guðmundsson, deildarstjóri í fjármálaráðuneyti, formaður, Ásta Garðarsdóttir, forstöðumaður hjá Ríkisbókhaldi, Hermann Jónasson, lögfræðingur í fjármálaráðuneyti, Jón H. Steingrímsson, forstöðumaður hjá embætti ríkiskattstjóra, Karl Garðarsson vararíkistollstjóri.

Starfi lauk í ágúst sl. með setningu reglugerðar.

Nefnd um heildarendurskoðun á stefnu ríkisins í starfsmannamálum:

Markmið endurskoðunarinnar er að auka hagkvæmni í ríkisrekstrinum, stuðla að bættri þjónustu hins opinbera og að gera starfsmannastefnu ríkisins skýrari en nú er. Nefndin skal hafa að leiðarljósi að ábyrgð stjórnenda ríkisstofnana á starfsmannamálum, þar með töldum launamálum, verði aukin og að kjarabundin réttindi og kjarasamningar opinberra starfsmanna líkist því sem gerist á almennum vinnumarkaði. Þá verði gerðar kröfur til menntunar og reynslu starfsmanna sérstaklega athugaðar. Loks gæti nefndin að jafnrétti karla og kvenna, bæði með tilliti til launa og starfsréttinda.

Nefndina skipa Eiríkur Tómasson prófessor, formaður, Inga Dóra Sigfúsdóttir stjórnmálafræðingur, Þórður S. Óskarsson vinnusálfræðingur.

Starfi er ekki lokið að fullu en lagt hefur verið fram frumvarp um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Nefnd um lífeyrismál. Nefndinni er ætlað, í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, að gera tillögur til úrbóta í lífeyrismálum og undirbúa nauðsynleg lagafrumvörp:

Nefndina skipa Steingrímur Ari Arason, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, formaður, Baldur P. Erlingsson, lögfræðingur, Guðmundur H. Garðarsson, fyrrverandi alþingismaður, Margeir Daníelsson framkvæmdastjóri, Már Guðmundsson, hagfræðingur Seðlabanka Íslands, Pétur H. Blöndal alþingismaður, Vigdís Jónsdóttir hagfræðingur, Örn Gústafsson viðskiptafræðingur.

Með nefndinni starfa Indriði H. Þorláksson skrifstofustjóri, Magnús Pétursson ráðuneytisstjóri og Áslaug Guðjónsdóttir lögfræðingur.

Starfi er ekki að fullu lokið.

Kostnaður nam 496.259 kr.

Nefnd er sjái um að veita ríkisstofnunum viðurkenningu fyrir að skara fram úr í þjónustu, hagræðingu í rekstri eða hugvitsamlegum nýjungum:

Nefndina skipa Hallgrímur Jónasson forstjóri, formaður, Erna Bryndís Halldórsdóttir endurskoðandi, Kristján Jóhannsson lektor, Óli Björn Kárason ritstjóri, Þórunn Pálsdóttir fjármálastjóri, Þuríður Jónsdóttir, varaformaður Neytendasamtakanna.

Starfi er ekki lokið.

Starfshópur er athugi fyrirkomulag innheimtu virðisaukaskatts af sölu blaða og tímarita sem seld eru í áskrift í gegnum Póstgíróstofuna:

Starfshópurinn skal athuga framkvæmd ákvæða reglugerðar nr. 336/1993 og gera tillögur um hvort ástæða sé til að breyta þessu fyrirkomulagi.

Hópinn skipa Hermann Jónasson lögfræðingur, formaður, Jóhanna Guðbjartsdóttir, fulltrúi tollstjóra, Óskar Páll Óskarsson, fulltrúi hjá embætti ríkisskattstjóra.

Starfi lauk í desember sl. með skýrslu.

Kostnaður enginn.

Starfshópur er leggi fram framkvæmdaáætlun um bætta samkeppnisstöðu Íslands. Starfshópurinn skal byggja starf sitt á skýrslu nefndar sem skipuð var 1994:

Hópinn skipa Sigurður Helgason forstjóri, formaður, Geir Magnússon forstjóri, Guðmundur Magnússon sagnfræðingur, Þórólfur Gíslason kaupfélagsstjóri.

Tengiliðir úr fjármálaráðuneyti eru Katrín Ólafsdóttir og Þór Sigfússon. Með nefndinni starfaði Ólafur Davíðsson.

Starfi er ekki lokið.

Samstarfsnefnd sem yfirfari lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna og lífeyrisréttindi í Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna:

Nefndin hafi samráð við nefnd um lífeyrismál og verkefnisstjórn menntamálaráðuneytis vegna flutnings grunnskólans til sveitarfélaga.

Nefndina skipa Steingrímur Ari Arason, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, Áslaug Guðjónsdóttir, lögfræðingur í fjármálaráðuneyti, Indriði H. Þorláksson, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneyti, Magnús Pétursson, ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytis, Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, Birgir Björn Sigurjónsson, hagfræðingur Bandalags háskólamanna, Eiríkur Jónsson, formaður KÍ.

Starfi er ekki lokið.

Starfshópur sem vinni úttekt á afskrifuðum skattskuldum og skili skýrslu um málið að ósk nokkurra alþingismanna, sbr. þskj. 232 á 120. löggjafarþingi:

Í skýrslunni skal koma fram þróun og orsök afskrifaðra skattskulda síðustu tíu ár. Starfshópinn skipa Bragi Gunnarsson, lögfræðingur í fjármálaráðuneyti, Ásta Garðarsdóttir, forstöðumaður hjá Ríkisbókhaldi, Ástráður Karl Guðmundsson, deildarstjóri í fjármálaráðuneyti, Grétar Þór Kristinsson, lögfræðingur hjá embætti ríkiskattstjóra, Helgi Guðmundsson, Ríkisendurskoðun.

Starfi er ekki að fullu lokið.

Nefnd sem ætlað er að gera tillögur um endurskoðun á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar:

Þar segir: Að taka upp samstarf við aðila vinnumarkaðarins um endurskoðun á skattkerfinu með það að markmiði að draga úr skattsvikum, lækka jaðarskatta, einfalda skattkerfið og auka jafnræði innan þess. Með skattaívilnunum verði almenningur hvattur til að leggja áhættufé í atvinnufyrirtæki. Undirbúningi þessara skattbreytinga verði lokið á árinu 1996.

Nefndina skipa Ólafur Davíðsson, ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis, formaður, Benedikt Davíðsson, forseti ASÍ, Hjálmar Árnason alþingismaður, Rannveig Sigurðardóttir, hagfræðingur BSRB, Vilhjálmur Egilsson alþingismaður, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þórarinn V. Þórarinsson, framkvæmdastjóri VSÍ.

Starfi er ekki lokið.

Starfshópur sem taki til skoðunar hvernig staðið skuli að útgáfu á úrskurðum yfirskattanefndar sem skylt er að gefa út skv. 14. gr. laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd:

Markmiðið er að kanna hvort rétt sé að auka við útgáfuna með því að bæta við efni sem tengist sköttum og gjöldum er heyra undir stjórnsýslu fjármálaráðuneytisins. Hópinn skipa: Ólafur Ólafsson, formaður yfirskattanefndar, formaður, Friðgeir Sigurðsson, lögfræðingur hjá embætti ríkisskattstjóra, Margrét Gunnlaugsdóttir, lögfræðingur í fjármálaráðuneyti.

Starfi er ekki lokið.

Starfshópur sem semji frumvarp til breytinga á tollalögum:

Meðal þeirra efnisatriða sem gera skal tillögu um breytingar á er: Skipulag yfirstjórnar tollamála, skipan tollumdæma, breytingar á tolleftirliti, pappírslaus tollviðskipti, réttarstaða almennings gagnvart tollyfirvöldum og málsmeðferðarreglur tollalaga.

Hópinn skipa: Guðrún Ásta Sigurðardóttir, lögfræðingur í fjármálaráðuneyti, formaður, Sigurgeir A. Jónsson ríkistollstjóri, Snævar Guðmundsson, viðskiptafræðingur hjá Hagsýslu ríkisins.

Starfi er lokið og lagt hefur verið fram frumvarp um þetta efni.

Starfshópur um lúkningu frumvarps til breytinga á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar:

Hópurinn skal vera til ráðgjafar um undirbúning og framkvæmd laganna, þar með talda setningu reglugerðar.

Hópinn skipa: Bergþór Magnússon, lögfræðingur í fjármálaráðuneyti, formaður, Ásta Garðarsdóttir, forstöðumaður hjá Ríkisbókhaldi, Eggert J. Hilmarsson, lögfræðingur hjá embætti ríkisskattstjóra, Guðjón Á. Ríkharðsson, deildarstjóri hjá Ríkisbókhaldi, Hermann Jónasson, lögfræðingur í fjármálaráðuneyti, Jón H. Steingrímsson, forstöðumaður hjá embætti ríkisskattstjóra.

Starfinu er ekki að fullu lokið en lagt hefur verið fram frumvarp til laga um fjáröflun til vegagerðar.

Vinnuhópar sem skipaðir hafa verið í tengslum við sparnaðarátak ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1997 og hafa að markmiði að ná fram lækkun rekstrarútgjalda A-hluta ríkissjóðs:

Með vinnuhópunum starfar verkefnisstjórn og samráðsnefnd ráðuneyta. Einstakir hópar eru svo skipaðir:

Þjónustugjöld og endurgreiðslur: Ólafur Hjálmarsson, fjármálaráðuneyti, formaður, Friðrik Andersen, Sjúkrahúsi Reykjavíkur, Ólafur Darri Andrason, menntamálaráðuneyti, Sólveig Guðmundsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Þorvaldur Finnbjörnsson, Rannsóknarráði Íslands.

Innri gjaldtaka og arðgreiðslur, fækkun og sameining sjóða: Guðmundur Jóhannsson, fjármálaráðuneyti, formaður, Atli Atlason, Fiskistofu, Benedikt Árnason, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Guðjón Þorkelsson, RALA, Hannes M. Sigurðsson, Vegagerðinni, Ólafur Friðriksson, landbúnaðarráðuneyti.

Sameining stofnana og niðurfelling verkefna: Haukur Ingibergsson, fjármálaráðuneyti, formaður, Anna Sigríður Örlygsdóttir, fjármálaráðuneyti, Stefán Baldursson, menntamálaráðuneyti, Þorsteinn A. Jónsson, dómsmálaráðuneyti, Þórir Haraldsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Aðalskrifstofur ráðuneyta: Guðmundur Árnason, forsætisráðuneyti, formaður, Benedikt Jónsson, utanríkisráðuneyti, Haraldur Sverrisson, fjármálaráðuneyti, Kristín Jónsdóttir, menntamálaráðuneyti, Þórður H. Ólafsson, umhverfisráðuneyti.

Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga: Leifur Eysteinsson, fjármálaráðuneyti, formaður, Hermann Guðjónsson, Vita- og hafnamálastofnun, Húnbogi Þorsteinsson, félagsmálaráðuneyti, Svanhvít Jakobsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Eftirlits- og rannsóknarstarfsemi: Snævar Guðmundsson, fjármálaráðuneyti, formaður, Ari Edwald, sjávarútvegsráðuneyti, Eiríkur Baldursson, menntamálaráðuneyti, Ingimar Jóhannsson, landbúnaðarráðuneyti, Ingimar Sigurðsson, umhverfisráðuneyti, Ingólfur Bender, fjármálaráðuneyti, Sveinn Þorgrímsson, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Vinnuhóparnir hafa gert tillögur til ráðherranefndar um ríkisfjármál.

Kostnaður enginn umfram reglubundin laun starfsmanna.

Ráðgefandi verkefnisstjórn/samráðsstjórn sparnaðarátaks ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1997; stjórnin skal vera ráðgefandi um tillögur vinnuhópanna:

Verkefnisstjóri er Sigfús Jónsson, Nýsi. Stjórnina skipa: Árni Vilhjálmsson prófessor, formaður, Halldór Árnason skrifstofustjóri, Jón Kristjánsson alþingismaður, Ólafur Ólafsson forstjóri, Sturla Böðvarsson alþingismaður, Tryggvi Pálsson framkvæmdastjóri.

Nefnd um árangursstjórnun í ríkisrekstri. Nefndin skal athuga hvaða umbætur þurfa að eiga sér stað í rekstrarumhverfi og samskiptum stofnana og ráðuneyta:

Nefndina skipa: Guðfinna Bjarnadóttir framkvæmdastjóri, formaður, Aðalsteinn Eiríksson skólastjóri, Anna Lilja Gunnarsdóttir rekstrar- og hjúkrunarfræðingur, Hjálmar Árnason alþingismaður, Inga Jóna Þórðardóttir viðskiptafræðingur, Þórhallur Arason skrifstofustjóri.

Starfið er nýlega hafið.

SAMGÖNGURÁÐUNEYTI

Nefnd til að gera úttekt á réttarstöðu flugumferðarstjóra:

Skipuð 31. janúar 1996, í samræmi við yfirlýsingu samgönguráðherra með kjarasamningi fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Félags íslenskra flugumferðarstjóra, dags. 29. desember 1995. Nefndin skal fyrir 30. september 1996 skila skriflegri niðurstöðu, ásamt þeim forsendum sem lagðar eru til grundvallar.

Nefndina skipa Halldór S. Kristjánsson, skrifstofustjóri í samgönguráðuneytinu, Þorleifur Björnsson flugumferðarstjóri, Jón Gunnlaugsson flugumferðastjóri, Loftur Jóhannsson flugumferðarstjóri, Grétar Guðmundsson launaskrárritari, Grétar Már Sigurðsson, sendifulltrúi í utanríkisráðuneyti.

Nefnd til að gera tillögur til ráðherra um ráðstöfun á þeim 20 millj. kr. sem ætlaðar eru til skuldbreytinga hjá hótelum á landsbyggðinni sem opin eru allt árið:

Nefndin er skipuð 10. maí 1995. Í henni eiga sæti sæti Sturla Böðvarsson, formaður, Þorleifur Þ. Jónsson og Björn Viðar Arnviðarson.

Stýrihópur vegna stefnumótunar í ferðamálum:

Stofnaður 17. október 1995 til að móta stefnu í ferðamálum. Nefndina skipa Magnús Oddsson forstöðumaður, Hildur G. Jónsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson, Magnús Gunnarsson, Ólafur Örn Haraldsson, Tómas Ingi Olrich, Valtýr Sigurbjarnarson, Pétur J. Eiríksson.

IÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI

Starfshópur til að endurskoða ákvæði laga um vörumerki:

Ásgeir Einarsson lögfræðingur, formaður, Ásta Valdimarsdóttir lögfræðingur og Hafdís Ólafsdóttir lögfræðingur, ritari.

Starfshópnum er ætlað að endurskoða ákvæði laga um vörumerki, nr. 47/1968, með hliðsjón af þjóðréttarlegum skuldbindingum sem stafa af EES-samningnum. Samkvæmt þeim samningi skal Ísland, fyrir 1. janúar 1997, gerast aðili að Madrid-viðaukanum um vörumerki. Alþjóðasamningur þessi kallar á að tekin verði inn í vörumerkjalögin nýr kafli um alþjóðlegar umsóknir. Einnig er starfshópnum ætlað að meta hvort rétt sé að gera aðrar breytingar á lögum um vörumerki, m.a. með hliðsjón af þeirri réttarþróun sem hefur orðið á þessu sviði á Norðurlöndunum

Stafshópurinn hefur ekki lokið störfum.

Nefnd til að endurskoða lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri:

Jón Sveinsson hdl., formaður, Arnór Halldórsson deildarstjóri, Baldur Guðlaugsson hrl., Finnur Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Halldór J. Kristjánsson skrifstofustjóri.

Nefndinni er falið endurskoða frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar, en frumvarpið var lagt fyrir Alþingi í tíð síðustu ríkisstjórnar. Sérstaklega er því beint til nefndarinnar að hún kanni hvort ákvæði frumvarpsins fullnægi alþjóðlegum samningsskuldbindingum Íslendinga og hvort ástæða sé til að ganga lengra en þær kveða á um. Þá er henni ætlað að kanna hvort breyta megi ákvæðum laganna þannig að þau verði jákvæðari í garð erlendra fjárfesta.

Nefndin hefur ekki lokið störfum.

Starfshópur til að semja drög að frumvarpi til laga um ábyrgð í þjónustukaupum:

Atli Freyr Guðmundsson skristofustjóri, formaður, Ólafur Helgi Árnason, lögfræðingur hjá Samtökum iðnaðarins, Sigríður A. Arnardóttir, lögfræðingur hjá Neytendasamtökunum, Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir, lögfræðingur hjá Samkeppnisstofnun.

Starfshópnum er ætlað að semja drög að frumvarpi til laga um þjónustu við neytendur, einkum hvað varðar þjónustu iðnaðarmanna og ófaglærðra aðila.

Starfshópurinn hefur ekki lokið störfum.

Samkeppnisnefnd:

Atli Freyr Guðmundsson skrifstofustjóri, formaður, Guðmundur Sigurðsson viðskiptafræðingur, Jón Þórarinsson lögfræðingur, Jónas Fr. Jónsson lögfræðingur, Skarphéðinn Berg Steinarsson viðskiptafræðingur, Tryggvi Axelsson lögfræðingur.

Hlutverk nefndarinnar er að kanna hvaða opinber fyrirtæki og stofnanir eða fyrirtæki sem njóta opinberrar verndar eru í samkeppni við fyrirtæki á frjálsum markaði.

Nefnd um lítil og meðalstór fyrirtæki:

Davíð Scheving Thorsteinsson, Baldur Pétursson, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Jón Steindór Valdimarsson, tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands og Samtökum iðnaðarins, Ragnar Kjartansson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Björn Ólafsson, tilnefndur af Byggðastofnun, og Pétur Einarsson, tilnefndur af sjávarútvegsráðherra.

Nefndinni er ætlað að kanna þá möguleika sem EES-samningurinn skapar fyrir íslenskt atvinnulíf, koma með tillögur um á hvern hátt þeir verði best nýttir og að miðla þeim upplýsingum til atvinnulífs. Enn fremur að vinna að mótun og framkvæmd sérstakrar atvinnuþróunar- og nýsköpunarstefnu er miði að aukinni samkeppnishæfni atvinnulífs. Þá er nefndinni ætlað að kanna hvernig auka megi skilvirkni og samræmingu þeirra stuðningsaðgerða sem nú eru fyrir hendi.

Nefndin hefur ekki lokið störfum.

Nefnd um hlutafélagavæðingu ríkisviðskiptabankanna:

Gunnlaugur Sigmundsson, fulltrúi viðskiptaráðherra, Birgir Ísleifur Gunnarsson, fulltrúi Seðlabanka Íslands, Geir H. Haarde, fulltrúi fjármálaráðherra.

Hlutverk nefndarinnar er að finna lausnir á ýmsum álitaefnum í tengslum við breytingu á ríkisviðskiptabönkum í hlutafélagsbanka og semja nauðsynlegt lagafrumvarp (frumvörp) þar að lútandi; jafnframt að semja drög að samþykktum fyrir hlutafélagsbankana og drög að stofnefnahagsreikningi.

Nefndin hefur ekki lokið störfum.

Nefnd til að semja skýrslu um iðjukosti og virkjanir:

Jón Ingimarsson skrifstofustjóri, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, formaður, Alfreð Þorsteinsson, formaður stjórnar veitustofnana Reykjavíkurborgar, Garðar Ingvarsson, framkvæmdastjóri markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar, Halldór Jónatansson, forstjóri Landsvirkjunar, Jakob Björnsson, orkumálastjóri hjá Orkustofnun, Ragnheiður Kristjánsdóttir deildarsérfræðingur, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Hlutverk nefndarinnar er að semja drög að skýrslu um helstu iðjukosti sem til athugunar hafa verið að undanförnu, hvenær rekstur iðjuveranna gæti hugsanlega hafist miðað við ákveðinn orkuafhendingartíma og hvernig hagkvæmast yrði að afla orku vegna þeirra.

Nefndin hefur ekki lokið störfum.

Nefnd til að endurskoða starfsemi Orkustofnunar og Iðntæknistofnunar:

Sveinn Þorgrímsson, deildarstjóri í iðnaðarráðuneyti, formaður, Eyjólfur Árni Rafnsson, stjórnarformaður Orkustofnunar, Ásbjörn Blöndal, formaður Samorku, Sigfús Jónsson, stjórnarformaður Iðntæknistofnunar, Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.

Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögur um hvernig heppilegt sé að greina ráðgjafar- og stjórnsýslustarfsemi Orkustofnunar frá rannsóknum á orkulindunum og þjónusturannsóknum stofnunarinnar og kanna jafnframt hvaða þætti í starfsemi iðnaðarráðuneytisins kann að vera heppilegt að flytja til stofnunarinnar. Þá er henni falið að fara yfir rannsóknir sem fram fara á Orkustofnun og Iðntæknistofnun og meta þörf á að ríkið sinni þeim áfram og hvort heppilegt sé að sameina rannsóknir sem stundaðar eru á Iðntæknistofnun og Orkustofnun, að hluta eða öllu leyti, eða að flytja ákveðna þætti þeirra til annarra ríkisstofnana.

Nefndin hefur ekki lokið störfum.

Samráðs- og viðræðunefnd um tiltekin stóriðjuverkefni:

Jóhannes Nordal, formaður, Geir A. Gunnlaugsson, stjórnarformaður markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar, Halldór J. Kristjánsson, skrifstofustjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Halldór Jónatansson, forstjóri Landsvirkjunar, Jóhann Már Maríusson, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar

Verkefni nefndarinnar er að leiða til lykta viðræður við Alusuisse-Lonza um stækkun ÍSAL, kanna vilja Atlantsálsaðilanna til framhalds Atlantsálsverkefnisins og að annast undirbúningsviðræður við kínverska álfyrirtækið CNNMIC um þátttöku þess í uppbyggingu áliðnaðar hér á landi. Þá á nefndin að vera vettvangur samráðs um stækkun járnblendiverksmiðjunnar ef stjórn félagsins óskar eftir viðræðum við eignaraðila um stækkun fyrirtækisins.

Nefndin er að störfum.

Nefnd um samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu:

Stefán Guðmundsson alþingismaður, formaður, Árni Jóhannsson, Samtökum iðnaðarins, Dennis Jóhannesson, Arkitektafélagi Íslands, Guðjón Guðmundsson alþingismaður, Guðmundur Guðmundsson, Múrarafélagi Reykjavíkur, Grétar Þorsteinsson, tilnefndur af ASÍ, Ólafur Vigfússon, Verkfræðingafélagi Íslands, Sigfús Jónsson, Innkaupastofnun Reykjavíkur, skipaður af Reykjavíkurborg, Smári Þorvaldsson, umhverfisráðuneyti, Steindór Guðmundsson, Framkvæmdasýslu ríkisins, skipaður af fjármálaráðuneyti, Sveinn Þorgrímsson, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Björn Stefánsson, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Hlutverk nefndarinnar er að gera úttekt á umfangi innkaupa ríkis og sveitarfélaga á erlendri framleiðslu þegar sambærileg innlend framleiðsla er fáanleg hér á landi. Að kanna framkvæmd útboða þegar val stendur á milli innlendrar og erlendrar framleiðslu og hvort innfluttar vörur lúti sömu rannsóknum og sama eftirliti og innlendar. Nefndinni er ætlað að gera tillögur um hvernig stjórnvöld geti stuðlað að því að tryggja samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu.

Nefndin hefur ekki lokið störfum.

Nefnd um markaðssetningu íslenskra verðbréfa erlendis:

Ólafur Ísleifsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af Seðlabanka Íslands, formaður, Benedikt Árnason hagfræðingur, viðskiptaráðuneyti, Finnur Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra viðskiptabanka og Sambandi íslenskra sparisjóða, Gunnar Helgi Hálfdanarson forstjóri, tilnefndur af Samtökum íslenskra verðbréfafyrirtækja, Stefán Halldórsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af Verðbréfaþingi Íslands, Þórhallur Arason skrifstofustjóri, tilnefndur af fjármálaráðuneyti, Arnór Sighvatsson deildarstjóri, tilnefndur af Seðlabanka Íslands, ritari.

Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögur um hvernig staðið skuli að markaðssetningu innlendra verðbréfa meðal erlendra fjárfesta. Starfshópurinn skal gera tillögur um með hvaða hætti ber að auglýsa innlendan fjármagnsmarkað og þá kosti sem þar bjóðast, hvar, hvernig og meðal hverra.

Nefndin lauk störfum 29. febrúar sl. og skilaði til ráðherra áliti og tillögum um markaðssetningu íslenskra verðbréfa meðal erlendra fjárfesta.

Kostnaður af starfi nefndarinnar liggur ekki fyrir.

Nefnd um skilvirkni verðbréfamarkaðar:

Eiríkur Guðnason seðlabankastjóri, tilnefndur af Seðlabanka Íslands, formaður, Benedikt Árnason hagfræðingur, tilnefndur af viðskiptaráðuneyti, Einar S. Sigurjónsson deildarstjóri, tilnefndur af fjármálaráðuneyti, Finnur Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra sparisjóða og Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Guðmundur Hauksson forstjóri, tilnefndur af Samtökum íslenskra verðbréfafyrirtækja, Þorgeir Eyjólfsson forstjóri, tilnefndur af Sambandi almennra lífeyrissjóða og Landssambandi lífeyrissjóða, Yngvi Örn Kristinsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af Seðlabanka.

Hlutverk nefndarinnar er að kanna hvort viðskiptahættir helstu aðila sem koma við sögu á skuldabréfamarkaði, þ.e. útgefenda, fjárfesta, verðbréfamiðlara og viðskiptavaka, séu eins og best verður á kosið. Henni er ætlað að draga fram í dagsljósið þær hindranir sem kunna að vera í vegi eðlilegrar þróunar á markaðnum, svo sem varðandi vexti, sýnileika viðskipta, auðseljanleika og áhættumat og gera tillögur um umbætur.

Nefndin hefur ekki lokið störfum.

Nefnd til að móta stefnu fyrir ríkisstjórn Íslands um íslenska upplýsingaþjóðfélagið:

Tómas Ingi Olrich alþingismaður, formaður nefndarinnar, Árni Kolbeinsson, ráðuneytisstjóri sjávarútvegsráðuneyti, Benedikt Davíðsson, forseti ASÍ, Berglind Ásgeirsdóttir, ráðuneytisstjóri félagsmálaráðuneyti, Davíð Á. Gunnarsson, ráðuneytisstjóri heilbrigðisráðuneyti, Friðrik Sigurðsson forstjóri, formaður SÍH, Guðríður Sigurðardóttir, ráðuneytisstjóri menntamálaráðuneyti, Haukur Oddsson verkfræðingur, formaður Skýrslutæknifélags Íslands, Helgi Ágústsson, ráðuneytisstjóri, utanríkisráðuneyti, Jafet Ólafs-

son forstjóri, Jón Birgir Jónsson, ráðuneytisstjóri, samgönguráðuneyti, Jón Þ. Þórhallsson, forstjóri Skýrr, formaður SÍTF, Jónas Kristjánsson ritstjóri, Magnús Pétursson, ráðuneytisstjóri, fjármálaráðuneyti, Ólafur G. Tómasson, póst- og símamálastjóri, Sigmundur Guðbjarnason prófessor, formaður Rannsóknarráðs Íslands, Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, Vilhjálmur Egilsson alþingismaður, framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands, Þórarinn V. Þórarinsson, framkvæmdastjóri VSÍ, Þorkell Helgason, ráðuneytisstjóri, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Ögmundur Jónasson alþingismaður, formaður BSRB, Sveinn Þorgrímsson, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um mótun stefnu fyrir íslenska upplýsingaþjóðfélagið næsta áratug. Markmið stefnumótunarinnar er að ný upplýsinga- og fjarskiptatækni verði á sem bestan hátt nýtt í þágu efnahagslegra framfara og uppbyggingar í atvinnulífinu, vísindarannsókna, lista og hvers kyns menningarmála.

Nefndin hefur ekki lokið störfum.

Verkefnisstjórn vegna nefndar um upplýsingasamfélagið:

Guðbjörg Sigurðardóttir, formaður, Aðalsteinn Magnússon, Jafet Ólafsson, Jón Þór Þórhallsson, Sveinn Hannesson, Þorkell Sigurlaugsson.

Starfshópurinn starfar á vegum nefndar um upplýsingasamfélagið og sér um samræmingu á vinnu starfshópa.

Starfshópurinn er að störfum.

Ráðgjafarhópur um upplýsingasamfélagið og þróun atvinnu- og viðskiptalífs:

Vilhjálmur Egilsson, Verslunarráði Íslands, formaður, Dagný Halldórsdóttir, Skímu hf., Guðmundur Ásmundsson, Samtökum iðnaðarins, Brynjólfur Helgason, Landsbanka Íslands, Óskar B. Hauksson, Iðntæknistofnun, Stefán Friðriksson, Fiskistofu, Rúnar Sigurðsson, Tæknivali hf., Ólafur Jónsson, Hugverki hf., Eyjólfur Árni Rafnsson, Hönnun hf., G. Valdimar Valdimarsson, Ferli hf., Lára Stefánsdóttir, Íslenska menntanetinu, Kristján Þorsteinsson, Eimskipum, Árni Magnússon, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Benedikt Árnason, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Starfshópurinn er einn þeirra níu sérfræðingahópa sem starfa með nefnd um upplýsingasamfélagið.

Ráðgjafarhópurinn er að störfum.

Ráðgjafarhópur um upplýsingasamfélagið, lýðræði, lög og siðareglur:

Bjarni P. Hjartar, forstöðumaður Háskólans á Akureyri, formaður, Haraldur Ólafsson, dósent við Háskóla Íslands, Kristján Kristjánsson, lektor við Háskólann á Akureyri, Sigrún Jóhannesdóttir, lögfræðingur í dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Starfshópurinn er einn þeirra níu sérfræðingahópa sem starfa með nefnd um upplýsingasamfélagið

Starfshópurinn er að störfum.

Nefnd til að semja reglugerð um ársreikninga vátryggingafélaga:

Ólafur Nilsson, formaður, Bjarni Þórðarson, tilnefndur af Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Erlendur Lárusson, tilnefndur af Vátryggingaefirlitinu, Harpa Theódórsdóttir, tilnefnd af Vátryggingaeftirlitinu.

Hlutverk nefndarinnar er að semja reglugerð um ársreikninga vátryggingafélaga á grundvelli tilskipunar Evrópusambandsins nr. 91/674.

Nefndin hefur ekki lokið störfum.

Starfshópur um sparnað á orku til húshitunar:

Árni Magnússon, aðstoðarmaður ráðherra, formaður, Einar Þorsteinsson, deildarstjóri hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Elín Sigurðardóttir oddviti, Sölvanesi í Lýtingsstaðahreppi í Skagafirði, Hjálmar Jónsson alþingismaður, Jón Ingimarsson, skrifstofustjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Kristján Haraldsson, orkubússtjóri Orkubús Vestfjarða, Magnús Stefánsson alþingismaður, Ólafur Kristjánsson, bæjarstjóri í Bolungarvík, og Stefán Arngrímsson, markaðsstjóri Rafmagnsveitna ríkisins.

Verkefni starfshópsins er að stuðla að aukinni þekkingu almennings á leiðum til að draga úr notkun orku til hitunar íbúðarhúsnæðis og að því að neytendur hafi greiðan aðgang að upplýsingum um hitunarþörf húsa og hitunarbúnað. Enn fremur að sjá til þess að þeir sem nota meiri orku til að hita híbýli sín en eðlilegt getur talist eigi kost á ráðgjöf um leiðir til að draga úr henni, svo sem með betri einangrun og stillingu hitunarkerfa. Þá er starfshópnum ætlað að stuðla að því að húseigendur hafi aðgang að lánum til orkusparandi aðgerða.

Starfshópurinn hefur ekki lokið störfum.

Vinnuhópur um eignarrétt á auðlindum í jörðu og rétt til virkjunar fallvatna:

Stefán Guðmundsson alþingismaður, formaður, Sturla Böðvarsson alþingismaður, Páll Gunnar Pálsson, lögfræðingur í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Tryggvi Gunnarsson hrl.

Hlutverk vinnuhópsins er að undirbúa löggjöf um eignarrétt á auðlindum í jörðu og rétt til virkjunar fallvatna á grundvelli fyrirliggjandi frumvarpsdraga um eignarhald á auðlindum í jörðu.

Vinnuhópurinn hefur ekki lokið störfum.

Starfshópur til að meta mannaflaþörf, þekkingar- og hæfniskröfur við stjóriðjuframkvæmdir og virkjanaframkvæmdir tengdar þeim:

Baldur Pétursson, deildarstjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, formaður, Örn Friðriksson, Samiðnsambandi iðnfélaga, Ingólfur Sverrisson, Samtökum iðnaðarins, og Andrés Svanbjörnsson, markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar.

Starfshópnum er falið meta árlega mannaflaþörf vegna stjóriðjuframkvæmda og virkjunarframkvæmda tengdum þeim, svo og þær þekkingarkröfur og hæfni sem krafist er í viðkomandi verkefnum. Þá er starfshópnum gert að kanna hvort viðkomandi þekkingar- og hæfniskröfur séu almennt fyrir hendi og hvort þörf sé á sérstökum aðgerðum, t.d. átaki í starfsmenntun, til að mæta framangreindum þörfum. Í framhaldi af því er starfshópnum ætlað að gera tillögur um aðgerðir til að auka þátt innlends iðnaðar og verkamanna í slíkum stórverkefnum.

Starfshópurinn hefur ekki lokið störfum.

Stjórn „Átaks til atvinnusköpunar“:

Árni Magnússon, aðstoðarmaður iðnaðar- og viðskiptaráðherra, formaður, Snorri Pétursson aðstoðarframkvæmdastjóri, fulltrúi Iðnþróunarsjóðs, Örn Gústafsson framkvæmdastjóri, fulltrúi Iðnlánasjóðs, Helgi Magnússon framkvæmdastjóri, Rúnar Bachmann rafvirki, Sveinn Þorgrímsson, deildarstjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Stjórninni er falið að stýra átaksverkefni iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis í samvinnu við Iðnlánasjóð og Iðnþróunarsjóð. Verkefnið felst í því að samþætta styrk- og stuðningsaðgerðir þessarra þriggja aðila á þessu ári. Tilgangur verkefnisins er m.a. sá að tryggja að þeir sem þurfa á aðstoð að halda vegna nýsköpunar, frumkvöðlastarfsemi eða stofnunar fyrirtækja geti leitað á einn stað eftir ráðgjöf og stuðningi.

Stjórnin er að störfum.

Nefnd til að undirbúa lög um plöntuvernd:

Þorsteinn Tómasson, forstöðumaður Rannsóknastofnunar landbúnaðarráðuneytisins, formaður, Sveinbjörn Dagfinnsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri landbúnaðarráðuneytis, Ásta Valdimarsdóttur, deildarlögfræðingur á Einkaleyfastofu, og Jón Ögmundur Þormóðsson, skrifstofustjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Hlutverk nefndarinnar er að undirbúa setningu sérlaga um plöntuvernd með hliðsjón af 3. mgr. 27. gr. samnings um hugverkarétt í viðskiptum, TRIPS-samningsins. Nefndinni er ætlað að hafa hliðsjón af hliðstæðum ákvæðum í lögum annarra Norðurlanda.

Nefndin hefur ekki lokið störfum.

Nefnd til að yfirfara framkvæmd ábyrgðarveitinga:

Benedikt Árnason, hagfræðingur í viðskiptaráðuneyti, formaður, Elín S. Jónsdóttir, lögfræðingur í félagsmálaráðuneyti, Sigríður A. Arnardóttir, lögfræðingur hjá Neytendasamtökunum, Finnur Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Ólafur Haraldsson aðstoðarsparisjóðsstjóri, Sambandi íslenskra sparisjóða, Páll Gunnar Pálsson, lögfræðingur í viðskiptaráðuneyti, Eggert Ólafsson lögfræðingur, Guðbjörg Bjarnadóttir, lögfræðingur í bankaeftirliti Seðlabanka Íslands.

Nefndinni er falið að fara yfir framkvæmd ábyrgðarveitinga og gera tillögur til úrbóta eftir því sem við á. Henni er ætlað að kanna hvort unnt sé að bæta réttarstöðu þeirra einstaklinga sem gangast í ábyrgð í tengslum við lánveitingar og hvort kveða skuli nánar á um upplýsingaskyldu lánveitenda. Enn fremur að huga að því með hvaða hætti skuli staðið að almennri fræðslu um ábyrgðarveitingar einstaklinga.

Nefndin hefur ekki lokið störfum.

Viðræðunefnd um endurskoðun á eignarhaldi, rekstrarformi og hlutverki Landsvirkjunar:

Halldór J. Kristjánsson, skrifstofustjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, formaður, Alfreð Þorsteinsson borgarfulltrúi og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarfulltrúi, samkvæmt tilnefningu borgarráðs Reykjavíkurborgar, Jakob Björnsson bæjarstjóri og Sigurður J. Sigurðsson, samkvæmt tilnefningu bæjarráðs Akureyrarbæjar, Guðmundur Jóhannsson viðskiptafræðingur, fulltrúi fjármálaráðuneytisins.

Hér er um að ræða viðræðunefnd eignaraðila að Landsvirkjun um endurskoðun á eignarhaldi, rekstrarformi og hlutverki fyrirtækisins, en til viðræðnanna er stofnað að ósk borgarstjórans í Reykjavík og bæjarstjórans á Akureyri.

Nefndin hefur ekki lokið störfum.

Undirbúningsnefnd um stofnun verðbréfamiðstöðvar:

Benedikt Árnason, viðskiptaráðuneyti, formaður, Einar Sigurjónsson, fjármálaráðuneyti, Sveinn E. Sigurðsson, Seðlabanka Íslands, Stefán Halldórsson, Verðbréfaþingi Íslands, Jón Ragnar Höskuldsson, Tölvumiðstöð sparisjóðanna, Valgarður Sverrisson, Lífeyrissjóði verslunarmanna, Gísli Heimisson, Landsbréfum.

Verkefni nefndarinnar er að afla tilboða í gerð hugbúnaðar fyrir verðbréfamiðstöð er annist tölvuskráningu verðbréfa á Íslandi. Nefndin skal einnig gera tillögur til aðstandenda verkefnisins um ýmis atriði er lúta að tækni-, laga- og rekstrarlegri umgjörð verðbréfamiðstöðvarinnar, t.d. um rekstrarform, öryggiskröfur til kerfis og aðbúnaðar, hvar tölvukerfið verði rekið og af hverjum og um skref sem hægt er að stíga og flýta yfirfærslu.

Nefndin hefur ekki lokið störfum.

Starfshópur til að endurskoða ákvæði einkaleyfalaga:

Ásgeir Einarsson lögfræðingur, formaður, Ásta Valdimarsdóttir lögfræðingur og Ómar Grétar Ingvarsson deildarverkfræðingur.

Hlutverk starfshópsins var að endurskoða ákvæði einkaleyfalaga, nr. 17/1991, með hliðsjón af þjóðréttarlegum skuldbindingum vegna samnings um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og EES-samningsins. Einnig var starfshópnum ætlað við þessa endurskoðun að líta til tillagna norræns vinnuhóps um samræmingu vissra ákvæða í einkaleyfalöggjöf landanna.

Starfshópurinn lauk störfum 8. nóvember sl. og skilaði tillögum að fumvarpi til laga um breytingu á lögum um einkaleyfi, nr. 17/1991, með síðari breytingum, lögum um vörumerki, nr. 47/1968, með síðari breytingum, og lögum um hönnunarvernd, nr. 48/1993. Frumvarpið er nú til meðferðar á Alþingi.

Kostnaður af starfi starfshópsins nam 67.000 kr.

Nefnd um endurskoðun á lögum um Rafmagnseftirlit ríkisins:

Sveinn Þorgrímsson, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, formaður, Ásgeir Einarsson, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, ritari nefndarinnar, Bergur Jónsson, Rafmagnseftirliti ríkisins, Gísli Þór Gíslason, Landssambandi íslenskra rafverktaka, Gunnar Ingi Gunnarsson, Félagi ráðgjafarverkfræðinga, Ófeigur Sigurðsson rafmagnstæknifræðingur, Steinar Friðgeirsson, Sambandi íslenskra rafveitna, Þorleifur Finnsson, Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Hlutverk nefndarinnar var að endurskoða starfssvið þeirra sem að rafmagnsöryggismálum vinna til þess að tryggja að það verði skýrt og ótvírætt skilgreint og gjaldtaka til reksturs Rafmagnseftirlits ríkisins byggð á þeirri meginreglu að reksturinn sé tryggilega sjálfbær. Í þeim tilgangi var nefndinni falið að endurskoða lög um Rafmagnseftirlit ríkisins.

Nefndin lauk störfum 26. október sl. og skilaði til ráðherra tillögum að frumvarpi til laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga. Stefnt er að því að frumvarpið verði afgreitt á yfirstandandi þingi.

Kostnaður af starfi nefndarinnar nam 165.000 kr.

UMHVERFISRÁÐUNEYTI

Tilraunadýranefnd:

Brynjólfur Sandholt yfirdýralæknir, formaður, Dagmar Vala Hjörleifsdóttir dýralæknir, án tilnefningar, Jón Kalmansson, Siðfræðistofnun HÍ.

Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðherra til ráðgjafar við umsjón þeirra mála sem tekur til tilrauna á dýrum og meðferðar á tilraunadýrum. Jafnframt skal nefndin tryggja að þeir sem nota dýr í tilraunaskyni hafi hlotið þjálfun og menntun í meðferð tilraunadýra.

Nefndin hefur ekki lokið störfum.

Nefnd um hundahald og varnir gegn sullaveiki:

Ingimar Sigurðsson, formaður, Þorvaldur H. Þórðarson, tilnefndur af yfirdýralækni, dr. Haraldur Briem, tilnefndur af landlæknisembættinu.

Hlutverk nefndarinnar er að endurskoða lög nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, með síðari breytingum, nr. 41/1965, sérstaklega með hliðsjón af dýrasjúkdómum sem geta borist í fólk og að varnaðaraðgerðir verði miðaðar við það.

Nefndin hefur ekki lokið störfum.

Samvinnunefnd um norðurmálefni:

Ólafur Halldórsson, formaður, skipaður án tilnefningar, Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Háskóla Íslands, dr. Kristján Kristjánsson, Rannsóknarráði Íslands, Davíð Egilsson, Hollustuvernd ríkisins, Þorsteinn Tómasson, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, dr. Þór Jakobsson, Veðurstofu Íslands, dr. Jón Gunnar Ottósson, Náttúrufræðistofnun Íslands, dr. Steingrímur Jónsson, Hafrannsóknastofnun, Þorsteinn Gunnarsson, Háskólanum á Akureyri.

Hlutverk samvinnunefndar um norðurmálefni er að tengja saman og treysta samstarf hlutaðeigandi stofnana sem annast hafa og annast munu rannsóknir á norðurslóðum, svo og tengsl og samstarf um málefni stofnunar Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri. Nefndinni er jafnframt falið í samráði við ráðuneytið um að vinna að undirbúningi stofnunar hennar en ætlunin er að stofnunin hefji starfsemi í ársbyrjun 1997.

Nefndin hefur ekki lokið störfum.

Bókfærður kostnaður 21. mars 1996 nam 1.170.967 kr.

Nefnd um rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar:

Tryggvi Felixson, formaður, Arnór Halldórsson, sjávarútvegsráðuneyti, Jón Ingimarsson, iðnaðarráðuneyti, Kristján Vigfússon, samgönguráðuneyti, Magnús K. Hannesson, utanríkisráðuneyti, Níels Árni Lund, landbúnaðarráðuneyti.

Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um þróun rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Nefndin skal fylgjast með og meta þróun þeirra samningaviðræðna sem nú fara í hönd um gerð sérstakrar bókunar eða annarra breytinga á samningnum. Jafnframt skal nefndin móta tillögur um markmið og stefnu stjórnvalda í þessu máli og vera ráðuneytinu til ráðgjafar og samráðs.

Nefndin hefur ekki lokið störfum.

Nefnd til að endurskoða lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit:

Ingimar Sigurðsson, formaður, Guðjón Ólafur Jónsson, umhverfisráðuneyti, Ingunn St. Svavarsdóttir, Hollustuvernd ríkisins, Karl Björnsson, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Baldur Hjaltason, Vinnuveitendasambandi Íslands, Halldór Runólfsson, Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa.

Nefndin hefur ekki lokið störfum.

Nefnd um jarðskjálftavá:

Ragnar Stefánsson, formaður, Veðurstofu Íslands, Ragnar Sigbjörnsson, Verkfræðideild HÍ, Páll Einarsson, Raunvísindadeild HÍ, Guðmundur Pálsson, Orkustofnun, dr. Hafsteinn Pálsson, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.

Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um jarðskjálftavá og gera tillögur um aðgerðir til að draga úr hættu af völdum jarðskjálfta. Nefndinni er ætlað að skila tillögum sínum til ráðuneytisins fyrir 1. júní 1996.

Nefndin hefur ekki lokið störfum.

Nefnd til að semja leiðbeiningar fyrir sund- og baðstaði:

Kolbrún Haraldsdóttir, formaður, Hollustuvernd ríkisins, Guðrún Hilmisdóttir, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reynir G. Karlsson, menntamálaráðuneyti, Þorsteinn Narfason, Heilbrigðis- og umhverfisfulltrúafélaginu, Erlingur Þ. Jóhannsson, Samtökum forstöðumanna sundstaða á Íslandi. Nefndin skal skila tillögu að reglugerð og leiðbeiningum fyrir sund- og baðstaði ásamt greinargerð til ráðherra vorið 1996.

Nefndin hefur ekki lokið störfum.

Starfshópur um endurskoðun laga um stjórn náttúruverndarmála:

Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Ingimar Sigurðsson, ritari, umhverfisráðuneyti, Árni M. Mathiesen alþingismaður, Valgerður Sverrisdóttir alþingismaður.

Frumvarp, sem nefndin samdi, hefur verið lagt fram á Alþingi.

Nefndin hefur lokið störfum.

Umsjónarnefnd ráðuneytanna um loftslagsbreytingar:

Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, aðstoðarmaður umhverfisráðherra, Ari Edwald, aðstoðarmaður sjávarútvegsráðherra, Ármann Kr. Ólafsson, aðstoðarmaður samgönguráðherra, Árni Magnússon, aðstoðarmaður iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Jón Erlingur Jónasson, aðstoðarmaður landbúnaðarráðherra, Steingrímur Ari Arason, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, Þórhallur Ólafsson, aðstoðarmaður dómsmálaráðherra.

Í framkvæmdaáætlun, sem ríkisstjórnin samþykkti í október sl. vegna rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, er kveðið á um að umhverfisráðherra skipi sérstaka umsjónarnefnd ráðuneytanna að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra til að hafa umsjón með framkvæmdaáætluninni. Þær aðgerðir, sem tilteknar eru í framkvæmdaáætluninni, eru á starfsvettvangi fjármála-, iðnaðar-, viðskipta-, samgöngu-, landbúnaðar-, dómsmála-, sjávarútvegs- og umhverfisráðuneyta. Margar þær aðgerðir, sem teknar eru fyrir, eru þess eðlis að þær koma til með að hafa áhrif á ýmsa hagsmuni í þjóðfélaginu. Nefndin skal m.a. meta árlega árangur af framkvæmdum og aðgerðum í fyrirliggjandi framkvæmdaáætlun.

Nefndin hefur ekki lokið störfum.

969. Svar [484. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um ferðakostnað ráðuneyta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hver var sundurliðaður ferðakostnaður einstakra ráðuneyta árin 1992–1995?

Ráðuneytið óskaði eftir því við Ríkisbókhald að tekið yrði saman yfirlit yfir ferðakostnað ráðuneyta fyrir árin 1992–1995 og fer yfirlitið hér á eftir. Annars vegar er yfirlit yfir ferðakostnað alls hjá aðalskrifstofum ráðuneyta árin 1992–1995 ásamt ferðakostnaði sem færður er á ýmis verkefni og fleiri liði er undir aðalskrifstofurnar heyra. Hins vegar eru birtar upplýsingar um sundurliðun útgjaldanna.

Tekið er fram að dvalarkostnaður (gistikostnaður), sem fram kemur í yfirlitinu, takmarkast við reikninga sem greiddir eru þeim sem fá gistikostnað greiddan. Stærstur hluti gistikostnaðar er því innifalinn í greiðslu dagpeninga.

FERÐAKOSTNAÐUR ALLS HJÁ AÐALSKRIFSTOFUM RÁÐUNEYTA ÁRIN 1992 - 1995

Í þús. kr.	1992	1993	1994	1995
01 101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	10.608	8.973	10.238	11.287
02 101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	20.817	18.977	17.530	19.783
03 101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	69.690	60.348	77.292	90.090
04 101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	4.417	7.634	6.775	6.232
05 101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	9.566	10.113	12.217	10.118
06 101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	5.405	6.280	5.719	7.304
07 101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	5.714	6.639	6.946	7.976
08 101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	19.193	15.066	17.483	16.808
09 101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	11.190	12.134	15.951	13.583
10 101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	5.719	9.120	8.937	7.323
11 101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	4.057	4.788	7.270	7.150
12 101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	10.309	7.921	9.582	7.533
13 101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa	5.101	5.879	7.817	9.909
14 101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	7.324	8.540	12.014	6.354

FERÐAKOSTNAÐUR ÝMISSA VERKEFNA OG FLEIRI LIÐA ÁRIN 1992 - 1995

Í þús. kr.	1992	1993	1994	1995
01 Forsætisráðuneyti				
01 190 Ýmis verkefni	0	0	1.553	0
02 Menntamálaráðuneyti				
02 985 Alþjóðleg samskipti	3.744	11.288	18.036	44.429
03 Utanríkisráðuneyti				
03 102 Varnarmálaskrifstofa	2.515	3.157	3.374	0
03 190 Ýmis utanríkismál	0	0	0	1.132
04 Landbúnaðarráðuneyti				
04 190 Ýmis verkefni	1.269	1.835	1.867	1.648
05 Sjávarútvegsráðuneyti				
05 190 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi	8.303	3.079	3.032	3.557
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti				
06 190 Ýmis verkefni	904	1.000	1.671	2.504
07 Félagsmálaráðuneyti				
07 999 Félagsmál, ýmis starfsemi	409	734	2.462	977
10 Samgönguráðuneyti				
10 190 Ýmis verkefni	1.027	1.094	1.031	2.261
13 Hagstofa Íslands				
13 102 Þjóðskráin	323	304	315	175
14 Umhverfisráðuneyti				
14 190 Ýmis verkefni	8.565	8.039	1.641	6.755

FERÐAKOSTNAÐUR ÁRIN 1992 - 1995

Í krónum	1992	1993	1994	1995
01 101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa				
Fargjöld innanlands:	250.061	390.315	46.305	256.640
Fargjöld erlendis:	5.059.408	3.897.186	4.951.298	5.011.489
Fargjöld alls:	**5.309.469**	**4.287.501**	**4.997.603**	**5.268.129**
Dagpeningar innanlands:	99.337	86.850	0	0
Dagpeningar, erlendis:	2.585.432	2.586.676	3.404.529	2.847.608
Dagpeningar alls:	**2.684.769**	**2.673.526**	**3.404.529**	**2.847.608**
Dvalarkostnaður innanlands:	475.917	993.992	0	821.354
Dvalarkostnaður erlendis:	1.829.811	779.868	1.626.083	2.333.385
Dvalarkostnaður alls:	**2.305.728**	**1.773.860**	**1.626.083**	**3.154.739**
Annar ferðakostn. innanlands:	0	0	0	13.840
Annar ferðakostn. erlendis:	308.218	237.772	209.449	2.843
Annar ferðakostn. alls:	**308.218**	**237.772**	**209.449**	**16.683**
Ferðakostnaður alls:	**10.608.184**	**8.972.659**	**10.237.664**	**11.287.159**
01 190 Ýmis verkefni				
Fargjöld innanlands:	0	0	586.211	0
Fargjöld erlendis:	0	0	119.820	0
Fargjöld alls:	**0**	**0**	**706.031**	**0**
Dagpeningar innanlands:	0	0	0	0
Dagpeningar, erlendis:	0	0	0	0
Dagpeningar alls:	**0**	**0**	**0**	**0**
Dvalarkostnaður innanlands:	0	0	842.940	0
Dvalarkostnaður erlendis:	0	0	0	0
Dvalarkostnaður alls:	**0**	**0**	**842.940**	**0**
Annar ferðakostn. innanlands:	0	0	0	0
Annar ferðakostn. erlendis:	0	0	3.847	0
Annar ferðakostn. alls:	**0**	**0**	**3.847**	**0**
Ferðakostnaður alls:	**0**	**0**	**1.552.818**	**0**

	1992	1993	1994	1995
02 101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa				
Fargjöld innanlands:	1.246.038	569.184	945.525	1.553.925
Fargjöld erlendis:	7.848.176	7.492.884	6.635.804	8.848.818
Fargjöld alls:	**9.094.214**	**8.062.068**	**7.581.329**	**10.402.743**
Dagpeningar innanlands:	959.071	408.600	412.900	636.858
Dagpeningar, erlendis:	9.290.834	9.665.261	8.609.985	7.910.216
Dagpeningar alls:	**10.249.905**	**10.073.861**	**9.022.885**	**8.547.074**
Dvalarkostnaður innanlands:	311.301	48.785	290.610	204.980
Dvalarkostnaður erlendis:	974.483	791.813	597.598	574.673
Dvalarkostnaður alls:	**1.285.784**	**840.598**	**888.208**	**779.653**
Annar ferðakostn. innanlands:	1.444	0	24.400	0
Annar ferðakostn. erlendis:	185.927	0	13.585	53.083
Annar ferðakostn. alls:	**187.371**	**0**	**37.985**	**53.083**
Ferðakostnaður alls:	**20.817.274**	**18.976.527**	**17.530.407**	**19.782.553**
02 985 Alþjóðleg samskipti				
Fargjöld innanlands:	0	0	92.200	0
Fargjöld erlendis:	1.927.285	5.604.665	9.985.834	27.154.297
Fargjöld alls:	**1.927.285**	**5.604.665**	**10.078.034**	**27.154.297**
Dagpeningar innanlands:	70.070	0	0	67.398
Dagpeningar, erlendis:	1.746.571	4.844.577	7.348.125	16.313.144
Dagpeningar alls:	**1.816.641**	**4.844.577**	**7.348.125**	**16.380.542**
Dvalarkostnaður innanlands:	0	15.360	15.000	892.251
Dvalarkostnaður erlendis:	0	217.670	54.610	0
Dvalarkostnaður alls:	**0**	**233.030**	**69.610**	**892.251**
Annar ferðakostn. innanlands:	0	0	0	0
Annar ferðakostn. erlendis:	0	605.896	539.805	1.773
Annar ferðakostn. alls:	**0**	**605.896**	**539.805**	**1.773**
Ferðakostnaður alls:	**3.743.926**	**11.288.168**	**18.035.574**	**44.428.863**

	1992	1993	1994	1995
03 101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa				
Fargjöld innanlands:	251.270	159.800	234.200	455.771
Fargjöld erlendis:	33.056.159	30.497.942	38.953.152	42.502.377
Fargjöld alls:	**33.307.429**	**30.657.742**	**39.187.352**	**42.958.148**
Dagpeningar innanlands:	814.171	425.227	495.821	1.931.905
Dagpeningar, erlendis:	26.432.432	23.055.131	27.699.374	35.705.011
Dagpeningar alls:	**27.246.603**	**23.480.358**	**28.195.195**	**37.636.916**
Dvalarkostnaður innanlands:	1.183.889	615.177	727.750	907.024
Dvalarkostnaður erlendis:	6.208.853	5.053.382	8.237.096	7.971.764
Dvalarkostnaður alls:	**7.392.742**	**5.668.559**	**8.964.846**	**8.878.788**
Annar ferðakostn. innanlands:	0	0	0	0
Annar ferðakostn. erlendis:	1.742.945	541.002	944.596	616.533
Annar ferðakostn. alls:	**1.742.945**	**541.002**	**944.596**	**616.533**
Ferðakostnaður alls:	**69.689.719**	**60.347.661**	**77.291.989**	**90.090.385**
03 102 Varnarmálaskrifstofa				
Fargjöld innanlands:	23.968	169.785	73.480	0
Fargjöld erlendis:	894.760	917.393	1.174.228	0
Fargjöld alls:	**918.728**	**1.087.178**	**1.247.708**	**0**
Dagpeningar innanlands:	75.300	162.316	106.410	0
Dagpeningar, erlendis:	1.508.021	1.643.033	2.062.300	0
Dagpeningar alls:	**1.583.321**	**1.805.349**	**2.168.710**	**0**
Dvalarkostnaður innanlands:	0	81.660	0	0
Dvalarkostnaður erlendis:	12.887	155.785	-83.024	0
Dvalarkostnaður alls:	**12.887**	**237.445**	**-83.024**	**0**
Annar ferðakostn. innanlands:	0	24.138	39.600	0
Annar ferðakostn. erlendis:	0	2.679	1.244	0
Annar ferðakostn. alls:	**0**	**26.817**	**40.844**	**0**
Ferðakostnaður alls:	**2.514.936**	**3.156.789**	**3.374.238**	**0**

	1992	1993	1994	1995
03 190 Ýmis utanríkismál				
Fargjöld innanlands:	0	0	0	38.790
Fargjöld erlendis:	0	0	0	462.195
Fargjöld alls:	**0**	**0**	**0**	**500.985**
Dagpeningar innanlands:	0	0	0	0
Dagpeningar, erlendis:	0	0	0	386.753
Dagpeningar alls:	**0**	**0**	**0**	**386.753**
Dvalarkostnaður innanlands:	0	0	0	0
Dvalarkostnaður erlendis:	0	0	0	243.986
Dvalarkostnaður alls:	**0**	**0**	**0**	**243.986**
Annar ferðakostn. innanlands:	0	0	0	0
Annar ferðakostn. erlendis:	0	0	0	0
Annar ferðakostn. alls:	**0**	**0**	**0**	**0**
Ferðakostnaður alls:	**0**	**0**	**0**	**1.131.724**

	1992	1993	1994	1995
04 101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa				
Fargjöld innanlands:	899.970	936.042	785.990	331.230
Fargjöld erlendis:	1.347.194	2.789.354	2.655.811	2.941.488
Fargjöld alls:	**2.247.164**	**3.725.396**	**3.441.801**	**3.272.718**
Dagpeningar innanlands:	309.620	835.925	546.286	290.450
Dagpeningar, erlendis:	1.114.226	2.512.414	1.975.626	2.070.996
Dagpeningar alls:	**1.423.846**	**3.348.339**	**2.521.912**	**2.361.446**
Dvalarkostnaður innanlands:	413.197	236.544	382.209	263.219
Dvalarkostnaður erlendis:	333.264	323.338	428.998	334.393
Dvalarkostnaður alls:	**746.461**	**559.882**	**811.207**	**597.612**
Annar ferðakostn. innanlands:	0	0	0	0
Annar ferðakostn. erlendis:	0	0	0	0
Annar ferðakostn. alls:	**0**	**0**	**0**	**0**
Ferðakostnaður alls:	**4.417.471**	**7.633.617**	**6.774.920**	**6.231.776**
04 190 Ýmis verkefni				
Fargjöld innanlands:	53.320	98.530	137.135	59.835
Fargjöld erlendis:	0	79.922	162.364	0
Fargjöld alls:	**53.320**	**178.452**	**299.499**	**59.835**
Dagpeningar innanlands:	1.179.370	1.395.250	1.373.650	1.581.750
Dagpeningar, erlendis:	0	261.664	194.176	0
Dagpeningar alls:	**1.179.370**	**1.656.914**	**1.567.826**	**1.581.750**
Dvalarkostnaður innanlands:	36.750	0	0	6.770
Dvalarkostnaður erlendis:	0	0	0	0
Dvalarkostnaður alls:	**36.750**	**0**	**0**	**6.770**
Annar ferðakostn. innanlands:	0	0	0	0
Annar ferðakostn. erlendis:	0	0	0	0
Annar ferðakostn. alls:	**0**	**0**	**0**	**0**
Ferðakostnaður alls:	**1.269.440**	**1.835.366**	**1.867.325**	**1.648.355**

	1992	1993	1994	1995
05 101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa				
Fargjöld innanlands:	317.534	136.928	333.539	258.602
Fargjöld erlendis:	3.994.301	4.689.244	5.853.035	5.103.749
Fargjöld alls:	**4.311.835**	**4.826.172**	**6.186.574**	**5.362.351**
Dagpeningar innanlands:	0	0	5.250	0
Dagpeningar, erlendis:	3.137.878	4.532.037	4.996.596	3.728.184
Dagpeningar alls:	**3.137.878**	**4.532.037**	**5.001.846**	**3.728.184**
Dvalarkostnaður innanlands:	1.534.425	351.119	202.007	474.039
Dvalarkostnaður erlendis:	526.605	373.628	450.712	551.253
Dvalarkostnaður alls:	**2.061.030**	**724.747**	**652.719**	**1.025.292**
Annar ferðakostn. innanlands:	6.600	0	0	0
Annar ferðakostn. erlendis:	49.023	30.265	375.384	1.691
Annar ferðakostn. alls:	**55.623**	**30.265**	**375.384**	**1.691**
Ferðakostnaður alls:	**9.566.366**	**10.113.221**	**12.216.523**	**10.117.518**
05 190 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi				
Fargjöld innanlands:	1.198.419	692.701	484.065	516.080
Fargjöld erlendis:	3.209.963	896.658	832.159	1.200.205
Fargjöld alls:	**4.408.382**	**1.589.359**	**1.316.224**	**1.716.285**
Dagpeningar innanlands:	90.630	413.550	672.612	388.000
Dagpeningar, erlendis:	2.603.385	726.503	452.460	1.282.986
Dagpeningar alls:	**2.694.015**	**1.140.053**	**1.125.072**	**1.670.986**
Dvalarkostnaður innanlands:	537.923	229.011	246.379	106.865
Dvalarkostnaður erlendis:	447.548	120.902	28.284	63.303
Dvalarkostnaður alls:	**985.471**	**349.913**	**274.663**	**170.168**
Annar ferðakostn. innanlands:	7.582	0	0	0
Annar ferðakostn. erlendis:	207.324	0	316.202	0
Annar ferðakostn. alls:	**214.906**	**0**	**316.202**	**0**
Ferðakostnaður alls:	**8.302.774**	**3.079.325**	**3.032.161**	**3.557.439**

	1992	1993	1994	1995
06 101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa				
Fargjöld innanlands:	431.454	372.176	157.325	202.275
Fargjöld erlendis:	1.744.277	2.096.240	2.130.984	3.691.832
Fargjöld alls:	**2.175.731**	**2.468.416**	**2.288.309**	**3.894.107**
Dagpeningar innanlands:	295.453	210.100	169.803	74.900
Dagpeningar, erlendis:	2.150.613	3.021.547	3.026.594	2.932.825
Dagpeningar alls:	**2.446.066**	**3.231.647**	**3.196.397**	**3.007.725**
Dvalarkostnaður innanlands:	501.200	251.218	60.540	205.332
Dvalarkostnaður erlendis:	176.884	323.772	173.587	189.516
Dvalarkostnaður alls:	**678.084**	**574.990**	**234.127**	**394.848**
Annar ferðakostn. innanlands:	11.410	0	0	0
Annar ferðakostn. erlendis:	93.719	5.345	0	7.302
Annar ferðakostn. alls:	**105.129**	**5.345**	**0**	**7.302**
Ferðakostnaður alls:	**5.405.010**	**6.280.398**	**5.718.833**	**7.303.982**
06 190 Ýmis verkefni				
Fargjöld innanlands:	74.590	195.950	186.930	103.910
Fargjöld erlendis:	285.281	162.980	530.573	1.824.708
Fargjöld alls:	**359.871**	**358.930**	**717.503**	**1.928.618**
Dagpeningar innanlands:	42.759	0	0	0
Dagpeningar, erlendis:	466.869	638.138	949.203	547.560
Dagpeningar alls:	**509.628**	**638.138**	**949.203**	**547.560**
Dvalarkostnaður innanlands:	34.067	2.590	4.180	0
Dvalarkostnaður erlendis:	0	0	0	27.451
Dvalarkostnaður alls:	**34.067**	**2.590**	**4.180**	**27.451**
Annar ferðakostn. innanlands:	0	0	0	0
Annar ferðakostn. erlendis:	0	0	0	0
Annar ferðakostn. alls:	**0**	**0**	**0**	**0**
Ferðakostnaður alls:	**903.566**	**999.658**	**1.670.886**	**2.503.629**

	1992	1993	1994	1995
07 101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa				
Fargjöld innanlands:	779.035	535.974	500.891	755.123
Fargjöld erlendis:	1.726.538	2.560.871	2.809.069	3.393.156
Fargjöld alls:	**2.505.573**	**3.096.845**	**3.309.960**	**4.148.279**
Dagpeningar innanlands:	687.190	190.150	315.793	192.450
Dagpeningar, erlendis:	1.526.624	2.856.280	2.837.871	2.718.684
Dagpeningar alls:	**2.213.814**	**3.046.430**	**3.153.664**	**2.911.134**
Dvalarkostnaður innanlands:	625.438	116.436	271.307	179.968
Dvalarkostnaður erlendis:	310.503	369.833	196.534	733.856
Dvalarkostnaður alls:	**935.941**	**486.269**	**467.841**	**913.824**
Annar ferðakostn. innanlands:	58.385	0	14.750	0
Annar ferðakostn. erlendis:	0	9.623	0	2.970
Annar ferðakostn. alls:	**58.385**	**9.623**	**14.750**	**2.970**
Ferðakostnaður alls:	**5.713.713**	**6.639.167**	**6.946.215**	**7.976.207**
07 999 Félagsmál, ýmis starfsemi				
Fargjöld innanlands:	23.220	39.150	417.520	42.580
Fargjöld erlendis:	191.712	319.937	1.097.636	620.816
Fargjöld alls:	**214.932**	**359.087**	**1.515.156**	**663.396**
Dagpeningar innanlands:	7.000	69.950	52.200	7.150
Dagpeningar, erlendis:	149.809	252.937	706.567	238.620
Dagpeningar alls:	**156.809**	**322.887**	**758.767**	**245.770**
Dvalarkostnaður innanlands:	0	0	0	0
Dvalarkostnaður erlendis:	37.528	51.652	188.178	68.112
Dvalarkostnaður alls:	**37.528**	**51.652**	**188.178**	**68.112**
Annar ferðakostn. innanlands:	0	0	0	0
Annar ferðakostn. erlendis:	0	0	0	0
Annar ferðakostn. alls:	**0**	**0**	**0**	**0**
Ferðakostnaður alls:	**409.269**	**733.626**	**2.462.101**	**977.278**

	1992	1993	1994	1995
08 101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa				
Fargjöld innanlands:	592.879	550.872	895.753	905.336
Fargjöld erlendis:	7.088.979	5.580.532	6.058.383	6.750.349
Fargjöld alls:	**7.681.858**	**6.131.404**	**6.954.136**	**7.655.685**
Dagpeningar innanlands:	552.390	384.350	498.768	548.319
Dagpeningar, erlendis:	9.306.423	7.241.112	8.753.970	7.640.875
Dagpeningar alls:	**9.858.813**	**7.625.462**	**9.252.738**	**8.189.194**
Dvalarkostnaður innanlands:	679.760	260.495	313.334	434.056
Dvalarkostnaður erlendis:	684.844	1.039.747	933.794	432.310
Dvalarkostnaður alls:	**1.364.604**	**1.300.242**	**1.247.128**	**866.366**
Annar ferðakostn. innanlands:	0	0	28.630	5.695
Annar ferðakostn. erlendis:	287.995	8.555	0	90.994
Annar ferðakostn. alls:	**287.995**	**8.555**	**28.630**	**96.689**
Ferðakostnaður alls:	**19.193.270**	**15.065.663**	**17.482.632**	**16.807.934**

	1992	1993	1994	1995
09 101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa				
Fargjöld innanlands:	615.631	306.997	447.884	391.174
Fargjöld erlendis:	5.215.714	5.039.611	6.927.278	6.682.184
Fargjöld alls:	**5.831.345**	**5.346.608**	**7.375.162**	**7.073.358**
Dagpeningar innanlands:	37.660	77.200	139.550	5.250
Dagpeningar, erlendis:	4.559.299	5.336.053	7.286.845	5.906.314
Dagpeningar alls:	**4.596.959**	**5.413.253**	**7.426.395**	**5.911.564**
Dvalarkostnaður innanlands:	293.730	194.504	146.530	109.761
Dvalarkostnaður erlendis:	450.715	1.061.003	963.159	462.753
Dvalarkostnaður alls:	**744.445**	**1.255.507**	**1.109.689**	**572.514**
Annar ferðakostn. innanlands:	5.665	9.760	0	0
Annar ferðakostn. erlendis:	11.812	109.115	39.940	25.089
Annar ferðakostn. alls:	**17.477**	**118.875**	**39.940**	**25.089**
Ferðakostnaður alls:	**11.190.226**	**12.134.243**	**15.951.186**	**13.582.525**

	1992	1993	1994	1995
10 101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa				
Fargjöld innanlands:	336.156	1.421.675	1.397.353	1.447.481
Fargjöld erlendis:	2.513.710	3.960.617	3.264.972	2.511.550
Fargjöld alls:	**2.849.866**	**5.382.292**	**4.662.325**	**3.959.031**
Dagpeningar innanlands:	373.732	371.932	424.893	466.649
Dagpeningar, erlendis:	1.927.060	3.065.742	3.060.853	2.356.311
Dagpeningar alls:	**2.300.792**	**3.437.674**	**3.485.746**	**2.822.960**
Dvalarkostnaður innanlands:	156.145	86.692	269.635	211.196
Dvalarkostnaður erlendis:	258.515	208.484	434.531	323.042
Dvalarkostnaður alls:	**414.660**	**295.176**	**704.166**	**534.238**
Annar ferðakostn. innanlands:	150.000	0	85.140	0
Annar ferðakostn. erlendis:	4.115	5.039	0	7.092
Annar ferðakostn. alls:	**154.115**	**5.039**	**85.140**	**7.092**
Ferðakostnaður alls:	**5.719.433**	**9.120.181**	**8.937.377**	**7.323.321**
10 190 Ýmis verkefni				
Fargjöld innanlands:	34.830	82.815	399.710	537.845
Fargjöld erlendis:	251.622	359.991	97.215	648.550
Fargjöld alls:	**286.452**	**442.806**	**496.925**	**1.186.395**
Dagpeningar innanlands:	314.436	35.600	254.250	382.950
Dagpeningar, erlendis:	424.787	613.472	227.654	644.091
Dagpeningar alls:	**739.223**	**649.072**	**481.904**	**1.027.041**
Dvalarkostnaður innanlands:	980	0	52.080	4.360
Dvalarkostnaður erlendis:	0	0	0	42.771
Dvalarkostnaður alls:	**980**	**0**	**52.080**	**47.131**
Annar ferðakostn. innanlands:	0	1.760	0	0
Annar ferðakostn. erlendis:	0	0	0	0
Annar ferðakostn. alls:	**0**	**1.760**	**0**	**0**
Ferðakostnaður alls:	**1.026.655**	**1.093.638**	**1.030.909**	**2.260.567**

	1992	1993	1994	1995
11 101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa				
Fargjöld innanlands:	127.595	155.090	280.745	238.635
Fargjöld erlendis:	2.053.537	2.239.443	3.258.036	3.884.737
Fargjöld alls:	**2.181.132**	**2.394.533**	**3.538.781**	**4.123.372**
Dagpeningar innanlands:	14.400	74.441	22.850	123.100
Dagpeningar, erlendis:	1.663.345	1.874.098	3.232.614	2.237.225
Dagpeningar alls:	**1.677.745**	**1.948.539**	**3.255.464**	**2.360.325**
Dvalarkostnaður innanlands:	115.030	100.592	159.971	76.960
Dvalarkostnaður erlendis:	82.766	344.469	403.586	580.859
Dvalarkostnaður alls:	**197.796**	**445.061**	**563.557**	**657.819**
Annar ferðakostn. innanlands:	0	0	0	3.710
Annar ferðakostn. erlendis:	648	0	-88.039	5.227
Annar ferðakostn. alls:	**648**	**0**	**-88.039**	**8.937**
Ferðakostnaður alls:	**4.057.321**	**4.788.133**	**7.269.763**	**7.150.453**

	1992	1993	1994	1995
12 101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa				
Fargjöld innanlands:	41.165	73.020	327.825	146.605
Fargjöld erlendis:	5.320.164	3.677.517	4.555.236	4.006.592
Fargjöld alls:	**5.361.329**	**3.750.537**	**4.883.061**	**4.153.197**
Dagpeningar innanlands:	82.593	-82.593	0	0
Dagpeningar, erlendis:	3.992.509	3.137.829	4.120.438	2.866.614
Dagpeningar alls:	**4.075.102**	**3.055.236**	**4.120.438**	**2.866.614**
Dvalarkostnaður innanlands:	326.272	70.778	325.234	113.776
Dvalarkostnaður erlendis:	717.756	993.896	803.273	264.125
Dvalarkostnaður alls:	**1.044.028**	**1.064.674**	**1.128.507**	**377.901**
Annar ferðakostn. innanlands:	52.000	3.980	1.100	0
Annar ferðakostn. erlendis:	-223.761	46.671	-550.892	134.920
Annar ferðakostn. alls:	**-171.761**	**50.651**	**-549.792**	**134.920**
Ferðakostnaður alls:	**10.308.698**	**7.921.098**	**9.582.214**	**7.532.632**

	1992	1993	1994	1995
13 101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa				
Fargjöld innanlands:	106.510	0	42.474	36.190
Fargjöld erlendis:	1.732.393	2.194.447	2.985.891	3.916.165
Fargjöld alls:	**1.838.903**	**2.194.447**	**3.028.365**	**3.952.355**
Dagpeningar innanlands:	14.000	3.696	59.900	44.650
Dagpeningar, erlendis:	3.021.662	3.404.968	4.156.462	5.160.436
Dagpeningar alls:	**3.035.662**	**3.408.664**	**4.216.362**	**5.205.086**
Dvalarkostnaður innanlands:	11.100	0	0	0
Dvalarkostnaður erlendis:	215.523	275.595	572.416	751.552
Dvalarkostnaður alls:	**226.623**	**275.595**	**572.416**	**751.552**
Annar ferðakostn. innanlands:	0	0	0	0
Annar ferðakostn. erlendis:	0	0	0	0
Annar ferðakostn. alls:	**0**	**0**	**0**	**0**
Ferðakostnaður alls:	**5.101.188**	**5.878.706**	**7.817.143**	**9.908.993**
13 102 Þjóðskráin				
Fargjöld innanlands:	0	0	0	0
Fargjöld erlendis:	147.880	148.960	89.920	39.620
Fargjöld alls:	**147.880**	**148.960**	**89.920**	**39.620**
Dagpeningar innanlands:	0	0	0	0
Dagpeningar, erlendis:	136.739	155.473	225.244	135.280
Dagpeningar alls:	**136.739**	**155.473**	**225.244**	**135.280**
Dvalarkostnaður innanlands:	0	0	0	0
Dvalarkostnaður erlendis:	38.489	0	0	0
Dvalarkostnaður alls:	**38.489**	**0**	**0**	**0**
Annar ferðakostn. innanlands:	0	0	0	0
Annar ferðakostn. erlendis:	0	0	0	0
Annar ferðakostn. alls:	**0**	**0**	**0**	**0**
Ferðakostnaður alls:	**323.108**	**304.433**	**315.164**	**174.900**

	1992	1993	1994	1995
14 101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa				
Fargjöld innanlands:	435.401	609.961	719.392	1.114.939
Fargjöld erlendis:	2.764.908	2.908.371	4.707.826	2.289.513
Fargjöld alls:	**3.200.309**	**3.518.332**	**5.427.218**	**3.404.452**
Dagpeningar innanlands:	625.365	219.136	440.206	416.869
Dagpeningar, erlendis:	2.304.853	3.559.349	5.075.852	2.196.850
Dagpeningar alls:	**2.930.218**	**3.778.485**	**5.516.058**	**2.613.719**
Dvalarkostnaður innanlands:	311.902	329.222	130.786	191.089
Dvalarkostnaður erlendis:	724.805	723.340	916.629	139.035
Dvalarkostnaður alls:	**1.036.707**	**1.052.562**	**1.047.415**	**330.124**
Annar ferðakostn. innanlands:	0	0	23.460	6.130
Annar ferðakostn. erlendis:	156.565	190.633	0	0
Annar ferðakostn. alls:	**156.565**	**190.633**	**23.460**	**6.130**
Ferðakostnaður alls:	**7.323.799**	**8.540.012**	**12.014.151**	**6.354.425**
14 190 Ýmis verkefni				
Fargjöld innanlands:	130.276	45.138	11.714	25.860
Fargjöld erlendis:	2.824.751	2.724.683	610.189	3.549.004
Fargjöld alls:	**2.955.027**	**2.769.821**	**621.903**	**3.574.864**
Dagpeningar innanlands:	212.336	418.850	27.800	46.400
Dagpeningar, erlendis:	4.463.618	2.781.657	991.255	2.585.934
Dagpeningar alls:	**4.675.954**	**3.200.507**	**1.019.055**	**2.632.334**
Dvalarkostnaður innanlands:	13.170	530.075	0	15.780
Dvalarkostnaður erlendis:	917.123	1.497.778	0	523.361
Dvalarkostnaður alls:	**930.293**	**2.027.853**	**0**	**539.141**
Annar ferðakostn. innanlands:	0	0	0	0
Annar ferðakostn. erlendis:	3.359	41.147	0	8.394
Annar ferðakostn. alls:	**3.359**	**41.147**	**0**	**8.394**
Ferðakostnaður alls:	**8.564.633**	**8.039.328**	**1.640.958**	**6.754.733**

970. Svar [485. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um úthlutun veiðiheimilda.

Leitað var til Byggðastofnunar um svör við fyrirspurninni.

1. *Hvaða reglur hafa verið mótaðar af hálfu Byggðastofnunar varðandi úthlutun veiðiheimilda á grundvelli bráðabirgðaákvæðis II í lögum nr. 83/1995 um að Byggðastofnun hafi til ársins 1999 500 lestir af þorski til úthlutunar árlega?*

Með lögum nr. 83/1995 var Byggðastofnun falið, samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II, að úthluta aflaheimildum til krókabáta. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Á fiskveiðiárunum 1995/1996 til og með 1998/1999 skal Byggðastofnun árlega hafa til ráðstöfunar þorskaflahámark er nemur 500 lestum miðað við óslægðan fisk. Skal Byggðastofnun árlega ráðstafa þessum aflaheimildum til krókabáta sem gerðir eru út frá byggðarlögum sem algjörlega eru háð veiðum slíkra báta og standa höllum fæti. Frá og með fiskveiðiárinu 1999/2000 skal sjávarútvegsráðherra með reglugerð ráðstafa þessum aflaheimildum til krókabáta."

Í athugasemd með lagafrumvarpinu eru svofelldar skýringar á þessu ákvæði:

„Hér er lagt til að á næstu fjórum fiskveiðiárum verði teknar frá 500 lestir af þorski, miðað við óslægðan fisk, og þeim úthlutað sem viðbótarþorskaflahámarki til báta í allra minnstu byggðarlögunum sem algjörlega eru háð veiðum krókabáta. Lækkar það þorskaflahámark sem til skipta kemur milli krókabáta eftir almennum reglum sem þessu nemur. Stjórn Byggðastofnunar skal árlega taka ákvörðun um úthlutun þessara aflaheimilda. Þeim verður eingöngu úthlutað til krókabáta og tekur úthlutunin að sjálfsögðu ekki gildi fyrr en tilkynningu um hana hefur verið komið til Fiskistofu."

Það sem fyrir Byggðastofnun lá í upphafi var að skilgreina hvaða byggðarlög þetta ætti við. Lögin setja tvenns konar skilyrði fyrir úthlutun, þ.e. byggðarlögin eiga að vera algjörlega háð veiðum krókabáta og standa höllum fæti.

Ekkert byggðarlag er algerlega háð veiðum krókabáta. Hins vegar má reikna með að löggjafarvaldið hafi haft fyrirmælin með þessum hætti til að leggja áherslu á að úthlutunin ætti að fara til byggðarlaga sem eru háðust slíkum veiðum. Þá kemur fram í athugasemdinni að átt sé við allra minnstu byggðarlögin.

Einstök byggðarlög eru mismunandi mikið háð veiðum krókabáta. Í nokkrum byggðarlögum í landinu byggist sjávarútvegur einvörðungu á veiðum smábáta. Hlutfall krókabáta í smábátaútgerðinni er hins vegar mismunandi og fer það helst eftir því hvernig eigendur bátanna töldu hag sínum best borgið þegar hægt var að velja milli stjórnunarkerfa. Hægt er að fullyrða að veiðar krókabáta séu sums staðar mjög mikilvægar og sé undirstaða alls annars atvinnulífs. Algengast er hins vegar að þar sem smábátaútgerð er mest stunduð sé um að ræða bæði aflamarks- og krókabáta.

Til grundvallar niðurstöðu sinni lagði Byggðastofnun upplýsingar um hlut krókabáta í afla heimabáta á hverjum útgerðarstað árið 1994. Var við það miðað að þeir staðir einir kæmu til greina þar sem hlutur þessara báta var yfir 50%. Þá var einnig tekið mið af því hversu mikilvægur sjávarútvegur væri í atvinnulífi viðkomandi byggðarlags. Þar var við það miðað að hlutfall ársverka í sjávarútvegi væri yfir 10%. Niðurstaðan var sú að eftirtalin byggðarlög uppfylltu þau skilyrði sem lögin kváðu á um: Tálknafjörður, Suðureyri, Grímsey, Bakkafjörður og Borgarfjörður eystri.

Sveitarstjórn Breiðdalshrepps vakti athygli Byggðastofnunar á því með bréfi að sveitarfélagið uppfyllti þau skilyrði sem sett höfðu verið vegna þess að skip hafði verið selt úr byggðarlaginu. Var ákveðið að bátar þaðan skyldu einnig njóta viðbótar í aflaheimildum.

Ákveðið var að hver bátur skyldi fá 25% viðbót við það þorskaflahámark sem úthlutað var í upphafi fiskveiðiárs, þó að hámarki 10 tonna viðbót. Sveitarstjórnum fyrrnefndra sveitarfélaga voru send bréf þar sem farið var fram á upplýsingar um hvaða þorskaflahámarksbátar væru gerðir út frá þessum stöðum. Þetta var gert m.a. vegna þess að algengt er að ósamræmi sé milli skráðrar heimahafnar og útgerðarstaðar, enda hefur skráningarstaður ekki skipt máli hingað til.

Í svörum sveitarstjórna kom í ljós að nokkur vafatilvik voru þar sem menn eru fluttir burt en gera þó út frá þessum stöðum, eiga þar húseignir og eru þar búsettir yfir sumartímann. Var ákveðið að þessir bátar skyldu fá viðbótarúthlutun ef meira en ¾ hlutum þorskafla þeirra hafði verið landað á viðkomandi stað undanfarin tvö ár.

Þær reglur, sem unnið hefur verið eftir, gilda einungis fyrir fiskveiðiárið 1995/1996.

2. *Hverjum hefur nú þegar verið úthlutað veiðiheimildum samkvæmt þessu ákvæði?*

Eftirtaldir bátar hafa fengið úthlutun en nokkur vafatilvik eru til skoðunar í Byggðastofnun:

Skipaskrárnúmer	Nafn	Þorskaflahámark	Viðbót, kg	Útgerðarstaður
1695	Dagur	44.468	10.000	Bakkafjörður
1821	Guðrún	49.182	10.000	Borgarfjörður eystri
1828	Anna	45.676	10.000	Grímsey
1958	Trausti	36.090	9.023	Breiðdalsvík
1991	Straumur	77.825	10.000	Suðureyri
1998	Berti G.	65.275	10.000	Suðureyri
2049	Hrönn	115.873	10.000	Suðureyri
2056	Hafbjörg	45.169	10.000	Borgarfjörður eystri
2080	Sóley	57.730	10.000	Suðureyri
2084	Alli Vill	57.558	10.000	Suðureyri
2088	Fióna	59.148	10.000	Grímsey
2106	Sæstjarnan	64.070	10.000	Suðureyri
2138	Mummi	44.695	10.000	Suðureyri
2147	Jói	83.208	10.000	Grímsey
2151	Jónína	56.454	10.000	Grímsey
2177	Sunna	68.990	10.000	Suðureyri
5609	Trausti	13.998	3.500	Bakkafjörður
5674	Oddný Hjartardóttir	38.313	9.578	Tálknafjörður
5972	Rósborg	15.168	3.792	Suðureyri
6043	Björn	22.115	5.529	Grímsey
6139	Dís	9.328	2.332	Bakkafjörður
6338	Lilli Lár	48.669	10.000	Suðueyri
6471	Máney	13.265	3.316	Bakkafjörður
6575	Óskar	31.578	7.895	Bakkafjörður
6641	Þórkatla	36.417	9.104	Bakkafjörður
6743	Garri	53.471	10.000	Tálknafjörður
6798	Kristín	24.201	6.050	Breiðdalsvík

Skipaskrárnúmer	Nafn	Þorskaflahámark	Viðbót, kg	Útgerðarstaður
6825	Þórhalla	43.943	10.000	Tálknafjörður
6827	Teista	23.028	5.757	Borgarfjörður eystri
6836	Digranes	45.218	10.000	Bakkafjörður
6877	Góa	39.054	9.764	Tálknafjörður
6932	Sæli	69.327	10.000	Tálknafjörður
7021	Halla	34.191	8.548	Borgarfjörður eystri
7052	Stapavík	44.885	10.000	Bakkafjörður
7107	Hanna Kristín	55.141	10.000	Tálknafjörður
7116	Blikanes	33.844	8.461	Suðureyri
7149	Iðunn	34.385	8.596	Suðureyri
7217	Ingþór Helgi	54.483	10.000	Tálknafjörður
7224	Otur	43.351	10.000	Tálknafjörður
7230	Hjálmar	26.065	6.516	Bakkafjörður
7232	Kristín	130.888	10.000	Grímsey
7234	Glaður	93.577	10.000	Tálknafjörður
7268	Tóti	41.063	10.000	Suðureyri
7269	Alli Ólafs	35.014	8.754	Borgarfjörður eystri
7347	Anna	50.075	10.000	Tálknafjörður
7352	Hrefna	65.522	10.000	Suðureyri
7354	Gyða	38.416	9.604	Tálknafjörður
7355	Gyllir	42.815	10.000	Tálknafjörður
7362	Óli Bjarnason	137.063	10.000	Grímsey
9032	Sædís	5.692	1.423	Bakkafjörður
	Samtals		437.542	

971. Skýrsla [523. mál]

félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála.

(Lögð fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

I. HLUTI

Skýrsla félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála.

1. INNGANGUR

Með lögum nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, var tekið upp það nýmæli að félagsmálaráðherra skyldi leggja fyrir ríkisstjórn framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Við endurskoðun gildandi jafnréttislaga, nr. 28/1991, var ákveðið að svo skyldi vera áfram, sbr. 17. gr. laganna, en með nokkrum breytingum. Sú mikilvægasta felst í því að ráðherra skal leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn. Áætlunina skal endurskoða á tveggja ára fresti og í tengslum við það skal félagsmálaráðherra leggja fyrir Alþingi skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála.

Fyrsta framkvæmdaáætlunin var lögð fyrir Alþingi í desember 1986. Gildistími hennar var til ársloka 1990. Gert var ráð fyrir að önnur áætlunin gilti frá ársbyrjun 1991 til ársloka 1994. Með samþykkt nýrra jafnréttislaga í maí 1991 raskaðist sá gildistími.

Í samræmi við ákvæði laga nr. 28/2991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, samþykkti Alþingi 7. maí 1993 þingsályktun um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Hér var um að ræða þriðju fram-

kvæmdaáætlunina sem að hluta tók til sama tíma og önnur áætlunin. Af þessari ástæðu breytust nokkuð áætlanir um samantekt á skýrslu ráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála.

Gildistími gildandi framkvæmdaáætlunar er frá 1. janúar 1993 til 31. desember 1997. Við stjórnarskipti í lok apríl 1995 ákvað nýr félagsmálaráðherra að láta fara fram endurskoðun á gildandi framkvæmdaáætlun á sviði jafnréttismála. Henni lauk að mestu leyti síðasta haust. Hins vegar var ákveðið að fresta endanlegri endurskoðun framkvæmdaáætlunarinnar þar til niðurstaða fjórðu ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna, sem haldin var í Beijing í september 1995, lægi fyrir. Enn fremur þótti rétt að bíða niðurstaðna athugunar á fyrstu skýrslu Íslands um framkvæmd samnings Sameinuðu þjóðanna um afnám alls misréttis gagnvart konum. Þær voru birtar íslenskum stjórnvöldum í febrúar 1996.

Þegar lagt er mat á ábendingar, sem fram hafa komið á innlendum og erlendum vettvangi, um stöðu jafnréttismála á Íslandi er ljóst að ýmislegt má betur fara á þessu mikilvæga sviði. Ábendingarnar eru þess eðlis að unnt á að vera að koma á umbótum innan ramma gildandi framkvæmdaáætlunar. Niðurstaðan er því sú að ekki eru að þessu sinni lagðar til breytingar á áætluninni. Hins vegar er hér með lögð fyrir Alþingi skýrsla um stöðu og þróun jafnréttismála, eins og áskilið er samkvæmt ákvæðum 17. gr. jafnréttislaga. Skýrslan er í tveimur hlutum.

Fyrri hlutinn er viðauki við skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála sem lögð var fyrir Alþingi í febrúar 1995. Efnisskipan þeirrar skýrslu er svipuð og í fyrri skýrslum, með nokkrum undantekningum. Í henni er ítarlega fjallað um framkvæmd fyrri jafnréttisáætlana. Þetta er gert samræmi við óskir þingmanna. Nokkur dráttur varð á því að skýrslan væri lögð fyrir Alþingi. Þar af leiðandi hafa ýmis atriði og upplýsingar sem koma fram í henni tekið allnokkrum breytingum. M.a. af þeirri ástæðu þótti rétt að endurnýja þessar upplýsingar með þeirri skýrslu sem hér liggur fyrir.

Í seinni hlutanum er að finna mat á framkvæmd gildandi þingsályktunar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til aðkoma á jafnrétti kynjanna.

Skýrslan hefur að stórum hluta verið tekin saman af Skrifstofu jafnréttismála. Sérstök ástæða er til að þakka Elsu Þorkelsdóttur, framkvæmdastjóra Skrifstofu jafnréttismála, og Stefanínu Traustadóttur félagsfræðingi fyrir þeirra hlut í samningu skýrslunnar.

2. LÖGGJÖF

Árið 1993 lagði stjórnarskrárnefnd Alþingis fram frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins. Hér var um að ræða breytingu á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar. Fram komu ábendingar frá aðilum um nauðsyn þess að kveðið yrði á um jafnrétti karla og kvenna í stjórnarskránni. Meðal þeirra sem þetta gerðu var Jafnréttisráð. Í umsögn ráðsins kemur fram það álit að rétt væri að lögfesta sérstakt ákvæði sem ekki einungis tryggði jafnrétti karla og kvenna heldur einnig þá skyldu stjórnvalda að grípa til aðgerða til að koma á raunverulegu jafnrétti kynja. Tillaga ráðsins var sú að þetta mætti t.d. orða þannig að tryggja skuli jafnrétti kvenna og karla á öllum sviðum þjóðlífs. Þar sem slíkt teldist nauðsynlegt skyldu stjórnvöld grípa til sérstakra aðgerða til að jafnrétti í raun verði náð.

Stjórnarskrárnefnd tók tillit til þessara athugasemda. Hún lagði til svohljóðandi breytingu:

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillit til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna."

Ný stjórnarskipunarlög voru samþykkt á Alþingi Íslendinga 15. júní 1995. Jafnréttisákvæðið er að finna í upphafsgrein VII. kafla, 65. gr.

3. LAUN KVENNA OG KARLA

3.1 Norræna jafnlaunaverkefnið.

Í skýrslu félagsmálaráðherra frá því í febrúar 1995 er fjallað um Norræna jafnlaunaverkefnið (kafla 4.11) sem er eitt af umfangsmestu samstarfsverkefnum sem Norðurlöndin hafa ráðist í á sviði jafnréttismála. Verkefninu lauk formlega haustið 1994. Markmið þess var að leita leiða til að draga úr mun á launum karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf. Framkvæmd verkefnisins hófst hér á landi í febrúar 1991.

Á vegum verkefnisins hefur verið unnið mikið fræðslu-, útgáfu- og kynningarstarf. Útgáfan var ýmist á vegum íslenska verkefnisins eða sameiginleg útgáfa norrænu verkefnisstjóranna. Eitt af lokaverkefnum norræna jafnlaunahópsins var að gefa yfirlit yfir verkefnið. Það var gert í bókinni „Från kvinnolön till likalön – från kunskap till handling". Bókin var gefin út og kynnt á Nordisk Forum í Åbo. Hún er sú síðasta af þremur en áður hafa komið út bækurnar „Løn efter fortjenste – et spørgsmål om vurdering" og „Kvinnelønnas mysterier – myter og fakta om lønnsdannelse". Í öllum þessum bókum eru greinar eftir íslenska höfunda. Síðasta bókin er nokkuð öðruvísi en hinar fyrri því að þar er meiri áhersla lögð á hvað unnt sé að gera til úrbóta. Hún hefur verið þýdd á íslensku. Á vegum verkefnisins kom einnig út bókin „Launajöfnun. Ný viðhorf – nýjar leiðir".

Í tengslum við verkefnið var efnt til fjölda funda og fyrirlestra þar sem m.a. var lögð sérstök áhersla á starfsmat sem mögulega leið í jafnlaunabaráttunni.

3.2 Tölfræðihópur.

Árið 1991 skipaði félagsmálaráðherra sérstakan tölfræðihóp Norræna jafnlaunaverkefnisins. Hlutverk hópsins var að setja fram tillögur til úrbóta á sviði opinberrar tölfræðilegrar upplýsingaöflunar og þróa aðferðir við úrvinnslu þannig að greina megi launamun karla og kvenna og afmarka áhrif kynferðis á þennan mun. Enn fremur bar hópnum að kanna hvort fylgni væri milli hlutfalls kvenna í einstökum starfsgreinum og kjara, auk þess að vera til ráðgjafar um framkvæmd kannana og athugana á vegum Norræna jafnlaunaverkefnisins. Í hópnum voru fulltrúar frá kjararannsóknarnefnd, Hagstofu Íslands, Þjóðhagsstofnun og kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna.

Vinnuhópurinn sendi félagsmálaráðherra þrjár skýrslur. Í fyrsta lagi voru það tillögur um úrbætur á sviði upplýsingaöflunar, í öðru lagi samantekt um skýrslur, kannanir og gagnasöfnun um stöðu kynjanna á vinnumarkaði og loks skýrsla Félagsvísindastofnunar um launamyndun og kynbundinn launamun.

Í skýrslu sem tölfræðihópurinn gaf út í febrúar 1995 er gerð grein fyrir helstu tillögum hans um umbætur í öflun upplýsinga um stöðu kynjanna. Hópurinn bendir á að nauðsynlegt sé að bæta upplýsingaöflun um launakjör og atvinnuþátttöku fyrir almenna hagskýrslugerð. Tillögurnar taka til fjölmargra sviða en eru í þremur liðum. Í fyrsta lagi varðandi launa- og tekjukannanir, í öðru lagi kannanir á atvinnuþátttöku og í þriðja lagi eru gerðar tillögur um samnýtingu á upplýsingum úr fleiri en einum gagnabanka.

3.3 Rannsókn á launamyndun og kynbundnum launamun.

Eins og áður sagði var norræna jafnlaunaverkefnið stærsta verkefnið samkvæmt samstarfsáætlun jafnréttisráðherra Norðurlanda fyrir tímabilið 1989–94 á sviði launajafnréttis kvenna og karla. Meginmarkmið þess var að stuðla að launajafnrétti kynjanna í víðum skilningi. Samkvæmt tillögum tölfræðihóps sem áður er getið var ákveðið að ráðast í sérstaka rannsókn sem hefði að markmiði að varpa ljósi á stöðu kynjanna á vinnumarkaðinum og freista þess að upplýsa með hvaða hætti ákvarðanir um laun væru teknar, hvaða sjónarmið réðu því hverjir veljast í stöður og hvernig hægt væri að skýra launamyndun í stofnuninni/fyrirtækinu. Á þennan hátt yrði ekki einungis þeirri spurningu svarað hver væru laun kvenna og karla heldur einnig hvort konur væru beittar misrétti á vinnumarkaði. Því yrði að svara þannig að stjórnvöld, atvinnurekendur, verkalýðsfélög og aðrir gætu unnið markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði eins og lög boða.

Jafnréttisráð ákvað að fela Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að vinna könnunina í samvinnu og samráði við tölfræðihóp jafnlaunaverkefnisins. Þær fimm meginspurningar sem rannsókninni var ætlað að svara voru:

1. Hver eru laun kvenna og karla á viðkomandi vinnustað? Hvernig skiptast laun í grunnlaun, laun vegna yfirvinnu og aukagreiðslur? Hvert er samband launa og starfshlutfalls, starfsstéttar, menntunar, fjölda yfirvinnutíma, aldurs, starfsaldurs og þess hvort starfað er hjá opinberri stofnun eða einkafyrirtæki.
2. Hvernig eru kjör ákveðin? Eru laun ákveðin eftir kjarasamningum og fastmótuðum reglum eða með einstaklingsbundnum samningum? Er starfsmönnum ljóst á hvern hátt þeirra eigin laun og annarra starfsmanna eru ákvörðuð?
3. Hvert er inntak starfs og hvers er krafist af starfsmanni til að sinna starfinu? Hvaða kröfur eru gerðar til starfsmanna og hvaða áhrif hafa þættir eins og mannaforráð, ábyrgð, álag, sérhæfing, áhætta, aðstæður á vinnustað, vinnutími o.s.frv. á laun?
4. Hvernig fara mannaráðningar, stöðubreytingar og tilfærslur í starfi fram? Vita starfsmenn hvaða þættir ráða ákvörðunum um ráðningar og stöðuhækkanir? Eru starfsmenn hvattir eða lattir til að sækjast eftir auknum frama í starfi?
5. Hvaða áhrif hafa einkahagir fólks á möguleika þeirra á vinnumarkaði? Álíta yfirmenn og almennt starfsfólk að einkahagir, svo sem aldur og fjöldi barna stuðli að eða dragi úr möguleikum til að sinna ákveðnum störfum og til frama í starfi? Hvetja vinnufélagar, vinir og fjölskylda karla og konur jafnmikið til að sækjast eftir starfsframa? Telur fólk að það muni koma niður á fjölskyldu og einkalífi að takast á við ábyrgðarstörf?

3.3.1 Helstu niðurstöður könnunarinnar.

Draga má saman helstu niðurstöður úr rannsókn Félagsvísindastofnunar á launamyndun og kynbundnum launamun á eftirfarandi hátt:

Launamunur. Í ljós kom töluverður munur á launum karla og kvenna, hvort sem skoðuð eru hrein dagvinnulaun, dagvinnulaun og aukagreiðslur eða jafnaðarkaup. Konur voru með 78% af hreinum dagvinnulaunum karla en þegar tekið var tillit til aukagreiðslna voru þær með 70% af launum karla. Þetta hlutfall lækkar enn þegar miðað er við jafnaðarkaup, en þá voru konur með 68% af launum karla.

Oft er bent á að sá munur sem fram kemur á launum karla og kvenna sé í raun vegna þess að karlar hafi meiri menntun en konur. Niðurstöður sýndu að menntun leiðir til launahækkunar bæði hjá konum og körlum en hún leiðir til meiri launahækkunar hjá körlum. Launamunur kynjanna hverfur því ekki þegar tillit er tekið til menntunar fólks. Að vísu er enginn munur á launum karla og kvenna sem ekkert nám hafa stundað eftir grunnskóla en töluverður munur er á launum karla og kvenna sem lokið hafa framhaldsskóla- eða háskólaprófi. Konur með framhaldsskólamenntun eru með um 78% af launum (dagvinnulaunum að viðbættum aukagreiðslum) karla með sambærilega menntun og konur með háskólamenntun eru aðeins með um 64% af launum háskólamenntaðra karla.

Í skýrslu Félagsvísindastofnunar er sett fram sú hugsanlega skýring á launamun karla og kvenna að konur vinni frekar hjá hinu opinbera en karlar hjá einkafyrirtækjum. Þessi skýring virðist hins vegar ekki duga til því að þegar tekið var tillit til þess hvort fólk starfaði hjá opinberri stofnun eða einkafyrirtæki, auk menntunar, var launamunur enn til staðar. Háskólamenntaðir karlar og karlar með framhaldsskólamenntun voru með hærri laun en konur með sambærilega menntun, hvort sem um var að ræða einkafyrirtæki eða opinbera stofnun.

Launamunur milli kynjanna er einnig oft skýrður með því að vísa til þess að fleiri karlar starfi sem sérfræðingar og stjórnendur en konur og því þurfi að taka tillit til starfsstéttar þegar fjallað er um launamun. Bæði karlar og konur sem starfa sem sérfræðingar og stjórnendur hafa töluvert hærri laun en aðrar starfsstéttir. Þessi starfsheiti hafa hins vegar meiri launahækkun í för með sér fyrir karla en fyrir konur. Þegar tekið er tillit til starfsstéttar kom í ljós að laun verkafólks, starfsfólks í sérhæfðum iðnaðarstörfum, þjónustu- og afgreiðslustörfum og skrifstofufólks voru jafnhá hjá konum og körlum. Karlar í hópi tækna eða sérhæfðs starfsfólks, sérfræðinga, stjórnenda og embættismanna höfðu hins vegar hærri laun en konur í sömu starfsstéttum.

Starfsstétt, menntun, starfsaldur, aldur, fjöldi yfirvinnutíma og hvort starfað er hjá einkafyrirtæki eða hjá opinberum aðilum skýrir að stórum hluta breytileika dagvinnulauna og aukagreiðslna. Þessir þættir hafa þó mun meiri áhrif á laun karla en kvenna og þegar tekið hefur verið tillit til allra þessara þátta hafa konur samt sem áður 16% lægri laun en karlar.

Hvernig eru laun og kjör ákveðin? Svör við spurningunni um hvernig laun séu ákveðin (þ.e. hvort borgað sé að öllu leyti samkvæmt taxta stéttarfélags, hvort um sé að ræða taxta og yfirborgun eða sérsamning milli launþega og atvinnurekanda) sýndu að mun algengara er að konur fái eingöngu greitt samkvæmt taxta stéttarfélags en karlar. Menntun og stétt höfðu einnig áhrif á það hvort fólk fær eingöngu borgað samkvæmt taxta því að yfirborganir eða sérsamningar eru algengari meðal háskólamenntaðs fólks, hvort sem er hjá opinberu stofnununum eða einkafyrirtækjunum, og meðal sérfræðinga og stjórnenda. Það gæti því hugsast að sá munur sem fram kemur á hlutfallslegum fjölda karla og kvenna sem fá aukagreiðslur sé í raun munur á menntun og starfsstétt karla og kvenna. Þegar tekið er tillit til þessara breytna kemur hins vegar í ljós að það er samt sem áður algengara að konur fái eingöngu greitt samkvæmt taxta en karlar. Niðurstöður sýndu því að sérsamningar launþega og vinnuveitenda leiða til aukins munar á launum karla og kvenna. Í þeim stéttum þar sem sérsamningar voru algengastir var langmesti munurinn á launum kynjanna.

Inntak starfsins og kröfur til starfsmanna. Þegar fjallað er um launamun karla og kvenna er stundum bent á að karlar hafi hærri laun vegna þess að störf þeirra séu að ýmsu leyti „erfiðari“ en störf kvenna. Þeim spurningum í könnuninni sem fjölluðu um inntak eða eðli starfs má skipta í níu þætti:

a. andlegt álag,
b. ábyrgð á rekstri,
c. líkamlegt álag,
d. meðferð fjármuna,
e. nákvæmni, handleikni og einbeitingu,
f. sveigjanleika eða sjálfstæði í starfi,
g. tímaþröng,
h. hópvinnu og
i. eyðublaðaútfyllingar.

Andlegt álag í starfi og ábyrgð á rekstri hækkar bæði laun karla og kvenna en líkamlegt álag hefur hins vegar neikvæða fylgni við laun karla og kvenna. Þegar starf krefst handleikni, nákvæmni og einbeitingar, eða þegar eyðublaðaútfyllingar eru ríkur þáttur í starfinu lækkar það laun karla en ekki kvenna. Hópvinna, sem væntanlega felst fyrst og fremst í nefndarstörfum ýmiss konar, hækkar laun karla en ekki kvenna. Þegar starf felur í sér sveigjanleika eða sjálfstæði í starfi hækkar það hins vegar laun kvenna en ekki karla.

Þegar tekið var tillit til starfsstéttar, menntunar, starfsaldurs, aldurs, fjölda yfirvinnutíma, inntaks starfs og fjölda sem vinnur í sama herbergi voru konur með 11% lægri dagvinnulaun og aukagreiðslur á klukkustund en karlar.

Framangreindir þættir hafa mun meiri áhrif á laun karla en kvenna því að þeir skýrðu 80% af breytileika í launum karla en einungis 66% af breytileika í launum kvenna. Þeir þættir sem mest áhrif hafa á laun karla eru menntun (þeir karlar sem hafa lokið grunnskólanámi eru með 15% lægri laun en þeir sem lokið hafa framhaldsskólanámi. Háskólamenntaðir karlar eru hins vegar með um 16% hærri laun en þeir karlar sem lokið hafa framhaldsskólanámi), hvort þeir starfa hjá einkafyrirtæki eða opinberri stofnun (karlar sem vinna hjá einkafyrirtæki hafa 41,4% hærri laun en karlar sem vinna hjá opinberri stofnun) og það hversu mikið eða lítið líkamlegt álag er í starfi (þegar líkamlegt álag eykst um eina staðaleiningu lækka laun um rúm 14%). Þeir þættir sem mest áhrif hafa á laun kvenna eru hvort þær vinna hjá einkafyrirtæki eða opinberri stofnun (konur sem starfa hjá einkafyrirtækjum eru með um 35% hærri laun en konur í sambærilegu starfi og með sambærilega menntun hjá því opinbera) og starfsaldur á núverandi vinnustað (fyrir hvert ár sem þær hafa starfað hjá viðkomandi stofnun eða fyrirtæki hækka laun um 1,6%). Þrátt fyrir að sterkt samband sé á milli menntunar kvenna og launa þeirra hverfur það þegar tekið hefur verið tillit til starfsstéttar, inntaks starfs og fleiri þátta. Þegar tekið hefur verið tillit til áhrifa þessara sömu þátta á laun karla hefur starfsaldur (hvort sem er á vinnumarkaði eða á núverandi vinnustað) ekki lengur áhrif á laun þeirra. Þetta bendir því til að að konur þurfi frekar að sanna sig á nýjum vinnustað en karlar. Prófgráða þeirra og reynsla dugar ekki sem staðfesting á hæfni heldur þurfa þær einnig að sýna hvað í þeim býr áður en þær komast áfram innan stofnunar eða fyrirtækis.

Aukagreiðslur. Rúm 34% þeirra karla sem svöruðu spurningalistanum og tæp 11% kvenna fá einhverjar aukagreiðslur í formi „óunninnar“ yfirvinnu, þóknunareininga og/eða bílastyrkja. Konur fá að jafnaði um 12 þús. kr. lægri upphæð í aukagreiðslur á mánuði en karlar eftir að tekið hefur verið tillit til starfsstéttar, menntunar, aldurs, starfsaldurs

og þess hvort unnið er hjá opinberri stofnun eða einkafyrirtæki. Þegar áhrif menntunar eru skoðuð annars vegar fyrir karla og hins vegar fyrir konur kom í ljós að menntun hefur einungis áhrif á upphæð aukagreiðslna til karla. Háskólamenntaðir karlar fengu að jafnaði með 17 þús. kr. hærri aukagreiðslur á mánuði en aðrir karlar í sambærilegum störfum. Menntun kvenna hefur hins vegar ekki áhrif á hve háar aukagreiðslur þær fá. Þegar einnig hefur verið tekið tillit til inntaks starfs munar að jafnaði um 10 þús. kr. á mánaðarlegum aukagreiðslum karla og kvenna. Það er mjög mismunandi hvaða þættir hafa áhrif á upphæð aukagreiðslna hjá körlum annars vegar og konum hins vegar. Menntun skiptir hér miklu máli. T.d. bendir könnunin til þess að háskólamenntun skýri 15% af breytileika aukagreiðslna sem falla í hlut karla. Þegar tekið var tillit til starfsstéttar, aldurs, starfsaldurs, hvort starfað er hjá opinberri stofnun eða einkafyrirtæki, vinnutíma og inntaks starfs hafði háskólamenntun hins vegar ekki lengur tölfræðilega marktæk áhrif á aukagreiðslur til þeirra. Eðli eða inntak starfs karla ræður mestu um hversu miklar aukagreiðslur þeir fá. Auknar aukagreiðslur til karla fylgdu aukinni ábyrgð, auknu andlegu álagi og hópvinnu eða nefndarstörfum. Á sama hátt dregur úr aukagreiðslum eftir því sem líkamlegt álag eykst, eftir því sem eyðublaðaútfylling verður ríkari þáttur í starfinu og eftir því sem vinnutími lengist. Starfsstétt kvenna er hins vegar eina breytan sem hefur áhrif á hvort og hversu miklar aukagreiðslur þær fá því að þær konur sem starfa sem sérfræðingar eða stjórnendur eru þær einu sem fá einhverjar aukagreiðslur. Konur í þessum starfsstéttum fengu að jafnaði 10–13 þús. kr. í aukagreiðslur, óháð menntun þeirra, starfsaldri eða eðli starfsins.

Hvaða þættir hafa áhrif á mannaráðningar og stöðubreytingar? Yfirmenn eru ekki líklegri til að benda körlum á leiðir til stöðu- og launahækkana en konum. Þeir hvöttu hins vegar karla frekar en konur til að sækja ráðstefnur, koma með eigin hugmyndir eða til að vinna að sjálfstæðum verkefnum. Þessi kynjamunur er fyrir hendi eftir að tekið hefur verið tillit til menntunar. Yfirmenn voru einnig líklegri til að biðja karl en konu um að leysa sig af eða koma fram sem fulltrúi fyrirtækisins.

Heldur fleiri karlar en konur höfðu sóst eftir stöðuhækkun. Þetta var nokkuð háð menntun og snerist hlutfallið við hjá háskólamenntuðum. Hlutfallslega fleiri háskólamenntaðar konur en karlar höfðu farið fram á stöðuhækkun. Almennt tóku yfirmenn jafnvel í óskir karla og kvenna um stöðuhækkun en þetta var einnig háð menntun fólks. Eftir því sem konur höfðu minni menntun var líklegra að viðbrögð vinnuveitenda væru jákvæð en eftir því sem menntun karla var meiri því líklegra var að þeir fengju þá stöðuhækkun sem þeir sóttust eftir. Þegar tillit hafði verið tekið til menntunar höfðu álíka margir karlar og konur sóst eftir launahækkun. Karlar voru hins vegar mun líklegri til að fá þá launahækkun sem þeir báðu um.

Karlar höfðu sótt fleiri námskeið en konur. Þeir virtust óska frekar eftir því en konur og þeir voru einnig frekar sendir af vinnuveitendum án þess að óska eftir því. Karlar höfðu einnig farið á fleiri ráðstefnur en konur. Kynjamunur var langmestur hjá háskólamenntuðu starfsfólki því að karlar sem lokið hafa háskólaprófi höfðu farið á mun fleiri ráðstefnur en háskólamenntaðar konur. Munurinn virðist helst stafa af því að háskólamenntaðar konur höfðu síður óskað eftir því að fara á ráðstefnur en háskólamenntaðir karlar. Konur höfðu síður en karlar falast eftir sjálfstæðum verkefnum og buðust síður til að leysa yfirmann sinn af eða koma fram sem fulltrúar stofnunar eða fyrirtækis. Þetta var þó háð menntun. Háskólamenntaðar konur voru jafnlíklegar og háskólamenntaðir karlar til að leggja fram eigin hugmyndir, falast eftir sjálfstæðum verkefnum og bjóðast til að leysa yfirmann sinn af. Þessar niðurstöður eru sérstaklega áhugaverðar þegar

þær eru bornar saman við hvatningu yfirmanns því að hann er í öllum tilfellum líklegri til að hvetja háskólamenntaða karla til að taka að sér framangreind verkefni en háskólamenntaðar konur.

Áhrif fjölskylduaðstæðna á laun og áhuga og möguleika til stöðuhækkana. Þegar samband milli hjúskaparstöðu og launa er skoðað er ljóst að hjúskaparstaða karla hefur áhrif á laun þeirra en ekkert samband er milli hjúskaparstöðu og launa kvenna. Karlar í hjúskap fengu mun hærri laun en einhleypir karlar eftir að tekið hafði verið tillit til menntunar og aldurs. Fólk í hjúskap hafði meiri áhuga á stöðuhækkun en einhleypt fólk, bæði konur og karlar. Samband milli barnafjölda og launa fer eftir hjúskaparstöðu. Gera má ráð fyrir að að laun kvæntra karla og giftra kvenna hækki um 4,5% með hverju barni (eftir að tillit hefur verið tekið til menntunar, starfsstéttar, hvort fólk vinnur hjá einkafyrirtæki eða opinberri stofnun, aldurs, starfsaldurs og fjölda yfirvinnutíma á mánuði). Barnafjöldi hefur hins vegar engin áhrif á laun einhleypra foreldra.

Í viðtölunum kom fram að konur væru álitnar ótryggari starfskraftur og væru því síður ráðnar en karlar. Þetta var einkum skýrt með því að konur dyttu út af vinnumarkaði vegna barneigna og væru meira fjarverandi vegna veikinda barna. Barneignir draga nokkuð úr áhuga, bæði karla og kvenna, á stöðuhækkunum, nema hvað þær virðast auka áhuga karla sem aðeins hafa stundað grunnskólanám. Enginn munur var á áhuga háskólamenntaðra karla og kvenna á stöðuhækkunum. Um 90% barnlausra háskólamenntaðra karla og kvenna, yngri en 50 ára, sögðust hafa áhuga á stöðuhækkkun, en um 70% háskólamenntaðra á sama aldri sem eiga börn yngri en 16 ára. Mun fleiri sögðust hafa áhuga á stöðuhækkun en hafa sjálfir sóst eftir henni. Barneignir draga úr líkum á því að konur sæki um stöðuhækkun en auka líkur á að karlar geri það. Þetta er þó háð menntun. Háskólamenntaðar konur eru jafnvel líklegri til að sækja um stöðuhækkun en karlar með háskólamenntun (rúm 22% háskólamenntaðra feðra, yngri en 50 ára, hefur sóst eftir stöðuhækkun en um 27% háskólamenntaðra mæðra, á sama aldri). Stjórnendur stofnana og fyrirtækja töldu það ekki hafa neikvæð áhrif á möguleika karlmanns til starfsframa að eiga börn yngri en sex ára en rúmur fjórðungur þeirra taldi það hins vegar hafa neikvæð áhrif á möguleika kvenna. Almennt virðist vera gengið út frá því að konur sjái um börn og heimili, en karlarnir sjái fyrir fjölskyldunni og þurfi því hærri laun. Þetta viðhorf er ekki aðeins ríkjandi meðal stjórnenda heldur einnig meðal almennra launþega. Svo virðist sem mjög sjaldgæft sé að hjón ræði það hvernig þau skipta tíma sínum milli fjölskyldu og heimilis. Þegar börnin fæðast þróast það einfaldlega þannig að konurnar sjá um börnin og karlarnir vinna fyrir fjölskyldunni þótt þeir þurfi oft að fá aðstoð eiginkvenna til að endar nái saman. Ýmislegt bendir til þess að önnur viðhorf ríki meðal yngra starfsfólksins. Velflestir karlanna og giftu konurnar töldu að almennur áhugi ríkti meðal karla, a.m.k. meðal yngri manna, til að draga úr vinnu og sinna fjölskyldu meira en nú er. Ýmsir viðmælenda, bæði karlar og konur, drógu þó í efa að um raunverulegan áhuga væri að ræða. Það mundi væntanlega heyrast meira í þeim ef þeir hefðu virkilegan áhuga. Aðrir töldu skilningsleysi stjórnenda stofnana og fyrirtækja koma í veg fyrir aukna þátttöku karla í barnauppeldi. Ungir menn sem rætt var við töldu litlar líkur á að karlmenn gætu sinnt börnum og heimili í ríkara mæli fyrr en kynslóðaskipti hefðu orðið meðal stjórnenda, sem flestir hefðu mjög gamaldags viðhorf.

Viðhorf karla og kvenna til starfs síns. Forgangsröðun kvenna eða tilhneiging þeirra til að láta fjölskylduna ganga fyrir vinnunni var ekki eina ástæðan sem var gefin fyrir því að þær væru síðri starfskraftur en karlar. Margir töldu þær einnig hafa önnur viðhorf til vinnu, þær hefðu ekki sama áhuga og væru ekki tilbúnar til að fórna sér fyrir stofnun-

ina eða fyrirtækið. Stjórnendur virðast meta það mikils að starfsfólk sé reiðubúið að vinna fram eftir og telja að karlar séu líklegri til að láta vinnuna ganga fyrir öðru. Viðmælendur voru þó ekki sannfærðir um að þessi mikla yfirvinna væri nauðsynleg eða að framleiðni væri meiri hjá þeim sem lengstan vinnudag hafa. Margir töldu að vel mætti skipuleggja starfsemina betur og stytta vinnutíma án þess að það kæmi niður á framleiðni.

Viðhorf fólks til starfs síns geta að einhverju leyti skýrt laun. Svör við spurningalista benda til þess að fullyrðingar um ólík viðhorf kynja séu ekki tilhæfulausar. Margt bendir til að karlar meti starf sitt meira en konur og telji störf sín skipta meira máli fyrir fyrirtækið. Mun algengara var að karlar teldu mistök sín í starfi hafa fjárhagslegt tap fyrir fyrirtækið í för með sér en konur. Þessi munur kom fram hjá öllum starfsstéttum að frátöldum iðnaðarmönnum. Á sama hátt eru hlutfallslega færri konur en karlar þeirrar skoðunar að þær þurfi líklega að segja upp eða verði sagt upp ef þær geri mistök í starfi. Þetta á við um allar starfsstéttir nema sérfræðinga því þar var hlutfall kvenna hærra en karla. Hlutfallslega fleiri karlar voru einnig þeirrar skoðunar að það taki meira en ár að ná góðum tökum á því starfi sem þeir sinna og var það ekki háð starfsstétt. Konur virðast því meta störf sín lítils miðað við karla og telja þau hafa lítil áhrif á fjárhagslega velgengni fyrirtækisins. Ekki var gerð tilraun til þess að meta hversu flókin störfin væru en líklegt má telja að hvort tveggja eigi sér stað, ofmat karla og vanmat kvenna, enda er slíkt þekkt úr öðrum rannsóknum.

Viðhorf svarenda til jafnréttismála. Töluverður munur kom fram á svörum karla og kvenna þegar þau voru innt eftir viðhorfum sínum til mikilvægis þess að móta ákveðna jafnréttisstefnu innan stofnunar sinnar eða fyrirtækis. Flestir karlanna, einkum innan opinberu stofnananna töldu slíka stefnu með öllu óþarfa þar sem jafnrétti væri í fyrirrúmi. Konur væru farnar að sækja meira í stjórnunarstöður og því færi launamunur minnkandi. Niðurstöður könnunarinnar stangast þó á við þetta viðhorf þar sem mesti launamunur á körlum og konum er einmitt meðal stjórnenda og sérfræðinga. Konurnar töldu hins vegar flestar mikilvægt að ákveðin jafnréttisstefna væri mótuð. Allmargir viðmælenda höfðu orð á því að erfitt væri að ná fram jafnrétti á vinnumarkaði nema með því að auka ábyrgð karla á börnum og heimili og slíkt væri erfitt að gera nema með því að auka rétt þeirra til fæðingarorlofs. Viðmælendur virðast flestir vera nokkuð svartsýnir á að hægt sé að auka ábyrgð karla á barnauppeldi þar sem ástand á vinnumarkaði, svo sem hærri laun karla, lengri vinnutími þeirra, viðhorf stjórnenda til kvenna og ástand í dagvistar- og skólamálum viðhaldi þeim viðhorfum og fyrirkomulagi sem hér hefur verið lýst.

Viðbrögð. Í framhaldi af skýrslunni skipaði félagsmálaráðherra 8. mars 1995 starfshóp sem m.a. fékk það verkefni að leita leiða til þess að draga úr launamun kynja. Í hópinn voru skipaðir fulltrúar frá ASÍ, BSRB, BHMR, fjármálaráðuneytinu og Reykjavíkurborg, ásamt fulltrúa frá Skrifstofu jafnréttismála sem jafnframt var formaður starfshópsins. Fulltrúum frá VSÍ og VMSÍ var einnig boðið sæti í hópnum. Samkvæmt skipunarbréfi hópsins er fyrsta verkefni hans að safna gögnum erlendis frá og skrifa skýrslu um kosti og galla starfsmats sem tækis til að draga úr launamun kvenna og karla. Enn fremur skal hann skoða möguleika þess að beita starfsmati á íslenskum vinnumarkaði. Eftir alþingiskosningarnar í apríl sl. skipaði nýr félagsmálaráðherra Siv Friðleifsdóttur alþingismann nýjan formann starfshópsins. Þess var aftur farið á leit við forustumenn VSÍ og VSMÍ að þeir tækju þátt í störfum hópsins. VSMÍ þáði boðið og starfar fulltrúi þess nú með hópnum.

4. HLUTFALL KVENNA OG KARLA Í SVEITARSTJÓRNUM OG Á ALÞINGI

Sveitarstjórnarkosningar fóru fram í maí 1994 og kosningar til Alþingis í apríl 1995. Á vegum Skrifstofu jafnréttismála hafa úrslit kosninganna verið rannsökuð með tilliti til fjölda karla og kvenna sem hlutu kosningu. Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

4.1 Sveitarstjórnarkosningar 1994.[1]

Í kosningum árið 1994 fjölgaði konum í sveitarstjórnum. Fyrir kosningar voru konur 22% af heildarfjölda fulltrúa í sveitarstjórnum. Eftir kosningarnar eru þær 25%. Þessi aukning á sér fyrst og fremst stað í kauptúnahreppum og fámennum sveitarhreppum. Hlutfall kvenna í sveitarstjórnum í þéttbýli breytist lítið í kosningunum. Árið 1986 var það 28,9%, eftir kosningarnar 1990 31,5%.

Hlutfall kvenna í sveitarstjórnum á höfuðborgarsvæðinu lækkaði í kosningunum. Fyrir kosningar voru konur 45% af sveitarstjórnarmönnum á þessu svæði en hlutfall þeirra er nú mun lægra eða rétt 38%.

Eftirfarandi yfirlit sýnir fjölda kvenna í sveitarstjórnum, hlutfall þeirra af heildarfulltrúafjölda og fjölda sveitarfélaga þar sem konur eiga enga fulltrúa í sveitarstjórn.

Kosningar, ár	Konur	Hlutfall af heildarfjölda, %	Fjöldi sveitarstjórna, engin kona
1962	11	0,9	uppl. vantar
1970	28	2,4	uppl. vantar
1982	148	12,4	113
1986	225	19,2	81
1990	243	21,8	58
1994	243	24,8	32

Á síðustu árum hefur sveitafélögum fækkað. Árið 1990 voru þau 204 en eru nú 171. Þrátt fyrir þessa fækkun sveitarfélaga hefur sú jákvæða þróun átt sér stað að sveitarstjórnum án kvenna hefur fækkað hlutfallslega úr 28,4% í 18,7%.

4.2 Alþingiskosningar 1995.

Á síðustu áratugum hefur konum fjölgað á Alþingi. Fyrir tæpum tveimur áratugum voru þær 3% Alþingismanna. Eftir kosningarnar árið 1991 hafði þeim fjölgað í 16 eða í fjórðung þingmanna. Þetta hlutfall breyttist ekki í kosningum sem fram fóru til Alþingis árið 1995. Samtals hlutu 16 konur kosningu og eru þær 25% þingmanna. Staða íslenskra kvenna er að þessu leyti mun lakari en kvenna annars staðar á Norðurlöndum. Taflan hér á eftir sýnir fjölda og hlutfall kjörinna þingmanna frá árinu 1979.

[1] Tekið skal fram að endanlegar opinberar tölur um niðurstöður sveitarstjórnarkosninganna liggja ekki enn fyrir og því verður að taka þessar upplýsingar með fyrirvara. Þær eru byggðar á tölum sem birtust í dagblöðum að kosningum loknum og á upplýsingum frá skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Ár	Alls	Konur	%
1979	60	3	5
1983	60	9	15
1987	63	13	21
1991	63	16	25
1995	63	16	25

5. RIT UM JAFNRÉTTISMÁL

Í mars 1995 kom út skýrsla íslenskra stjórnvalda í tilefni af fjórðu ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna í Beijing 1995. Í henni er að hluta til að finna sambærilegar upplýsingar og í skýrslum félagsmálaráðherra, m.a. hvað varðar þróun löggjafar um lagaleg réttindi kvenna og karla, um stöðu kvenna og karla hvað varðar menntun og nýjustu upplýsingar um stöðu kvenna og karla á vinnumarkaðinum. Auk þess er þar fjallað um aðgerðir til að auðvelda starfsmönnum með fjölskylduábyrgð þátttöku í atvinnulífinu, um konur og heilbrigði og um ofbeldi gegn konum. Allar tölulegar upplýsingar í þeirri skýrslu eru frá árinu 1994.

6. KARLAR OG JAFNRÉTTI

Ýmsir hafa orðið til þess að benda á mikilvægi þess að karlar taki virkan þátt í aðgerðum til að koma á jafnrétti kynjanna. Stjórnvöld hafa brugðist við þessum ábendingum á ýmsan hátt. M.a. starfaði á vegum félagsmálaráðuneytisins nefnd á árunum 1991–94 sem hafði það hlutverk að fjalla um stöðu karlmanna í breyttu þjóðfélagi þar sem jafnrétti ríkir á milli kynjanna. Í skýrslu félagsmálaráðherra, sem lögð var fyrir Alþingi í febrúar 1995, er gerð grein fyrir starfi nefndarinnar. Þar kemur m.a. fram að hún hafi skilað tillögum til ráðherra þar sem stungið er upp á ýmsum aðgerðum til að efla áhuga karla á jafnréttismálum og gera þá virkari á þessu sviði.

6.1 Karlanefnd jafnréttisráðs.

Í samræmi við tillögur nefndar um hlutverk karla í breyttu þjóðfélagi ákvað Jafnréttisráð í byrjun árs 1994 að skipa nefnd til tveggja ára, sem hefði það hlutverk að auka þátt karla í umræðunni um jafnrétti kynja. Í nefndinni eiga sæti eftirtaldir aðilar: Formaður nefndarinnar, Sigurður Svavarsson, ritstjóri hjá Máli og menningu, Hjörleifur Sveinbjörnsson, fræðslufulltrúi hjá BSRB, Jóhanna Ingvarsdóttir, blaðamaður á Morgunblaðinu, Ragnhildur Benediktsdóttir, formaður kærunefndar jafnréttismála, og Sigurður Snævarr, hagfræðingur hjá Þjóðhagsstofnun.

Fyrsta verkefni nefndarinnar var að taka til umfjöllunar ofbeldi sem fyrst og fremst karlar beita konur og börn innan veggja heimilisins. Skýrslur og rannsóknir sýndu að hér var um að ræða umfangsmikið vandamál sem nauðsynlegt var að taka til opinberrar umræðu. Nefndin var þeirrar skoðunar að úrbætur á þessu sviði væru forsenda fyrir virkri þátttöku karla í aðgerðum í jafnréttismálum. Á árinu 1995 stóð hún fyrir herferð sem bar yfirskriftina „Karlar gegn ofbeldi“. Liður í undirbúningi aðgerðanna var ráðstefnan „Karlar gegn ofbeldi“ sem haldin var í Norræna húsinu í nóvember 1994. Hún var mjög vel sótt og dró að sér athygli fjölmiðla. Það er álit þeirra sem að ráðstefnunni stóðu að hún hafi tekist mjög vel og vakið upp umræðu um ímynd karlmennskunnar og ábyrgð karla. Dagana 13.–20. september var efnt til átaksviku sem hafði að markmiði að vekja til um-

hugsunar um ofbeldi á heimilum. M.a. var stofnað til umræðna um þetta málefni í fjölmiðum og staðið fyrir auglýsingaherferð. Einnig var það tekið til umræðu í kennslustundum í félagsfræði í framhaldsskólum. Nefndin stóð fyrir táknrænum aðgerðum af ýmsum toga. Loks efndi Félag íslenskra teiknara til samkeppni um veggspjald sem var notað í herferðinni. Tillögur sem bárust voru sýnda í Ráðhúsi Reykjavíkur átaksvikuna.

6.2 Norræn ráðstefna um breytt hlutverk karla.

Dagana 27. og 28. apríl 1995 var haldin ráðstefna í Stokkhólmi undir heitinu „Norrænir karlar – ólíkir einstaklingar – áþekk reynsla". Ákvörðun um að halda hana var tekin á Nordisk Forum sumarið 1994 af norrænu ráðherranefndinni. Fulltrúi Íslands í norrænum undirbúningshópi hennar var Sigurður Svavarsson, formaður íslensku karlanefndarinnar. Ráðstefnuna sóttu 35 Íslendingar og veitti félagsmálaráðherra 200 þús. kr. styrk til að auðvelda þátttöku þeirra. Fulltrúar Íslendingar í hópi fyrirlesara voru Ásþór Ragnarsson sálfræðingur, sem hélt fyrirlestur um gjald karlmennskunnar, Margrét Pála Ólafsdóttir leiksskólastjóri, sem lýsti uppeldisaðferðum sínum, og Bragi Skúlason sjúkrahúsprestur sem fjallaði um hvernig drengir verða að mönnum.

Í lok ráðstefnunnar voru lögð fyrir jafnréttisráðherra Norðurlanda eftirtalin sjö atriði sem karlar skilgreina sem forgangsverkefni á sviði jafnréttismála. Þau eru:

1. Ógiftir foreldrar í sambúð fái sjálfkrafa sameiginlega forsjá barna sinna. Skoða þarf ítarlega stjórnvaldsreglur sem gilda um forsjá barna.
2. Réttur til foreldraorlofs (fæðingarorlofs) á að vera einstaklingsbundinn, þar með talinn launaréttur. Foreldraorlof þarf að vera sveigjanlegra en nú er.
3. Bæði kynin skuli gegna herþjónustu, en enginn sæta fangelsisdómi sem víkst undan herskyldu.
4. Karlmönnum þarf að fjölga í störfum á dagvistarstofnunum og í yngstu bekkjum grunnskóla.
5. Rannsaka þarf aðstæður drengja í grunnskólum á Norðurlöndum.
6. Rannsaka þarf ofbeldi karla og koma ofbeldishneigðum karlamönnum í meðferð eða í umsjón sérmenntaðra ráðgjafa.
7. Rannsaka þarf sérstaklega háa slysatíðni karla, t.d. við vinnu.

Jafnréttisráðherrar Norðurlanda ákváðu að gefa út skýrslu um ráðstefnuna á ensku. Hún var sameiginlegt framlag Norðurlandanna á kennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kína.

7. ÝMSAR AÐGERÐIR OG VERKEFNI

Í skýrslu íslenskra stjórnvalda, sem tekin var saman í tilefni af ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna, er fjallað um samræmingu á þátttöku í atvinnulífinu og fjölskylduábyrgðar. Á því sviði bíða úrlausnar ýmis viðfangsefni sem miða að því að jafna stöðu kynjanna. Eitt þeirra er fæðingarorlof.

7.1 Fæðingarorlof – fyrir konur og karla.

Á undanförnum árum hafa átt sér stað umræður um breytingar á lögum um fæðingarorlof og rétt foreldra til töku fæðingaorlofs. Umræðan hefur einkum snúist um jöfn tækifæri karla og kvenna til að samræma þátttöku í atvinnulífinu ábyrgð á fjölskyldu. Í skýrslu sem Skrifstofa jafnréttismála tók saman um lög og reglur um fæðingarorlof kom fram að misunandi reglur gilda um fæðingarorlof á vinnumarkaði. Yfirleitt eru þau samningsákvæði þá kynbundin þannig að þau ná einungis til kvenna. Alvarlegasta mismun-

unin snýr að ríkisstarfsmönnum. Samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 410/1989, um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins, eiga fastráðnar konur sem starfað hafa hjá ríkinu samfellt í sex mánuði rétt á fullum launum í þrjá mánuði og grunnlaunum í aðra þrjá þegar þær eignast barn. Ákvæðið tekur ekki til karla í þjónustu ríkisins. Kærunefnd jafnréttismála hefur í framhaldi af tveimur álitsgerðum um rétt feðra í þjónustu ríkisins til launa í fæðingarorlofi beint þeim tilmælum til fjármálaráðherra að hann hlutist til um að réttur feðra til greiðslna verði tryggður. Viðbrögð fjármálaráðherra hafa fram að þessu engin verið.

Annars staðar á Norðurlöndum miða allar breytingar sem orðið hafa á lögum um fæðingarorlof og/eða foreldraorlof að því að auka möguleika foreldra til að skipta með sér verkum. Þessar breytingar hafa verið framlag stjórnvalda til aðgerða sem hafa haft að markmiði jafna fjölskylduábyrgð og auðvelda báðum kynjum virka þátttöku í atvinnulífinu.

Umræða um fæðingaorlof er ekki ný af nálinni en áherslur hafa verið mismunandi frá einum tíma til annars. Nú á tímum eru karlar virkari í umræðum um jafnréttismál og hafa m.a. sett fram kröfu um sjálfstæðan réttar til töku fæðingaorlofs. Á ráðstefnunni „Norrænir karlar" var rætt um tækifæri karla til töku fæðingaorlofs og leiðir sem gerðu þeim kleift vera tímabundið heima með barni sínu.

7.2 Ár fjölskyldunnar.

Í stefnuyfirlýsingum stjórnvalda í málum er varða jafnrétti kvenna og karla skipar fjölskyldan oft veglegan sess. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna ákvað að árið 1994 skyldi vera ár fjölskyldunnar. Á Íslandi var skipuð sérstök landsnefnd til að hafa yfirumsjón með starfinu hérlendis. Á vegum landsnefndarinnar og félagsmálaráðuneytisins hefur nú verið gefin út bókin „Fjölskyldan, uppspretta lífsgilda". Er þar bæði að finna erindi sem flutt voru á málþingi á Hótel Sögu við upphaf árs fjölskyldunnar og einnig skýrslu landsnefndar um ár fjölskyldunnar. Í þessu riti er að finna upplýsingar um þau verkefni sem fjölskyldunni er ætlað að sinna og hvaða aðstæður henni eru skapaðar til að sinna þeim. Þessar upplýsingar skipta máli þegar fjallað er um tækifæri kvenna og karla til að samræma fjölskylduábyrgð þátttöku í atvinnulífinu.

7.3 Hlutur karla og kvenna í fréttum Ríkissjónvarpsins.

Í júlí 1994 kom út á vegum Félagsvísindastofnunar skýrsla sem greindi frá niðurstöðum könnunar á hlutdeild kvenna og karla í fréttum Ríkissjónvarpsins. Rannsókn dr. Sigrúnar Stefánsdóttur frá árinu 1988 á hlut kvenna í fréttum sömu stofnunar var fyrirmynd þessarar og eitt af markmiðum rannsóknarinnar var að kanna hvort einhverjar breytingar hefðu átt sér stað á þessu tímabili. Könnunin fór þannig fram að skráður var fjöldi kvenna sem viðtöl voru tekin við, auk þess sem viðtölin voru flokkuð eftir efni.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru að konur voru aðeins 18% viðmælenda fréttamanna Ríkissjónvarpsins. Rannsókn Sigrúnar Stefánsdóttur sýndi að á tímabilinu 1966–86 var hlutur kvenna að meðaltali 8,6% en var í lok tímabilsins 13%. Skrifstofa jafnréttismála gerði kannanir á hlut kvenna í sjónvarpsfréttum á árunum 1988, 1989 og 1990. Umfang þeirra var takmarkaðra en rannsókn Sigrúnar. Þær leiddu í ljós að konur sem viðmælendur í fréttum Ríkissjónvarpsins eru verulega færri en karlar. Á þessu hefur orðið lítil breyting undanfarin ár. Árið 1988 voru konur rétt 20% af viðmælendum fréttastofu Ríkissjónvarpsins, árið 1989 voru þær 12% og 1990 rétt 15%.

Í könnun Félagsvísindastofnunar voru einnig könnuð tengls á milli kynferðis viðmælenda og efni fréttar. Könnunin leiddi í ljós sterk tengsl á milli efnisflokka og kynferðis, sbr. meðfylgjandi töflu.

Viðfangsefni fréttar greint eftir kyni viðmælenda.

	Kyn viðmælenda		
	Karl	Kona	Fjöldi
Allir	81,1	18,2	803
Efnisflokkar			
Efnahagsmál og viðskipti	92,5	7,5	146
Félags- og heilbrigðismál	66,9	33,1	121
Menntunar- og menningarmál	77,8	22,2	81
Sjávarútvegsmál	94,0	6,0	84
Landbúnaðar- og samgöngumál	92,3	7,7	78
Daglegt líf	69,2	30,8	117
Kjara- og neytendamál	89,9	10,1	89
Stjórnmál	75,9	24,1	87

Tölur sem sýna störf viðmælenda greind eftir kyni eru einnig áhugaverðar, en þar kemur fram að konur eru tæpur helmingur þeirra sem flokkast sem „almenningur“, eða 42,2%, þrátt fyrir mikinn meiri hluta karlkyns viðmælenda.

Starf viðmælenda greint eftir kyni þeirra.

	Kyn viðmælenda		
Störf viðmælenda	Karl	Kona	Fjöldi
Ýmis störf	71,3	28,7	115
Sérfræðingar og stjórnendur	88,5	11,5	253
Almenningur	57,8	42,2	90
Stjórnmálamenn	87,7	12,3	203
Forsvarsmenn félagasamtaka	86,6	13,4	134

Þess má geta að árið 1991 gerði Norska ríkisútvarpið, NRK, ítarlega könnun á hlut kvenna í fréttum, umræðuþáttum og nokkrum öðrum fréttatengdum dagskrárliðum. Í ljós kom að hlutfall kvenna í fréttum sjónvarpsins var 30% og í umræðuþáttum 23%. Þessi niðurstaða þótti næg ástæða fyrir sérstöku átaki hjá Norska ríkisútvarpinu sem hafði það að markmiði að auka hlut kvenna.

8. ALÞJÓÐASAMNINGAR OG RÁÐSTEFNUR

8.1 Kvennaráðstefna Sameinuðu þjóðanna í Beijing 1995.

Fjórða ráðstefna Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna var haldin í Beijing í Kína haustið 1995. Utanríkisráðuneytið bar ábyrgð á undirbúningi fyrir þátttöku í henni. Í þessu skyni skipaði ráðuneytið sérstaka undirbúningsnefnd og réði starfsmann henni til aðstoðar. Vísað er til skýrslu utanríkisráðuneytisins um ráðstefnuna og niðurstöður hennar.

8.2 Framkvæmd samnings um afnám alls misréttis gagnvart konum.

Dagana 18. og 24. janúar 1996 var tekin til umfjöllunar af sérstakri nefnd Sameinuðu þjóðanna fyrsta skýrsla Íslands um framkvæmd alþjóðasamnings um afnám alls misréttis gagnvart konum. Félagsmálaráðherra, Páll Pétursson, Berglind Ásgeirsdóttir, ráðuneytisstjóri í félagsmálaráðuneytinu, Sturla Sigurjónsson, deildarstjóri í utanríkisráðuneytinu, og Elsa Þorkelsdóttir, framkvæmdastjóri Skrifstofu jafnréttismála, mættu á fund nefndarinnar fyrir hönd íslenskra stjórnvalda. Á fundinum með nefndinni gerði félagsmálaráðherra grein fyrir helstu áherslum ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum og svaraði spurningum nefndarmanna um einstök atriði skýrslunnar. Gerð er grein fyrir niðurstöðum nefndar Sameinuðu þjóðanna í viðauka við þessa skýrslu.

8.3 Framkvæmd alþjóðasamþykkta ILO nr. 100 og 111.

Íslensk stjórnvöld taka reglulega saman skýrslu um framkvæmd tveggja mikilvægustu samþykkta Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á sviði jafnréttismála og senda alþjóðavinnumálaskrifstofunni til athugunar. Um er að ræða samþykkt nr. 100, um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf, og samþykkt nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs. Fjallað er um athugasemdir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar við framkvæmd Íslands á þessum samþykktum í skýrslu félagsmálaráðherra um Alþjóðavinnumálaþingið í Genf, sem reglulega er lögð fyrir Alþingi.

II. HLUTI

Mat á árangri af framkvæmd framkvæmdaáætlunar á sviði jafnréttismála.

1. INNGANGUR

Þingsályktun um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna var samþykkt á Alþingi 7. maí 1993 og gildir til ársloka 1997. Áætlunin er samin og samþykkt samkvæmt ákvæðum 17. gr. laga nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þar er einnig tekið fram að hún skuli endurskoðuð á tveggja ára fresti og í tengslum við þá endurskoðun leggi félagsmálaráðherra fram skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála. Í umræðum þingmanna um framkvæmdaáætlunina kom fram það sjónarmið að Jafnréttisráði bæri að sinna þeirri endurskoðun.

Í skýrslu félagsmálaráðherra til Alþingis um stöðu og þróun jafnréttismála frá febrúar 1995 er sérstaklega gerð grein fyrir þróun ákvæða um framkvæmdaáætlanir í jafnréttismálum. Þar eru raktar breytingar sem hafa orðið á gerð og uppbyggingu framkvæmdaáætlana í jafnréttismálum en sú fyrsta var lögð fyrir Alþingi haustið 1986 samkvæmt ákvæðum jafnréttislaga frá árinu 1985.

2. MARKMIÐ FRAMKVÆMDAÁÆTLUNARINNAR

Framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna byggist á því sjónarmiði, sem kemur fram í lögum, að stjórnvöldum beri skylda til að vinna að bættri stöðu kvenna í samfélaginu og að með lagasetningunni sé stjórnvöldum gert að sýna fordæmi og eiga frumkvæði að aðgerðum á þessu sviði.

Með samþykkt framkvæmdaáætlunarinnar leggur löggjafinn ábyrgð á herðar ráðherrum að vinna að framgangi jafnréttis karla og kvenna á þeim málefnasviðum sem heyra undir hlutaðeigandi ráðuneyti. Með þessu er ekki dregið úr gildi þess að unnið sé að jafnréttismálum á almennum vinnumarkaði. Að þeim þætti vinnur Jafnréttisráð og Skrifstofa jafnréttismála í samvinnu við samtök á atvinnurekenda og launafólks.

Í framkvæmdaáætluninni er að finna lýsingu á verkefnum sem ráðuneytum eða undirstofnunum á þeirra vegum er falið að hrinda í framkvæmd á gildistíma áætlunarinnar. Í flestum tilvikum hafa verkefnin verið skilgreind af forráðamönnum ráðuneytanna eða af hlutaðeigandi undirstofnunum. Í nokkrum tilvikum er um að ræða viðfangsefni sem byggjast á tillögum þingmanna sem komu fram á Alþingi veturinn 1992–93 við umræður um þingsályktunartillöguna um framkvæmdaáætlun á sviði jafnréttismála.

Gildandi framkvæmdaáætlun er í tveimur hlutum. Fyrri hluti hennar fjallar um starfsmannamál ríkisins og byggist á ákvæðum laga um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla. Sérstaklega var leitað umsagnar fjármálaráðuneytis um þann hluta áður en þingsályktunartillagan var lögð fyrir Alþingi. Í umsögn fjárlagaskrifstofu ráðuneytisins er tekið fram að verkefni sem þar eru tilgreind ættu ekki að hafa í för með sér kostnaðarauka þar sem ekki væri stefnt að fjölgun starfa heldur að hlutur kvenna og karla yrði sem jafnastur. Seinni hluti áætlunarinnar tekur til verkefna einstakra ráðuneyta. Í honum er lögð áhersla á að ráðuneyti og opinberar stofnanir taki eins og kostur er tillit til jafnréttissjónarmiða í allri starfsemi sinni.

3. FRAMKVÆMD FRAMKVÆMDAÁÆTLUNARINNAR

Samkvæmt ályktun Alþingis ber hvert ráðuneyti ábyrgð á framkvæmd þeirra verkefna sem tilgreind eru í framkvæmdaáætluninni. Í samræmi við álit félagsmálanefndar frá 3. maí 1993 ákvað félagsmálaráðhera að fela einum aðila, þ.e. Jafnréttisráði, að hafa umsjón með framkvæmd áætlunarinnar. Þetta var gert með bréfi dags. 13. maí 1993.

Í fyrrnefndu áliti félagsmálanefndar var lögð áhersla á kynningu áætlunarinnar fyrir hlutaðeigandi aðilum. Með bréfi félagsmálaráðuneytisins dags. 13. júlí 1993 var öllum ráðuneytum, sveitarfélögum og heildarsamtökum aðila vinnumarkaðarins kynnt framkvæmdaáætlunin og til þess hvatt að þeir er málið varðaði gerðu eigin verkáætlun með hliðsjón af þeim verkefnum sem tilgreind eru í áætluninni. Jafnframt voru þeir hinir sömu hvattir til að tilnefna tengilið til að annast samskipti við Skrifstofu jafnréttismála.

Í bréfi Skrifstofu jafnréttismála dags. 25. október 1993 til allra ráðuneyta var minnt á framkvæmdaáætlunina og erindi félagsmálaráðuneytisins frá 13. júlí og ítrekuð tilmæli um að Skrifstofu jafnréttismála yrðu látnar í té umbeðnar verkáætlanir ráðuneytanna, þar á meðal verkefnislýsingar og tíma- og kostnaðaráætlanir. Jafnframt var minnt á að ráðuneytin sjálf gerðu tillögur um og samþykktu flest öll þau verkefni sem tilgreind eru í framkvæmdaáætluninni.

Svör við annars vegar bréfi félagsmálaráðuneytisins og hins vegar bréfi Skrifstofu jafnréttismála voru fá og enn færri létu umbeðnar upplýsingar í té. Fjögur ráðuneyti tilnefndu tengiliði, þ.e. samgönguráðuneytið, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, menntamálaráðuneytið og sjávarútvegsráðuneytið. Aðeins forsætisráðuneytið svaraði skilmerkilega erindi Skrifstofu jafnréttismála með bréfi dags. 6. desember. Þar er gerð grein fyrir framkvæmd einstakra verkefna sem ráðuneytinu var falið með framkvæmdaáætluninni. Menntamálaráðuneytið vísaði til væntanlegrar lokaskýrslu framkvæmdanefndar um jafna stöðu kynja í skólum en þar yrðu kynntar tillögur að aðgerðum næstu ára í þessum málaflokki. Félagsmálaráðuneytið fól Skrifstofu jafnréttismála framkvæmd nokkurra verkefna í framkvæmdaáætluninni. Þar af leiðandi hafa samskipti þessara tveggja aðila nokkra sérstöðu.

Fulltrúar félagsmálaráðuneytis og Skrifstofu jafnréttismála áttu fundi með fulltrúum Hagsýslu ríkisins (18. maí 1993), með fulltrúum BSRB (19. maí 1993) og skrifstofu launadeildar ríkisins (25. maí 1993) vegna starfsmannakafla framkvæmdaáætlunarinnar

og enn fremur vegna tölul. 3.5 í B-kafla hennar, en þar er fjármálaráðuneytinu falið að gera reglulega athuganir á starfskjörum ríkisstarfsmanna með tilliti til karla og kvenna.

Í kjölfar þess fundar var ákveðið að kanna hvort áhugi væri á að kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna verði falið að vinna þessa gagnasöfnun. Stjórn nefndarinnar lýsti yfir áhuga sínum en taldi nefndina ekki færa um að sinna þessu viðbótarverkefni nema að til kæmi aukafjárveiting sem gæti falist í framlengingu tímabundins ráðingasamnings við stofnunina. Hugmyndin var kynnt bæði félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra í tengslum fjárlagagerð ársins 1994 en hún náði ekki fram að ganga við afgreiðslu fjárlaga þess árs. Mikilvægt er að tölulegar upplýsingar liggi fyrir um stöðu karla og kvenna á sem flestum sviðum. Það er forsenda fyrir markvissum umbótum í jafnréttismálum.

4. MAT Á FRAMKVÆMD ÁÆTLUNARINNAR

Í 17. grein jafnréttislaga, þar sem kveðið er á um þingsályktun um framkvæmdaáætlun, er m.a. tekið fram að hún skuli endurskoðuð á tveggja ára fresti og var Jafnréttisráði falin sú vinna. Hinn 22. maí 1995 var ráðherrum og ráðuneytisstjórum sent bréf þar sem minnt var á ákvæði um mat og endurskoðun framkvæmdaáætlunarinnar. Í bréfinu var minnt á ábyrgð ráðuneytanna og eftirlitshlutverk Jafnréttisráðs og óskað eftir greinargerð þar sem m.a. komi fram eftirfarandi:

1. Yfirlit yfir stöðu verkefna sem hafa þegar verið unnin eða eru í vinnslu.
2. Áætlanir sem gerðar hafa verið varðandi þau verkefni sem ekki hefur verið byrjað á.
3. Hugmyndir/tillögur að nýjum verkefnum sem eru annaðhvort
   a. framhald af verkefnum sem lokið er og/eða
   b. nýjar hugmyndir.
4. Kostnaður við hvert verkefni.
5. Mat á árangri sérstakra verkefna af þessu tagi.
6. Nafn á tengiliði ráðuneytis við Skrifstofu jafnréttismála.

Í niðurlagi bréfsins var hvatt til þess að gætt yrði jafnréttissjónarmiða í starfsmannahaldi, t.d. með sérstökum jafnréttisáætlunum eða samþykktum um sérstakar aðgerðir sem hafa að markmiði að jafna hlut kvenna og karla innan ráðuneytis eða hlutaðeigandi stofnana. Einnig var því beint til aðila að fylgt yrði sveigjanlegri stefnu í málefnum starfsmanna þannig að tillit yrði tekið til ábyrgðar þeirra á heimili og fjölskyldu.

Ráðuneytin fengu tæplega mánuð til að vinna umbeðnar greinargerðir og senda þær Skrifstofu jafnréttismála. Viðbrögð við erindinu voru enn dræmari en við fyrri erindum.

4.1 Starfsmannamál ríkisins.

4.1.1 Inngangur.

Eins og áður segir skiptist framkvæmdaáætlunin í tvo hluta. Í fyrri hlutanum, sem er hér gerð grein fyrir, er fjallað um stefnu ríkisins í starfsmannamálum. Enda þótt framkvæmd þessa hluta sé á ábyrgð allra ráðuneytanna er hlutur fjármálaráðuneytisins stærstur. Þessu fylgir sá ókostur að enginn einn aðili telur sig bera óskipta ábyrgð á framkvæmd viðfangsefnanna. Eftirfarandi greinargerð byggist því á upplýsingum frá ráðuneytunum og öðrum aðilum sem ráða yfir upplýsingum um starfsmannamál ríkisins, t.d. kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna.

Rétt er að minna á að áætlunin gildir til ársloka 1997. Því er eðlilegt ýmsum verkefnum sé ólokið og framkvæmd annarra ekki enn hafin.

Skrifstofa jafnréttismála óskaði eftir mati Bandalags starfsmanna ríkis og bæja á framkvæmd A-kafla framkvæmdáætlunarinnar. Formaður BSRB svaraði erindi Skrifstofunnar með greinargerð dags. 13. júní 1995.

A-hluti framkvæmdaáætlunarinnar tengist beint hagsmunum opinberra starfsmanna og var því lögð áhersla á að kynna hann fulltrúum BSRB. Í ályktun bandalagsráðstefnu BSRB frá því í nóvember 1993 er talið brýnt að framkvæmdaáætluninni verði fylgt eftir. Í svari fjármálaráðherra til BSRB dags. 28. nóvember 1993 kemur fram að fjármálaráðuneytið sé sammála BSRB um að mikilvægt sé að fylgt sé eftir stefnumiðum í jafnréttismálunum og að ráðuneytið sé reiðubúið til viðræðna um þau atriði sem snúa sérstaklega að opinberum starfsmönnum. Á þingi BSRB sem haldið var í október 1994 var að frumkvæði jafnréttisnefndar BSRB samþykkt jafnréttisáætlun, m.a. með hliðsjón af framkvæmdaáætluninni.

Í greinargerð BSRB kemur fram að í umsögn samtakanna um þingsályktunartillöguna hafi verið bent á að hvergi væri getið um fjármögnun þessara tillagna og að nauðsynlegt væri að tryggja hana til að framkvæmdir strönduðu ekki á fjárskorti. Að mati BSRB má draga þá ályktun af reynslu síðustu tveggja ára að þessar áhyggjur hafi átt rétt á sér.

4.1.2 Framkvæmd einstakra verkefna.

Tölul. 1 og 2, um auglýsingar á lausum störfum og ráðningar. Í 1. og 2. tölul. eru ákvæði um auglýsingar á lausum stöðum hjá ríkinu og um forgang þess kyns sem er í minni hluta í hlutaðeigandi stafsgrein þegar ráðið er í störf.

Framkvæmd. Upplýsingar benda til að misbrestur sé á að þessu ákvæði hafi verið framfylgt með markvissum hætti. Þess eru þó dæmi að annað kynið hafi sérstaklega verið hvatt til að sækja um laust starf. Nefna má að Ríkisútvarpið óskaði eftir umsóknum frá körlum þegar staða þular var auglýst laus til umsóknar. Einnig hefur starfsmannaskrifstofa Háskóla Íslands nýverið bryddað upp á því nýmæli að hvetja bæði kynin til að sækja um auglýst störf við Háskólann.

Á fundi Jafnréttisráðs 22. september 1994 var ákveðið að minna alla ráðuneytisstjóra á 1. og 2. tölul. framkvæmdaáætlunarinnar og var það gert með bréfi dags. 26. september 1994.

Í greinargerð BSRB er bent á að þó svo að framkvæmd þessara tveggja ákvæða kalli ekki á aukið fjármagn hefur ekki verið unnið markvisst að þeim.

Tölul. 3, um starfsmenntun í atvinnulífinu. Í 3. tölul. er kveðið á um að ráðuneyti og ríkisstofnanir móti sérstaka stefnu í starfsmenntunarmálum.

Framkvæmd. Upplýsingar benda til þess að ekki hafi verið unnið með markvissum hætti að menntun starfsmanna í ráðuneytum og ríkisstofnunum. Það er ekki að sjá að neinum einum aðila hafi verið falin ábyrgð á framkvæmd þess.

Tölul. 4, um hlut kvenna í opinberum nefndum, stjórnum og ráðum. Í 4. tölul. er sett það markmið að í lok gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar verði heildarþátttaka kvenna í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ríkisins 30%. Þessu markmiði skal náð með því að óska eftir nafni karls og konu við skipun í opinbera nefnd eða ráð. Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er vakin á því athygli að þessi leið hafi skilað árangri þar sem hún hafi verið reynd. Í nefndaráliti félagsmálanefndar frá 3. maí 1993 er þess getið að umsagnaraðilar þeir sem hún leitaði til hafi lagt mikla áherslu á að þessu

markmiði verði náð. Í áætluninni er Jafnréttisráði falið að taka reglulega saman yfirlit sem sýnir framvindu þessa viðfangsefnis.

Framkvæmd. Í september 1994 skrifaði Skrifstofa jafnréttismála öllum ráðuneytum og fór fram á yfirlit yfir nefndir á þeirra vegum þar sem fram kæmi:

a. fjöldi nefnda og ráða sem Alþingi kýs,
b. fjöldi nefnda sem skipaðar eru samkvæmt lögum og
c. fjöldi tímabundinna verkefnanefnda sem ráðherra skipar.

Einnig var óskað eftir upplýsingum um fjölda karla og kvenna í hverri nefnd. Í öðru lagi var óskað eftir upplýsingum um tilnefningaraðila en það hefur ekki verið gert áður. Tilefningaraðilar hafa mikil áhrif á hlutfall karla og kvenna í opinberum nefndum. Upplýsingar um þá eru forsenda þess að unnt sé að fylgja ákvæðinu eftir og ná því markmiði sem sett er í framkvæmdaáætluninni. Skýrsla Skrifstofu jafnréttismála um niðurstöður úttektarinnar er birt sem fylgiskjal við skýrslu félagsmálaráðherra til Alþingis um stöðu og þróun jafnréttismála frá febrúar 1995.

Helstu niðurstöður úttektarinnar voru þær að heildarfjöldi kvenna í opinberum nefndum og ráðum hefur aukist lítillega eða úr 15,4% árið 1990 í 20,8% árið 1994.

Konum í nefndum og ráðum á vegum þriggja ráðuneytana hefur fjölgað töluvert. Í nefndum á vegum dómsmálaráðuneytisins hefur hlutfall kvenna hækkað úr 6,5% í 16,5%. Í félagsmálaráðuneytinu, sem eitt ráðuneyta hefur farið fram úr markmiði áætlunarinnar, hefur hlutur kvenna aukist úr 22,2% í 39,9%. Í þriðja lagi má nefna hlut kvenna í nefndum á vegum forsætisráðuneytisins. Þar hefur hlutfallið hækkað úr 6% í 23,4%. Staða þessara mála er óbreytt að því er varðar heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytið og menntamálaráðuneytið en það síðarnefnda náði 30% markinu fyrir fjórum árum.

Það er mat Skrifstofu jafnréttismála að ekki hafi með nægilega markvissum hætti verið unnið að því að jafna hlutfall karla og kvenna í opinberum nefndum og ráðum. Þegar óskað hefur verið eftir tilnefningum hefur einungis eitt ráðuneyti minnt á ákvæði 12. gr. jafnréttislaga og framkvæmdaáætlunina. Þetta ráðuneyti er félagsmálaráðuneytið.

Tölul. 5, um sveigjanlegan vinnutíma. Ráðuneyti og ríkisstofnanir skulu gera starfsmönnum kleift að samræma fjölskylduábyrgð og þátttöku í atvinnulífi með sveigjanlegum vinnutíma, eftir því sem unnt er.

Framkvæmd. Ekki liggja fyrir staðfestar upplýsingar um að þessu ákvæði hafi verið hrundið í framkvæmd. Nefna má að samkvæmt jafnréttisáætlun jafnréttisnefndar Akureyrar hefur starfsmönnum bæjarskrifstofunnar verið boðið upp á sveigjanlegan vinnutíma. Einnig munu einstaka starfsmenn í þjónustu ríkisins gert samninga við yfirmenn sína um tímabundinn sveigjanlegan vinnutíma vegna fjölskyldnuaðstæðna. Þeir samningar eru einstaklingsbundnir og heimilir samkvæmt lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna en ekki gerðir með vísan til framkvæmdaáætlunarinnar í jafnréttismálum.

Í greinargerð BSRB kemur fram að á mörgum vinnustöðum sé auðvelt að hrinda þessu í framkvæmd en á öðrum erfiðara. Bent er á vinnuaðstæður lögreglumanna.

Tölul. 6, um bifreiðastyrki. Í áætluninni er tekið fram að í starfslýsingum skuli koma fram mat á því hvort þörf sé á bifreiðastyrkjum. Þetta ákvæði áætlunarinnar tekur mið af því að atvinnurekendum sé óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði og að það gildi m.a. um hlunnindi eins og bifreiðastyrki.

Framkvæmd. Með ríkisstjórnarsamþykkt í júlí 1994 var ákveðin sú regla að hámark fastrar árlegrar kílómetratölu í aksturssamningi við opinbera starfsmenn skyldi vera 2.000 km. Samningum um greiðslu fyrir fleiri kílómetra var sagt upp og gerðir nýjir. Ekki er

upplýst hvort ákvæði framkvæmdaáætlunarinnar hafi verið haft í huga við þessa breytingu. Enn fremur er ekki upplýst hve margir samningar um þetta efni eru í gildi við karla annars vegar og við konur hins vegar.

Í greinargerð BSRB er þess óskað að þetta eða sambærilegt ákvæði nái til allra greiðslna sem ekki eru skilgreindar í launataxta.

Tölul. 7, um starfsmat og starfslýsingar. Í 7. tölul. er kveðið á um kerfisbundið mat á störfum ríkisstarfsmanna í því skyni að framfylgja 4. gr. jafnréttislaga sem kveður á um að greiða skuli konum og körlum jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. (Sjá einnig tölul. 2.4 í B-kafla áætlunarinnar þar sem kveðið er á um launakönnun á vegum norræna jafnlaunaverkefnisins.)

Framkvæmd. Í fyrri hluta þessarar skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum rannsóknar Jafnréttisráðs og norræna jafnlaunaverkefnisins á kynbundnum launamun og launamyndun. Viðbrögð félagsmálaráðherra við niðurstöðum þeirrar rannsóknar voru að skipaður var starfshópur sem m.a. fékk það verkefni að leita leiða til þess að draga úr launamun kynja. Samkvæmt skipunarbréfi hópsins er fyrsta verkefni hans að safna gögnum erlendis frá og skrifa skýrslu um kosti og galla starfsmats sem tækis til að draga úr launamuni kvenna og karla. Enn fremur skal hann skoða möguleika þess að beita starfsmati á íslenskum vinnumarkaði. Eftir alþingiskosningarnar í apríl sl. skipaði nýr félagsmálaráðherra Siv Friðleifsdóttur alþingismann nýjan formann starfshópsins. Skipunarbréf starfshópsins er óbreytt. Hópurinn tók saman áfangaskýrslu sem gefin var út í febrúar 1996. Þar er gerð grein tillögum hópsins varðandi starfsmat. Nánar er fjallað um tillögur vinnuhópsins í kafla um verkefni á vegum félagsmálaráðuneytisins.

Í greinargerð BSRB er lýst yfir ánægju með að framkvæmd þessarar greinar skuli vera komin á framkvæmdastig og er lögð áhersla á að stjórnvöld tryggi fjármagn til áframhaldandi vinnu við framkvæmd þessa máls.

4.1.3 Samantekt.

Í athugasemdum við þingsályktunartillöguna segir að starfsmannakafla áætlunarinnar sé ætlað að vera rammi að starfsreglum sem hvert ráðuneyti og ríkisstofnun útfæri nánar og hafi að leiðarljósi við gerð sérstakrar jafnréttisáætlana til fjögurra ára í senn. Að undanskildum Iðntæknistofnun og Póst- og símamálastofnun er ekki kunnugt um að ráðuneyti eða opinber stofnun hafi gert slíka jafnréttisáætlun í tengslum við framkvæmd starfsmannastefnu. Jafnréttisáætlun Póst- og símamálastofnunar var gefin út í sérstöku kynningarriti sem sent var öllum starfsmönnum stofnunarinnar. Hún er gott dæmi um hvernig stefna í starfsmannamálum getur tekið mið af ákvæðum jafnréttislaga og framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum.

Af framangreindu má ráða að við samningu næstu framkvæmdaáætlunar er nauðsynlegt að skilgreina betur hver beri ábyrgð á viðfangsefnum í þessum hluta framkvæmdaáætlunarinnar. Benda má á að starfsmannahald ríkisins er ekki nema að að takmörkuðu leyti undir stjórn starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Hvert ráðuneyti og einstaka stofnun ber t.d. ábyrgð á ráðningum starfsmanna sinna (1. og 2. tölul.), starfslýsingum (6. tölul.), starfsaðstæðum (5. tölul.) og ákvörðunum um þóknanir eins og bifreiðastyrki (6. tölul.). Benda má á að ákvæðið um aukinn hlut kvenna í opinberum nefndum er að verulegu leyti á ábyrgð ríkisstjórnar og einstakra ráðherra en ekki starfsmannaskrifstofu. Í þessu sambandi er rétt að minna á að skipunaraðili er í mjög mörgum tilvikum bundinn af tilnefningaraðilum.

Framangreint hefur torveldað framkvæmd og eftirlit með þessum ákvæðum áætlunarinnar.

Í framkvæmdaáætluninni eru enginn ákvæði um að ráðuneyti eða stofnanir á þeirra vegum geri eigin framkvæmdaáætlun hvað varðar starfsmannahald. Að þessu er vikið í greinargerð til fjármálaráðherra frá starfshópi fjármálaráðuneytisins um jafnréttismál frá nóvember 1995. Í lokakafla greinargerðarinnar eru talin nokkur atriði sem starfshópurinn vill koma á framfæri við stjórnendur ráðuneytisins og þeirra stofnana er málið varðar. M.a. er hvatt til þess að framkvæmdaáætlunin verði höfð að leiðarljósi við mannaráðningar. Auk þess eru talin upp fjöldamörg atriði önnur sem að mati starfshópsins gætu jafnað hlut kvenna og karla sem starfa hjá ráðuneytinu og stofnunum þess.

4.2 Verkefni ráðuneyta og stofnana á vegum þeirra.

4.2.1 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Í greinargerð dómsmálaráðuneytisins, dags. 15. júní 1995, kemur fram að ráðuneytið kynnti með dreifibréfi, dags. 19. janúar 1995, öllum forstöðumönnum embætta og stofnana á þess vegum efni framkvæmdaáætlunar um aðgerðir til að koma á jafnrétti kynjanna. Í dreifibréfinu var sérstaklega bent á markmið 1. tölul. áætlunarinnar um auglýsingar á lausum stöðum hjá ríkinu, 2. tölul. um ráðningar í störf og 5. tölul. um sveigjanlegan vinnutíma.

Einnig skýrt frá stöðu og framkvæmd einstakra verkefna sem ráðuneytinu eða undirstofnunum þess er ætlað að vinna á gildistíma áætlunarinnar.

Tölul. 1.1, um stöðu kynja hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Markmið þessa verkefnis er að ráða fleiri konur í störf rannsóknarlögreglumanna.

Framkvæmd. Í greinargerð dómsmálaráðuneytisins kemur fram að á árinu 1995 hafi því sérstaklega verið beint til kvenna að sækja um stöðu rannsóknarlögreglumanns sem auglýst var laus til umsóknar. Umsóknir voru 18, þar af fimm konur. Í stöðuna var ráðinn karlmaður sem hafði verið settur rannsóknarlögreglumaður í þrjú ár en ein kona úr hópi umsækjendanna var hins vegar sett tímabundið í stöðu sem þá losnaði.

Tölul. 1.2, um nauðgunarbrot. Í framhaldi af tillögum nefndar á vegum dómsmálaráðherra sem hafði það hlutverk að kanna rannsóknir og meðferð nauðgunarmála og gera tillögur til úrbóta var ákveðið að á gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar skyldu nokkrar af tillögum hennar koma til framkvæmda. Þessi verkefni eru tilgreind í tölul. 1.2.1 og 1.2.2.

Tölul. 1.2.1, um meðferð opinberra mála. Markmið þessa verkefnis er að draga úr skaðlegum áhrifum kynferðisafbrota, tryggja bætur fyrir fjártjón og miska, auk þess sem refsivörslukerfið verði styrkt.

Framkvæmd. Í greinargerð dómsmálaráðuneytisins kemur fram að árið 1993 var skipuð nefnd sem fékk það verkefni að kanna hvort taka ætti upp ábyrgð ríkissjóðs á greiðslum dæmdra bóta vegna kynferðisafbrota. Nefndin samdi frumvarp til laga um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota og varð það að lögum sem öðlast munu gildi 1. júlí 1996. Markmið laganna er að styrkja stöðu brotaþola og bæta verulega réttarstöðu fórnarlamba nauðgunarbrota. Samkvæmt greinargerð ráðuneytisins má gera ráð fyrir að lögin feli í sér 20–50 millj. kr. kostnaðarauka fyrir ríkissjóð árlega.

Í undirbúningi er að semja tillögur um reglur um nálgunar- og heimsóknarbann sem gætu stuðlað að öryggi kvenna þar sem um er að ræða ofbeldi innan heimilis eða fjölskyldu.

Tölul. 1.2.2, um námskeið fyrir lögreglumenn og starfsfólk heilbrigðisþjónustu. Markmið þessa verkefnis er að leggja áherslu á að fræða lögreglumenn og starfsfólk heilbrigðisþjónustu um kynferðisafbrot og heimilisofbeldi.

Framkvæmd. Í svari ráðuneytisins er greint frá námsstefnu sem félag rannsóknarlögreglumanna stóð fyrir í samstarfi við Neyðarmóttöku vegna nauðgunar og Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands. Fram kemur að í grunnnámi lögreglumanna er ekki svigrúm fyrir sérhæft nám á borð við kennslu í meðferð kynferðisafbrota og annarra ofbeldisafbrota. Tekið er fram að kennsla á sérgreinasviði sé í undirbúningi í Lögregluskóla Íslands en þess er ekki getið hvort kennsla á þessu tiltekna sérsviði verði meðal kennslugreina.

Tölul. 1.3, um stöðu kvenna innan kirkjunnar. Hér er fyrst og fremst markmiðið að styrkja stöðu kvenna í trúnaðarstörfum innan þjóðkirkjunnar.

Framkvæmd. Með greinargerð dóms- og kirkjumálaráðuneytisins fylgir samantekt Biskupsstofu, dags. 16. júní 1995, á hlutdeild kvenna í nefndum innan þjóðkirkjunnar miðað við júní 1995. Í henni kemur fram að sóknarnefndir séu alls 247 á landinu og í þeim eigi sæti samtals 1338 manns, aðalmenn og varamenn. Af þeim eru konur 624 eða 47,98% en karlar 696 eða 52,02%. Samtals gegna 93 konur formennsku í sóknarnefndum eða 37,65%. Karlar eru 154 eða 62,35%. Nefndir á vegum Biskupsstofu eru alls 31 og í þeim sitja 242. Þar af eru konur 54 eða 22,31% en karlar 188 eða 77,69%. Konur gegna formennsku í fjórum tilvikum, sem svarar til 12,9%, en karlar 27 eða 87,1%. Ekki kemur fram í greinargerð ráðuneytisins eða samantekt Biskupsstofu hvort gripið hafi verið til sértækra aðgerða til að auka hlut kvenna í trúnaðarstöðum innan kirkjunnar eða hvort slíkar aðgerðir séu í bígerð.

Samantekt. Samkvæmt þessari geinargerð hefur dómsmálaráðuneytið með markvissum hætti fylgt eftir þeim verkefnum sem það setti sér samkvæmt framkvæmdaáætluninni. Eðli málsins samkvæmt er þeim ekki lokið. Bæta þarf stöðu kvenna innan rannsóknarlögreglunnar. Slíkt er tímafrekt og krefst markvissra áætlana. Mikilvægt er að haldið verði áfram að hvetja konur til að sækja um laus störf. Nauðsynlegt er að taka tillit til fjölskylduábyrgðar rannsóknarlögreglumanna með sveigjanlegum vinnutíma. Úrbóta er þörf í málum er varða fórnarlömb kynferðisbrota og heimilisofbeldis. Unnið er að tillögum á því sviði.

4.2.2 Félagsmálaráðuneyti.

Félagsmálaráðherra fer með framkvæmd jafnréttislaganna og leggur fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum að fengnum tillögum einstakra ráðuneyta og Jafnréttisráðs. Í gildandi framkvæmdaáætlun eru mörg verkefni á ábyrgð félagsmálaráðuneytisins og stofnana þess. Skrifstofa jafnréttismála heyrir undir félagsmálaráðherra og tekur bæði beinan og óbeinan þátt í einstaka verkefnum sem ráðuneytinu eru falin auk eigin verkefna sem henni eru falin samkvæmt áætluninni, sbr. reglulega samantekt á hlutfalli kvenna og karla í opinberum nefndum og ráðum.

Tölul. 2.1, um stöðu karla í breyttu samfélagi. Markmið þessa verkefnis er auka áhrif og ábyrgð karla á aðgerðir á sviði jafnréttismála og breyta því viðhorfi að þessi málaflokkur sé sérstakt viðfangsefni kvenna.

Framkvæmd. Frá ársbyrjun 1994 hefur starfað sérstök karlanefnd Jafnréttisráðs. Hún er arftaki annarrar nefndar sem skipuð var árið 1991 til að fjalla um stöðu karla í breyttu samfélagi með jafnari verkaskiptingu og fjölskylduábyrgð. Nefndin skilaði skýrslu sem út kom árið 1993. Í samræmi við tillögur upphaflegu nefndarinnar og í samvinnu við fé-

lagsmálaráðuneytið ákvað Jafnréttisráð í byrjun árs 1994 að skipa nefnd til tveggja ára, sem hefði það hlutverk að auka þátt karla í umræðu um jafnrétti kynja.

Nefndin ákvað að taka til sérstakrar umfjöllunar ofbeldi þar sem karlar eru gerendur en konur og börn þolendur. Ákveðið var að hrinda af stað herferð á árinu 1995 undir yfirskriftinni „Karlar gegn ofbeldi". 12. nóvember 1994 var haldin ráðstefna undir þessari yfirskrift sem nokkurs konar undirbúningur undir herferðina.

Karlanefndin stóð fyrir átaki undir yfirskriftinni „Karlar gegn ofbeldi" vikuna 13.–20. september 1995. Leitað var til fjölmargra aðila um samstarf og liðsinni af ýmsu tagi. Markmiðið herferðarinnar var að hefja umræðu um ofbeldi á nýjum grunni með þátttöku og ábyrgð karla. Nefndin stóð fyrir m.a. umræðum í fjölmiðum og skólum og auglýsingaherferð. Félag íslenskra teiknara efndi til samkeppni um veggspjald. Gefið var út kennsluefni fyrir nemendur í framhaldsskólum en Rauði krossinn og Fræðsludeild kirkjunnar styrktu útgáfu þess. Umfjöllun og greinarskrif um ofbeldi og hlutverk karla í jafnréttisumræðunni var skipulögð í öllum fjölmiðlum. Í samvinnu við ýmsa aðila bauð karlanefndin Svíanum Göran Wimmerström hingað til lands. Hann er m.a. frumkvöðull um feðrafræðslu í Svíþjóð og vinnur á vegum stjórnvalda við að skipuleggja fræðslu fyrir verðandi feður. Hann hefur unnið við meðferð á körlum sem hafa endurtekið beitt konur ofbeldi og náð eftirtektarverðum árangri. Wimmerström hélt hér fjölda funda með samtökum sérfræðinga og áhugafólks um þau málefni sem hann er sérfróður um og voru þeir allir vel sóttir.

Tölul. 2.2, um jafnréttisráðgjafa. Í framkvæmdaáætluninni er gerð tillaga um að ráðinn verði í tilraunaskyni jafnréttisráðgjafi á gildistíma hennar. Hlutverk hans verði að vinna að leiðréttingum á stöðu kvenna í stofnunum og fyrirtækjum. Einnig segir að hann skuli starfa í samvinnu við atvinnuráðgjafa að fjölgun atvinnutækifæra fyrir konur. Auk þessa skal hann sinna umfangsmikilli fræðslu um jafnréttismál.

Markmið þessa verkefnis er fyrst og fremst að vinna skipulega að atvinnuuppbyggingu kvenna og þannig sporna gegn atvinnuleysi.

Framkvæmd. Á sérstökum fjárlagalið merktum framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar á fjárlögum fyrir árið 1995 hefur verið gert ráð fyrir fjármunum til þessa verkefnis. Sem fyrsta skref fól ráðuneytið Skrifstofu jafnréttismála að gera tillögur að nánari verkefnislýsingu jafnréttisráðgjafa. Jafnréttisráð ákvað að skipa starfshóp til að vinna drög að verkefnislýsingu og kostnaðaráætlun vegna starfa jafnréttisráðgjafans og var einum starfsmanni Skrifstofunnar falið að vinna með hópnum.

Hópurinn leggur m.a. til að jafnréttisráðgjafinn verði starfsmaður Skrifstofu jafnréttismála með sjálfstæða fjárveitingu sem komi frá ríki og sveitarfélögum en lúti sérstakri verkefnisstjórn. Starfshópurinn leggur til að ráðgjafarnir verði tveir þar sem um væri að ræða brautryðjendastarf sem felur í sér mikla hugmyndafræðilega vinnu. Einnig leggur hann mikla áherslu á að ráðgjafarnir séu staðsettir úti á landi og starfssvið hvors um sig spanni eitt kjördæmi. Í tillögum hópsins er gert ráð fyrir að sveitarfélög taki þátt í kostnaði vegna þessa. Starfshópurinn skilaði tillögum sínum til Jafnréttisráðs. Eftir nánari athugun á tillögu starfshópsins ákvað Jafnréttisráð, í samræmi við samstarfssáttmála ríkisstjórnarinnar, að leggja til við félagsmálaráðherra að þessu verkefni verði frestað en þau verkefni og markmið sem þar eru kynnt verði tekin með í boðaðri heildarendurskoðun á starfsemi atvinnuráðgjafa í landinu.

Tölul. 2.3, um vinnuvernd. Undir þessum lið er gert ráð fyrir tveimur aðgreindum verkefnum.

Tölul. 2.3.1, um úttekt á hefðbundnum kvennastörfum. Þess er vænst að niðurstöður slíkrar úttektar geti orðið grunnur að tillögum að bættu vinnuumhverfi. Í verkefnislýsingunni er sérstaklega horft til einhæfra starfa og hefðbundinna kvennastarfa.

Framkvæmd. Skipulögð vinna vegna þessa verkefnis er ekki hafin. Rétt er að vekja á því athygli að Vinnueftirliti ríkisins hefur á undanförnum árum staðið fyrir rannsóknum á vinnuaðstæðum þar sem unnin eru hefðbundin kvennastörf, m.a. í fiskvinnslu.

Tölul. 2.3.2, um könnun á kynferðislegri áreitni á vinnustöðum. Markmið verkefnisins er að afla þekkingar á umfangi og eðli kynferðislegrar áreitni á vinnustöðum á Íslandi. Á grundvelli hennar verði unnið að fræðslu um kynferðislega áreitni auk þess sem niðurstöðurnar geta orðið grunnar að breytingum á viðeigandi löggjöf er varðar þetta mál.

Framkvæmd. Félagsmálaráðuneytið hefur falið Skrifstofu jafnréttismála og Vinnueftirliti ríkisins að vinna þetta verkefni saman. Við undirbúning samstarfsverkefnisins hefur verið stuðst við framkvæmd rannsóknar sænska jafnréttisumboðsmannsins á kynferðislegri áreitni á vinnustað sem gerð var árið 1987 og kallast FRID-A rannsóknin. Hún var fyrsta sænska rannsóknin sem fjallaði eingöngu um þetta vandamál og hafa opinberir aðilar eins og sænska ríkisstjórnin og umboðsmaður jafnréttismála stuðst við niðurstöður hennar við gerð tillagna um aðgerðir og lagasetningu sem beinst hafa gegn kynferðislegri áreitni á vinnustöðum.

Framkvæmd rannsóknarinnar er að hluta til unnin í samvinnu við nokkur stéttarfélög (sbr. FRID-A rannsóknin) og er vinna viðgerð spurningalista á lokastigi. Stefnt er að því að niðurstöður rannsóknarinnar verði kynntar seinni hluta ársins 1996.

Tölul. 2.4, um launamun kynjanna. Hér er lagt til að kjör karla og kvenna hjá fimm stórum ríkisstofnunum verði könnuð. Jafnframt er kveðið á um að verkefnið sé unnið í samráði við norræna jafnlaunaverkefnið á Íslandi.

Meginmarkmið norræna jafnlaunaverkefnisins var að safna upplýsingum um launamun kynjanna og leita leiða til að draga úr honum. Stærsta viðfangsefni þess var rannsókn á launamyndun og kynbundnum launamun í fjórum ríkisstofnunum og fjórum einkafyrirtækjum. Undirbúningur fyrir rannsóknina hófst þegar árið 1992. Markmið hennar var m.a. það að afla vitneskju um með hvaða hætti ákvarðanir um laun eru teknar, hvaða sjónarmið ráða því hverjir veljast í stöður og hvernig launamyndun á vinnustöðum er réttlætt.

Framkvæmd. Jafnréttisráð samdi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands um framkvæmd rannsóknar í samræmi við lýsingu tölfræðihóps norræna jafnlaunaverkefnisins. Félagsvísindastofnun vann rannsóknina í nánu samstarfi við tölfræðihópinn og komu niðurstöður hennar út í febrúar 1995 í skýrslunni „Launamyndun og kynbundinn launamunur. Þættir sem hafa áhrif á laun og starfsframa".

Í 7. tölul. skýrslunnar, um starfsmat, er skýrt frá viðbrögðum félagsmálaráðherra við niðurstöðum þessarar rannsóknar. Í framhaldi af þeim skipaði ráðherra nefnd til að kanna hvort starfsmat kunni að vera fær leið til að leiðrétta mun á launum karla og kvenna. Nefndin hefur aflað margvíslegra upplýsinga sem gerð er grein fyrir í áfangaskýrslu sem kom út í febrúar 1996. Enn fremur eru settar fram í skýrslunni tillögur um aðgerðir á þessu sviði. Helstu tillögur nefndarinnar eru eftirfarandi:

1. Hafist verði handa við tilraunaverkefni þar sem starfsmati verði beitt í einni eða tveimur stofnunum á vegum ríkisins, einu einkafyrirtæki og einu fyrirtæki/stofnun á vegum Reykjavíkurborgar. Tilgangur verkefnisins væri að nota kynhlutlaust starfsmatskerfi til að raða störfum innbyrðis á hverjum vinnustað. Við val á fyrirtækjum yrði hugað að fjölbreytileika starfa og því að á vinnustaðnum séu bæði hefðbund-

in kvenna- og karlastörf. Með verkefninu er ætlunin fyrst og fremst að skoða innbyrðis vægi starfa en ekki að tengja niðurstöður þess gildandi kjarasamningum.
2. Með hliðsjón af þeirri þekkingu sem áunnist hefur með starfi hópsins er lagt til að yfirumsjón verkefnisins verði í höndum hans. Í því felist m.a. að velja starfsmatskerfi og stofnanir, útfæra nánar markmið, leiðir og umfang verkefnisins. Enn fremur er lagt til að starfsmaður nefndarinnar vinni áfram með starfshópnum. Það er álit nefndarinnar að kaup á sérfræðiþjónustu erlendis frá verði nauðsynleg. Í ljósi þess að fjármálaráðherra hefur skoðað sérstaka nefnd til að endurskoða og móta heildarstefnu í starfsmannamálum ríkisins, m.a. með sérstöku tilliti til jafnréttismála, telur starfshópurinn rétt að tekið verði upp formlegt samráð við þá nefnd um þann þátt tilraunaverkefnisins sem varðar ríkið.
3. Með bréfi frá þáverandi félagsmálaráðherra, dags. 21. apríl 1995, var starfshópi um starfsmat falið að gera tillögur um ráðstöfun fjármagns sem samið var um í kjarasamningum í byrjun árs 1995 og ætlað er til að draga úr launamun kynjana. Nefndin leggur til að fjármunum þessum verði varið í þetta tilraunaverkefni og mun hún leggja fram nánari fjárhagsáætlun síðar.
4. Þá leggur starfshópurinn til að ákvæði um tilraunaverkefni um starfsmat verði sett í endurskoðaða framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum sem lögð verður fram á Alþingi á næstunni. Þetta tilraunaverkefni verði fyrsta skrefið í að útfæra 7. tölul. núverandi framkvæmdaáætlunar sem kveður á um að „kerfisbundið mat á störfum ríkisstarfsmanna fari fram í því skyni að framfylgja 4. gr. jafnréttislaga sem kveður á um að greiða skuli konum og körlum jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf".
5. Starfsmatshópurinn leggur jafnframt til að hluti skýrslunnar verði gefinn út sem fræðsluefni um starfsmat.

Tölul. 2.5, um starfsmenntun. Markmið þessa verkefnis er að beita lögum um starfsmenntun í atvinnulífinu sérstaklega til að bæta stöðu kvenna á vinnumarkaðinum og stuðla að atvinnuöryggi þeirra.

Framkvæmd. Starfsmenntunarráð var skipað samkvæmt lögum um starfsmenntun í atvinnulífinu og gerir tillögur um úthlutun úr starfsmenntasjóði. Starfsmenntaráð hefur lagt áherslu á að styðja námskeið fyrir ófaglært starfsfólk, þar á meðal námskeið fyrir starfsmannafélag Sóknar, gerð námsefnis fyrir dagmæður og ýmis námskeið á vegum menningar- og fræðslusambands alþýðu. Þá hefur starfsmenntaráð sérstaklega beitt sér fyrir umræðu um sérstakar aðgerðir í þágu starfsfólks í umönnunarstörfum en þar eru konur hlutfallslega mun fleiri en karlar og hefur 12 millj. kr. verið veittar úr starfsmenntasjóði sérstaklega í þeim tilgangi.

Í skýrslu sem félagsmálaráðherra lagði fyrir Alþingi í febrúar 1995 um framkvæmd laga nr. 19/1992, um starfsmenntun í atvinnulífinu, er að finna margvíslegar upplýsingar um stuðning hins opinbera við starfsmenntun og hvernig hann hefur komið ýmsum starfshópum og atvinnugreinum að gagni.

Tölul. 2.6, um orsakir brottflutnings kvenna úr dreifbýli í þéttbýli. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands verði falin nánari úrvinnsla gagna um búferlaflutninga með sérstöku tilliti til kynferðis þeirra sem flutt hafa af landsbyggðinni eða hafa slíkan flutning í huga.

Framkvæmd. Vinna við framkvæmd þessa verkefnis er ekki hafin. Fyrirhugað er að kanna hvort upplýsingar sem fengust í rannsókn sem unnin var fyrir Húsnæðisstofnun ríkisins af Félagvísindastofnun Háskóla Íslands gætu nýst í þessu verkefni.

Tölul. 2.7, um rekstur kvennaathvarfs og annarra félagasamtaka sem aðstoða konur sem þolendur ofbeldis og sifjaspella. Markmið þessa verkefnis var að tryggja stuðning ríkisvaldsins við rekstur félagasamtaka sem aðstoða konur og börn sem eru þolendur ofbeldis og sifjaspella.

Framkvæmd. Árið 1993 skipaði félagsmálaráðherra nefnd til að gera úttekt á rekstrargrundvelli félagasamtaka sem aðstoða konur og börn sem eru þolendur ofbeldis og sifjaspella og gera tillögur um hvernig hann yrði sem best tryggður. Nefndin lauk störfum árið 1994 og lagði fram skilagrein og tillögur. Í upphafi árs 1995 var undirritaður þjónustusamningur milli félagsmálaráðuneytisins og Samtaka um kvennaathvarf annars vegar og Stígamóta hins vegar, um greiðslu 60% af rekstrarkostnaði þjónustunnar sem þessi samtök veittu, en þó innan tiltekinna marka.

Tölul. 2.8, um stefnumótun um málefni fjölskyldunnar. Eitt af meginmarkmiðum þessa verkefnisins var að þess yrði gætt við heildarstefnumótun um málefni fjölskyldunnar að einstaklingar innan hennar ættu kost á að taka þátt í atvinnulífi samhliða heimilisstörfum.

Framkvæmd. Sumarið 1991 samþykkti ríkisstjórn Íslands að koma á fót landsnefnd sem fékk það verkefni að undirbúa „Ár fjölskyldunnar" hér á landi. Á grundvelli samþykktarinnar skipaði félagsmálaráðherra landsnefnd með aðild fulltrúa fjölmargra stofnana og félagasamtaka. Eitt af verkefnum landsnefndarinnar var að semja tillögu til þingsályktunar um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar. Tillagan var lögð fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994–95 en var ekki afgreidd.

Nú í vor var lögð fyrir Alþingi ný tillaga til þingsályktunar um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar. Þessi tillaga er að stofni til endurskoðuð tillaga sem unnin var á vegum landsnefndar um „Ár fjölskyldunnar" 1994. Með tillögunni er fjölskyldunni gefinn ákveðinn sess innan stjórnsýslunnar. Með samþykkt hennar yrði fjölskyldan viðurkennd með formlegum hætti sem hornsteinn og grunneining samfélagsins og þess er vænst að með því móti verði fjölskyldunum búnir betri afkomumöguleikar.

Í þingsályktunartillögunni er þess getið að meginforsendur fjölskyldustefnunnar séu þær að velferð fjölskyldunnar byggist á jafnrétti karla og kvenna og sameiginlegri ábyrgð á verkaskiptingu innan fjölskyldunnar. Fjölskyldan sé vettvangur tilfinningatengsla og að fjölskyldulífið eigi að veita börnum öryggi og tækifæri til að þroska eiginleika sína til hins ýtrasta.

Í tillögunni er fjallað um almenn markmið stjórnvalda við framkvæmd fjölskyldustefnu og eru tilgreind þar ellefu atriði. Þau eru m.a.:

— Að skapa skilyrði til þess að ná jafnvægi milli fjölskyldulífs og atvinnu foreldra og leggja áherslu á jafna ábyrgð beggja foreldra í heimilishaldi og uppeldi barna sinna.
— Að stofnanir samfélagsins, ekki síst skólar, starfi í samvinnu við og taki mið af ábyrgð foreldra á börnum sínum.
— Að grundvallaröryggi fjölskyldunnar efnahagslega sé tryggt ásamt rétti hennar til öryggis í húsnæðismálum.

Í tillögunni er jafnframt lagt til að stofnað verði fjölskylduráð sem hafi það hlutverk að stuðla að eflingu og vernd fjölskyldunnar, m.a. með því gera að veita stjórnvöldum ráðgjöf í fjölskyldumálum, annast tillögugerð um framkvæmdaáætlanir í fjölskyldumálum, eiga frumkvæði að opinberri umræðu um málaflokkinn og stuðla að rannsóknum á högum og aðstæðum íslenskra fjölskyldna. Lagt er til að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því

að staða og afkoma barnafjölskyldna í nútímasamfélagi verði könnuð sérstaklega og úrbætur gerðar þar sem nauðsynlegt er. Enn fremur er lagt til að ríkisstjórnin skapi skilyrði sem tryggi feðrum aukinn rétt til fæðingarorlofs og að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að sköpuð verði skilyrði til þess að Ísland geti fullgilt samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156, um starfsfólk með fjölskylduábyrgð.

Önnur verkefni – Menntasmiðja kvenna. Menntasmiðja kvenna á Akureyri er þróunarverkefni þar sem gerð er tilraun til að laga hugmyndafræði lýðháskóla og dagskóla annars staðar á Norðurlöndum að íslenskum aðstæðum og þörfum. Menntasmiðjan, sem hóf starfsemi um mitt ár 1994, er skóli fyrir konur án atvinnu. Slíkir skólar hafa skilað verulegum árangri annars staðar á Norðurlöndum, ekki síst í Danmörku þar sem áhrifa atvinnuleysis hefur gætt lengst.

Félagsmálaráðuneytið, menntamálaráðuneytið og Akureyrarbær styrkja í sameiningu verkefnið. Stuðningur ráðuneytanna á árunum 1995 og 1996 er samtals 9 millj. kr. (3 millj. + 6 millj.).

Samantekt. Af níu verkefnum sem félagsmálaráðuneytinu eða undirstofnunum þess var falið að vinna að samkvæmt framkvæmdaáætluninni hefur þegar verið hafist handa við sjö. Flest þeirra eru þess eðlis að þau eiga sér ekki ákveðin verklok fyrr en í fyrsta lagi við lok gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar. Sem dæmi um verkefni af þessum toga eru störf karlanefndarinnar, niðurstöður launakönnunarinnar og aðgerðir í kjölfar hennar, samstarf við Samtök um kvennaathvarf og Stígamót, átak í starfsmenntun hefðbundinna kvennastétta og mótun fjölskyldustefnu. Undirbúningur fyrir rannsókn á kynferðislegri áreitni og endurskoðun á verkefninu þar sem kveðið er á um jafnréttisráðgjafa er hafin. Það eru aðeins tvö verkefni sem engin endanleg ákvörðun hefur verið tekin um, þ.e. rannsókn á orsökum brottflutnings ungra kvenna úr dreifbýli og skipulögð úttekt á hefðbundnum kvennastörfum. Gera má ráð fyrir að vinna við þau hefjist á næsta ári og að þeim verði lokið fyrir lok gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar.

4.2.3 Fjármálaráðuneyti.

Fjármálaráðuneytið hefur ekki svarað bréfum Skrifstofu jafnréttismála um framkvæmd framkvæmdaáætlunarinnar. Í byrjun árs 1996 barst skrifstofunni greinargerð til fjármálaráðherra frá starfshópi fjármálaráðuneytisins um jafnréttismál. Þar kemur fram að vorið 1995 hafi fjármálaráðherra skipað starfshóp til að athuga jafnréttismál í fjármálaráðuneytinu og stofnunum þess. Tilefnið var skýrsla frá Skrifstofu jafnréttismála um launamyndun og kynbundinn launamun sem áður er getið.

Í skipunarbréfi hópsins segir að honum sé ætlað að kanna „efni skýrslunnar með tilliti til hvort kynbundinn mismunur sé á launamyndun, starfsframa, endurmenntun og jafnvel einhverjum fleiri þáttum hjá fjármálaráðuneytinu og stofnunum þess“. Auk þess að afla gagna sem varða framangreint, t.d. upplýsinga um kynjaskiptingu í einstökum stofnunum ráðuneytisins, starfsaldur starfsmanna og menntun, sem og upplýsinga um launagreiðslur, fjallaði hópurinn um framkvæmdaáætlun um aðgerðir til að ná fram jafnréttii kynjanna, en „einkum þó þann hluta hennar sem snýr að fjármálráðuneytinu“. Eftirfarandi lýsingar á stöðu verkefna eru teknar upp úr umræddri skýrslu.

Tölul. 3.1, um Stjórnsýslufræðslu ríkisins, tölul. 3.1.1, um sérstök námskeið fyrir konur, og 3.1.2, um sérstök námskeið fyrir stjórnendur. Markmið með námskeiðum sem þessum eru að auka hæfni kvenna og veita þeim möguleika á stöðuhækkunum auk þess sem mikilvægt er að stjórnendur séu upplýstir um jafnréttismál og neikvæðar afleiðingar kynbundinar mismununar.

Framkvæmd. Ekki er vitað til að nein slík námskeið hafi verið haldin.

Tölul. 3.2, um nefndarskipan. Kveðið er á um að jafna hlutfall kvenna og karla sem sitja í nefndum er fjalla um launakjör, þóknanir og hlunnindi og þær verði í samræmi við ákvæði 12. gr. laga um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla.

Framkvæmd. Í greinargerð starfshóps fjármálaráðuneytisins kemur fram að hér er um að ræða eftirtaldar nefndir: samninganefnd ríkisins, þóknananefnd, ferðakostnaðarnefnd, Kjaradóm og kjaranefnd. Í nefndunum sitja samtals 30 einstaklingar, þar af sjö konur eða 23%.

Tölul. 3.3, um lög um tekju- og eignarskatt. Að við endurskoðun þeirra laga verði gætt jafnréttissjónarmiða karla og kvenna.

Framkvæmd. Að mati starfshópsins er óljóst hvað er átt við með þessu ákvæði en hann telur að hér sé um að ræða breytingar á ákvæðum um millifærslu persónufrádráttar milli hjóna eða sambýlisfólks. Á þeim ákvæðum laga hafa ekki orðið neinar breytingar.

Tölul. 3.4, um lög um lífeyrissjóði. Að sett verði lög um lífeyrissjóði og að við þá lagasetningu verði jafnréttissjónarmiða gætt auk þess sem réttindi heimavinnandi fólks verði athuguð sérstaklega.

Framkvæmd. Enn hafa ekki verið sett lög um lífeyrissjóði.

Tölul. 3.5, um gagnasöfnun. Hér er kveðið á um reglubundna gagnasöfnun varðandi kjör ríkisstarfsmanna. Þetta verkefni verði unnið í samvinnu félagsmála- og fjármálaráðuneytisins.

Framkvæmd. Í skýrslu starfshóps fjármálaráðuneytisins segir að enn hafi ekki reynt á þetta samstarf ráðuneytanna. Hins vegar er rétt að minna á að fyrr í þessari skýrslu er m.a. gerð grein fyrir fundi fulltrúa þessara ráðuneyta auk Skrifstofu jafnréttismála þar sem var fjallað um framgang þessa verkefnis og tillögu sem gerð var í kjölfar hans.

Samantekt. Í greinargerð starfshóps fjármálaráðuneytsins er ekki lagt mat framkvæmd framkvæmdaáætlunarinnar af hálfu fjármálaráðuneytisins. Í lokakafla hennar þar sem lagðar eru til leiðir til úrbóta er m.a. hvatt til að þessi kafli verði tekinn til endurskoðunar í samráði við starfsmenn.

Með skipan starfshóps fjármálaráðuneytisins er stigið mikilvægt skref í markvissum vinnubrögðum hvað varðar athugun á starfsmannahaldi ríkisins út frá jafnréttissjónarmiði. Greinargerðin eins og hún liggur fyrir er fyrst og fremst lýsing á á stöðu mála hjá fjármálaráðuneytinu og stofnunum þess. Í lokakafla bendir hópurinn ráðherra á nokkur atriði til úrbóta auk þess sem hann leggur áherslu á mikilvægi reglubundinnar gagnasöfnunar af þessu tagi þar sem hún sé „nauðsynlegur grundvöllur til samanburðar á því hverju menn fái áorkað í þessum málum í náinni framtíð".

4.2.4 Forsætisráðuneyti.

Greinargerð frá forsætisráðuneytinu er frá 25. október 1993. Í henni er gerð grein fyrir framkvæmd jafnréttisverkefna á vegum ráðuneytisins. Fyrri hluta árs 1996 aflaði Skrifstofa jafnréttismála nýrri upplýsinga um þetta efni.

Tölul. 4.1, um fjarvinnslustofur. Samkvæmt ákvæðinu skal unnið að eflingu fjarvinnslu og markvisst vakin athygli opinberra stofnana á verkefnum sem henta til fjarvinnslu.

Framkvæmd. Forsætisráðuneytið fól Byggðastofnun til ráðstöfunar 5 millj. kr. til að efla fjarvinnslu. Hluta fjárins var varið til tilraunaverkefnis í samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands. Það verkefnið fólst í að fela fjarvinnslustofu úti á landi að tölvuskrá hluta þjóðminjaskrár. Þá var hluta fjárins varið til kynningar á gildi og möguleikum sem felast í fjarvinnslu.

Tölul. 4.2, um laun kvenna og karla. Verkefnið miðar að því að í yfirlitsskýrslum Þjóðhagsstofnunar um tekjur einstaklinga verði allar upplýsingar flokkaðar eftir kyni.

Framkvæmd. Upplýsingar Þjóðhagsstofnunar um tekjur einstaklinga eru nú flokkaðar eftir kyni, sbr. skýrslur stofnunarinnar um tekjuþróun kvenna og karla.

Tölul. 4.3, um eflingu heimilisiðnaðar. Í verkefnislýsingu er lagt til að stuðst verði við niðurstöður nefndar um eflingu heimilisiðnaðar en hún hefur m.a. kynnt sér atvinnumál kvenna á landsbyggðinni og þróun smáiðnaðar annars staðar á Norðurlöndum. Markmið þessa verkefnis er að efla heimilisiðnað og stuðning við hönnun í smáiðnaði.

Framkvæmd. Forsætisráðuneytið hefur stofnað til sérstaks tilraunaverkefnis um íslenskt handverk og varið til þess 20 millj. kr. Skrifstofa verkefnisins er í Reykjavík og er gert ráð fyrir að því ljúki 1997. Auk verkefnisstjóra starfa á vegum þess sex tengiliðir víðs vegar um landið í launuðu hlutastarfi. Markmið tilraunaverkefnisins er m.a. að hvetja til aukinna samskipta þeirra er starfa við handverk og safna í gagnabanka upplýsingum um handverksfólk. Þá er lögð mikil áhersla á að vinna að framförum og efla gæðavitund innan greinarinnar.

Samantekt. Forsætisráðuneytið hefur hrint í framkvæmd þeim verkefnum sem það tók að sér. Auk þess er vert að benda á að ráðuneytið hefur varið til þeirra a.m.k. 25 millj. kr. Þar sem þessi tvö tilteknu verkefni eru enn í gangi er ekki enn hægt að meta árangur þeirra en stefnt er að því að svo verði gert.

4.2.5 Hagstofa Íslands.

Samkvæmt framkvæmdaáætluninni hefur Hagstofu Íslands verið falin framkvæmd fjögurra verkefna. Hagstofan hefur ekki svarað erindum Skrifstofu jafnréttismála. Mat á stöðu eða á framgangi einstakra verkefna er því byggð á upplýsingum sem Skrifstofu jafnréttismála hafa borist í tengslum við önnur verkefni.

Tölul. 5.1, um tölfræðihandbók um stöðu kvenna og karla. Í verkefnislýsingu kemur fram að Hagstofa Íslands er þátttakandi í norrænu samstarfsverkefni um útgáfu slíkra upplýsinga. Þá er kveðið á um að við reglubundna hagskýrslugerð verði, svo sem unnt er og þar sem það á við, unnar og birtar tölur fyrir bæði kynin sérstaklega.

Framkvæmd. Árið 1994 kom út á vegum Hagstofu Íslands handbók sem hefur að geyma tölfræðilegar upplýsingar um stöðu kvenna og karla á Íslandi. Allar upplýsingar eru bæði á íslensku og ensku. Hagstofan vinnur markvisst að því að greina hagtölur eftir körlum og konum þar sem það á við.

Tölul. 5.2, um tölfræðileg úttekt á sifjamálum. Lagt er til að Hagstofan haldi áfram og auki við tölfræðilegar upplýsingar um sifjamál.

Framkvæmd. Ekki er kunnugt um að hafin sé vinna vegna þessa verkefnis

Tölul. 5.3, um eignarétt að fasteignum. Markmið verkefnisins er að gera úttekt á því hverjir eigi fasteignir hér á landi. Tilgangurinn er að vekja athygli kvenna á eignastöðu sinni.

Framkvæmd. Ekki er kunnugt um að framkvæmd þessa verkefnis sé hafin. Rétt þykir að benda á að Jafnréttisráð hefur með bréfi dags. 26. september 1994 minnt hagstofustjóra á þennan tölulið í framkvæmdaáætluninni. Jafnréttisráð taldi brýnt að þessar upp-

lýsingar lægju fyrir vegna kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem haldin var í Beijing í september 1995. Þar var auk annars fjallað um hvernig eignir í heiminum skiptast milli kvenna og karla.

Tölul. 5.4, um tölfræðilega úttekt á launamun kvenna og karla. Samkvæmt ákvæði þessa töluliðar ber Hagstofunni að ljúka úrvinnslu gagna um launamun kynjanna og gefa niðurstöður út sem fyrst. Hér er vísað til gagna sem safnað var vegna könnunar á lífskjörum Íslendinga en fyrstu niðurstöður hennar voru birtar árið 1990. Aðdraganda könnunarinnar má rekja til ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um að láta fara fram sérstaka samanburðarúttekt á launum kvenna og karla. Þeir sem var falið verkið lögðu til að gerð yrði víðtækari könnun og að samanburður á launum karla og kvenna yrði aðeins hluti hennar.

Framkvæmd. Niðurstöðurnar hafa enn ekki verið gefnar út.

Samantekt. Tekið skal fram að Hagstofan tekur reglulega saman yfirlit yfir helstu þætti vinnumarkaðsmála, að undanteknum tekjum, og birtir í ritinu Vinnumarkaðurinn. Þar eru allar upplýsingar greindar eftir kyni. Hagstofan safnar reglubundið upplýsingum um laun vegna útreikninga launavísitölu. Í þeim gagnagrunni er hægt að greina upplýsingar eftir kyni. Sama á við um aðrar launaupplýsingar sem Hagstofan fær og vinnur úr reglubundið. Launavísitalan sjálf hefur lengst af verið einu upplýsingarnar sem birtar eru úr launakönnun Hagstofunnar.

Þennan lið framkvæmdaáætlunarinnar þarf að skoða og tengja við 6. tölul. um bifreiðastyrki úr A-hlutanum og tölul. 3.5 úr B-hlutanum en hann heyrir undir fjáramálráðuneytið og tekur til reglubundinna athugunnar á starfskjörum ríkisstafsmanna.

4.2.6 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur ekki svarað bréfi Skrifstofu jafnréttismála hvað varðar upplýsingar um framkvæmd verkefna sem því eru falin samkvæmt framkvæmdaáætluninni. Í henni eru tvö viðfangsefni.

Tölul. 6.1, um lög um fæðingarorlof. Í framkvæmdaáætluninni er kveðið á um endurskoðun á lögum um fæðingarorlof með það að markmiði að tryggja jafnan rétt starfandi foreldra og að tryggja sjálfstæðan rétt feðra til töku fæðingarorlofs.

Framkvæmd. Heilbrigðisráðherra skipaði í nóvember 1995 nefnd til að endurskoða frumvarp til laga um fæðingarorlof sem samið var árið 1990. Í skipunarbréfi nefndarinnar kemur fram að í frumvarpinu hafi verið gerðar tillögur um endurskipulagningu fyrirkomulags fæðingarolofs þannig að allar konur, hvar sem þær starfa á vinnumarkaði, njóti sömu réttinda til fæðingarorlofs, auk þess sem gert er ráð fyrir að réttur til fæðingarolofs nái jafnt til kvenna sem karla. Nefndin á að skila tillögum til ráðherra á fyrri hluta árs 1996.

Tölul. 6.2, um útreikning á örorkubótum kvenna hjá Tryggingastofnun ríkisins. Markmið þessa verkefnis er að kanna hvort jafnrétti ríkir við útreikning örorkubóta hjá Tryggingastofnun ríkisins, þ.e. hvort hefðbundið mat á störfum kvenna og karla sé hugsanlega lagt til grundvallar við útreikninga.

Framkvæmd. Ekki er vitað hvort framkvæmd þessa verkefnis er hafin.

4.2.7 Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Í greinargerð iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins eru veittar eftirfarandi upplýsingar um framvindu einstakra verkefna í framkvæmdaáætluninni.

Tölul. 7.1, um könnun á stöðu kvenna í iðnaði. Markmið verkefnisins er safna upplýsingum sem hægt er að byggja á við mótun tillagna sem geta jafnað hlut kynjanna á öllum starfs- og stjórnunarstigum innan iðnaðarins.

Framkvæmd. Samkvæmt greinargerð ráðuneytisins hefur vinnuhópur á þess vegum og Iðntæknistofnunar hafið undirbúning að verkefninu.

Tölul. 7.2, 7.2.1 og 7.3, um fræðslustarfsemi. Verkefnin miða að því að hvetja og styðja konur til athafna í rekstri fyrirtækja. Þau taka til sértækra aðgerða á sviði fræðslu og starfsmenntunar. Í verkefnislýsingunum er kveðið á um að þessi fræðsla verði unnin í samráði við Iðntæknistofnun.

Framkvæmd. Í greinargerð iðnaðarráðuneytisins eru talin upp námskeið sem haldin hafa verið á vegum Iðntæknistofnunar og rekja má til framkvæmdaáætlunarinnar, en þau eru námskeið um stofnun og rekstur smáfyrirtækja fyrir atvinnulausar konur og námskeiðið „Athafnakonur“ sem haldið var víða um land og ætlað var konum. Þar var lögð var áhersla á frumkvæði í atvinnulífinu (tölul. 7.2.1, námskeið fyrir konur um frumkvæði í atvinnulífinu). Þá hefur verið staðið fyrir fjölda námskeiða fyrir ýmsa starfshópa þar sem konur hafa verið í meiri hluta, þótt námskeiðin hafi ekki verið kynbundin í sjálfu sér (tölul. 7.2).

Nýlega var ákveðið að fela vinnuhópi fulltrúa ráðuneytisins og Iðntæknistofnunar að gera áætlun um fleiri slík námskeið og önnur námskeið sem nýtast konum sérstaklega og þá í samræmi við ákvæði framkvæmdaáætlunarinnar (tölul. 7.3, um áherslur). Áætlun vinnuhópsins liggur ekki fyrir að svo stöddu.

Tölul. 7.4, um þróunarverkefni í einu byggðarlagi. Markmið verkefnisins er að fjölga atvinnutækifærum fyrir konur og er lagt til að það sé framkvæmt í samráði við atvinnuráðgjafa svæðisins og Byggðastofnun.

Framkvæmd. Ráðuneytið sjálft hefur ekki styrkt eða haft frumkvæði að verkefni af þessu tagi. Hins vegar hefur það styrkt „Snerpu“, átaksverkefni í atvinnumálum kvenna á Vestfjörðum, en með því er ætlunin að skapa ný og fjölbreyttari atvinnutækifæri fyrir konur. Á árunum 1993 og 1994 var 500 þús. kr. varið til verkefnisins, en 250 þús. kr. árið 1995, samtals 1.250 þús. kr.

Tölul. 7.5, um jafnrétti til stjórnunarstarfa í bönkum. Markmið með gerð jafnréttisáætlunar í bönkum er að auka hluta kvenna í stjórnunarstörfum innan þeirra.

Framkvæmd. Í greinargerð ráðuneytisins er skýrt frá því að bankaráðum Búnaðarbanka, Landsbanka og Seðlabanka hafi verið kynnt ákvæði framkvæmdaáætlunarinnar. Enn fremur var óskað eftir umsögn um hvað gert hefði verið í jafnréttismálum bankanna á undanförnum árum. Ráðuneytinu hafa ekki borist svör frá bankaráðunum.

Önnur verkefni á sviði jafnréttismála. Í greinargerð iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins er skýrt frá því að frá fyrri hluta árs 1995 hafi starfað í ráðuneytinu hópur sem ætlað var að fjalla um jafnréttismál sem ráðuneytið varða, bæði með hliðsjón af jafnréttislögum og framkvæmdaáætlun um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Ráðuneytið hefur ákveðið að beita sér fyrir því að stofnanir sem undir það heyra geri sérstakar jafnréttisáætlanir er miði að því að jafna hlut kvenna og karla á hverjum stað. Iðntæknistofnun hefur verið falið að vinna að gerð slíkra áætlana með undirstofnunum fyrir hönd ráðuneytisins.

Einnig er skýrt frá nýlegu samkomulagi um stofnun lánatryggingarsjóðs kvenna sem borgarstjóri Reykjavíkur, félagsmálaráðherra og iðnaðarráðherra stóðu að. Sjóðnum er ætlað að efla og styðja konur til nýsköpunar í atvinnulífinu.

Að lokum er tekið fram að á gildistíma áætlunarinnar hafi ráðuneytið styrkt ýmis verkefni sem tengjast málefnum kvenna með styrkveitingu af ráðstöfunarfé ráðherra.

Samantekt. Af framangreindu er ljóst að þótt ráðuneytið hafi ekki ráðist í öll þau verkefni sem tilgreind eru í framkvæmdaáætluninni hefur þegar verið tekin ákvörðun um hvernig staðið verði að framkvæmd flestra þeirra. Vert að ítreka mikilvægi þess að ráðuneytið beitir sér fyrir gerð jafnréttisáætlana fyrir stofnanir sem undir það heyra.

4.2.8 Landbúnaðarráðuneyti.

Tölul. 8.1, um félagsleg réttindi kvenna í landbúnaði. Samkvæmt verkefnislýsingu skal ráðuneytið kanna ýmis opinber réttindi kvenna í landbúnaði og gera tillögur til úrbóta þar sem þess gerist þörf. Samhliða þessari athugun verði kannaðir möguleikar kvenna á landsbyggðinni til að njóta ýmiss konar félagslegrar þjónustu sem sveitarfélögum ber að inna af hendi.

Tölul. 8.2, um atvinnumál kvenna í landbúnaði. Ráðuneytið lýsir sig tilbúið til samstarfs um átak til að fjölga atvinnutækifærum kvenna á landsbyggðinni og að í tengslum við slíkt átak verði skipulögð námskeið í stofnun og rekstri fyrirtækja.

Tölul. 8.3, um fræðslu fyrir konur í landbúnaði. Í þriðja og síðasta lagi tekur landbúnaðarráðuneytið að sér að beita sér fyrir fræðslu fyrir konur í landbúnaði. Þessi fræðsla taki til félagskerfis landbúnaðarins.

Samantekt. Svar landbúnaðarráðuneytisins við erindi Skrifstofu jafnréttismála frá 22. maí sl. er stutt en þar segir: „Ráðuneytið hefur meðtekið bréf yðar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Ráðuneytið hefur þegar sent upplýsingar um nefndir á vegum þess sem konur eiga sæti í. Að öðru leyti hefur ráðuneytið ekki aðhafst neitt í sambandi við áætlunina."

4.2.9 Menntamálaráðuneyti.

Menntamálaráðuneytið svaraði erindi um framkvæmd framkvæmdaáætlunarinnar með greinargerð dags. 9. júní 1995. Verkefni menntamálaráðuneytisins samkvæmt áætluninni eru tíu talsins og mörg hver mjög umfangsmikil.

Tölul. 9.1, um samfelldan skóladag. Stefnt verður að því að koma á samfelldum skóladegi í grunnskóla og að daglegur skólatími yngstu barnanna og árlegur kennslutími verði lengdur.

Framkvæmd. Í greinargerð ráðuneytisins er vísað til nýsettra laga um grunnskóla en þar er kveðið á um að hver grunnskóli skuli einsetinn. Í ákvæði til bráðabirgða er kveðið á um að einsetinn grunnskóli skuli að fullu kominn til framkvæmda að sex árum liðnum frá gildistöku laganna. Áætlun ráðuneytisins er á þá leið að daglegur skólatími yngstu barnanna og árlegur kennslutími verði lengdur í áföngum á árunum 1995–99 þannig að hann verði með eftirfarandi hætti:

a. 1.–4. bekkur með 30 kennslustundir,
b. 5.–7. bekkur með 36 kennslustundir og
c. 8.–10. bekkur með 37 kennslustundir á viku.

Tölul. 9.2, um framkvæmd tillagna starfshóps um eflingu jafnréttis kynjanna á öllum skólastigum. Starfshópurinn skilaði áliti um framkvæmd jafnréttisfræðslu árið 1990. Stefnt er að því að hrinda tillögum hópsins í framkvæmd á fjórum árum. Helstu verkefni sem hópurinn gerði tillögur um eru eftirfarandi:

Tölul. 9.2.1, um fræðslufundi og námskeið. Markmið verkefnisins er að gefa starfsfólki allra skólastiga kost á fræðslufundum um jafnrétti og jafna stöðu kynja í skólum.

Framkvæmd. Samkvæmt greinargerð ráðuneytisins kom framkvæmdanefndin þeirri tillögu á framfæri við endurmenntunarnefnd Kennaraháskóla Íslands að starfsfólk allra skólastiga ætti kost á fræðslufundum og námskeiðum um jafna stöðu kynja í skólum. Í framhaldi af því voru haldin tvö 20 tíma námskeið fyrir kennara í grunnskólum Reykjavíkur á vegum KHÍ og Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur í umsjón formanns framkvæmdanefndarinnar. Námskeiðin sóttu um 50 kennarar.

Framkvæmdanefndin stóð auk þess fyrir fræðslu- og umræðufundum meðal fræðslustjóra, skólastjórnenda og kennara á leikskóla-, grunnskóla- og framhaldsskólastigi.

Í tengslum við norræna verkefnið NORD-LILA, um jafna stöðu kynja í starfsháttum og inntaki kennaramenntunar, hefur verið unnið að átta þróunarverkefnum í eftirtöldum stofnunum: Kennaraháskóla Íslands (tvö verkefni), Háskóla Íslands, Fósturskóla Íslands (tvö verkefni), kennaradeild Háskólans á Akureyri, Æfingaskóla KHÍ og Grandaskóla í Reykjavík. Nokkrir aðrir skólar hafa einnig verið með þróunarverkefni á sviði jafnréttismála.

Tölul. 9.2.2, um starfsmannastefnu skóla. Starfsmannastefna skóla verði mörkuð með hliðsjón af því að störf innan þeirra séu ekki kynbundin svo að fyrirmyndir nemenda séu ekki of einhæfar.

Framkvæmd. Menntamálaráðuneytið hefur sent skýrslu framkvæmdanefndar um jafna stöðu kynja í alla skóla þar sem þessi tillaga kemur fram.

Tölul. 9.2.3, um námsefni. Náms- og kennslugögn séu án kynjafordóma og staðalmynda og jafnan samin og endurskoðuð með jafnréttissjónarmið að leiðarljósi.

Framkvæmd. Árið 1987 sendi starfshópur menntamálaráðuneytisins um jafna stöðu kynja í skólum bréf til Námsgagnastofnunar með tilmælum um að allt námsefni verði skoðað með tilliti til jafnréttissjónarmiða. Farið var fram á að höfundar nýs námsefnis verði upplýstir um þessi mál og að eldra námsefni sé ekki endurprentað nema rækileg endurskoðun hafi farið fram. Námgagnastofnun hefur þessi tilmæli á gátlista sem allir námsefnishöfundar fá í hendur.

Tölul. 9.2.4, um náms- og starfsfræðslu. Náms- og starfsfræðsla fléttist inn í nám á öllum skólastigum en verði sérstakur þáttur í námi eldri nemenda grunnskóla og framhaldsskóla.

Framkvæmd. Þessum þáttum hefur verið komið á framfæri við kennara og skólastjórnendur. Væntanlega verða þeim gerð skil við endurskoðun á námskrá grunn- og framhaldsskóla sem stendur nú fyrir dyrum.

Tölul. 9.2.5, um nám í fjölskyldufræðum. Undir þessum lið er stefnt að því að boðið verði upp á nám í fjölskyldufræðum sem felist m.a. í umfjöllun um stofnun, umhirðu og rekstur heimilis, næringarfræði, barneignir, uppeldi og samskipti kynjanna.

Framkvæmd. Í skýrslu ráðuneytisins „Mótun menntastefnu“ frá 1994 er tekið undir þau markmið sem koma fram í lýsingu á verkefninu en því hefur ekki verið hrundið í framkvæmd.

Tölul. 9.2.6, um fræðsluefni fyrir foreldra. Samið verði fræðsluefni fyrir foreldra og forráðamenn um stöðu kynja í skólum.

Framkvæmd. Árið 1994 gaf menntamálaráðuneytið út ritið „Betri tíð með blóm í haga" til umhugsunar fyrir foreldra og aðra uppalendur. Ritinu var dreift til foreldra allra ellefu ára barna haustið 1994 og aftur haustið 1995. Kennarar barnanna voru sérstaklega hvattir til að halda fund með foreldrum til að kynna þeim efni ritsins.

Tölul. 9.2.7, um kvennarannsóknir. Í verkefnislýsingu segir aðeins að kennsla og rannsóknir í kvennafræðum á háskólastigi verði efld.

Framkvæmd. Í greinargerð ráðuneytisins er ekki getið um framkvæmd þessa verkefnis.

Á ráðstefnu Kvennarannsóknastofu Háskóla Íslands um íslenskar kvennarannsóknir sem haldin var í Reykjavík 20.–23. október sl. var m.a. kynnt ákvörðun um nám í kvennafræðum við Háskóla Íslands haustið 1996. Háskólaráð hefur samþykkt tillögur sérstakrar nefndar um að hefja þá 30 eininga nám í kvennafræðum „að því tilskildu að fjárveiting fáist á fjárlögum til að standa straum af kostnaði við námið".

Tölul. 9.2.8, um skipan framkvæmdanefndar. Eins og áður hefur komið fram var þegar árið 1990 gerð tillaga um skipan sérstakrar framkvæmdanefndar. Var það gert í kjölfar skýrslu starfshóps um jafna stöðu kynja í skólum en hann starfaði á árunum 1987–90. Framkvæmdanefndin skilaði skýrslu í janúar 1994 en þar gerir hún grein fyrir störfum sínum sem m.a. fólust í framkvæmd einstakra verkefna sem talin eru upp hér að framan ásamt kynningu á öðrum verkefnum. Til að halda áfram starfi nefndarinnar var skipaður sérstakur starfshópur innan ráðuneytisins. Helstu verkefni hans, auk þeirra sem getið er í framkvæmdarætluninni, eru:

1. Skipan samráðshóps til að vinna með starfshópnum að framkvæmd 10. gr. jafnréttislaga.
2. Könnun á jafnréttisfræðslu í skólum.
3. Á árinu 1995 verði hafinn undirbúningur að gerð handbókar fyrir jafnréttiskennslu á öllum skólastigum.
4. Stefnt er að því að halda ráðstefnu um jafnrétti kynja í íslenska skólakerfinu á næsta skólaári.
5. Þátttaka í samstarfsverkefni ráðuneytis og Jafnréttisráðs um gerð fræðsluefnis fyrir framhaldsskóla um nám og störf með tilliti til kynferðis.

Samantekt. Í greinargerð menntamálaráðuneytisins kemur fram að framkvæmdanefndin, sem skipuð var 1990 og lauk störfum 1993, hefur unnið markvisst að nokkrum þeirra verkefna sem tilgreind eru í framkvæmdaáætluninni. T.d. hefur hún staðið fyrir umfangsmikilli fræðslu og námskeiðahaldi (tölul. 9.2.1) og jafnframt gefið út sérstakt fræðslurit fyrir foreldra (tölul. 9.2.6). Að öðru leyti hefur framkvæmdanefndin lagt áherslu á að kynna þeim sem málið varðar ákvæði framkvæmdaáætlunarinnar.

Verkefni nýskipaðs starfshóps, sbr. tölul. 9.2.8, eru viðamikil. Það gildir jafnt um þau sem búið er að undirbúa en á eftir að hrinda í framkvæmd og ný verkefni.

4.2.10 Samgönguráðuneyti.

Tölul. 10.1, um störf hjá stofnunum sem falla undir samgönguráðuneytið. Samgönguráðuneytinu eru ekki ætluð sérstök verkefni samkvæmt B-hluta áætlunarinnar. Samkvæmt þessum tölulið er kveðið á um það markmið að jafna hlut kynjanna í störfum hjá stofnunum sem heyra undir ráðuneytið.

Framkvæmd. Í greinargerð samgönguráðuneytisins kemur fram að það hefur haft samband við stofnanir sem undir það heyra og kannað hvort unnið hefur verið að framkvæmdaáætlunum um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Samkvæmt mati ráðuneytisins hefur það ekki verið gert með markvissum hætti, með einni undantekningu. Lausleg könnun bendir til hægfara þróunar hvað varðar fjölgun kvenna í hefðbundnum sérfræðistörfum karla, þ.e. í störfum þar sem krafist er verkfræði- og tæknimenntunar. Einnig er tekið fram að umsóknum kvenna um laus störf við flugumferðarstjórn hefur fjölgað á allra síðustu árum.

Póst- og símamálastofnun hefur unnið markvisst að því að jafna stöðu karla og kvenna. Fyrir þessu er gerð grein í skýrslu formanns jafnréttisnefndar Póst- og símamálastofnunar. Þar er m.a. fjallað um markvissa vinnu samkvæmt jafnréttisáætlunum sem samdar voru til tveggja ára í senn. Gildandi jafnréttisáætlun var lögð fram í nóvember 1994. Henni er skipt í fjóra áhersluþætti:

1. Framkvæmd og umfang.
2. Starfsmannastefna.
3. Fræðsla og ráðgjöf.
4. Kynning á jafnréttisáætlun og endurskoðun.

Samantekt. Ljóst er að verkefni samgönguráðuneytisins er mjög almennt orðað og mætti skilgreina betur. Frumkvæði Póst- og símamálastofnunarinnar á sviði jafnréttismála er öðrum opinberum stofnunum til eftirbreytni. Ekki er kunnugt um aðra stofnun sem hefur unnið með jafnmarkvissum hætti að framgangi jafnréttisstefnu í starfsmannamálum sínum. Áhugavert verður að gera úttekt á Póst- og símamálastofnun eftir tvö til fjögur ár og meta þannig áhrif þessa starfs.

4.2.11 Sjávarútvegsráðuneyti.

Í greinargerð ráðuneytisins kemur fram að starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar heyrir undir ráðuneytið. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar samtaka atvinnurekenda og launafólks auk fulltrúa ráðuneytisins. Starfsfræðslunefndin hefur annast framkvæmd nokkurra verkefna sjávarútvegsráðuneytisins.

Tölul. 11.1, um gæðaátak í sjávarútvegi, og tölul. 11.2, um þjónustustörf tengd sjávarútvegi. Með báðum þessum verkefnum er lögð áhersla á mikilvægi fræðslu og nýtingu þekkingar og reynslu kvenna, m.a. í tengslum við gæðaátak í sjávarútvegi og til þess auka fjölbreytni í störfum við sjávarsíðuna.

Framkvæmd. Starfsfræðslunefnd stendur fyrir víðtæku fræðslustarfi fyrir starfsfólk fiskvinnslunnar en stór hluti þess eru konur. Með grunn- og framhaldsnámskeiðum og öðrum sérhæfðum námskeið eru þátttakendur þálfaðir til sérhæfðra starfa í fiskvinnslu. Gæðaeftirlit af ýmsum toga er sífellt mikilvægari þáttur í daglegum störfum innan fiskvinnslunnar. Sérstök námskeið hafa verið haldin til að mæta þessum kröfum og hafa konur verið meiri hluti þátttakenda.

Sjávarútvegsráðuneytið hefur tekið þátt í að endurskipuleggja starfsmenntun á sviði sjávarútvegs. Fiskvinnsluskólinn í Hafnarfirði hefur hafið störf eftir nokkurra ára hlé sem m.a. var notað til endurskipulagningar. Ráðuneytið beindi þeim tilmælum til stjórnenda skólans að þar væri stuðlað að því að fjölga konum í hópi nemenda. Áður fyrr voru konur allt að helmingur nemenda en eru nú tæplega þriðjungur.

Ráðuneytið hefur með ýmsum hætti reynt að kynna sjávarútveginn fyrir grunnskólanemendum, m.a. með því að útbúa náms- og kennslugögn um sjávarútveg og sýnishorn af veiðafærum og verkfærum. Þetta kennslutæki fékk nafnið „Gullkista sjávarútvegsins“ og er tilgangur þess að gefa jákvæða mynd af atvinnugreininni og örva ungmenni, stúlkur jafnt sem drengi, til að mennta sig til þátttöku í störfum tengdum sjávarútvegi.

Samantekt. Í greinargerð ráðuneytisins kemur fram að þar hefur verið lögð áhersla á að beita fræðslu til þess að styrkja stöðu atvinnugreinarinnar og þeirra sem þar starfa. Aukin fræðsla fjölgar tækifærum kvenna til að taka að sér ábyrgðarmeiri og betur launuð störf innan fiskvinnslunnar.

4.2.12 Umhverfisráðuneyti.

Tölul. 12.1, um jafnréttisáætlun umhverfisráðuneytisins. Umhverfisráðuneytinu eru ekki ætluð sérstök verkefni samkvæmt B-hluta áætlunarinnar. Í tölul. 12.1 í framkvæmdaáætluninni kemur fram að umhverfisráðuneytið hafi samið jafnréttisáætlun og að stofnunum sem heyra undir ráðuneytið, með 20 starfsmenn eða fleiri, hafi verið falið að semja slíka áætlun.

Framkvæmd. Umhverfisráðuneytið hefur ekki svarað fyrirspurn um framkvæmd framkvæmdaáætlunar. Stofnanir sem heyra undir ráðuneytið hafa ekki heldur sent upplýsingar um jafnréttisáætlanir.

Samantekt. Tekið er fram í umræddum tölulið að ráðuneytið stefni að því að auka hlut kvenna í stjórnunarstöðum í ráðuneytinu og að boðið verði upp á sveigjanlegan vinnutíma þar sem því verður við komið. Þá segir að stefnt sé að því að auka hlut kvenna í nefndum ráðuneytisins og að tilnefningaraðilar séu ávallt minntir á ákvæði jafnréttislaga þegar óskað er eftir tilnefningu í ráð og nefndir.

Þessi ákvæði heyra frekar undir A-kafla framkvæmdaáætlunarinnar og sá háttur umhverfisráðuneytisins að telja þau til sértækra verkefna sýnir þörfina á að skilgreina betur ábyrgð hvers ráðuneytis í starfsmannamálum.

4.2.13 Utanríkisráðuneyti.

Samkvæmt framkvæmdaáætluninni eru tilgreind tvö verkefni sem utanríkisráðuneytið muni vinna að á gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar, þ.e. um stöðu kvenna í utanríkisþjónustunni og um konur í þróunarríkjum.

Tölul. 13.1, um stöðu kvenna í utanríkisþjónustunni. Utanríksráðuneytið setti sér að kanna hvernig auka megi tækifæri kvenna til starfsframa í untanríkisþjónustunni og í framhaldi af því að leggja fram tillögur um hvernig möguleikar kvenna og karla á þessu sviði verði jafnaðir.

Framkvæmd. Í greinargerð ráðuneytisins kemur fram að settar hafa verið reglur um starfsframa flutningsskyldra ritara í utanríkisþjónustunni. Einnig kemur fram að í maí 1993 voru aðeins þrír flutningsskyldir ritarar sem öðlast höfðu diplómatískt starfsheiti (sendiráðsfulltrúi/attaaché) en væru nú orðnir átta.

Tölul. 13.2, um konur í þróunarríkjunum. Með þessu verkefni setur ráðuneytið sér það markmið að í öllum þróunarverkefnum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands verði stöðu kvenna gefin sérstakur gaumur. Auk þess er tekið fram að ráðnar verði konur á vegum stofnunarinnar til að fylgja slíku starfi eftir.

Framkvæmd. Í greinargerð ráðuneytisins kemur fram að í ársbyrjun 1993 hafi aðeins ein kona starfað á vegum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands í þróunarlöndum en haustið 1995 voru þær þrjár. Einnig kemur fram að stofnunin hafi einbeitt sér að verkefnum sem sérstaklega varði konur í þróunarlöndum, einkum þeim sem tengjast menntun kvenna.

Fjórða alþjóðaráðstefna Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna. Í greinargerð utanríkisráðuneytisins er auk þessa minnt á framlag utanríksráðuneytisins til undirbúnings að og þátttöku Íslands í fjórðu alþjóðaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna sem var haldin í Beijing í september 1995.

Framkvæmd. Utanríkisráðuneytið var í fyrirsvari íslenskra stjórnvalda við undirbúning ráðstefnunnar og skipaði þegar haustið 1993 sérstaka undirbúningsnefnd. Nefndin var stækkuð haustið 1994 og í kjölfar þess réði utanríksráðuneytið konu í fullt starf til að sinna verkefninu. Í greinargerð ráðuneytisins kemur fram að fjöldi kvenna hafi komið að undirbúningi ráðstefnunar og þess hafi jafnan verið gætt að halda góðu samstarfi við önnur ráðuneyti og Jafnréttisráð, sem og viðkomandi félagasamtök. Í undirbúningsferlinu hafi á vegum ráðuneytisins verið haldnir opnir fundir með fulltrúum félagasamtaka og stjórnmálaflokka, auk undirbúningsnefndar, sérfræðingahóps og sendinefndar stjórnvalda sem fór á ráðstefnuna. Ráðuneytið gaf út rit með alþjóðlegum samþykktum sem varða mannréttindi kvenna og skýrslu íslenskra stjórnvalda um réttindi og stöðu kvenna.

Samantekt. Af svari ráðuneytisins má ráða að unnið hafi verið að þeim verkefnum sem tilgreind eru í framkvæmdaáætluninni. Eins og fram kemur var undirbúningur vegna þátttöku Íslands á kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna á vegum utanríksráðuneytisins og var töluverðu til hans kostað.

VIÐAUKI

Framkvæmd Íslands á samningi um afnám allrar mismununar gagnvart konum.

Umfjöllun nefndar Sameinuðu þjóðanna (CEDAW) um framkvæmd Íslands á samningi um afnám allrar mismunar gagnvart konum dagana 17.–24. janúar 1996.

Dagana 17.–24. janúar 1996 tók nefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna til umfjöllunar á fundi sínum skýrslu Íslands um framkvæmd samnings Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum. Ísland fullgilti samninginn árið 1985. Fundurinn var haldinn í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York.

Fulltrúar Íslands á fundi nefndarinnar voru Páll Pétursson félagsmálaráðherra, Berglind Ásgeirsdóttir, ráðuneytisstjóri í félagsmálaráðuneytinu, Sturla Sigurjónsson hjá fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og Elsa Þorkelsdóttir, framkvæmdastjóri Skrifstofu jafnréttisráðs.

Skýrsla Íslands var bæði fyrsta skýrsla og fyrsta tímabilsskýrsla íslenskra stjórnvalda. Hún var send Sameinuðu þjóðunum árið 1991.

Páll Pétursson félagsmálaráðherra flutti ræðu fyrir hönd íslenskra stjórnvalda fimmtudaginn 18. janúar. Hún var mjög ítarleg og reynt að varpa ljósi á stöðu og þróun jafnréttismála frá árinu 1991 þegar skýrsla Íslands var tekin saman. Í framhaldi af ræðunni báru nefndarmenn fram fyrirspurnir.

Niðurstaða nefndar Sameinuðu þjóðanna er eftirfarandi:

1. Nefndin tók til athugunar í sameiningu frumskýrslu og aðra áfangaskýrslu Íslands (CEDAW/C/ICE/1–2) á 290. og 291. fundi sínum 18. og 24. janúar 1996 (sjá CEDAW/C/SR 290 og 291).
2. Þegar skýrslan var kynnt upplýstu fulltrúar Íslands nefndina um að upphaflega skýrslan frá 1987 hefði ekki verið lögð fram vegna mistaka og að frumskýrslan sem nú væri til umræðu og önnur áfangaskýrslan tækju til tímabilsins fram til 31. desember 1991. Fulltrúinn skýrði því næst nefndinni frá lagabreytingum og nýjustu þróun á sviði mannréttinda kvenna sem orðið hefði á Íslandi frá því skýrslan var lögð fram.
3. Fulltrúinn benti á ýmsar aðgerðir á sviði menntunar, þar á meðal jafnréttisfræðslu í skólum landsins og starfsþjálfun til handa konum sem mælt væri fyrir um í lögum. Í því skyni að afnema mismunun, sem enn væri við lýði, hefði verið stofnað Jafnréttisráð og kærunefnd jafnréttismála. Árið 1994 hefði verið tekin upp í stjórnarskrána grein um mannréttindi sem hefði að geyma ákvæði um kynferði. Áætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að koma á jafnrétti kynjanna hefði fyrst og fremst beinst að aðgerðum til að koma á jafnrétti í skólakerfinu, á vinnumarkaði, á landsbyggðinni og á sviði félagslegra réttinda. Fulltrúinn lýsti aðgerðum sem gripið hefði verið til í því skyni að útrýma ofbeldi gegn konum, t.d. stofnun kvennathvarfs, greiðslur skaðabóta til fórnarlamba ofbeldis og að virkja karla til að snúast gegn ofbeldi.
4. Fulltrúinn benti á dæmi um mikilvæga þátttöku kvenna í opinberu lífi sem hefði aukist jafnt og þétt síðan 1979. Frá því á árinu 1980 hefði kona gegnt embætti forseta landsins og væri hún jafnframt ein fyrsta konan í heimi sem kosin hefði verið þjóðarleiðtogi í lýðræðislegum kosningum. Í síðustu alþingiskosningum hefðu konur náð 25% þingsæta á Alþingi. Starfandi væri stjórnmálaflokkur kvenna. Hlutur kvenna í sveitarstjórnum væri nú nálægt 30% og í opinberum nefndum og ráðum um 20%
5. Fulltrúinn benti á að mismunun væri enn ráðandi á atvinnusviðinu. Þátttaka kvenna í formlegu atvinnulífi væri mjög mikil, en enn þá væri launamunur kynjanna nokkur. Vinnumarkaðurinn væri að þónokkru leyti kynskiptur. Atvinnuleysi hefði meiri áhrif á konur en karla. Með það fyrir augum að breyta launakerfinu og koma á jafnari fjölskylduábyrgð hefði ríkisstjórnin gripið til sértækra aðgerða, þar á meðal endurskoðunar laga um fæðingarorlof sem ætti að gera körlum kleift að sinna umönnunarhlutverki sínu betur. Sveitarstjórnir hefðu á prjónunum áætlanir um að efla daggæslu fyrir börn. Konur væru yfir 50% þeirra sem útskrifuðust úr háskóla og kæmi þetta einkum fram í störfum hjá hinu opinbera. Starfsmat væri talið geta orðið mikilvægt tæki til að tryggja launajöfnuð.
6. Að lokum sagði fulltrúinn að skýrslan sem samin var vegna fjórðu ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna, umræðan um kvenréttindi og skýrslan sem hér væri til umfjöllunar hefðu komið landinu að gagni við að meta hvað áunnist hefði og til hvaða aðgerða skyldi grípa í framtíðinni.

Lokaathugasemdir nefndarinnar.

Inngangur.

7. Nefndin fagnaði því að fulltrúarnir voru hátt settir í stjórnkerfinu og luku lofsorði á ríkisstjórnina fyrir opinskáa skýrslu og ítarlega munnlega kynningu á henni sem jók miklu við efni skýrslunnar. Enn fremur mat nefndin mikils svör við þeim spurningum sem bornar voru upp meðan athugun skýrslunnar stóð yfir.
8. Enda þótt nefndin lyki lofsorði á ríkisstjórn Íslands fyrir að hafa gert breytingar á stjórnarskránni og sett jafnréttislögin var hún þeirrar skoðunar að ef ákvæði samningsins hefðu samt ekki verið að fullu lögleidd á Íslandi með þessu hefði slíkt neikvæð áhrif á framkvæmd grundvallarreglna samningsins.

Jákvæðir þættir.

9. Nefndin fagnaði því að í stjórnarskránni frá 1994 hefði verið sett ákvæði til að tryggja að allir nytu mannréttinda án tillits til kynferðis og fannst mikið koma til starfsins sem unnið er hjá Jafnréttisráði.
10. Nefndin fagnaði því að í starfreglum kærunefndar jafnréttismála hefði verið samþykkt að færa sönnunarbyrði um meinta mismunun vegna kynferðis frá stefnanda í máli til þess sem væri talinn hafa brotið af sér.
11. Nefndin lauk lofsorði á þá áherslu sem ríkisstjórnin leggur á að uppræta ofbeldi og setja á laggirnar nefnd til að kanna umfang og orsakir ofbeldis á heimilum og eins fyrir að koma á fót neyðarmóttöku á Borgarspítala fyrir fórnarlömb nauðgana. Jafnframt lofaði nefndin setningu laga sem gera ríkissjóð ábyrgan fyrir greiðslu skaðabóta til fórnarlamba ofbeldis, svo og fyrir að setja á stofn karlanefnd í því skyni að karlmenn geri sér betur grein fyrir vandamálum sem hljótast að ofbeldishegðun.
12. Nefnin lét í ljós velþóknun vegna áforma ríkisstjórnar Íslands um að gefa reglulega skýrslu til almennings um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum.
13. Nefndin taldi mikils virði að stofnað hefði verið embætti umboðsmanns barna til að efla og gæta réttinda barna, drengja og stúlkna, svo sem segir í yfirlýsingunni um réttindi barna.
14. Nefndin lýsti ánægju sinni með sókn kvenna á sviði menntunar almennt, eins og sjá mætti af því að konur væru nú 50% þeirra sem útskrifast úr háskóla, og með að komið hefði verið á fót rannsóknarstofu í kvennafræðum við háskólann.

Helstu áhyggjuefni.

15. Nefndin vakti athygli á að hagtölur skorti í skýrsluna og að Ísland hefði ekki farið að almennum tilmælum (nefndarinnar) nr. 9, en mat mikils þær viðbótarupplýsingar sem lagðar voru fram í svörum við spurningum nefndarinnar.
16. Nefndin hafði þungar áhyggjur af hinum mikla launamun milli kvenna og karla, jafnt hjá einkafyrirtækjum og hinu opinbera og því að skýringar á þessu lægju eingöngu í kynferðinu.
17. Einnig komu fram áhyggjur af því að konur væru fjölmennari en karlar í störfum sem ekki krefjast neinnar starfsmenntunar en hlutfall karla í stjórnunarstöðum væri að sama skapi umtalsvert hærra, jafnt hjá einkafyrirtækjum og hinu opinbera.
18. Nefndin vakti athygli á og hafði áhyggjur af því að sjúkratryggingar almannatrygginga tækju ekki til kostnaðar vegna getnaðarvarna.

19. Nefnin taldi áhyggjuefni hversu mjög upplýsingum um tilteknar greinar samningsins væri ábótavant, einkum um 12. gr. hans sem lýtur að réttindum kvenna og skyldum aðildarríkja á sviði heilbrigðisþjónustu. Nefndin vakti athygli á því að í málum er snerta heilsufar kvenna, einkum er varðar geðheilsu og læknisfræðilegar rannsóknir, væri sjónarmið er tækju tillit til kynferðis hvergi að finna.
20. Nefndin taldi miður að konur til sveita hefðu oft og tíðum síður tækifæri til að stunda atvinnu utan heimilis en karlar eða konur sem byggju í þéttbýli.

Tillögur og tilmæli.

21. Nefndin mælist til að eftirleiðis gefi ríkisstjórn Íslands tæmandi skýrslu um sérhverja grein sáttmálans og um hin almennu tilmæli í áfangaskýrslum sínum.
22. Nefndin mælist til að í framtíðinni verði hagtölur með aðgreiningu eftir kyni teknar með í áfangaskýrslurnar og að ríkisstjórn Íslands fari eftir almennum tilmælum (nefndarinnar) nr. 9.
23. Nefndin mælist til að ríkisstjórnin geri ráðstafanir til þess að tryggja að grundvallarreglur samningsins verði að fullu lögleiddar á Íslandi og unnt verði að framfylgja þeim við íslenska dómstóla. Einkum og sér í lagi hvetur nefndin ríkisstjórnina til að láta vinna gögn með aðgreiningu eftir kyni um þarfir er lúta að heilsufari og heilbrigðisþjónustu til þess að auðvelda stefnumótun í heilbrigðismálum sem taki mið af kynferði.
24. Til þess að auðveldara verði að framfylgja samingnum við íslenska dómstóla mælist nefndin til að gerðar verði ráðstafanir til þess að koma á laggirnar áætlun um fræðslu og þjálfun um samninginn fyrir dómara.
25. Nefndin hvetur ríkisstjórnina til að halda áfram að beita sér af einurð í málaflokknum um jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf í því skyni að koma á launajöfnuði á öllum sviðum atvinnulífs í samræmi við almenn tilmæli (nefndarinnar) nr. 13. Jafnframt fer nefndin þess á leit að framvegis hafi skýrslur til hennar að geyma upplýsingar um þetta efni þegar fjallað er um niðurstöður starfsmatsins sem nú stendur yfir.
26. Nefndin leggur til að ráðstafanir verði gerðar eins fljótt og auðið er til þess að tryggja að konur verði skipaðar í stöður þar sem ákvarðanir eru teknar og taki að sér forustuhlutverk hvarvetna í atvinnulífinu, t.d. með því að samþykkja áætlanir um sérstakar aðgerðir í þágu kvenna.
27. Nefndin leggur til að framvegis komi fram úttekt í skýrslum til hennar á áhrifum þess starfsmats sem fram hefur farið.
28. Nefndin telur að endurskoðun laga um fæðingarorlof nægi ekki til þess að koma á jafnari foreldraábyrgð meðal karla og kvenna. Þess vegna mælist hún til þess að ríkisstjórnin leggi á ráðin um aðrar leiðir til þess að auka þátttöku karla í heimilisstörfum og umönnun barna og hefur þá jafnt í huga eðli launaðra starfa karla og starfa kvenna innan og utan heimilis.
29. Jafnframt ætti ríkisstjórnin að leggja enn meiri áherslu á að byggja upp starfsemi á sínum snærum í því augnamiði að vinna gegn hefðbundnum hugmyndum um hlutverk kynjanna með skipulögðu fræðslustarfi sem beinist að því að opna augu barna og fullorðinna.
30. Nefndin mælist til þess að ríkisstjórnin geri ráðstafanir til þess að rannsaka ójafnan hlut karla og kvenna í hlutastörfum þar sem slíkt gæti verið vísbending um óbeina mismunun gagnvart konum á vinnumarkaði.

31. Nefndin mælist til þess að ráðstafanir verði gerðar til þess að fræða starfsfólk dómstóla um samninginn.
32. Nefndin er þeirrar skoðunar að rannsaka skuli mat ólaunaðrar vinnu jafnt karla og kvenna, þrátt fyrir það frumkvæði sem þegar hefur verið tekið í þessu efni.
33. Nefndin mælist til þess að staða kvenna til sveita verði bætt á öllum sviðum, þar á meðal tækifæri þeirra til að stunda atvinnu utan heimilis.
34. Nefndin hvetur ríkisstjórnina til þess að efla enn frekar skipulagt fræðslustarf meðal aðfluttra kvenna, einkum að því er lýtur að réttindum kvenna á Íslandi. Til að tryggja vernd aðfluttra kvenna hvetur nefndin ríkisstjórnina enn fremur til þess að halda áfram því starfi sem nú er unnið í því skyni að veita fullnægjandi heilbrigðis- og ráðgjafarþjónustu og fylgjast með hinum vaxandi fjölda hjónabanda íslenskra karla og aðfluttra kvenna.
35. Nefndin mælist til þess að breyting verði gerð á jafnréttislögunum til að tryggja að hvort kyn eigi að minnsta kosti 40% fulltrúa í opinberum nefndum og ráðum.
36. Nefndin mælist til þess að jafnréttisfræðsla og fræðsla um mannréttindamál verði gerð að skyldunámsefni í námskrá íslenskra skóla með hliðsjón af þeim vel heppnuðu verkefnum um jafnréttisfræðslu sem nú er lokið við ýmsa skóla.
37. Nefndin mælist til þess að ríkisstjórnin láti fella niðurstöður kvennarannsókna inn í endurskoðað námsefni í skólum og hið sama verði gert í menntun og þjálfun kennara til þess að auðveldara verði að útrýma rótgrónum hugmyndum um hlutverk karla og kvenna.
38. Nefndin hvetur ríkisstjórnina til þess að tileinka sér það viðhorf að ofbeldi gegn konum sé heilbrigðismál og greiði fyrir því að skýrslur um ofbeldi verði einnig teknar hjá þeim sem annast almenna heilsugæslu.

972. Breytingartillaga [249. mál]

við frv. til l. um umgengni um auðlindir sjávar.

Frá Vilhjálmi Egilssyni.

Í stað orðanna „alvarlegrar vélarbilunar“ í 4. málsl. 6. gr. komi: meiri háttar viðgerða.

973. Frumvarp til laga [372. mál]

um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

(Eftir 2. umr., 15. maí.)

I. hluti.
Almenn ákvæði.
I. KAFLI
Gildissvið laganna.
1. gr.

Lög þessi taka til hvers manns sem er skipaður, settur eða ráðinn í þjónustu ríkisins

til lengri tíma en eins mánaðar, án tillits til þess hvort og þá hvaða stéttarfélagi hann tilheyrir, enda verði starf hans talið aðalstarf.

Ákvæði II. hluta laganna taka þó einvörðungu til embættismanna, sbr. 22. gr., og ákvæði III. hluta einvörðungu til annarra starfsmanna ríkisins.

Ef ekki er annað tekið fram er með hugtakinu „starf“ átt við sérhvert starf í þjónustu ríkisins sem lögin ná til, en með hugtakinu „embætti“ er einungis átt við starf sem maður er skipaður til að gegna, sbr. 22. gr.

2. gr.

Lög þessi taka ekki til forseta Íslands, ráðherra eða alþingismanna. Lögin taka til hæstaréttardómara og héraðsdómara eftir því sem við getur átt.

Þá taka lögin heldur ekki til eftirgreindra starfsmanna:

1. starfsmanna hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, jafnvel þótt þau séu að öllu leyti í eigu ríkisins,
2. starfsmanna stofnana sem að einhverju eða öllu leyti eru í eigu annarra en ríkisins, þar á meðal sjálfseignarstofnana, jafnvel þótt þær séu einvörðungu reknar fyrir framlög frá ríkinu.

3. gr.

Sérákvæði í lögum, sem öðruvísi mæla um réttindi og skyldur einstakra flokka starfsmanna, skulu haldast.

4. gr.

Nú verður ágreiningur um gildissvið laga þessara og sker fjármálaráðherra þá úr. Ef starfsmaður eða annar sá sem í hlut á vill ekki hlíta úrskurði ráðherra getur hann borið málið undir dómstóla.

II. KAFLI
Veiting starfs.

5. gr.

Það fer eftir ákvæðum laga hvaða stjórnvald veitir starf og hvort skipa skuli eða ráða í starfið.

Séu ekki fyrirmæli um það í lögum skal sá ráðherra er stofnun lýtur skipa forstöðumann stofnunar og, eftir atvikum, aðra embættismenn er starfa við stofnunina, en forstöðumaður ræður í önnur störf hjá henni.

6. gr.

Almenn skilyrði til þess að fá skipun eða ráðningu í starf eru þessi:

1. Átján ára aldur. Þó má víkja frá þessu aldurslágmarki um störf samkvæmt námssamningi, ræstingastörf, sendilsstörf eða önnur svipuð störf. Einstök ákvæði í lögum, þar sem annað aldurstakmark er sett, skulu haldast.
2. Lögræði. Þó gildir lögræðiskrafan ekki þegar undanþága er gerð skv. 1. tölul.
3. Nauðsynleg heilbrigði, andleg og líkamleg, til þess að gegna þeim starfa sem hverju sinni er um að ræða.

4. Íslenskur ríkisborgararéttur. Þó má ráða ríkisborgara frá öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins til starfa með sömu kjörum og íslenska ríkisborgara. Einnig má víkja frá þessu ákvæði þegar um er að ræða aðra erlenda ríkisborgara ef sérstaklega stendur á.
5. Almenn menntun og þar að auki sú sérmenntun sem lögum samkvæmt er krafist eða eðli málsins samkvæmt verður að heimta til óaðfinnanlegrar rækslu starfans.
6. Fjárforræði, ef starfi fylgja fjárreiður, svo sem gjaldkera- eða innheimtustörf, eða ef svo er fyrir mælt í lögum eða sérstök ástæða þykir til að gera þá kröfu.

Nú hefur umsækjandi um starf hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, og telst hann þá ekki fullnægja starfsskilyrðum.

Konur og karlar hafa jafnan rétt til opinberra starfa og til sömu launa fyrir sambærileg störf.

7. gr.

Laust embætti skal auglýsa í Lögbirtingablaði og skal umsóknarfrestur ekki vera skemmri en tvær vikur frá útgáfudegi blaðsins. Þó er heimilt að skipa mann eða setja í embætti skv. 2. mgr. 23. gr. eða 24. gr. eða flytja hann til í embætti skv. 36. gr. án þess að embættið sé auglýst laust til umsóknar.

Önnur störf skulu auglýst opinberlega samkvæmt reglum sem settar skulu af fjármálaráðherra. Forstöðumanni stofnunar er heimilt að setja sérreglur um það hvernig auglýsa skuli störf hjá stofnuninni, enda sé það gert opinberlega og reglurnar hljóti staðfestingu fjármálaráðherra. Í reglum samkvæmt þessari málsgrein má mæla svo fyrir að störf þar sem ekki er krafist tiltekinnar sérmenntunar eða sérhæfingar þurfi ekki að auglýsa opinberlega.

Skylt er, sé þess óskað, að veita almenningi aðgang að upplýsingum um nöfn og starfsheiti umsækjenda þegar umsóknarfrestur er liðinn.

III. KAFLI
Réttindi.

8. gr.

Veita skal starfsmanni upplýsingar um skipunar- eða ráðningarkjör þegar hann er skipaður eða ráðinn til starfa. Fjármálaráðherra skal setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Hver sá er starf veitir getur sett starfsmanni erindisbréf, enda skal að jafnaði setja starfsmanni slík fyrirmæli ef hann óskar þess, hvort sem það varðar starf hans almennt eða einstaka grein þess eða greinar.

9. gr.

Starfsmenn eiga rétt á launum fyrir störf sín samkvæmt ákvörðun Kjaradóms eða kjaranefndar, sbr. 39. gr., eða samkvæmt kjarasamningum, sbr. 47. gr.

Forstöðumenn stofnana geta ákveðið að greiða einstökum starfsmönnum, öðrum en embættismönnum, laun til viðbótar grunnlaunum, sem samið er um skv. 1. mgr., vegna sérstakrar hæfni er nýtist í starfi eða sérstaks álags í starfi, svo og fyrir árangur í starfi. Þessum ákvörðunum má breyta hvenær sem er, en sé breytingin starfsmanni í óhag tekur hún ekki gildi fyrr en að liðnum uppsagnarfresti þess starfsmanns sem hún varðar, sbr. 46. gr.

Ákvarðanir forstöðumanna skv. 2. mgr. skulu fara eftir reglum sem fjármálaráðherra setur þar sem meðal annars skal kveðið á um það að karlar og konur hafi sömu möguleika á að fá viðbótarlaun. Fjármálaráðherra hefur eftirlit með framkvæmd þessara reglna. Þar á meðal getur hann að eigin frumkvæði breytt ákvörðunum um viðbótarlaun ef þær brjóta í bága við reglurnar og afnumið heimild einstakra forstöðumanna til að ákvarða starfsmönnum viðbótarlaun ef rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunar er ekki í samræmi við fjárlög.

10. gr.

Föst laun skulu greidd eftir á fyrsta virkan dag hvers mánaðar. Með hugtakinu „föst laun“ er í þessum lögum átt við föst laun fyrir dagvinnu án viðbótarlauna skv. 2. mgr. 9. gr.

Nú tekur maður við starfi eftir fyrsta dag mánaðar, og fær hann þá laun í réttu hlutfalli við tölu þeirra daga sem eftir eru af þeim mánuði.

11. gr.

Starfsmenn skulu eiga rétt á orlofi eftir því sem fyrir er mælt í lögum og, eftir atvikum, ákveðið eða um samið með sama hætti og laun, sbr. 1. mgr. 9. gr.

Forstöðumaður stofnunar ákveður í samráði við starfsmenn hvenær þeir taki orlof.

Skylt er starfsmanni að taka orlof.

12. gr.

Starfsmenn skulu eiga rétt til launa í veikindaforföllum og fæðingarorlofi eftir því sem fyrir er mælt í lögum og, eftir atvikum, ákveðið eða um samið með sama hætti og laun, sbr. 1. mgr. 9. gr.

13. gr.

Starfsmenn eiga rétt á sveigjanlegum vinnutíma. Ber forstöðumanni stofnunar að verða við óskum starfsmanna þess efnis eftir því sem unnt er, sbr. 1. mgr. 17. gr., enda bitni slíkt ekki á þjónustu stofnunar við almenning.

Ef forstöðumaður hafnar beiðni starfsmanns skv. 1. mgr. er heimilt að bera þá ákvörðun undir hlutaðeigandi ráðherra.

IV. KAFLI
Skyldur.

14. gr.

Starfsmanni er skylt að rækja starf sitt með alúð og samviskusemi í hvívetna. Hann skal gæta kurteisi, lipurðar og réttsýni í starfi sínu. Hann skal forðast að hafast nokkuð það að í starfi sínu eða utan þess sem er honum til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á það starf eða starfsgrein er hann vinnur við.

Starfsmanni er skylt að veita þeim sem til hans leita nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar, þar á meðal að benda þeim á það, ef svo ber undir, hvert þeir skuli leita með erindi sín.

15. gr.

Skylt er starfsmanni að hlýða löglegum fyrirskipunum yfirmanna um starf sitt.

16. gr.

Starfsmenn skulu koma stundvíslega til starfa, hvort heldur er að morgni eða eftir hlé. Heimilt er að setja upp tímaskráningarkerfi til að fylgjast með því hvenær starfsmenn mæta til vinnu.

Starfsmanni, sem verið hefur frá starfi án gildra forfalla, er skylt að hlíta því að dregið sé af launum allt að tvöföldum þeim tíma sem hann var frá starfi.

17. gr.

Forstöðumaður ákveður vinnutíma þeirra starfsmanna sem starfa hjá stofnun að því marki sem lög og kjarasamningar leyfa.

Skylt er starfsmönnum að vinna yfirvinnu sem forstöðumaður telur nauðsynlega. Þó er engum starfsmanni, nema þeim er gegnir lögreglustörfum eða annarri öryggisþjónustu, skylt að vinna meiri yfirvinnu í viku hverri en nemur fimmtungi af lögmæltum vikulegum vinnutíma.

18. gr.

Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

19. gr.

Skylt er starfsmanni að hlíta breytingum á störfum sínum og verksviði frá því er hann tók við starfi. Ef breytingarnar hafa í för með sér skert launakjör starfsmanns eða réttindi skal hann þó halda óbreyttum launakjörum og réttindum þann tíma sem eftir er af skipunartíma hans í embætti eða jafnlangan tíma og réttur hans til uppsagnarfrests er samkvæmt ráðningarsamningi, sbr. 46. gr.

20. gr.

Áður en starfsmaður hyggst, samhliða starfi sínu, taka við launuðu starfi í þjónustu annars aðila, ganga í stjórn atvinnufyrirtækis eða stofna til atvinnurekstrar ber honum að skýra því stjórnvaldi, er veitti starfið, frá því. Innan tveggja vikna skal starfsmanni skýrt frá því ef áðurnefnd starfsemi telst ósamrýmanleg starfi hans og honum bannað að hafa hana með höndum. Bera má slíkt bann undir hlutaðeigandi ráðherra.

Rétt er að banna starfsmanni slíka starfsemi sem í 1. mgr. segir ef það er síðar leitt í ljós að hún megi ekki saman fara starfi hans í þjónustu ríkisins.

21. gr.

Ef starfsmaður hefur sýnt í starfi sínu óstundvísi eða aðra vanrækslu, óhlýðni við löglegt boð eða bann yfirmanns síns, vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi, hefur ekki náð fullnægjandi árangri í starfi, hefur verið ölvaður að starfi eða framkoma hans eða athafnir í því eða utan þess þykja að öðru leyti ósæmilegar, óhæfilegar eða ósamrýmanlegar starfinu skal forstöðumaður stofnunar veita honum skriflega áminningu. Áður skal þó gefa starfsmanni kost á að tala máli sínu ef það er unnt.

II. hluti.
Sérstök ákvæði um embættismenn.
V. KAFLI
Skipun eða setning í embætti.

22. gr.

Embættismenn teljast samkvæmt lögum þessum einvörðungu þeir starfsmenn ríkisins sem taldir eru upp hér á eftir og skipaðir eru í starf skv. 23. gr.:

1. Starfsmenn Alþingis og stofnana þess.
2. Starfsmenn skrifstofu forseta Íslands.
3. Starfsmenn Stjórnarráðs, þar með taldir starfsmenn utanríkisþjónustunnar.
4. Hæstaréttardómarar og héraðsdómarar, svo og aðrir starfsmenn Hæstaréttar og héraðsdómstóla.
5. Biskup Íslands og vígslubiskupar.
6. Ríkissaksóknari, ríkislögmaður, ríkissáttasemjari og umboðsmaður barna, svo og aðrir starfsmenn við embætti þeirra.
7. Sýslumenn og aðrir starfsmenn sýslumannsembætta, svo og rannsóknarlögreglustjóri ríkisins, lögreglustjórinn í Reykjavík og tollstjórinn í Reykjavík og aðrir starfsmenn Rannsóknarlögreglu ríkisins og lögreglustjóra- og tollstjóraembættanna.
8. Forstöðumenn stofnana og fyrirtækja ríkisins.
9. Starfsmenn Almannavarna ríkisins, Fangelsismálastofnunar og Landhelgisgæslu.
10. Þeir aðrir, sem skipaðir eru í störf af forseta Íslands samkvæmt öðrum lögum, svo og þeir er gegna störfum sem öldungis verður jafnað til embætta þeirra manna sem getið er í 1.–9. tölulið.

Fjármálaráðherra sker úr því hvaða starfsmenn falla undir 8. og 10. tölul. þessarar greinar og skal hann fyrir 1. febrúar ár hvert birta lista í Lögbirtingablaði yfir þá starfsmenn.

23. gr.

Embættismenn skulu skipaðir tímabundið, til fimm ára í senn, nema annað sé tekið fram í lögum.

Ef maður hefur verið skipaður í embætti skv. 1. mgr. skal honum tilkynnt eigi síðar en sex mánuðum áður en skipunartími hans rennur út hvort embættið verði auglýst laust til umsóknar. Sé það ekki gert framlengist skipunartími hans í embætti sjálfkrafa um fimm ár, nema hann óski eftir að láta af störfum með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 37. gr.

24. gr.

Nú fellur maður frá sem skipaður hefur verið í embætti, eða er fjarverandi um lengri tíma vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, og getur þá það stjórnvald sem veitir embættið sett annan mann til að gegna því um stundarsakir, þó aldrei lengur en í eitt ár. Sá sem settur er í embætti nýtur réttinda og ber skyldur skv. VI. og VII. kafla eftir því sem við á.

25. gr.

Nú er maður skipaður eða settur í embætti og ber þá að líta svo á að hann skuli gegna því þar til eitthvert eftirgreindra atriða kemur til:

1. að hann brýtur af sér í starfinu svo að honum beri að víkja úr því;
2. að hann fullnægir ekki lengur skilyrðum 6. gr.;
3. að hann fær lausn samkvæmt eigin beiðni, sbr. 37. gr.;
4. að hann fær lausn vegna heilsubrests, sbr. 30. gr.;
5. að hann hefur náð hámarksaldri, sbr. 33. gr.;
6. að skipunartími hans skv. 23. gr. er runninn út, nema ákvæði 2. mgr. eigi við;
7. að setningartími hans skv. 24. gr. er runninn út;
8. að hann flyst í annað embætti, sbr. 36. gr.;
9. að embættið er lagt niður, sbr. 34. gr.

VI. KAFLI
Lausn frá embætti.

26. gr.

Stjórnvald er skipar í embætti veitir og lausn frá því um stundarsakir.

Rétt er að veita embættismanni lausn um stundarsakir ef hann hefur sýnt í starfi sínu óstundvísi eða aðra vanrækslu, óhlýðni við löglegt boð eða bann yfirmanns síns, vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi, hefur ekki náð fullnægjandi árangri í starfi, sbr. meðal annars 38. gr., hefur verið ölvaður að starfi eða framkoma hans eða athafnir í því eða utan þess þykja að öðru leyti ósæmilegar, óhæfilegar eða ósamrýmanlegar því embætti sem hann gegnir.

Nú hefur embættismaður fjárreiður eða bókhald með höndum og má þá veita honum lausn um stundarsakir ef ætla má eða víst þykir að óreiða sé á bókhaldi eða fjárreiðum, bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta eða hann leitar nauðasamninga. Sama er ef embættismaður er grunaður um háttsemi sem hefði í för með sér sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga.

Lausn um stundarsakir skal jafnan vera skrifleg með tilgreindum ástæðum. Ef embættismanni er veitt lausn um stundarsakir af ástæðum sem greindar eru í 2. mgr. er skylt að veita honum áminningu skv. 21. gr. og gefa honum færi á að bæta ráð sitt áður en honum er veitt lausn. Annars er ekki skylt að gefa honum kost á að tjá sig um ástæður lausnar áður en hún tekur gildi.

Ef embættismaður óskar skal rökstyðja ákvörðun um lausn um stundarsakir. Ef annað stjórnvald en ráðherra hefur tekið þá ákvörðun má bera hana undir hlutaðeigandi ráðherra.

27. gr.

Nú hefur embættismanni verið veitt lausn um stundarsakir fyrir meintar misfellur í starfi og skal mál hans þá þegar rannsakað af nefnd sérfróðra manna svo að upplýst verði hvort rétt er að veita honum lausn að fullu eða láta hann taka aftur við embætti sínu. Stjórnvaldi eða starfsmanni er þó ætíð heimilt að vísa máli til rannsóknar að hætti opinberra mála.

Í nefnd, sem rannsaka skal mál embættismanns skv. 1. mgr., skulu eiga sæti þrír menn, sérfróðir um stjórnsýslu. Fjármálaráðherra skipar nefndina, þar af formann hennar og varamann hans til fjögurra ára í senn. Aðrir nefndarmenn taka sæti í nefndinni í hvert sinn og skal annar þeirra tilnefndur af þeim ráðherra sem í hlut á en hinn af samtökum ríkisstarfsmanna sameiginlega. Ef samtökin koma sér ekki saman skal fjármálaráðherra skipa nefndarmanninn án tilnefningar. Nefndin skal láta í ljós rökstutt álit á því hvort rétt hafi verið að víkja embættismanni frá störfum um stundarsakir.

28. gr.

Meðan lausn um stundarsakir stendur nýtur embættismaður helmings af föstum launum sem embætti hans fylgja. Embættishúsnæði og jarðnæði, ef um er að ræða, heldur hann, enda komi þau fríðindi til reiknings samkvæmt mati í þeim launum er hann fær.

Nú tekur sá aftur við embætti sínu sem lausn hefur fengið um stundarsakir og skal hann þá fá greiddan þann helming hinna föstu launa er hann hefur verið sviptur og skal auk þess líta svo á um starfsaldur sem hann hafi gegnt starfanum óslitið.

29. gr.

Embættismanni skal víkja úr embætti að fullu ef hann hefur verið sviptur með fullnaðardómi rétti til að gegna því embætti. Nú hefur starfsmaður verið sviptur þeim rétti með dómi í héraði, og skal þá í þeim dómi kveða á um hvort það ákvæði hans skuli þegar koma til framkvæmdar eða fresta því þar til ráðið verður hvort honum skuli skjóta til æðra dóms eða þar til úrlausn æðra dóms er fengin.

Embættismanni skal víkja úr embætti að fullu ef meiri hluti nefndar skv. 27. gr. kemst að þeirri niðurstöðu að rétt hafi verið að víkja honum frá störfum um stundarsakir.

Embættismanni skal og víkja úr embætti að fullu, án fyrirvara, ef hann hefur játað að hafa gerst sekur um refsiverða háttsemi sem ætla má að hefði í för með sér sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga.

30. gr.

Ef embættismaður hefur verið frá störfum vegna sjúkdóma eða slysa samfellt í eitt ár eða sem svarar 1/18 af samfelldum starfstíma hans hjá ríkinu, ef sá tími er lengri en eitt ár, skal veita honum lausn frá störfum vegna heilsubrests. Þetta gildir þó ekki ef læknir vottar að líkur séu til fulls bata innan næstu þriggja mánaða, enda sé honum þá veitt lausn að liðnum þessum þremur mánuðum ef hann er enn óvinnufær.

Ef embættismaður veikist og læknir vottar að heilsu hans sé svo farið að ekki þyki gerlegt að láta hann starfa lengur er heimilt að veita honum lausn frá störfum vegna heilsubrests þegar launagreiðslum vegna veikinda lýkur, en þeirri ákvörðun má skjóta til hlutaðeigandi ráðherra.

Ef embættismaður er leystur frá störfum samkvæmt þessari grein skal hann halda óbreyttum launakjörum í þrjá mánuði. Sama regla gildir um greiðslu til maka látins embættismanns.

31. gr.

Stjórnvald er skipar mann í embætti veitir og lausn frá því, nema öðruvísi sé sérstaklega fyrir mælt í lögum. Lausn skal veita skriflega og jafnan greindar orsakir, svo sem vegna heilsubrests, tiltekinna ávirðinga o.s.frv. Í lausnarbréfi skal jafnan kveðið á um frá hvaða degi embættismaður skuli lausn taka og með hvaða kjörum, svo sem um eftirlaun, sé um þau að ræða, lífeyri, hvenær embættismaðurinn skuli sleppa íbúð, jarðnæði o.s.frv., eftir því sem við á.

Embættismanni, sem víkja skal úr embætti, skal veittur kostur á að tala máli sínu áður en ákvörðun er tekin, ef þess er kostur.

32. gr.

Rétt er þeim er vikið er úr embætti að bera málið undir úrlausn dómstóla.

Nú er embættismissir dæmdur óréttmætur og fer þá um bætur til aðila eftir úrskurði dómstóla, nema hlutaðeigendur hafi komið sér saman um annað. Þegar bætur eru metnar skal hafa til hliðsjónar ástæður embættismanns, svo sem aldur og atvinnumöguleika, svo og fram komnar málsbætur þess stjórnvalds sem leysti hann frá embætti.

33. gr.

Embættismanni skal veita lausn frá og með næstu mánaðamótum eftir að hann nær 70 ára aldri.

Sé maður orðinn 65 ára, þegar hann er skipaður tímabundið í embætti skv. 23. gr., skal skipunartími hans miðaður við að hann láti af störfum frá og með næstu mánaðamótum eftir að hann nær 70 ára að aldri.

34. gr.

Nú er embætti lagt niður og skal þá embættismaður jafnan fá föst laun, er embættinu fylgdu, greidd í sex mánuði frá því að hann lét af starfi, ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en 15 ár, en ella í tólf mánuði, enda hafi hann þá ekki hafnað öðru sambærilegu starfi, óháð því hvort það er á vegum ríkisins eða annars aðila.

Nú tekur maður, er launagreiðslna nýtur skv. 1. mgr., við starfi í þjónustu ríkisins eða annars aðila áður en liðinn er sex eða tólf mánaða tíminn, og skulu þá launagreiðslur samkvæmt þessari grein falla niður ef laun þau er nýja starfinu fylgja eru jöfn eða hærri en þau er hann naut í fyrra embætti. Ef launin í nýja starfinu eru lægri skal greiða honum launamismuninn til loka sex eða tólf mánaða tímabilsins.

35. gr.

Nú er maður, sem skipaður hefur verið tímabundið í embætti skv. 23. gr., ekki skipaður að nýju í embættið, og skal hann þá fá föst laun, er embættinu fylgdu, greidd í þrjá mánuði frá því að hann lét af starfi ef hann hefur gegnt embættinu skemur en 15 ár, en ella í sex mánuði, enda hafi hann þá ekki hafnað öðru sambærilegu starfi, óháð því hvort það er á vegum ríkisins eða annars aðila.

Nú tekur maður, er launagreiðslna nýtur skv. 1. mgr., við starfi í þjónustu ríkisins eða annars aðila áður en liðinn er þriggja eða sex mánaða tíminn, og skulu þá launagreiðslur samkvæmt þessari grein falla niður ef laun er nýja starfinu fylgja eru jöfn eða hærri en þau er hann naut í fyrra embætti. Ef launin í nýja starfinu eru lægri skal greiða honum launamismuninn til loka þriggja eða sex mánaða tímabilsins.

Á meðan maður nýtur launa skv. 1. mgr. er honum skylt að starfa áfram, sé þess óskað, og veita eftirmanni sínum aðstoð svo að sem minnst röskun verði á starfsemi þeirri sem hann hafði með höndum.

36. gr.

Stjórnvald, sem skipað hefur mann í embætti, getur flutt hann úr einu embætti í annað, enda heyri bæði embættin undir það. Enn fremur getur stjórnvald, sem skipað hefur mann í embætti, samþykkt að hann flytjist í annað embætti er lýtur öðru stjórnvaldi, enda óski það stjórnvald eftir því.

Flytjist maður í annað embætti skv. 1. mgr., sem er lægra launað en fyrra embættið, skal greiða honum launamismuninn þann tíma sem eftir er af skipunartíma hans í fyrra embættinu.

37. gr.

Nú vill embættismaður biðjast lausnar, og skal hann þá gera það skriflega og með þriggja mánaða fyrirvara, nema ófyrirsjáanleg atvik hafi gert hann ófæran um að gegna embættinu eða stjórnvald, sem lausn á að veita, samþykki skemmri frest.

Skylt er að veita lausn ef hennar er löglega beiðst. Þó er óskylt að veita lausn frá þeim tíma sem beiðst er ef svo margir leita lausnar samtímis eða um líkt leyti í sömu starfsgrein að til auðnar um starfrækslu þar mundi horfa ef beiðni hvers um sig væri veitt. Getur stjórnvald þá áskilið lengri uppsagnarfrest, allt að sex mánuðum, en á meðan heldur embættismaðurinn óbreyttum launakjörum og réttindum.

VII. KAFLI
Sérstakar skyldur.

38. gr.

Ráðherra setur sérhverjum forstöðumanni stofnunar erindisbréf þar sem tilgreind skulu helstu markmið í rekstri stofnunar og verkefni hennar, bæði til lengri og skemmri tíma litið.

Forstöðumaður ber ábyrgð á að stofnun, sem hann stýrir, starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf skv. 1. mgr. Forstöðumaður ber og ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunarinnar sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt. Ef útgjöld fara fram úr fjárlagaheimildum, verkefnum stofnunar er ekki sinnt sem skyldi eða þjónusta hennar telst óviðunandi getur ráðherra veitt forstöðumanni áminningu skv. 21. gr. eða veitt honum lausn frá embætti skv. VI. kafla ef hann hefur gerst sekur um ítrekaða eða stórfellda vanrækslu í starfi með þeim hætti sem að framan er lýst.

39. gr.

Laun og önnur launakjör embættismanna skulu ákveðin af Kjaradómi og kjaranefnd samkvæmt þeim lögum sem um þá úrskurðaraðila gilda. Þó skulu laun og önnur launakjör lögreglumanna, tollvarða og fangavarða fara eftir kjarasamningum sem stéttarfélög eða samtök þeirra gera við ríkið, sbr. 47. gr.

40. gr.

Embættismönnum er óheimilt að efna til, stuðla að eða taka þátt í verkfalli eða öðrum sambærilegum aðgerðum.

III. hluti.
Sérstök ákvæði um aðra starfsmenn ríkisins en embættismenn.

VIII. KAFLI
Ráðning í starf.

41. gr.

Starfsmenn ríkisins, aðrir en embættismenn, skulu ráðnir til starfa ótímabundið með gagnkvæmum uppsagnarfresti. Skal sá frestur vera þrír mánuðir að loknum reynslutíma, nema um annað sé samið í kjarasamningi.

Heimilt er að ráða starfsmann til starfa tímabundið og er unnt að taka fram í ráðningarsamningi að segja megi slíkum samningi upp af hálfu annars hvors aðila áður en ráðning fellur sjálfkrafa úr gildi við lok samningstíma. Tímabundin ráðning skal þó aldrei vara samfellt lengur en í tvö ár.

42. gr.

Gerður skal skriflegur ráðningarsamningur milli forstöðumanns stofnunar og starfsmanns þar sem meðal annars komi fram ráðningarkjör.

Fjármálaráðherra skal setja reglur um form ráðningarsamninga skv. 1. mgr.

IX. KAFLI
Starfslok.

43. gr.

Forstöðumaður stofnunar hefur rétt til að segja starfsmanni upp störfum eftir því sem fyrir er mælt í ráðningarsamningi. Ráðning starfsmanns, sem ráðinn er tímabundið skv. 2. mgr. 41. gr., fellur úr gildi við lok samningstíma án uppsagnar.

Starfsmanni skal þó jafnan segja upp störfum frá og með næstu mánaðamótum eftir að hann nær 70 ára aldri.

44. gr.

Skylt er að veita starfsmanni áminningu skv. 21. gr. og gefa honum færi á að bæta ráð sitt áður en honum er sagt upp störfum ef uppsögn á rætur að rekja til ástæðna sem þar eru greindar. Annars er ekki skylt að gefa starfsmanni kost á að tjá sig um ástæður uppsagnar áður en hún tekur gildi, þar á meðal ef uppsögn stafar af öðrum ástæðum, svo sem þeirri að verið sé að fækka starfsmönnum vegna hagræðingar í rekstri stofnunar.

Ef starfsmaður óskar skal rökstyðja uppsögn skriflega. Ef hún á rætur að rekja til ástæðna sem greindar eru í 21. gr. má bera hana undir hlutaðeigandi ráðherra.

45. gr.

Starfsmanni skal víkja úr starfi fyrirvaralaust ef hann hefur verið sviptur með fullnaðardómi rétti til að gegna því starfi. Nú hefur starfsmaður verið sviptur þeim rétti með dómi í héraði, og skal þá í þeim dómi kveða á um hvort það ákvæði hans skuli þegar koma til framkvæmdar eða fresta því þar til ráðið verður hvort honum skuli skjóta til æðra dóms eða þar til úrlausn æðra dóms er fengin.

Starfsmanni skal og víkja úr starfi fyrirvaralaust ef hann hefur játað að hafa gerst sekur um refsiverða háttsemi sem ætla má að hefði í för með sér sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga.

46. gr.

Starfsmaður hefur rétt til að segja upp störfum eftir því sem fyrir er mælt í ráðningarsamningi.

Þó er forstöðumanni stofnunar heimilt að lengja uppsagnarfrest í allt að sex mánuði ef svo margir leita lausnar samtímis eða um líkt leyti hjá stofnun að til auðnar um starfrækslu þar mundi horfa ef beiðni hvers um sig væri veitt. Á meðan heldur starfsmaðurinn óbreyttum launakjörum og réttindum, þar á meðal viðbótarlaunum skv. 2. mgr. 9. gr.

X. KAFLI
Sérstök réttindi.

47. gr.

Stéttarfélög eða samtök þeirra gera kjarasamninga við ríkið um laun félagsmanna sinna og launakjör eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum.

Nú kýs starfsmaður að standa utan stéttarfélaga og skal hann þá njóta sömu launa og launakjara og samið hefur verið um í kjarasamningum fyrir sambærileg störf. Sé ekki um það að ræða skal fjármálaráðherra ákveða laun og launakjör þeirra starfsmanna sem standa utan stéttarfélaga.

48. gr.

Stéttarfélagi er heimilt að gera verkfall hjá ríkinu í þeim tilgangi að stuðla að framgangi krafna sinna í deilu um kjarasamning með þeim skilyrðum og takmörkunum sem sett eru í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, lögum um stéttarfélög og vinnudeilur og öðrum lögum.

IV. hluti.
Önnur ákvæði.

XI. KAFLI
Ýmis sérákvæði.

49. gr.

Ákvörðunum stjórnvalda samkvæmt lögum þessum verður ekki skotið til æðri stjórnvalda, nema öðruvísi sé fyrir mælt í einstökum ákvæðum laganna.

50. gr.

Forstöðumenn geta framselt vald, sem þeim er veitt í þessum lögum, til annarra stjórnenda í stofnun, enda sé það gert skriflega og tilkynnt starfsmönnum stofnunar.

Forstöðumenn ríkisfyrirtækja njóta í hvívetna sömu réttarstöðu og forstöðumenn stofnana samkvæmt lögum þessum þótt það sé ekki sérstaklega tekið fram.

51. gr.

Forseti Alþingis er í fyrirsvari gagnvart starfsmönnum þingsins og tekur ákvarðanir um réttindi þeirra og skyldur á sama hátt og ráðherra og forstöðumenn stofnana samkvæmt lögum þessum. Forseti Alþingis fer með það vald gagnvart starfsmönnum þingsins sem fjármálaráðherra er fengið í 3. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 27. gr.

Ráðuneytisstjórar eru í fyrirsvari gagnvart starfsmönnum ráðuneyta og taka ákvarðanir um réttindi þeirra og skyldur á sama hátt og forstöðumenn stofnana skv. 9., 11., 13., 17. og 21. gr. Skrifstofustjóri Alþingis er á sama hátt í fyrirsvari gagnvart starfsmönnum þingsins, svo og ríkisendurskoðandi og umboðsmaður Alþingis gagnvart starfsmönnum sínum.

52. gr.

Við samningu stjórnvaldsfyrirmæla samkvæmt lögum þessum, annarra en verklagsreglna, svo og við endurskoðun þeirra, skal jafnan gefa Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bandalagi háskólamanna og Alþýðusambandi Íslands kost á að fylgjast með og fjalla fyrir hönd félaga sinna um ágreiningsatriði þau sem upp kunna að koma.

53. gr.

Brot á 40. gr. varða fésektum, nema mælt sé fyrir um þyngri refsingu í öðrum lögum.

XII. KAFLI
Gildistaka og lagaskil.

54. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1996.

55. gr.

Við gildistöku laganna falla brott eftirgreind lög og ákvæði laga:

1. Lög nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
2. Lög nr. 27/1935, um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna.
3. Lög nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana.

56. gr.

Við gildistöku laganna breytast eftirtalin ákvæði laga sem hér segir:

1. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, orðast svo:

Ákvæði laganna taka ekki til:

1. Þeirra embættismanna sem heyra undir lög um Kjaradóm og kjaranefnd.
2. Starfsmanna ríkisbanka eða lánastofnana ríkisins.
3. Starfsmanna stofnana og fyrirtækja ríkis og sveitarfélaga þegar kaup þeirra og kjör fara eftir kjarasamningum stéttarfélaga þeirra og vinnuveitenda, sbr. lög nr. 80/1938 og lög nr. 19/1979.
4. Þeirra sem skipa samninganefndir ríkis og sveitarfélaga.
5. Þeirra starfsmanna sveitarfélaga sem getið er í 3.–5. tölul. 19. gr. þessara laga og eru utan samningsumboðs stéttarfélags samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar sem ákveður þeim starfskjör án samnings.

1. mgr. 19. gr. sömu laga orðast svo:

Heimild til verkfalls skv. 14. gr. nær eigi til eftirtalinna starfsmanna:

1. Þeirra embættismanna sem heyra undir lög um Kjaradóm og kjaranefnd.
2. Starfsmanna Alþingis og stofnana þess, svo og starfsmanna á skrifstofu forseta Íslands og í Stjórnarráði, þar með talinna starfsmanna utanríkisþjónustunnar.
3. Starfsmanna Hæstaréttar og héraðsdómstóla.
4. Starfsmanna við embætti ríkissaksóknara, ríkislögmanns, ríkissáttasemjara og umboðsmanns barna.
5. Þeirra sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu.
6. Framkvæmdastjóra sveitarfélaga, borgar- og bæjarlögmanna, borgar- og bæjarritara, borgar- og bæjarverkfræðinga, skrifstofustjóra borgarstjórnar og starfsmanna launadeilda.
7. Forstöðumanna stærri atvinnu- og þjónustustofnana sveitarfélaga og staðgengla þeirra.
8. Annarra þeirra er gegna störfum sem öldungis verður jafnað til þeirra starfa sem getið er í 6. og 7. tölul.

Í 2. mgr. 19. gr. sömu laga falla brott orðin „3.–6. tölul.“, en í staðinn kemur: 5.–8. tölul.

2. 2. gr. laga nr. 120/1992 um Kjaradóm og kjaranefnd orðast svo:

Kjaradómur ákvarðar laun forseta Íslands skv. 1. gr. laga nr. 10/1990, um laun forseta Íslands, þingfararkaup og önnur starfskjör alþingismanna samkvæmt lögum nr. 88/1995, um þingfararkaup alþingismanna, svo og laun og starfskjör ráðherra.

3. mgr. 6. gr. sömu laga orðast svo:

Enn fremur skal Kjaradómur hafa hliðsjón af þeim hlunnindum og réttindum sem tengjast embætti og launum, svo sem lífeyrisréttindum.

2. mgr. 8. gr. sömu laga orðast svo:

Kjaranefnd ákveður laun og starfskjör embættismanna, sbr. ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

9. gr. sömu laga falla brott. Greinatala breytist samkvæmt þessu.

Við 3. mgr. 11. gr. (áður 3. mgr. 12. gr.) sömu laga bætist: Þá getur hún við ákvörðun sína tekið tillit til sérstakrar hæfni er nýtist í starfi og sérstaks álags sem starfinu fylgir.

Ákvæði til bráðabirgða.

Starfsmenn ríkisins, sem fá laun greidd fyrir fram við gildistöku laga þessara, halda þeim rétti þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 10. gr. laga þessara.

Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. laganna skulu reglugerðir nr. 410/1989, um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins, og nr. 411/1989, um veikindaforföll starfsmanna ríkisins, gilda um starfsmenn ríkisins, sem skipaðir hafa verið eða ráðnir í þjónustu ríkisins fyrir gildistöku laga þessara og fallið hafa undir lög nr. 38/1954, uns laun í veikindaforföllum og fæðingarorlofi hafa verið ákveðin eða um þau samið, sbr. 1. mgr. 9. gr. Sama á við um þá sem ráðnir verða í sömu eða sambærileg störf á þessu tímabili á grundvelli þessara laga. Þar til um annað hefur verið samið gilda enn fremur ákvæði 21. gr. laga nr. 38/1954 um umrædda starfsmenn, þó ekki embættismenn skv. 22. gr. laga þessara.

Um starfslok þeirra starfsmanna ríkisins, sem skipaðir hafa verið eða ráðnir í störf ótímabundið fyrir gildistöku laga þessara, án gagnkvæms uppsagnarfrests, gilda ákvæði 25. gr. og VI. kafla laga þessara eftir því sem við á, sbr. þó 4. mgr.

Þegar í hlut eiga þeir starfsmenn ríkisins, sem 3. mgr. tekur til og ekki teljast embættismenn skv. 22. gr. laga þessara, gilda ákvæði í kjarasamningum um lausn frá störfum vegna heilsubrests í stað 30. gr. laganna.

Sé starf lagt niður á starfsmaður, sem skipaður hefur verið eða ráðinn í þjónustu ríkisins fyrir gildistöku laga þessara og fallið hefur undir lög nr. 38/1954, en telst ekki embættismaður skv. 22. gr. laga þessara, rétt til bóta er nemi föstum launum í sex mánuði, ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en í 15 ár, en ella í tólf mánuði. Að öðru leyti gilda um bótarétt og bótafjárhæð ákvæði 34. gr.

Ef starf hefur verið lagt niður fyrir gildistöku laga þessara halda þeir starfsmenn, sem starfinu gegndu og féllu undir lög nr. 38/1954, forgangsrétti til starfa skv. 2. og 3. mgr. 14. gr. þeirra laga í fimm ár frá því að starfið var lagt niður.

974. Frumvarp til laga [524. mál]

um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

3. mgr. 24. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar sjö manna svæðisráð sjúkrahúsanna í Reykjavík og á Reykjanesi; Ríkisspítala, Sjúkrahúss Reykjavíkur, Sjúkrahúss Suðurnesja, Reykjanesbæ, og St. Jósefsspítala, Hafnarfirði. Í ráðinu eiga sæti formenn stjórna fyrrgreindra fjögurra sjúkrahúsa og tveir fulltrúar, auk formanns sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar, án tilnefningar, til jafnlengdar starfstíma ráðherra. Hlutverk ráðsins er að gera tillögur um mótun framtíðarstefnu áðurnefndra sjúkrahúsa, flokkun þeirra og starfssvið og þróunar- og fjárfestingaráætlanir og stuðla þannig að sem hagkvæmastri verkaskiptingu þeirra, m.a. með auknu samstarfi. Ráðherra getur falið ráðinu framkvæmd einstakra verkefna á sviði öldrunar og endurhæfingar, samninga við starfsfólk og samræmingu starfsmannastefnu. Jafnframt getur ráðherra falið ráðinu rekstur þjónustukjarna sérfræðinga á einstökum lækningasviðum. Svæðisráð skal fylgjast með að gætt sé fyllstu hagkvæmni í rekstri sjúkrahúsanna og að þau starfi í samræmi við fjárveitingar og þær áætlanir sem gerðar hafa verið. Svæðisráðið skal taka við þeim verkefnum sem heilbrigðismálaráð Reykjavíkurlæknishéraðs og Reykjaneslæknishéraðs hafa haft með höndum og snerta þessi sjúkrahús, sbr. 7. gr. Ráðið ræður sér framkvæmdastjóra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samstarfsráð sjúkrahúsanna í Reykjavík var stofnað með lögum nr. 128/1990, um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990. Í því eiga m.a. sæti fulltrúar tilnefndir af Borgarspítala og St. Jósefsspítala, Landakoti. Nú hafa þessir spítalar verið sameinaðir undir heitinu Sjúkrahús Reykjavíkur og er því óhjákvæmilegt að breyta núgildandi ákvæði um samstarfsráð sjúkrahúsa í Reykjavík. Þá skilaði nefnd sem skipuð var af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um aukna samvinnu og verkaskiptingu sjúkrahúsanna í Reykjavík og á Reykjanesi áliti sínu 18. mars 1996. Þar koma fram ýmsar tillögur sem gera ráð fyrir aukinni samvinnu sjúkrahúsanna í Reykjavík og á Reykjanesi, þ.e. Ríkisspítala, Sjúkrahúss Reykjavíkur, Sjúkrahúss Suðurnesja, Reykjanesbæ, og St. Jósefsspítala, Hafnarfirði. M.a. er gert ráð fyrir nánu samstarfi í ákveðnum verkefnum, t.d. á sviði öldrunar- og endurhæfingarlækninga, og jafnvel tilfærslu verkefna milli sjúkrahúsa. Þá er lagt til að stofnaðir verði svonefndir þjónustukjarnar eða kjarnahópar sérgreinalækna er starfi að sínum sérgreinum án tillits til sjúkrahússveggja. Þeir vinni t.d. að bæklunarlækningum á því sjúkrahúsi sem hagkvæmast er og auki þannig sérhæfingu og hagræðingu og tryggi betri nýtingu á skurðstofuaðstöðu og mannafla.

Mikilvægt er að koma á mjög nánu samstarfi stjórnenda áðurnefndra sjúkrahúsa til að unnt verði að hrinda fyrrgreindum tillögum í framkvæmd.

Því er lagt til að í stað samstarfsráðs sjúkrahúsanna í Reykjavík komi svæðisráð sjúkrahúsanna í Reykjavík og á Reykjanesi. Gert er ráð fyrir að formenn stjórna Sjúkrahúss Suðurnesja og formaður stjórnar St. Jósefsspítala, Hafnarfirði, taki sæti í ráðinu, auk fomanns stjórnarnefndar Ríkisspítala. Vegna sameiningar Borgarspítala og St. Jósefsspítala, Landakoti, er gert ráð fyrir að formaður stjórnar Sjúkrahúss Reykjavíkur komi í stað fomanna stjórna fyrrgreindra sjúkrahúsa. Í stað þess að ráðherra skipi fjóra fulltrúa, einn samkvæmt tilnefningu stjórnarnefndar Ríkisspítala, einn samkvæmt tilnefningu borgarstjórnar Reykjavíkur og tvo án tilnefningar er nú gert ráð fyrir að ráðherra skipi þrjá fulltrúa án tilnefningar og sé einn þeirra formaður ráðsins. Þannig verða fulltrúar sjúkrahúsanna fjórir, en gert er ráð fyrir að þrír verði skipaðir af ráðherra án tilnefningar. Þá er gert ráð fyrir að ráðherra skipi formann í stað þess að hann sé kosinn af ráðinu eins og nú er. Í samræmi við tillögur nefndarinnar er gert ráð fyrir að ráðherra sé heimilt að fela ráðinu framkvæmd einstakra verkefna, svo sem á sviði öldrunar og endurhæfingar, og starfrækslu svonefndra þjónustukjarna. Loks er gert ráð fyrir að ráðinn verði framkvæmdastjóri ráðsins, enda er hér um mjög viðamikil og mikilvæg verkefni að ræða sem ekki er hægt að gera ráð fyrir að ráðsmenn geti annað samhliða öðrum störfum sínum.

975. Svar [513. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um þungaskatt af almenningsvögnum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hverju nam álagning þungaskatts á almenningsvagna árið 1995?

Á árinu 1995 nam heildarálagning þungaskatts á almenningsvagna u.þ.b. 27 millj. kr. Álagningin hefði hins vegar verið u.þ.b. 90 millj. kr. ef ekki væri veittur 70% afsláttur af þungaskatti á akstur almenningsvagna. Samkvæmt lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, er ráðherra heimilt að ákveða að þungaskattur sé 70% lægri af akstri almenningsvagna en af öðrum bifreiðum. Í reglugerð nr. 593/1987, um þungaskatt, er þessi heimild útfærð en samkvæmt henni skal greiða 30% gjald af almenningsvögnum vegna aksturs í áætlunarferðum. Af ökutækjum, sem eru notuð bæði í hópferðaakstur og almenningsakstur, eru endurgreidd 70% þess hluta þungaskatts sem greiddur er vegna aksturs almenningsvagna. Álagningin skiptist því þannig að almenningsvagnar sem greiða 30% þungaskatt greiddu um 25 millj. kr. Þungaskattur sem aðrir greiddu að frádregnum endurgreiðslum var um 2 millj. kr. Af framansögðu má sjá að afsláttur af þungaskatti vegna aksturs almenningsvagna á árinu 1995 nam um 63 millj. kr.

976. Svar [438. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um kostnað ríkissjóðs af gjaldþrotum einstaklinga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver var kostnaður ríkissjóðs af gjaldþrotabeiðnum vegna einstaklinga á árunum 1992–95?*
2. *Fékk ríkissjóður greitt upp í kröfur sínar í þessum gjaldþrotum?*

Fjármálaráðuneytið hefur nýlega látið gera skýrslu um úttekt á afskrifuðum skattskuldum. Á bls. 16 í skýrslunni koma fram upplýsingar um skiptakostnað vegna gjaldþrotabúa þar sem eignir dugðu ekki fyrir skiptakostnaði. Samkvæmt upplýsingum ríkisbókhalds er örðugleikum bundið að sundurliða þessar tölur eftir því hvort gerðarþolarnir eru einstaklingar eða lögaðilar. Kostnaðurinn skiptist þannig (upphæðir eru í þús. kr.):

	1992	1993	1994	1995	Samtals
Skiptakostnaður greiddur af ríkissjóði	*	*	34.366	40.750	75.116
Annar innheimtukostnaður greiddur af ríkissjóði	71.562	118.127	113.426	115.436	418.551
Innheimtukostnaður útlagður af ríkissjóði sem hefur fallið á ríkissjóð og verið afskrifaður	*	*	41.989	23.574	65.563
Samtals					**559.230**

* Upplýsingar ekki fyrirliggjandi.

Í síðari hluta fyrirspurnarinnar er óskað eftir upplýsingum um hve mikið ríkissjóður fékk úthlutað úr viðkomandi búum. Ef gjaldþrotaskiptin leiða í ljós að eignir duga ekki fyrir skiptakostnaði kemur ekkert til úthlutunar í viðkomandi búi. Framangreindar upplýsingar eiga eingöngu við þau bú þar sem skiptum lauk án þess að skiptakostnaður fengist greiddur. Úr þeim fékkst því ekkert upp í kröfur.

977. Fyrirspurn [525. mál]

til landbúnaðarráðherra um forsendur vistvænna landbúnaðarafurða.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvað veldur því að ástand bithaga er ekki ein af forsendum gæðakrafna um „vistvænar landbúnaðarafurðir“ samkvæmt reglugerð nr. 89, um sértækt gæðastýrða íslenska landbúnaðarframleiðslu, frá 29. janúar 1996?
2. Er ráðherra reiðubúinn að breyta reglugerðinni þannig að tryggt verði að afurðir eins og kindakjöt sem fær vottun um að vera vistvænt séu ekki framleiddar á ofbeittu landi?

978. Lög [254. mál]

um breyting á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34 25. mars 1991, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 15. maí.)

Samhljóða þskj. 896.

979. Lög [308. mál]

um breytingu á lögum um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands, nr. 13 30. mars 1992.

(Afgreidd frá Alþingi 15. maí.)

Samhljóða þskj. 897.

980. Frumvarp til laga [334. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr., 15. maí.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Akbashev, Abokhay Zalmanovich, handknattleiksþjálfari í Kópavogi, f. 12. júlí 1933 í Sovétríkjunum. Fær réttinn 9. september 1996.
2. Akbasheva, Olga Khaevna Ilyasova, húsmóðir í Kópavogi, f. 1. mars 1938 í Sovétríkjunum. Fær réttinn 9. september 1996.
3. Amporn, Pijitra, verslunarmaður í Bessastaðahreppi, f. 5. febrúar 1963 í Tælandi.
4. Anna Lára Sigurðardóttir, barn í Reykjavík, f. 24. október 1994 á Ísafirði.
5. Apas, Charito Canete, fiskvinnslukona í Vogum, f. 14. júlí 1969 á Filippseyjum.
6. Atanaia, Ana Maria Mota, fiskvinnslukona á Akureyri, f. 29. maí 1967 á Grænhöfðaeyjum.
7. Ágúst Daníel Haraldsson, barn á Akureyri, f. 17. apríl 1994 á Akureyri.
8. Bao The Duong, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 19. október 1962 í Víetnam. Fær réttinn 5. júlí 1996.
9. Baranska, Anna Olga, karmelnunna í Hafnarfirði, f. 10. júní 1924 í Póllandi.
10. Bargailaité, Nijolé, húsmóðir í Vogum, f. 17. mars 1966 í Litáen.
11. Benbakou, Mustapha, *pípulagningamaður* í Reykjavík, f. 27. desember 1956 í Alsír.
12. Birley, Darrin John, vélvirki á Akranesi, f. 14. desember 1963 á Nýja-Sjálandi.
13. Björnsson, Veronica Margaret, ritari í Reykjavík, f. 24. maí 1944 í Englandi.
14. Bolek, Teresa, karmelnunna í Hafnarfirði, f. 15. janúar 1959 í Póllandi.

15. Bow, Jonathan James, þjálfari í Reykjavík, f. 16. febrúar 1966 í Bandaríkjunum.
16. Bozyczko, Stanislawa, karmelnunna í Hafnarfirði, f. 26. júlí 1958 í Póllandi.
17. Browne, Mary Rebecca Deirdre, verkakona í Vestmannaeyjum, f. 21. apríl 1966 á Írlandi.
18. Bustos, Stephen Patrick, viðskiptafræðingur í Keflavík, f. 15. mars 1965 í Bandaríkjunum.
19. Cabaluna, Joyce Maria, ræstingakona í Reykjavík, f. 11. október 1966 á Filippseyjum.
20. Calcedonio, Gonzales, læknir í Reykjavík, f. 17. apríl 1955 á Ítalíu.
21. Cassata, Sigfús Blöndahl Richard, verslunarmaður í Reykjavík, f. 25. janúar 1952 í Bandaríkjunum.
22. Chamoun, Fadi, nemi í Reykjavík, f. 15. maí 1970 í Líbanon.
23. Chien Anh Phang, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 21. júlí 1967 í Víetnam. Fær réttinn 5. júlí 1996.
24. Chow, Nam-Yin Natalia, tónlistarkennari á Húsavík, f. 12. nóvember 1962 í Kína. Fær réttinn 4. júlí 1996.
25. Cisneros, Maria Bethsaida, verkakona á Akureyri, f. 30. desember 1969 á Filippseyjum.
26. Coronil, Victoria del Carmen, nemi í Reykjavík, f. 15. maí 1969 á Spáni.
27. David Charles Friðbertsson, nemi í Reykjavík, f. 11. apríl 1979 í Reykjavík.
28. David, Ishmael Roberto, nemi í Garðabæ, f. 8. apríl 1978 í Reykjavík.
29. Dubik, Alina Helena, söngkennari í Reykjavík, f. 1. ágúst 1959 í Póllandi.
30. Dubik, Zbigniew Aleksander, fiðluleikari í Reykjavík, f. 17. júlí 1959 í Póllandi.
31. Dung Thi Minh Quach, húsmóðir í Reykjavík, f. 14. apríl 1959 í Víetnam. Fær réttinn 5. júlí 1996.
32. Dyer, Paul, nemi í Reykjavík, f. 30. mars 1977 í Bretlandi.
33. Dyla, Donika, húsmóðir í Reykjavík, f. 31. október 1971 í Júgóslavíu.
34. Dyla, Enver, verkamaður í Reykjavík, f. 5. ágúst 1962 í Júgóslavíu.
35. Ermolinskaia, Liudmila Valentinovna, verkakona í Borgarnesi, f. 13. október 1956 í Sovétríkjunum.
36. Ermolinskij, Alexander Palovich, körfuknattleiksmaður í Borgarnesi, f. 11. nóvember 1959 í Sovétríkjunum.
37. Fadai, Asieh, búsett í Teheran, f. 14. apríl 1956 í Íran.
38. Fortes, Joao Da Cruz, sjómaður á Akureyri, f. 10. mars 1959 á Grænhöfðaeyjum.
39. Gould, Emma Louise, nemi í Reykjavík, f. 5. nóvember 1974 í Bretlandi.
40. Gould, Katrín Jane, nemi í Reykjavík, f. 15. ágúst 1977 í Kanada.
41. Greenfield, Heidi, félagsráðgjafi í Garðabæ, f. 4. október 1955 í Kanada. Fær réttinn 12. júlí 1996.
42. Guidice, Diana, verkakona í Reykjanesbæ, f. 27. mars 1957 í Keflavík.
43. Haddad, Walid Rezkalla, veitingamaður í Reykjavík, f. 30. mars 1965 í Líbanon.
44. Hand, Stephen Cramer, húsvörður í Reykjavík, f. 21. janúar 1970 í Keflavík.
45. Hansen, Evald Ægir, afgreiðslumaður í Mosfellsbæ, f. 7. nóvember 1972 í Reykjavík.
46. Henning, Aletta Maria, húsmóðir í Reykjavík, f. 25. apríl 1936 í Suður-Afríku.
47. Hill, Cheryl Lynn, leiðbeinandi í Reykjavík, f. 7. maí 1968 í Bandaríkjunum.

48. Hong Van Bui, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 1. janúar 1966 í Víetnam. Fær réttinn 5. júlí 1996.
49. Horne, Michelle Sonia, verkakona í Hafnarfirði, f. 2. maí 1967 í Suður-Afríku. Fær réttinn 28. september 1996.
50. Hrafnhildur Pétursdóttir, verkakona í Vogum, f. 6. apríl 1975 á Filippseyjum.
51. Idriss, Rabia Oulad, fiskvinnslukona í Reykjavík, f. 13. janúar 1966 í Marokkó. Fær réttinn 11. ágúst 1996.
52. Jamora, Cirila, iðnverkakona í Reykjavík, f. 6. júlí 1973 á Filippseyjum.
53. Jankovic, Dijana, húsmóðir í Grindavík, f. 6. apríl 1965 í Júgóslavíu.
54. Jankovic, Milan, knattspyrnuþjálfari í Grindavík, f. 27. apríl 1960 í Júgóslavíu.
55. Karitas Sumati Árnadóttir, barn í Svíþjóð, f. 26. september 1994 á Indlandi.
56. Karniewicz, Danuta Elzbieta, karmelnunna í Hafnarfirði, f. 3. janúar 1963 í Póllandi.
57. Khiansanthia, Bangon, verkakona á Ísafirði, f. 16. febrúar 1968 í Tælandi. Fær réttinn 21. maí 1996.
58. Koca, Mustafa, veitingamaður í Reykjavík, f. 5. ágúst 1954 í Tyrklandi. Fær réttinn 20. júlí 1996.
59. Kolosowska, Lidia, tónlistarkennari á Ólafsfirði, f. 28. janúar 1960 í Póllandi. Fær réttinn 1. ágúst 1996.
60. Kolosowski, Jakub, tónlistarkennari á Ólafsfirði, f. 18. september 1953 í Póllandi. Fær réttinn 1. ágúst 1996.
61. Koziol, Barbara Irena, karmelnunna í Hafnarfirði, f. 1. október 1958 í Póllandi.
62. Kregar, Nusa Mir, húsmóðir í Garðabæ, f. 27. júlí 1957 í Júgóslavíu.
63. Krouská, Andrea, nemi á Akureyri, f. 23. febrúar 1976 í Tékkóslóvakíu.
64. Krouská, Jarmila, húsmóðir á Akureyri, f. 7. febrúar 1952 í Tékkóslóvakíu.
65. Kubielas, Renata Agnieszka, húsmóðir á Egilsstöðum, f. 11. júní 1972 í Póllandi.
66. Lafleur, Jaqueline Marilyn, listakona í Sandgerði, f. 27. desember 1927 í Bandaríkjunum.
67. Lahham, Jamal Al, verkamaður í Reykjavík, f. 3. mars 1958 í Sýrlandi. Fær réttinn 17. júní 1996.
68. Lang Quang Le, atvinnulaus í Reykjavík, f. 2. september 1957 í Víetnam. Fær réttinn 5. júlí 1996.
69. Larduet, Julián Duranona, handknattleiksmaður á Akureyri, f. 8. desember 1965 á Kúbu.
70. Lefever, Samuel Currey, kennari í Kópavogi, f. 28. nóvember 1954 í Bandaríkjunum.
71. Leplat, Eve Alice Lucienne, húsmóðir í Reykjavík, f. 16. júlí 1957 í Frakklandi.
72. Libongcogon, Mimie Ruda, húsmóðir á Seyðisfirði, f. 2. júní 1962 á Filippseyjum.
73. Long Van Bui, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 5. janúar 1961 í Víetnam. Fær réttinn 5. júlí 1996.
74. Lucyk, Lidia Jaroslawa, karmelnunna í Hafnarfirði, f. 21. mars 1958 í Póllandi.
75. Luong Xuan Luu, verkamaður í Reykjavík, f. 26. desember 1966 í Víetnam. Fær réttinn 5. júlí 1996.
76. Lupinska, Wieslawa, iðnverkakona í Kópavogi, f. 28. mars 1961 í Póllandi.
77. Malashenko, Olga Ivanovna, húsmóðir í Reykjavík, f. 1. júlí 1959 í Sovétríkjunum. Fær réttinn 31. ágúst 1996.

78. Mehic, Zikret, verkamaður í Ólafsvík, f. 26. september 1964 í Júgóslavíu.
79. Micic, Goran, íþróttakennari í Kópavogi, f. 7. mars 1962 í Júgóslavíu.
80. Mlodzianowska, Bozena Jadwiga, karmelnunna í Hafnarfirði, f. 16. júní 1960 í Póllandi.
81. Mlynska, Emilia Danuta, leikskólastarfsmaður í Reykjavík, f. 7. ágúst 1957 í Póllandi.
82. Naimy, Shirin M. R., kennari í Hafnarfirði, f. 17. febrúar 1963 í Jórdaníu. Fær réttinn 28. ágúst 1996.
83. Nga Van Le, verkamaður í Reykjavík, f. 17. nóvember 1958 í Víetnam. Fær réttinn 5. júlí 1996.
84. Noaimi, Nazneen, húsmóðir í Vestmannaeyjum, f. 19. september 1961 í Jórdaníu.
85. Orongan, Hernanita Neis, húsmóðir í Reykjavík, f. 4. júní 1964 á Filippseyjum.
86. Plazas, German Antonio Bohorquez, veitingamaður í Reykjavík, f. 7. mars 1960 í Kólumbíu. Fær réttinn 7. júní 1996.
87. Purusic, Davor, öryggisvörður í Reykjavík, f. 6. júlí 1966 í Júgóslavíu.
88. Ramdin, Mukesh, hjúkrunarfræðingur í Reykjavík, f. 13. september 1963 á Máritíus.
89. Razoumeenko, Dmitrii, nemi í Reykjavík, f. 25. ágúst 1969 í Sovétríkjunum.
90. Reams, Leslie Ann, leikskólakennari í Keflavík, f. 27. júlí 1967 í Bandaríkjunum.
91. Reyes, Jacobson Velos, fiskverkamaður á Sauðárkróki, f. 6. september 1966 á Filippseyjum.
92. Ritchie, Hulda Valdimarsdóttir, ellilífeyrisþegi í Reykjavík, f. 22. desember 1917 í Hnífsdal.
93. Rossiter, Emily Mary, fiskvinnslukona á Höfn, f. 10. september 1968 á Írlandi.
94. Rowlinson, Richard John, verkamaður á Selfossi, f. 11. nóvember 1970 í Hafnarfirði. Fær réttinn 12. ágúst 1996.
95. Rutkowska, Dorota, verkakona í Bolungarvík, f. 17. ágúst 1967 í Póllandi.
96. Sabahudin, Dervic, verkamaður í Ólafsvík, f. 21. október 1966 í Júgóslavíu.
97. Saint-Amant, Thomas Newman, eftirlaunaþegi í Kópavogi, f. 9. desember 1947 í Bandaríkjunum.
98. Savic, Dusko, rafvirki í Reykjavík, f. 24. september 1959 í Júgóslavíu.
99. Seidenfaden, Rüdiger, sjónfræðingur í Reykjavík, f. 13. nóvember 1956 í Þýskalandi.
100. Shanwen, Zhao, íþróttakennari í Kópavogi, f. 20. febrúar 1948 í Kína.
101. Shefqet, Lindita Keli, leikskólastarfsmaður í Reykjavík, f. 17. maí 1964 í Albaníu. Fær réttinn 14. júní 1996.
102. Simons, Anna Maya á Heygum, nemi í Englandi, f. 6. nóvember 1979 í Bandaríkjunum.
103. Simons, Christina Herborg á Heygum, nemi í Englandi, f. 22. desember 1974 í Bandaríkjunum.
104. Sinpru, Saengduan, húsmóðir í Njarðvík, f. 5. maí 1972 í Tælandi.
105. Soares da Silva, Rita de Cassia, húsmóðir á Seltjarnarnesi, f. 5. desember 1959 í Brasilíu.
106. Srdoc, Alen, afgreiðslumaður í Keflavík, f. 6. nóvember 1975 í Júgóslavíu.
107. Stankiewicz, Krystyna, verkakona á Drangsnesi, f. 15. september 1955 í Póllandi.
108. Stephenson, Alicia Suzanne, verkakona á Ísafirði, f. 24. september 1973 á Jamaíka.

109. Sundell, Lars Thomas, rennismiður í Reykjavík, f. 23. september 1960 í Svíþjóð.
110. Theerakorn, Pornthip, verkakona í Reykjavík, f. 9. október 1948 í Tælandi.
111. Thu Thi Phang, iðnverkakona í Reykjavík, f. 7. júlí 1970 í Víetnam. Fær réttinn 5. júlí 1996.
112. Thuy Thanh Thi Ngo, iðnverkakona í Reykjavík, f. 18. september 1963 í Víetnam. Fær réttinn 5. júlí 1996.
113. Trinh Thi Nguyen, iðnverkakona í Reykjavík, f. 22. júlí 1969 í Víetnam. Fær réttinn 5. júlí 1996.
114. Truong Thi Minh Ngo, húsmóðir í Reykjavík, f. 21. desember 1970 í Víetnam. Fær réttinn 5. júlí 1996.
115. Tsai, Chia-Jung, kennari á Akureyri, f. 17. september 1968 í Tævan. Fær réttinn 9. ágúst 1996.
116. Tuong Bui Thanh, verkamaður í Reykjavík, f. 10. febrúar 1959 í Víetnam.
117. Valgerður Helga Jóhannsdóttir, nemi í Reykjavík, f. 6. janúar 1982 í Reykjavík.
118. Van Thi Nguyen, iðnverkakona í Reykjavík, f. 6. maí 1959 í Víetnam. Fær réttinn 5. júlí 1996.
119. Ventura, Bella Marilu Funez, skrifstofumaður í Eyjafjarðarsveit, f. 26. október 1963 í Hondúras.
120. Vergara, Aida Tangulamos, verkakona í Reykjavík, f. 18. október 1961 á Filippseyjum. Fær réttinn 30. apríl 1996.
121. West, Melanie, húsmóðir í Reykjavík, f. 18. júní 1968 á Norður-Írlandi.
122. Wojciechowska, Barbara, karmelnunna í Hafnarfirði, f. 28. ágúst 1957 í Póllandi.
123. Wolanczyk, Marek, iðnverkamaður í Kópavogi, f. 21. ágúst 1969 í Póllandi.
124. Wolska, Hanna, karmelnunna í Hafnarfirði, f. 19. ágúst 1963 í Póllandi.
125. Wuthitha, Komkrit, nemi í Reykjavík, f. 22. nóvember 1984 í Tælandi.
126. Wuthitha, Komson, nemi í Reykjavík, f. 24. nóvember 1982 í Tælandi.
127. Xuyen Thi Nguyen, húsmóðir í Reykjavík, f. 9. september 1965 í Víetnam. Fær réttinn 5. júlí 1996.
128. Zawadzka, Stanislawa Janina, karmelnunna í Hafnarfirði, f. 28. janúar 1950 í Póllandi.
129. Zawisza, Teresa, karmelnunna í Hafnarfirði, f. 23. júlí 1959 í Póllandi.
130. Zhai, Guo Zhen, eftirlaunaþegi í Reykjavík, f. 26. desember 1934 í Kína.
131. Zhu, Wenhòng, nemi í Reykjavík, f. 18. nóvember 1968 í Kína.
132. Zintchenko, Tatiana, aðstoðarsjúkraþjálfari í Hafnarfirði, f. 20. júlí 1972 í Sovétríkjunum.

2. gr.

Þeir sem heita nöfnum sem ekki fullnægja reglum laga um mannanöfn, nr. 37 27. mars 1991, skulu ekki öðlast íslenskt ríkisfang samkvæmt lögum þessum fyrr en fullnægt er ákvæðum 15. gr. laga um mannanöfn. Sama gildir um börn þeirra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

981. Lög [154. mál]

um tæknifrjóvgun.

(Afgreidd frá Alþingi 15. maí.)

Samhljóða þskj. 906 með þessari breytingu:

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:
Dómsmálaráðherra skal við gildistöku laga þessara skipa þriggja manna nefnd sérfróðra aðila á sviði læknisfræði, lögfræði og siðfræði til að fylgjast með framkvæmd laganna og vinna að endurskoðun þeirra. Nefndin skal hafa hliðsjón af laga- og tækniþróun á sviði tæknifrjóvgunar, m.a. með tilliti til nafnleyndar. Nefndin skal ljúka störfum innan tveggja ára frá gildistöku laganna.

982. Nefndarálit [469. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 54 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Árna Kolbeinsson, ráðuneytisstjóra í sjávarútvegsráðuneyti, og Kristján Ragnarsson og Eirík Tómasson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Þá fékk nefndin sendar umsagnir um málið frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Hafrannsóknastofnun, Íslenskum sjávarafurðum hf., Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Landssambandi smábátaeigenda, Líffræðistofnun Háskóla Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Sjómannasambandi Íslands og Vélstjórafélagi Íslands.
Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Í stað orðsins „auðlindir“ í 1. gr. komi: nytjastofna.
2. 2. málsl. 1. efnismálsgr. 4. gr. orðist svo: Sama gildir verði það mikil breyting í áhöfn fullvinnsluskips, útgerðarháttum þess eða búnaði að ástæða sé til að ætla að það hafi veruleg áhrif á vinnslu um borð í skipinu.

Nokkrar umræður urðu í nefndinni um 2. mgr. 2. gr. en þar er kveðið á um að ráðherra geti með reglugerð ákveðið að um borð í fullvinnsluskipum skuli vera sjálfvirkur tækjabúnaður sem tryggi nákvæma vigtun og skráningu innvegins afla. Slíkur búnaður hefur ekki verið fullþróaður. Nefndin leggur áherslu á að heimildin verði ekki nýtt fyrr en fullnægjandi tækjabúnaður verður til staðar sem unnt er að koma fyrir um borð í skipunum án umtalsverðs kostnaðar og þannig að hann nýtist eðlilega í vinnslurás þeirra. Að lokum vill nefndin benda á að ekki er gert ráð fyrir að smábátar teljist til fullvinnsluskipa í skilningi laganna, sbr. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 304/1992.

Ágúst Einarsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 15. maí 1996.

Steingrímur J. Sigfússon, form., frsm.	Vilhjálmur Egilsson.	Stefán Guðmundsson.
Guðný Guðbjörnsdóttir.	Einar Oddur Kristjánsson.	Hjálmar Árnason.
Árni R. Árnason.	Sighvatur Björgvinsson.	Guðmundur Hallvarðsson.

983. Nefndarálit [252. mál]

um frv. til l. um spilliefnagjald.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund frá umhverfisráðuneytinu Ingimar Sigurðsson skrifstofustjóra og Sigurbjörgu Sæmundsdóttur deildarstjóra, Ólaf Pétursson frá Hollustuvernd ríkisins, Óskar Maríusson frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Jón Steindór Valdimarsson og Ólaf Kjartansson frá Samtökum iðnaðarins, Kristján Þórarinsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Ögmund Einarsson frá Sorpu, Jón Guðmundsson og Tryggva Þórðarson frá Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa og Jóhannes Gunnarsson frá Neytendasamtökunum. Þá hafa nefndinni borist umsagnir um málið frá Vinnumálasambandinu, Eyþingi, Sorpeyðingarstöð Suðurnesja, Náttúruverndarráði, Landvernd, Endurvinnslunni, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Neytendasamtökunum, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Sorpeyðingu Eyjafjarðar, Hollustuvernd ríkisins, Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa, Verslunarráði Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, Samtökum fiskvinnslustöðva, Sambandi sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Sorpeyðingu höfuðborgarsvæðisins, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi og Samtökum sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi.

Frumvarpið fjallar um spilliefnagjald, þ.e. sérstakt gjald á vörur sem geta orðið að spilliefnum. Hugtakið spilliefni er skilgreint í mengunarvarnareglugerð, nr. 48/1994, sem hvers kyns sérstakur úrgangur (hættulegur úrgangur) sem inniheldur efni sem skráð eru í viðauka 4 eða 19 eða er mengaður af þeim, á þann hátt, í slíku magni eða af slíkum styrkleika að það stofni heilsu manna eða umhverfi í hættu. Ítarlegar reglur um meðferð spilliefna er að finna í íslenskri löggjöf og er frumvarpinu ekki á neinn hátt ætlað að hrófla við þeim. Þá er frumvarpinu heldur ekki ætlað að breyta skyldum varðandi spilliefni sem nú hvíla á sveitarfélögum og olíufélögum samkvæmt sveitarstjórnarlögum og lögum um varnir gegn mengun sjávar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Hér verður gerð grein fyrir helstu efnisbreytingum sem lagðar eru til:

1. Í fyrsta lagi er lagt til að skýrt verði kveðið á um það í 1. gr. laganna að umhverfisráðherra fari með yfirstjórn mála þeirra er frumvarpið fjallar um.
2. Nefndin telur mikilvægt að helstu sjónarmið atvinnulífsins og almennings eigi greiðan aðgang að spilliefnanefndinni og verði það best tryggt með nefndarskipaninni. Til að þessu markmiði verði náð þykir nauðsynlegt að fjölga nefndarmönnum um einn. Því er lagt til að ráðherra skipi tvo nefndarmenn í stað eins áður.
3. Nefndin leggur til þá breytingu á 4. gr. að ráðherra skuli staðfesta samninga sem gerðir eru á grundvelli ákvæðisins að fengnum umsögnum spilliefnanefndar og Hollustuverndar ríkisins.
4. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 7. gr. Lúta þær að því hvernig framkvæmd innheimtu spilliefnagjalds skal háttað. Þá er lagt til að bætt verði við frumvarpið ákvæði sem hefur að geyma reglur um viðurlög.
5. Einnig er lagt til að bætt verði við frumvarpið ákvæði um að lögin skuli endurskoða innan fimm ára frá gildistöku. Er sú tillaga gerð í ljósi þess að hér er um að ræða nýja gjaldtöku sem þarf að endurskoða í ljósi reynslunnar innan nokkurra ára. Þá er lagt til að ákvæði það sem mælir fyrir um skipan spilliefnanefndar skuli endurskoða að tveimur árum liðnum frá gildistöku laganna. Er tillagan lögð fram þar sem um nýja skipan er að ræða sem rétt þykir að meta að fenginni reynslu.
6. Loks er lögð til breyting varðandi gildistöku og framkvæmd laganna. Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi en komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1997. Tímann fram að áramótum á að nota til undirbúnings og þannig er lagt til að spilliefnanefnd verði skipuð strax og lögin hafa öðlast gildi og skal nefndin hefja undirbúning að framkvæmd laganna.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að gera grein fyrir afstöðu sinni við umræður um málið og flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Ásta R. Jóhannesdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk því sem fram kemur í áliti þessu.

Alþingi, 15. maí 1996.

Ólafur Örn Haraldsson, form., frsm.	Árni M. Mathiesen.	Gísli S. Einarsson.
Tómas Ingi Olrich.	Ísólfur Gylfi Pálmason.	Kristín Halldórsdóttir.
Hjörleifur Guttormsson, með fyrirvara.		Katrín Fjeldsted.

984. Breytingartillögur [252. mál]

við frv. til l. um spilliefnagjald.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein er orðist svo:
      Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi fjalla um.

b. Á eftir orðunum „kostnaði við söfnun“ í 2. mgr. komi: móttöku.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Með vörum sem geta orðið að spilliefnum er í lögum þessum átt við vörur, efni og umbúðir þeirra sem haft geta mengandi eða óæskileg áhrif á umhverfi, sbr. 6. gr. Þessi skilgreining á við hvort sem efnin eru hrein eða hluti af öðrum efnum eða vörum.

3. Við 3. gr.
   a. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 1. málsl. komi: Umhverfisráðherra.
   b. Í stað orðsins „sex“ í 2. málsl. komi: sjö.
   c. 3. málsl. orðist svo: Ráðherra skipar tvo nefndarmenn án tilnefningar, annan þeirra formann.
   d. Síðasti málsliður greinarinnar falli brott.
   e. Við greinina bætist ný málsgrein er orðist svo:

Spilliefnanefnd fer með stjórn spilliefnagjalds.

4. Við 4. gr.
   a. Á eftir orðinu „söfnun“ í 1. mgr. komi: móttöku.
   b. 2. mgr. orðist svo:

Fyrirtækjum og atvinnugreinum er heimilt að semja um ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun af völdum spilliefna, enda þjóni það markmiðum laganna. Er viðkomandi vara þá undanþegin gjaldtöku samkvæmt lögum þessum. Ráðherra skal staðfesta slíka samninga að fengnum umsögnum spilliefnanefndar og Hollustuverndar ríkisins.

5. Við 5. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:

Spilliefnagjald er gjald sem lagt er á vörur sem geta orðið að spilliefnum. Spilliefnagjald skal standa undir óhjákvæmilegum kostnaði af móttöku spilliefna, meðhöndlun þeirra, flutningi frá söfnunarstöðvum til eyðingarstöðva, endurnýtingu og eyðingu, enda hafi verið greitt sérstakt gjald af vörunum skv. 6. gr. Jafnframt skal spilliefnagjaldi varið til greiðslu kostnaðar við framkvæmd laga þessara.

   b. Í stað orðanna „að fengnum“ í síðari málslið 2. mgr. og 5. mgr. komi: samkvæmt.
   c. 3. mgr. falli brott.

6. Við 6. gr.
   a. Í stað orðanna „að fenginni“ í 1. málsl. 3. mgr. komi: samkvæmt.
   b. Í stað orðanna „Að fengnum“ í 3. málsl. 3. mgr. komi: Samkvæmt.

7. Við 7. gr.
   a. Í stað orðanna „sem geta orðið að spilliefnum“ í 1. mgr. 1. tölul. komi: sem falla undir lög þessi.
   b. 2. tölul. orðist svo: Öllum sem framleiða vörur hérlendis sem falla undir lögin.

Spilliefnagjald af innlendum framleiðsluvörum reiknast við sölu eða afhendingu gjaldskyldrar vöru frá framleiðanda og skiptir þá ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla kaupanda fer fram. Hvert uppgjörstímabil er einn mánuður. Spilliefnagjaldi af innlendri framleiðslu ásamt framleiðsluskýrslu í því formi sem spilliefnanefnd ákveður skal skila eigi síðar en á gjalddaga. Gjalddagi er fimmtándi dagur næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils vegna sölu eða afhendingar á því tímabili. Beri gjalddaga upp á helgidag eða annan almennan frídag færist gjalddagi á næsta virkan dag þar á eftir.

Aðilum, sem keypt hafa hráefni eða efni til gjaldskyldrar framleiðslu sinnar og greitt af því spilliefnagjald, er heimilt að draga það frá við endanleg skil gjaldsins.

8. Á eftir 7. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Ef spilliefnagjald er ekki greitt á tilskildum tíma skal aðili sæta álagi til viðbótar spilliefnagjaldi. Sama gildir ef skýrslu skv. 2. tölul. 7. gr. hefur ekki verið skilað.
   Álag skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:
   1. 1% á þá upphæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan virkan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 10%.
   2. Sé spilliefnagjald ekki greitt innan eins mánaðar frá gjalddaga skal greiða af því dráttarvexti, sbr. vaxtalög, nr. 25/1987, með síðari breytingum.
9. Í stað orðanna „að fengnum“ í 1. og 2. mgr. 9. gr. (er verði 10. gr.) komi: samkvæmt.
10. Á eftir 10. gr. (er verði 11. gr.) komi ný grein er orðist svo:
    Endurskoða skal lög þessi innan fimm ára frá því að þau öðlast gildi. Þó skal endurskoða ákvæði 3. gr. að tveimur árum liðnum frá gildistöku laganna.
11. Við 11. gr. (er verði 13. gr.) bætist: en koma ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1997.
12. Við ákvæði til bráðabirgða:
    a. 1. mgr. orðist svo:
       Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. skal skipa spilliefnanefnd svo fljótt sem því verður við komið eftir gildistöku laga þessara og skal hún hefja undirbúning við framkvæmd þeirra.
    b. Í stað orðanna „15. júní 1996“ í 2. mgr. komi: 1. desember 1996.

985. Nefndarálit [415. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Inngangur.

Í þann mund sem fulltrúar streyma til borgarinnar til að sitja 38. þing Alþýðusambands Íslands á 80. afmælisári sambandsins kýs meiri hluti félagsmálanefndar Alþingis að hefja 2. umræðu í þingsölum um mjög svo umdeilt frumvarp um stéttarfélög og vinnudeilur sem nefndin hefur tekið til rækilegrar skoðunar undanfarnar vikur. Frá því að frumvarpinu var vísað til nefndarinnar hefur það tekið svo miklum breytingum að segja má að ekki standi steinn yfir steini miðað við upphaflegt frumvarp verði þær samþykktar. Við 1. umræðu um málið var bent á að frumvarpið stæðist ekki þá alþjóðasáttmála og samþykktir um félagafrelsi sem íslensk stjórnvöld hafa staðfest og varin eru í stjórnarskránni og einnig að með slíkum einhliða árásum stjórnvalda á skipulag og starfshætti stéttarfélaganna væri verið að setja allan vinnumarkaðinn á annan endann. Vegna þessarar gagnrýni var beðið um álit Lagastofnunar Háskóla Íslands sem að hluta til staðfesti gagnrýnina en var að öðru leyti ekki sammála því sem fram kemur í umsögnum og álit-

um sem bárust nefndinni frá lögmönnum sem hafa um árabil unnið fyrir stéttarfélögin í landinu. Eftir að álit Lagastofnunar Háskóla Íslands kom fram, svo og afar hörð gagnrýni stéttarfélaganna sem leggjast gegn samþykkt frumvarpsins, öll sem eitt, var ekki um annað að ræða en að berja í verstu brestina þótt reyndar væri aðeins hlustað á rök sumra sérfræðinga sem kallaðir voru til en ekki annarra. Þrátt fyrir væntanlegar breytingar á frumvarpinu leggst minni hluti nefndarinnar eindregið gegn samþykkt þess af eftirtöldum ástæðum:

— Í fyrsta lagi er um að ræða óeðlileg og óæskileg afskipti stjórnvalda af innra skipulagi og innri málum stéttarfélaga sem við drögum í efa að standist stjórnarskrá, alþjóðasáttmála og alþjóðasamþykktir um félagafrelsi.
— Í öðru lagi er ljóst að lagafrumvarp þetta er flutt algjörlega í óþökk stéttarfélaganna í landinu sem vilja þróa samskiptareglur á vinnumarkaði með samráði og samkomulagi við viðsemjendur sína, líkt og gert hefur verið í Skandinavíu um áratuga skeið.
— Í þriðja lagi er ljóst að frumvarpið dregur taum annars samningsaðila á vinnumarkaði en samtök atvinnurekenda eru hæstánægð með það sem sýnir best hverra hagsmuna er gætt og á hvern er hallað.
— Í fjórða lagi gagnrýnir minni hlutinn harðlega mörg efnisatriði frumvarpsins þrátt fyrir væntanlegar breytingar, svo sem lögboðið vald samninganefnda, fyrirkomulag atkvæðagreiðslna, ákvæði um vinnustaðarsamninga, vald sáttasemjara, viðræðuáætlanir og loks að ekki er tekið á ýmsum atriðum í lögunum, t.d. um stöðu trúnaðarmanna o.fl. sem hefði þurft að skoða. Þá hefur ítrekað verið bent á að kanna þurfi hvort það standist að binda félagssvæði við minnst eitt sveitarfélag og hvort skipan Félagsdóms standist mannréttindasáttmála hvað varðar óhlutdrægni dómstóla, en svo mikið liggur á að afgreiða þennan hrærigraut að þau mál verða ekki til lykta leidd að sinni. Við sumum atriðum, sem kunna að varða alþjóðasáttmála, er brugðist en öðrum ekki sem sýnir best þá hroðvirkni sem einkennir frumvarpið.
— Í fimmta lagi er ljóst að verði frumvarpið að lögum mun það kalla á mikil átök á vinnumarkaði næsta vetur og hugsanlega málaferli og kærur til mannréttindadómstóla og ILO.
— Í sjötta lagi skal bent á að upphaflegur tilgangur frumvarpsins, að einfalda og auðvelda gerð kjarasamninga og stýra þeim í einn farveg, þ.e. að lögfesta „samflotin“ og ýta undir vinnustaðarsamninga, er fokinn út í veður og vind og þar af leiðandi er spurning hvaða tilgangi frumvarpið þjónar og hvaða stefnu það boðar í vinnumarkaðsmálum þar sem það þýðir í raun að samningaumleitanir verða þyngri í vöfum. Búast má við að gera þurfi hundruð eða þúsundir viðræðuáætlana og jafnframt að það dragi úr vinnustaðarsamningum vegna þess að lítil stéttarfélög taki ekki þá áhættu að vera með í samningum sem þau eiga ekki möguleika á að fella í atkvæðagreiðslu.

Saga málsins.

Árið 1938 voru samþykkt lög um stéttarfélög og vinnudeilur, reyndar gegn vilja stéttarfélaganna í landinu sem kölluðu þau þrælalög og óttuðust að ríkisvaldið væri að setja stéttarfélögunum óeðlilegar skorður. Reyndin varð þó sú að lögin staðfestu þær venjur sem myndast höfðu á vinnumarkaði og treystu stéttarfélögin í sessi, enda hefur lítið verið við þeim hreyft í 58 ár. Lögin settu þó aðeins ramma um starfsemi stéttarfélaganna og kváðu á um hvernig staðið skyldi að verkföllum og vinnudeilum. Í lögunum nr. 80/1938 er einnig að finna nýrri kafla um Félagsdóm, skipan hans og hlutverk. Frá árinu 1938

hefur margt orðið til að styrkja stöðu stéttarfélaganna og takmarka afskipti ríkisvaldsins, ekki síst mannréttindasáttmálar og samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Sú stofnun hefur reyndar oftsinnis gert athugasemdir við afskipti íslenskra stjórnvalda af stéttarfélögum og vinnudeilum, einkum þó lagasetningum sem stöðvað hafa verkföll eða komið í veg fyrir verkföll án þess að eðlilegir kjarasamningar hafi verið gerðir.

Lög nr. 80/1938 komu ekki í veg fyrir margar, harðar og langvinnar vinnudeilur á almennum vinnumarkaði á tímabilinu 1938–1980. Má þar t.d. minnast skæruverkfallanna árið 1942 sem færðu launafólki miklar kjarabætur, verkfallið 1955 sem leiddi til laga um atvinnuleysistryggingar, verkföllin 1968–1970 þegar verkalýðshreyfingin átti í harðvítugum deilum við viðreisnarstjórnina á tímum gengisfellinga og atvinnuleysis og þannig mætti áfram telja. Eftir 1980 eru það fyrst og fremst stéttarfélög opinberra starfsmanna sem átt hafa í langvinnum verkföllum og vinnudeilum þótt dæmi séu um annað, t.d. verkföll sjómanna. Þegar á heildina er litið hefur dregið úr tíðni verkfalla og töpuðum vinnustundum hér á landi miðað við aðrar þjóðir.

Frá 1990 hefur miðstýring kjarasamninga og „samflot“ undir forustu ASÍ og VSÍ, í náinni samvinnu við ríkisstjórnir á hverjum tíma, ráðið ríkjum. Reynt hefur verið að halda launahækkunum innan vissra marka og var yfirlýstur tilgangur sá að koma á stöðugleika og jafnvægi í efnahagsmálum landsins sem hefur tekist. Þessi stefna hefur þó ekki verið óumdeild. T.d. er hún í andstöðu við kjarastefnu Bandalags háskólamanna og leiddi til þess að lög voru sett árið 1990 sem afnámu kjarasamninga BHMR. Þá voru kjarasamningar á síðasta ári ekki í takt við þessa stefnu. Einnig er ljóst að ýmsir hópar launafólks eru mjög óánægðir með stöðu sína, ekki síst kvennastéttir meðal opinberra starfsmanna sem farið hafa í hvert verkfallið á fætur öðru á undanförnum árum. Í ljósi þess hvernig samskiptareglur milli aðila á almennum vinnumarkaði hafa þróast á undanförnum árum, í samvinnu og samráði, hljóta menn að spyrja hvaða nauðsyn knýr á um það að lögfesta breytingar á vinnulöggjöfinni, hvað þá breytingar sem annar aðili málsins er mjög ósáttur við. Hver er tilgangurinn?

Þáverandi félagsmálaráðherra, Guðmundur Árni Stefánsson, skipaði árið 1994 vinnuhóp til að fjalla um samskiptareglur á vinnumarkaði í þeim tilgangi að aðilar kæmu sér saman um verklag og vinnureglur sem síðan yrðu hugsanlega lögfestar. Í hópinn voru skipaðir fulltrúar VSÍ, Vinnumálasambandsins, ASÍ, BSRB og fjármála- og félagsmálaráðuneytisins, en t.d. bankamenn og BHM áttu ekki fulltrúa í hópnum. Eftir að haldnir höfðu verið 34 fundir var tekin saman skýrsla í nóvember 1995 um starf hópsins og tíundaðar ýmsar tillögur sem til umræðu voru. Áréttað var að aðeins væri um áfangaskýrslu að ræða og að enn væri margt órætt og ófrágengið. Samt sem áður unnu starfsmenn félagsmálaráðuneytisins drög að frumvarpi á grundvelli áfangaskýrslunnar sem kynnt var í janúar en þau kölluðu á hörð viðbrögð formanna landssambanda ASÍ eins og segir í ályktun samþykktri 9. febrúar 1996: „Þau frumvarpsdrög sem nú liggja fyrir fela í sér takmörkun á réttindum launafólks eins og samnings- og verkfallsrétti og umboði og hlutverki einstakra stéttarfélaga í kjaramálum umbjóðenda sinna. Formenn landssambanda innan ASÍ vilja að aðilar vinnumarkaðarins semji á breiðum grundvelli um samskiptareglur og vinnubrögð við gerð kjarasamninga og fleiri atriði líkt og aðilar vinnumarkaðarins í nágrannalöndunum hafa gert til fjölda ára. Þá er einnig mikilvægt að stærstu samtök á vinnumarkaðnum hugi að innra skipulagi sínu og á það jafnt við um samtök atvinnurekenda og launafólks.“

Ekki ber fulltrúum í vinnuhópi félagsmálaráðherra saman um hvernig slitnaði upp úr vinnu hópsins, en svo mikið er víst að ekki var samkomulag um að leggja fram frum-

varp á Alþingi, hvað þá um innihald þess. Félagsmálaráðherra tók einstök atriði út úr frumvarpinu, hunsaði allt samráð, samvinnu og samstöðu um málið og ákvað að leggja frumvarpið fram þvert gegn vilja allra stéttarfélaganna. Fram var lagt frumvarp sem var svo vanhugsað og illa unnið að það reyndist við nánari skoðun Lagastofnunar Háskóla Íslands ekki standast samþykktir ILO, auk þess sem aðrir lögmenn töldu það brot á alþjóðasamþykktum í mun fleiri atriðum en Lagastofnun vildi samþykkja. Þá voru gerðar svo miklar efnislegar athugasemdir við frumvarpið að búið er að breyta nánast hverri einustu grein, hækka eða lækka atkvæðaþröskulda margsinnis, taka út ákvæði um vinnustaðarfélög en setja í staðinn inn handónýtt ákvæði um vinnustaðarsamninga, afnema svokallaða tengingarreglu sem gaf sáttasemjara óhugnanlega mikið vald og gat afnumið samningsfrelsi stéttarfélaga með lausa samninga o.s.frv. Niðurstaðan er samt sem áður frumvarp sem stéttarfélögin í landinu vilja ekki sjá, enda er enn að finna í því mörg atriði sem orka vægast sagt tvímælis. Andstaða stéttarfélaganna byggist þó fyrst og fremst á því að ríkisstjórnin hefur með framlagningu frumvarpsins ráðist að rótum þess fyrirkomulags sem einkennt hefur samskipti aðila vinnumarkaðar hér á landi og í nágrannalöndunum, hins þríhliða samráðs, þar sem málefni aðila vinnumarkaðar eru til lykta leidd í sátt og samráði.

Skipulag vinnumarkaðar og hagfræðikenningar.

Þrátt fyrir þá „þjóðarsátt" sem verið hefur við lýði í kjarasamningum nú um nokkurra ára skeið er auðvitað ástæða til að hafa áhyggjur af samskiptum stéttarfélaga og atvinnurekenda hér á landi og á það ekki síst við um ríkisvaldið sem átt hefur í endalausum deilum við starfsmenn sína. Nú síðast virðist meiri hlutinn á Alþingi ætla að samþykkja ný lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem svipta hópa ríkisstarfsmanna samningsrétti og verkfallsrétti án þess að þeir hafi svo mikið sem verið spurðir álits! Þá vekur furðu andstaða VSÍ við lögfestingu tilskipana ESB og samþykktir ILO, svo sem um vinnutíma barna, réttindi foreldra í veikindum barna, starfsöryggi o.fl., sem tvímælalaust er til bóta fyrir launafólk. Svona samskipti ganga auðvitað ekki til lengdar. Það er sorglegt að atvinnurekendur og ríkisstjórnin skuli ekki skilja mikilvægi þess að starfsfólk sé ánægt og búi við öryggi. Þess í stað er sífellt verið að storka því. Svo virðist sem eldgamlar og úreltar hugmyndir um vinnumarkaðinn ráði hér ríkjum, meðan hagfræðingar sem sinna vinnumarkaðsmálum leggja mikla áherslu á góðan vinnuanda, umbun og áhrif starfsmanna á daglegan rekstur, gott vinnuumhverfi og skilning á hlutverki fjölskyldunnar.

Á undanförnum árum hafa einkum verið ríkjandi tvö form samskiptareglna á vinnumarkaði OECD-ríkjanna sem hafa það að markmiði að auka sveigjanleika á vinnumarkaði. Annars vegar er það sem kallað hefur verið norræna módelið sem einkennist af mikilli miðstýringu, hins vegar það form sem ruddi sér til rúms á Nýja-Sjálandi eftir að verulegar breytingar voru gerðar á skipulagi vinnumarkaðar þar undir lok síðasta áratugs. Í Englandi hefur verið farin eins konar millileið sem þykir ekki hafa reynst vel, en í Bandaríkjunum er áhersla lögð á vinnustaðarsamninga. Sérfræðingar OECD leggja mikla áherslu á sveigjanleika á vinnumarkaði en spurningin er hvernig honum verður náð.

Nýsjálenska leiðin gengur veg „sveigjanleikans" á enda því að hún felur í sér mikinn aragrúa samninga, yfirleitt beint við einstaklinga, og byggist á því að vinnuaflið sé á markaði þar sem mesta frelsi ríkir. Þessi leið hefur þann galla að samstaða og sameiginleg réttindi eru illa tryggð og því hægt að brjóta á fólki að vild. Samkvæmt nýjustu upplýsingum eru Nýsjálendingar að gefast upp á þessu fyrirkomulagi, enda mikið um

vinnudeilur og ljóst að 125 þús. kjarasamningar (sbr. viðtal við Ruth Richardson, fyrrverandi fjármálaráðherra Nýja-Sjálands, í Mbl. 23. nóvember sl.) kalla á mikla vinnu og togstreitu milli fólks.

Norræna módelið byggist á miðstýrðum samningum þar sem reynt er að ná yfir sem stærstan hluta vinnumarkaðarins. Í Skandinavíu, þar sem flokkar sósíaldemókrata nátengdir verkalýðshreyfingunni eru mjög öflugir og hafa setið jafnvel svo áratugum nemur við stjórnvölinn, hafa þróast samskiptareglur sem fyrst og fremst byggjast á samráði og samningum. Þar hafa verið náin tengsl milli verkalýðshreyfingarinnar og ríkisvaldsins sem séð hefur til þess að samningar gangi upp, m.a. með því að byggja upp öflugt velferðarkerfi. Í Danmörku eru reglur um vinnumarkaðsmál ekki lögfestar nema að um þær ríki sátt, enda vita menn að annað býður upp á deilur. Í þessum löndum mundu afskipti af vinnudeilum og einhliða lagasetning á borð við þá sem felst í frumvarpi um stéttarfélög og vinnudeilur aldrei verða liðin!

Í Bandaríkjunum hafa vinnustaðarsamningar verið mjög algengir og hafa þeir orðið til að draga úr launamun kynjanna sem er mun minni en hér á landi, en gæta verður þess að bandarískir vinnustaðir eru að jafnaði miklu stærri en hér og því öflugri í samningum við eigendur fyrirtækjanna.

Samskiptaform og samningar á vinnumarkaði geta þannig verið með ýmsu móti. Það á að vera í valdi stéttarfélaga og atvinnurekenda að þróa mismunandi form samninga eftir því hvað hentar í einstökum starfsgreinum eða fyrirtækjum. Því er ekki að leyna að miðstýring Vinnuveitendasambandsins sem fer með alla kjarasamninga fyrir hönd atvinnurekenda sem eru innan þess er ljón í vegi aukins sveigjanleika. Enda virðist það ríkjandi hugmynd á þeim bæ að viðhalda launakerfinu eins og það er nú, þrátt fyrir mikið launamisrétti kynjanna og að einungis þurfi að bæta ofan á það nokkrum prósentum við og við!

Félagafrelsi.

Í 74. gr. stjórnarskrár íslenska lýðveldisins er kveðið á um félagafrelsi og þar er réttur inn til að stofna stéttarfélög varinn sérstaklega. Í 75. gr. er kveðið á um rétt manna til að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa, svo og að í lögum skuli kveðið á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu. Í skýringum með þessum greinum, sem er að finna í frumvarpi til stjórnarskipunarlaga, þskj. 389 á 118. löggjafarþingi, er vísað til mannréttindasáttmála sem Íslendingar hafa staðfest, svo sem félagsmálasáttmála Evrópu og alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Við þessa sáttmála má bæta mannréttindasáttmála Evrópu og samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, nr. 87 og 98., sem íslensk stjórnvöld eru bundin af.

Í 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu segir:

„1. Rétt skal mönnum að koma saman með friðsömum hætti og mynda félög með öðrum, þar á meðal að stofna og ganga í stéttarfélög til verndar hagsmunum sínum.

2. Eigi skal réttur þessi háður öðrum takmörkunum en þeim sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða réttindum og frelsi. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi vera því til fyrirstöðu að löglegar takmarkanir séu settar við því að liðsmenn hers og lögreglu eða stjórnarstarfsmenn beiti þessum rétti."

Í 5. gr. félagsmálasáttmála Evrópu segir: „*Réttur til að stofna félög.* Í því skyni að tryggja og stuðla að frelsi verkafólks og vinnuveitenda til að stofna staðbundin félög,

landsfélög eða fjölþjóðleg sambönd til að gæta hagsmuna þeirra á sviði efnahags- og félagsmála og til að ganga í slík félög, skuldbinda samningsaðilar sig til að sjá um, að landslög skerði ekki það frelsi né að þeim verði beitt til að skerða það.“ Í 6. gr. segir um réttinn til að semja sameiginlega að aðilar skuldbindi sig til:

1. að stuðla að sameiginlegum viðræðum milli verkafólks og vinnuveitenda,
2. að stuðla að frjálsum samningaumleitunum milli vinnuveitenda eða vinnuveitendafélaga og verkalýðsfélaga, þegar nauðsynlegt er eða við á, í þeim tilgangi að ákvarða laun og vinnuskilyrði með heildarsamningum,
3. að stuðla að stofnun og notkun viðeigandi sáttafyrirkomulags og gerðardóma eftir samkomulagi við lausn vinnudeilna, og viðurkenna
4. rétt verkafólks og vinnuveitenda á sameiginlegum aðgerðum þegar hagsmunaárekstrar verða, þar á meðal verkfallsrétti, með þeim takmörkunum, sem til kynnu að koma vegna gerðra heildarsamninga.

Í samþykktum ILO (Alþjóðavinnumálastofnunarinnar) nr. 87 segir að félög verkamanna skuli eiga rétt á að setja sér lög og reglur og vera algerlega óháð við að skipuleggja stjórn sína og starfsemi og setja sér stefnuskrá. Þar er tekið af skarið um að opinber stjórnvöld skuli forðast alla íhlutun er skerða mundi þennan rétt eða hindra löglega beitingu hans.

Í áliti Lagastofnunar Háskóla Íslands segir: „Rétt er þó að taka fram að Alþjóðavinnumálastofnunin í Genf hefur lagt áherslu á mikilvægi reglulegs samráðs stjórnvalda við aðila vinnumarkaðarins til að tryggja frið í þjóðfélaginu, þar á meðal samráð við undirbúning löggjafar sem snertir þá.“

Af framansögðu má ráða að réttur stéttarfélaga er vel varinn af lögum og alþjóðlegum samningum og að gengið er út frá því að stjórnvöld eigi ekki að skipta sér af innri málum stéttarfélaga nema brýna nauðsyn beri til. Minni hlutinn er þeirrar skoðunar að þær reglur sem ætlunin er að lögfesta nú í óþökk annars samningsaðilans feli í sér óeðlileg afskipti ríkisvaldsins af innri málefnum stéttarfélaga í landinu. Þar er vísað til þess að skylda á stéttarfélög með lögum til sameiginlegrar atkvæðagreiðslu um vinnustaðarsamning, skylda á stéttarfélög til að greiða atkvæði með ákveðnum hætti, það vald sem félög hafa hingað til getað falið trúnaðarmannaráðum eða öðrum þar til bærum aðilum er afnumið og samninganefndum er falið mjög mikið vald. Allt eru þetta atriði sem verkalýðsfélögin hafa hingað til ákveðið sjálf á lýðræðislegan hátt með samþykktum sínum. Réttur löggjafans til að setja lög er takmarkaður af stjórnarskrá og alþjóðlegum samningum þegar stéttarfélög eiga í hlut og þar breyta skoðanakannanir engu um. Það er ekkert sem kallar á lagasetningu af þessu tagi, nema ef vera kynni vilji til að gera stéttarfélögunum erfitt fyrir, takmarka vald þeirra og áhrif og koma í veg fyrir frjálsa samninga og frjálsan samningsrétt. Sé nauðsynlegt að breyta lögum um samskiptareglur á vinnumarkaði þarf að undirbúa slíka löggjöf og setja hana í fullri sátt beggja samningsaðila, ella er hætta á að hún snúist gegn markmiðum sínum og verði til þess að gera samningsumleitanir enn erfiðari.

Upphaflegt frumvarp.

Þegar frumvarpið var lagt fram kallaði það á gífurleg mótmæli. Þingmönnum bárust áskoranir frá fjölda stéttarfélaga um að leggja málið til hliðar og þegar frumvarpið var sent til umsagnar barst svar frá nánast hverju einasta stéttarfélagi í landinu sem mótmælti því harðlega og gagnrýndi innihald þess.

Þau atriði sem mættu hvað mestri mótspyrnu, fyrir utan vinnubrögð félagsmálaráðherra og þau afskipti af stéttarfélögunum sem í þeim felast, voru mörg. Þar er fyrst að nefna ákvæði um vinnustaðarfélög sem gengu þvert á það skipulag verkalýðshreyfingarinnar sem þróast hefur í áratugi. Þar var um að ræða ákvæði sem fól vægast sagt í sér óeðlileg afskipti af innri málum verkalýðshreyfingarinnar, enda félaganna og félagsmanna að ákveða skipulag sitt, auk þess sem umsamin forgangsréttarákvæði standa í vegi fyrir slíku ákvæði. Nokkrir lögmenn tóku undir þessa gagnrýni en Lagastofnun var ekki á þeirri skoðun og benti á að réttur manna til að stofna félög væri tryggður í lögum. Það sem orkaði ekki síst tvímælis í tillögu félagsmálaráðherra var það að vinnustaðarfélagið skyldi fara með samninga fyrir alla á vinnustaðnum, jafnvel þá sem kysu að standa utan félagsins og tilheyra öðrum stéttarfélögum. Málið var fullkomlega vanhugsað, enda var ákveðið að taka ákvæðið út.

Annað atriði sem var gagnrýnt hvað harðast kvað á um rétt sáttasemjara til að leggja miðlunartillögu fyrir félög með lausa samninga þótt þau ættu ekki í vinnudeilu, en þar með hefði í raun verið hægt að svipta félög samningsrétti. Lagastofnun Háskóla Íslands komst að þeirri niðurstöðu að þetta ákvæði, ásamt því hvernig greiða skyldi atkvæði um miðlunartillögu, bryti í bága við samþykkt ILO nr. 98, eins og hún hefur verið túlkuð af félagafrelsisnefnd ILO. Þessi ákvæði voru tekin út og haldið í texta núgildandi laga nema hvað ákveðin skilyrði þurfa að vera til staðar svo að sáttasemjari geti lagt fram miðlunartillögu.

Þá var lögþvingað vald samninganefnda gagnrýnt harðlega og spurt hvers vegna væri verið að rústa því lýðræðislega kerfi sem þróast hefur í áranna rás. Samkvæmt frumvarpinu hefur samninganefnd umboð til að setja fram tillögur að samningi, taka þátt í samningaviðræðum og undirrita kjarasamning fyrir hönd hlutaðeigandi félags eða samtaka. Einnig getur sameiginleg samninganefnd ákveðið að efna til sameiginlegrar atkvæðagreiðslu fleiri félaga eða sambanda. Hér er um að ræða vald sem samninganefndir hafa ekki haft hingað til og þar sem lög munu kveða á um vald samninganefnda geta félagsfundir ekki takmarkað það umboð. Þetta telur ASÍ grófa íhlutun í innri mál stéttarfélaga og síst til að auka lýðræði, sem er þó yfirlýstur tilgangur frumvarpshöfunda. Varðandi þetta atriði er vísað til umsagnar ASÍ, bls. 27. Enn eitt atriði sem gagnrýnt er harðlega er boðun vinnustöðvana og atkvæðagreiðslur um þær. Hingað til hefur félagsfundur veitt trúnaðarmannaráði eða öðrum þar til bærum aðila heimild til að boða til vinnustöðvunar og þar með að vega og meta hvenær rétt sé að boða hana. Nú hafa slíkar heimildir verið afnumdar og tekið upp svipað fyrirkomulag og verið hefur í gildi meðal opinberra starfsmanna, nema hvað þar er kveðið á um mun meiri þátttöku. Með þessari lagasetningu er verið að afnema þann sveigjanleika sem hingað til hefur verið til staðar og telja má nánast ómögulegt að grípa til samúðarverkfalls eða skyndiverkfalla vegna þess hve þungt verður í vöfum að ákveða þau. Þarna er að dómi minni hlutans um óeðlilegar hindranir að ræða sem kunna að valda löngum verkföllum, rétt eins og raunin hefur orðið meðal opinberra starfsmanna.

Síðasta atriðið, sem minni hlutinn gagnrýnir og enn stendur eftir í frumvarpinu, varðar viðræðuáætlanir. Upphafleg hugmynd starfshóps félagsmálaráðherra var sú að heildarsamtök gerðu viðræðuáætlun til þess að gera samningaviðræður skilvirkari. Þar sem lögfesting „samflotsins“ er fokin út í veður og vind er samningsrétturinn sem fyrr hjá einstökum félögum. Sú lögþvingun, sem á sér stað verði frumvarpið samþykkt, mun leiða til þess að gera þarf hundruð ef ekki þúsundir viðræðuáætlana. Einn af forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar sagði á fundi nefndarinnar að í næstu samningalotu yrði að gera

5.000–8.000 viðræðuáætlanir sem eflaust kæmi í hlut sáttasemjara vegna þess hvernig málið er vaxið. Hvernig er embætti sáttasemjara undir það búið? Þessi ágæta hugmynd, sem var eitt af fáu góðu sem var að finna í upphaflegu frumvarpi, kemur þar með að litlu gagni.

Verður nú vikið nánar að breytingartillögum meiri hlutans og þeim ákvæðum sem eftir standa.

Breytingartillögur meiri hlutans.

1. gr. Ákvæðið um vinnustaðarfélögin er fellt út, en ekki er tekið á því hvort rétt er að breyta ákvæðum um að félagssvæði skuli vera minnst eitt sveitarfélag. Lagastofnun benti á að þetta stæðist vart gagnrýni félagafrelsisnefndar ILO, en samhljóða ákvæði er í núgildandi lögum. Þetta atriði hefði þurft að kanna nánar.

2. gr. Í vinnu nefndarinnar hefur verið hringlað mikið með svokallaða atkvæðaþröskulda en hvað varðar atkvæðagreiðslur um kjarasamninga fór meiri hlutinn í hring og endaði aftur í 20% þátttöku. Í upphaflegu frumvarpi var gert ráð fyrir að í kjarasamningi sem ekki væri búið að samþykkja væri ákveðið hvernig greiða ætti atkvæði um hann! Þessu er nú breytt þannig að hægt er að semja um það hverjir greiða skuli atkvæði þegar samningur nær til hluta félagsmanna. Þá er lagt til nýtt ákvæði um vinnustaðarsamninga en þá *skal* bera sameiginlega undir atkvæði allra félagsmanna sem hann tekur til.

Vinnustaðarsamningar hafa tíðkast um árabil hér á landi en það gefur auga leið að til þess að þeir gangi upp verða allir að vera sáttir við þá. Í flestum tilvikum hefur hvert félag greitt atkvæði um vinnustaðarsamninginn en því fylgir að sjálfsögðu mikil ábyrgð. Á síðasta ári var gerður vinnustaðarsamningur í álverinu í Straumsvík og heyrði þá til tíðinda að atkvæði voru greidd sameiginlega um hann en um það náðist samkomulag á meðal samningsaðila! Hætt er við að með því að lögbinda sameiginlega atkvæðagreiðslu taki lítil stéttarfélög ekki þá áhættu að fara út í vinnustaðarsamninga ef þau geta ekki varið rétt sinn gagnvart mun stærri félögum sem hugsanlega tækju ekki tillit til sérmála sem kynnu að snerta lítinn hóp. Verði þetta ákvæði samþykkt svona kann það að koma í veg fyrir frekari vinnustaðarsamninga.

4. gr. Í greininni er fjallað um boðun vinnustöðvunar og er lagt til að þátttaka í atkvæðagreiðslu um vinnustöðvun verði að vera 20%, hvort sem um er að ræða heilt félag eða hluta félagsmanna. Þrátt fyrir verulega slökun á skilyrðum frá upphaflegu frumvarpi er minni hlutinn andvígur afskiptum löggjafans af því hvernig félög skuli greiða atkvæði um vinnustöðvun og telja að það eigi að vera á valdi félaganna að ákveða það eða semja um slíkt í frjálsum samningum. Þá er lagt til að heimilt verði að fresta boðaðri vinnustöðvun einu sinni eða oftar um allt að 28 daga með þriggja sólarhringa fyrirvara. ASÍ telur að einmitt þetta ákvæði muni leiða til þess að verkfallsvopninu verði fremur beitt en ella. „Um slíkt munu verkalýðsfélögin aldrei semja nema því aðeins að kjarasamningur sé í burðarliðnum og við núverandi aðstæður er verkfalli ævinlega frestað ef svo stendur á“ segir í umsögn ASÍ (bls. 28) og má einu gilda hvort um er að ræða 14 daga eða 28. Hver er tilgangurinn með þessu ákvæði?

5. gr. Í umsögnum og umræðum var margsinnis bent á ákvæði 5. gr. frumvarpsins þar sem fjöldauppsögn var líkt við vinnustöðvun, en að sjálfsögðu geta verið gildar ástæður fyrir því að hópur starfsmanna ákveður að segja upp störfum. Þar má t.d. hugsa sér heila skipshöfn sem segði upp vegna óánægju með framkomu skipstjóra, en fráleitt væri að líta á slíkt sem ólöglega vinnustöðvun. Meiri hlutinn féllst á að breyta þessu, enda

mátti leiða að því rök að ákvæðið, eins og það var upphaflega orðað, bryti í bága við 75. gr. stjórnarskrárinnar um atvinnufrelsi.

6. gr. Lagðar eru til breytingar á greininni í samræmi við gagnrýni Lagastofnunar sem eins og áður sagði taldi ákvæði i-liðar brjóta í bága við samþykkt ILO nr. 98. Þar með stendur eftir regla núgildandi laga um miðlunartillögur nema hvað kveðið er á um þau skilyrði sem verða að vera til staðar til að sáttasemjari megi leggja fram slíka tillögu. Í l-lið er lagt til hvaða reglur skuli gilda til að fella miðlunartillögu. Þar er gert ráð fyrir að meiri hluti þeirra sem greiða atkvæði verði að vera á móti og að neiatkvæðin verði að vera fleiri en fjórðungur þeirra sem eru á atkvæða- eða félagaskrá. Í áliti Lagastofnunar segir um þennan lið eins og hann var í upphaflegu frumvarpi: „Sú atkvæðaregla sem þarna er sett er sérstök að því leyti að miðlunartillaga gildir nema þriðjungur atkvæðisbærra felli hana. Vikið er sem sagt frá einfaldri meirihlutareglu um samþykki. Þetta veldur því að mjög torvelt verður að fella miðlunartillögu og er hætta á að það teljist ekki samrýmast rétti manna til frjálsra samninga samkvæmt alþjóðasáttmálum. Hliðstæð regla gildir í Danmörku þar sem að vísu er áskilið að 35% atkvæðisbærra manna þurfi til að fella tillögu, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 599/1971, um sáttastörf í vinnudeilum. Regla þessi hefur sætt nokkurri gagnrýni í Danmörku og hefur því m.a. verið haldið fram að samkvæmt henni sé nær ógjörningur að fella miðlunartillögu“ (bls. 26). Hver er munurinn á þriðjungi og fjórðungi út frá þeirri röksemdafærslu að meiri hlutinn eigi að ráða og að virða skuli frjálsan samningsrétt?

Niðurstöður.

Eins og fram kemur hér að framan hafa verið gerðar miklar breytingar á frumvarpinu þótt enn standi margt eftir sem verkalýðshreyfingin hefur gagnrýnt og getur ekki sætt sig við fremur en minni hluti félagsmálanefndar. Breytingarnar, sem boðaðar eru á frumvarpinu, sýna betur en flest annað hve frumvarpið var illa unnið og vanhugsað. Breytingarnar eru til lítilla bóta því eftir stendur að heildarhugsun er engin og markmiðin löngu glötuð. Um er að ræða lagasetningu sem varðar innra skipulag stéttarfélaga og það hvernig þau taka á samningamálum og boðun vinnustöðvunar. Ekki hefur verið hlustað á aðvörunarorð opinberra starfsmanna sem hafa reynslu af því að nota skriflegar atkvæðagreiðslur og boða vinnustöðvarnir á ákveðnum degi sem erfitt hefur reynst að breyta vegna þess hve þungar atkvæðagreiðslur eru í vöfum. Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO) hefur gert athugasemdir við það hve réttur opinberra starfsmanna er takmarkaður og verður fróðlegt að sjá hvaða dóm stofnunin fellir um þessi lög, því að afar líklegt er að þau verði kærð til hennar. Því miður munu þessi afskipti ríkisvaldisins af innri málum verkalýðshreyfingarinnar, vinnubrögðin og þær takmarkanir sem verið er að setja verkalýðsfélögunum verða til þess að setja vinnumarkaðinn á annan endann og ógna þeim stöðugleika sem hér hefur ríkt um árabil. Hvert einasta verkalýðsfélag mun verða að breyta samþykktum sínum og skipulagi til samræmis við þessi lög án þess að hafa haft neitt um breytingarnar að segja.

Í fyrsta sinn um árabil ákveður ríkisstjórn að rjúfa það þríhliða samstarf sem ríkt hefur milli verkalýðshreyfingar, atvinnurekenda og ríkisvalds með einhliða lagasetningu sem er því og atvinnurekendum þóknanleg.

Árið 1992 lýsti þáverandi félagsmálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, því yfir fyrir hönd þáverandi ríkisstjórnar í bréfi til framkvæmdastjóra Evrópuráðsins að ríkisstjórnin hefði „ekki í hyggju að grípa til neinna þeirra aðgerða sem kunna að raska því jafnvægi sem ríkt hefur í samskiptum aðila vinnumarkaðarins undanfarin 50 ár“. Þetta bréf

var dómsgagn í máli sem rekið var fyrir mannréttindadómstóli Evrópuráðsins gegn íslenska ríkinu og er yfirlýsing til aðila sem vildu kanna hvort íslenska ríkið væri brotlegt við mannréttindasáttmála Evrópu. Við hljótum að líta svo á að slík yfirlýsing hafi mikið gildi þegar horft er á stöðu verkalýðshreyfingarinnar og samskipti á vinnumarkaði. Ný ríkisstjórn getur ekki breytt um stefnu nema innan ramma laga og alþjóðasáttmála. Því hljóta ríkar ástæður að þurfa að liggja til grundvallar breytingum á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur. Hvaða ástæður ógna öryggi almennings eða ríkis? Þarf að koma í veg fyrir óspektir og glæpi? Þarf að vernda heilbrigði og siðgæði landsmanna eða vernda frelsi og réttindi annarra? Þetta eru þau skilyrði sem þurfa að vera til staðar þannig að heimilt sé að takmarka félagafrelsi og þau eru alls ekki fyrir hendi í dag. Hér er ríkisstjórnin einfaldlega komin á ystu nöf. Hún ætlar sér að setja lög sem ótvírætt fela í sér afskipti af innri málum og innra skipulagi verkalýshreyfingarinnar. Ekki er hægt að skoða þetta mál öðruvísi en með því að tengja það við aðgerðir núverandi ríkisstjórnar gegn opinberum starfsmönnum, einkavæðingu ríkisfyrirtækja með tilheyrandi réttindaskerðingu starfsmanna, skertum áhrifum framhaldsskólakennara o.s.frv. sem allt ber með sér það hugarfar og hugmyndafræði valdsins sem við höfnum.

Samskipti stéttarfélaga og viðsemjenda þeirra eiga að ráðast í frjálsum samningum og án óþarfrar íhlutunar stjórnvalds. Þar er samráð og samvinna, ásamt virðingu við réttindi og skyldur aðila, besta leiðin til að tryggja frið, bætt kjör og betri rekstur jafnt almennra fyrirtækja sem ríkisstofnana.

Minni hlutinn hafnar þeirri leið sem farin er í þessu frumvarpi og ítrekar að hér er um brot að ræða á þeim hefðum sem ríkt hafa á íslenskum vinnumarkaði jafnframt því sem verið er að brjóta alþjóðasamþykktir um félagafrelsi sem Íslendingar eru aðilar að. Því leggur minni hlutinn til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Ágúst Einarsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 17. maí 1996.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm.	Bryndís Hlöðversdóttir.	Rannveig Guðmundsdóttir.

Eftirtöldum fylgiskjölum var útbýtt með nefndarálitinu:

Umsögn ASÍ.

Umsögn Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Sjómannafélags Reykjavíkur.

Álit Lagastofnunar Háskóla Íslands.

Umsögn Þjóðhagsstofnunar.

Samantekt nefndadeildar á umsögnum um frumvarpið.

Jafnframt skal bent á umsögn BHM sem fylgdi umsögn um frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en henni var dreift sérstaklega til allra þingmanna.

986. Frumvarp til upplýsingalaga. [361. mál]

(Eftir 2. umr., 17. maí.)

Samhljóða þskj. 630 með þessari breytingu:

8. gr. hljóðar svo:

Takmarkalaus upplýsingaréttur að tilteknum tíma liðnum.

Veita skal aðgang að gögnum sem 4. tölul. 6. gr. tekur til jafnskjótt og ráðstöfunum eða prófum er að fullu lokið, nema ákvæði 5. gr. eða 1.–3. tölul. 6. gr. eigi við.

Veita skal aðgang að öðrum gögnum sem 4.–6. gr. taka til þegar liðin eru þrjátíu ár frá því að gögn urðu til, að frátöldum upplýsingum er varða einkamálefni einstaklinga, en aðgang að þeim skal fyrst veita að áttatíu árum liðnum frá því að þau urðu til. Þetta gildir þó ekki um sjúkraskrár og skýrslur sálfræðinga eða félagsráðgjafa. Úrskurðarnefnd um upplýsingamál er þó heimilt að veita aðgang að slíkum skýrslum og sjúkraskrám til rannsókna eftir að þær hafa verið afhentar skjalasafni. Nefndin bindur slíkt leyfi þeim skilyrðum sem hún metur nauðsynleg hverju sinni.

987. Frumvarp til laga [297. mál]

um fjárreiður ríkisins.

(Eftir 2. umr., 17. maí.)

I. KAFLI

Ríkisreikningur.

Almennt um bókhald og reikningsskil ríkisins.

1. gr.

Bókhaldi ríkisins, stofnana þess og fyrirtækja skal hagað á skýran og aðgengilegan hátt og skulu reikningsskil gefa glögga mynd af rekstri þess og efnahag. Að svo miklu leyti sem ekki er sérstaklega mælt fyrir á annan veg í lögum þessum gilda ákvæði laga nr. 145/1994, um bókhald, og laga nr. 144/1994, um ársreikninga, svo og góðar bókhalds- og reikningsskilavenjur.

Ríkisaðilar.

2. gr.

Ríkisaðilar eru æðsta stjórn ríkisins og þeir sem hafa með höndum starfsemi sem lögum samkvæmt lýtur ákvörðunarvaldi stjórnvalda eða eru að hálfu eða meiri hluta í eigu ríkisins.

Flokkun í ríkisreikningi.

3. gr.

Ríkisreikningur skiptist í eftirfarandi hluta:

1. A-hluti. Til hans teljast æðsta stjórn ríkisins, ríkissjóður og ríkisstofnanir, þar með taldir sjóðir í eigu ríkisins sem sinna starfsemi er að stærstum hluta er fjármögnuð af almennum skatttekjum. Sama á við um verðmiðlunar- og verðjöfnunarsjóði, öryggis- og eftirlitsstofnanir og þjónustustofnanir við ríkisaðila sem starfa samkvæmt sérstökum lögum þótt kostnaður við starfsemi þeirra sé ekki greiddur af almennu skattfé. Í A-hluta skal jafnframt gerð grein fyrir fjárreiðum þeirra sem ekki eru ríkisaðilar ef ríkissjóður kostar að öllu eða að verulegu leyti starfsemi þeirra með framlögum eða ber rekstrarlega ábyrgð á starfseminni samkvæmt lögum eða samningi.
2. B-hluti. Til hans teljast ríkisfyrirtæki er starfa á markaði og standa að öllu eða verulegu leyti undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vöru eða þjónustu til almennings og fyrirtækja, hvort sem er í samkeppni eða í skjóli einkaréttar, enda séu þau hvorki sameignar- né hlutafélög.
3. C-hluti. Til hans teljast lánastofnanir í eigu ríkisins aðrar en innlánsstofnanir, enda séu þær hvorki sameignar- né hlutafélög.
4. D-hluti. Til hans teljast fjármálastofnanir ríkisins, þar með taldir bankar og vátryggingarfyrirtæki í eigu ríkisins, enda séu þær hvorki sameignar- né hlutafélög.
5. E-hluti. Til hans teljast sameignar- og hlutafélög sem ríkið á að hálfu eða meira.

Reikningsár ríkisins.

4. gr.

Reikningsár ríkisins, stofnana þess og fyrirtækja, skal vera almanaksárið.

Áritun ríkisreiknings.

5. gr.

Með ríkisreikningi skal fylgja áritun fjármálaráðherra og ríkisbókara þar sem m.a. komi fram að reikningurinn nái til allra stofnana ríkisins og að hann sé gerður í samræmi við lög og þær venjur sem gilda um reikningsskil ríkisins.

Endurskoðun.

6. gr.

Ríkisendurskoðandi er endurskoðandi ríkisreiknings og ársreikninga stofnana og fyrirtækja ríkisins, sbr. lög nr. 12/1986, um ríkisendurskoðun, og skal hann árita þá.

Framlagning ríkisreiknings.

7. gr.

Fjármálaráðherra skal leggja endurskoðaðan ríkisreikning næstliðins reikningsárs fyrir Alþingi eigi síðar en 10 dögum eftir að þing kemur saman að hausti.

A-hluti ríkisreiknings.

8. gr.

A-hluti ríkisreiknings skal gerður í samræmi við viðurkenndar reikningsskilavenjur og skal m.a. geyma eftirfarandi upplýsingar:

a. Reikningsyfirlit er sýni:
   1. Rekstrarreikning.
   2. Efnahagsreikning.
   3. Sjóðstreymi.

   Í yfirlitum skv. 1.–3. tölul. skal sýna samanburð við fjárheimildir ársins og reikningstölur fyrra árs.
b. Skýringar þar sem m.a. komi fram:
   1. Lýsing á reikningsskilaaðferðum.
   2. Yfirlit yfir lán og ábyrgðir þar sem m.a. komi fram:
      a. Tekin löng lán.
      b. Veitt löng lán.
      c. Samningar sem fela í sér fjárskuldbindingar, þar með talið vegna rekstrar og framkvæmda.
      d. Ábyrgðarskuldbindingar.
   3. Önnur yfirlit þar sem m.a. komi fram:
      a. Áhættufé í fyrirtækjum og sjóðum.
      b. Gjaldfærð fjárfesting.
      c. Útgjöld umfram heimildir.
      d. Breytingar á höfuðstólsreikningi.

Ríkistekjur.

9. gr.

Til ríkistekna í A-hluta teljast:

1. Skattar og gjöld sem ríkið leggur á og innheimtir á grundvelli laga án þess að á móti komi beint framlag eða þjónusta í réttu hlutfalli við greiðslur.
2. Rekstrartekjur, þ.e. lögákveðnar tekjur fyrir veitta þjónustu eða starfsemi á vegum ríkisins, auk tekna af eignum, viðurlögum og sektum.
3. Tekjur af sölu eigna, sbr. þó 35. gr.
4. Fjármagnstilfærslur, þ.e. tekjur frá öðrum en opinberum aðilum sem eingöngu eru ætlaðar til að fjármagna fjárfestingar.
5. Fjárframlög, þ.e. óafturkræf framlög frá öðrum.

Skattafslættir.

10. gr.

Skattafslættir, sem ekki eru útborganlegir, skulu dregnir frá tekjum skv. 1. tölul. 9. gr. Þeir skulu þó sýndir sérstaklega í tekjuyfirliti ríkisreiknings.

Útborganlega skattafslætti og bætur skal færa til gjalda.

Innheimta fyrir aðra.

11. gr.

Af sameiginlegum tekjustofni opinberra aðila sem ríkissjóður innheimtir og skiptist í föstum hlutföllum skal aðeins telja þann hluta meðal ríkistekna sem ríkissjóður hefur til eigin ráðstöfunar. Sé hins vegar sveitarfélögum ætluð föst fjárhæð af hinum sameiginlega tekjustofni skal færa tekjurnar að fullu hjá ríkissjóði og sýna ráðstöfun þeirra á gjaldahlið rekstrarreiknings.

Sérgreindir tekjustofnar sveitarfélaga, sem ríkissjóður annast innheimtu á, teljast ekki með tekjum ríkissjóðs.

Lögbundnir tekjustofnar sem ríkissjóður innheimtir, annarra en sveitarfélaga, skulu teljast meðal ríkistekna og ráðstöfun þeirra koma fram á gjaldahlið A-hluta ríkisreikningsins.

Þjónustutekjur.

12. gr.

Tekjur ríkisstofnana af sölu vöru og þjónustu sem seld er á markaðsforsendum skulu færast til lækkunar á gjöldum en jafnframt sýndar sérstaklega í reikningum þeirra.

Flokkun útgjalda.

13. gr.

Gjöldum skal skipt á æðstu stjórn ríkisins og ráðuneyti, en þó skal sýna fjármagnsgjöld sérstaklega. Í séryfirlitum skal sýna:

1. Skiptingu gjalda eftir málaflokkum.
2. Hagræna skiptingu útgjalda.
3. Skiptingu gjalda eftir stofnunum og viðfangsefnum.
4. Ráðstöfun fjár sem veitt er óskiptu í fjárlögum til einstakra ráðuneyta eða ríkisstjórnar með sundurliðunum á viðfangsefni og málaflokka eftir því sem við á.

Varanlegir rekstrarfjármunir.

14. gr.

Varanlega rekstrarfjármuni stofnana í A-hluta skal færa til gjalda á því reikningsári sem til þeirra er stofnað.

Eignir utan efnahags.

15. gr.

Árlega skal halda sérstaka eignaskrá um varanlega rekstrarfjármuni ríkisins. Hún skal sundurliðuð eftir eignaflokkum og skulu niðurstöður hennar birtar með ríkisreikningi.

B- og C-hluti ríkisreiknings.

16. gr.

B- og C-hluti ríkisreiknings skulu hafa að geyma samandregna útgáfu af ársreikningum ríkisfyrirtækja og lánastofnana sem flokkast undir 2. og 3. tölul. 3. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um stytta útgáfu ársreikninga skv. 1. mgr.

D- og E-hluti ríkisreiknings.

17. gr.

Í D- og E-hluta ríkisreiknings skulu sýndar lykiltölur og samandregin útgáfa ársreikninga fjármálastofnana og félaga, sbr. 4. og 5. tölul. 3. gr.

II. KAFLI
Ársreikningar.

Gerð ársreikninga stofnana.

18. gr.

Ársreikningar stofnana í A-hluta skulu hafa að geyma sömu upplýsingar og tilgreindar eru í 8. gr. eftir því sem við getur átt.

Um ársreikninga stofnana ríkisaðila utan A-hluta gilda ákvæði laga um ársreikninga eða ákvæði sérlaga ef þau kveða á um jafnmiklar eða meiri kröfur til ársreikningagerðar.

Undirritun ársreikninga stofnana í A-hluta.

19. gr.

Ársreikningur stofnunar í A-hluta skal undirritaður af forstöðumanni hennar og aðalbókara. Um ábyrgð fyrir gerð ársreikningsins gilda ákvæði 50. gr.

Skil á ársreikningum.

20. gr.

Allar stofnanir A-hluta skulu gera ársreikning og eignaskrá innan tveggja mánaða frá lokum reikningsárs. Alþingi og stofnanir þess skulu senda þessar upplýsingar til Ríkisbókhalds en aðrar stofnanir A-hluta til Ríkisbókhalds, viðkomandi ráðuneytis og Ríkisendurskoðunar. Ríkisbókhaldi er heimilt að lengja skilafrest um allt að 30 daga.

Ríkisaðilar utan A-hluta skulu eigi síðar en 31. mars ár hvert hafa sent Ríkisbókhaldi og viðkomandi ráðuneyti ársreikninga sína. Ríkisbókhald getur framlengt skilafrest um allt að 30 daga.

Einnig skulu þeir sem ekki eru ríkisaðilar og um getur í 3. málsl. 1. tölul. 3. gr. senda ársreikninga sína til Ríkisbókhalds, viðkomandi ráðuneytis og Ríkisendurskoðunar innan þess frests sem getur í 1. mgr.

Æðstu stjórn ríkisins og hverju ráðuneyti ber að sjá til þess að stofnanir, sem undir það heyra, uppfylli ákvæði laga um skilafrest ársreikninga.

III. KAFLI
Frumvarp til fjárlaga.

Almennt.

21. gr.

Þegar er Alþingi kemur saman að hausti skal fjármálaráðherra leggja fram frumvarp til fjárlaga sem nái yfir fjárreiður aðila í A-, B- og C-hluta á næsta fjárlagaári. Frumvarpið skal vera á rekstrargrunni, sbr. 1. gr., en einnig skal gerð grein fyrir áætluðum sjóðshreyfingum. Þannig skal fyrir fram leitað heimilda til greiðslna úr ríkissjóði, eftirgjafar krafna og til að gera hvers konar samninga um fjárhagslegar skuldbindingar fyrir ríkissjóð, ríkisstofnanir, fyrirtæki og sjóði í B- og C-hluta.

Frumvarp til fjárlaga skal samið með hliðsjón af þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar. Skulu áætlanir um tekjur og gjöld í frumvarpinu gerðar á sömu meginforsendum og þjóðhagsáætlun.

A-hluti frumvarps til fjárlaga.

22. gr.

Í frumvarpi til fjárlaga skal sýna áætlaðan rekstrarreikning fyrir ríkisaðila í A-hluta og jafnframt skal þar gerð grein fyrir áætluðu sjóðstreymi og lánahreyfingum ríkissjóðs.

Tekjur ríkissjóðs skulu sýndar eftir meginflokkum tekna og helstu skattstofnum. Skulu þar bæði sýndir álagðir skattar og gjöld og innheimtar tekjur.

Gjöld ríkissjóðs skulu sundurliðuð eftir ábyrgðarsviðum og viðfangsefnum. Gjöld skulu sýnd á rekstrargrunni, sbr. 1. mgr. 21. gr., þannig að þau sýni skuldbindingar að frádregnum þjónustutekjum. Þá skal sýnd fjármögnun gjaldanna.

Fjárveitingar skulu flokkaðar eftir viðfangsefnum og skiptast í almenn rekstrargjöld, viðhaldsgjöld og stofnkostnað.

Lánahreyfingar ríkissjóðs skulu sundurgreindar í langtímalán eða skammtímalán.

Markaðir tekjustofnar og lögbundin framlög.

23. gr.

Breytingar á mörkuðum tekjustofnum eða lögbundnum framlögum skal gera í fjárlögum eða fjáraukalögum. Í frumvarpi til fjárlaga skal vera sérstakt yfirlit um stöðu og ráðstöfun markaðra tekna og lögbundinna framlaga.

Skýringar við tekjur og útgjöld ríkissjóðs.

24. gr.

Í fjárlagafrumvarpi skal í athugasemdum gerð grein fyrir tekjuáætlun ríkissjóðs og útgjaldaáformum æðstu stjórnar ríkisins, ráðuneyta, ríkisstofnana, ríkisfyrirtækja og lánastofnana. Gerð skal grein fyrir ráðstöfun fjárveitinga og efnislegum breytingum frá einu ári til annars. Enn fremur komi fram lýsing á helstu verkefnum einstakra ríkisaðila, verðmæti fjárfestingar og tilgangur styrkja til einkaaðila.

Æðstu stjórn ríkisins, ráðuneytum, ríkisstofnunum, ríkisfyrirtækjum og lánastofnunum er skylt að veita fjármálaráðherra þær upplýsingar sem hann telur nauðsynlegar við gerð frumvarpsins.

B- og C-hluti frumvarps til fjárlaga.

25. gr.

Í B- og C-hluta frumvarps til fjárlaga skal koma fram áætlun um rekstrarafkomu, arðgreiðslur, fjárfestingu, lántökur og lánveitingar einstakra aðila í B- og C-hluta ríkisreikningsins.

Í séryfirlitum skal sýnd sundurliðun á rekstrarreikningi og sjóðstreymi.

Lántökur, endurlán og ábyrgðir.

26. gr.

Í frumvarpi til fjárlaga skal leitað heimilda til lántöku, lánveitinga og ríkisábyrgða. Í athugasemdum skal jafnframt vera yfirlit um heildarlántökur ríkisaðila, lánveitingar til einstakra aðila utan A-hluta og um veitingu ríkisábyrgða og skiptingu þeirra eftir helstu ábyrgðarflokkum.

Áætlun yfir fjárfestingar og lánsfjárþörf.
27. gr.

Frumvarp til fjárlaga skal geyma áætlun yfir fjárfestingu opinberra aðila og lánsfjárþörf. Undirbúningur þessarar áætlunar skal vera á vegum fjármálaráðuneytis og skal það hafa forgöngu um gerð hennar í samvinnu við hlutaðeigandi aðila. Í henni skulu m.a. eftirtalin atriði koma fram:

1. Áætlun um opinberar framkvæmdir og spá um heildarfjárfestingu. Tekur þetta m.a. til fjármögnunar og fjárráðstafana ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og annarra opinberra aðila.
2. Áætlun um lánveitingar og fjármögnun fjárfestingarlánasjóða og sjóðstreymi lífeyrissjóða.
3. Heildaráætlun um lántökur opinberra aðila.
4. Yfirlit um skuldbindingar þjóðarbúsins út á við og áætlaðar greiðslur afborgana og vaxta af erlendum lánum minnst þrjú ár fram í tímann.
5. Yfirlit og spár um lána- og peningamarkaðinn í heild.

Langtímaáætlun.
28. gr.

Með fjárlagafrumvarpi ár hvert skal leggja fram áætlun fyrir ríkisbúskapinn til næstu þriggja ára eftir lok þess fjárhagsárs sem fjárlagafrumvarpið tekur til. Þar skal annars vegar gerð grein fyrir horfum í ríkisbúskapnum í ljósi almennra efnahagshorfa og hins vegar stefnu stjórnvalda í ríkisfjármálum. Fram komi mat á áhrifum ríkisbúskaparins á efnahags- og atvinnumál, áform um öflun tekna og skiptingu gjalda, fjárframlög til fjárfestingar og yfirlit um lánastarfsemi ríkisins og greiðslubyrði lána.

Þegar fjárlög hafa verið samþykkt á Alþingi skal langtímaáætlunin endurskoðuð og lögð fram á Alþingi ef verulegar breytingar hafa orðið á forsendum hennar.

IV. KAFLI
Framkvæmd fjárlaga.
Almennt um A-, B- og C-hluta.

Ráðstöfun eigna og samningar.
29. gr.

Ríkisaðilar í A-, B- og C-hluta skulu hverju sinni afla heimilda í lögum til að kaupa, selja, skipta eða leigja til langs tíma eftirtaldar eignir:

1. Fasteignir.
2. Eignarhluta í félögum.
3. Skip og flugvélar.
4. Listaverk, listmuni og söfn sem hafa að geyma menningarverðmæti.
5. Aðrar eignir sem verulegt verðgildi hafa og ekki falla undir 1.–4. tölul. þessarar greinar, nema annað leiði af ákvæðum þessa kafla.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal heimilt að taka á leigu og leigja út eignir skv. 1. mgr. ef um er að ræða venjubundna rekstrarleigu, enda liggi fyrir samþykki viðkomandi ráðuneytis og fjármálaráðuneytis.

30. gr.

Ráðuneytum er heimilt með samþykki fjármálaráðuneytis og að höfðu samráði við fjárlaganefnd Alþingis að gera verksamninga og samninga um rekstrarverkefni til lengri tíma en eins árs, enda sé verkefnið skilgreint í fjárlögum.

Eignir keyptar nauðungarsölu og ráðstöfun þeirra.

31. gr.

Ríkisaðilar í A-, B- og C-hluta geta án sérstakrar lagaheimildar keypt eignir við nauðungarsölu á grundvelli veðréttar eða skilmála að baki áfallinna ábyrgðarskuldbindinga.

Eignir, sem keyptar eru skv. 1. mgr., skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt.

Viðskipti án staðgreiðslu í A- og B-hluta.

32. gr.

Ríkisaðilum í A- og B-hluta er heimilt að eiga viðskipti án staðgreiðslu, enda séu þau innan marka fjárheimilda, og skal jafnan um það samið hvenær greiða skuli fyrir þau viðskipti. Fjármálaráðherra setur reglur um láns- og reikningsviðskipti.

Um A-hluta.

Ófyrirséð greiðsluskylda A-hluta.

33. gr.

Valdi ófyrirséð atvik því að greiða þarf úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum er fjármálaráðherra að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra og fjárlaganefnd Alþingis heimilt að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún ekki bið. Fjármálaráðherra er skylt að gera grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum og leita heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga.

34. gr.

Séu gerðir kjarasamningar sem kveða á um frekari launaútgjöld ríkisins en fjárlög gerðu ráð fyrir skal svo fljótt sem kostur er leita heimilda Alþingis til slíkra útgjalda með frumvarpi til fjáraukalaga. Launagreiðslum skal þó haga í samræmi við hina nýju kjarasamninga.

Ráðstöfun lausafjár A-hluta.

35. gr.

Ríkisstofnunum er heimilt án sérstakrar lagaheimildar að selja lausafé sem þær hafa notað við starfsemi sína, svo sem ökutæki, vélar, áhöld og annan búnað. Söluandvirði skal skilað í ríkissjóð nema fjármálaráðherra heimili ríkisstofnun að ráðstafa því til endurnýjunar á búnaði.

Gjafir til A-hluta.

36. gr.

Ákveði ríkisstjórn eða ríkisstofnun að þiggja gjöf sem gefin er með kvöðum eða skilyrðum sem óhjákvæmilega hafa í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð ber að taka við gjöfinni með fyrirvara um samþykki Alþingis, enda hafi ekki verið gert ráð fyrir útgjöldum þessum í fjárlögum. Á sama hátt er ríkisstjórn og ríkisstofnunum óheimilt að gefa eða afhenda án endurgjalds eignir nema fyrir fram sé aflað heimilda í fjárlögum.

Yfirfærsla umframgjalda og ónotaðra fjárveitinga A-hluta.

37. gr.

Heimilt er að flytja fjárheimildir milli einstakra rekstrarverkefna innan stofnunar, enda séu verkefnin tilgreind í fjárlögum.

Að fengu samþykki hlutaðeigandi ráðherra og fjármálaráðherra er heimilt að geyma ónotaðar fjárveitingar í lok reikningsárs. Með sama hætti er heimilt að draga skuldir frá fyrra ári frá fjárveitingum ársins.

Yfirfærsla lántökuheimilda.

38. gr.

Heimilt er að geyma ónotaðar lántökuheimildir yfir áramót. Lántökuheimildir skulu þó falla niður ef þær hafa eigi verið nýttar fyrir 1. apríl á næsta ári á eftir fjárlagaári því þegar þær voru veittar.

Fjárvarsla A-hluta.

39. gr.

Ríkisstofnunum er heimilt að fengnu samþykki fjármálaráðherra og með þeim skilyrðum sem hann setur að halda eigin bankareikninga.

Mánaðar- og árshlutauppgjör A-hluta.

40. gr.

Gera skal mánaðarlega greiðsluuppgjör fyrir ríkissjóð. Jafnframt skal fjármálaráðuneytið einu sinni innan reikningsársins gera grein fyrir sérstökum fjárskuldbindingum og kröfum ríkissjóðs sem áfallnar eru á árinu og ekki hafa komið til greiðslu. Að minnsta kosti einu sinni innan reikningsársins skal fjármálaráðherra gera grein fyrir horfum í ríkisfjármálum og lánsfjármálum á árinu og afkomu stofnana.

Um B-, C- og D-hluta.

Fjárskuldbindingar B- og C-hluta.

41. gr.

Ríkisaðilum í B- og C-hluta er heimilt að fengnu samþykki fjármálaráðuneytis ásamt samþykki viðkomandi ráðuneytis að stofna til frekari fjárskuldbindinga en fjárlög gera ráð fyrir, enda sé það gert í þeim tilgangi einum að tryggja rekstrarhagsmuni fyrirtækisins.

Ráðstöfun eigna B- og C-hluta.

42. gr.

Ríkisaðilum í B- og C-hluta er heimilt án sérstakrar lagaheimildar að selja eða leigja varanlega rekstrarfjármuni sína, aðra en þá sem um getur í 1.–4. tölul. 29. gr., og ráðstafa söluandvirðinu eða leigunni í þágu starfseminnar.

Ráðstöfun rekstrarhagnaðar B-, C- og D-hluta.

43. gr.

Ríkisaðilar í B-, C- og D-hluta skulu skila rekstrarhagnaði sínum í ríkissjóð eftir nánari reglum er fjármálaráðherra setur með reglugerð að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra, enda mæli lög ekki fyrir um annað.

V. KAFLI
Frumvarp til fjáraukalaga.

Almennt um frumvarp til fjáraukalaga.

44. gr.

Ef þörf krefur skal í frumvarpi til fjáraukalaga leitað eftir heimildum til frekari fjárráðstafana en fjárlög ársins gera ráð fyrir.

Frumvarp til fjáraukalaga innan fjárhagsárs.

45. gr.

Valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að grípa þarf til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skal leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga. Heimilda fyrir fjárráðstöfunum af þessu tagi, sem grípa þarf til eftir samþykkt fjáraukalaga, skal leitað í lokafjárlögum, sbr. 46. gr.

Öðrum óskum um breyttar heimildir til fjárráðstafana en getur í 1. mgr. skal jafnan vísað til ákvörðunar Alþingis í tengslum við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár.

Frumvarp til lokafjárlaga til staðfestingar á ríkisreikningi.

46. gr.

Með ríkisreikningi sem lagður er fram á Alþingi, sbr. 7. gr., skal fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar. Þar skal leitað heimilda til uppgjörs á skuldum eða óhöfnum fjárveitingum sem ekki eru fluttar milli ára. Jafnframt skal leggja fram sérstaka skrá ásamt skýringum yfir geymdar fjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins. Heimilt er að greiða slíka umframgreiðslu af fjárveitingu næsta árs. Einnig skal gerð grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

Ríkisreikningsnefnd.

47. gr.

Fjármálaráðherra skipar ríkisreikningsnefnd er skal vera honum til ráðuneytis um framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings og annars er þýðingu hefur fyrir það reikningslega kerfi er lögum þessum er ætlað að tryggja.

Ef vafi leikur á um túlkun laga þessara eða framkvæmd þeirra að öðru leyti skal óskað álits ríkisreikningsnefndar áður en ákvörðun er tekin eða reglur settar.

Skipun ríkisreikningsnefndar.

48. gr.

Ríkisreikningsnefnd skal skipuð sex mönnum. Í henni skulu sitja ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytis, ríkisbókari, ríkisendurskoðandi og hagstofustjóri auk tveggja fulltrúa sem fjármálaráðherra skipar eftir tilnefningu. Ráðherra skipar formann nefndarinnar úr hópi nefndarmanna.

Ríkisbókhald.

49. gr.

Ríkisbókhald hefur yfirumsjón með bókhaldi og ársreikningum ríkisaðila í A-, B- og C-hluta ríkisreiknings. Það skal gæta þess að samræmi sé við færslu bókhalds og gerð reikningsskila hjá þeim.

Ríkisbókhald skal veita ríkisaðilum aðstoð og ráðgjöf um bókhald og reikningsskil og setja ríkisaðilum í A-, B- og C-hluta ríkisreiknings framkvæmdar- og verklagsreglur ásamt leiðbeiningum sem þýðingu geta haft við færslu bókhalds og gerð ársreikninga.

Ríkisbókhald skal annast gerð ríkisreiknings.

Ríkisbókari veitir Ríkisbókhaldi forstöðu og skal hann skipaður af fjármálaráðherra.

Ábyrgð á fjárreiðum.

50. gr.

Forstöðumenn og stjórnir ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja bera ábyrgð á því að fjárhagsráðstafanir þeirra stofnana og fyrirtækja er undir þá heyra séu í samræmi við heimildir. Þessir aðilar bera jafnframt ábyrgð á því að ársreikningur viðkomandi stofnunar eða fyrirtækis sé gerður í samræmi við lög þessi og að staðið sé við skilaskyldu á ársreikningum til Ríkisbókhalds.

Brot á ákvæðum laga þessara varða skyldur opinberra starfsmanna samkvæmt lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

VII. KAFLI

Reglugerðir og gildistaka.

Reglugerðarheimildir.

51. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara.

Gildistaka.

52. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, með síðari breytingum. Þau skulu þó gilda um gerð ríkisreiknings fyrir árið 1996, sem og um gerð fjárlaga og fjáraukalaga fyrir það ár. Frá 1. janúar 1997 falla og úr gildi lög nr. 103/1974, um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja, og 1., 5.–10. gr. laga nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana.

988. Lög [334. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Alþingi 17. maí.)

Samhljóða þskj. 980.

989. Upplýsingalög. [361. mál]

(Afgreidd frá Alþingi 17. maí.)

Samhljóða þskj. 986 (sbr. 630).

990. Lög [518. mál]

um breyting á lögum um framboð og kjör forseta Íslands, nr. 36 12. febrúar 1945, með síðari breytingu.

(Afgreidd frá Alþingi 17. maí.)

Samhljóða þskj. 951.

991. Breytingartillaga [313. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 74/1984, um tóbaksvarnir.

Frá Össuri Skarphéðinssyni og Ögmundi Jónassyni.

Við 3. gr. Orðin „munntóbak og“ í 5. efnismgr. falli brott.

992. Nefndarálit [501. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66/1995, um grunnskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund frá menntamálaráðuneyti Þórunni J. Hafstein skrifstofustjóra, Hrólf Kjartansson deildarstjóra og Ólaf Darra Andrason deildarsérfræðing, frá fjármálaráðuneyti Leif Eysteinsson deildarstjóra, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson, Þórð Skúlason og Garðar Jónsson, frá Kennarasambandi Íslands Guðrúnu Ebbu Ólafsdóttur, Erlu Gunnarsdóttur frá Safamýrarskóla, Gunnar Salvarsson frá Vesturhlíðarskóla, Einar Hólm Ólafsson frá Öskjuhlíðarskóla, Guðlaugu Teitsdóttur frá Einholtsskóla og Eggert Jónsson og Viktor A. Guðlaugsson frá Reykjavíkurborg.

Frumvarpið er flutt vegna yfirfærslu grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga og er það byggt á samkomulagi milli aðilanna frá því í mars sl.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Miða breytingarnar annars vegar að því að gera ákvæði 1. gr. skýrara, en samkvæmt því er Sambandi íslenskra sveitarfélaga falið frumkvæði að lausn á málefnum grunnskólans sem varða fleiri en eitt sveitarfélag og ekki er kveðið á um

hvernig fara skuli með í lögum, reglugerðum eða samkomulag hefur náðst um. Líklegt er að á ákvæðið reyni fyrst og fremst varðandi sérskóla, en mjög mikilvægt er að tryggja grundvöll þeirrar viðkvæmu starfsemi sem þar fer fram. Hins vegar miða tillögurnar að því að endurskoða skuli ákvæði 1. gr. fyrir 1. janúar 1999 eða á tímabilinu í kjölfar flutnings grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga.

Alþingi, 17. maí 1996.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Sigríður Jóhannesdóttir.
Tómas Ingi Olrich.	Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.	Árni Johnsen.
Ólafur Örn Haraldsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir, með fyrirvara.	Arnbjörg Sveinsdóttir.

993. Breytingartillögur [501. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 66/1995, um grunnskóla.

Frá menntamálanefnd.

1. Í stað orðanna „fer með þau málefni“ í 1. gr. komi: hefur frumkvæði að lausn málefna.
2. Við 6. gr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Ákvæði 1. gr. skal endurskoða eigi síðar en 1. janúar 1999.

994. Frumvarp til laga [526. mál]

um eldi sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

I. KAFLI
Tilgangur, gildissvið o.fl.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja svo sem kostur er gæði, heilnæmi og hollustu sláturafurða, að þær séu ómengaðar og framleiddar við fullnægjandi hreinlætisaðstæður, að þær séu metnar og flokkaðar eftir tegundum og gæðum og að merkingar og upplýsingar séu réttar.

2. gr.

Lög þessi ná yfir:

a. eldi sláturdýra;
b. slátrun, hlutun, úrbeiningu og vinnslu sláturafurða í sláturhúsum;
c. framleiðslu á kjötvörum í sláturhúsum og vinnslustöðvum sem vinna sláturafurðir á erlendan markað;
d. geymslu og flutning afurðanna innan lands og aðstöðu og meðferð afurðanna á útflutningsstað;
e. heilbrigðisskoðun og rannsóknir á sláturdýrum og sláturafurðum;
f. gæðamat, flokkun og merkingu á kjöti;
g. heimaslátraðar afurðir;
h. villibráð sem fer til frekari vinnslu í viðurkenndum vinnslustöðvum.

3. gr.

Merking orða er í lögum þessum sem hér segir:

Sláturfénaður: Sauðfé, nautgripir, hross, svín, geitfé, hreindýr, alifuglar og önnur dýr sem slátrað er til manneldis.

Sláturafurðir: Kjöt og slátur af öllum sláturfénaði.

Sláturhús: Aðstaða sem löggilt hefur verið til slátrunar á sláturfénaði.

Sláturúrgangur: Afurðir sem falla til við slátrun sláturfénaðar og ekki eru nýttar til manneldis.

Kjötvinnslustöð: Hver sú aðstaða sem landbúnaðarráðherra hefur löggilt til vinnslu sláturafurða.

Kjötskoðunarlæknir: Dýralæknir sem annast kjötskoðun og heilbrigðiseftirlit í sláturhúsum og kjötvinnslustöðvum.

Kjötmatsmaður: Hver sá kjötmatsmaður sem hefur fengið viðurkenningu landbúnaðarráðuneytisins.

Slátrari: Hver sá aðili sem hefur hlotið viðurkenningu landbúnaðarráðuneytisins til að starfa sem slátrari.

Villibráð: Villt dýr sem ætluð eru til manneldis.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til. Yfirdýralæknir skal vera ráðherra til aðstoðar og ráðuneytis um allt er lýtur að framkvæmd laganna.

II. KAFLI
Útbúnaður sláturhúsa og kjötvinnslustöðva.

5. gr.

Sláturfénaði, sem slátra á í þeim tilgangi að flytja sláturafurðirnar á erlendan markað eða til dreifingar og neyslu innan lands, skal slátra í löggiltum sláturhúsum. Kæling og frysting afurðanna skal fara fram í viðurkenndum kælum og frystum og geymsla þeirra í viðurkenndum kæligeymslum og frystigeymslum.

Landbúnaðarráðherra löggildir sláturhús, kæligeymslur, frystihús og kjötvinnslustöðvar, að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, ef húsin eru að þeirra dómi svo fullkomin að gerð og öllum útbúnaði að hægt sé þess vegna að fullnægja öllum kröfum um heilbrigði, hollustu og góða meðferð afurðanna. Í löggildingu sláturhúss skal tilgreina hámarksdagsslátrun.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um gerð og búnað sláturhúsa og kjötvinnslustöðva, lágmarkskröfur varðandi fyrirkomulag, hreinlæti og útbúnað þeirra, rekstur rannsóknastofa, reglur um notkun hreinsi- og sótthreinsiefna og eftirlit með heilsufari starfsfólks.

Eigendum lögbýla er heimilt að slátra búfé sínu á sjálfu býlinu til eigin neyslu. Landbúnaðarráðherra getur sett reglur um töku og sendingu sýna til rannsókna úr þessum sláturfénaði og afurðum samkvæmt tillögum yfirdýralæknis.

6. gr.

Hver sá sem hyggst slátra sauðfé eða öðrum fénaði sem lög þessi taka til í þeim tilgangi að dreifa afurðum skal senda landbúnaðarráðuneyti umsókn um löggildingu aðstöðu til slátrunar, kælingar, frystingar, vinnslu og geymslu sláturafurða. Hver sá sem hyggst byggja hús til slátrunar og til úrvinnslu og geymslu sláturafurða eða gera meiri háttar breytingar og endurbætur á slíkum húsum skal senda landbúnaðarráðuneytinu teikningar af húsunum og fá samþykki þess á þeim áður en framkvæmdir hefjast. Leita skal umsagnar yfirdýralæknis um teikningarnar og fyrirhugaðar breytingar og endurbætur. Eftir löggildingu skulu héraðsdýralæknar annast árlega skoðun á sláturhúsum, kjötgeymslum og kjötvinnslustöðvum undir stjórn yfirdýralæknis og samkvæmt reglum sem hann setur.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð ákvæði um þekkingu og verkkunnáttu sláturhússtjóra, verkstjóra og slátrara, en í hverju sláturhúsi skal starfa maður með slátraramenntun.

7. gr.

Nú fullnægir sláturhús, kjötgeymsla eða kjötvinnslustöð eigi lengur skilyrðum þeim sem sett voru fyrir löggildingu, og ber þá héraðsdýralækni sem eftirlitið hefur annast að skýra þeim sem sláturleyfi hefur og yfirdýralækni samstundis frá því. Yfirdýralæknir setur umráðamönnum hússins hæfilegan frest til að lagfæra það sem ábótavant er. Löggildingin fellur niður um stundarsakir ef eigi er bætt úr göllum innan frestsins. Yfirdýralæknir tilkynnir þá jafnframt ráðherra að slátrun á þeim stað skuli þá þegar stöðvuð uns úr hefur verið bætt.

8. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð ákvæði um flutning kjöts og sláturafurða á markað, útbúnað flutningatækja og meðferð afurðanna í flutningi.

9. gr.

Sjúkum og slösuðum dýrum má slátra utan sláturhúsa í samræmi við nánari reglur sem landbúnaðarráðherra setur að fengnum tillögum yfirdýralæknis og í samráði við umhverfisráðherra.

Ekki má slátra í sláturhúsi sýnilega sjúku sláturfé er sýkingarhætta getur stafað af að áliti kjötskoðunarlæknis, nema sérstakur klefi sé til þeirra nota einna í sláturhúsinu.

Sjálfdauðar skepnur eða afurðir af þeim má aldrei flytja í sláturhús eða frystihús.

Sláturfénað, sem kominn er í sláturhúsrétt, má eigi flytja þaðan til lífs heldur skal honum slátrað, nema til komi leyfi yfirdýralæknis.

III. KAFLI
Eftirlit.

10. gr.

Sláturfénaður má ekki vera haldinn sjúkdómi né bera leifar lyfja eða annarra aðskotaefna sem geta verið hættuleg heilsu neytenda.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð ákvæði um:

a. rannsóknir og eftirlit sláturfénaðar til að tryggja heilbrigði og heilnæmi afurðanna,
b. söfnun gagna og nauðsynlega sýnatöku úr búfé heima á lögbýlum til að kanna útbreiðslu sjúkdóma, smitefna og aðskotaefna, þar með talin vaxtaraukandi efni,
c. hvernig hátta skal sýnatöku úr sláturafurðum varðandi gerlamengum, lyfjaleifar, aðskotaefni og vaxtaraukandi efna,
d. heilbrigðisskoðun og merkingar á sláturfénaði, kjöti og sláturafurðum og um meðferð afurðanna,
e. lágmarksreglur varðandi innra eftirlit sláturhúsa og kjötvinnslustöðva.

11. gr.

Heilbrigðisskoðun skal fara fram á öllum sláturfénaði sem um getur í lögum þessum áður en slátrun fer fram og mega ekki líða meira en 12 klukkustundir frá þeirri skoðun og til slátrunar. Þó þarf slík skoðun ekki að fara fram ef upplýsingar um eldi, heilbrigði og lyfjagjöf fylgja sláturgrip í sláturhús samkvæmt reglum sem yfirdýralæknir setur. Enn fremur skal heilbrigðisskoðun á öllu kjöti og slátri af þeim sláturfénaði sem um getur í lögum þessum fara fram í sláturhúsinu áður en frysting, söltun eða önnur vinnsla fer fram og það er boðið til sölu. Að skoðun lokinni skal kjötskoðunarlæknir merkja kjötið samkvæmt reglugerð er landbúnaðarráðherra setur um heilbrigðisskoðun og merkingu á kjöti og slátri að fengnum tillögum yfirdýralæknis.

Til að standa straum af kostnaði við heilbrigðiseftirlit dýralækna með sláturafurðum skal landbúnaðarráðherra innheimta gjald af öllu innvegnu kjöti í afurðastöð sem rennur í sérstakan sjóð í vörslu landbúnaðarráðuneytisins. Eftirlitsgjald þetta miðast við raunkostnað og skal vera 2,50 kr. á hvert kíló kjöts miðað við vísitölu framfærslukostnaðar í janúar 1996. Ráðherra setur nánari ákvæði um gjaldskyldu, innheimtu, gjalddaga, áætlun, lögvernd og annað er lýtur að framkvæmd á innheimtu gjaldsins.

12. gr.

Kjötskoðunarlæknir annast heilbrigðisskoðun og merkingu á kjöti og öðrum sláturafurðum. Ef nauðsyn krefur má fela heilbrigðisskoðun þessa öðrum sem í því skyni hafa nægja þekkingu og þjálfun að mati yfirdýralæknis, enda starfi þeir eingöngu undir stjórn kjötskoðunarlæknis.

Kjötskoðunarlæknir skal, í samvinnu við kjötmatsmenn, hafa eftirlit með því að fyllsta hreinlætis sé gætt í sláturhúsi, umgengni sé þrifaleg og afurðirnar óhreinkist ekki eða sóttmengist. Hann skal hafa eftirlit með þrifum og sótthreinsun á byggingum og búnaði í sláturhúsum og í kjötvinnslustöðvum sem lög þessi ná til. Þá skal hann hafa eftirlit með meðferð afurða, svo sem kælingu, frystingu, hlutun, brytjun, pökkun, merkingu og flutningi þeirra.

Kjötskoðunarlæknir skal fylgjast reglulega með innra eftirliti sláturhúsa og kjötvinnslustöðva.

13. gr.

Yfirdýralæknir getur fyrirskipað sérstaka heilbrigðisskoðun á kjöti og slátri, enda þótt það hafi áður hlotið lögboðna heilbrigðisskoðun og merkingu.

IV. KAFLI
Meðhöndlun og heilbrigði afurða.

14. gr.

Kjöt, sláturafurðir og unnar kjötvörur má ekki framleiða, selja eða afhenda ef afurðirnar eru óhreinar, mengaðar, skemmdar eða með annarlegri lykt eða útliti og hætta er á sýkingum eða eitrunum við venjulega neyslu afurðanna.

Sláturafurðum, sem reynast spilltar eða sýktar svo að hætta getur stafað af til manneldis eða fóðurgerðar samkvæmt ákvörðun kjötskoðunarlæknis, skal þegar í stað eytt samkvæmt reglum sem landbúnaðarráðherra setur.

Landbúnaðarráðherra getur fyrirskipað dreifingarbann, upptöku og eyðingu á vörum sem ekki uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í lögunum eða reglum, settum samkvæmt þeim.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um slátrun, kælingu, frystingu, hlutun, brytjun, pökkun, flutning og aðra meðferð kjöts og sláturafurða.

V. KAFLI
Gæðamat sláturafurða.

15. gr.

Kjötmatsmenn skulu meta allt kjöt og slátur af sláturfénaði er um getur í lögum þessum og flutt er á erlendan markað eða til sölu innan lands og flokka og merkja eftir tegundum og gæðum. Þá gæta kjötmatsmenn þess, í samvinnu við kjötskoðunarlækni, að reglum um slátrun og sláturhús sé fylgt, einkum að því er varðar hreinlega og góða meðferð sláturafurða. Um störf og skyldur kjötmatsmanna skal ákveðið með reglugerð sem landbúnaðarráðherra setur. Sláturleyfishafar greiða allan kostnað af starfi kjötmatsmanna.

Heimilt er að óska eftir endurmati á kjöti og slátri og skal rökstudd beiðni þar um send yfirdýralækni.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um gæðamat, flokkun og merkingu á kjöti og sláturafurðum að fengnum tillögum yfirdýralæknis er hafi samráð við helstu hagsmunaaðila.

16. gr.

Yfirdýralæknir hefur yfirumsjón með gæðamati á kjöti og slátri samkvæmt lögum þessum og samræmir mat og flokkun á því samkvæmt reglugerðum sem settar verða.

17. gr.

Nú vanrækir kjötmatsmaður starf sitt að dómi yfirdýralæknis, beitir hlutdrægni við matið eða leysir það illa af hendi á einhvern hátt, og er þá yfirdýralækni heimilt að víkja honum frá um stundarsakir og endanlega ef um alvarlegt brot er að ræða. Heimilt er kjötmatsmanni að skjóta ákvörðun yfirdýralæknis til landbúnaðarráðherra til endanlegrar afgreiðslu.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

18. gr.

Ráðherra setur gjaldskrá þar sem kveðið er á um leyfisgjöld fyrir kjötvinnslustöðvar og heilbrigðisvottorð sem gefin eru út samkvæmt lögum þessum að fengnum tillögum yfirdýralæknis. Við ákvörðun um gjaldskrá skal miða við að tekjur standi undir útgjöldum vegna eftirlits og rannsókna.

19. gr.

Yfirdýralækni, héraðsdýralæknum eða fulltrúum þeirra skal hvenær sem er vera heimill aðgangur að húsnæði og fyrirtækjum þar sem sláturdýr eða afurðir þeirra eru geymd og skulu þeim veittar allar nauðsynlegar upplýsingar vegna eftirlits og rannsókna sem óskað er á grundvelli laga þessara.

20. gr.

Hlíti eigandi eða umráðaaðili fyrirtækis eða sláturdýra ekki ákvörðun ráðherra samkvæmt lögum þessum er lögreglustjóra skylt að hlutast til um framkvæmd á fyrirmælum ráðherra.

21. gr.

Óheimilt er að flytja úr landi afurðir sem ekki uppfylla kröfur innflutningslandsins um heilbrigði, gæði, umbúðir og merkingar.

VII. KAFLI
Refsiákvæði og gildistaka.

22. gr.

Brot gegn lögum þessum, reglugerðum og fyrirmælum, settum samkvæmt þeim, varða sektum eða fangelsi ef sakir eru miklar.

Með mál vegna brota skal farið að hætti opinberra mála.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, ásamt síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Reglugerðir, auglýsingar og önnur fyrirmæli sett samkvæmt lögum nr. 30/1966, með síðari breytingum, skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau stangast ekki á við lög þessi þar til nýjar reglugerðir, auglýsingar eða önnur fyriurmæli hafa öðlast gildi.

II.

Stöðu kjötmatsformanns skal samhliða gildistöku laganna breytt í stöðu deildarstjóra hjá embætti yfirdýralæknis.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta byggist á tillögum nefndar sem landbúnaðarráðherra skipaði á árinu 1994 til þess að endurskoða lög nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum. Lögin hafa að mestu staðið óbreytt síðan þau voru sett árið 1966 og staðist nokkuð vel breytta tíma. Sambærileg löggjöf nágrannalandanna hefur nýlega verið endurskoðuð og nú hafa þau hvert af öðru, á síðustu 2–3 árum, sett sér ný lög um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

Með þeirri endurskoðun sem hér liggur fyrir er fyrst og fremst verið að aðlaga löggjöf um þetta efni að breyttum tímum og nýjum viðhorfum í þessum efnum með hliðsjón af reglum á helstu markaðssvæðum fyrir kjöt og sláturafurðir. Voru nýju lögin í Danmörku og Svíþjóð, svo og reglur ESB, höfð til hliðsjónar við samningu þessa frumvarps.

Viðhorf varðandi eftirlit með matvælum hafa talsvert breyst á undanförnum árum. Nú er lögð sífellt meiri áhersla á að færa eftirlitið framar í framleiðslukeðjuna og skoðun á tilbúinni vöru hefur fengið minna vægi. Ekki er sama áhersla lögð á auðsæjar breytingar á afurðunum, heldur hreinleg vinnubrögð og að komið sé í veg fyrir að örverur, sem valdið geta matarsýkingum, geti borist með hráefninu. Í því samhengi er mikilvægt að hafa í huga að á síðustu áratugum hafa matarvenjur breyst, t.d. hefur matreiðsla flust í meiri eða minni mæli frá heimilunum í stóreldhús eða vinnslustaði sem búa út hálftilbúna rétti til sölu í verslunum og stórmörkuðum. Einnig er mikilvægt að samfella sé í eftirliti með afurðunum. Hugtakið „frá bónda til borðs“ er sprottið af þeirri hugsun. Í samræmi við þetta er gildissvið laganna víkkað þannig að einnig sé unnt að hafa eftirlit með *eldi sláturdýra*. Í eldri lögum voru ákvæði um skoðun á lifandi búfé í sláturhúsrétt, en nú er gert ráð fyrir að landbúnaðarráðherra setji reglur um skoðun, rannsóknir og sýnatökur í hjörðum sláturfjár á framleiðslustöðunum hjá bændunum. Í raun hefur þetta þegar hafist með sýnatöku vegna salmonellu í alifuglabúum.

Önnur viðhorfsbreyting, sem lögin taka einnig til, er aukin krafa um *innra eftirlit* fyrirtækjanna sjálfra. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að settar verði reglur um innra eftirlit í sláturhúsum og kjötvinnslu þeirra. Það samræmist ákvæðum í 23. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995.

Þá verður að telja tímabært að gera breytingar á skipulagi á gæðamati kjöts, einkum að því er varðar yfirstjórn þess, til þess einkanlega að gera það skilvirkara og sveigjanlegra. Með frumvarpi þessu er vikið frá tillögum þeirrar nefndar sem vann að samningu þess í því að lagt er til að starf kjötmatsformanns verði fært til embættis yfirdýralæknis, en stöður yfirkjötmatsmanna í hverjum fjórðungi verði lagðar niður.

Nefndin, sem vann að undirbúningi þessa frumvarps, sendi spurningalista til helstu hagsmunaaðila varðandi það hvort áfram ætti að gæðameta kjöt og hvort viðhalda ætti núverandi fyrirkomulagi í sambandi við gæðamatið. Mjög skýrt kom fram í svörunum að hagsmunaðilar telja núverandi fyrirkomulag gott og að ekki sé ástæða til að breyta því.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin fjallar um tilgang laganna, en slíkt ákvæði er ekki í gildandi lögum. Tilgangur laganna er:

— að tryggja eins og kostur er gæði, heilnæmi og hollustu sláturafurða,
— að tryggja að sláturafurðir séu ómengaðar og framleiddar við fullnægjandi hreinlætisaðstæður,
— að tryggja að sláturafurðir séu metnar og flokkaðar eftir tegundum og gæðum og að merkingar og upplýsingar séu metnar.

Um 2. gr.

Gildissviði laganna er lýst í þessari grein, en það er mun rýmra en í núgildandi lögum. Eins og áður er fram komið er það nýmæli að lögunum sé einnig ætlað gilda um ákveðna þætti í eldi sláturdýra. Sú rýmkun miðar að því að færa eftirlitið framar í framleiðslukeðjunni í stað þess að beina því, eins og verið hefur, að lokaafurðinni. Reynsla af þessari áherslubreytingu er reyndar ekki óþekkt hér á landi þar sem slíkum vinnubrögðum hefur verið beitt við slátrun alifugla.

Þá er gert ráð fyrir að settar verði reglur um innra eftirlit í sláturhúsum og er það í samræmi við löggjöf nágrannaþjóða okkar og nýlega samþykkt lög sem fjalla um aðra matvælavinnslu og fiskvinnslu. Þá er það nýmæli að lög nái til eftirlits með afurðum af heimaslátruðu búfé og villibráð sem fer til vinnslu og manneldis.

Um 3. gr.

Í þessari grein er að finna skýringar á ýmsum orðum og hugtökum sem koma fyrir í textanum. Fleiri heiti eru nú skýrð en gert er í gildandi lögum.

Um 4. gr.

Greinin fjallar um yfirstjórn samkvæmt lögunum. Gert er ráð fyrir að yfirdýralæknir sé landbúnaðarráðherra til aðstoðar og ráðuneytis um allt er lýtur að framkvæmd laganna þar á meðal um gæðamat á kjöti sem er nýmæli. Hér er um að ræða nokkra einföldun og hagræðingu að því leyti að ekki er lengur gert ráð fyrir að kjötmatsformaður eða yfirkjötmatsmenn, en þeir störfuðu hver í sínum landsfjórðungi, vinni að samræmingu á kjötmati eða taki við kvörtunum vegna kjötmats, heldur verður slíkt starf hér eftir á vegum embættis yfirdýralæknis.

Um 5. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. gr. gildandi laga, en síðasta málsgreinin er þó nýmæli og fjallar um heimaslátrun til eigin neyslu. Gert er ráð fyrir að heimaslátrun sé bundin við lögbýli og er slík takmörkun til þess fallin að draga úr hættu á útbreiðslu smitefna. Greinin heimilar ráðherra að setja reglur um sýnatöku af heimaslátruðu búfé,

en það er nauðsynlegt til að unnt sé að fylgjast með dýrasjúkdómum og hugsanlegri útbreiðslu þeirra.

Um 6. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 3. gr. núgildandi laga. Í síðari málsgreininni kemur þó fram það nýmæli að sett verði í reglugerð ákvæði um að í sérhverju sláturhúsi starfi slátraramenntaður starfsmaður. Nauðsynlegt er að auka verkkunnáttu við slátrun og meðferð afurða í sláturhúsum. Ákvæði um að skylt sé að hafa slátraramenntaðan starfsmann í hverju sláturhúsi mundi stuðla að því að festa í sessi unga stétt slátrara, en ráðgert er að skipulagt slátraranám hefjist í Iðnskólanum í Reykjavík á árinu 1996. Þótt hér hafi lengi verið þörf fyrir slíka starfsmenntun varð fyrst grundvöllur fyrir hana þegar slátrun á nautgripum, hrossum og svínum fór að dreifast nokkuð jafnt yfir allt árið. Haldin hafa verið sex vikna námskeið fyrir þá starfsmenn í sláturhúsum sem hafa mikla alhliða reynslu í slátrun. Fyrirhugað er að halda annað slíkt námskeið á þessu ári en að sérstakt slátraranám hefjist síðan í Iðnskólanum í Reykjavík á síðari hluta þessa árs eins og áður segir.

Um 7. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 4. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Hér er kveðið á um skyldu ráðherra til að setja sérstaka reglugerð um flutning á kjöti og sláturafurðum á markað, útbúnað flutningatækja og meðferð á afurðunum í flutningum. Ástæða þykir til að kveða sérstaklega á um þetta atriði þar sem meðferð sláturafurða í flutningum hefur oft verið afar ábótavant og mikil þörf er á að bæta þar úr. Ekki hefur til þessa verið kveðið á um svo víðtæka heimild sem þessa, en slíkt er nauðsynlegt vegna tíðari flutninga á ferskum afurðum en áður hefur tíðkast.

Um 9. gr.

Í þessari grein er kveðið á um undanþágu frá hinni almennu skyldu að dýrum skuli slátrað í sláturhúsi ef selja á afurðirnar á markaði. Nauðsynlegt er vegna dýraverndunar-sjónarmiða að veita slíka heimild. Þetta ákvæði er í samræmi við reglur nágrannalandanna og er gert ráð fyrir að settar verði reglur um slíka slátrun að höfðu samráði við umhverfisráðherra, en dýravernd heyrir undir ráðuneyti hans. Önnur ákvæði þessarar greinar er að finna í 6. gr. gildandi laga.

Um 10. gr.

Greinin hefur að hluta til að geyma nýmæli sem eiga sér hliðstæðu í löggjöf nágrannalandanna. Þau endurspegla ný viðhorf sem vikið er að í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu. Er þar átt við ákvæðin um rannsóknir og eftirlit í hjörðum sláturfénaðar og ákvæðið um innra eftirlit í sláturhúsum og kjötvinnslu þeirra.

Um 11. gr.

1. mgr. greinarinnar er samhljóða 1. mgr. 5. gr. gildandi laga. 2. mgr. er samhljóða efni laga nr. 160/1994, um breytingu á lögum nr. 30/1966, sem lögfest var til að uppfylla kröfur ESB og USA um að eftirlitsaðili fái ekki greiðslu fyrir þjónustu sína beint frá þeim aðila sem eftirlitið beinist að.

Um 12. gr.

Hér er kveðið á um að dýralæknar skuli annast heilbrigðiskoðun á sláturdýrum og sláturafurðum. Fellt er brott ákvæði í gildandi lögum um að náist ekki til dýralæknis skipi ráðherra lækni til þessa starfs. Ekki er lengur talin þörf á slíku ákvæði, þar sem dýralæknum hefur fjölgað og sláturhúsum fækkað frá því sem var við gildistöku laga nr. 30/1966. Í greininni eru einnig ákvæði um að kjötskoðunarlæknar skuli annast og/eða bera ábyrgð á eftirliti með meðferð og vinnslu afurða, þrifum og sótthreinsun á húsum og búnaði og fylgjast reglulega og skipulega með innra eftirliti sláturhúsa og kjötvinnslustöðva. Í núgildandi lögum er í raun bæði kjötmatsmönnum og dýralæknum falið eftirlit með hreinlæti við slátrun. Áfram er ætlast til þess að dýralæknar og kjötmatsmenn hafi samvinnu um þetta eftirlit, en eðlilegast þykir að einn aðili beri ábyrgð á eftirlitinu.

Um 13. gr.

Sambærileg ákvæði eru í 12. gr. gildandi laga og þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 14. gr.

Í 1. mgr., sem er efnislega samhljóða 1. mgr. 6. gr. gildandi laga, er lagt bann við framleiðslu, sölu eða afhendingu á sláturafurðum, kjöti og unnum kjötvörum ef um óhreinar afurðir er að ræða, mengaðar, skemmdar eða með annarlegri lykt o.s.frv. Slík ákvæði er jafnframt að finna í reglugerð nr. 168/1970 um heilbrigðisskoðun á sláturafurðum, sbr. breytingu með rg. nr. 630/1982. Ástæða þykir til að auka við efni núgildandi 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/1966 og er bætt við ákvæði um bann við notkun spilltra eða sýktra afurða til fóðurgerðar vegna hættu á smitdreifingu.

Þá þykir ástæða til, sbr. 3. mgr. greinarinnar, að hafa í lögum skýr ákvæði um heimild landbúnaðarráðherra til að fyrirskipa dreifingarbann, upptöku og eyðingu á vörum sem ekki uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í lögunum eða reglugerðum, settum samkvæmt þeim. Gildir það m.a. um mengun á sláturafurðum með salmonellusýklum eða öðrum sýklum og lyfja- og efnamengun.

4. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 8. gr. gildandi laga.

Um 15. gr.

Greinin er hliðstæð 1. mgr. 8. gr. gildandi laga. Nýmæli er að haft sé samráð við helstu hagsmunaaðila áður en mótaðar eru tillögur um gæðamat, flokkun og merkingu á kjöti og öðrum sláturafurðum, sbr. 3. mgr. greinarinnar.

Um 16. gr.

Hér er lagt til að yfirdýralæknir taki við yfirumsjón með gæðamati á kjöti og slátri, en það er samkvæmt gildandi lögum í höndum kjötmatsformanns. Lagt er til að starf kjötmatsformanns verði fært til yfirdýralæknis, sbr. einnig ákvæði til bráðabirgða II með frumvarpinu.

Um 17. gr.

Greinin er hliðstæð 11. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Greinin gerir ráð fyrir að sett verði gjaldskrá um leyfisgjöld fyrir kjötvinnslustöðvar og heilbrigðisvottorð sem gefin eru út samkvæmt lögunum. Ekki er óeðlilegt að greitt sé fyrir þjónustu sem veitt er á grundvelli laganna, þ.e. heilbrigðiseftirlit hjá vinnsluaðilum og rannsóknir sem þeim tengjast. Skýrt er kveðið á um að tekjur af leyfisgjöldum standi undir kostnaði við eftirlit og rannsóknir þannig að hér er ekki um skatt eða sambærilegar álögur að ræða.

Um 19. gr.

Greinin er nýmæli. Til að eftirlit verði virkt er nauðsynlegt að eftirlitsaðilar séu ekki hindraðir í störfum sínum og er ákvæðinu ætlað að tryggja óheftan aðgang eftirlitsaðila að húsnæði og fyrirtækjum sem geyma sláturdýr og afurðir þeirra, svo og að tryggja nauðsynlegar upplýsingar vegna eftirlits og rannsókna sem framkvæma þarf á grundvelli laganna.

Um 20. gr.

Greinin er nýmæli og þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

Greinin er nýmæli. Mikilvægt er að tryggja að útflutningur kjöts og sláturafurða uppfylli kröfur sem settar eru af yfirvöldum innflutningslands þannig að þær verði ekki stöðvaðar og gerð krafa um að þeim sé eytt eða þær endursendar til upprunalands eða tilraun gerð til að selja þær þannig að til skaða verði fyrir útflutningsaðila og hagsmuni útflutningslandsins.

Um 22. og 23. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I og II.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um eldi sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum.

Í frumvarpinu felst endurskoðun á lögum nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum. Endurskoðunin er gerð með hliðsjón af sambærilegri löggjöf í Danmörku og Svíþjóð ásamt reglum ESB. Helstu nýmæli frumvarpsins eru þau að gildissvið laganna er rýmkað þannig að þau taki til ákveðinna þátta í eldi sláturdýra. Rýmkunin miðar að því að færa eftirlitið framar í framleiðslukeðjuna en hingað til hefur það beinst að lokaafurðinni. Einnig er í frumvarpinu kveðið á um að settar verði reglur um innra eft-

irlit í sláturhúsum og kjötvinnslu þeirra. Þá er það nýmæli að lög nái til eftirlits með afurðum af heimaslátruðu búfé og villibráð sem unnin er til manneldis.

Í 4. gr. er kveðið á um að yfirdýralæknir taki að sér allt er lýtur að framkvæmd laganna. Með þessu er verið að færa verkefni frá kjötmatsformanni, yfirkjötmatsmönnum og kjötmatsmönnum til yfirdýralæknis. Eins og segir í greinargerðinni felst í þessu nokkur hagræðing, m.a. vegna þess að þeim aðilum, sem koma að eftirliti með hreinlæti við slátrun, er fækkað. Hafa ber í huga að í 9. gr. laga nr. 144/1995, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996, er ráðherra heimilað að taka gjald af sláturleyfishöfum til greiðslu kostnaðar ríkissjóðs af yfirmati sem leiðir af lögum um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, nr. 30/1966, með síðari breytinguum. Hagræðingin skilar sér því í lægri gjaldtöku og minni álögum á greinina en snertir ekki ríkissjóð beint.

Í 10. og 16. gr. er kveðið á um að rannsóknar- og eftirlitshlutverk yfirdýralæknis sé víkkað. Til að mæta kostnaði af þessu er í 2. mgr. 11. gr. kveðið á um að landbúnaðarráðherra skuli innheimta gjald af öllu innvegnu kjöti í afurðastöð til að standa straum af kostnaði við heilbrigðiseftirlit dýralækna með sláturafurðum. Ekki er því um kostnaðaraukningu að ræða fyrir ríkissjóð.

Í 8. og 9. gr. er kveðið á um setningu reglugerða um flutning kjöts og sláturafurða á markað, útbúnað flutningatækja, meðferð afurðanna í flutningi og slátrun sjúkra og slasaðra dýra utan sláturhúsa. Gert er ráð fyrir að þessar reglur komi til með að byggjast á eldri reglum og útheimti ekki þá vinnu af ráðuneytinu að aukakostnaður hljótist af.

Ekki verður séð að lögfestingu frumvarpsins fylgi kostnaðarauki fyrir ríkissjóð.

995. Breytingartillögur [295. mál]

við brtt. á þskj. 891 [Vegáætlun 1995–1998].

Frá Svavari Gestssyni, Bryndísi Hlöðversdóttur og Ögmundi Jónassyni.

	Millj. kr.
1. Við I bætist nýr töluliður: 1.3.5. Framlag úr ríkissjóði vegna aukinna tekna af almennu vörugjaldi af bensíni	350
2. Við II, 2.3.1.4. Framkvæmdaátak. Fyrir „650“ kemur	1.000
3. Við Sundurliðun bætist: Framkvæmdaátak, viðbótarfjárveiting 1996	350

Fjárveitingin skiptist á kjördæmi og höfuðborgarsvæði í sömu hlutföllum og fjárveitingar til framkvæmdaátaks gera. Skipting á einstök verkefni verði unnin af þingmönnum hvers kjördæmis á hefðbundinn hátt og lögð fyrir samgöngunefnd til samþykktar.

996. Frumvarp til laga [249. mál]

um umgengni um nytjastofna sjávar.

(Eftir 2. umr., 17. maí.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið laga þessara er að bæta umgengni um nytjastofna sjávar og stuðla að því að þeir verði nýttir með sjálfbærum hætti er tryggi til langs tíma hámarksafrakstur fyrir íslensku þjóðina.

II. KAFLI
Veiðar.

2. gr.

Skylt er að hirða og koma með að landi allan afla. Þó getur ráðherra ákveðið með reglugerð að sleppa skuli lifandi fiski sem er undir tiltekinni lengd og fæst í ákveðin veiðarfæri.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að varpa fyrir borð afla sem sýktur er, selbitinn eða skemmdur á annan hátt sem ekki hefði verið unnt að komast hjá á þeim veiðum sem um er að ræða. Þá er heimilt að varpa fyrir borð fisktegundum sem ekki sæta takmörkunum á leyfilegum heildarafla, enda hafi viðkomandi tegund ekki verðgildi. Einnig getur ráðherra með reglugerð ákveðið að heimilt sé að varpa fyrir borð innyflum, hausum og öðru sem til fellur við verkun eða vinnslu, enda verði þessi fiskúrgangur ekki nýttur með arðbærum hætti.

3. gr.

Fiskistofa skal fylgjast með aflasamsetningu fiskiskipaflotans þannig að jafnan liggi fyrir sem gleggstar upplýsingar um aflasamsetningu skipa eftir stærð og gerð skips, gerð og búnaði veiðarfæra, veiðislóð og veiðitíma. Skal Fiskistofa taka saman og birta árlega yfirlit yfir aflasamsetningu fiskiskipaflotans á liðnu fiskveiðiári.

Óheimilt er að hefja veiðiferð skips sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni nema skipið hafi aflaheimildir sem telja má líklegt að dugi fyrir afla í ferðinni með hliðsjón af þeim veiðarfærum sem notuð eru.

4. gr.

Net og önnur veiðarfæri, sem skilin eru eftir í sjó, skulu dregin með eðlilegum og reglubundnum hætti eftir því sem aðstæður leyfa.

Fiskistofu er heimilt að taka eða láta taka upp veiðarfæri sem ekki hefur verið vitjað með eðlilegum hætti. Sama á við um veiðarfæri sem liggja í sjó eftir að veiðitímabili lýkur, svo og veiðarfæri sem eru ólögleg eða eru á svæðum þar sem notkun þeirra er óheimil.

Fiskistofa skal krefja eigendur veiðarfæra, sem dregin eru úr sjó samkvæmt heimild í 2. mgr., um kostnað sem af því hlýst. Verði ekki upplýst hver er eigandi veiðarfæra er Fiskistofu heimilt að selja veiðarfærin og rennur andvirði þeirra að frádregnum kostnaði til Hafrannsóknastofnunarinnar.

III. KAFLI
Vigtun sjávarafla.

5. gr.

Öllum afla, sem íslensk skip veiða úr stofnum sem að hluta eða öllu leyti halda sig í efnahagslögsögu Íslands, skal landað innan lands og hann veginn í innlendri höfn. Ráðherra getur með reglugerð heimilað að ísfiski sé landað í erlendum höfnum, enda sé hann seldur á opinberum fiskmörkuðum þar sem vigtunaraðferðir og eftirlit er viðurkennt af Fiskistofu. Þá getur ráðherra heimilað með reglugerð að bræðslufiski sé landað í fiskimjölsverksmiðjur erlendis, enda sé eftirlit með löndun og vigtun afla talið fullnægjandi. Þegar sérstaklega stendur á, t.d. vegna alvarlegrar vélarbilunar, getur Fiskistofa heimilað að skip sem vinna afla um borð landi erlendis. Skal slíkt leyfi bundið því skilyrði að útgerð skipsins greiði kostnað vegna ferðar eftirlitsmanns til að fylgjast með löndun úr skipinu erlendis eða kostnað vegna annarra sambærilegra eftirlitsaðgerða sem Fiskistofa telur nauðsynlegar.

6. gr.

Allur afli skal veginn á hafnarvog í löndunarhöfn þegar við löndun aflans. Skal við vigtunina nota löggilta vog. Vigtun skal framkvæmd af starfsmanni hafnar sem hlotið hefur til þess löggildingu. Sé hafnarvog ekki í verstöð eða ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur Fiskistofa tímabundið leyft vigtun með öðrum hætti.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur Fiskistofa veitt einstökum aðilum leyfi til vigtunar án þess að afli sé veginn á hafnarvog að fenginni umsögn hafnaryfirvalda á löndunarstað. Slíkt leyfi skal því aðeins veitt að veruleg vandkvæði séu á því að vega aflann á hafnarvog, eftirlit hafnar sé nægilegt og innra eftirlit þess aðila sem í hlut á sé traust, auk þess sem vigtunarbúnaður sé löggiltur og vigtun framkvæmd af löggiltum vigtarmanni.

Hafnir skulu uppfylla kröfur um aðstöðu til vigtunar sjávarafla og eftirlit sem kveðið er á um í reglugerð. Sjávarútvegsráðuneyti getur bannað löndun sjávarafla í einstökum höfnum sem ekki fullnægja kröfum samkvæmt þessari málsgrein.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. getur sjávarútvegsráðuneytið við sérstakar aðstæður, svo sem vegna róðra frá afskekktum stöðum, veitt undanþágu frá löndun í viðurkenndri höfn. Skilyrði fyrir þessari undanþágu er að vigtun afla og skýrsluskil séu fullnægjandi.

7. gr.

Löggiltir vigtarmenn, er vigta sjávarafla, skulu gæta þess að fara í hvívetna eftir reglum um framkvæmd vigtunar, skráningu upplýsinga og skil á þeim.

8. gr.

Eftirlitsmönnum Fiskistofu og starfsmönnum hafnaryfirvalda er heimill aðgangur að fiskiskipum, flutningstækjum, fiskverkunum og birgðageymslum sem nauðsynlegur er til að vigta sjávarafla eða hafa eftirlit með vigtun hans. Hafnaryfirvöld skulu senda Fiskistofu jafnharðan upplýsingar um landaðan afla í því formi sem ráðherra ákveður með reglugerð.

Ráðuneytið skal að höfðu samráði við samgönguráðuneytið og Hafnasamband sveitarfélaga kveða nánar á um það í reglugerð hvernig afli skuli veginn og upplýsingum um landað aflamagn safnað.

9. gr.

Skipstjóra fiskiskips er skylt að halda afla um borð í skipi sínu aðgreindum eftir tegundum. Verði því ekki komið við vegna smæðar báts skal afli aðgreindur eftir tegundum við löndun. Skipstjóra fiskiskips er skylt að láta vigta hverja tegund sérstaklega. Ákveði ráðherra á grundvelli laga um stjórn fiskveiða að fiskur undir tiltekinni stærð teljist aðeins að hluta með í aflamarki skal undirmálsfiski haldið aðgreindum frá öðrum afla um borð og hann veginn sérstaklega. Skipstjóra ber að tryggja að réttar og fullnægjandi upplýsingar um aflann berist til vigtarmanns.

Skipstjórar fiskiskipa skulu halda sérstaka afladagbók sem Fiskistofa leggur til. Þá er skipstjórum skipa sem vinna afla um borð skylt að halda um vinnslu aflans sérstaka vinnsludagbók sem Fiskistofa leggur til.

10. gr.

Ökumaður, sem flytur óveginn afla, skal aka rakleiðis frá skipshlið að hafnarvog, að undanteknum þeim tilvikum þegar Fiskistofa hefur veitt undanþágu frá vigtun á hafnarvog, sbr. 2. mgr. 6. gr. Ökumaðurinn skal kynna sér samsetningu farmsins eins og kostur er og gefa vigtarmanni upplýsingar um hann.

11. gr.

Starfsmenn hafnarvoga skulu sannreyna að uppgefin tegund vigtaðs afla sé rétt, m.a. með beinni skoðun úrtaks úr lönduðum afla eftir því sem við getur átt. Sama á við varðandi afla sem gefinn er upp sem undirmálsafli. Skulu þeir með reglubundnum hætti gefa Fiskistofu yfirlit yfir framkvæmdar úrtaksskoðanir og niðurstöður þeirra.

12. gr.

Kaupandi afla skal ganga úr skugga um að afli sem hann tekur við hafi verið veginn samkvæmt gildandi reglum um vigtun sjávarafla.

Kaupandi afla skal fylla út og skila skýrslum um ráðstöfun afla í því formi og með þeim hætti er ráðuneytið ákveður.

IV. KAFLI
Framkvæmd og viðurlög.

13. gr.

Fiskistofa og eftirlitsmenn í hennar þjónustu annast eftirlit með framkvæmd laga þessara. Getur Fiskistofa enn fremur leitað aðstoðar lögreglu og Landhelgisgæslunnar í því skyni.

Heimildir Fiskistofu og eftirlitsmanna samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða gilda um eftirlit samkvæmt lögum þessum.

14. gr.

Fiskistofa skal svipta hvert það skip leyfi til veiða í atvinnuskyni sem veitt hefur umfram aflaheimildir. Veita skal skipi leyfi að nýju ef aflaheimildir þess á fiskveiðiárinu eru auknar þannig að afli skipsins á fiskveiðiárinu rúmist innan þeirra.

Nú veiðir skip ítrekað umfram aflaheimildir á sama fiskveiðiári og skal þá svipta það leyfi til veiða í atvinnuskyni, til viðbótar því sem segir í 1. mgr., í tvær vikur er slíkt gerist í annað sinn, í sex vikur ef slíkt gerist í þriðja sinn en til loka fiskveiðiárs gerist slíkt í fjórða sinn, þó aldrei skemur en tólf vikur.

Áður en skip er svipt leyfi skv. 1. og 2. mgr. skal Fiskistofa, að jafnaði þegar veitt hefur verið eða aflaheimildum ráðstafað þannig að einungis standi eftir einn tíundi hluti eða minna af aflaheimildum af einhverri tegund sem skipi var úthlutað í upphafi fiskveiðiárs, tilkynna útgerð skips að til leyfissviptingar kunni að koma. Skal útgerð þá jafnframt gefinn kostur á að kynna sér gögn er málið varðar og koma athugasemdum sínum á framfæri.

15. gr.

Fiskistofa skal svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni ef útgerð eða áhöfn skips eða aðrir þeir sem í þágu útgerðar starfa hafa brotið gegn ákvæðum laga þessara.

Við fyrsta brot skal leyfissvipting ekki standa skemur en tvær vikur og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekuð brot skal svipting ekki standa skemur en sex vikur og ekki lengur en eitt ár.

16. gr.

Hafi skip ítrekað verið svipt leyfi til veiða í atvinnuskyni skv. 14. og 15. gr. laga þessara getur Fiskistofa ákveðið að veiðieftirlitsmaður skuli vera um borð á kostnað útgerðar í tiltekinn tíma, allt að tveimur mánuðum. Skal útgerð skips þá greiða allan kostnað sem hlýst af veru eftirlitsmanns um borð, þar með talinn launakostnað.

17. gr.

Fiskistofa skal afturkalla leyfi til vigtunar skv. 2. mgr. 6. gr. ef hlutaðeigandi aðili, fyrirsvarsmenn hans, starfsmenn eða aðrir þeir sem í þágu hans starfa hafa brotið gegn III. kafla laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim kafla.

18. gr.

Ákvörðunum Fiskistofu samkvæmt þessum kafla verður skotið til sjávarútvegsráðuneytis, enda sé það gert innan eins mánaðar frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun. Kæra samkvæmt þessari grein frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

19. gr.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt, að fengnum tillögum Fiskistofu, að svipta uppboðsmarkað fyrir sjávarafla rekstrarleyfi samkvæmt lögum um það efni ef markaður eða þeir sem í þágu hans starfa hafa brotið gegn ákvæðum III. kafla laga þessara eða reglum settum samkvæmt honum.

20. gr.

Ákvarðanir stjórnvalda samkvæmt þessum kafla má bera undir dómstóla. Slíkt málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

21. gr.

Fiskistofa skal reglulega birta opinberlega upplýsingar um sviptingu veiðiheimilda samkvæmt þessum kafla. Skal þar tilgreina heiti skips, skipaskrárnúmer, útgerð skips, tilefni leyfissviptingar og til hvaða tímabils svipting nái. Þá skulu birtar opinberlega ákvarðanir um afturköllun heimilda skv. 17. og 19. gr. laga þessara.

22. gr.

Upplýsingar um aflahlutdeild einstakra skipa, úthlutun aflamarks til þeirra, afla einstakra skipa og ráðstöfun aflaheimilda eru opinberar upplýsingar sem öllum er heimill aðgangur að. Fiskistofa skal reglulega birta upplýsingar um þau skip sem veitt hafa umfram aflaheimildir. Þá skal Fiskistofa árlega birta upplýsingar um álagningu gjalds vegna ólögmæts sjávarafla á liðnu fiskveiðiári.

23. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum.

Við fyrsta brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 4.000.000 kr. eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekað brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 800.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 8.000.000 kr., sömuleiðis eftir eðli og umfangi brots.

Beita skal ákvæðum laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla vegna brota gegn lögum þessum eftir því sem við á.

24. gr.

Sektir má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 23. gr. má ákvarða lögaðila sekt þótt sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Með sama skilorði má einnig gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa hafa gerst sekir um brot.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

25. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála.

V. KAFLI
Breyting á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

26. gr.

Ákvæði 19. gr. laganna orðast svo:

Fiskistofa skal svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fyrir brot á lögum þessum eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum um umgengni um auðlindir sjávar.

27. gr.

Ákvæði 20. gr. laganna orðast svo:

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim og ákvæðum leyfisbréfa varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum.

Við fyrsta brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 4.000.000 kr. eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekað brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 800.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 8.000.000 kr., sömuleiðis eftir eðli og umfangi brots.

Beita skal ákvæðum laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla vegna brota gegn lögum þessum eftir því sem við á.

28. gr.

Við lögin bætist ný grein, 20. gr. a, er orðast svo:

Sektir má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 20. gr. má ákvarða lögaðila sekt þótt sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Með sama skilorði má einnig gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa hafa gerst sekir um brot.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

29. gr.

Við lögin bætist ný grein, 20. gr. b, er orðast svo:

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

30. gr.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara.

31. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 16. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, sbr. 11. gr. laga nr. 36/1992 og 10. gr. laga nr. 87/1994.

997. Nefndarálit [331. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar.

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Frumvarpið er óvandað og í mörgum tilvikum vekur það ýmsar spurningar. Ef tilgangur þess og nýrrar löggjafar um póst- og símamál er að mæta örri þróun tækninnar og breyttum viðhorfum í þessum efnum hefur það mistekist. Í frumvarpinu örlar lítt á nýrri og frjórri hugsun eða stefnumörkun, litlar sem engar tilraunir eru gerðar til að varpa ljósi á framtíðarþróun þessara mála og hlutverk Pósts og síma hf. í þeim efnum. Þá er ekki heldur að finna nauðsynlega stefnumörkun í fylgifrumvörpum, hvorki í frumvarpi til breytinga á fjarskiptalögum né frumvarpi til breytinga á póstlögum. Ákvörðun um það eitt að hlutafélagavæða þetta þjónustufyrirtæki og veita samgönguráðherra altækt umboð til að þróa mál áfram að eigin geðþótta, sem er meginefni frumvarpsins, er ekki við-

unandi svar við áleitnum spurningum um framtíðarfyrirkomulag þessarar grunnþjónustu hér á landi. Þar við bætist að mistekist hefur að gefa starfsmönnum fyrirtækisins, um 2.500 einstaklingum, fullnægjandi svör við grundvallarspurningum er varða framtíð þeirra og réttarstöðu hjá nýjum vinnuveitanda.

Enn fremur hefur verið kastað til höndum varðandi lagatæknilegan undirbúning málsins eins og breytingartillögur meiri hlutans bera með sér. Í ljós kom einfaldlega að dagsetningar og fyrirkomulag formbreytingarinnar gátu ekki gengið upp á þeim forsendum sem frumvarpið gerði ráð fyrir. Þess vegna varð meiri hluti nefndarinnar að leggja fram breytingartillögur við frumvarpið sem m.a. fresta áformaðri formbreytingu um nokkra mánuði.

Aðeins verða tilgreind nokkur álitamál sem nauðsynlegt er að ræða mun betur og fá gleggri mynd af áður en frumvarpið verður afgreitt.

Hlutafélagavæðing.

Um það er ekki deilt að þróun fjarskiptamála hefur verið ákaflega hröð hin síðari ár. Þá eru fyrirsjáanlegar veigamiklar breytingar í Evrópu í fjarskiptamálum og snerta þær breytingar Ísland eins og önnur ríki. 1. janúar 1998 skulu afnumin öll sérréttindi símastofnana og opnað verður fyrir fulla samkeppni á grunnnetinu. Í því ljósi er nauðsynlegt að skoða stöðu Póst- og símamálastofnunar. Þær breytingar hafa hins vegar ekkert að gera með stöðu póstþjónustunnar í landinu né heldur kalla þær sjálfkrafa á það að stofnuninni verði breytt í hlutafélag. Því til viðbótar svarar frumvarpið heldur engu um það hvernig hlutafélagið Póstur og sími ætlar að mæta og laga sig að breyttum veruleika í upphafi ársins 1998. Boðuð hefur verið ný heildarlöggjöf um fjarskiptamál sem væntanlega mun að einhverju leyti taka á þeim málum. Frumvarpið um Póst og síma hf. gerir það ekki.

Sé það markmið út af fyrir sig að efla sjálfstæði Pósts og síma og skilja þann rekstur með einhverjum hætti frá rekstri ríkisins, taka fyrirtækið út af fjárlögum og minnka bein og óbein afskipti löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins af rekstri þess eru ýmsar leiðir færar að því markmiði. Svo virðist sem ríkisstjórnin sjái enga aðra leið en að breyta ríkisstofnunum í hlutafélög. Fræðilega hefði t.d. komið til greina að gera fyrirtækið að sjálfseignarstofnun, sbr. lög um ýmsa fjárfestingarsjóði ríkisins og ríkisbanka, þar sem tekið hefði verið fram hvert stofnfé ætti að vera.

Ekki er gert ráð fyrir að skipta fyrirtækinu upp í tiltekin svið, tvö eða fleiri, svo sem símasvið og póstsvið. Þó er nefnt að slíkt komi til álita síðar meir. Raunar er fullyrt í greinargerð með frumvarpinu að með tilliti til breyttra aðstæðna á Evrópska efnahagssvæðinu megi reikna með að ekki verði komist hjá því að taka þennan þátt til endurskoðunar áður en langt um líður. Enda er gert ráð fyrir þeim möguleika í 2. gr. frumvarpsins.

Að mati minni hlutans er hér komið aftan að málinu. Það hlýtur að vera hlutverk Alþingis að ákveða hvernig mikilvægar þjónustugreinar, eins og póstþjónusta og símaþjónusta, eru skipulagðar en skila ekki auðu og veita samgönguráðherra takmarkalaust umboð til að skipta fyrirtækinu upp í eins margar þjónustueiningar og honum sýnist. Minni hlutanum þykir að minnsta kosti nauðsynlegt að Alþingi fái tækifæri til þess að fylgjast með þróun þessara mála og lágmarkskrafa væri að stjórn fyrirtækisins yrði þá kjörin af Alþingi.

Heimild til sölu fyrirtækisins.

Með vísan til stefnu núverandi ríkisstjórnar í hliðstæðum málum má ætla að hún muni fyrr en síðar freista þess að selja hlutafé sitt í fyrirtækinu og fyrirliggjandi frumvarp sé eingöngu skref í þá átt. Það er hins vegar óviðunandi að hafa slíkt í felum. Það er og álitamál hvort áskilnaðurinn um samþykki Alþingis haldi þegar allt kemur til alls. Orðrétt segir í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins um það atriði:

„Við stofnun félagsins skal allt hlutafé þess vera í eigu íslenska ríkisins og skal sala þess óheimil án samþykkis Alþingis.“

Við fyrstu sýn virðist þetta ákvæði skýrt og afdráttarlaust. Ef ákvæði 2. gr. frumvarpsins eru hins vegar skoðuð í beinu framhaldi vakna ýmsar spurningar. Þar segir m.a. að fyrirtækinu sé heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum og að félaginu sé heimilt að stofna nýtt félag eða félög sem alfarið verði í eigu þess til að annast ákveðna þætti í starfsemi þess. Í sama tilgangi geti hlutafélagið ákveðið skiptingu þess í samræmi við ákvæði 133. gr. hlutafélagalaga, nr. 2/1995.

Í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins segir:

„Niðurlag 2. mgr. gerir ráð fyrir þeim möguleika að til þess geti komið að talið verði heppilegt og hagkvæmt að félaginu verði skipt milli tveggja félaga þar sem annað annaðist póstþjónustu en hitt fjarskiptaþjónustu.“ Í þessari sömu grein frumvarpsins er hlutafélaginu síðan einnig veitt heimild til að stofna til hvers konar samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum og er þá m.a. átt við aðild hlutafélagsins að öðrum fyrirtækjum. Hér er um mjög víðtækar heimildir að ræða til handa ráðherra og stjórn hlutafélagsins. Þær vekja spurningar sem ekki hefur tekist að fá fullnægjandi svör við. Þær tengjast því t.d. hvort áskilnaðurinn um nauðsyn samþykkis Alþingis haldi komi til sölu ef um er að ræða dótturfyrirtæki Pósts og síma hf., hvernig fari um aðild hlutafélagsins að öðrum fyrirtækjum í því samhengi og hvort heimild Alþingis þurfi til sölu slíkra eignarhluta Pósts og síma í samrunafyrirtækjum? Þá vakna enn spurningar um hver verði réttarstaða starfsfólks í slíkum dóttur- og samrunafyrirtækjum? Í 8. gr. frumvarpsins er einkum fjallað um réttarstöðu starfsmanna. Þar segir hins vegar eingöngu að fastráðnir starfsmenn Pósts- og símamálastofnunar skuli eiga rétt á störfum hjá hinu nýja félagi en ekkert er kveðið á um afleiðingar þess fyrir hag starfsmanna eða réttarstöðu þeirra komi til stofnunar dóttur- eða samrunafyrirtækja sem tækju yfir tiltekin verkefni sem Póst- og símamálastofnun hefur nú með höndum.

Réttarstaða starfsmanna.

Réttarstaða starfsmanna samkvæmt frumvarpinu er ákaflega óviss. Ekki einasta er þar um að ræða tilvísun til skerðingarfrumvarps ríkisstjórnarinnar um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins varðandi biðlaunaréttinn heldur er ýmsum álitamálum látið ósvarað þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir minni hlutans til að tekin yrðu af öll tvímæli í því efni. Þess í stað hefur meiri hlutinn ákveðið að sópa slíkum álitamálum undir teppið og fela þau svokallaðri undirbúningsnefnd ráðherra sem samkvæmt frumvarpinu og breytingartillögum meiri hlutans mun fá víðtækt vald og algjört forræði í málefnum starfsmanna frá þeim tíma sem þetta frumvarp verður afgreitt frá Alþingi þar til hlutafélagið tekur til starfa. Minni hlutinn bendir á að vafasamt er í meira lagi að löggjafarsamkunda þjóðarinnar framselji vald sitt með jafnskýlausum hætti til þriggja manna nefndar sem fái þetta víðtæka vald um mál starfsmanna á næstu missirum.

Viðræður fulltrúa samgönguráðuneytisins og Póst- og símamálastofnunar við fulltrúa tæplega 2.500 starfsmanna hafa verið takmarkaðar og ekki leitt til neinnar niðurstöðu. Mál starfsmanna eru því enn í lausu lofti hvað varðar ýmis grundvallarréttindi.

Neikvæð afstaða til starfsmanna birtist einnig í 6. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um stjórn hlutafélagsins. Að áliti minni hlutans hefði verið eðlilegt að tryggja með einhverjum hætti hlut fulltrúa starfsmanna í stjórn þess. Að öðru leyti er vísað til ítarlegra umsagna og athugasemda starfsmanna og lögmanna þeirra um réttarstöðu starfsmanna.

Staða Póst- og símamálastofnunar.

Póst- og símamálastofnun er stórt fyrirtæki á íslenskan mælikvarða. Eigið fé þess er um 13 milljarðar kr. miðað við efnahagsreikning um síðustu áramót. Ótaldar eignir þess og viðskiptavild eru taldar í kringum 8 milljarðar kr. til viðbótar. Þegar síðan eru dregnar frá áætlaðar fyrirliggjandi lífeyrisskuldbindingar u.þ.b. 8 milljarðar kr. virðist heimanmundur þessa hlutafélags vera í kringum 13 milljarðar kr. Fyrirtækið greiðir tæplega 2.500 starfsmönnum u.þ.b. 3,8 milljarða kr. í laun á hverju ári og velta þess er rúmir 12 milljarðar kr. árlega. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1996 er hagnaður fyrirtækisins áætlaður 1.581.000 þús. kr. og hagnaður söludeildar þess 225.000 þús. kr. eða samtals 1.806.000 þús. kr. Ráð er fyrir því gert að í ríkissjóð renni alls 860 millj. kr. en jafnframt er miðað við að stofnunin sjálf standi undir greiðslum vegna lífeyrisuppbóta starfsmanna.

Ljóst er að Póst- og símamálastofnun er mjög mikilvægt þjónustufyrirtæki og að mörgu leyti vel rekið, sbr. grein Bergþórs Halldórssonar verkfræðings hjá Pósti og síma í Mbl. 7. maí sl. um þróun gjaldskrármála. Það er til að mynda eftirtektarvert að gjaldskrá fyrirtækisins er tiltölulega lág þótt þar megi þó betur gera. Eðlilegt markmið er jafn réttur allra landsmanna í þeim efnum, með öðrum orðum ein gjaldskrá fyrir allt landið og flytur minni hlutinn breytingartillögu þar sem lagt er til að landið verði gert að einu gjaldsvæði áður en Póst- og símamálastofnun verður breytt í hlutafélag.

Lokaorð.

Það er áríðandi að standa vel og skilmerkilega að allri löggjöf um þetta mikilvæga þjónustufyrirtæki. Fyrirliggjandi frumvarp uppfyllir alls ekki þær lágmarkskröfur. Til viðbótar því sem áður hefur verið nefnt má benda á að þingmenn stjórnarflokkanna hafa í raun gefist upp á því að vinna frumvarpið. Þetta sést best þegar breytingartillögur meiri hlutans við 7. gr. eru skoðaðar. Þær fela í sér skipun þriggja manna nefndar sem annast skal undirbúning og nauðsynlegar aðgerðir vegna formbreytingarinnar. Þetta undirstrikar uppgjöf samgönguráðherra og raunar þingmeirihlutans gagnvart því verkefni að ljúka samningu frumvarpsins og ganga frá lausum endum. Óskilgreindum verkefnum er hlaðið á nefnd þriggja manna sem ráðherra skipar og henni falið alræðisvald með ígildi óafturkallanlegra löggerninga að vopni, m.a. hvað varðar réttindi starfsfólks eins og áður er nefnt. Nýta hefði átt tímann frá því að frumvarpið var lagt fram og raunar löngu áður til að ræða við starfsfólk og freista þess að komast að sameiginlegri niðurstöðu um ýmis álitamál. Frá því að frumvarpið var lagt fram hafa engar eiginlegar viðræður átt sér stað milli ráðuneytisins og fulltrúa starfsmanna um að fækka álitaefnum og ágreiningsatriðum í frumvarpinu, væri þess nokkur kostur. Þetta hlýtur að teljast gagnrýnivert í meira lagi. Hins vegar hafa verið skipaðir viðræðuhópar til að safna upplýsingum sem að gagni geta komið í næstu kjarasamningum.

Það er álit minni hlutans að eðlilegast hefði verið að fresta afgreiðslu málsins til haustsþings og freista þess í sumar að sníða af því verstu agnúana og undirbúa í nánu samstarfi við starfsmenn þá þætti sem að þeim snúa. Í því ljósi leggur minni hlutinn til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**. Það verði með öðrum orðum á valdi hennar og stjórnarmeirihlutans á þingi hvort og með hvaða hætti málið verður tekið upp aftur á haustþingi eða síðar þegar nauðsynlegri undirbúningsvinnu er lokið. Það er einasta skynsamlega lausnin á málinu eins og það blasir við í dag.

Kristín Halldórsdóttir hefur setið fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er sammála þessu.

Alþingi, 17. maí 1996.

Guðmundur Árni Stefánsson, frsm. Ragnar Arnalds. Ásta R. Jóhannesdóttir.

Eftirtöldum fylgiskjölum er útbýtt með nefndarálitinu:

1. Einkaréttur og fjarskipti, Bergþór Halldórsson verkfræðingur, Mbl. 7. maí 1996.
2. Athugasemdir við fáeinar greinar í frumvarpinu vegna fundar með samgöngunefnd Alþingis, frá félagi rafeindavirkja hjá Pósti og síma.
3. Nokkrar athugasemdir varðandi drög að frumvarpinu frá Félagi símamanna.
4. Athugasemdir frá Póstmannafélagi Íslands um frumvarpið.
5. Álitsgerð Láru V. Júlíusdóttur hdl., unnin fyrir Stéttarfélag verkfræðinga og Kjarafélag tæknifræðinga.
6. Álitsgerð Gunnars Jónssonar hdl., unnin fyrir Félag íslenskra símamanna.
7. Athugasemdir/spurningar Póstmannafélags Íslands um frumvarpið.
8. Umsögn stéttarfélaga háskólamanna, sem starfa hjá Pósti og síma, um frumvarpið.

998. Breytingartillaga [331. mál]

við frv. til l. um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar.

Frá Ragnari Arnalds, Guðmundi Árna Stefánssyni og Ástu R. Jóhannesdóttur.

Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Eigi síðar en 1. júlí 1996 skal samgönguráðherra ákveða að landið allt sé eitt gjaldsvæði og öll símtöl innan lands séu verðlögð á sama hátt óháð vegalengdum milli notenda.

Sú kvöð hvílir á Pósti og síma hf. að gjöld fyrir símaþjónustu og póstburð verði ávallt þau sömu hvar sem er á landinu.

999. Nefndarálit [364. mál]

um frv. til l. um breyt. á póstlögum, nr. 33/1986.

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Halldór S. Kristjánsson, skrifstofustjóra í samgönguráðuneyti.

Frumvarpið er lagt fram sem fylgifrumvarp með 331. máli, um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar. Vísað er til nefndarálits minni hlutans um það mál og lagt til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Kristín Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk áliti þessu.

Alþingi, 17. maí 1996.

Guðmundur Árni Stefánsson, frsm. Ragnar Arnalds. Ásta R. Jóhannesdóttir.

1000. Nefndarálit [191. mál]

um frv. til l. um rannsókn flugslysa.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Björn Þ. Guðmundsson prófessor, Kristján Þorbergsson hdl. og Þorgeir Pálsson flugmálastjóra.

Nefndin fékk sendar umsagnir um frumvarpið frá ríkissaksóknara, flugeftirlitsnefnd, Landsbjörgu, Flugleiðum, Félagi íslenskra atvinnuflugmanna, Slysavarnafélagi Íslands, Flugvirkjafélagi Íslands, flugráði, Félagi íslenskra flugumferðarstjóra, Flugmálafélagi Íslands, flugslysanefnd og Flugmálastjórn.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Helstu efnisbreytingar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að í 3. gr. frumvarpsins verði gerðar sömu kröfur til varaformanns rannsóknarnefndar flugslysa og formanns þar sem varaformaður er staðgengill formanns. Þeir þurfa því báðir að hafa sérmenntun, þjálfun og starfsreynslu á sviði flugrannsókna. Þá er lagt til að skilyrðin, sem talin eru upp í greinargerð með frumvarpinu, athugasemdum við 5. gr., um hvað rannsóknarnefndin skuli rannsaka, verði tekin upp í 5. gr. frumvarpsins.
2. Lögð er til sú breyting á 7. gr. frumvarpsins að flugmálayfirvöldum beri að sjá til þess að úrbótatillögur rannsóknarnefndarinnar í flugöryggismálum verði teknar til formlegrar afgreiðslu.
3. Þá er lögð til sú breyting á 12. gr. frumvarpsins að gögn úr flugritum beri að varðveita varanlega.

4. Lögð er til breyting á 14. gr. frumvarpsins sem snertir birtingu lokaskýrslu rannsóknarnefndarinnar. Þessi breyting er gerð í samræmi við breytingu sem lögð er til á 16. gr. frumvarpsins. Samkvæmt síðarnefndu greininni ber nefndinni að senda aðilum máls lokaskýrslu rannsóknar og síðan hæfilegan eintakafjölda til Flugmálastjórnar sem afhendir eintök af skýrslunni þeim sem þess óska. Þar er einnig kveðið á um að nefndin skuli taka saman heildarskýrslu um störf sín ár hvert og að skýrslurnar megi selja á kostnaðarverði.
5. Þá er loks lagt til að bætt verði við nýju ákvæði þess efnis að drög að skýrslu rannsóknarnefndarinnar um slys skuli send hlutaðeigandi aðilum til umsagnar. Þessum aðilum skal gefinn tilskilinn frestur til þess að koma að athugasemdum sínum áður en endanlega er gengið frá skýrslunni, enda liggi afstaða þeirra ekki þegar fyrir í gögnum málsins eða slíkt sé augljóslega óþarft.

Kristín Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 17. maí 1996.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Stefán Guðmundsson.
Árni Johnsen.	Egill Jónsson.	Kristján Pálsson.
Guðmundur Árni Stefánsson.	Ragnar Arnalds.	Ásta R. Jóhannesdóttir.

1001. Breytingartillögur [191. mál]

við frv. til l. um rannsókn flugslysa.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 1. gr. Orðið „þar“ í 2. mgr. falli brott.
2. Við 3. gr. Í stað orðsins „skal“ í fyrri málslið 2. mgr. komi: og varaformaður skulu.
3. Við 5. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Nefndin skal m.a. rannsaka:
   a. flugslys þar sem borgaralega skráð loftför eiga hlut að máli og sem verða á eða yfir íslensku yfirráðasvæði,
   b. flugslys þar sem loftför skráð á Íslandi eiga hlut að máli og sem verða utan yfirráðasvæðis annarra ríkja eða á svæði þar sem viðkomandi ríki hefur ekki skuldbundið sig til að framkvæma rannsóknina,
   c. flugumferðaratvik sem verða á eða yfir íslensku yfirráðasvæði eða á íslensku flugstjórnarsvæði,
   d. flugatvik sem verða utan íslensks yfirráðasvæðis þar sem loftför skrásett á Íslandi eiga hlut að máli, nema því aðeins að viðkomandi ríki framkvæmi rannsóknina.

4. Við 7. gr. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Flugmálayfirvöldum ber að sjá til þess að úrbótatillögur nefndarinnar séu teknar til formlegrar afgreiðslu hverju sinni.
5. Við 12. gr. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Gögn úr flugritum ber að varðveita varanlega.
6. Við 13. gr. Orðin „þegar réttur skv. 13. og 14. gr. er nýttur“ í 3. mgr. falli brott.
7. Við 14. gr. Orðin „og birta hana“ í 1. málsl. 1. mgr. falli brott.
8. Á eftir 14. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Aðili máls, eigandi eða flugrekandi viðkomandi loftfars, svo og Flugmálastjórn, skal eiga þess kost, með þeim hætti sem rannsóknarnefnd flugslysa ákveður hverju sinni, að tjá sig um drög að lokaskýrslu nefndarinnar innan tilskilins frests áður en endanlega er gengið frá skýrslunni, sbr. 14. gr., enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða þeirra og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft.
9. Við 15. gr. (er verði 16. gr.). Í stað orðanna „sbr. 17. gr.“ í fyrri málslið komi: sbr. 14. gr.
10. Við 16. gr. (er verði 17. gr.). Greinin orðist svo:
    Rannsóknarnefnd flugslysa skal senda aðilum máls lokaskýrslu rannsóknar og hæfilegan eintakafjölda til Flugmálastjórnar sem afhendir þau þeim er þess óska.
    Nefndin skal gefa út heildarskýrslu um störf sín ár hvert.
    Skýrslur nefndarinnar má selja á kostnaðarverði.
11. Í stað orðanna „til starfs framkvæmdastjóra“ í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða komi: til starfs formanns.

1002. Breytingartillaga [249. mál]

við frv. til l. um umgengni um nytjastofna sjávar.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Við 26. gr. Í stað orðsins „auðlindir“ komi: nytjastofna.

1003. Breytingartillögur [297. mál]

við frv. til l. um fjárreiður ríkisins.

Frá sérnefnd.

1. Við 52. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, með síðari breytingum og lög nr. 103/1974, um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja.
2. Við bætist ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 52. gr. skal frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1997 svo og frumvarp til fjáraukalaga fyrir það ár fylgja ákvæðum laga nr. 52/1966. Sama gildir um uppgjör ríkisreiknings fyrir árið 1997.

1004. Breytingartillögur [249. mál]

við frv. til l. um umgengni um nytjastofna sjávar.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

1. Við 3. gr.
   a. 2. mgr. orðist svo:
      Skipstjóri skal ákveða við löndun hvað af afla skips skal telja af kvóta þess og er útgerðinni frjálst að ráðstafa þeim afla.
   b. Við greinina bætist tvær nýjar málsgreinar er orðist svo:
      Allur afli skips annar en sá sem fellur undir 2. mgr. telst eign rannsóknastofnana sjávarútvegsins og Landhelgissjóðs samkvæmt reglum sem ráðherra setur. Útgerðin skal sjá um að selja aflann og greiða rannsóknastofnunum og Landhelgissjóði söluverðmætið að frádregnu gjaldi fyrir kostnaði við flutning í land, geymslu og löndun aflans.
      Gjald skv. 3. mgr. skal vera lægst 5% og hæst 15% af vergu söluandvirði aflans. Það skal ákveðið í reglugerð með hliðsjón af tegund afla, veiðum og framboði slíks afla og renna til útgerðar skips. Það kemur til hlutaskipta eins og annað aflaverðmæti.
2. Við 9. gr. 4. málsl. 1. mgr. orðist svo: Afla útgerðar og rannsóknastofnana skal halda aðgreindum og vega sérstaklega.

1005. Nefndarálit [394. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 27/1968, um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín frá fjármálaráðuneyti Skarphéðinn Berg Steinarsson deildarstjóra og Gylfa Ástbjartsson deildarsérfræðing og frá Ríkisendurskoðun Sigurð Þórðarson ríkisendurskoðanda, Lárus Ögmundsson yfirlögfræðing og Láru Sverrisdóttur lögfræðing. Þá fékk nefndin sendar umsagnir um málið frá Ríkisendurskoðun og héraðslækni Austurlands.

Leiga af íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins hefur alls ekki staðið undir viðhaldi eignanna og eðlilegum vöxtum af því fjármagni sem í þeim er bundið. Það er því hagkvæmt fyrir ríkissjóð að selja þessar eignir. Í því skyni að hvetja til og auðvelda sölu er lagt til að íbúarnir geti fengið lán til 15 ára með 3% vöxtum. Þessir vextir eru töluvert undir markaðsvöxtum og má ætla að verðmæti hlunnindanna sé á bilinu 500.000 kr. til 700.000 kr. eða 5% til 7% af íbúðarverði. Þetta er talin nægilegt hvatning til þess að þetta íbúðarhúsnæði seljist.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Í þeim felst:

1. Að 3. gr. falli brott. Samkvæmt lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup, og reglugerðum settum samkvæmt þeim er það hlutverk Ríkiskaupa að annast sölu eigna ríkisins. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til verður það hlutverk Ríkiskaupa að annast sölu embættisbústaða. Eftir sem áður er samt mikilvægt að fjármálaráðuneyt-

ið hafi samráð við þau ráðuneyti sem í hlut eiga áður en til sölu embættisbústaða kemur.

2. Að gerðar verði þrjár breytingar á 4. gr. Í fyrsta lagi að miðað verði við byggðakjarna í stað sveitarfélaga. Með sameiningu sveitarfélaga getur komið upp sú staða að sveitarfélag sé með yfir 1.000 íbúa en sé samt að miklu leyti í dreifbýli eða með nokkra smáa þéttbýliskjarna. Í öðru lagi er kveðið nánar á um hvað felist í þeim sérstöku kjörum sem boðin verða við sölu eignanna. Í þriðja lagi er lagt til að fjármálaráðherra verði einnig heimilt að selja íbúðarhúsnæði ríkisins á smærri stöðum ef ábúendur óska sérstaklega eftir kaupum. Það verður þá að vera mat fjármálaráðherra hvort hagkvæmt sé fyrir ríkið að selja á hlutaðeigandi stað.

Alþingi, 18. maí 1996.

Vilhjálmur Egilsson, form, frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Sólveig Pétursdóttir.	Einar Oddur Kristjánsson.	Pétur H. Blöndal.
	Gísli S. Einarsson, með fyrirvara.	

1006. Breytingartillögur [394. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 27/1968, um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, VS, GMS, SP, EOK, PHB, GE).

1. 3. gr. falli brott.
2. 4. gr. orðist svo:

   Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

   Fjármálaráðherra er heimilt án auglýsingar að selja ríkisstarfsmönnum með sérstökum kjörum það húsnæði sem þeir hafa nú á leigu og búa í, enda sé húseignin staðsett í byggðakjarna með fleiri en 1.000 íbúum. Í þeim sérstöku kjörum felst að ríkissjóður láni allt að 30% kaupverðs. Lánin séu verðtryggð, með 3% vöxtum og til allt að 15 ára. Innlausnarskylda hvíli á eignunum í allt að fimm ár. Í reglugerð sem sett verður skv. 11. gr. skal nánar kveðið á um framkvæmd þessa. Með sama hætti er ráðherra heimilt að selja slíkt húsnæði í byggðakjörnum með færri en 1.000 íbúa ef þeir sem í húsnæðinu búa óska eftir kaupum.

1007. Nefndarálit [344. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Indriða H. Þorlákssson, skrifstofustjóra í fjármálaráðuneyti, Sigurð Þórðarson ríkisendurskoðanda og Lárus Ögmundsson, lögfræðing Ríkisendurskoðunar. Þá fékk nefndin sendar umsagnir um málið frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Lögmannafélagi Íslands, Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Samtökum iðnaðarins og Verslunarráði Íslands.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Orðin „sem og öðrum sköttum sem lokunarheimild fylgir lögum samkvæmt“ í 1. tölul. 3. efnismgr. 1. gr. falli brott.

Alþingi, 18. maí 1996.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Valgerður Sverrisdóttir.
Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Pétur H. Blöndal.	Einar Oddur Kristjánsson.
Sólveig Pétursdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.	Jón Baldvin Hannibalsson.

1008. Frumvarp til laga [385. mál]

um breyting á lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 18. maí.)

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Lögin gilda einnig um starfsemi íslenskra skipa utan íslenskrar efnahagslögsögu eftir því sem Ísland hefur skuldbundið sig til í alþjóðasamningum.

2. gr.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnunar ríkisins“ í 3. mgr. 10. gr., 1. mgr. 14. gr., 22. gr. og 24. gr. laganna kemur: Hollustuverndar ríkisins.

3. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Allt úrkast efna og hluta í hafið er óheimilt, sbr. þó 2. mgr. þessarar greinar.

Hollustuvernd ríkisins getur heimilað að eftirtöldum efnum og hlutum sé varpað í hafið:

a. dýpkunarefnum;
b. náttúrulegum, óvirkum efnum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa hlotið efnafræðilega vinnslu og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið;
c. fiskúrgangi frá fiskverkunarstöðvum.

Við veitingu leyfis skv. 2. mgr. skal taka mið af eðli efnanna og hlutanna, magni þeirra og aðstöðu á losunarstað.

Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um úrkast dýpkunarefna að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins og Siglingastofnunar Íslands. Þar skal sérstaklega kveðið á um magn þeirra mengunarefna sem vísað er til í fylgiskjali 2.

Kostnaður við eftirlit með úrkasti í hafið greiðist af leyfishafa.

4. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Nú er sýnt að mengunarvaldi takist ekki að koma í veg fyrir fyrirsjáanlegan skaða af völdum mengunarinnar og skulu þá hafnaryfirvöld tafarlaust hefja aðgerðir til að koma í veg fyrir eða draga úr mengun á viðkomandi hafnarsvæði og Hollustuvernd ríkisins, í samvinnu við Landhelgisgæslu Íslands og Siglingastofnun Íslands, utan hafnarsvæða.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ kemur: Hollustuvernd ríkisins.
b. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Ráðherra er heimilt að fenginni tillögu Hollustuverndar ríkisins og að höfðu samráði við sveitarstjórnir að setja nánari reglur um framkvæmd þessara mála, svo sem um skiptingu landsins í svæði, skipan í svæðisráð, notkun mengunarvarnabúnaðar og stjórn á mengunarstað.

Ráðherra getur að fenginni tillögu Hollustuverndar ríkisins og að höfðu samráði við sveitarstjórnir sett samræmda gjaldskrá vegna notkunar mengunarvarnabúnaðar.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ kemur: Hollustuvernd ríkisins.
b. Í stað orðanna „Hollustuverndar ríkisins“ kemur: Siglingastofnunar Íslands.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. 2. mgr. fellur brott.
b. Orðin „að höfðu samráði við heilbrigðismálaráðherra og menntamálaráðherra“ í 3. mgr. falla brott.
c. Orðin „að höfðu samráði við heilbrigðismálaráðherra“ í 4. mgr. falla brott.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, ásamt síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

1009. Frumvarp til laga [191. mál]

um rannsókn flugslysa.

(Eftir 2. umr., 18. maí.)

1. gr.

Ákvæði laga þessara taka til flugslysa og flugatvika, þar með talin flugumferðaratvik, í lögum þessum nefnd flugslys, eins og þau eru skilgreind í alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

Með flugslysarannsóknum er átt við þá sérstöku málsmeðferð sem kveðið er á um í lögum þessum og alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

Flugslysarannsóknir samkvæmt lögum þessum miða að því einu að koma í veg fyrir að flugslys endurtaki sig og að öryggi í flugi megi aukast.

Um rannsókn á meintri refsiverðri háttsemi í tengslum við flugslys fer samkvæmt lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, og er slík rannsókn óháð rannsókn flugslysa samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Rannsóknarnefnd flugslysa annast rannsókn allra flugslysa samkvæmt lögum þessum og alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

Í rannsóknarnefnd flugslysa eiga sæti fimm menn. Einn skal vera formaður nefndarinnar og annar varaformaður. Samgönguráðherra ræður þá sérstaklega til starfa í nefndinni en skipar aðra nefndarmenn til fjögurra ára í senn.

Rannsóknarnefnd flugslysa hefur aðsetur í Reykjavík.

Allur kostnaður við starfsemi nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Formaður rannsóknarnefndar flugslysa er jafnframt rannsóknarstjóri hennar. Varaformaður er staðgengill hans.

Formaður og varaformaður skulu hafa sérmenntun, þjálfun og starfsreynslu á sviði flugslysarannsókna. Aðrir nefndarmenn skulu hafa menntun og starfsreynslu á þeim sviðum sem sérstaklega nýtast við flugslysarannsóknir.

4. gr.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna og starfsmanna rannsóknarnefndar flugslysa fer eftir II. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

5. gr.

Lögsaga rannsóknarnefndar flugslysa tekur til íslensks yfirráðasvæðis, svo og alls hins íslenska flugstjórnarsvæðis að því að varðar flugumferðaratvik.

Nefndin skal m.a. rannsaka:

a. flugslys þar sem borgaralega skráð loftför eiga hlut að máli og sem verða á eða yfir íslensku yfirráðasvæði,
b. flugslys þar sem loftför skráð á Íslandi eiga hlut að máli og sem verða utan yfirráðasvæðis annarra ríkja eða á svæði þar sem viðkomandi ríki hefur ekki skuldbundið sig til að framkvæma rannsóknina,
c. flugumferðaratvik sem verða á eða yfir íslensku yfirráðasvæði eða á íslensku flugstjórnarsvæði,
d. flugatvik sem verða utan íslensks yfirráðasvæðis þar sem loftför skrásett á Íslandi eiga hlut að máli, nema því aðeins að viðkomandi ríki framkvæmi rannsóknina.

6. gr.

Rannsóknarnefnd flugslysa starfar sjálfstætt og óháð stjórnvöldum og öðrum rannsóknaraðilum, ákæruvaldi og dómstólum. Hún ákveður sjálf hvenær efni eru til rannsóknar flugslyss.

Nefndin getur krafið Flugmálastjórn um aðgang að hvers konar gögnum sem nauðsynleg eru við rannsókn máls.

Flugmálastjórn, Rannsóknarlögreglu og lögreglu er skylt að veita nefndinni nauðsynlegar upplýsingar og aðstoð við rannsókn máls.

7. gr.

Rannsóknarnefnd flugslysa skal gera tillögur um úrbætur í flugöryggismálum eftir því sem rannsókn á orsökum flugslysa gefur tilefni til. Tillögurnar skal birta opinberlega. Flugmálayfirvöldum ber að sjá til þess að úrbótatillögur nefndarinnar séu teknar til formlegrar afgreiðslu hverju sinni.

Nefndin skal í lok hvers starfsárs semja yfirlit um hvernig tillögum hennar hefur verið framfylgt og senda það samgönguráðherra.

8. gr.

Nú verður flugslys, sbr. 1. og 5. gr., og ber þá sérhverjum sem um það veit að tilkynna það rannsóknarnefnd flugslysa tafarlaust. Sérstaka skyldu í þessu efni hefur Flugmálastjórn.

Sama gildir um hvern þann sem finnur loftfar eða aðra hluti við aðstæður er benda til þess að flugslys hafi orðið.

9. gr.

Hafi flugslys orðið, sbr. 1. og 5. gr., má hvorki hreyfa né nema á brott loftfarið, hluta þess, innihald þess né verksummerki slyssins uns rannsókn er lokið nema rannsóknarnefnd flugslysa hafi heimilað það.

Án slíks leyfis má þó hreyfa, flytja til eða nema á brott loftfarið, hluta þess eða innihald að svo miklu leyti sem nauðsynlegt reynist til að frelsa menn eða dýr, ná pósti úr loftfari, afstýra spjöllum af eldi eða öðrum orsökum eða koma í veg fyrir að loftfarið, hluti þess eða innihald valdi háska eða almenningi miklum baga.

10. gr.

Rannsóknarnefnd flugslysa og starfsmenn hennar skulu hafa óhindraðan aðgang að vettvangi flugslyss, eins þótt um staði í einkaeign sé að ræða.

Nefndin og starfsmenn hennar hafa sjálfstæðan rétt til að kveðja sér til aðstoðar lögreglu, svo og annað björgunar- og hjálparlið. Er lögreglu skylt að veita nefndinni þessa rannsóknaraðstoð.

Nefndin og starfsmenn hennar hafa rétt til skýrslutöku og gagnasöfnunar á vettvangi eftir eigin mati, sbr. 11. gr.

Yfirstjórn vettvangsrannsóknar er í höndum nefndarinnar og starfsmanna hennar.

11. gr.

Rannsóknarnefnd flugslysa og starfsmönnum hennar er heimilt að krefjast framlagningar á bókum, öðrum skjölum og upptökum er varða loftfarið og áhöfn þess, taka skýrslur af eiganda, notanda eða umráðanda loftfarsins, áhöfn þess og hverjum öðrum sem ætla má að kunni að geta veitt vitneskju er stuðli að því að leiða í ljós orsök slyssins.

Nefndin getur leitað aðstoðar rannsóknastofnana, innlendra eða erlendra, eftir því sem nauðsynlegt er við rannsókn flugslyss. Innlendum aðilum er skylt að veita nefndinni þessa aðstoð.

Rannsóknarnefnd flugslysa er heimilt að kalla til starfa með nefndinni sérfræðinga á tilteknum sviðum telji hún það nauðsynlegt.

12. gr.

Rannsóknarnefnd flugslysa ákveður hvenær loftfar eða hlutar þess, sem rannsóknin beinist að, eru látnir af hendi.

Nefndin getur haldið loftfari eða hverjum hluta þess sem er svo lengi sem hún telur þörf vegna rannsóknarinnar. Gögn úr flugritum ber að varðveita varanlega.

13. gr.

Rannsóknarnefnd flugslysa er heimilt að hljóðrita skýrslur aðila og vitna.

Nefndin afritar það af upptöku sem hún telur máli skipta varðandi rannsókn máls. Ella skulu aðalatriði skýrslna aðila og vitna skráð.

Skýrslur aðila og vitna skulu taldar réttar nema gerðar séu athugasemdir við þær.

14. gr.

Þegar rannsókn er lokið skal rannsóknarnefnd flugslysa svo fljótt sem verða má semja skýrslu um niðurstöðu rannsóknarinnar. Rannsóknarskýrslu má gera á ensku ef málsaðili er útlendur. Í skýrslunni skal gerð grein fyrir orsök eða sennilegri orsök slyssins auk þess sem þar skulu gerðar tillögur um þær varúðarráðstafanir sem gera má til þess að afstýra frekari slysum af sömu eða líkum orsökum, sbr. 7. gr.

Skýrslum rannsóknarnefndar flugslysa skal ekki beitt sem sönnunargögnum í opinberum málum, sbr. 4. mgr. 1. gr., enda er markmið flugslysarannsókna samkvæmt lögum þessum að greina orsakaþætti flugslysa í því skyni einu að koma í veg fyrir frekari flugslys. Tilgangurinn er ekki að skipta sök eða ábyrgð. Skal þessa getið á forsíðu hverrar lokaskýrslu sem rannsóknarnefnd flugslysa sendir frá sér.

Í þeim tilvikum sem flugslys verða tilefni rannsóknar að hætti laga um meðferð opinberra mála skal rannsóknarnefnd flugslysa veita Rannsóknarlögreglu upplýsingar og gögn sem varða vettvang og úrlausn tæknilegra álitaefna. Ekki skal afhenda gögn sem geyma framburð aðila og vitna fyrir nefndinni.

15. gr.

Aðili máls, eigandi eða flugrekandi viðkomandi loftfars, svo og Flugmálastjórn, skal eiga þess kost, með þeim hætti sem rannsóknarnefnd flugslysa ákveður hverju sinni, að tjá sig um drög að lokaskýrslu nefndarinnar innan tilskilins frests áður en endanlega er gengið frá skýrslunni, sbr. 14. gr., enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða þeirra og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft.

16. gr.

Rannsóknarnefnd flugslysa getur endurupptekið þegar rannsakað mál, sbr. 14. gr., ef fram koma ný og mikilvæg gögn að hennar mati. Mat nefndarinnar í þessu efni er endanlegt.

17. gr.

Rannsóknarnefnd flugslysa skal senda aðilum máls lokaskýrslu rannsóknar og hæfilegan eintakafjölda til Flugmálastjórnar sem afhendir þau þeim er þess óska.

Nefndin skal gefa út heildarskýrslu um störf sín ár hvert.

Skýrslur nefndarinnar má selja á kostnaðarverði.

18. gr.

Í reglugerð, sem samgönguráðherra setur, skal nánar kveðið á um störf rannsóknarnefndar flugslysa, þar á meðal um samskipti við aðra rannsóknaraðila, skrifstofuhald, geymslu málsgagna, persónuskilríki um réttarstöðu nefndarmanna og heimildir þeirra í störfum, nauðsynlegan útbúnað og tæki nefndarinnar til vettvangsrannsókna og einstaka þætti málsmeðferðar eftir því sem þurfa þykir.

19. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Með lögum þessum eru numin úr gildi ákvæði 141.–147. gr. laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara fellur úr gildi skipun núverandi flugslysanefndar og skal ráðherra eftir gildistöku skipa rannsóknarnefnd flugslysa samkvæmt lögunum.

Sá sem gegnir stöðu framkvæmdastjóra flugslysarannsóknadeildar Flugmálastjórnar skal hafa forgang til starfs formanns rannsóknarnefndar flugslysa og skulu laun og kjör hans eigi skerðast við tilflutninginn.

1010. Tillaga til þingsályktunar [527. mál]

um staðfestingu þriggja samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum.

(Lögð fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd eftirtalda samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum sem gerðir voru í Ósló 6. maí 1996:

1. Bókun um verndun, skynsamlega nýtingu og stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi.
2. Samning milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan íslenskrar lögsögu og lögsögu Jan Mayen á árinu 1996.
3. Samning milli Íslands og Rússlands um veiðiheimildir innan íslenskrar lögsögu á árinu 1996.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á eftirtöldum samningum um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum sem gerðir voru í Ósló 6. maí 1996:

1. Bókun um verndun, skynsamlega nýtingu og stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi.
2. Samningi milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan íslenskrar lögsögu og lögsögu Jan Mayen á árinu 1996.
3. Samningi milli Íslands og Rússlands um veiðiheimildir innan íslenskrar lögsögu á árinu 1996.

Bókunin er prentuð sem fylgiskjal I með þingsályktunartillögu þessari og samningarnir sem fylgiskjöl II og III.

Aðilar að bókuninni eru strandríkin fjögur: Ísland, Færeyjar, Noregur og Rússland. Þau skuldbinda sig í bókuninni til að starfa saman að verndun síldarstofnsins, skynsamlegri nýtingu hans og stjórn veiða úr honum í því skyni að tryggja sjálfbæra nýtingu stofnsins til langs tíma.

Samkvæmt lið 2.1. í bókuninni verður heildarafli landanna fjögurra á árinu 1996 1.107 þús. lestir og skiptist hann þannig að í hlut Íslands og Færeyja koma samtals 256 þús. lestir, í hlut Noregs 695 þús. lestir og 156 þús. lestir í hlut Rússlands.

Ísland og Færeyjar höfðu með tvíhliða samningi um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum frá 2. febrúar 1996 ákveðið að afli íslenskra skipa á árinu 1996 yrði ekki meiri en 244 þús. lestir og afli færeyskra skipa ekki meiri en 86 þús. lestir. Til samræmis við ákvæði áðurnefndrar bókunar frá 6. maí 1996 um 256 þús. lesta sameiginlegan hámarksafla landanna tveggja var staðfest með orðsendingaskiptum utanríkisráðherra Íslands og lögmanns Færeyja sama dag að hámarksafli íslenskra skipa verði 190 þús. lestir og hámarksafli færeyskra skipa 66 þús. lestir. Orðsendingarnar eru prentaðar sem fylgiskjal IV með þingsályktunartillögu þessari.

Í lið 2.2. í bókuninni er gert ráð fyrir að aðilar komi sér tvíhliða saman um heimildir til veiða í lögsögu hvers annars og önnur skilyrði fyrir veiðum þar. Samkvæmt áðurnefndum samningi milli Íslands og Færeyja er skipum hvors aðila heimilt að veiða í lögsögu hins á árinu 1996. Samhliða gerð bókunarinnar var gengið frá samningi milli Íslands og Noregs með orðsendingaskiptum sjávarútvegsráðherra ríkjanna. Samkvæmt honum fá íslensk

skip ótakmarkaðan aðgang að lögsögunni við Jan Mayen og norsk skip heimild til að veiða allt að 127 þús. lestir í íslenskri lögsögu á árinu 1996. Jafnframt var gerður samningur milli Íslands og Rússlands þar sem rússneskum skipum er veitt heimild til að veiða allt að 5 þús. lestir á takmörkuðu svæði í austurhluta íslensku lögsögunnar. Aðilar að tveimur síðastnefndu samningunum munu semja um nánari skilyrði varðandi veiðarnar.

Íslensk stjórnvöld hafa í samningaviðræðunum lagt áherslu á sameiginlega hagsmuni aðila af því að gerðar yrðu ráðstafanir til að ná sem bestri nýtingu síldarinnar. Með ótakmörkuðum aðgangi að lögsögunni við Jan Mayen er líklegt að veiðitími síldarinnar lengist og að síldin verði aðgengileg íslenska flotanum þegar hún hefur náð því fituinnihaldi sem gerir hana eftirsóknarverða til manneldisvinnslu og verðmætari til lýsisvinnslu. Með reglugerð nr. 248 frá 8. maí 1996 var aflahlutdeild Íslands skipt milli einstakra skipa.

Þess skal getið að í 2. mgr. 6. gr. samkomulags milli Íslands og Noregs um fiskveiði- og landgrunnsmál frá 28. maí 1980 er gert ráð fyrir að af þeim aflahlut, sem Íslandi er veittur með samningagerð við Noreg og önnur lönd, megi Íslendingar veiða „sanngjarnan hluta“ á Jan Mayen svæðinu.

Samkvæmt ákvæði liðar 6.2. í bókuninni skulu aðilar í viðræðum sínum um skiptingu aflaheimilda á komandi árum taka mið af breytingum sem verða á dreifingu stofnsins. Komið verður á fót vinnuhópi vísindamanna til að fylgjast með og meta þróun og dreifingu stofnsins í þessu skyni, sbr. lið 6.1. Svo sem kunnugt er hefur síld úr stofninum lítið sem ekkert gengið í íslenska lögsögu eftir hrun hans í lok sjötta áratugarins. Ef tekst að ná markmiðum samningsins um verndun og uppbyggingu stofnsins og hann gengur í auknum mæli í íslensku lögsöguna er við því að búast að aflahlutdeild Íslands muni aukast á komandi árum.

Talið er að sá hluti síldarstofnsins, sem leitaði á Íslandsmið fyrir hrunið, hafi að uppistöðu til verið eldri árgangar (sjö ára síld og eldri). Yfirgnæfandi hluti stofnsins nú er hins vegar fjögurra og fimm ára síld, þ.e. árgangar 1991 og 1992. Af þessu má ráða að hagsmunir Íslendinga af því að koma í veg fyrir ofveiði eru sérstaklega brýnir og að markvissar veiðitakmarkanir nú eru forsenda þess að dreifing stofnsins geti orðið eins og áður var.

Í liðum 4.1.–4.3. eru ákvæði er snerta samskipti strandríkjanna fjögurra við aðra aðila. Samkvæmt lið 4.1. skulu samningsaðilar beita sér fyrir því að ná samkomulagi við aðra aðila um að þeir takmarki sínar veiðar til að koma á heildarstjórn veiða úr stofninum. Hér er fyrst og fremst átt við Evrópusambandið.

Í lið 4.2. er kveðið á um að aðilar skuli starfa saman að því að koma í veg fyrir athafnir skipa, er sigla undir fána annarra ríkja, sem grafa undan áhrifum verndunar- og stjórnunarráðstafana er aðilar hafa komið sér saman um. Ákvæði þetta á sér fyrirmynd í úthafsveiðisamningi Sameinuðu þjóðanna.

Samkvæmt lið 4.3. skulu aðilar starfa saman að því að koma á stjórnun veiða úr stofninum á svæðum utan lögsögu, þ.e. í Síldarsmugunni svokölluðu, á vettvangi Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC) í samræmi við ákvæði úthafsveiðisamningsins.

Í lið 3.1. er kveðið á um mánaðarleg skipti aðila á aflaskýrslum. Samkvæmt lið 3.2. skulu aðilar hefjast handa um að setja samræmdar verndunarregur um veiðar úr stofninum. Er hér m.a. átt við reglur um möskvastærð og lágmarksstærð fisks. Aðilar skulu auðvelda og efla samstarf við eftirlit til að tryggja að verndunarreglum verði fylgt, sbr. lið 3.3.

Samkvæmt 5. lið bókunarinnar skulu aðilar starfa saman að eflingu vísindarannsókna varðandi stofninn.

Tekið er sérstaklega fram í bókuninni að hún hafi ekki fordæmisgildi gagnvart samningum milli aðila í framtíðinni, einkum að því er varðar aflahlutdeild fyrir árið 1996.

Bókuninni skal beitt til bráðabirgða frá undirritunardegi hennar. Hún öðlast gildi þegar allir aðilar hafa tilkynnt hver öðrum um að nauðsynlegri málsmeðferð sé lokið.

Fylgiskjal I.

BÓKUN
um verndun, skynsamlega nýtingu og stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi.

Aðilar að bókun þessari,

sem vilja stuðla að verndun, skynsamlegri nýtingu og stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum og tryggja sjálfbæra nýtingu stofnsins til langs tíma,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1.1. Aðilar skulu starfa saman að verndun, skynsamlegri nýtingu og stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi og taka tillit til bestu vísindaráðgjafar sem er fyrir hendi.

1.2. Aðilar skulu gera ráðstafanir til að tryggja að hrygningarstofninum sé haldið ofan við örugg líffræðileg mörk þar sem nýliðun er tryggð til að gera sjálfbæra nýtingu til langs tíma mögulega.

2.1. Aðilar skulu á árinu 1996 takmarka veiðar sínar úr síldarstofninum við 1.107.000 lesta hámarksafla samkvæmt eftirfarandi aflahlutdeild:

PROTOCOL
on the Conservation, Rational Utilization and Management of Norwegian Spring Spawning Herring (Atlanto-Scandian Herring) in the Northeast Atlantic

The Parties to this Protocol,

Desiring to promote conservation, rational utilization and management of Norwegian spring spawning herring (Atlanto-Scandian herring) and to provide for long-term sustainable exploitation of the stock,

Have agreed as follows:

1.1. The Parties shall cooperate in the conservation, rational utilization and management of Norwegian spring spawning herring (Atlanto-Scandian herring) in the Northeast Atlantic taking into account the best scientific advice available.

1.2. The Parties shall establish such measures as will ensure that the spawning stock will be maintained above safe biological limits, where sufficient recruitment is ensured to allow for long-term sustainable exploitation.

2.1. For the year 1996 the Parties shall restrict their fishing on the herring stock to a maximum limit of 1,107,000 tonnes on the basis of the following quotas:

Færeyjar og Ísland	256.000 lestir
Noregur	695.000 lestir
Rússneska sambandsríkið	166.000 lestir.

Rússneska sambandsríkið framselur Noregi 5.000 lestir. Noregur mun heimila rússneskum skipum með tvíhliða samningi að veiða tiltekið magn af aflahlutdeild Rússlands í fiskveiðilögsögunni við Jan Mayen. 5.000 lestir af aflahlutdeild Rússlands eru teknar frá fyrir veiðar í efnahagslögsögu Rússlands. Noregur og Rússneska sambandsríkið munu láta framangreindar 10.000 lestir óveiddar í verndunarskyni.

2.2. Aðilar koma sér tvíhliða saman um heimildir til veiða í fiskveiðilögsögu hvers annars og önnur skilyrði fyrir veiðum þar.

3.1. Aðilar skulu skiptast á aflaskýrslum mánaðarlega og skulu upplýsingar sundurliðaðar eftir undirsvæðum Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) og/eða fiskveiðilögsögu og svæðum utan fiskveiðilögsögu aðila.

3.2. Aðilar skulu hefjast handa um að setja samræmdar verndunarreglur um veiðar úr stofninum.

3.3. Aðilar skulu auðvelda og efla samstarf við eftirlit til að tryggja að verndunarreglum verði fylgt.

4.1. Aðilar skulu leitast við að ná samkomulagi við aðra aðila, sem hlut eiga að máli, til að koma á heildarstjórnun veiða úr stofninum.

The Faroe Islands and Iceland	256,000 tonnes
Norway	695,000 tonnes
The Russian Federation	166,000 tonnes.

The Russian Federation shall transfer 5,000 tonnes to Norway. The Norwegian Party shall provide the possibility for Russian vessels to take a specific amount of the Russian quota in the Fishery zone around Jan Mayen by bilateral agreement. 5,000 tonnes of the Russian quota is set aside for the Russian Exclusive economic zone. Norway and the Russian Federation will reserve these 10,000 tonnes for conservation purposes.

2.2. Arrangements for access and other conditions for fishing in the respective zones of fisheries jurisdiction of the Parties are regulated by bilateral arrangements.

3.1. The Parties shall exchange catch reports on a monthly basis, broken down by ICES sub-area and/or zones of fisheries jurisdiction and areas beyond fisheries jurisdiction of the Parties.

3.2. The Parties shall initiate work to establish harmonized conservation measures in relation to the fishery on the stock.

3.3. The Parties shall facilitate and further cooperation in the field of inspection and control to ensure compliance with conservation matters.

4.1. The Parties shall seek to obtain agreement with other relevant parties to bring about a comprehensive management of the stock.

4.2. Aðilar skulu, í samræmi við réttindi þeirra og skyldur að þjóðarétti, starfa saman að því að koma í veg fyrir athafnir skipa, er sigla undir fána annarra ríkja, sem grafa undan áhrifum verndunar- og stjórnunarráðstafana er aðilar hafa komið sér saman um.

4.2. The Parties shall cooperate to deter in conformity with their international rights and obligations the activities of vessels flying the flag of other States which undermine the effectiveness of conservation and management measures agreed by the Parties.

4.3. Aðilar skulu starfa saman að því að koma á stjórnun veiða úr stofninum á svæðum utan fiskveiðilögsögu á vettvangi Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC) í samræmi við ákvæði samnings frá 4. desember 1995 um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim.

4.3. The Parties shall cooperate to achieve regulation of the fisheries on the stock in areas beyond fisheries jurisdiction through the Northeast Atlantic Fisheries Commission in conformity with the provisions laid down in the Agreement of 4 December 1995 for the implementation of the provisions of the United Nations Convention on the Law of the Sea of 10 December 1982 relating to the conservation and management of straddling fish stocks and highly migratory fish stocks.

5. Aðilar skulu starfa saman að því að efla vísindarannsóknir sem varða stofninn.

5. The Parties shall cooperate to enhance scientific research relating to the stock.

6.1. Aðilar skulu koma á fót vinnuhópi vísindamanna til að fylgjast með og meta þróun og dreifingu stofnsins í samræmi við samþykktar líffræðilegar viðmiðanir. Vinnuhópurinn skal eiga samstarf við Alþjóðahafrannsóknaráðið (ICES).

6.1. The Parties shall set up a scientific working group to monitor and assess the development and distribution of the stock according to agreed biological criteria. The working group shall cooperate with the International Council for the Exploration of the Sea (ICES).

6.2. Aðilar skulu nota niðurstöður vinnuhópsins sem grundvöll samningaviðræðna í framtíðinni um verndun stofnsins, skynsamlega nýtingu hans og stjórnun veiða úr honum, m.a. vegna hugsanlegra breytinga á leyfilegum heildarafla og aflahlutdeild aðila að svo miklu leyti sem dreifing stofnsins réttlætir breytingar á gildandi fyrirkomulagi. Við sérhverja endurskoðun skal tekið tilhlýðilegt tillit til dreifingar allra hluta stofnsins.

6.2. The Parties shall use the results of the scientific working group as the basis for future negotiations on the conservation, rational utilization and management of the stock, including possible adjustments of the total allowable catch (TAC) and allocations between the Parties in so far as the distribution of the stock justifies changes in existing arrangements. Any revision shall take due account of the distribution of all components of the stock.

7. Bókun þessi, sérstaklega að því er varðar aflahlutdeild fyrir árið 1996, hefur ekki fordæmisgildi gagnvart samningum milli aðila í framtíðinni.

8. Bókun þessari skal beitt til bráðabirgða frá þeim degi sem hún er undirrituð og öðlast hún gildi þegar allir aðilar hafa tilkynnt hver öðrum um að nauðsynlegri málsmeðferð sé lokið.

Gjört í Ósló 6. maí 1996 í fjórum frumeintökum á ensku. Aðilar skulu koma sér saman um opinbera texta bókunar þessarar á færeysku, íslensku, norsku og rússnesku.

7. This Protocol, in particular the arrangements on quotas for the year 1996, is without prejudice to any future agreement between the Parties.

8. This Protocol shall be applied provisionally from the date of signature and enter into force when all Parties have notified each other of the completion of their necessary procedures.

Done at Oslo on 6 May 1996 in four originals in English. The Parties shall agree on official texts of this Protocol in Faroese, Icelandic, Norwegian and Russian.

Lögmaður Færeyja:
Edmund Joensen

Sjávarútvegsráðherra Færeyja:
Ivan Johannson

Utanríkisráðherra Íslands:
Halldór Ásgrímsson

Sjávarútvegsráðherra Íslands:
Þorsteinn Pálsson

Utanríkisráðherra Noregs:
Björn Tore Godal

Sjávarútvegsráðherra Noregs:
Jan Henry T. Olsen

Formaður fiskveiðiráðs Rússneska sambandsríkisins:
Vladimir Korelsky

Prime Minister of the Faroe Islands:
Edmund Joensen

Minister of Fisheries of the Faroe Islands:
Ivan Johannson

Minister for Foreign Affairs of Iceland:
Halldór Ásgrímsson

Minister of Fisheries of Iceland:
Thorsteinn Pálsson

Minister of Foreign Affairs of Norway:
Björn Tore Godal

Minister of Fisheries of Norway:
Jan Henry T. Olsen

Chairman of the Fisheries Committee of the Russian Federation:
Vladimir Korelsky

Fylgiskjal II.

SAMNINGUR
milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan íslenskrar lögsögu og lögsögu Jan Mayen á árinu 1996.

a. Bréf sjávarútvegsráðherra Noregs til sjávarútvegsráðherra Íslands.

Oslo, 6. mai 1996

Fiskeriminister Thorsteinn Palsson

Ærede kollega,

I forbindelse med Protokoll inngått mellom Færøyene, Island, Norge og den Russiske Føderasjon om forvaltningen av Norsk vårgytende sild (Atlanto-skandisk sild) for 1996, er det inngått separate bilaterate avtaler om adgang til Partenes fiskerisoner.

Følgende arrangement mellom Norge og Island vil komme til anvendelse:

Innenfor rammen av Protokoll om forvaltningen av Norsk vårgytende sild (Atlanto-skandisk sild), gis islandske fartøyer adgang til å fiske inntil 190.000 tonn sild i Fiskerisonen rundt Jan Mayen i 1996.

Norske fartøyer gis adgang til å fiske inntil 127.000 tonn sild i Islands økonomiske sone i 1996.

Nærmere bestemmelser avtales om øvrige betingelser for utøvelse av fisket.

Jeg ville være takknemlig om De kunne bekrefte Deres samtykke til det ovenfor fremsatte arrangement.

På vegne av Norges regjering,

Jan Henry T. Olsen
Fiskeriminister

b. Svarbréf sjávarútvegsráðherra Íslands.

Ósló, 6. maí 1996

Hr. Jan Henry T. Olsen
sjávarútvegsráðherra

Heiðraði starfsbróðir,

Ég staðfesti að hafa móttekið bréf yðar frá í dag þar sem segir:

„Í tengslum við samning sem gerður hefur verið milli Færeyja, Íslands, Noregs og Rússneska sambandsríkisins um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum árið 1996 hafa verið gerðir sérstakir tvíhliða samningar um veiðar aðila í fiskveiðilögsögu hvers annars.

Að því er varðar Ísland og Noreg verður fyrirkomulagið sem hér segir:

Innan ramma samningsins um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum er íslenskum skipum heimilt að veiða allt að 190 þúsund lestir í fiskveiðilögsögunni við Jan Mayen á árinu 1996.

Norskum skipum er heimilt að veiða allt að 127 þúsund lestir af síld í íslenskri efnahagslögsögu árið 1996.

Aðilar munu semja um nánari skilyrði varðandi veiðarnar.

Ég væri þakklátur ef þér gætuð staðfest samþykki yðar við ofangreint."

Ég staðfesti hér með að Ísland samþykkir það sem segir í bréfi yðar.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands,

Þorsteinn Pálsson
sjávarútvegsráðherra

Fylgiskjal III.

SAMNINGUR
milli Íslands og Rússlands um veiðiheimildir innan íslenskrar lögsögu á árinu 1996.

Með vísan til liðar 2.2. í bókun um verndun, skynsamlega nýtingu og stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi, sem undirrituð var í dag, hafa sendinefndir Íslands og Rússneska sambandsríkisins komið sér saman um að rússneskum fiskiskipum verði veitt heimild til að veiða á árinu 1996 allt að 5.000 lestir af síld á takmörkuðu svæði í austurhluta íslensku efnahagslögsögunnar. Kveðið verður á um tilhögun veiðanna með orðsendingaskiptum við fyrsta tækifæri.

With reference to paragraph 2.2. of the Protocol signed today on the Conservation, Rational Utilization and Management of Norwegian Spring Spawning Herring (Atlanto-Scandian Herring) in the Northeast Atlantic, the Delegations of Iceland and the Russian Federation have agreed that Russian fishing vessels be granted access in 1996 to take up to 5000 tonnes of herring in a limited area in the eastern part of the Icelandic Economic zone. The arrangements will be formalized through an exchange of notes at the earliest opportunity.

Ósló, 6. maí 1996

Halldór Ásgrímsson

Vladimir Korelsky

Oslo, 6 May 1996

Halldór Ásgrímsson

Vladimir Korelsky

Fylgiskjal IV.

ORÐSENDINGASKIPTI
utanríkisráðherra Íslands og lögmanns Færeyja.

a. Bréf utanríkisráðherra Íslands til lögmanns Færeyja.

Ósló, 6. maí 1996

Hr. lögmaður,

Ég leyfi mér að vísa til samnings milli Íslands og Færeyja frá 2. febrúar 1996 um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1996.

Ég leyfi mér einnig að vísa til bókunar um verndun, skynsamlega nýtingu og stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi sem gerð var í Ósló í dag af hálfu Íslands, Færeyja, Noregs og Rússneska sambandsríkisins. Í samræmi við 2. lið bókunarinnar leyfi ég mér að staðfesta að aðilar takmarki veiðar sínar á síldarstofninum á árinu 1996 samkvæmt 1. gr. samningsins frá 2. febrúar 1996 þannig að afli færeyskra skipa verði ekki hærri en 66.000 lestir og afli íslenskra skipa ekki hærri en 190.000 lestir.

Ef þér staðfestið að ofangreint sé skilningur yðar leyfi ég mér að leggja til að fyrirkomulag þetta taki gildi þegar svarbréf yðar er dagsett.

Halldór Ásgrímsson
utanríkisráðherra

Edmund Joensen
Föroya Landstýri
Thorshavn

b. Svarbréf lögmanns Færeyja.

Ósló, 6. maí 1996

Hr. utanríkisráðherra,

Ég leyfi mér að vísa til bréfs yðar dags. í dag í Ósló og staðfesti að aðilar muni takmarka veiðar sínar á síldarstofninum á árinu 1996 samkvæmt 1. gr. samningsins frá 2. febrúar 1996 þannig að afli færeyskra skipa verði ekki hærri en 66.000 lestir og afli íslenskra skipa ekki hærri en 190.000 lestir.

Edmund Joensen
lögmaður

Hr. Halldór Ásgrímsson
utanríkisráðherra Íslands

1011. Breytingartillaga [252. mál]

við frv. til l. um spilliefnagjald.

Frá Hjörleifi Guttormssyni, Gísla S. Einarssyni, Kristínu Halldórsdóttur og Ástu R. Jóhannesdóttur.

Við 3. gr.

a. Í stað orðanna „sex menn“ í 2. málsl. komi: sjö menn.
b. Á eftir orðunum „Alþýðusambandi Íslands“ í 2. málsl. komi: einn af Neytendasamtökunum.

1012. Nefndarálit [61. mál]

um till. til þál. um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og hafa umsagnir um það borist frá Jafnréttisráði, Ungmennasambandi Kjalarnesþings, Glímusambandi Íslands, Íþróttakennarafélagi Íslands, Ungmennasambandi Skagafjarðar, Skotsambandi Íslands, Íþróttabandalagi Akureyrar, Hestaíþróttasambandi Íslands, Íþróttasambandi Íslands, Íþrótta- og tómstundaráði Reykjavíkurborgar, Ungmennafélaginu Breiðabliki, Héraðssambandinu Skarphéðni, Ungmennafélagi Íslands, Íþróttabandalagi Reykjavíkur, Fimleikasambandi Íslands, umbótanefnd Íþróttasambands Íslands, Kvenréttindafélagi Íslands og Tennissambandi Íslands.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að stofnuð verði nefnd um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna. Skal nefndin vinna að eflingu íþrótta stúlkna og kvenna í samráði við Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands, en þar hefur farið fram nokkurt starf á þessu sviði. Kannanir, sem gerðar hafa verið undanfarið, benda eindregið til þess að átak þurfi að gera til eflingar stúlkna- og kvennaíþróttum.

Menntamálanefnd leggur þó áherslu á að ekki er síður mikilvægt að stuðla að eflingu almenningsíþrótta en keppnisíþrótta meðal kvenna.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 20. maí 1996.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Sigríður Jóhannesdóttir.
Árni Johnsen.	Ólafur Örn Haraldsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.
Tómas Ingi Olrich.	Lúðvík Bergvinsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.

1013. Nefndarálit [210. mál]

um till. til þál. um opinberan stuðning við starfsþjálfun í fyrirtækjum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið umsagnir um það frá Vinnumálasambandinu, Sambandi iðnmenntaskóla, Alþýðusambandi Íslands, Iðnnemasambandi Íslands og menntamálaráðuneytinu.

Í tillögunni er kveðið á um mótun stefnu um starfsþjálfun sem hvetur til aukinnar þátttöku fyrirtækja í verknámi. Fyrirtæki og stofnanir gegna nú þegar mikilvægu hlutverki í starfsmenntun á framhaldsskólastigi. Í frumvarpi til laga um framhaldsskóla, sem nú liggur fyrir Alþingi, er stórt skref stigið í því að skilgreina hlutverk og ábyrgð fyrirtækja í menntunarmálum þó að ekki sé þar tekið á öllum atriðum er varða þjálfun nemenda á vinnustað. Ljóst er að í framhaldi af samþykkt nýrra laga um framhaldsskóla verður að huga að starfsþjálfun í fyrirtækjum, meðal annars í anda tillögu þessarar.

Nefndin leggur til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 20. maí 1996.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Sigríður Jóhannesdóttir.
Árni Johnsen.	Ólafur Örn Haraldsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.
Tómas Ingi Olrich.	Lúðvík Bergvinsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.

1014. Lög [249. mál]

um umgengni um nytjastofna sjávar.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí.)

Samhljóða þskj. 996 með þessari breytingu:

26. gr. hljóðar svo:

Ákvæði 19. gr. laganna orðast svo:

Fiskistofa skal svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fyrir brot á lögum þessum eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum um umgengni um nytjastofna sjávar.

1015. Frumvarp til laga [313. mál]

um breytingu á lögum nr. 74/1984, um tóbaksvarnir.

(Eftir 2. umr., 20. maí.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skráð sé aðvörun“ í 1. mgr. kemur: skráðar séu viðvaranir.
b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Sígarettupakka skal merkja sérstaklega með upplýsingum um tjöru- og nikótíninnihald.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þrátt fyrir það er Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins heimilt að gefa út verðskrá fyrir tóbak og birta skrá yfir skaðleg efni í tóbaksvörum.
b. Við 2. mgr. bætist: og í myndskreytingu á varningi.
c. 3. mgr. orðast svo:
   Með auglýsingum er í lögum þessum m.a. átt við:
   1. hvers konar tilkynningar til almennings eða sérstakra markhópa, þar á meðal útstillingar í gluggum verslana, hvers konar skilti og svipaðan búnað,
   2. alla notkun hefðbundinna tóbaksvörumerkja (heita og auðkenna) eða hluta þeirra; undanskildar eru þó vörur sem framleiddar eru undir slíkum merkjum, enda gilda auglýsingatakmarkanir laganna um þær að öðru leyti,
   3. hvers konar umfjöllun í fjölmiðlum um einstakar vörutegundir nema ljóst sé að hún miði beinlínis að því að koma á framfæri upplýsingum sem draga úr skaðsemi tóbaksneyslu,
   4. dreifingu vörusýna til neytenda.

3. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

8.1. Tóbak má hvorki selja né afhenda einstaklingum yngri en 18 ára. Bann þetta skal auglýst með áberandi hætti þar sem tóbak er selt. Leiki vafi á um aldur kaupandans getur sala því aðeins farið fram að hann sýni með skilríkjum fram á að hann sé orðinn 18 ára.
8.2. Bannað er að flytja inn, framleiða og selja leikföng eða sælgæti sem er eftirlíking af sígarettum, vindlum eða reykjarpípum eða er ætlað að minna á tóbak með öðrum hætti, svo sem myndskreytingu.
8.3. Bannað er að selja tóbak úr sjálfsölum.
8.4. Ekki er heimilt að selja sígarettur í minna magni en heilum 20 stykkja pökkum.
8.5. Bannað er að flytja inn, framleiða og selja munntóbak og fínkornótt neftóbak.
8.6. Ekki má selja tóbak í skólum, stofnunum fyrir börn og unglinga eða á heilbrigðisstofnunum.

4. gr.

3. málsl. fyrri málsgreinar 9. gr. laganna orðast svo: Á þeim veitingastöðum þar sem megináhersla er lögð á kaffiveitingar og matsölu skulu þó ávallt vera reyklaus svæði, ekki síðri en þau svæði þar sem reykingar eru leyfðar, og tryggja skal að aðgangur að þeim liggi ekki um reykingasvæði.

5. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

10.1. Tóbaksreykingar eru með öllu óheimilar:

1. Í grunnskólum, á leikskólum, hvers konar dagvistum barna og í húsakynnum sem eru fyrst og fremst ætluð til félags-, íþrótta- og tómstundastarfa barna og unglinga.
2. Á opinberum samkomum innan húss sem einkum eru ætlaðar börnum eða unglingum.
3. Í framhaldsskólum og sérskólum.
4. Á heilsugæslustöðvum, á læknastofum og öðrum stöðum þar sem veitt er heilbrigðisþjónusta. Það á þó ekki við íbúðarherbergi vistmanna á hjúkrunar- og dvalarheimilum en þar er þó skylt að gefa þeim sem ekki reykja kost á reyklausum íbúðarherbergjum.
5. Á sjúkrahúsum. Þó má leyfa reykingar sjúklinga í vissum tilvikum. Ráðherra setur reglugerð þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd undanþágunnar.

10.2. Forstöðumenn allra annarra opinberra stofnana en um getur í 1. mgr. skulu í samráði við starfsfólk gera áætlun um bann við reykingum innan viðkomandi stofnunar sem kemur til framkvæmda eigi síðar en fyrir lok ársins 2000. Innan sérhverrar stofnunar skal þó heimilt að gera ráð fyrir afdrepi þar sem reykingar eru heimilaðar.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „um skaðsemi tóbaksneyslu“ í 1. mgr. kemur: í því skyni að draga úr tóbaksneyslu.
b. Í stað orðsins „ríkisfjölmiðlum“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: fjölmiðlum.
c. 2. mgr. orðast svo:

Fræðsla um áhrif tóbaksneyslu og leiðir til að draga úr henni skal veitt á heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum.

7. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

15.1. Skylt er að verja a.m.k. 0,7% af brúttósölu tóbaks til tóbaksvarnastarfs.

15.2. Tóbaksvarnanefnd ráðstafar fénu í samráði við ráðherra.

8. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

18.1. Heilbrigðisnefndir, Vinnueftirlit ríkisins, Siglingastofnun Íslands og Flugmálastjórn hafa, eftir því sem við á, eftirlit með því að virt séu ákvæði III. kafla laga þessara í samræmi við þau lög sem gilda um þessar stofnanir.

18.2. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd eftirlitsins.

9. gr.

Í stað orðanna „2. og 3. mgr.“ í 3. mgr. 19. gr. laganna kemur: 2.–6. mgr.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1996. Þó skal 5. efnismgr. 3. gr. ekki öðlast gildi fyrr en 1. febrúar 1997.

1016. Nefndarálit [86. mál]

um frv. til l. um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund til viðræðna Þórunni J. Hafstein, skrifstofustjóra í menntamálaráðuneyti, Sigurð Reyni Pétursson, formann höfundaréttarnefndar, Helgu Waage og Jóhannes Steingrímsson frá Félagi tölvunarfræðinga, Pál Hjaltason frá Sambandi íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja, Jóhann Gunnarsson, deildarstjóra hjá Hagsýslu ríkisins, Ásgeir Einarsson og Jónu Björk Helgadóttur, lögfræðinga hjá Samkeppnisstofnun, Gunnar Guðmundsson og Björn Theodór Árnason frá Sambandi flytjenda og hljómplötuframleiðenda og frá endurskoðunarnefnd höfundalaga Knút Bruun, Ragnar Aðalsteinsson og Eirík Tómasson. Þá studdist nefndin við umsagnir sem bárust á 119. löggjafarþingi frá Hagþenki, Félagi tölvunarfræðinga, Rithöfundasambandi Íslands, Höfundaréttarfélagi Íslands, Félagi bókasafnsfræðinga, Félagi íslenskra bókaútgefenda, Sambandi íslenskra myndlistarmanna, Verslunarráði Íslands, STEF og Samtökum kvikmyndaleikstjóra.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að í 1. gr. frumvarpsins verði heimilað, án sérstaks leyfis forritshöfundar, að skoða, rannsaka eða prófa forrit í því skyni að kanna virkni þess og hugmyndir og sjónarmið sem einstakir þættir forritsins hvíla á. Í frumvarpstextanum nær heimildin aðeins til þess að kanna þær hugmyndir og sjónarmið sem einstakir þættir forritsins hvíla á. Tekið skal fram að slík skoðun forrits er því aðeins heimil að hún tengist réttmætum afnotum rétthafa forrits.

Þá hefur nefndin skoðað sérstaklega þau ákvæði 10. gr. frumvarpsins sem fjalla um þóknun fyrir afnot af hljóðriti. Meiri hlutinn telur að túlka beri greinina á þann veg að hún girði ekki fyrir það að fleiri en ein innheimtusamtök framleiðenda og listflytjenda geti gert kröfu til endurgjalds samkvæmt greininni og sé heimilt að setja gjaldskrá um þóknun fyrir flutning efnis af hljóðritum utan útvarps að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir orðunum „í því skyni að kanna“ í 1. efnismgr. 1. gr. komi: virkni þess og.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að gera grein fyrir afstöðu sinni við umræður um málið og flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Alþingi, 20. maí 1996.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Sigríður Jóhannesdóttir.
Tómas Ingi Olrich.	Árni Johnsen.	Ólafur Örn Haraldsson.
Guðný Guðbjörnsdóttir, með fyrirvara.		Arnbjörg Sveinsdóttir.

1017. Frumvarp til laga [252. mál]

um spilliefnagjald.

(Eftir 2. umr., 21. maí.)

I. KAFLI

Markmið, gildissvið o.fl.

1. gr.

Markmið laga þessara er að koma í veg fyrir mengun af völdum spilliefna með því að skapa hagræn skilyrði fyrir söfnun, meðhöndlun og viðunandi endurnýtingu eða eyðingu þeirra.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi fjalla um.

Til þess að standa straum af kostnaði við söfnun, móttöku, meðhöndlun, endurnýtingu eða eyðingu spilliefna, eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum, er heimilt að leggja sérstakt gjald, spilliefnagjald, á vörur sem geta orðið að spilliefnum.

2. gr.

Með vörum sem geta orðið að spilliefnum er í lögum þessum átt við vörur, efni og umbúðir þeirra sem haft geta mengandi eða óæskileg áhrif á umhverfi, sbr. 6. gr. Þessi skilgreining á við hvort sem efnin eru hrein eða hluti af öðrum efnum eða vörum.

3. gr.

Umhverfisráðherra skipar spilliefnanefnd til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti sjö menn: einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn af Vinnuveitendasambandi Íslands, einn af Samtökum iðnaðarins, einn af Alþýðusambandi Íslands og einn eftir sameiginlegri tilnefningu Samtaka fiskvinnslustöðva og Landssambands íslenskra útvegsmanna. Ráðherra skipar tvo nefndarmenn án tilnefningar, annan þeirra formann. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir með sama hætti.

Spilliefnanefnd fer með stjórn spilliefnagjalds.

4. gr.

Spilliefnanefnd skal gera áætlun um hvernig best verði staðið að söfnun, móttöku, meðhöndlun, endurnýtingu og eyðingu spilliefna. Nefndin skal hafa náið samráð við sérfræðinga og hagsmunaaðila um skilgreiningu markmiða hvað einstök viðfangsefni varðar og um val á aðferðum til að ná settum markmiðum.

Fyrirtækjum og atvinnugreinum er heimilt að semja um ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun af völdum spilliefna, enda þjóni það markmiðum laganna. Er viðkomandi vara þá undanþegin gjaldtöku samkvæmt lögum þessum. Ráðherra skal staðfesta slíka samninga að fengnum umsögnum spilliefnanefndar og Hollustuverndar ríkisins.

II. KAFLI
Spilliefnagjald.

5. gr.

Spilliefnagjald er gjald sem lagt er á vörur sem geta orðið að spilliefnum. Spilliefnagjald skal standa undir óhjákvæmilegum kostnaði af móttöku spilliefna, meðhöndlun þeirra, flutningi frá söfnunarstöðvum til eyðingarstöðva, endurnýtingu og eyðingu, enda hafi verið greitt sérstakt gjald af vörunum skv. 6. gr. Jafnframt skal spilliefnagjaldi varið til greiðslu kostnaðar við framkvæmd laga þessara.

Spilliefnagjaldinu skal skipt í flokka, sbr. 2. mgr. 6. gr., og skal hver flokkur vera fjárhagslega sjálfstæður. Samkvæmt tillögum spilliefnanefndar skal umhverfisráðherra kveða nánar á um skiptinguna í reglugerð.

Spilliefnanefnd semur við þar til bæran aðila um vörslu og ávöxtun gjaldsins. Ársreikningar skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun og birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

Í reglugerð, sem ráðherra setur samkvæmt tillögum spilliefnanefndar, skal kveða nánar á um hlutverk nefndarinnar, starfshætti og úthlutunarreglur.

Spilliefnanefnd skal að jafnaði bjóða út framangreinda verkþætti til allt að fimm ára í senn. Á grundvelli útboðs skal nefndin semja um endurgjald vegna móttöku, söfnunar, flutnings og eyðingar og meðhöndlunar á spilliefnum. Þetta skal gert fyrir landið allt eða einstök landsvæði eða vegna framkvæmda einstakra verkþátta, eftir því sem henta þykir. Við gerð áætlana og samninga samkvæmt framanskráðu skal við það miðað að ná sem mestum árangri með sem minnstum tilkostnaði. Þar sem útboð tekst ekki skal spilliefnanefnd gera tillögur um upphæð gjalda.

III. KAFLI
Gjaldskyldar vörur.

6. gr.

Gjaldskylda nær til allra vara sem fluttar eru til landsins eða eru framleiddar hér á landi. Við flokkun til gjaldskyldu samkvæmt lögum þessum skal fylgt flokkunarreglum tollalaga, nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, og gilda ákvæði þeirra jafnframt um úrskurðarvald í ágreiningsmálum um tollflokkun vara.

Spilliefnagjald skal lagt á neðangreinda völuflokka:

1. Olíuvörur:
   a. svartolía, allt að 0,1 kr. á hvert kg,
   b. önnur olía en brennsluolía, allt að 1,0 kr. á hvert kg.

2. Lífræn leysiefni, klórbundin efnasambönd o.fl.:
   a. lífræn leysiefni, allt að 0,5 kr. á hvert kg,
   b. halógeneruð efnasambönd, allt að 900 kr. á hvert kg,
   c. ósoneyðandi efni, allt að 900 kr. á hvert kg,
   d. ísósyanöt, allt að 1,0 kr. á hvert kg.
3. Málning og litarefni, allt að 2,0 kr. á hvert kg.
4. Rafhlöður og rafgeymar:
   a. rafhlöður, allt að 200 kr. á hvert kg,
   b. rafgeymar, allt að 60 kr. á hvert kg.
5. Ljósmyndavörur: framköllunarvökvar og fixerar, allt að 300 kr. á hvert kg.
6. Ýmsar aðrar efnavörur (kemískar vörur), allt að 5,0 kr. á hvert kg.

Ráðherra skal samkvæmt tillögu spilliefnanefndar ákveða með reglugerð upphæð gjaldsins á vörur í vöruflokkum skv. 2. mgr. Nefndin skal miða tillögur sínar við áætlun um söfnun, endurnýtingu og eyðingu viðkomandi spilliefna á grundvelli útboða og verksamninga, svo og að tekjur og gjöld í hverjum flokki, sbr. 1. mgr., standist á. Samkvæmt tillögum spilliefnanefndar er ráðherra heimilt í reglugerð að undanþiggja einstakar vörur gjaldskyldu.

7. gr.

Skylda til að greiða spilliefnagjald hvílir á þessum aðilum:

1. Öllum þeim sem flytja til landsins vörur sem falla undir lög þessi hvort sem þær eru til eigin nota eða endursölu.

   Spilliefnagjald af innfluttum gjaldskyldum vörum skal innheimt ásamt aðflutningsgjöldum.

   Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum um gjaldskyldu, álagningu, innheimtu, stöðvun tollafgreiðslu, veð, sektir, viðurlög og refsingar og aðra framkvæmd varðandi spilliefnagjald af innfluttum gjaldskyldum vörum skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.
2. Öllum sem framleiða vörur hérlendis sem falla undir lögin.

   Spilliefnagjald af innlendum framleiðsluvörum reiknast við sölu eða afhendingu gjaldskyldrar vöru frá framleiðanda og skiptir þá ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla kaupanda fer fram. Hvert uppgjörstímabil er einn mánuður. Spilliefnagjaldi af innlendri framleiðslu ásamt framleiðsluskýrslu í því formi sem spilliefnanefnd ákveður skal skila eigi síðar en á gjalddaga. Gjalddagi er fimmtándi dagur næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils vegna sölu eða afhendingar á því tímabili. Beri gjalddaga upp á helgidag eða annan almennan frídag færist gjalddagi á næsta virkan dag þar á eftir.

   Aðilum, sem keypt hafa hráefni eða efni til gjaldskyldrar framleiðslu sinnar og greitt af því spilliefnagjald, er heimilt að draga það frá við endanleg skil gjaldsins.

8. gr.

Ef spilliefnagjald er ekki greitt á tilskildum tíma skal aðili sæta álagi til viðbótar spilliefnagjaldi. Sama gildir ef skýrslu skv. 2. tölul. 7. gr. hefur ekki verið skilað.

Álag skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

1. 1% á þá upphæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan virkan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 10%.
2. Sé spilliefnagjald ekki greitt innan eins mánaðar frá gjalddaga skal greiða af því dráttarvexti, sbr. vaxtalög, nr. 25/1987, með síðari breytingum.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð að um borð í fullvinnsluskipum skuli vera sjálfvirkur tækjabúnaður sem tryggi nákvæma vigtun og skráningu innvegins afla og afurða. Setja skal með reglugerð nánari ákvæði um nauðsynlegan búnað í þessu skyni og önnur atriði varðandi framkvæmd laganna.

3. gr.

Í stað „Ríkismats sjávarafurða“ í 1. málsl. 5. gr. laganna kemur: Fiskistofu.

4. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Eftirlitsmaður eða eftirlitsmenn skulu vera um borð í fiskiskipi, sem leyfi hefur til fullvinnslu botnfiskafla um borð, fyrst eftir að leyfi er veitt, svo lengi sem Fiskistofa metur nauðsynlegt með hliðsjón af framkvæmd vinnslunnar. Sama gildir verði það mikil breyting í áhöfn fullvinnsluskips, útgerðarháttum þess eða búnaði að ástæða sé til að ætla að það hafi veruleg áhrif á vinnslu um borð í skipinu. Í annan tíma er veiðieftirliti Fiskistofu heimilt að setja eftirlitsmann eða eftirlitsmenn um borð í fullvinnsluskip eftir því sem ástæða er talin til.

Skal útgerð sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru við eftirlitsstörf um borð. Þá skal útgerð greiða allan kostnað sem hlýst af veru eftirlitsmanna um borð.

5. gr.

Aftan við 6. gr. laganna kemur ný grein er verður 7. gr. og orðast svo:

Brot gegn ákvæðum laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Um mál sem rísa út af brotum gegn ákvæðum þessara laga skal farið að hætti opinberra mála.

Ráðuneytinu er enn fremur heimilt vegna brota á ákvæðum laga þessara, reglna settra samkvæmt þeim og leyfisbréfa að svipta skip leyfi til fullvinnslu botnfiskafla.

6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða fellur brott.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1024. Nefndarálit [492. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og komu Indriði H. Þorlákssson, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu, og Tómas H. Heiðar, lögfræðingur í utanríkisráðuneytinu, á fund nefndarinnar. Jafnframt var óskað eftir áliti efnahags- og viðskiptanefndar en engar athugasemdir bárust.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að ákvæði samningsins um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum öðlist lagagildi hér á landi en slíkt fyrirkomulag hefur færst í vöxt með auknu samstarfi þjóða á milli. Í fylgiskjali með frumvarpinu eru ákvæði samningsins sett upp á íslensku og ensku á greinargóðan hátt. Hins vegar telur nefndin nægjanlegt og eðlilegt, með tilliti til íslenskra laga og meðferðar mála á Alþingi (sjá nefndarálit allsherjarnefndar á þskj. 715, um frumvarp til laga um mannréttindasáttmála Evrópu, á 117. löggjafarþingi) að alþjóðasamningar séu lögfestir á íslensku. Hin enska gerð samningsins er birt í frumvarpinu og er eðlilegt skýringargagn, en á að mati nefndarinnar ekki erindi í Stjórnartíðindi og lagasafn. Nefndin vill þó leggja áherslu á að opinber tungumál samningsins eru enska og franska. Þótt einungis íslenski textinn verði lögtekinn geta enski og franski textinn verið mikilvægir, m.a. til túlkunar á vafatilvikum um merkingu orða samningsins. Er því mikilvægt að sérfræðingar og allur almenningur eigi greiðan aðgang að samningnum á frummálum hans jafnt sem íslensku þótt einungis hin íslenska þýðing hans birtist í A-deild Stjórnartíðinda og lagasafni.

Með vísan til þessa leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt.

Árni R. Árnason, Lára Margrét Ragnarsdóttir og Össur Skarphéðinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. maí 1996.

Geir H. Haarde, form., frsm.	Siv Friðleifsdóttir.	Tómas Ingi Olrich.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Hjörleifur Guttormsson.

1025. Fyrirspurn [528. mál]

til viðskiptaráðherra um afnám vísitölubindingar lána.

Frá Hjálmari Árnasyni.

Hvað líður aðgerðum ríkisstjórnarinnar í þá veru að afnema vísitölubindingu lána?

1026. Frumvarp til laga [529. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein sem hljóðar svo:

Við útreikning örorkulífeyris og tekjutryggingar, sbr. 12. og 17. gr. laga þessara, er ráðherra heimilt að hækka tekjuviðmiðun þeirra lífeyrisþega sem fengið hafa eingreiðslu skaðabóta vegna örorku að frádregnum áætluðum örorkulífeyri og tekjutryggingu til framtíðar frá Tryggingastofnun ríkisins.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd þessa ákvæðis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þeir sem eiga rétt til örorkulífeyris hafa margir hverjir orðið fyrir varanlegri örorku í slysum og fengið dæmdar fébætur vegna þess með dómi eða samkvæmt ákvörðun tryggingafélags. Samkvæmt dómvenju hér á landi eru fébætur vegna framtíðarörorku miðaðar við ákveðna framtíðarávöxtun þegar þær eru ákvarðaðar. Fyrir því er einnig dómvenja að verðmæti örorkulífeyris og tekjutryggingar sem hinn slasaði á rétt á frá Tryggingastofnun ríkisins komi til frádráttar skaðabótakröfum. Vegna þeirrar breytingar sem gerð var á 10. gr. laganna um að fjármagnstekjur séu teknar inn í tekjugrunn við útreikning örorkulífeyrisbóta geta þær skert rétt hinna slösuðu til örorkulífeyris og tekjutryggingar. Með því er skertur bótaréttur örorkulífeyrisþega sem þegar hafa sætt lækkun fébóta vegna þeirra réttinda sem þeir voru taldir eiga hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Gert er ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um nánari framkvæmd þessa ákvæðis. Við ákvörðun á hækkun á tekjumörkum má gera ráð fyrir að til þurfi að koma tryggingastærðfræðilegir útreikningar. Gera verður ráð fyrir að aðeins séu hækkuð tekjumörk þeirra sem annars yrðu fyrir skerðingu bóta.

1027. Frumvarp til laga [530. mál]

um breytingu á lögum nr. 36/1996, um breytingu á lögum um einkaleyfi, nr. 17/1991, með síðari breytingu, lögum um vörumerki, nr. 47/1968, með síðari breytingum, og lögum um hönnunarvernd, nr. 48/1993.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

3. og 4. mgr. 31. gr. laganna orðast svo:

Um umsóknir um einkaleyfi, sem lagðar voru inn fyrir 1. júní 1996, eiga við ákvæði 13. og 14. gr. og 2. mgr. 19. gr. laga nr. 17/1991 eins og þau voru fyrir gildistöku laga þessara.

Ákvæði 24. gr. laga þessara taka ekki gildi fyrr en 2. janúar 1998.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið er flutt til þess að taka af allan vafa um að ákvæði einkaleyfalaga um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd lyfja tekur ekki gildi fyrr en 2. janúar 1998 en við breytingar á frumvarpi að lögum hafði láðst við 2. umræðu að breyta tilvísun í 31. gr. til samræmis við aðrar breytingar á frumvarpinu og var það afgreitt þannig sem lög frá Alþingi.

Þá er með frumvarpi þessu einnig tekinn af allur vafi um að með einkaleyfaumsóknir, sem berast fyrir gildistöku laga nr. 36/1996, skuli fara eftir ákvæðum 13. og 14. gr. og 2. mgr. 19. gr. einkaleyfalaganna eins og þau voru áður en þeim var breytt með lögum nr. 36/1996.

1028. Nefndarálit [483. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Þorkel Helgason, ráðuneytisstjóra iðnaðarráðuneytisins, Pál Gunnar Pálsson frá iðnaðaráðuneytinu og Jón Steindór Valdimarsson frá Samtökum iðnaðarins. Auk þess barst erindi frá Ríkisbókhaldi.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til eina breytingu á lögum um iðnaðarmálagjald til viðbótar við efni frumvarpsins og stafar hún af því að ákvæði 2. mgr. 1. gr. laganna er óþarft með hliðsjón af samkeppnislögum.

Árni R. Árnason var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við bætist ný grein, er verði 1. gr., svohljóðandi:
2. mgr. 1. gr. laganna fellur brott.

Alþingi, 21. maí 1996.

Stefán Guðmundsson, form., frsm. Guðjón Guðmundsson. Hjálmar Árnason.

Pétur H. Blöndal. Sigríður A. Þórðardóttir.

1029. Nefndarálit [487. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 9/1970, um Iðnþróunarsjóð, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Þorkel Helgason, ráðuneytisstjóra iðnaðarráðuneytisins, og Jón Steindór Valdimarsson frá Samtökum iðnaðarins. Auk þess barst erindi frá Iðnþróunarsjóði.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt án breytinga.

Árni R. Árnason var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. maí 1996.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Svavar Gestsson.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Hjálmar Árnason.
Guðmundur Árni Stefánsson.		Pétur H. Blöndal.

1030. Nefndarálit [520. mál]

um frv. til l. breyt. á l. um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóra í umhverfisráðuneyti, Ólaf Davíðsson, ráðuneytisstjóra í forsætisráðuneyti, Kjartan Gunnarsson, deildarstjóra í viðskiptaráðuneyti, Magnús Jónsson veðurstofustjóra og Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson og Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þá barst nefndinni erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga varðandi kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga.

Í frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að ofanflóðasjóði verði heimiluð lántaka, að upphæð 800 milljónir króna, til að standa straum af kostnaði við framkvæmdir sumarsins. Í öðru lagi er lagt til að ofanflóðasjóði verði skapaður sjálfstæður tekjustofn með álagningu sérstaks gjalds á brunatryggðar fasteignir í landinu. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir því að nafni sjóðsins verði breytt í Forvarnarsjóð og er stefnt að því að hann gegni víðtækara hlutverki í framtíðinni.

Umhverfisnefnd mælir með samþykki frumvarpsins með þeim breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Fela þær í sér að horfið verði frá nafnbreytingu á ofanflóðasjóði, en nefndin telur að breytingar á hlutverki og nafni sjóðsins eigi að bíða heildarendurskoðunar laganna sem nú er unnið að. Þó er nauðsynlegt að sjóðurinn hafi heimild til lántöku.

Nefndin vill benda á að við heildarendurskoðun laganna þarf að huga sérstaklega að kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga í gerð og viðhaldi varnarvirkja, en samkvæmt gildandi lögum eiga viðkomandi sveitarfélög að greiða a.m.k. 10% kostnaðar við gerð varnarvirkja og 40% kostnaðar við viðhald þeirra.

Þá leggur nefndin áherslu á að mótaðar verði hið fyrsta skýrar starfsreglur um framtíðarúthlutanir úr ofanflóðasjóði og þær felldar að áætluðum framkvæmdatíma til að ljúka gerð varnarvirkja og öðrum öryggisráðstöfunum.

Ásta R. Jóhannesdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk því sem fram kemur í áliti þessu.

Alþingi, 21. maí 1996.

Ólafur Örn Haraldsson, form., frsm.	Árni M. Mathiesen.	Gísli S. Einarsson.
Tómas Ingi Olrich.	Hjörleifur Guttormsson.	Ísólfur Gylfi Pálmason.
Katrín Fjeldsted.		Kristín Halldórsdóttir.

1031. Breytingartillögur [520. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

1. 1. gr. falli brott.
2. Í stað orðsins „Forvarnarsjóður“ í 2. gr. komi: ofanflóðasjóður.
3. Við 3. gr.
   a. Í stað orðsins „Forvarnarsjóðs“ í 1. tölul. komi: ofanflóðasjóðs.
   b. Í stað orðsins „náttúruvá“ í 1. tölul. komi: ofanflóðum.
   c. 2., 3. og 4. tölul. falli brott.
4. Í stað orðsins „Forvarnarsjóði“ í ákvæði til bráðabirgða komi: ofanflóðasjóði.

1032. Breytingartillaga [313. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 74/1984, um tóbaksvarnir.

Frá Össuri Skarphéðinssyni, Ögmundi Jónassyni, Guðna Ágústssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur og Einari K. Guðfinnssyni.

Síðari málsliður 10. gr. orðist svo: Þó skal 5. efnismgr. 3. gr., um bann við innflutningi og sölu munntóbaks, ekki taka gildi fyrr en í lok ársins 2000.

1033. Fyrirspurn [531. mál]

til menntamálaráðherra um átak í jafnréttismálum hjá Ríkisútvarpinu.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Hefur ráðherra í hyggju að hvetja Ríkisútvarpið til að gera átak í að auka hlut kvenna í fréttum og umræðuþáttum, sbr. upplýsingar um rýran hlut kvenna í fréttum í skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála?

1034. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1994.

Frá fjárlaganefnd.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og farið yfir skýrslu Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings. Hjá yfirskoðunarmönnum koma fram ýmsar ábendingar varðandi ríkisreksturinn og hefur nefndin fjallað um þær og fengið skýringar frá Ríkisendurskoðun og fjármálaráðuneyti. Helstu athugasemdir eru eftirfarandi:

Yfirskoðunarmenn telja lífeyrisskuldbindingar vera einn helsta vanda ríkissjóðs. Í því sambandi er jafnframt bent á að ekki liggi nægilega skýrt fyrir hverjar séu lífeyrisskuldbindingar af starfsmönnum fyrirtækja sem ekki eru lengur í ríkiseign og starfsmönnum í norrænu samstarfi. Lögð er áhersla á að tekið sé á þessum málum.

Yfirskoðunarmenn gagnrýna launakerfi ríkisins. Gagnrýnin lýtur að alls konar aukagreiðslum sem tíðkast í kerfinu, svo sem óunninni yfirvinnu, bifreiðahlunnindum, húsnæðisfríðindum, risnu, greiðslum fyrir aukastörf og nefndar- og stjórnarlaunum. Ítrekaðar eru fyrri áskoranir um að heildarúttekt fari fram á launum og starfskjörum starfsmanna ríkisins.

Yfirskoðunarmenn árétta þá skyldu ríkisstofnana og ríkisbókhalds að halda fullnægjandi eignaskrá og að í engu verði slakað á kröfum um gerð heildarskrár um eignir ríkisins.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um ríkisreikning fyrir árið 1994 koma fram ýmsar ábendingar er varða ríkisreksturinn. Ríkisendurskoðun bendir á að vextir á útlánum Lánasjóðs íslenskra námsmanna og byggingarsjóðanna eru niðurgreiddir miðað við markaðsvexti sem gerir það að verkum að eigið fé þessara sjóða skerðist smám saman nema á móti komi framlag úr ríkissjóði. Framreikningur á greiðslustreymi sjóðanna sýnir að eignir gera vart meira en að standa undir núverandi skuldbindingum. Þessu til viðbótar hafa lífeyrisskuldbindingar aðila í B-hluta ekki verið bókfærðar í reikningsskil þeirra en þær eru um 12 milljarðar kr. Að teknu tilliti til þessara atriða má segja að verðgildi eigin fjár hjá B-hluta fyrirtækjum og sjóðum ríkisins hafi í árslok 1994 verið um 34 milljarðar kr. en ekki 86,5 milljarðar kr.

Ríkisendurskoðun bendir á að verulegur dráttur hefur orðið á að Ríkisábyrgðasjóður endurkrefji skipasmíðastöðvar um áfallnar skuldir. Þessar kröfur nema alls um 2,3 milljörðum kr. með dráttarvöxtum.

Ríkisendurskoðun gagnrýnir umsýslu Seðlabanka Íslands með endurlánum ríkissjóðs, t.d. skuldir Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar við ríkissjóð frá árunum 1974 og 1975, en engar tilraunir hafa verið gerðar til að innheimta þessi lán.

Ríkisendurskoðun telur óeðlilegt að ráðast í stækkun Flugstjórnarmiðstöðvarinnar án þess að fyrir liggi samþykki ICAO.

Ríkisendurskoðun gerði ýmsar athugasemdir er varða aðalskrifstofur ráðuneyta. Eignaskráningu var verulega áfátt hjá 12 ráðuneytum af 13. Tekjuskráning, nákvæmni við bókanir og eftirlit með fjarvistum var ekki viðunandi að mati Ríkisendurskoðunar. Ríkisendurskoðun kemst að þeirri niðurstöðu að ákvörðunum og eftirliti er varðar sérfræðiþjónustu sé í mörgum tilfellum ábótavant.

Nefndin leggur ríka áherslu á að ráðherrar taki tillit til athugasemda Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna og sjái til þess að ráðuneyti og stofnanir bregðist jákvætt við þeim ábendingum sem settar eru fram eftir því sem við verður komið.

Nefndin mun hafa samráð við Ríkisendurskoðun og fjármálaráðuneyti um frekari meðferð athugasemda Ríkisendurskoðunar í tengslum við afgreiðslu á skýrslu um framkvæmd fjárlaga þegar hún verður tekin til meðferðar í nefndinni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 21. maí 1996.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Kristinn H. Gunnarsson.
Árni M. Mathiesen.	Árni Johnsen.	Gísli S. Einarsson.
Kristín Halldórsdóttir.	Hjálmar Jónsson.	Bryndís Hlöðversdóttir.
Ísólfur Gylfi Pálmason.		Arnbjörg Sveinsdóttir.

1035. Nefndarálit [443. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1995, sbr. lög nr. 163/1995.

Frá fjárlaganefnd.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og fengið skýringar frá fjármálaráðuneyti. Enn fremur óskaði nefndin eftir umsögn Ríkisendurskoðunar. Í greinargerð frá stofnuninni kemur fram að framsetning frumvarpsins sé ekki nægjanlega skýr þannig að fyrir liggi hvað afgreiðsla frumvarpsins feli í raun í sér, einkum er varðar tilflutning fjárheimilda á milli ára sem stofnunin telur nauðsynlegt að sé afgreitt jafnhliða, á sama tíma og uppgjör fjáraukalaga viðkomandi fjárlagaárs, en ekki beðið með þá afgreiðslu til haustsins eins og tíðkast hefur.

Greiðsluyfirlit samkvæmt frumvarpi sýnir að innheimtar tekjur eru aðeins 7 millj. kr. lægri en fjárlög og fjáraukalög 1995 gerðu ráð fyrir. Á gjaldahlið hafa samþykktar heimildir hins vegar orðið 2,1 milljarði kr. lægri en gert var ráð fyrir. Þannig varð tekjuhalli A-

hluta ríkissjóðs 2,1 milljarði kr. minni en áætlanir gerðu ráð fyrir. Þá sýndu greiðsluhreyfingar nettó á efnahagslið rúmlega 900 millj. kr. minni útgreiðslur en áformað var. Lántökur A-hluta ríkissjóðs urðu 3,0 milljörðum kr. minni en áður fengnar heimildir gerðu ráð fyrir. Heildarbreytingar á gjaldahlið nema því um 10%. Hlutfallsbreytingar á árinu 1994 er varðar frávik frá fjárlögum eru svo til þær sömu og árið 1995.

Nefndin tekur undir sjónarmið Ríkisendurskoðunar um framsetningu frumvarpsins og telur enn fremur að frávik á niðurstöðum gjaldahliðar sé óeðlilega hátt, nær því hið sama og árið 1994 þrátt fyrir litla verðbólgu á árinu 1995.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, en tilflutningur fjárheimilda á milli ára verður afgreiddur með fjáraukalögum fyrir árið 1996 að hausti. Hins vegar ber nauðsyn til að vinna að því að afgreiðsla þessara fjárheimilda geti framvegis farið fram á vorþingi.

Alþingi, 21. maí 1996.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Kristinn H. Gunnarsson.
Árni M. Mathiesen.	Árni Johnsen.	Gísli S. Einarsson.
Kristín Halldórsdóttir.	Hjálmar Jónsson.	Bryndís Hlöðversdóttir.
Ísólfur Gylfi Pálmason.		Arnbjörg Sveinsdóttir.

1036. Lög [285. mál]

um breytingar á þjóðminjalögum, nr. 88 29. maí 1989, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 22. maí.)

Samhljóða þskj. 1018 (sbr. 524).

1037. Lög [371. mál]

um breyting á lögum um sálfræðinga, nr. 40/1976, sbr. lög nr. 68/1988.

(Afgreidd frá Alþingi 22. maí.)

Samhljóða þskj. 1019.

1038. Lög [441. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 55 30. mars 1987, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 22. maí.)

Samhljóða þskj. 1022.

1039. Lög [469. mál]

um breytingar á lögum nr. 54 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum.

(Afgreidd frá Alþingi 22. maí.)

Samhljóða þskj. 1023.

1040. Þingsályktun [471. mál]

um fullgildingu Evrópusamnings um viðurkenningu og fullnustu ákvarðana varðandi forsjá barna og endurheimt forsjár barna og samnings um einkaréttarleg áhrif af brottnámi barna til flutnings milli landa.

(Afgreidd frá Alþingi 22. maí.)

Samhljóða þskj. 806.

1041. Þingsályktun [475. mál]

um fullgildingu samnings gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

(Afgreidd frá Alþingi 22. maí.)

Samhljóða þskj. 811.

1042. Þingsályktun [491. mál]

um staðfestingu viðbótarbókunar við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og lýðveldisins Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 22. maí.)

Samhljóða þskj. 850.

1043. Lög [493. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd Norðurlandasamning um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu.

(Afgreidd frá Alþingi 22. maí.)

Samhljóða þskj. 852.

1044. Lög [492. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum.

(Afgreidd frá Alþingi 22. maí.)

Samhljóða þskj. 851.

1045. Lög [487. mál]

um breytingu á lögum nr. 9/1970, um Iðnþróunarsjóð, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 22. maí.)

Samhljóða þskj. 845.

1046. Nefndarálit [423. mál]

um frv. til l. um þjónustusamninga og hagræðingu í ríkisrekstri.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Halldór Árnason, skrifstofustjóra í fjármálaráðuneyti, Sigurð Þórðarson ríkisendurskoðanda og Lárus Ögmundsson og Láru Sverrisdóttur, lögfræðinga Ríkisendurskoðunar. Þá fékk nefndin sendar umsagnir um málið frá Bandalagi háskólamanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Neytendasamtökunum, Ríkisendurskoðun og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði afgreitt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þinskjali. Í þeim felst fyrst og fremst að kveðið verði með beinum hætti á um réttarstöðu samningsaðila og neytenda þjónustunnar, sem og að Ríkisendurskoðun verði gert að hafa sams konar eftirlit með þeim aðilum sem gera þjónustusamninga við ríkið og stofnunin hefur gagnvart ríkisaðilum almennt.

Alþingi, 22. maí 1996.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Einar Oddur Kristjánsson.
Pétur H. Blöndal.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Kristján Pálsson.

1047. Breytingartillögur [423. mál]

við frv. til l. um þjónustusamninga og hagræðingu í ríkisrekstri.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, VS, EOK, GMS, PHB, KPál).

1. Við 1. gr.
   a. Inngangur 1. mgr. orðist svo: Einstökum ráðherrum er heimilt.
   b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Felur hann í sér rétt þess sem veitir þjónustuna til að taka þær stjórnvaldsákvarðanir sem nauðsynlegar eru til þess að þjónustan verði veitt með þeim hætti sem lög áskilja og samningur gerir ráð fyrir.
   c. Við bætist ný málsgrein er orðist svo:
      Samning má því aðeins gera að í honum felist sparnaður fyrir ríkissjóð án þess að dregið sé úr gæðakröfum til þjónustunnar.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Réttarstaða notenda þjónustu, sem gerður er samningur um samkvæmt lögum þessum, er hin sama hvort sem þjónustan er veitt af ríkisstofnun, sveitarfélagi eða einkaaðila. Ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og laga nr. 21/1993, um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál, sem og aðrar grundvallarreglur stjórnsýsluréttar, gilda um þá sem taka að sér að veita þjónustuna. Þeir eru einnig bundnir trúnaði og þagnarskyldu samkvæmt þeim lögum og reglum er gilda um opinbera starfsmenn að því er varðar alla starfsemi samkvæmt samningi.
3. Við 3. gr., er verði 4. gr., bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Í útboðsskilmálum skal ítarlega gerð grein fyrir þeim kröfum sem sá þarf að uppfylla sem gerir tilboð í að veita þjónustuna. Skal tilboðsgjafi m.a. sýna fram á að hann hafi fjárhagslegt bolmagn til að sinna þjónustunni eins og lög gera ráð fyrir, að hann hafi í röðum sínum starfsfólk með nauðsynleg réttindi, nægjanlega fagþekkingu og reynslu og að hann ráði yfir fullnægjandi búnaði og aðstöðu. Ráðherra er heimilt að gera úttekt á högum tilboðsgjafa í því skyni að ganga úr skugga um að tilboðsgjafi geti tekist á hendur þær skyldur sem felast í þeirri þjónustu sem boðin er út.

4. Á eftir 3. gr., er verði 4. gr., komi ný grein er orðist svo:
   Ríkisendurskoðun hefur sama endurskoðunar- og eftirlitshlutverk með þeim einkaaðilum, sveitarfélögum og ríkisaðilum sem gera þjónustusamning við ríkið á grundvelli laga þessara eins og stofnunin hefur gagnvart ríkisaðilum á grundvelli laga nr. 12/1986, um Ríkisendurskoðun, að því er varðar starfsemi samkvæmt þjónustusamningi. Þannig getur Ríkisendurskoðun gert hefðbundna fjárhagsendurskoðun og stjórnsýsluendurskoðun hjá samningsaðilum í því skyni að kanna hvernig þeim fjármunum sem ríkissjóður greiðir er eða hefur verið varið, hvernig samningsaðilinn rækir skyldur sínar samkvæmt þjónustusamningi og hver hefur orðið árangurinn af starfi hans. Þá hefur Ríkisendurskoðun sama aðgang að upplýsingum og gögnum þess aðila er tekur að sér að veita þjónustu á grundvelli samnings samkvæmt lögum þessum og stofnunin hefur gagnvart ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum.
5. Við ákvæði til bráðabirgða.
   a. Í stað orðanna „aðila utan hins opinbera“ í 1. málsl. komi: einkaaðila.
   b. Síðasti málsliður orðist svo: Að öðrum kosti ber að segja upp gildandi samningum og draga úr eða fella niður framlög úr ríkissjóði til viðkomandi aðila.

1048. Nefndarálit [407. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, sbr. lög nr. 12/1994, nr. 58/1995 og nr. 150/1995.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Inga Val Jóhannesson, deildarstjóra í félagsmálaráðuneyti, og Gísla Gíslason frá Húsnæðisstofnun.

Í frumvarpinu er lagt til að húsnæðismálastjórn verði heimilt að verða við umsókn sveitarstjórnar um að breyta félagslegri eignaríbúð í félagslega kaupleiguíbúð, enda sé fullreynt að íbúðin sé óseljanleg. Nefndin telur hins vegar rétt að miða einnig við að unnt verði að breyta framangreindum íbúðum í almennar kaupleiguíbúðir.

Þá er í frumvarpinu lagt til að víkja megi frá tekjumörkum einstaklinga ef sveitarfélag sýnir fram á að það sé eina færa leiðin til þess að íbúð verði úthlutað. Ákvæðið nær bæði til félagslegra eignaríbúða og félagslegra kaupleiguíbúða. Loks er lagt til að í neyðartilvikum verði húsnæðismálastjórn heimilt að fresta afborgun af láni Byggingarsjóðs verkamanna í ákveðinn tíma. Þessi heimild á við þegar sveitarstjórn hefur keypt inn félagslega íbúð sem ekki er unnt að nýta árið um kring vegna hættu á snjóflóðum.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „félagslega kaupleiguíbúð“ í fyrri málslið a-liðar (92. gr. a) 1. gr. komi: félagslega eða almenna kaupleiguíbúð.

Alþingi, 22. maí 1996.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm.	Siv Friðleifsdóttir.	Einar K. Guðfinnsson.
Magnús Stefánsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Kristján Pálsson.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Pétur H. Blöndal.	Bryndís Hlöðversdóttir.

1049. Nefndarálit [483. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald.

Frá minni hluta iðnaðarnefndar.

Ríkissjóður annast umfangsmikla innheimtustarfsemi fyrir aðra aðila. Þetta kemur glöggt fram í yfirliti úr ríkisreikningi 1994 á fskj. I þar sem sést að í heild nam þessi innheimta um 1 milljarði kr. á því ári. Þessi innheimta er af misjöfnum toga og einnig er ráðstöfun fjárins misjöfn í einstökum atriðum. Það þingmál, sem hér um ræðir, snertir einn þessara tekjuliða, iðnaðarmálagjald. Það skilar Samtökum iðnaðarins um 90 millj. kr. á ári og verður það að teljast allmikil upphæð. Það er þó ekki aðalatriðið heldur hitt að hér er um að ræða, að því er best verður séð, næsta einstæða innheimtu á félagsgjöldum fyrir annan aðila vinnumarkaðarins þar sem verkalýðshreyfingin fær ekkert. Vissulega fá aðrir aðilar greiðslur úr ríkissjóði, en ákvörðun um það er tekin hverju sinni við afgreiðslu fjárlaga. Þar eru ekki á ferðinni sjálfvirkar skattaleiðslur um ríkissjóð svo að notuð sé skilgreining formanns Prestafélags Íslands á hliðstæðum greiðslum til kirkjunnar. Miklu eðlilegra er reyndar að forráðamenn fyrirtækjanna taki sjálfir ákvörðun um greiðslur til samtaka sinna þótt það gæti í sjálfu sér byggst á almennum lagaramma um slíka starfsemi. Þá kæmi vitaskuld einnig til greina að báðir aðilar vinnumarkaðarins fengju aðild að sjóðum af þessu tagi. Hins vegar er fráleitt að það sé einungis annar aðilinn. Fram kom í efnahags- og viðskiptanefnd að ekki virðist grundvöllur til þess að fella þetta kerfi niður þó að vissulega ætti það að koma til skoðunar. Skv. 3. gr. laga um iðnaðarmálagjald skal tekjum af þessu gjaldi varið til þess að vinna að eflingu iðnaðar og iðnþróunar í landinu og er sjálfsagt að mati minni hlutans að samtök iðnverkafólks komi að því verki. Því er lagt til að helmingur þessarar innheimtu renni til Samtaka iðnverkafólks, en verði sú tillaga felld mun minni hlutinn sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Kristín Halldórsdóttir, áheyrnarfulltrúi á fundum nefndarinnar, er samþykk nefndaráliti þessu.

Minni hlutinn gerir tillögu um eftirfarandi

BREYTINGU:

Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Tekjur af iðnaðarmálagjaldi skulu á árinu 1997 skiptast að jöfnu milli Landssambands iðnverkafólks og Samtaka iðnaðarins, en að öðru leyti gilda ákvæði 3. gr. laganna eftir því sem við á.

Alþingi, 21. maí 1996.

Svavar Gestsson, frsm. Guðmundur Árni Stefánsson. Jóhanna Sigurðardóttir.

Fylgiskjal I.

RÍKISREIKNINGUR 1994
A-HLUTI

Í þús. kr.	Tekjur 1994	INNHEIMTUFÉ FYRIR AÐRA: Innheimta 1994	Tekjur 1993
RÉTTHAFAR			
Innheimtufé alls	**1.054.168**	**1.034.757**	**878.155**
Iðnlánasjóður	**155.546**	**156.231**	**129.516**
Iðnlánasjóðsgjald	150.131	150.573	124.502
Hluti af álgjaldi	5.415	5.658	5.014
Samtök iðnaðarins	**88.288**	**87.462**	**69.155**
Iðnaðarmálagjald	88.288	87.462	69.155
Endurvinnslan h.f.	**300.394**	**299.893**	**273.680**
Skilagjald á einnota umbúðir	300.394	299.893	273.680
Útflutningsráð	**93.398**	**89.459**	**80.486**
Útflutningsráðsgjald	-80	13.390	80.486
Markaðsgjald, hluti	93.478	76.069	-
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	**8.463**	**8.463**	**7.344**
Eftirlitsgjald af innflutningi plantna	8.463	8.463	7.344
Framleiðsluráð landbúnaðarins	**170.179**	**170.179**	**174.648**
Sérstakt fóðurgjald, almennt	169.717	169.717	174.236
Sérstakt fóðurgjald til refaræktar	462	462	412
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	**3.151**	**3.151**	**2.927**
Fóðureftirlitsgjald	3.151	3.151	2.927
Flutningsjöfnunarsjóður sements	**121.291**	**121.291**	**116.242**
Flutningsjöfnunargjald af sementi	121.291	121.291	116.242
Flutningsjöfnunarsjóður olíuvara	**930**	**930**	**-**
Flutningsjöfnunargjald af olíu	930	930	-
Kirkjugarðar	**79.629**	**64.799**	**-**
Markaðsgjald, hluti	79.629	64.799	-
Almanakssjóður	**231**	**231**	**704**
Almanaksgjald	231	231	704
Höfundarsjóður	**32.668**	**32.668**	**23.453**
Höfundarréttargjald	32.668	32.668	23.453
Til endurgreiðslu viðkomandi aðilum	**-1.054.168**	**-1.034.757**	**-878.155**
TEKNALIÐIR			
Innheimtufé alls	**1.054.168**	**1.034.757**	**878.155**
Iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald	238.419	238.035	193.657
Skilagjald á einnota umbúðir	300.394	299.893	273.680
Útflutningsráðsgjald	-80	13.390	80.486
Eftirlitsgjald af innflutningi plantna	8.463	8.463	7.344
Sérstakt fóðurgjald, almennt	169.717	169.717	174.236
Sérstakt fóðurgjald til refaræktar	462	462	412
Fóðureftirlitsgjald	3.151	3.151	2.927
Flutningsjöfnunargjald af sementi	121.291	121.291	116.242
Flutningsjöfnunargjald af olíu	930	930	-
Almanaksgjald	231	231	704
Höfundarréttargjald	32.668	32.668	23.453
Markaðsgjald	173.107	140.868	-
Framleiðslugjald af áli, hluti Iðnlánasjóðs	5.415	5.658	5.014
Framleiðslugjald af áli alls	**133.503**	**139.434**	**125.886**
-Kostnaður vegna eftirlits	-6.225	-6.225	-3.605
-Hluti ríkissjóðs vegna Byggðastofnunar	-80.719	-85.227	-78.185
-Hluti Hafnarfjarðarkaupstaðar	-41.144	-42.324	-39.082

Fylgiskjal II.

Ríkisbókhald,
tekjudeild:

Iðnaðarmálagjald.
(20. maí 1996.)

Samkvæmt beiðni upplýsist það hér með að tekjur og innheimta á iðnaðarmálagjaldi fyrir árin 1994 og 1995 eru sem hér segir, í þús. kr.:

	Tekjur	*Innheimta*
1994	88.288	87.462
1995	79.703	87.327

Óinnheimt vegna ársins 1995 og fyrri ára voru 24.027 þús. kr. í árslok 1995.

Í dag er farið með iðnaðarmálagjald sem innheimtu fyrir aðra og er innheimta færð á viðskiptareikning Samtaka iðnaðarins og skilað til þeirra mánaðarlega. Óinnheimt iðnaðarmálagjald í árslok er fært upp sem krafa á óinnheimt innheimtufé fyrir aðra.

Þess ber að geta að í 11. gr. í frumvarpi til laga um fjárreiður ríkisins, sem nú er til afgreiðslu hjá Alþingi, er lagt til að innheimtufé fyrir aðra, m.a. iðnaðarmálagjald, verði fært í tekjuhlið ríkisreiknings og sem framlag til Samtaka iðnaðarins í gjaldahlið.

1050. Nefndarálit [389. mál]

um frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna sameiningar Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í Bændasamtök Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Höskuldsson, skrifstofustjóra í landbúnaðarráðuneytinu, Jóhannes Torfason formann og Jón Guðbjörnsson framkvæmdastjóra Framleiðnisjóðs, Svein Runólfsson landgræðslustjóra og Sigurgeir Þorgeirsson, framkvæmdastjóra Bændasamtaka Íslands.

Nefndin fékk sendar umsagnir um frumvarpið frá búnaðarþingi 1996, Neytendasamtökunum, Landgræðslu ríkisins og Bændasamtökum Íslands.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að 3. gr. frumvarpsins um breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar af Skeiðaáveitunni o.fl. verði felld brott og þau lög síðan felld úr gildi í 34. gr. frumvarpsins. Ástæða þessa er að starfsemi Skeiðaáveitunnar er aflögð fyrir nokkrum áratugum.

2. Lagðar eru til þær breytingar á 9. gr. frumvarpsins að tekið verði upp aftur ákvæði í lögum um landgræðslu um að ráðherra skipi landgræðslustjóra þar sem ekki stóð til að breyta þeirri skipan. Þá er lagt til að samvinnu við landnýtingarráðunaut Bændasamtaka Íslands verði haldið áfram en í frumvarpinu var gert ráð fyrir að slík samvinna félli niður.
3. Þá er lögð til sú breyting á 10. gr. frumvarpsins að Bændasamtök Íslands tilnefni fjóra menn í tilraunaráð Rannsóknastofnunar landbúnaðarins í stað tveggja áður og skuli tveir þeirra vera landsráðunautar.
4. Loks er lögð til breyting á 11. gr. frumvarpsins. Með breytingunni er gert ráð fyrir að í stað þess að Rannsóknarráð Íslands tilnefni einn mann í stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins verði það ráðherra byggðamála sem það geri. Ástæða þessa er sú að óeðlilegt þykir að Rannsóknarráð skipi þennan fulltrúa þar sem oft er um sameiginlega fjármögnun ráðsins og sjóðsins að ræða á rannsóknar- og þróunarverkefnum.

Nefndin ræddi ákvæði 19. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að tilvísun í Búnaðarfélag Íslands í 2. tölul. 4. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt verði felld brott. Nefndin afréð að breyta ekki þessu ákvæði frumvarpsins, en hins vegar er vakin athygli á 6. tölul. sömu greinar í lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem gerir ráð fyrir að félög, sjóðir og stofnanir, sbr. 5. tölul. 2. gr., sem ekki reka atvinnu, greiði hvorki tekjuskatt né eignarskatt. Stéttarfélög hafa verið talin falla undir ákvæði 6. tölul.

Alþingi, 22. maí 1996.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Egill Jónsson.	Magnús Stefánsson.
Guðjón Guðmundsson.	Árni M. Mathiesen.	Hjálmar Jónsson.
Ágúst Einarsson.	Lúðvík Bergvinsson.	Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.

1051. Breytingartillögur [389. mál]

við frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna sameiningar Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í Bændasamtök Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 3. gr. Greinin falli brott.
2. Við 9. gr.
   a. A-liður orðist svo: 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:
      Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn landgræðslumála og skipar hann landgræðslustjóra.

b. B-liður orðist svo: Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í 2. tölul. 1. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 20. gr. laganna kemur: Bændasamtaka Íslands.
c. C-liður falli brott.

3. Við 10. gr. 1. efnismálsl. b-liðar orðist svo: Bændasamtök Íslands fjóra menn, þar af tvo landsráðunauta.
4. Við 11. gr. Í stað orðanna „Rannsóknarráðs Íslands“ í 2. málsl. efnismálsgreinar a-liðar komi: ráðherra byggðamála.
5. Við 17. gr. Greinin orðist svo:
   a. Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í 4. mgr. 11. gr., 2. mgr. 17. gr. og 3. mgr. 24. gr. laganna kemur: Bændasamtaka Íslands.
   b. Í stað orðanna „Byggingastofnunar landbúnaðarins“ í 2. mgr. 17. gr. laganna kemur: Stofnlánadeildar landbúnaðarins.
6. Við 34. gr.
   a. Í stað orðanna „II. kafli“ í c-lið komi: III. kafli.
   b. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Lög nr. 77/1936, um viðauka við og breyting á lögum nr. 43 19. maí 1930, um greiðslu kostnaðar af Skeiðaáveitunni o.fl.

1052. Nefndarálit [408. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fjarskipti, nr. 73 28. maí 1984, sbr. lög nr. 32 14. apríl 1993.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Ólafsson frá Fjarskiptaeftirlitinu, Sigurgeir H. Sigurgeirsson frá samgönguráðuneyti og Andra Árnason hrl.

Frumvarpið var lagt fram sem fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, en gert er ráð fyrir að hlutafélagið taki til starfa 1. janúar 1997.

Með frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að ríkið afsali sér einkarétti á því að veita talsímaþjónustu en miðað við að samgönguráðherra geti falið sérstökum aðila að annast þá fjarskiptaþjónustu sem ríkið hefur einkarétt á og skal sá aðili nefnast rekstrarleyfishafi. Núgildandi fjarskiptalög gera ráð fyrir að opinberir aðilar annist framkvæmdir varðandi fjarskiptakerfið, viðhald þess og annað er því viðkemur. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að rekstrarleyfishafi taki að sér þessar framkvæmdir og að hann hafi þær skyldur og réttindi sem nauðsynleg eru til að rækja það hlutverk. Þá er lagt til að lögfest verði almenn takmörkun á bótaábyrgð rekstrarleyfishafa. Ábyrgðartakmörkunin nær eingöngu til meints tjóns sem rekja má til sambandsleysis, rofa á fjarskiptum eða annarra truflana sem kunna að verða á rekstri fjarskiptanetsins, eða mistaka við afgreiðslu símskeyta, hvort sem rekja má slíkt til línubilana, bilana í sambandastöðvum eða annarra ástæðna. Ákvæði um ábyrgðartakmörkun er að finna í reglugerð, en rétt þykir að veita henni ótvíræða lagastoð.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali og lúta að framangreindum atriðum, m.a. er miðað við að frumvarpið verði að lögum 1. janúar 1997. Þá leggur meiri hlutinn til að lögfest verði að eigi síðar en 1. júlí 1998 skuli notkunargjald fyrir talsímaþjónustu vera hið sama alls staðar á landinu og skuli innheimta sérstaks álags vegna langlínusamtala óheimil frá þeim tíma.

Þessi breyting er talin möguleg með hliðsjón af tækniframförum og í ljósi þeirra. Rétt þykir að veita nokkurn aðlögunartíma svo að sem minnst röskun hljótist af.

Alþingi, 23. maí 1996.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Stefán Guðmundsson.
Árni Johnsen.	Egill Jónsson.	Kristján Pálsson.

1053. Breytingartillögur [408. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um fjarskipti, nr. 73 28. maí 1984, sbr. lög nr. 32 14. apríl 1993.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (EKG, MS, KPál, EgJ, StG, ÁJ).

1. Við 4. gr.
   a. A-liður orðist svo: Í stað orðsins „ríkisins“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: rekstrarleyfishafa.
   b. B-liður orðist svo: Í stað orðanna „Póst- og símamálastofnunina“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: rekstarleyfishafa.
   c. D-liður orðist svo: Í stað orðanna „fjarskiptavirkja ríkisins er Póst- og símamálastofnuninni“ í 3. mgr. kemur: fjarskiptavirkja rekstrarleyfishafa er honum.
2. Við 5. gr. Á eftir a-lið komi nýr stafliður, svohljóðandi:
   Á eftir orðunum „komið má“ í 1. mgr. kemur: rekstrarleyfishafi.
3. Við 6. gr. A-liður orðist svo: Í stað orðsins „ríkisins“ í 1. málsl. kemur: rekstrarleyfishafa.
4. Við 12. gr. C-liður orðist svo: Á eftir 8. tölul. kemur nýr töluliður, svohljóðandi: Rekstrarleyfishafi skv. 1. mgr. 2. gr. laganna skal undanþeginn bótaábyrgð á tjóni sem rekja má til sambandsleysis, rofa á fjarskiptum eða annarra truflana sem kunna að verða á rekstri fjarskiptanetsins, eða mistaka við afgreiðslu símskeyta, hvort sem rekja má slíkt til línubilana, bilana í sambandastöðvum eða annarra ástæðna. Slík ábyrgðartakmörkun er þó bundin við að tjónið verði ekki rakið til stórfelldra mistaka starfsmanna rekstarleyfishafa.
5. Á eftir 12. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Á eftir 23. gr. laganna kemur ný grein er orðast svo:
   Eigi síðar en 1. júlí 1998 skal notkunargjald fyrir talsímaþjónustu vera hið sama alls staðar á landinu og skal innheimta sérstaks álags vegna langlínusamtala óheimil.
6. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997.

1054. Nefndarálit [408. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fjarskipti, nr. 73 28. maí 1984, sbr. lög nr. 32 14. apríl 1993.

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Guðmund Ólafsson frá Fjarskiptaeftirlitinu, Sigurgeir H. Sigurgeirsson frá samgönguráðuneyti og Andra Árnason hrl.

Frumvarpið var lagt fram sem fylgifrumvarp með 331. máli, um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar. Vísað er til nefndarálits undirritaðra um það mál og lagt til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Kristín Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk áliti þessu.

Alþingi, 23. maí 1996.

Guðmundur Árni Stefánsson, frsm.	Ragnar Arnalds.	Ásta R. Jóhannesdóttir.

1055. Nefndarálit [464. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Húnboga Þorsteinsson, skrifstofustjóra í félagsmálaráðuneyti, Leif Eysteinsson, deildarstjóra í fjármálaráðuneyti, Eggert Jónsson borgarhagfræðing, Þórð Skúlason framkvæmdastjóra og Garðar Jónsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Nefndin fékk sendar athugasemdir um frumvarpið frá fjármálaráðuneytinu.

Frumvarpið var samið í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga um kostnaðar- og tekjutilfærslu vegna flutnings grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 22. maí 1996.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm.	Siv Friðleifsdóttir.	Einar K. Guðfinnsson.
Magnús Stefánsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Kristján Pálsson.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.	Bryndís Hlöðversdóttir.

1056. Framhaldsnefndarálit [372. mál]

um frv. til l. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur tekið málið aftur til umfjöllunar að lokinni 2. umræðu og fengið á sinn fund Eirík Tómasson prófessor, Gunnar Björnsson frá fjármálaráðuneyti, Birgi Björn Sigurjónsson frá BHM, Rannveigu Sigurðardóttur frá BSRB, Eirík Jónsson frá Kennarasambandi Íslands, Friðbert Traustason frá Sambandi íslenskra bankamanna og Þórunni Sveinbjörnsdóttur frá ASÍ. Þá óskaði nefndin jafnframt eftir lögfræðilegum álitum frá Andra Árnasyni hrl., Láru V. Júlíusdóttur hdl. og Tryggva Gunnarssyni hrl. og gerðu þau grein fyrir álitum sínum á fundi með nefndinni.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að gerðar verði nokkrar breytingar á frumvarpinu til viðbótar þeim breytingum sem gerðar voru við 2. umræðu. Þessar breytingar eiga að nokkru leyti rót sína að rekja til þess að líklegt er nú að fyrirliggjandi frumvarp til breytinga á sérákvæðum í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins muni ekki ná fram að ganga á þessu þingi. Öðrum breytingum er ætlað að koma til móts við ábendingar og athugasemdir frá samtökum opinberra starfsmanna og framangreindum lögmönnum.

Breytingartillögurnar er að finna á sérstöku þingskjali, en hér á eftir fylgir rökstuðningur með þeim.

1. Við 2. gr. Gerð er tillaga um breytingu á orðalagi 2. mgr. til samræmis við breytingu þá sem gerð var á 1. mgr. við 2. umræðu um frumvarpið.
2. Við 5. gr. Í frumvarpinu hefur verið gengið út frá því að það fari eftir ákvæðum í öðrum lögum hvort skipað verði eða ráðið í einstök störf hjá ríkinu. Með tilliti til þeirrar breytingar sem lögð er til á 22. gr. er eðlilegt að þessu verði breytt.
3. Við 9. gr. Lögð er til sú breyting á 2. mgr. að starfsmaður geti kosið að segja upp starfi sínu ef hann sættir sig ekki við breytingu á viðbótarlaunum. Tryggt er að hann hafi nokkurt svigrúm til þessa og haldi jafnframt óbreyttum launakjörum á uppsagnartímanum ef breytingin er honum í óhag.
4. Við 19. gr. Tillagan er sama efnis og gerð er grein fyrir hér að framan við 9. gr.
5. Við 22. gr. Þar sem fyrrgreint frumvarp um breytingu á sérákvæðum í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins mun að öllum líkindum ekki ná fram að ganga áður en frumvarp þetta tekur gildi sem lög er óhjákvæmilegt að telja embættismenn upp með tæmandi hætti og lýtur breytingin að þessu. Til álita kom að taka háskólaprófessora upp í 22. gr. en frá því var horfið að þessu sinni, m.a. vegna þess að sett hefur verið á stofn nefnd á vegum Háskóla Íslands sem ætlað er að samræma viðhorf háskólans og háskólakennara til þess hvort prófessorar eigi framvegis að vera embættismenn. Kemur það mál til kasta Alþingis þegar fjallað verður um breytingu á starfsmannaákvæðum í háskólalögum sem ráðgerð er í frumvarpinu um breytingu á sérákvæðum í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, svo og ýmis önnur mál er varða réttindi og skyldur einstakra starfsstétta.

6. Við 28. gr. Þessi breyting er eðlileg eftir að breytt var skilgreiningu á hugtakinu „föst laun“ í 10. gr. við 2. umræðu um frumvarpið.
7. Við 29. gr. Með þeirri breytingu sem lögð er til á greininni er tryggt að embættismaður verði ekki látinn víkja úr embætti fyrir fullt og allt, jafnvel þótt eðlilegt hafi verið að víkja honum úr embætti um stundarsakir ef síðar kemur í ljós að ávirðingar þær, er honum voru gefnar að sök, hafa ekki reynst vera fyrir hendi.
8. Við 34. gr. Lagt er til að ákvæðinu verði breytt þannig, í samræmi við skýringu á 14. gr. laga nr. 38/1954, að embættismaður haldi ekki aðeins föstum launum fyrir dagvinnu á biðlaunatímanum, heldur einnig öðrum launakjörum er embættinu hafa fylgt.
9. Við 35. gr. Breytingin er sú sama og gerð er grein fyrir hér að framan við 34. gr.
10. Við 37. gr. Bent hefur verið á að það geti verið mjög ósanngjarnt í garð starfsmanns ef honum er fyrst tilkynnt um framlengingu á uppsagnarfresti við lok hans. Þess vegna er lagt til að framlengingu verði að tilkynna svo fljótt sem verða má og eigi síðar en þegar sex vikur eru eftir af hinum upphaflega uppsagnarfresti.
11. Við 40. gr. Í athugasemdum þeirra lögmanna er veittu nefndinni álit um málið kom fram að orðalagið „stuðla að“ í greininni mætti túlka ansi rúmt og er því lagt til að þau orð falli brott úr greininni.
12. Við 46. gr. Fyrri breytingin er gerð vegna athugasemda við ákvæði 2. mgr. og þrengir gildissvið þess. Síðari breytingin er sama efnis og gerð er grein fyrir hér að framan við 37. gr.
13. Við 47. gr. Gerð er tillaga um að 2. mgr. verði felld brott vegna þess að ákvæði svipaðs efnis er að finna í lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og er eðlilegt að það verði tekið til athugunar m.a. í ljósi nýs félagafrelsisákvæðis stjórnarskrárinnar í tengslum við heildarendurskoðun á þeim lögum.
14. Við 56. gr. Breyting sú, sem lagt er til að gerð verði á 2. mgr. 22. gr. laga nr. 94/1986, er í samræmi við framkomna athugasemd. Breytingarnar, sem hér er að öðru leyti gert ráð fyrir, eru þær sömu og gerðar voru við 2. umræðu um frumvarpið á þingskjali 887, að því frátöldu að 4. tölul. b-liðar hefur verið breytt lítillega til samræmis við aðrar breytingar sem gerðar voru við 2. umræðu um frumvarpið.
15. Við ákvæði til bráðabirgða. Í a-lið er lagt til að 5. mgr. verði breytt þannig að þeir núverandi ríkisstarfsmenn sem rétt eiga á biðlaunum fái bætur í samræmi við þá skýringu á 14. gr. laga nr. 38/1954 að starfsmenn haldi ekki aðeins föstum launum fyrir dagvinnu á biðlaunatímanum heldur einnig öðrum föstum launum er starfinu hafa fylgt. Í b-lið er gerð tillaga um þrjú ný ákvæði til bráðabirgða sem aðeins er ætlað að gilda meðan sérákvæðum um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna í öðrum lögum hefur ekki verið breytt til samræmis við ákvæði frumvarpsins. Þannig er ekkert því til fyrirstöðu að frumvarpið taki gildi sem lög, óháð dreifðum sérákvæðum í öðrum lögum.

Alþingi, 23. maí 1996.

Einar Oddur Kristjánsson, frsm.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Pétur H. Blöndal.
Valgerður Sverrisdóttir.	Sólveig Pétursdóttir.	Arnbjörg Sveinsdóttir.

1057. Breytingartillögur [372. mál]

við frv. til l. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (EOK, GMS, PHB, VS, SP, ArnbS).

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „Þá taka lögin heldur ekki“ í 2. mgr. komi: Lögin taka ekki.
2. Við 5. gr. Orðin „og hvort skipa skuli eða ráða í starfið“ í 1. mgr. falli brott.
3. Við 9. gr. Í stað síðari málsliðar 2. mgr. komi þrír nýir málsliðir er orðist svo: Þessum ákvörðunum má breyta hvenær sem er. Starfsmaður getur kosið að segja upp starfi sínu vegna slíkrar breytingar, enda skýri hann forstöðumanni frá því innan eins mánaðar frá því að breytingin var tilkynnt honum. Sé breytingin starfsmanni í óhag tekur hún ekki gildi fyrr en að liðnum uppsagnarfresti hans, sbr. 46. gr.
4. Við 19. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
   a. Á eftir 1. málsl. komi nýr málsliður er orðist svo: Starfsmaður getur kosið að segja upp starfi sínu vegna slíkra breytinga, enda skýri hann ráðherra eða forstöðumanni frá því innan eins mánaðar frá því að breytingarnar voru tilkynntar honum.
   b. Orðið „þó“ í 2. málsl. falli brott.
5. Við 22. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:

      Embættismenn teljast samkvæmt lögum þessum einvörðungu þeir starfsmenn ríkisins sem taldir eru upp hér á eftir:

      1. Skrifstofustjóri Alþingis, ríkisendurskoðandi og umboðsmaður Alþingis.
      2. Forsetaritari, ráðuneytisstjórar og skrifstofustjórar í Stjórnarráði, sendiherrar og sendifulltrúar í utanríkisþjónustunni.
      3. Hæstaréttardómarar, hæstaréttarritari og héraðsdómarar.
      4. Biskup Íslands, vígslubiskupar, prófastar og prestar þjóðkirkjunnar.
      5. Ríkissaksóknari, vararíkissaksóknari og saksóknarar.
      6. Ríkislögmaður, ríkissáttasemjari og umboðsmaður barna.
      7. Sýslumenn, rannsóknarlögreglustjóri ríkisins, vararannsóknarlögreglustjóri ríkisins, ríkistollstjóri, lögreglustjórinn í Reykjavík og tollstjórinn í Reykjavík, lögreglumenn og tollverðir.
      8. Fangelsismálastjóri og fangaverðir.
      9. Forstöðumenn ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja, áður ótaldir.
   b. Í stað orðanna „8. og 10. tölul.“ í 2. mgr. komi: 9. tölul.
6. Við 28. gr. 2. mgr. orðist svo:

   Nú tekur sá aftur við embætti sínu sem lausn hefur fengið um stundarsakir og skal þá líta svo á að hann hafi gegnt starfanum óslitið, þar á meðal skulu honum þá greidd þau laun er hann hefur verið sviptur skv. 1. mgr.
7. Við 29. gr. Við 2. mgr. bætist: nema þær ávirðingar, sem honum voru gefnar að sök, hafi ekki reynst vera fyrir hendi.
8. Við 34. gr. Í stað orðanna „fá föst laun, er embættinu fylgdu, greidd“ í 1. mgr. komi: halda óbreyttum launakjörum er embættinu fylgdu.

9. Við 35. gr. Í stað orðanna „fá föst laun, er embættinu fylgdu, greidd“ í 1. mgr. komi: halda óbreyttum launakjörum er embættinu fylgdu.
10. Við 37. gr. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Ákvörðun þessi skal tilkynnt embættismanni svo fljótt sem verða má og eigi síðar en þegar sex vikur eru eftir af upphaflegum uppsagnarfresti.
11. Við 40. gr. Orðin „stuðla að“ falli brott.
12. Við 46. gr.
    a. Í stað orðanna „hjá stofnun“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: í sömu starfsgrein innan stofnunar.
    b. Við 2. mgr. bætist tveir nýir málsliðir er orðist svo: Ákvörðun þessi skal tilkynnt starfsmanni svo fljótt sem verða má og eigi síðar en þegar sex vikur eru eftir af upphaflegum uppsagnarfresti. Sé uppsagnarfrestur skemmri skal ákvörðunin tilkynnt um leið og starfsmaður segir upp störfum.
13. Við 47. gr. 2. mgr. falli brott.
14. Við 55. gr. Orðin „og ákvæði laga“ í 1. mgr. falli brott.
15. Við 56. gr.
    a. Við 1. tölul. bætist ný málsgrein er orðist svo:
    Í stað orðanna „1. og 2. svo og 4.–6. tölul. 19. gr.“ í 2. mgr. 22. gr. sömu laga kemur: 2.–4. og 6.–8. tölul. 19. gr.
    b. 2. tölul. orðist svo: Eftirfarandi breytingar verða á lögum um Kjaradóm og kjaranefnd, nr. 120/1992:
        1. Í stað orðanna „og umboðsmanns Alþingis“ í 2. gr. laganna kemur: umboðsmanns Alþingis og umboðsmanns barna.
        2. 2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:
        Kjaranefnd ákveður laun og starfskjör embættismanna, annarra en þeirra sem taldir eru upp í 2. gr., lögreglumanna, tollvarða og fangavarða, sbr. ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
        3. 9. gr. laganna fellur brott og breytist greinatala samkvæmt því.
        4. Í stað 1. og 2. mgr. 12. gr. (er verður 11. gr.) laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:
        Kjaranefnd skal ákvarða föst laun fyrir dagvinnu og kveða á um önnur starfskjör. Hún úrskurðar hvaða aukastörf tilheyra aðalstarfi og hver beri að launa sérstaklega. Við ákvarðanir sínar getur nefndin tekið tillit til sérstakrar hæfni er nýtist í starfi og sérstaks álags sem starfinu fylgir.
        5. Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:
        Þrátt fyrir breytingu á 2. mgr. 8. gr. þessara laga samfara gildistöku nýrra laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins skal kjaranefnd fyrst ákveða laun og starfskjör þeirra embættismanna, sem fram að þessu hafa ekki fallið undir lög þessi, frá og með 1. janúar 1997. Fram að þeim tíma skulu laun og starfskjör þessara embættismanna ráðast af kjarasamningum.
16. Við ákvæði til bráðabirgða.
    a. Orðið „föstum“ í 5. mgr. falli brott.

b. Við bætist ný málsgrein er orðist svo:
Fram til 1. júlí 1997 gilda eftirfarandi ákvæði:
1. Þrátt fyrir eldri ákvæði í öðrum lögum er skylt að auglýsa öll laus embætti, sem talin eru upp í 22. gr. laganna, skv. 7. gr. laga þessara, nema kosið sé til embættis án undangenginnar auglýsingar.
2. Þrátt fyrir ákvæði í öðrum lögum skal ekki skipað í önnur störf en þau embætti sem talin eru upp í 22. gr. laga þessara. Í önnur störf skal ráðið með þeim réttaráhrifum sem fram koma í III. hluta laganna.
3. Þrátt fyrir ákvæði 23. gr. laga þessara skulu hæstaréttardómarar, héraðsdómarar og ríkissaksóknari skipaðir ótímabundið í embætti.

1058. Frumvarp til laga [415. mál]

um breyting á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 23. maí.)

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætast fjórar nýjar málsgreinar er orðast svo:

Samninganefnd eða fyrirsvarsmaður, sem kemur fram fyrir hönd samningsaðila við gerð kjarasamnings, hefur umboð til þess að setja fram tillögur að samningi, taka þátt í samningaviðræðum og undirrita kjarasamning fyrir hönd hlutaðeigandi félags eða samtaka. Samninganefnd er heimilt að fela sameiginlegri samninganefnd fleiri félaga eða sambanda umboð sitt til samningsgerðar að hluta eða að öllu leyti. Þá er samninganefnd heimilt að kveða á um sameiginlega atkvæðagreiðslu félagsmanna hlutaðeigandi félaga eftir því sem nefndin kann að ákveða hverju sinni eða um kann að semjast með kjarasamningi.

Þegar kjarasamningur hefur verið undirritaður af til þess bærum fulltrúum samningsaðila gildir hann frá undirskriftardegi sé ekki á annan veg samið, nema hann sé felldur við leynilega atkvæðagreiðslu með meiri hluta greiddra atkvæða og minnst fimmtungs þátttöku samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá innan fjögurra vikna frá undirritun. Fari fram almenn leynileg póstatkvæðagreiðsla meðal félagsmanna um gerðan kjarasamning gildir niðurstaða hennar óháð þátttöku. Nú tekur kjarasamningur einungis til hluta félagsmanna eða starfsmanna fyrirtækis og er þá heimilt að ákveða í samningnum að þeir einir séu atkvæðisbærir um hann, enda komi þar skýrt fram hvernig staðið verði að atkvæðagreiðslu. Standi fleiri en tvö stéttarfélög að gerð kjarasamnings, vinnustaðarsamnings, fyrir félagsmenn á sama vinnustað skal hann borinn sameiginlega undir atkvæði allra félagsmanna sem hann tekur til og ræður meiri hluti niðurstöðu. Um gildistöku og afgreiðslu vinnustaðarsamnings fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum 2. mgr.

Skylt er samningsaðilum að stuðla að því að félagsmenn þeirra virði gerða kjarasamninga.

2. gr.

Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ófélagsbundnir atvinnurekendur og launamenn utan stéttarfélaga bera einir ábyrgð á samningsrofum af sinni hálfu. Nú er ekki sýnt fram á aðild samningsaðila að aðgerðum sem jafna má til vinnustöðvunar og ber félagsmaður þá sjálfur ábyrgð á þátttöku sinni í þeim.

3. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Þegar félag atvinnurekenda eða stéttarfélag ætlar að hefja vinnustöðvun er hún því aðeins heimil að ákvörðun um hana hafi verið tekin við almenna leynilega atkvæðagreiðslu með þátttöku a.m.k. fimmtungs atkvæðisbærra félagsmanna samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá og að tillagan hafi notið stuðnings meiri hluta greiddra atkvæða. Heimilt er að viðhafa almenna leynilega póstatkvæðagreiðslu meðal félagsmanna um tillögu um vinnustöðvun og gildir niðurstaða hennar þá óháð þátttöku.

Nú er vinnustöðvun einungis ætlað að taka til ákveðins hóps félagsmanna eða starfsmanna á tilgreindum vinnustað og er þá heimilt að taka ákvörðun um vinnustöðvun með atkvæðum þeirra sem henni er ætlað að taka til. Þarf þá fimmtungur atkvæðisbærra að taka þátt í atkvæðagreiðslu og meiri hluti þeirra að styðja tillögu um vinnustöðvun.

Í tillögu um vinnustöðvun skal koma skýrt fram til hverra henni er einkum ætlað að taka og hvenær vinnustöðvun er ætlað að koma til framkvæmda. Þá er það skilyrði lögmætrar ákvörðunar um boðun vinnustöðvunar að samningaviðræður eða viðræðutilraunir um framlagðar kröfur hafi reynst árangurslausar þrátt fyrir milligöngu sáttasemjara.

Samninganefnd eða til þess bærum fyrirsvarsmönnum samningsaðila er jafnan heimilt að aflýsa vinnustöðvun. Sömu aðilum er heimilt að fresta boðaðri vinnustöðvun, einu sinni eða oftar, um allt að 28 sólarhringa samtals án samþykkis gagnaðila, enda sé frestunin kynnt honum með minnst þriggja sólarhringa fyrirvara. Þó er jafnan heimilt að fresta boðaðri vinnustöðvun og yfirstandandi vinnustöðvun með samþykki beggja aðila.

4. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 19. gr. laganna og orðast svo:

Vinnustöðvanir í skilningi laga þessara eru verkbönn atvinnurekenda og verkföll þegar launamenn leggja niður venjuleg störf sín að einhverju eða öllu leyti í því skyni að ná tilteknu sameiginlegu markmiði. Sama gildir um aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu atvinnurekenda eða launamanna sem jafna má til vinnustöðvunar.

5. gr.

Á eftir 19. gr. laganna kemur nýr kafli, III. kafli, **Um sáttastörf í vinnudeilum**, með 18 nýjum greinum, svohljóðandi:

a. (20. gr.)

Félagsmálaráðherra skipar ríkissáttasemjara til fimm ára í senn. Hann skal vera íslenskur ríkisborgari, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð. Þess skal gætt að afstaða hans sé slík að telja megi hann óvilhallan í málum launafólks og atvinnurekenda.

Félagsmálaráðherra skipar einnig vararíkissáttasemjara til fjögurra ára í senn og skal hann fullnægja sömu skilyrðum og ríkissáttasemjari.

Vararíkissáttasemjari tekur við störfum ríkissáttasemjara þegar hann er forfallaður og er honum til aðstoðar þegar þörf krefur.

Ríkissáttasemjari getur skipað aðstoðarsáttasemjara til að aðstoða sig við lausn vinnudeilu eða vinna sjálfstætt að lausn einstakrar vinnudeilu. Það er borgaraleg skylda að taka að sér aðstoðarsáttasemjarastarf.

Ef sýnt þykir að vinnudeila hafi mjög alvarlegar afleiðingar getur ríkisstjórnin skipað sérstaka sáttanefnd til að vinna að lausn deilunnar. Skal samráð haft við ríkissáttasemjara og deiluaðila áður en sáttanefnd er skipuð.

Vararíkissáttasemjari, aðstoðarsáttasemjari og sáttanefndarmenn hafa réttindi og bera skyldur ríkissáttasemjara þegar þeir eru að störfum.

Laun ríkissáttasemjara skulu ákveðin á sama hátt og laun ráðherra og hæstaréttardómara. Félagsmálaráðherra ákveður laun vararíkissáttasemjara og aðstoðarsáttasemjara og þóknun sáttanefndarmanna.

b. (21. gr.)

Skrifstofa ríkissáttasemjara er í Reykjavík og ræður hann til hennar starfsfólk eftir þörfum og í samræmi við heimildir.

c. (22. gr.)

Ríkissáttasemjari annast sáttastörf í vinnudeilum milli launafólks og félaga þess annars vegar og atvinnurekenda og félaga þeirra hins vegar.

Hann skal fylgjast með ástandi og horfum í atvinnulífi og á vinnumarkaði um allt land. Hann skal fylgjast með þróun kjaramála og atriðum sem valdið gætu ágreiningi í samskiptum samtaka atvinnurekenda og stéttarfélaga.

Ríkissáttasemjari skal halda skrá yfir gildandi kjarasamninga og er samtökum launafólks og atvinnurekenda, svo og ófélagsbundnum atvinnurekendum, skylt að senda honum samrit allra kjarasamninga sem þeir gera jafnskjótt og þeir hafa verið undirritaðir. Breytingar á áður gildandi kjarasamningum skulu sendar með sama hætti. Sömu aðilar skulu einnig senda sáttasemjara samrit allra kauptaxta og kjaraákvæða sem út eru gefin á grundvelli gildandi kjarasamninga.

Samningsaðilar skulu enn fremur senda ríkissáttasemjara samrit af uppsögn kjarasamninga, svo og kröfugerð, jafnskjótt og hún er send gagnaðila.

d. (23. gr.)

Atvinnurekendur eða samtök þeirra og stéttarfélög skulu gera áætlun um skipulag viðræðna um endurnýjun kjarasamnings. Samningsaðilum er heimilt að veita landssamböndum eða heildarsamtökum sérstakt umboð til að gera viðræðuáætlun fyrir sína hönd ef slíkt umboð leiðir ekki af lögmætum samþykktum sambanda eða samtaka samningsaðila. Viðræðuáætlun, undirrituð af báðum samningsaðilum, skal þegar í stað send ríkissáttasemjara.

Viðræðuáætlun skal gerð í síðasta lagi tíu vikum áður en gildandi kjarasamningur er laus. Ef samningsaðilar hafa þá ekki gert viðræðuáætlun skal sáttasemjari gefa út viðræðuáætlun fyrir þá samningsaðila í síðasta lagi átta vikum áður en gildandi kjarasamningur er laus og skal sáttasemjari þá taka mið af öðrum viðræðuáætlunum sem hafa þegar verið gerðar.

e. (24. gr.)

Samningsaðilar geta hvenær sem er eftir útgáfu viðræðuáætlunar óskað milligöngu sáttasemjara eða aðstoðar hans og skal hann þá þegar beita sér fyrir því að samningaumleitanir fari fram í samræmi við viðræðuáætlun. Samningsaðilar skulu gefa sáttasemjara kost á að fylgjast með vinnudeilu og samningaumleitunum hvenær sem hann óskar þess.

Ef slitnar upp úr samningaviðræðum aðila eða annar hvor þeirra telur vonlítið um árangur af frekari samningaumleitunum getur hvor þeirra um sig eða báðir sameiginlega vísað deilunni til sáttasemjara. Þegar sáttasemjari hefur fengið tilkynningu þess efnis er honum skylt að kveðja aðila eða umboðsmenn þeirra til fundar svo skjótt sem kostur er og halda síðan áfram sáttaumleitunum meðan von er til þess að þær beri árangur.

Sáttasemjari tekur enn fremur við stjórn viðræðna eftir því sem ákveðið hefur verið í viðræðuáætlun. Honum er þó jafnan heimilt að fresta formlegri sáttameðferð og beina því til samningsaðila að þeir láti reyna á samkomulagsmöguleika í beinum viðræðum sín á milli telji hann það líklegra til árangurs. Ríkissáttasemjara er ávallt heimilt að taka í sínar hendur stjórn samningaviðræðna ef hann telur það heppilegt.

Ef tilkynning berst um vinnustöðvun skv. 16. gr. er sáttasemjara skylt að annast sáttastörf með deiluaðilum og stýra viðræðum þeirra.

f. (25. gr.)

Samningsaðilum er skylt að sækja eða láta sækja samningafund sem sáttasemjari kveður þá til.

Sáttafundi skal halda fyrir luktum dyrum.

Á sáttafundi skal leggja fram eftirrit þeirra skjala sem farið hafa milli aðila í deilunni, enda hafi þau ekki verið send ríkissáttasemjara áður.

Bannað er að skýra frá eða leiða vitni um umræður á sáttafundum og tillögur sem fram kunna að hafa verið bornar nema með samþykki beggja samningsaðila.

g. (26. gr.)

Sáttasemjari getur krafið aðila vinnudeilu um hverjar þær skýrslur og skýringar sem hann telur nauðsynlegar til að leysa vinnudeilur. Hann getur krafið allar opinberar stofnanir um þær upplýsingar og skýrslur sem hann telur þörf á. Með öll slík gögn skal fara sem trúnaðarmál ef þess er óskað.

h. (27. gr.)

Ef samningaumleitanir sáttasemjara bera ekki árangur er honum heimilt að leggja fram miðlunartillögu til lausnar vinnudeilu. Miðlunartillögu skal leggja fyrir félög eða félagasambönd launafólks og atvinnurekenda eða einstakan atvinnurekanda, eigi hann í vinnudeilu, til samþykkis eða synjunar. Sáttasemjara ber að ráðgast við samninganefndir aðila áður en hann ber fram miðlunartillögu.

Ef ágreiningur snertir aðeins ákveðna félagsdeild eða starfsgrein innan félags eða félagasambands eða tiltekið fyrirtæki getur sáttasemjari ákveðið að atkvæðagreiðsla taki eingöngu til deildarinnar eða starfsgreinarinnar eða fyrirtækisins.

i. (28. gr.)

Ef tvö eða fleiri félög eða félagasambönd eiga saman í deilu getur sáttasemjari í samráði við samninganefndir borið fram eina miðlunartillögu er taki til fleiri en eins deiluaðila eða þeirra allra. Atkvæðagreiðsla og talning atkvæða fer þá fram í sameiningu hjá öllum þeim félögum eða samböndum sem miðlunartillagan nær til þannig að sameiginlegt atkvæðamagn ræður úrslitum um samþykkt eða synjun.

Sáttasemjara er einnig heimilt að efna til sameiginlegrar atkvæðagreiðslu þótt hann beri fram fleiri en eina miðlunartillögu, enda sé það gert samtímis. Gilda þá reglur 1. mgr. eftir því sem við á.

Skilyrði þess að sáttasemjara sé heimilt að leggja fram miðlunartillögu, eina eða fleiri, samkvæmt þessari grein eru eftirfarandi:

a. að viðræður hafi átt sér stað um framlagðar kröfur, þar á meðal sérmál, eða að leitað hafi verið árangurslaust eftir viðræðum í samræmi við viðræðuáætlun,
b. að tíma, sem ætlaður er til viðræðna milli aðila án milligöngu sáttasemjara samkvæmt viðræðuáætlun, sé lokið án þess að samningar hafi tekist,
c. að sáttasemjari hafi leitað sátta milli allra samningsaðila sem eiga í hlut og telji ekki horfur á samkomulagi þeirra í milli,
d. að samningar hafi verið lausir um tíma þannig að samningsaðilum hafi gefist kostur á að þrýsta á um kröfur sínar,
e. að aðilum vinnudeilu hafi gefist kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum við hugmyndir sáttasemjara sem þeim hafa verið kynntar beint eða opinberlega um að leggja fram sameiginlega miðlunartillögu.

Atkvæðagreiðsla samningsaðila á almennum vinnumarkaði og þeirra sem lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna taka til um sameiginlega miðlunartillögu skal fara fram með aðgreindum hætti. Niðurstaða hjá hvorum hópnum fyrir sig, óháð niðurstöðu hins, ræður úrslitum um samþykkt eða synjun.

j. (29. gr.)

Aðilar skulu eftir því sem við verður komið sjá um að atkvæðisbærir félagsmenn geti kynnt sér miðlunartillögu í heild. Sáttasemjara er heimilt að höfðu samráði við aðila vinnudeilu að draga fram meginatriði úr miðlunartillögu til þess að auðvelda félagsmönnum þeirra að kynna sér efni hennar og taka málefnalega afstöðu til tillögunnar og áhrifa hennar á hag þeirra og afkomu. Öðrum aðila vinnudeilu er heimilt að vinna útdrátt úr miðlunartillögu fyrir félagsmenn sína í samráði við sáttasemjara. Eigi má birta miðlunartillögu öðrum en þeim sem hlut eiga að máli án samþykkis sáttasemjara fyrr en greidd hafa verið atkvæði um hana.

Miðlunartillaga skal borin undir atkvæði við atkvæðagreiðslu allra atkvæðisbærra aðila eins og sáttasemjari gekk frá henni og henni svarað játandi eða neitandi.

Atkvæðagreiðsla um miðlunartillögu skal fara fram á kjörfundi sem standi í fyrir fram ákveðinn tíma. Ríkissáttasemjari getur að höfðu samráði við aðila vinnudeilu ákveðið að atkvæðagreiðsla fari jafnframt fram utan kjörfundar á tilteknum stöðum eða svæðum. Í stað atkvæðagreiðslu innan og utan kjörfundar er ríkissáttasemjara heimilt að höfðu samráði við aðila vinnudeilu að ákveða að atkvæðagreiðsla um miðlunartillögu fari fram með leynilegri almennri póstatkvæðagreiðslu meðal félagsmanna sem lokið skal innan fyrir fram ákveðins tíma. Ríkissáttasemjari gefur að höfðu samráði við aðila vinnudeilu nánari fyrirmæli um fyrirkomulag atkvæðagreiðslu, svo sem hvenær og hvernig hún skuli fara fram. Atkvæðagreiðsla skal vera skrifleg og leynileg.

k. (30. gr.)
Jafnskjótt og atkvæðagreiðslu er lokið skulu atkvæði og kjörgögn afhent sáttasemjara. Talning atkvæða fer fram undir stjórn sáttasemjara og er hverjum aðila heimilt að hafa umboðsmann viðstaddan talninguna.

l. (31. gr.)
Miðlunartillaga telst felld í atkvæðagreiðslu ef meira en helmingur greiddra atkvæða er á móti henni og ef mótatkvæði eru fleiri en fjórðungur atkvæða samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá. Þetta gildir jafnt um atkvæðagreiðslu á kjörfundi og póstatkvæðagreiðslu.

m. (32. gr.)
Sáttasemjarar geta borið fram miðlunartillögu eins oft og þeim þykir þurfa.

n. (33. gr.)
Ef sáttatilraunum í mikilvægri deilu er hætt án árangurs getur ríkissáttasemjari birt skýrslu um málið á þann hátt sem hann álítur heppilegastan til þess að almenningur fái rétta hugmynd um deiluna.

o. (34. gr.)
Ef annar hvor aðili vill samþykkja miðlunartillögu sáttasemjara eftir að sáttaumleitun hefur verið hætt án árangurs sendir hann sáttasemjara yfirlýsingu um það. Sáttasemjara ber þegar að láta gagnaðila vita um yfirlýsinguna. Vilji hann einnig fallast á miðlunartillöguna sér sáttasemjari um að aðilar gangi frá samningum sín á milli.

p. (35. gr.)
Nú hefur sáttaumleitunum sáttasemjara lokið án árangurs og ber honum þá að hefja þær á ný ef annar hvor aðili óskar þess eða hann telur það heppilegt. Þó ber honum ætíð að gera tilraun til sátta með aðilum innan 14 sólarhringa frá því hann hætti síðustu samningatilraunum sínum.

q. (36. gr.)
Sáttasemjarar skulu halda gerðabækur og skrá þar hvar og hvenær sáttafundir eru haldnir, nafn sáttasemjara og viðstaddra aðila eða fulltrúa þeirra. Geta skal framlagðra skjala og hins helsta sem fram fer.

r. (37. gr.)
Ríkissáttasemjari skal senda félagsmálaráðherra skýrslur um störf sín samkvæmt lögum þessum svo oft sem þurfa þykir og ekki sjaldnar en einu sinni á ári.

6. gr.

39. gr. laganna orðast svo:
Í dóminum eiga sæti fimm menn sem skipaðir eru til þriggja ára þannig: Einn af Vinnuveitendasambandi Íslands, annar af Alþýðusambandi Íslands, þriðji af félagsmálaráðherra úr hópi þriggja manna, sem Hæstiréttur tilnefnir, og tveir af Hæstarétti og sé annar þeirra sérstaklega tilnefndur til þess að vera forseti dómsins. Ef atvinnurekandi, sem er málsaðili, er ekki meðlimur í Vinnuveitendasambandi Íslands skal dómari sá, sem tilnefndur er af því, víkja sæti, en í staðinn tilnefnir atvinnurekandinn dómara í málinu og skal hann hafa

gert það áður en hálfur stefnufrestur er liðinn, ella tilnefnir forseti dómsins dómarann. Sama á við þegar málsaðili er stéttarfélag eða samband stéttarfélaga utan heildarsamtaka launafólks gagnvart dómara, skipuðum af Alþýðusambandi Íslands.

Sömu aðilar tilnefna varadómendur er taka sæti í forföllum aðaldómenda.

Þegar mál þau, sem um ræðir í 2. mgr. 44. gr., koma til meðferðar í Félagsdómi skulu dómendur þeir, sem tilnefndir eru af Vinnuveitendasambandi Íslands og Alþýðusambandi Íslands, víkja sæti, en í þeirra stað tilnefna stefnandi og stefndur hvor sinn mann úr hópi 18 manna sem tilnefndir eru í því skyni af Iðnsveinaráði Alþýðusambands Íslands og Samtökum iðnaðarins til þriggja ára í senn. Iðnsveinaráð ASÍ tilnefnir sex menn og Samtök iðnaðarins tólf menn. Nefnd samtök nefna með sama hætti jafnmarga varamenn. Nú tilnefnir aðili ekki dómara eða ekki næst samkomulag um tilnefninguna milli samaðila máls, og nefnir forseti Félagsdóms þá dómara í hans stað úr hópi sömu manna.

7. gr.

Í stað orðsins „atvinnumálaráðherra“ í 1. málsl. 40. gr. og 1. mgr. 66. gr. laganna komi: félagsmálaráðherra.

8. gr.

Við 70. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ábyrgð skv. 2. mgr. 8. gr. varðar þó ekki sektum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði III. kafla laganna, 20.–37. gr., gilda eftir því sem við á um opinbera starfsmenn sem lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna ná til.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 33/1978, um sáttastörf í vinnudeilum.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, og gefa þau út svo breytt.

1059. Frumvarp til laga [520. mál]

um breyting á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 23. maí.)

1. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Sérstakur sjóður ríkisins, ofanflóðasjóður, er í vörslu Viðlagatryggingar Íslands. Ráðstöfunarfé sjóðsins er:

1. Sérstakt gjald, forvarnagjald, sem lagt er á allar húseignir sem eru brunatryggðar hjá vátryggingafélagi sem starfsleyfi hefur hér á landi og nemur 0,2‰ af vátryggingarverðmæti. Um innheimtu gjaldsins fer skv. 3. og 5. mgr. 11. gr. og 23. gr. laga um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992, með síðari breytingum. Álagning gjalds þessa skal ekki hafa áhrif til hækkunar á innheimtuþóknun til vátryggingafélaga.

2. 5% af árlegum heildariðgjaldatekjum Viðlagatryggingar Íslands. Þó skal það á árunum 1996–2000, eða vegna fimm næstu iðgjaldaára, vera 38% af heildariðgjaldatekjum Viðlagatryggingar Íslands.
3. Á árunum 1996–1999, eða vegna fjögurra næstu iðgjaldaára, 10% aukaálag á iðgjöld viðlagatrygginga samkvæmt lögum nr. 36/1995.
4. Árlegt framlag á fjárlögum í samræmi við framkvæmdaáætlun sem lögð skal fram við gerð fjárlaga hverju sinni.
5. Vaxtatekjur, sbr. 11. gr.
6. Aðrar tekjur.
7. Lán til starfsemi sjóðsins sem eru með ábyrgð ríkissjóðs og háð samþykki fjármálaráðuneytisins.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

1. Inngangur 1. mgr. orðast svo:
   Fé ofanflóðasjóðs, sbr. 10. gr., skal notað til að greiða kostnað við rekstur sjóðsins, rekstur ofanflóðanefndar, sbr. 8. gr., og kostnað við varnir gegn ofanflóðum sem hér segir.
2. 3. málsl. 2. mgr. orðast svo: Skulu lánskjör vera hin sömu og sjóðnum standa til boða, sbr. 10. gr.

3. gr.

13. gr. laganna fellur brott og breytist greinatala samkvæmt því.

4. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1996 er ofanflóðasjóði heimilt að taka lán að upphæð allt að 800 millj. kr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1060. Frumvarp til laga [344. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 23. maí.)

1. gr.

Í stað 2. mgr. 111. gr. laganna koma fjórar málsgreinar er orðast svo:

Það skal vera stefna við innheimtu á tekjuskatti og eignarskatti samkvæmt lögum þessum að allir gjaldendur, sem eins stendur á um við innheimtu, vanskil og nauðungaraðgerðir, skuli hljóta sams konar meðferð.

Telji innheimtumaður tök á að tryggja greiðslu kröfu, sem ella mundi tapast, með samningi um greiðslu skal hann gefa fjármálaráðherra skýrslu um málavöxtu. Fjármálaráðherra er heimilt að samþykkja slíkan samning, að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar.

Telji innheimtumaður að hagsmunum ríkissjóðs verði betur borgið með nauðasamningi gjaldanda við skuldheimtumenn skal hann gefa fjármálaráðherra skýrslu um málavöxtu. Fjármálaráðherra er heimilt að samþykkja nauðasamning, að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar, enda sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

1. Gjaldandi sé skuldlaus í virðisaukaskatti, staðgreiðslu opinberra gjalda, tryggingagjaldi og vörugjaldi.
2. Skattkröfur séu ekki tilkomnar vegna endurákvörðunar skattyfirvalda á gjöldum vegna skattsvika.
3. Ljóst sé að hagsmunum ríkissjóðs verði betur borgið með nauðasamningi.

Að loknu hverju innheimtuári skal Ríkisendurskoðun gefa Alþingi skýrslu um alla samninga skv. 3. mgr. og nauðasamninga skv. 4. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1996.

1061. Breytingartillaga [415. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar (SF, EKG, MS, ArnbS, PHB, KPál).

Við 5. gr. Í stað orðanna „til fjögurra ára“ í 2. mgr. a-liðar (20. gr.) komi: til fimm ára.

1062. Breytingartillaga [408. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um fjarskipti, nr. 73 28. maí 1984, sbr. lög nr. 32 14. apríl 1993.

Frá Ragnari Arnalds, Guðmundi Árna Stefánssyni og Ástu R. Jóhannesdóttur.

Á eftir 13. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Eftir stofnun Pósts og síma hf. skal grunnnetið í fjarskiptaþjónustu Póst- og símamálastofnunar áfram vera í eigu ríkisins eða fyrirtækja sem ríkið á allan hlut í.

1063. Lög [520. mál]

um breyting á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 23. maí.)

Samhljóða þskj. 1059.

1064. Lög [376. mál]

um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga.

(Afgreidd frá Alþingi 23. maí.)

Samhljóða þskj. 664.

1065. Lög [344. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 23. maí.)

Samhljóða þskj. 1060.

1066. Lög [252. mál]

um spilliefnagjald.

(Afgreidd frá Alþingi 23. maí.)

Samhljóða þskj. 1017.

1067. Nefndarálit [451. mál]

um frv. til lögreglulaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigurð Tómas Magnússon og Símon Sigvaldason frá dómsmálaráðuneyti, Boga Nilsson rannsóknarlögreglustjóra, Böðvar Bragason, lögreglustjóra í Reykjavík, frá Landssambandi lögreglumanna Jónas Magnússon, Jóhannes Jensson, Baldvin Einarsson og Óskar Bjartmarz og frá Kríunum – félagi kvenlögregluþjóna – Dóru Hlín Ingólfsdóttur, Berglindi Eyjólfsdóttur og Kristínu Brandsdóttur. Þá fékk nefndin sendar umsagnir um málið frá lögreglustjóranum í Reykjavík, Rannsóknarlögreglu ríkisins, Sýslumannafélagi Íslands, sýslumanninum í Stykkishólmi, Landssambandi lögreglumanna, Lögreglufélagi Reykjavíkur, Lögreglufélagi Gullbringusýslu, Lögreglufélagi Akraness, Lögreglufélagi Vesturlands, Lögreglufélagi Vestfjarða, Lögreglufélagi Norðurlands vestra, Lögreglufélagi Austurlands, Lögreglufélagi Suðurlands, Lögreglufélagi Hafnarfjarðar, Lögreglufélagi Kópavogs, Lögregluskóla ríkisins, Félagi íslenskra rannsóknarlögreglumanna, bæjarstjóranum í Neskaupstað, Jafnréttisráði, Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, Fangelsismálastofnun ríkisins, Nordiska Polisförbundet og Union Internationale des Syndicats de Police.

Lagafrumvarpi þessu er ætlað að koma í stað laga um lögreglumenn og laga um Rannsóknarlögreglu ríkisins. Lagt er til að gerð verði sú grundvallarbreyting á skipulagi lögreglunnar og æðstu stjórn hennar að komið verði á fót embætti ríkislögreglustjóra er fari með yfirstjórn lögreglu í landinu. Með því að setja slíkt embætti á stofn er stigið skref í að styrkja stjórnsýslu lögreglunnar, auka samræmingu og eftirlit og efla fagleg vinnubrögð. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að færa rannsókn meginþorra brotamála til einstakra lögreglustjóra og tengja með því betur saman almenna löggæslu og rannsóknir.

Þá er með þessu frumvarpi og frumvarpi um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, sem lagt hefur verið fram á þingi samhliða, stefnt að því að ferill algengustu brotamála á rannsóknar- og ákærustigi verði gerður einfaldari með því að vinna við rannsókn máls frá upphafi, útgáfa ákæru og saksókn fari fram hjá sama embætti, en það ætti að spara vinnu og gera refsivörslukerfið í heild skilvirkara en áður.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Í þeim breytingartillögum felst:

1. Við 6. gr. Sú gagnýni hefur komið fram á frumvarpið, m.a. frá lögreglustjórum og lögreglumönnum, að í það vanti ákvæði um yfirstjórn lögreglu varðandi björgun og leitaraðgerðir. Ekki er umdeilt að eitt af verkefnum lögreglustjóra hefur verið að hafa með höndum yfirstjórn slíkra aðgerða, sbr. t.d. ákvæði í reglugerð um samvinnu og starfsskiptingu milli lögreglustjóra og Rannsóknarlögreglu ríkisins, nr. 253/1977, þar sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 2. gr. að rannsóknardeildir einstakra lögregluembætta skuli hafa stjórn á leit að týndu fólki, enda sé leitin ekki þáttur í rannsókn brots, en jafnan skuli Rannsóknarlögreglu ríkisins tilkynnt um slíka leit.

   Nefndin telur nauðsynlegt að festa slíkt ákvæði í lög þar sem rannsóknarskyldur lögreglu tengist mjög oft leitar- og björgunaraðgerðum og mikilvægt sé að heimildir lögreglustjóra í því efni séu sem gleggstar. Leggur nefndin því til að í 6. gr. frumvarpsins, um lögregluumdæmi og stjórn þeirra, verði tekið slíkt ákvæði. Ljóst er að við umfangsmeiri leitir og björgunaraðgerðir er lögregla oft of liðfá og gegna

björgunarsveitir, sem skipulagðar eru og kostaðar af frjálsum félagasamtökum, þar lykilhlutverki. Samvinna lögreglu og björgunarsveita hefur verið með miklum ágætum. Með ákvæðinu er ekki stefnt að því að lögreglustjórar hafi afskipti af innra skipulagi björgunarsveita heldur fyrst og fremst mælt fyrir um hlutverk lögreglustjóra varðandi yfirstjórn aðgerða. Með lögfestingu slíks ákvæðis er ekki ætlunin að lögregluyfirvöld beri frekari kostnað af leitar- og björgunaraðgerðum en nú. Þá er ákvæðinu ekki ætlað að taka til þeirra tilvika þegar virkja þarf skipulag Almannavarna ríkisins og er ekki ætlað að hafa áhrif á hlutverk Landhelgisgæslunnar á sjó.

Rétt þykir að kveða á um að dómsmálaráðherra setji reglur um samstarf lögreglu og björgunarsveita og að við samningu þeirra verði haft samráð við önnur ráðuneyti sem málið varðar og hlutaðeigandi aðila.

2. Við 8. gr. Í umsögnum hefur komið fram talsverð gagnrýni á 8. gr. frumvarpsins sem fjallar um sérstakar rannsóknardeildir. Í umsögn Sýslumannafélags Íslands er lagst gegn ákvæðinu og Félag íslenskra rannsóknarlögreglumanna hefur bent á að óheppilegt sé að sami lögreglumaður lúti mismunandi yfirstjórn.

Í reglugerð um samvinnu og starfsskiptingu milli lögreglustjóra og Rannsóknarlögreglu ríkisins, nr. 253/1977, er mælt fyrir um starfrækslu rannsóknarlögregludeilda við lögregluembætti. Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu eru slíkar deildir nú starfræktar við 11 lögregluembætti, í Reykjavík, á Akranesi, á Ísafirði, á Akureyri, á Eskifirði, á Selfossi, í Vestmannaeyjum, í Keflavík, á Keflavíkurflugvelli, í Hafnarfirði og í Kópavogi. Í frumvarpinu er mælt fyrir um stofnun einnar nýrrar deildar og tilfærslu annarrar. Einnig er hlutverk þeirra skilgreint nánar og þeim ætluð verkefni utan þess umdæmis sem þær voru staðsettar í.

Í breytingartillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir að fyrirkomulag lögregluransókna verði ákvarðað með almennari hætti en í frumvarpinu. Nefndin telur mikilvægt að kveðið verði á um að lögregla annist rannsóknir brota í samráði við ákærendur. Náið samráð lögreglu og ákæruvalds við lögregluransóknir er í fyllsta samræmi við þau meginmarkmið sem frumvarpi þessu og frumvarpi til breytinga á lögum um meðferð opinberra mála (450. mál), sem lagt var fram samhliða, er ætlað að ná fram.

Með 2. mgr. er lagt til að lögfest verði sú grundvallarregla að rannsókn skuli að jafnaði hefja í því umdæmi þar sem brotið er framið. Hér er fyrst og fremst verið að víkja að skyldu lögreglu í umdæmi sem brot er framið í til að hefja þegar í stað rannsókn. Önnur atvik og aðstæður geta síðan ráðið því að mál er rannsakað að hluta eða að öllu leyti í öðru umdæmi eða undir stjórn ríkislögreglustjóra. Í niðurlagi 2. mgr. er vikið að samspili staðarlögreglu og rannsóknardeilda ríkislögreglustjóraembættisins, þ.e. skatta- og efnahagsbrotadeildar og stoðdeildar.

Þá leggur nefndin til að dómsmálaráðherra setji nánari reglur um í hvaða umdæmi brot skuli rannsakað, hvernig stjórn rannsóknar skuli háttað og um verkaskiptingu einstakra lögreglustjóra og rannsóknardeilda ríkislögreglustjóraembættisins. Óheppilegt þykir að slík verkaskipting sé fastákveðin í lögum þar sem ákveðinn sveigjanleiki þarf að vera til staðar til að hægt sé að bregðast við breytilegum aðstæðum. Ákvæðum um samvinnu og starfsskiptingu lögreglustjóra og Rannsóknarlögreglu ríkisins er nú fyrirkomið í reglugerð nr. 253/1977 eins og fyrr segir.

Þótt hlutverk stoðdeildar ríkislögreglustjóra muni nokkuð aukast við þær áherslubreytingar sem hér eru lagðar til þykir nefndinni ljóst að efla þarf lögregluransóknir utan höfuðborgarsvæðisins þannig að einstök embætti þurfi aðeins í undantekn-

ingartilvikum að leita til ríkislögreglustjóraembættisins um aðstoð. Minnstu lögregluembættin munu þó alltaf þurfa á slíkri aðstoð að halda við sérhæfðar og flóknar rannsóknir.

3. Við 9. gr. Tekið er af skarið um að slíkt framsal lögregluvalds, sem málsgreinin mælir fyrir um, verði aðeins heimilt þegar um er að ræða sérstök verkefni. Þá er lagt til að auk tollvarða fari ríkistollstjóri, tollstjórar og löglærðir fulltrúar þeirra með lögregluvald á sínu starfssviði þegar þeir annast eða aðstoða við löggæslu.
4. Við 10. gr. Lögð er til leiðrétting á tilvísun.
5. Við 18. gr. Skerpt er á ákvæðinu þannig að lögreglu beri skilyrðislaust að hafa afskipti af börnum undir 16 ára aldri sem eru á stöðum þar sem heilsu þeirra og velferð er alvarleg hætta búin.
6. Við 20. gr. Lagt er til að orðalag verði samræmt.
7. Við 22. gr. Lagt er til að orðalagi ákvæðins verði breytt. Nefndin leggur áherslu á að í athugasemdum við þetta ákvæði frumvarpsins segir að ákvæðinu sé ekki ætlað að þrengja að stjórnarskrárvernduðu tjáningarfrelsi lögreglumanna eða koma í veg fyrir gagnrýni á yfirstjórn lögreglu. Breytingartillagan miðar að því að taka af allan vafa um þetta.
8. Við 28. gr. Lagt er til að sá sem ráðinn er tímabundið í lögreglustarf skuli fullnægja öllum skilyrðum fyrir inngöngu í Lögregluskólann. Nefndin lítur svo á að ekki verði hægt að ráða menn til starfa skv. 4. mgr. lengur en til eins árs og æskilegt sé að þeir sem ráðnir eru hafi lokið námskeiði í Lögregluskóla ríkisins fyrir afleysingamenn í lögreglunni.
9. Við 32. gr. Lagt er til að ákvæðinu verði breytt þannig að bann við aukastörfum lögreglumanna verði ekki eins fortakslaust. Í stað þess að fyrir fram þurfi að leita heimildar fyrir aukastarfi er hér lagt til að lögreglumaður skuli tilkynna þeim lögreglustjóra er hann heyrir undir um starfið. Lögreglustjórinn skuli síðan innan tveggja vikna skýra lögreglumanninum frá því hvort starfsemin teljist ósamrýmanleg stöðu hans. Þó er kveðið á um að rétt sé að banna slíka starfsemi síðar ef leitt er ljós að hún megi ekki saman fara starfinu. Gera má ráð fyrir að í slíkum tilvikum þurfi stundum að veita lögreglumanninum hæfilegan frest til að láta af starfinu. Þá er í texta tillögunnar sett fram leiðbeinandi sjónarmið um til hvers skuli horft þegar metið er hvort aukastarf teljist samrýmanlegt lögreglustarfi eða ekki og gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra setji almennar reglur um hvaða aukastörf teljist heimil. Nefndin leggur áherslu á að samráð verði haft við hagsmunaðila í sambandi við setningu slíkra reglna.
10. Við 35. gr. Í umsögn Landssambands lögreglumanna og einstakra lögreglufélaga um þetta ákvæði var gerð athugasemd við að ríkislögreglustjóra væri ætlað að rannsaka mál vegna meintra refsiverðra brota lögreglumanna í starfi. Nefndin leggur því til að ríkissaksóknari stýri rannsókn slíkra mála.
11. Við 37. gr. Lagt er til að skólastjóri Lögregluskóla ríkisins verði skipaður með sama hætti og lögreglustjórar.
12. Við 38. gr. Í fyrsta lagi er lagt til að skilyrði a-liðar verði rýmkað þannig að einungis sé um hindrun að ræða ef umsækjandi hefur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað. Í þessu sambandi vill nefndin taka fram að ýmis önnur atriði geta að sjálfsögðu valdið því að umsækjendur séu síður fallnir til lögreglustarfa. Vegna þeirrar miklu ábyrgðar sem í lögreglustarfinu felst hlýtur að vera nauðsynlegt fyrir valnefndina að huga að því að lögreglumannsefni sé þekkt að reglusemi og háttvísi og hafi gott

mannorð. Lagt er til að heimild til að setja í reglugerð skilyrði um lágmarkshæð lögreglumannsefna verði felld brott. Nefndin telur að slíkt skilyrði geti brotið gegn jafnræði umsækjenda. Þá er lagt til að fellt verði brott það skilyrði fyrir inngöngu í Lögregluskóla ríkisins að lögreglumannsefni hafi lokið grunnskólaprófi, enda slíkt próf ekki fortakslaust skilyrði fyrir inngöngu í framhaldsskóla. Nægjanlegt þykir að taka fram að lögreglumannsefni hafi að baki a.m.k. tveggja ára almennt framhaldsnám. Í þeim umræðum sem fram fóru í nefndinni um Lögregluskóla ríkisins kom m.a. fram að námið skiptist bæði í bóklegt og verklegt nám. Nefndin telur ástæðu til að ráðherra kanni möguleika á því hvort ekki sé grundvöllur fyrir að flytja bóklega hluta námsins yfir í almenna framhaldsskólakerfið. Loks ber að geta þess að þar sem ákvæði 4. mgr. 38. gr. getur haft áhrif á kjarasamning ríkisins við Landssamband lögreglumanna að því er varðar laun nema í lögregluskólanum telur nefndin nauðsynlegt að það mál sé tekið til skoðunar við gerð næsta kjarasamnings milli þessara aðila.

13. Við 43. gr. Lögð er til samræming á orðalagi.

14. Lagt er til að við frumvarpið bætist nýr kafli með ákvæði til bráðabirgða er varðar aðgerðir vegna niðurlagningar Rannsóknarlögreglu ríkisins. Ákvæðinu er ætlað að tryggja að starfsmenn Rannsóknarlögreglu ríkisins glati ekki áunnum réttindum sínum við tilfærslu í starfi þegar lögin koma til framkvæmda. Með stofnun samráðsnefndar er starfsmönnum ætlað að hafa áhrif á með hvaða hætti verði staðið að auglýsingu og skipun í ný störf við embætti ríkislögreglustjóra, lögreglustjórans í Reykjavík og önnur embætti. Tryggja þarf að framkvæmd laganna valdi sem minnstri röskun á rannsóknastarfsemi og stöðu og högum starfsmanna.

Kríurnar – félag kvenlögregluþjóna – lögðu áherslu á að a.m.k. ein kona ætti sæti í valnefndinni sem velur nema í Lögregluskólann úr hópi umsækjenda. Sú ábending kom fram að eðlilegt væri að tilnefningaraðilar tilnefndu einn karl og eina konu hver og ráðherra tryggði við skipun nefndarinnar að a.m.k. ein kona ætti þar fast sæti hverju sinni. Nefndin tekur undir þessi sjónarmið þeirra. Þá leggur nefndin til að farið verði rækilega yfir þær forsendur sem fram koma í athugasemdum með frumvarpinu og lagðar hafa verið til grundvallar flutningi starfsmanna og fjárheimilda til embætta ríkislögreglustjóra og lögreglustjórans í Reykjavík þannig að tryggt sé að hægt verði að sinna með fullnægjandi hætti rannsóknum þeirra mála sem flytjast munu til embættis lögreglustjórans í Reykjavík. Loks vill nefndin að gefnu tilefni benda á mikilvægi þess að samræmingarhlutverk ríkislögreglustjóra taki til allra brotaflokka, þar með talið rannsóknar ávana- og fíkniefnabrota.

Jóhanna Sigurðardóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 23. maí 1996.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Sighvatur Björgvinsson.
Hjálmar Jónsson.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.	Kristján Pálsson.
Guðný Guðbjörnsdóttir.	Árni R. Árnason.	Jón Kristjánsson.

1068. Breytingartillögur [451. mál]

við frv. til lögreglulaga.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 6. gr. Við bætist ný málsgrein, 3. mgr., og orðist svo:
   Lögreglustjórar fara með yfirstjórn leitar- og björgunaraðgerða á landi. Um björgun sem heyrir undir skipulag almannavarna gilda sérstök lög. Ráðherra setur reglur um samstarf lögreglu og björgunarsveita.
2. Við 8. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Greinin orðist svo:
      1. Lögregla annast rannsókn brota í samráði við ákærendur.
      2. Rannsókn brots skal að jafnaði hefja í því umdæmi þar sem það er framið, sbr. þó ákvæði a- og b-liða 2. mgr. 5. gr.
      3. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um í hvaða umdæmi brot skuli rannsakað, hvernig stjórn rannsóknar skuli háttað, hvenær brot skuli rannsakað undir stjórn ríkislögreglustjóra skv. a-lið 2. mgr. 5. gr. og hvenær lögreglustjórum sé rétt að leita aðstoðar ríkislögreglustjóra við rannsókn skv. b-lið 2. mgr. 5. gr.
      4. Við embætti lögreglustjórans í Reykjavík skal starfrækt tæknideild sem sinni vettvangsrannsóknum og öðrum slíkum rannsóknum. Tæknideildin skal þjóna öllum lögregluumdæmum og setur dómsmálaráðherra nánari reglur um starfrækslu hennar.
   b. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Lögregluranns óknir.*
3. Við 9. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Orðið „eða“ í 2. mgr. falli brott.
   b. 4. mgr. orðist svo:
      Ríkistollstjóri, tollstjórar, löglærðir fulltrúar þeirra og tollverðir fara með lögregluvald á sínu starfssviði og þegar þeir annast eða aðstoða við löggæslu.
4. Við 10. gr. Í stað tilvitnunar til „39. gr.“ komi: 38. gr.
5. Við 18. gr. Í stað orðanna „er heimilt“ komi: ber.
6. Við 20. gr. Í stað orðanna „geta lögreglumenn“ komi: getur lögregla.
7. Við 22. gr. Síðari málsliður 1. mgr. orðist svo: Tekur þetta til upplýsinga um einkahagi manna sem eðlilegt er að leynt fari, upplýsinga sem varða starfshætti lögreglu og fyrirhugaðar lögregluaðgerðir og annarra upplýsinga sem leynt skulu fara samkvæmt lögum, starfsreglum lögreglu eða eðli máls.
8. Við 28. gr. Í stað orðanna „a-, b- og c-liða 2. mgr. 39. gr.“ í 4. mgr. komi: 2. mgr. 38. gr.
9. Við 32. gr. Greinin orðist svo:
   1. Heimilt er að fela lögreglumanni að vinna fyrir sanngjarnt endurgjald aukastörf í þágu ríkisins, enda valdi það ekki vanrækslu á þeim störfum er stöðu hans fylgja.
   2. Áður en lögreglumaður hyggst, samhliða starfi sínu, taka við launuðu starfi í þjónustu annars aðila, ganga í stjórn atvinnufyrirtækis eða stofna til atvinnurekstrar ber honum að skýra lögreglustjóra frá því. Innan tveggja vikna skal lögreglumanni skýrt frá því ef áðurnefnd starfsemi telst ósamrýmanleg stöðu hans og honum bannað að hafa hana með höndum. Bera má slíkt bann undir ríkislögreglustjóra.

3. Rétt er að banna starfsmanni slíka starfsemi sem í 2. mgr. segir ef það er síðar leitt í ljós að hún megi ekki saman fara starfi hans í þjónustu ríkisins.

4. Við mat á því hvort starfsemi teljist ósamrýmanleg lögreglustarfi skal horft til þess hvort ástæða er til að ætla að aukastarfið valdi vanrækslu á þeim störfum sem stöðu hans fylgja, ástæða er til að ætla að það brjóti á einhvern hátt í bága við lögreglustarfið eða það geti með öðrum hætti hamlað því að viðkomandi geti sinnt lögreglustarfinu forsvaranlega.

5. Dómsmálaráðherra setur almennar reglur um hvaða aukastörf teljist heimil.

10. Við 35. gr. Greinin orðist svo:

Berist kæra á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans, eða vakni grunur um slíkt brot, skal lögreglustjóri þegar í stað tilkynna ríkissaksóknara um ætlað brot. Ríkissaksóknari stýrir rannsókn málsins.

11. Við 37. gr. 1. mgr. orðist svo:

Forseti Íslands skipar skólastjóra Lögregluskóla ríkisins. Hann skal fullnægja sömu skilyrðum fyrir skipan í embætti og lögreglustjórar og hafa staðgóða þekkingu á lögreglumálefnum.

12. Við 38. gr. Eftirfarandi breytingar verði á 2. mgr.:

a. Í stað orðanna „sætt opinberri refsingu“ í a-lið komi: hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum.

b. B-liður orðist svo: vera andlega og líkamlega heilbrigð og standast læknisskoðun trúnaðarlæknis.

c. Orðin „grunnskólaprófi og“ í c-lið falli brott.

d. Í stað orðsins „kröfun“ í d-lið komi: kröfum.

13. Við 43. gr. Við bætist fimm nýjar málsgreinar sem orðist svo:

11. Í stað orðsins „lögreglumönnum“ í 4. mgr. 52. gr. laga um loftferðir, nr. 34/1964, kemur: lögreglu.

12. Í stað orðsins „lögreglumönnum“ í 3. mgr. 24. gr. og 1. mgr. 29. gr. laga um aðför, nr. 90/1989, kemur: lögreglu.

13. Í stað orðsins „lögreglumönnum“ í 1. mgr. 32. gr. laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl., nr. 31/1990, kemur: lögreglu.

14. Í stað orðsins „lögreglumönnum“ í 3. mgr. 36. gr. og 2. mgr. 60. gr. laga um nauðungarsölu, nr. 90/1991, kemur: lögreglu.

15. Í stað orðanna „lögreglumenn liðsinna við aðför skulu þeir að jafnaði vera óeinkennisklæddir“ í 3. mgr. 75. gr. barnalaga, nr. 20/1992, kemur: lögregla liðsinnir við aðför skal hún að jafnaði vera óeinkennisklædd.

14. Við bætist nýr kafli, X. kafli, **Ákvæði til bráðabirgða**, með einni grein, 44. gr., er orðist svo:

Niðurlagning Rannsóknarlögreglu ríkisins.

1. Starfsmenn Rannsóknarlögreglu ríkisins skulu við skipun í nýtt starf njóta áunninna réttinda sinna.

2. Dómsmálaráðherra skipar nefnd fimm manna til ráðgjafar og eftirlits með niðurlagningu Rannsóknarlögreglu ríkisins og skipun starfsmanna hennar í stöður við embætti ríkislögreglustjóra, lögreglustjórans í Reykjavík og önnur embætti. Ráðherra skipar einn fulltrúa í nefndina án tilnefningar. Eftirtaldir aðilar skulu tilnefna hina fjóra: starfsmenn Rannsóknarlögreglu ríkisins, Landssamband lögreglumanna, Stéttarfélag lögfræðinga í ríkisþjónustu og Sýslumannafélag Íslands.

1069. Fyrirspurn [532. mál]

til umhverfisráðherra um vinnu að skipulagi miðhálendis Íslands.

Frá Katrínu Fjeldsted.

1. Hvernig var staðið að vali á þeim sem vinna að skipulagi miðhálendis Íslands?
2. Telur ráðherra eðlilegt að aðeins sum byggðarlög landsins eigi aðild að skipulagi miðhálendisins?
3. Mun ráðherra beita sér fyrir breytingu á bráðabirgðaákvæði í skipulagslögum þannig að fulltrúar frá Reykjavík, Reykjanesi, Snæfellsnesi og Vestfjörðum komi einnig að þessari skipulagsvinnu?

1070. Nefndarálit [320. mál]

um frv. til l. um staðfesta samvist.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið sendar umsagnir frá barnaverndarstofu, biskupi Íslands, Prestafélagi Íslands og Samtökunum '78.

Með frumvarpi þessu er lagt til að tveir einstaklingar af sama kyni geti stofnað til staðfestrar samvistar. Gert er ráð fyrir að einstaklingar í staðfestri samvist njóti sömu réttinda og á þeim hvíli sömu skyldur og á einstaklingum í hjúskap. Í því sambandi má benda á gagnkvæman lögerfðarétt, skattalega samstöðu og reglur almannatryggingalaga og laga um félagslega aðstoð. Þó er gert ráð fyrir að ákvæði ættleiðingarlaga um hjón og ákvæði laga um tæknifrjóvgun gildi ekki um staðfesta samvist.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 6. gr. Í stað 1.–3. mgr. komi ný málsgrein er orðist svo:
   Ákvæði ættleiðingarlaga um hjón og laga um tæknifrjóvgun gilda ekki um staðfesta samvist.
2. Við 8. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
   a. Í stað orðanna „2. og 3. mgr.“ í 1. málsl. komi: 2.–4. mgr.
   b. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein er orðist svo:
      Sýslumaður eða dómari leitar sátta samkvæmt reglum 42. gr. hjúskaparlaga.
3. Við 9. gr. Í stað orðanna „1. júlí 1996“ komi: 27. júní 1996.

Fyrstu breytingartillöguna leiðir af lögum um tæknifrjóvgun sem afgreidd voru frá Alþingi fyrir skömmu. Þar er jafnframt gert ráð fyrir að ákvæði 3. mgr. 6. gr. verði fellt brott, enda engin sérákvæði lengur í lögum sem bundin eru við kynferði annars makans í hjúskap. Í annarri breytingartillögunni felst að sýslumenn og dómarar skuli leita sátta í tengslum við slit á staðfestri samvist. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir kirkjulegri vígslu til staðfestrar samvistar og því þykir rétt að undanþiggja presta einnig frá sáttaskyldu sem

þeim er lögboðin í vissum tilvikum í hjúskaparlögum. Í þriðja lagi er að ósk Samtakanna '78 lagt til að frumvarpið öðlist gildi 27. júní nk. sem er alþjóðlegur mannréttindabaráttudagur samkynhneigðra.

Jóhanna Sigurðardóttir sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 23. maí 1996.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Jón Kristjánsson.	Hjálmar Jónsson.
Guðný Guðbjörnsdóttir.	Sighvatur Björgvinsson.	Kristján Pálsson.
Árni R. Árnason.	Ögmundur Jónasson.	Valgerður Sverrisdóttir.

1071. Frumvarp til laga [533. mál]

um breyting á lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Á fólksbifreiðar og önnur vélknúin ökutæki, sem ekki eru sérstaklega tilgreind í 4. gr., skal lagt vörugjald í eftirfarandi þremur gjaldflokkum miðað við sprengirými aflvélar, mælt í rúmsentimetrum:

Flokkur	Sprengirými aflvélar: Bensínvélar	Sprengirými aflvélar: Dísilvélar	Gjald í %
I	0–1.600	0–2.100	30
II	1.601–2.500	2.101–3.000	40
III	Yfir 2.500	Yfir 3.000	65

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1996.

Greinargerð.

Bifreiðar eru meðal mikilvægustu tækja nútímasamfélags. Stefna stjórnvalda hlýtur því að miða að því að gjaldtaka af þeim hindri ekki notendur, einstaklinga, fjölskyldur eða fyrirtæki, í að fjárfesta í því tæki sem best þjónar flutningsþörfinni.

Ýmis samtök, svo sem Félag íslenskra bifreiðaeigenda, Bílgreinasambandið og Umferðarráð, hafa beint þeirri áskorun til stjórnvalda að álögur á bifreiðar verði jafnaðar eins og kostur er með umferðaröryggi að leiðarljósi.

Frumvarpinu er ætlað að stuðla að meira umferðaröryggi með hærra hlutfalli stærri og öruggari bifreiða og barnmörgum fjölskyldum er gert auðveldara að eignast bifreið í samræmi við þarfir. Einnig er stigið skref í þá átt að draga úr neyslustýringu með fækkun gjaldflokka, en frá árinu 1993 hefur þeim fækkað úr sjö í fjóra og nú með þessum breytingum í þrjá.

Í núgildandi lögum eru gjaldflokkarnir fjórir miðaðir við sprengirými aflvélar, mælt í cm^3. Þá eru viðmiðunarmörkin mismunandi eftir því hvort um er að ræða bensínknúnar eða dísilknúnar bifreiðar eins og sést í eftirfarandi töflu:

Gjaldflokkur	Sprengirými vélar: Bensín, cm^3	Sprengirými vélar: Dísilolía, cm^3	Gjaldhlutfall, %
I	0–1.400	0–1.900	30
II	1.401–2.000	1.901–2.500	40
III	2.001–2.500	2.501–3.000	60
IV	yfir 2.500	yfir 3.000	75

Í frumvarpinu er lagt til að IV. gjaldflokkur, þ.e. 75%, falli brott. Jafnframt verði viðmiðunarmörk þeirra gjaldflokka sem eftir standa hækkuð, sbr. eftirfarandi töflu:

Gjaldflokkur	Sprengirými vélar: Bensín, cm^3	Sprengirými vélar: Dísilolía, cm^3	Gjaldhlutfall, %
I	0–1.600	0–2.100	30
II	1.601–2.500	2.101–3.000	40
III	yfir 2.500	yfir 3.000	65

Lagt er til að vörugjald af þeim fólksbifreiðum sem hafa minnstar vélar verði áfram 30%. Viðmiðunarmörkin eru hins vegar hækkuð úr 1.400 cm^3 í 1.600 cm^3 fyrir bensínknúnar bifreiðar og úr 1.900 cm^3 í 2.100 cm^3 fyrir dísilknúnar bifreiðar. Þetta hefur í för með sér að gjaldið af mörgum meðalstórum fólksbifreiðum lækkar úr 40% í 30%. Sama er að segja um breytingar á gjaldflokkum II og III.

Tekjuáhrif. Í forsendum fjárlaga fyrir árið 1996 er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af vörugjaldi á fólksbifreiðar verði 2,2 milljarðar kr. Verði fyrrgreindar breytingar á vörugjaldi fólksbifreiða samþykktar má vænta tilfærslu frá minni bifreiðum yfir í stærri. Erfitt er að meta fjárhagsleg áhrif tilfærslunnar, en þau vega á móti tekjutapi ríkissjóðs af lækkun gjaldhlutfallsins og hærri viðmiðunarmörkum. Sama má raunar segja um auknar tekjur af margvíslegum notkunarsköttum. Þegar allt er lagt saman má þó vænta þess að ríkissjóður verði af einhverjum tekjum vegna þessara breytinga, eða 50–100 millj. kr.

Verðlagsáhrif. Nú kostar meðalstór fólksbifreið nálægt 1,5–2 millj. kr. Við breytinguna gæti slík bifreið lækkað um 100–125 þús. kr., eða um 6%. Þá má búast við lítils háttar lækkun á vísitölu framfærslukostnaðar.

Samantekt. Með þessari einföldun á núverandi vörugjaldskerfi er komið verulega til móts við ólíkar þarfir einstaklinga. Þannig verður fjölskyldufólki og landsbyggðarfólki gert auðveldara að kaupa stærri eða kraftmeiri bifreiðar í samræmi við þarfir sínar. Fækkun flokka mun einnig draga úr óæskilegri þrepaskiptingu við gjaldtökuna, sem hefur haft þær afleiðingar að minni bifreiðar með afllitlum vélum hafa verið fluttar til landsins. Í ályktun sem Umferðarráð sendi ríkisstjórn og Alþingi 8. febrúar 1996 er m.a. skorað á stjórnvöld að draga úr þessari þrepaskiptingu í því skyni að gera landsmönnum kleift að

kaupa sterkbyggðari bifreiðar og bifreiðar sem búnar eru betri öryggisbúnaði. Í stuttu máli er frumvarpinu ætlað að stuðla að auknu öryggi í umferðinni, bæta hag stórra fjölskyldna, auka hagkvæmni í rekstri bifreiða og koma til móts við þarfir þeirra sem búa í dreifbýli.

1072. Framhaldsnefndarálit [372. mál]

um frv. til l. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Minni hluti nefndarinnar vísar til rökstuðnings í nefndaráliti minni hlutans um frumvarpið (þskj. 912) um almenn efnisatriði þess og ámælisverð vinnubrögð ríkisstjórnarinnar í því sambandi. Við meðferð málsins í þinginu hefur rækilega sannast að þau gagnrýnis- og varnaðarorð, sem uppi voru höfð um frumvarpið í þeim búningi sem það var í er það var lagt fram, áttu sannarlega við rök að styðjast. Tekur það til hinnar pólitísku stöðu málsins, harðrar andstöðu allra samtaka launafólks gegn efnisþáttum frumvarpsins, en þó ekki síður vinnubragða sem ríkisstjórnin hefur ástundað við undirbúning þess. Meðal þess sem leitt hefur af því að ekki var samráð milli ríkisstjórnar og verkalýðshreyfingar við undirbúning þess, svo og frumvarps til laga um stéttarfélög og vinnudeilur, er að gengið hefur verið fram hjá mörgum helstu sérfræðingum landsins í vinnurétti. Þess sér stað í fjölmörgum ágöllum á frumvarpinu sem ekki hefðu farið fram hjá sérfræðingum og lögfræðilegum ráðgjöfum launamannasamtakanna hefðu þeir komið að málinu.

Í heildina má segja að breytingartillögur í 19 töluliðum við 2. umræðu málsins og áformaðar breytingartillögur í 16 töluliðum við 3. umræðu segi það sem segja þarf um ásigkomulag frumvarpsins í upphafi. Minni hlutinn telur að varnaðarorð verkalýðshreyfingar og stjórnarandstöðu hafi reynst réttmæt og öll umræða um málin og efnismeðferð hafi sýnt og sannað það. Eftir stendur að fjölmargir þættir frumvarpsins eru enn lítt ræddir og fljótfærnislega unnir. Fyllsta ástæða er því til, út frá efnisatriðum málsins og innihaldi, að fresta afgreiðslu þess og gefa því meiri tíma. Það er ekki síður hin pólitíska staða í málinu sem gerir það mjög brýnt að ríkisstjórnin og meiri hluti hennar á Alþingi nái áttum og hverfi frá því óheillaráði að þröngva þessari löggjöf fram í andstöðu við allt og alla með ófyrirséðum afleiðingum. Andrúmsloftið hefur stórspillst í samskiptum aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda, samskiptum aðila vinnumarkaðarins innbyrðis og samskiptum samtaka launafólks við ríkisvaldið og stjórnvöld. Einnig er fyllsta ástæða til að óttast að sá ófriður, sem af hálfu ríkisstjórnarinnar er efnt til í þjóðfélaginu, geti haft alvarleg áhrif til hins verra á efnahagslegan stöðugleika, skapað óvissu og sett verðbólgu af stað á nýjan leik. Ábyrgð ríkisstjórnarinnar í þessu sambandi er mikil því að hún, og hún ein, ber hina pólitísku ábyrgð á því að svona er komið.

Hér á eftir verður stuttlega gerð grein fyrir þeim efnisatriðum málsins sem sérstaklega hafa verið til skoðunar eftir að nefndin tók málið til sín eftir 2. umræðu og minni hlutinn vekur athygli á.

1. Lögfræðiálit.

Minni hlutinn óskaði eftir að aflað yrði álits óháðra, sérfróðra lögfræðinga á ýmsum vafaatriðum sem ýmist hafa komið fram í umsögnum eða við umfjöllun um málið. Ákveðið var að leita til þriggja valinkunnra lögfræðinga og voru lagðar fyrir þá spurningar sem minni hlutinn samdi. Spurningarnar, ásamt svörum lögfræðinganna eða greinargerðum, eru birtar sem fylgiskjöl með nefndaráliti þessu.

Segja má að meginniðurstöðurnar séu þær að breytingar, sem voru gerðar á frumvarpinu við 2. umræðu, en einkum þó breytingar sem ætlunin er að gera á 22. gr., lagfæri frumvarpið verulega hvað varðar vafaatriði sem tengjast ákvæðum 74. gr. stjórnarskrárinnar og ákvæðum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og félagssáttmála Evrópu. Með öðrum orðum, ef 22. gr. frumvarpsins hefði verið lögfest í sinni upprunalegu mynd er lítill vafi á að hún hefði brotið í bága við þessi tilvitnuðu ákvæði stjórnarskrárinnar og þjóðréttarlegar skuldbindingar Íslendinga. Þrátt fyrir fyrirhugaðar breytingar er enn óvissa og má í því sambandi benda á að enn er ætlunin að í hópi embættismanna skv. 22. gr. verði allir prestar landsins. Verður tæplega sagt að sóknarprestar teljist til þeirra stétta í æðstu stjórnsýslu eða öryggisgæslu sem réttlætanlegt sé að svipta af þeim sökum mannréttindum og þar með talið samningsrétti.

Í öðru lagi gera lögfræðingarnir athugasemdir við takmörkun á mannréttindum eða tjáningarfrelsi opinberra starfsmanna, sbr. sérstaklega 40. gr. frumvarpsins sem bannar öllum sem teljast embættismenn í skilningi frumvarpsins að fara í verkföll en ekki einungis það heldur einnig að stuðla að slíkum eða sambærilegum aðgerðum.

Í þriðja lagi er álit lögmannanna að sú skerðing á andmælarétti og málskotsrétti til æðra stjórnvalds, sem frumvarpið felur í sér hvað opinbera starfsmenn snertir, sé andstæð réttarþróun að þessu leyti á undanförnum árum og einkum og sér í lagi ákvæðum nýlega settra stjórnsýslulaga. Einn lögfræðinganna þriggja, Lára V. Júlíusdóttir, gerir einnig athugasemdir við ýmis önnur atriði frumvarpsins en þau sem spurt var um sérstaklega og koma þar fram mjög athyglisverðar og í sumum tilvikum alvarlegar athugasemdir eða ábendingar við efni frumvarpsins. Æskilegt hefði verið og í raun óhjákvæmilegt að hafa mun meiri tíma til að athuga þessi álit og ábendingar en gefist hefur við meðferð málsins.

Í fjórða lagi er í áliti lögfræðinganna, að vísu með nokkuð mismunandi hætti, fjallað um vafamál sem tengjast afnámi biðlaunaréttar sem frumvarpið felur í sér. Einn lögfræðinganna þriggja leiðir fram rök fyrir því sjónarmiði að biðlaunarétturinn sé stjórnarskrárvarinn einkaeignarréttur viðkomandi starfsmanns og verði ekki af honum tekinn bótalaust. Aðrir lögfræðingar nálgast það mál frá öðrum sjónarhóli en eftir stendur að veruleg óvissa ríkir um hvort stætt sé á því að taka biðlaunaréttinn af með þessum hætti. Er þá einkum átt við að frumvarpið gerir ráð fyrir að menn skuli missa réttinn ef þeir fái það sem nefnt er „sambærileg störf“, án frekari skilgreiningar, og jafnframt að frá biðlaunum sem menn ella fengju dragist þau laun sem þeir fái í nýju starfi, hvers eðlis sem það starf er og án tillits til þeirra réttinda sem hinu nýja starfi fylgja. Hér er á ferðinni mál sem gæti orðið tilefni mikilla málaferla og óróleika ef ekki verður betur vandað til vinnubragða.

2. Breytingartillögur meiri hlutans.

Rétt er að fara aðeins orðum um þær breytingar sem urðu á frumvarpinu við 2. umræðu og einnig þær sem nú eru lagðar til af meiri hlutanum. Þar er í sumum tilvikum um býsna viðamiklar breytingar að ræða sem margar hverjar eru staðfesting á því að frumvarpið í sinni upprunalegu mynd var með öllu í ótækum búningi. Um það vitna 19 tölusettar breytingartillögur við jafnmargar lagagreinar frumvarpsins við 2. umræðu. Að vísu voru tvær þeirra kallaðar aftur. Nú eru lagðar fram breytingartillögur í 16 liðum og er þar í sumum tilvikum um talsverðar efnisbreytingar að ræða eins og í 13. tölul. um að 2. mgr. 47. gr. frumvarpsins falli brott. Téð málsgrein er einmitt sú sem stjórnarandstæðingar og talsmenn launamanna vöruðu sérstaklega við en hún fjallar um að veita þeim sem standa utan stéttarfélaga sérstök forréttindi umfram aðra. Það er vissulega bragarbót að fella þetta fráleita ákvæði brott. Einnig er í 11. tölul. breytingartillagnanna viðurkennt að 40. gr. frumvarpsins hafi falið í sér að óbreyttu mannréttindaskerðingu og skerðingu á tjáningarfrelsi langt umfram það sem nokkurt tilefni og réttlæting gæti verið fyrir. Meiri hlutinn leggur til að orðin „stuðla að“ falli brott en þau vísa til þess að *mönnum sé óheimilt* að hafa nokkuð það í frammi sem hægt er að túlka sem hvatningu til kjarabaráttu.

Viðamesta breytingartillagan sem nú er lögð til á frumvarpinu og sú sem mest áhrif hefur á inntak þess er 5. tölul. breytingartillöguskjalsins, tillaga við 22. gr. frumvarpsins. Breytingartillaga við 22. gr. var kölluð aftur við 2. umræðu en þá þegar var stjórnarliðum orðið ljóst að frágangur málsins, eins og þar var lagt upp, gæti engan veginn gengið. Breytingartillagan gerir ráð fyrir að í stað 8. og 10. tölul. komi nýr töluliður á þá leið að til embættismanna skuli teljast til viðbótar þeim sem þá eru áður upptaldir „forstöðumenn ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja, áður ótaldir“. Þetta kemur í stað 8. og 10. tölul. en þar var talað um forstöðumenn stofnana og fyrirtækja ríkisins annars vegar en hins vegar var í 10. tölul. sagt: „Þeir aðrir, sem skipaðir eru í störf af forseta Íslands samkvæmt öðrum lögum, svo og þeir er gegna störfum sem öldungis verður jafnað til embætta þeirra manna sem getið er í 1.–9. tölulið.“ Þessu til viðbótar felur breytingartillagan í sér að starfsmenn Alþingis og skrifstofu forseta Íslands og starfsmenn Stjórnarráðsins, svo og *starfsmenn embætta ríkissáttasemjara og umboðsmanns barna*, falla allir brott úr frumvarpsgreininni með breytingartillögunni. Með þessu er vissulega verið að þrengja og afmarka verulega þann hóp sem teljast skal embættismenn í skilningi frumvarpsins. Ljóst er að þessi breyting er viðurkenning á því sem haldið var fram að frumvarpið í upphaflegri mynd hefði gengið út yfir öll takmörk hvað það varðaði að svipta fjölmenna hópa og nánast heil stéttarfélög verkfalls- og samningsrétti og tjáningarfrelsi í ríkum mæli með því að færa þá einhliða undir embættismannaskilgreininguna. Þessi breyting er því viðamikil og um leið sönnun þess að frágangur málsins var með miklum endemum af hálfu frumvarpshöfunda og þeirra sem bera á því pólitíska ábyrgð.

Í heildina tekið sanna og sýna þessar breytingartillögur hversu mikil hrákasmíð frumvarpið er og hversu víðs fjarri er að það hafi verið nægilega vel unnið. Þingnefnd og Alþingi hefur ekki gefist nægur tími til að fjalla um málið. Væri þá þegar af þeirri ástæðu einni öllum fyrir bestu að því yrði frestað og það unnið betur milli þinga.

3. Afstaða verkalýðshreyfingarinnar.

Við lokaumfjöllun málsins komu til viðtals við nefndina talsmenn helstu samtaka opinberra starfsmanna og almennu verkalýðshreyfingarinnar og er ljóst eftir þær heimsóknir að afstaða samtaka launafólks til frumvarpsins er óbreytt þrátt fyrir þær breytingar sem gerðar voru á frumvarpinu við 2. umræðu og þær breytingartillögur sem nú eru boðaðar. Eftir standa fjölmörg efnisatriði sem verkalýðshreyfingin getur undir engum kringumstæðum sætt sig við og óuppgerðar eru þær sakir sem tengjast einhliða vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar og því að ríkisstjórnin hefur hunsað samráð við samtök launafólks um þessi mál. Það er því áfram krafa verkalýðshreyfingarinnar að frumvörpin verði lögð til hliðar og sest verði að samningaborði um þessi mál. Ástæða er til að taka þessa afstöðu verkalýðshreyfingarinnar mjög alvarlega og það mat forustumanna hennar að vinnubrögðin öll í sambandi við þetta mál og þessi uppákoma í samskiptum verkalýðshreyfingar og ríkisvalds í heild sinni hafi þegar stórspillt andrúmsloftinu. Þvingi ríkisstjórnin fram þessa lagasetningu mun það verka sem olía á eld harðnandi kjaraátaka í aðdraganda komandi kjarasamninga.

Afstaða minni hlutans til málsins er því óbreytt. Leggst hann gegn afgreiðslu frumvarpsins og leggur til að því verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem samtök launafólks leggjast algerlega gegn máli þessu, afgreiðsla þess mundi stórspilla andrúmsloftinu í aðdraganda komandi kjarasamninga og málið er enn langt frá því að vera fullunnið og á því fjölmargir tæknilegir jafnt sem efnislegir ágallar samþykkir Alþingi að vísa frumvarpinu frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Verði tillagan felld mun minni hlutinn greiða atkvæði gegn frumvarpinu í heild sinni.

Kristín Ástgeirsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk nefndaráliti þessu.

Alþingi, 23. maí 1996.

Steingrímur J. Sigfússon, frsm.	Ágúst Einarsson.	Sighvatur Björgvinsson.

Nefndarálitinu fylgdu eftirfarandi fylgiskjöl og vísast um þau til þingskjalsins (lausaskjalsins):

I. Beiðni minni hlutans um lögfræðiálit (17. maí 1996).
II. Álit Láru V. Júlíusdóttur (21. maí 1996).
III. Álit Andra Árnasonar (20. maí 1996).
IV. Álit Tryggva Gunnarssonar (21. maí 1996).
V. Umsögn Bandalags háskólamanna í ljósi álitsgerða lögmanna (23. maí 1996).
VI. Umsögn Bandalags háskólamanna um frumvarpið (21. maí 1996).

1073. Skýrsla [534. mál]

félagsmálaráðherra um þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) sem haldið var á árinu 1995.

(Lögð fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. INNGANGUR

Höfuðviðfangsefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) eru félagslegt réttlæti, samskipti atvinnurekenda og launafólks, svo og aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum. Stofnunin er vettvangur fyrir umræður aðildarríkjanna um umbætur á þessum sviðum.

Á 82. Alþjóðavinnumálaþinginu var meginviðfangsefnið stöðugt vaxandi atvinnuleysi og aðgerðir til að fjölga störfum. Fyrir þinginu lá skýrsla forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf um þetta efni. Í henni er að finna yfirlit yfir atvinnustig á öllum helstu atvinnusvæðum heimsins og greiningu á þeim vanda sem knýr dyra nú á tímum hjá flestum þjóðum heimsins, þ.e. vaxandi atvinnuleysi sem leiðir til aukinna félagslegra vandamála, einkum fátæktar og félagslegrar útskúfunar. Í skýrslunni er þess freistað að brjóta til mergjar ástæður vaxandi atvinnuleysis og reynt að benda á leiðir til lausnar þessum vanda sem ríkisstjórnir flestra ef ekki allra aðildarríkja Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eru að glíma við um þessar mundir.

Í skýrslu forstjóra ILO er vakin athygli á þeirri staðreynd að höfuðmarkmiðið í hagstjórn á árunum eftir síðari heimstyrjöldina hafi verið full vinna fyrir alla. Þetta markmið virkaði hvetjandi á atvinnusköpun. Forstjórinn bendir á að nú á tímum sé eins og stjórnmálamenn hafi gefið þetta markmið upp á bátinn og það sé miður. Ástæða er til að vekja athygli á þessu áliti. Það sem ef til vill skiptir mestu máli er að takast á við atvinnuleysið með því hugarfari að það sé óásættanlegt böl og að hafa bjargfasta trú á að hægt sé að viðhalda fullri atvinnu fyrir allar vinnufúsar hendur.

Enda þótt atvinnuleysi sé mikið í flestum ríkjum heims virðist ýmislegt benda til þess að heldur sé að rofa til í atvinnu- og efnahagsmálum. Sérfræðingar hafa bent á að víðtæk lækkun tolla og afnám viðskiptahindrana mundi leiða til aukinna heimsviðskipta og fjölgunar starfa. Á Alþjóðavinnumálaþinginu kom greinilega fram í máli margra að lok samningaviðræðna um tolla og viðskipti, sem kenndar eru við Úrúgvæ, hafa vakið bjartsýni um að betri tímar séu í nánd.

82. Alþjóðavinnumálaþingið starfaði með líku sniði og undanfarin þrjú ár. Á þeim tíma hefur verið unnið að ýmsum skipulagsbreytingum sem miða að því að gera þingið skilvirkara og stytta starfstíma þess. Árangurinn ætti að leiða til sparnaðar bæði fyrir stofnunina og aðildarríkin.

Að venju hvíldi þungi þingstarfanna á nefnd sem fjallar um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Fleiri ríki en nokkru sinni áður sendu fulltrúa sína á fund nefndarinnar til að gefa viðbótarupplýsingar vegna athugasemda sérfræðinganefndar ILO við framkvæmd á ákvæðum í stofnskrá eða samþykktum stofnunarinnar.

Réttindi þeirra sem vinna heima, t.d. vegna fjarvinnslu, voru til fyrstu umræðu á þinginu. Fram komu ólíkar skoðanir á þessu málefni eins og oft áður þegar um er að ræða nýtt svið vinnumála. Sumir töldu að ekki væri tímabært að setja um þetta reglur. Hér væri um að ræða nýtt atvinnuform sem væri í örum vexti. Aðrir bentu á nauðsyn þess

að sett yrði tiltölulega ítarleg alþjóðasamþykkt auk tillögu þar sem sett yrðu nánari ákvæði um útfærslu á einstökum atriðum. Á 83. Alþjóðavinnumálaþinginu verður leitast við að samræma sjónarmiðin og finna ásættanlega lausn.

Aðbúnaður og heilsugæsla námuverkamanna var til annarrar umræðu á þinginu.Við fyrstu sýn virðist sem þetta málefni hafi takmarkaða þýðingu fyrir íslenskan vinnumarkað. Þetta er þó ekki rétt því hér koma til álita ýmsar stórframkvæmdir sem fela í sér vinnu neðanjarðar, t.d. gerð hvers kyns jarðganga hvort sem þau eru ætluð til umferðar eða vegna orkuvinnslu. Umræðum lauk með afgreiðslu vinnumálaþingsins á alþjóðasamþykkt og tillögu. Með vísan til 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er hér með lögð fyrir Alþingi skýrsla um 82. Alþjóðavinnumálaþingið og birt alþjóðasamþykkt nr. 176, og tillaga nr. 183, um öryggi og hollustuhætti í námum, sem þingið afgreiddi.

2. 82. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGIÐ 1995

2.1. SKIPULAG OG ÞÁTTTAKA

Dagana 6.–22. júní 1995 var haldið þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) og var það hið 82. í röðinni. Að venju fór þinghaldið að mestu fram í höll Þjóðabandalagsins í Genf. Fundir fjölmennustu nefndarinnar, nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta, voru haldnir í húsakynnum alþjóðavinnumálaskrifstofunnar. Samtals tóku þátt í þinginu rúmlega 2.770 fulltrúar ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks. Aðildarríkjunum heldur áfram að fjölga og sendu fleiri en nokkru sinni fulltrúa til þingsins eða 160 ríki af 173. Ráðherrar fóru fyrir 134 sendinefndum.

Forseti þingsins var kjörinn vinnumálaráðherra Níkaragva, Jose F.R. Argüello. Varaforsetar voru kjörnir úr röðum þeirra þriggja hópa sem eiga fulltrúa á þinginu. Kosnir voru Dan-Mircea Popescu, ríkisstjórnarfulltrúi Rúmeníu, John Halliwell, fulltrúi atvinnurekenda í Kanada, og Ursula Engelen-Kefer, fulltrúi launafólks í Þýskalandi.

Sendinefnd Íslands skipuðu eftirtaldir:

Frá félagsmálaráðuneyti: Páll Pétursson félagsmálaráðherra og Gylfi Kristinsson deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu. Frá utanríkisráðuneyti: Gunnar Snorri Gunnarsson, sendiherra Íslands hjá alþjóðastofnunum í Genf. Varamenn voru: Lilja Ólafsdóttir sendiráðunautur og Guðmundur B. Helgason sendiráðsritari. Á þingtímanum voru þau bæði starfsmenn fastanefndar Íslands í Genf. Fulltrúar atvinnurekenda: Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur Vinnuveitendasambands Íslands. Varamaður hennar var Jón H. Magnússon, lögfræðingur VSÍ. Fulltrúar launafólks: Bryndís Hlöðversdóttir, lögfræðingur Alþýðusambands Íslands. Varamenn hennar voru Hervar Gunnarsson, varforseti ASÍ, og Ástráður Haraldsson lögfræðingur. Fulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins skiptu með sér þátttöku í þinginu þannig að varamaður leysti aðalmann af hólmi þegar u.þ.b. helmingur þingtímans var liðinn.

Helstu málefni á dagskrá þingsins voru:

1. Skýrsla forstjóra og stjórnarnefndar.
2. Fjárhags- og framkvæmdaáætlun.
3. Framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagna.
4. Öryggi og hollusta námuverkamanna (síðari umræða).
5. Félagsleg staða þeirra sem vinna heima (fyrri umræða).
6. Breytingar á gildissviði samþykktar nr. 81, um vinnueftirlit í iðnaði og verslun.

Fyrirkomulaginu, sem tekið var upp á 79. Alþjóðavinnumálaþinginu var haldið þetta þing. Í því felst að fulltrúar þeirra þriggja hópa, sem aðild eiga að þinginu, komu saman til óformlegra funda daginn fyrir formlega setningu Alþjóðavinnumálaþingsins. Á fundunum var gengið frá tilnefningum fulltrúa til setu í þingnefndum. Samþykkt var stofnun eftirtalinna þingnefnda: fjárhagsnefndar, nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagna, nefndar sem fjallaði um drög að alþjóðasamþykkt um hollustu og öryggi námuverkamanna, þingskapanefndar og nefndar um framvindu þingsins. Fulltrúar Íslands tóku þátt í störfum nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og fjárhagsnefndar.

Sérstakur heiðursgestur forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, Michel Hansenne, og Alþjóðavinnumálaþingsins var forseti Túnis, Zine El Abidine Ben Ali.

2.2. SKÝRSLA FORSTJÓRA

Almennar umræður á allsherjarþingi Alþjóðavinnumálaþingsins fjalla að verulegu leyti um skýrslu forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf og skýrslu stjórnarnefndarinnar um starfsemi stofnunarinnar í Sviss og öðrum löndum. Umræður á allsherjarþinginu fara fram samhliða störfum í þingnefndum.

Skýrsla forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skiptist í tvo hluta. Í fyrri hluta skýrslunnar er fjallað um afmarkað viðfangsefni sem er ofarlega á baugi á sviði vinnumála. Í seinni hlutanum er að finna skýrslu um starfsemi stofnunarinnar.

Fyrri hluti skýrslu forstjóra ILO til 82. Alþjóðavinnumálaþingsins bar yfirskrifina Fjölgun starfa. Rösklega 100 ráðherrar tóku þátt í umræðum um hana. Skýrslan er útdráttur úr annarri skýrslu í nýrri ritröð um atvinnuástandið í heiminum. Í henni er að finna yfirlit yfir atvinnustig á öllum helstu atvinnusvæðum heimsins og greiningu á þeim vanda sem knýr dyra nú á tímum hjá flestum þjóðum heimsins, þ.e. vaxandi atvinnuleysi sem leiðir til aukinna félagslegra vandamála, einkum fátæktar og félagslegrar útskúfunar. Í skýrslunni er þess freistað að greina ástæður vaxandi atvinnuleysis og reynt að benda á leiðir til lausnar þessum vanda sem ríkisstjórnir flestra ef ekki allra aðildarríkja Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eru að glíma við um þessar mundir. Í seinni hluta skýrslunnar vekur forstjórinn athygli á þeirri staðreynd að höfuðumarkmiðið í hagstjórn á árunum eftir síðari heimstyrjöldina hafi verið full vinna fyrir alla. Þetta markmið virkaði hvetjandi á atvinnusköpun. Forstjórinn bendir á að nú á tímum er eins og stjórnmálamenn hafi gefið þetta markmið upp á bátinn og það sé miður.

Páll Pétursson félagsmálaráðherra lagði í ræðu sinni áherslu á aðgerðir gegn atvinnuleysi. Hann tók undir orð forstjóra ILO um að viðhorfið til vandamálsins skipti ef til vill mestu máli. Að takast á við atvinnuleysi með því hugarfari að það sé óásættanlegt böl og hafa bjargfasta trú á að hægt sé að viðhalda fullri atvinnu fyrir allar vinnufúsar hendur.

Félagsmálaráðherra gerði að umtalsefni nokkur atriði sem koma fram í fyrri hluta skýrslu forstjórans um helstu atriði sem einkenna þróun atvinnu- og efnahagsmála síðustu árin og áratugina. Þar er enn á ný vakin athygli á þeim skipulagsbreytingum sem hafa átt sér stað í atvinnulífinu. Hlutur landbúnaðar og iðnframleiðslu hefur dregist saman en hlutur þjónustu í heimsframleiðslunni hefur vaxið mjög hratt, einkum í iðnríkjum og þróunarríkjum. Þetta hefur valdið breytingum á vinnumarkaðinum. Samdráttur í iðnaði og landbúnaði hefur valdið miklu atvinnuleysi í þessum atvinnugreinum. Hins vegar hefur skortur á hæfu vinnuafli gert vart við sig í ýmsum greinum þjónustu, einkum þeim sem tengjast öflun, úrvinnslu og miðlun hvers kyns upplýsinga. Þessar breytingar

hafa kallað á umfangsmiklar aðgerðir af hálfu stjórnvalda vinnumála. Stóraukin áhersla á menntun og þjálfun hafa verið rökrétt viðbrögð við þessum breytingum. Háar atvinnuleysistölur eru til vitnis um að þetta er ekki nóg. Félagsmálaráðherra taldi að fleira þyrfti að koma til og vakti athygli á atriðum sem sérfræðingar í efnahags- og atvinnumálum hafa talið mikilvæg til að örva efnahagslíf heimsins og stuðla að fjölgun starfa. Þeir hafa talið að almennar verðhækkanir og verndarsjónarmið hafi stefnt efnahagsþróun í hættu. Í því skyni að hleypa lífi í efnahagsþróun og örva atvinnulífið var ákveðið á ráðherrafundi í Punta del Este í Úrúgvæ árið 1986 að taka viðskiptakerfi GATT til gagngerrar endurskoðunar og koma á nýskipan heimsviðskipta. Niðurstaða viðræðnanna kemur fram í lokagerðinni sem m.a. samanstendur af samningi um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (World Trade Organiztion, WTO), viðaukum við hann auk ýmissa ráðherraákvarðana og viljayfirlýsinga sem ráðherrar samþykktu 15. apríl 1994 í Marrakesh.

Félagsmálaráðherra sagðist styðja starf Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um allan heim til að auka atvinnu og draga úr atvinnuleysi. Hann benti á þörfina fyrir að auka efnahagssamvinnu. Í ræðu sinni lagði hann áherslu á fleiri ástæður fyrir því að Alþjóðavinnumálastofnunin ætti að halda áfram að láta til sín taka á sviði atvinnusköpunar. Einnig ætti Alþjóðavinnumálastofnunin að halda áfram sínu mikilvæga starfi við að berjast gegn vinnuþrælkun barna, nauðungarvinnu og mismunun til vinnu og starfa. Ráðherra lagði áherslu á að áætlanir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um alþjóðlega vinnustaðla og mannréttindi og atvinnu skipti miklu máli. Ræða félagsmálaráðherra er birt í heild í fylgiskjali V með þessari skýrslu.

Ýmsir ræðumenn gerðu að umtalsefni skipulagsbreytingar sem hafa verið gerðar á alþjóðavinnumálaskrifstofunni í Genf og Alþjóðavinnumálaþinginu. Margir urðu til að lýsa yfir ánægju sinni með viðleitni stjórnarnefndarinnar í þá átt að bæta starfshætti Alþjóðavinnumálastofnunarinnar þannig að hún nái betur til aðildarríkjanna. Með því var verið að vísa til þeirrar vinnu sem fram fer í stjórnarnefndinni til að komast að raun um hvers konar alþjóðasamþykktir væri mest þörf fyrir, m.a. til að örva aðildarríkin til að fullgilda slík skjöl.

Fjölmargir ræddu einnig um atvinnusköpun og bentu m.a. á það starf sem fram fer innan Evrópusambandsins (ESB) og í Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD).

2.3. UMRÆÐUR UM KJÖRBRÉF

Í kjörbréfanefnd sitja aðeins þrír nefndarmenn, þ.e. einn frá hverjum hópi sem á fulltrúa á þinginu. Í ár sátu eftirtaldir menn í kjörbréfanefnd: formaður nefndarinnar, Bjørn Jonzon, ríkisstjórnarfulltrúi frá Svíþjóð, Funes de Rioja, fulltrúi atvinnurekenda frá Argentínu, og Gray, fulltrúi launafólks frá Bandaríkjunum.

Í ár komu fram kærur vegna fulltrúa launafólks í sendinefndum frá Frakklandi, Sri Lanka og Tyrklandi. Einnig komu fram athugasemdir við tilnefningu fulltrúa launafólks í sendinefndum frá Búlgaríu, Lesótó og Malaví. Gerðar voru athugasemdir við skipun ráðgjafa launafólks frá Rúmeníu. Loks kom fram kæra vegna fulltrúa atvinnurekenda í sendinefnd Venesúela.

Nefndin samþykkti samhljóða — sem er yfirleitt raunin — að leggja ekki til neina ógildingu kjörbréfs í þessum tilvikum. Þegar nefndin samþykkir einum rómi að samþykkja kjörbréf, þ.e. leggst gegn tillögu um ógildingu kjörbréfs, getur þingið aðeins skýrt frá niðurstöðum hennar án þess að nokkur umræða fari fram um þær.

2.4. FJÁRMÁL

Fjárhagsnefndin, en í henni eiga aðeins sæti fulltrúar ríkisstjórna, átti í óvenjulega víðtækum umræðum um fjárhagsáætlunina fyrir árin 1996–97. Áætlunin miðaðist við þá meginreglu að raunvöxtur yrði enginn. Til að koma til móts við fjárveitingarbeiðnir vegna verðbólgu o.fl. lagði forstjórinn til að gert væri ráð fyrir raunvexti sem næmi 6,26%. Meginástæða þess að mörg aðildarríki áttu erfitt með að samþykkja fjárhagsáætlunina var óheppileg gengisþróun milli Bandaríkjadals og svissneska frankans. Árið 1994 voru 100 Bandaríkjadalir jafngildi 145 svissneskra franka, en í júní sl. var gengið komið niður í 116 svissneska franka. Þetta hefur í för með sér að jafnvel þótt gert sé ráð fyrir engum raunvexti, mældum í svissneskum frönkum, munu framlög ríkja með gjaldmiðil sem tengdur er Bandaríkjadal aukast að mun. Heildarfjárhagsáætlunin, mæld í Bandaríkjadölum, hækkar þannig úr 466 milljónum Bandaríkjadala 1994–95 í 579 milljónir Bandaríkjadala 1996–97, þ.e. 24,2% aukning. Engin leið er að spá fyrir um það sumarið 1995 hverjar aðstæður kunna að verða fyrir hendi þegar aðildarríkin greiða framlög sín 1996 og 1997. Þróun gengis hvað snertir svissneska frankann hefur verið óhagstæð fyrir flesta gjaldmiðla.

Fulltrúi Bandaríkjanna hafði sagt áður að gera yrði ráð fyrir því að Bandaríkjaþing mundi lækka framlög til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og annarra alþjóðlegra stofnana, en það mundi koma í veg fyrir að Bandaríkin gætu greitt árgjald sitt að fullu. Þetta getur haft mikil áhrif á starfsemi ILO vegna þess að Bandaríkin greiða fjórðung samanlagðra árgjalda aðildarríkjanna. Fleiri ríki í Suður-, Mið- og Norður-Ameríku tilkynntu að þau ættu í erfiðleikum með að standa við fjárhagslegar skuldbindingar sínar við Alþjóðavinnumálastofnunina.

Frakkar stungu upp á að nefndin legði til að fjárhagsáætlunin yrði samþykkt samkvæmt tillögu forstjórans, en jafnframt því yrði hann beðinn um að leggja fram tillögu um þær breytingar sem í ljós kæmi að væru nauðsynlegar. Þessi tillaga var samþykkt eftir nokkrar lagfæringar. Í fyrsta lagi var samþykkt að stjórnarnefndin skyldi ákveða tilhögun mats á lagfæringum á fjárhagsáætluninni á fundi sínum strax að lokinni vinnumálaþinginu. Í öðru lagi var lögð áhersla á að lagfæringarnar mættu ekki snerta „tæknilega samvinnu og vettvangsáætlanir“. Alls 63 ríki samþykktu tillöguna, fjögur voru á móti og ellefu sátu hjá. Áður en atkvæði voru greidd um þessa tillögu hafði tillaga Kanada þess efnis að samþykkja fjárhagsáætlun með engum raunvexti verið felld með 57 atkvæðum gegn 13, en sex ríki sátu hjá.

Fjárhagsáætlunin, sem fjárlaganefndin lagði til og Alþjóðavinnumálaþingið samþykkti síðar, nemur 579.500.000 Bandaríkjadölum, sem jafngildir 672.220.000 svissneskum frönkum með gengishlutfallinu 1,16. Framlag Íslands nemur 0,0296%. Árið 1996 verður framlag Íslands 99.197 svissneskir frankar.

2.5. FRAMKVÆMD SAMÞYKKTA OG TILLAGNA

Í samræmi við þingsköp þings Alþjóðavinnumálastofnunarinnar var að venju stofnuð nefnd til að fjalla um framkvæmd samþykkta og tillagna Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og gaf hún allsherjarþinginu skýrslu um það efni.

Í ár sátu 293 fulltrúar í nefndinni, en þeir voru 227 í fyrra. Þar af voru 112 fulltrúar ríkisstjórna, 38 fulltrúar atvinnurekenda og 89 fulltrúar launafólks. Auk þess sátu í nefndinni 183 varafulltrúar og 21 alþjóðleg stofnun óháð ríkisvaldinu átti áheyrnarfulltrúa.

Nefndin valdi eftirfarandi til formennsku: Fulltrúi ríkisstjórnar Indlands, Gopalan, var kosinn formaður. Fulltrúi atvinnurekenda í Þýskalandi, Wisskirchen, og fulltrúi launafólks í Belgíu, Peirens, voru kosnir varaformenn. Fulltrúi ríkisstjórnar Hollands, van Blankenstein, var kosinn ritari og jafnframt talsmaður nefndarinnar.

Fulltrúi ríkisstjórnar Íslands í nefndinni var Gylfi Kristinsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu. Bryndís Hlöðversdóttir, Ástráður Haraldsson lögfræðingar ASÍ og Hervar Gunnarsson, varaforseti ASÍ, voru fulltrúar íslensks launafólks. Hrafnhildur Stefánsdóttir og Jón H. Magnússon, lögfræðingar VSÍ, voru fulltrúar íslenskra atvinnurekenda.

Hlutverk nefndarinnar.

Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með því að aðildarríkin standi við skuldbindingar sínar þegar þau hafa fullgilt samþykktir. Skýrslur og yfirlýsingar aðildarríkjanna og athugasemdir og álitsgerðir sérfræðinganefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um framkvæmd samþykkta og tillagna er það efni sem liggur til grundvallar starfi nefndarinnar. Skýrsla sérfræðinganefndarinnar í ár er 460 þéttskrifaðar blaðsíður. Allmörg ríki voru beðin um að veita upplýsingar beint til þingnefndarinnar. Hinn nýi formaður sérfræðinganefndarinnar, Sir William Douglas, tók þátt í fyrstu nefndarfundunum sem áheyrnarfulltrúi.

Nefndarstörf.

Nefndin hélt samtals 20 fundi. Að venju var byrjað á almennum umræðum um ýmis mál í tengslum við eftirlitskerfið. Síðan fjallaði nefndin sérstaklega um skýrslu frá 6. fundi sameiginlegrar sérfræðinganefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) um framkvæmd tilmæla um stöðu kennara. Enn fremur ræddi nefndin framkvæmd á samþykkt nr. 158 og tillögu nr. 166 frá 1982 um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda. Því næst ræddi nefndin að hve miklu leyti einstök ríki hefðu fullnægt skyldum sínum samkvæmt fullgiltum samþykktum. Síðastnefndu umræðurnar, sem snúast um mikilvægasta hlutverk nefndarinnar, tóku upp mestan tíma hennar.

Almenn umræða um framkvæmd alþjóðasamþykkta.

Að venju var byrjað á almennum umræðum um ýmis mál í tengslum við framkvæmd fullgiltra samþykkta og eftirlitskerfið. Í þessum hluta umræðnanna hélt fulltrúi hollensku ríkisstjórnarinnar ræðu fyrir hönd margra ríkisstjórna þar sem hann lagði áherslu á þörfina fyrir betri röksemdir fyrir vali á þeim ríkjum sem beðin eru um að gera nefndinni grein fyrir stöðu mála. Hann var þeirrar skoðunar að það væri mjög nauðsynlegt að nefndin sýndi þolinmæði gagnvart þeim ríkjum sem væru að gera nefndinni grein fyrir stöðu mála í fyrsta skipti. Enn fremur væri heppilegt í framtíðinni að gefa betri og skýrari ástæður fyrir því hvers vegna ríki væru valin á skrá þeirra ríkja tekin væru til umfjöllunar í nefndinni.

Fulltrúi ríkisstjórnar Íslands flutti ræðu af hálfu ríkisstjórna Norðurlandanna fimm sem áttu fulltrúa í nefndinni. Hann gerði m.a. að umtalsefni samskipti þingnefndarinnar og sérfræðinganefndar ILO sem voru til umræðu í nefndinni fyrir nokkrum árum. Orsökin voru ummæli í skýrslu sérfræðinganefndarinnar sem sumum fundust orka tvímælis. Svo virtist sem uppi hefði verið skoðanamunur á hlutverki nefnda. Fulltrúi Íslands lýsti yfir ánægju ríkisstjórna Norðurlanda með það sem kemur fram í skýrslu sérfræðinganefndarinnar. Þar tekur nefndin fram að í samskiptum við þingnefndina hafi ríkt gagnkvæm

virðing, ábyrgð og góður samstarfsandi. Í skýrslunni kemur einnig fram að sérfræðinganefndin taki fullt tillit til álits þingnefndarinnar og upplýsinga sem þar koma fram þegar hún leggi mat á það hvernig aðildarríkin standi við skuldbindingar sínar gagnvart stofnuninni og alþjóðasamþykktum sem þau hafa fullgilt. Hann tók fram að ríkisstjórnir Norðurlanda telji að hafi verið miskilningur eða skoðanaágreiningur á milli nefndanna um hlutverk hverrar um sig hafi honum að fullu verið eytt með þessum orðum.

Fulltrúi Íslands gerði að umtalsefni það sem kemur fram í 41.–58. gr. í skýrslu sérfræðinganefndarinnar en þar er fjallað um samskipti Alþjóðavinnumálastofnunarinnar við aðrar stofnanir sem fjalla um alþjóðasamninga og samþykktir sem tengjast starfsemi ILO. Hann kvað þessi samskipti afar mikilvæg. Ekki síst vegna þess að á undanförnum árum og áratugum hafi mátt merkja að ýmis ákvæði í alþjóðasamþykktum ILO hafi verið tekin upp óbreytt eða lítilega breytt í aðra samninga, bæði alþjóðlega og samninga sem taka til afmarkaðra svæða. Að mati ríkisstjórna Norðurlanda hafi þetta verið jákvæð þróun. Það sé hins vegar mjög mikilvægt að þess sé gætt að hliðstæð ákvæði í mismunandi samningum, alþjóðlegum eða þeim sem taka til einstakra svæða, séu túlkuð með sama hætti. Ríkisstjórnir verði að geta treyst því að í hliðstæðum ákvæðum felist sambærilegar skuldbindingar. Þar af leiðandi telji ríkisstjórnir Norðurlanda mjög miklvægt að fulltrúar ILO taki eins og frekast er kostur þátt í störfum annarra eftirlitsstofnana sem fylgjast með framkvæmd alþjóðasamninga sem tengjast verksviði Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og stuðli að því að hliðstæð ákvæði í samningum á sviði félags- og vinnumála séu túlkuð með svipuðum hætti óháð því hvort eftirlitið fer fram í Strassborg, Brussel og Genf.

Í ræðunni var einnig fjallað um endurskoðun félagsmálasáttmála Evrópu, leiðtogafund Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn í mars 1995, fyrirkomulag á skýrslugjöf um framkvæmd alþjóðasamþykkta o.fl.

Eins og í fyrra fjallaði nefndin sértaklega um samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 122, um stefnu í atvinnumálum, frá 1964. Umræður snerust einkum um efnahags- og félagslega þætti samþykktarinnar.

Einnig var vakin athygli á öðrum samþykktum, sem fjalla um launuð menntunarleyfi, erlenda farandverkamenn, barnavinnu og lágmarksaldur til vinnu.

Nefndin ræddi frekar skýrsluna frá 6. fundi sameiginlegrar sérfræðinganefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) um framkvæmd tillögunnar um stöðu kennara.

Uppsagnir að frumkvæði atvinnurekanda.

Annar meginþáttur í almennu umræðunum var samþykkt nr. 158 og tillaga nr. 166 frá 1982 um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda. Nefndin fjallaði ítarlega um þetta efni. Til grundvallar umræðunni var skýrslan „Vernd gegn óréttmætri uppsögn“ sem alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði samið. Kjarni samþykktarinnar felst í því að aðildarríki hennar er skuldbundið til að tryggja að launamanni verði ekki sagt upp án gildra ástæðna. Gildar ástæður geta verið tvenns konar: Hæfni eða hegðun hlutaðeigandi starfsmanns eða ástæður sem tengjast rekstri atvinnurekandans. Aðildarríki skal einnig tryggja að atvinnurekandinn gefi starfsmanni kost á að tjá sig um aðfinnslur og að hann geti skotið uppsögninni til úrskurðaraðila.

Fullgilding samþykktar nr. 158 hefur nokkrum sinnum komið til umfjöllunar á vettvangi íslensku ILO-nefndarinnar og hafa skoðanir fulltrúa á fullgildingu verið mjög skiptar. Fulltrúi launafólks hefur taldið nauðsynlegt að bæta réttarstöðu starfsmanna að því er varðar uppsagnir og verið fylgjandi fullgildingu. Fulltrúi atvinnurekenda hefur talið að afleiðingar af fullgildingu gætu orðið neikvæðar fyrir starfsmenn og dregið úr nýráðningum. Í þingnefndinni kom þessi skoðanaágreiningur skýrt fram í ræðum þeirra sem tóku til máls undir þessum dagskrárlið. Samþykkt nr. 158 hefur verið fullgilt af 25 aðildarríkjum.

Eftirlit með því að aðildarríkin fullnægi skyldum sínum.

Mikilvægasta hlutverk nefndarinnar og það sem mestur tími fer í eru umræður um að hve miklu leyti einstök ríki fullnægja skyldum sínum.

Í nefndinni gáfu 46 fulltrúar viðbótarupplýsingar vegna athugasemda sérfræðinganefndarinnar um að hve miklu leyti hlutaðeigandi ríki hefðu framkvæmt einstakar samþykktir og fullnægt skyldum sínum samkvæmt stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Alls var fjallað um 14 samþykktir. Alls 32 ríki voru sérstaklega beðin um að gera nefndinni grein fyrir stöðu mála. Öll þessi ríki fóru að þessari beiðni og tóku þátt í umræðum nefndarinnar um framkvæmd samþykktanna.

Nefndin gaf gaum að því að verulegar framfarir hefðu orðið í framkvæmd fullgiltra samþykkta. Í 36 tilvikum í samtals 22 ríkjum og þremur sjálfstjórnarríkjum höfðu verið gerðar lagabreytingar eða venjum breytt eftir að sérfræðinganefndin hafði komið athugasemdum sínum á framfæri. Skráð hafa verið 2.070 tilvik um framfarir síðan sérfræðinganefndin hóf slíka skráningu 1964.

Nefndin lét einnig í ljós ánægju sína með það að í mörgum tilvikum, m.a. í málum sem snertu grundvallarmannréttindi, höfðu ríkisstjórnir gert breytingar á lögum og venjum í því skyni að fullnægja ákvæðum samþykktanna eins og þingnefndin hafði áður mælst til.

Mál sem vöktu sérstaka athygli í nefndinni voru:

Nefndin fjallað um að Tælendingar hefðu ekki framkvæmt samþykkt nr. 29 um nauðungarvinnu frá 1930. Meginvandinn er fólginn í víðtækri misnotkun á börnum til vinnu sem tíðkast í landinu. Í þessum umræðum var haldin ræða af hálfu Norðurlanda þar sem bent var á að Tæland væri eitt þeirra ríkja í Austur-Asíu þar sem vergar þjóðartekjur hefðu aukist verulega á undanförnum árum. Hins vegar hefði virðing fyrir mannréttindum ekki aukist að sama skapi. Látin var í ljós sú von að ríkisstjórnin, í samvinnu við Alþjóðavinnumálastofnunina, Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) og Barnahjálparsjóð Sameinuðu þjóðanna (UNICEF), mundi grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana í því skyni að útrýma hvers konar nauðungarvinnu barna og yrði þeim börnum sem hefðu verið notuð með þeim hætti gert kleift að ganga í skóla til að bæta framtíðarmöguleika sína.

Indland var enn í ár tilefni umræðu vegna þess að það hefur ekki framkvæmt samþykkt nr. 29 um nauðungarvinnu. Nefndin hefur áður rætt þetta mál árin 1986, 1989, 1991, 1992, 1993 og 1994. Sérfræðinganefndin og þingnefndin hafa áður bent á þá víðtæku nauðungarvinnu sem fram fer á Indlandi. Einkum þykir vítaverð veruleg misnotkun barna til vinnu sem á sér stað í mörgum ríkjum Indlands. Fulltrúi ríkisstjórnar Íslands hélt ræðu af hálfu ríkisstjórna Norðurlandanna í umræðum um þetta málefni þar sem vísað var til skýrslu sérfræðinganefndarinnar þess efnis að um væri að ræða mjög alvarleg brot á samþykkt nr. 29. Brotin ná til þrælkunarvinnu, barnavinnu og barnavænd-

is. Í ræðunni var getið um fyrri orðsendingar til indversku ríkisstjórnarinnar um að gera ráðstafanir án tafar til að koma í veg fyrir slíka misnotkun. Nefndin lét í ljós alvarlegar áhyggjur yfir ástandinu í Indlandi á þessu sviði.

Málefni Stóra-Bretlands komu enn einu sinni til umfjöllunar í þingnefndinni. Forsenda málsins er áður fram komin kæra breska alþýðusambandsins (TUC — Trades Union Congress) á hendur bresku ríkisstjórninni. Þetta kærumál er einnig þekkt undir heitinu „Cheltenham-málið" og snýst um að hve miklu leyti Stóra-Bretland hefur fullnægt ákvæðum samþykktar nr. 87, um félagafrelsi. Málið hefur oft áður verið á dagskrá nefndarinnar, síðast 1992, og kom aftur til umræðu á ársþinginu. Í stuttu máli snýst kæra bresku landssamtakanna (TUC) um að starfsmönnum í stofnun leyniþjónustunnar er meinaður réttur til að stofna fagfélag að eigin vali. Ástæða þess var sú að ríkisstjórnin taldi sig ekki geta sætt sig við þann möguleika að verkfall yrði gert í stofnuninni, en hún er óaðskiljanlegur hluti af leyniþjónustu bæði Stóra-Bretlands og Atlantshafsbandalagsins. Þeim 13 starfsmönnum sem sættu sig ekki við bann við að ganga í félag að eigin vali var sagt upp störfum. Að lokinni umfjöllun í þingnefndinni árið 1989 var bresku ríkisstjórninni gert skylt að taka aftur upp viðræður við TUC til að finna lausn á deilunni. Tillaga fulltrúa launafólks árið 1989 þess efnis að ríkisstjórnin skyldi falla undir sérstök ákvæði var felld með naumum meiri hluta.

Á undanförnum árum hefur ekki fundist viðunandi lausn á þessu máli og, eins og nefnt var, var það enn einu sinni tilefni ítarlegra umræða í framkvæmdanefndinni.

Nefndin komst að eftirfarandi niðurstöðum:

Nefndin harmar mjög þá staðreynd að ríkisstjórnin hafi ekki gert ráðstafanir til að finna lausn á þeim vandamálum sem liggja málinu til grundvallar. Á grundvelli þess hafi nefndin að vissu leyti metið hvort ríkisstjórnin skyldi falla undir sérstök ákvæði. Mikill fjöldi nefndarmanna var því fylgjandi, en meiri hluti nefndarinnar vildi þó gefa ríkisstjórninni síðasta tækifæri til að finna lausn á þessu margslungna máli. Í þessu sambandi kom fram að ríkisstjórnin hefði lagt áherslu á að frekari umræður væru bæði mögulegar og æskilegar.

Nefndin lét í ljós þá von að unnt yrði að vinda bráðan bug að því að finna lausn á þessu máli og óskaði eftir því að ríkisstjórnin hitti að máli sendinefnd frá Alþjóðavinnumálastofnuninni sem gæti veitt ráð um framvindu málsins.

Sérstakar ábendingar.

Ýmsum viðurlögum er beitt í þingnefndinni til að freista þess að fá aðildarríkin til að sjá að sér og bæta framkvæmd á ákvæðum alþjóðasamþykkta sem þau hafa brotið. Alþjóðavinnumálastofnunin getur ekki þvingað aðildarríkin með valdi til að fara eftir ábendingum sínum. Þess í stað er höfðað til heiðurs hlutaðeigandi og skapað viðhorf meðal annarra aðildarríkja til verknaðarins. Hörðustu viðurlögin felast í því að aðildarríkis er getið í svonefndum sérstaka hluta skýrslu nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta til allsherjarþings vinnumálaþingsins. Þetta var gert að því er varðar eftirtalin ríki:

Myanmar (Burma).

Nefndin fjallaði um gróf brot Myanmars á samþykkt nr. 29, um nauðungarvinnu. Fulltrúi stjórnarinnar upplýsti að ráðstafanir yrðu gerðar til að breyta tilteknum þáttum löggjafarinnar í því skyni að samræma hana samþykktinni.

Nefndin samþykkti að geta Myanmar í sérstaka hluta skýrslu sinnar til allsherjarþingsins vegna brota á þessari grundvallarsamþykkt.

Nefndin ræddi einnig að Myanmar hefði láðst að framkvæma samþykkt nr. 87, um félagafrelsi og vernd réttar til að stofna félög, frá 1948. Myanmar var getið í sérstaka hluta skýrslu nefndarinnar vegna alvarlegra brota á þessari samþykkt bæði 1993 og 1994.

Í umræðunum var staðfest að einnig að þessu leyti hefði ríkisstjórnin í mörg ár ekki gert neitt til að tryggja að unnt væri að stofna frjáls verkalýðsfélög í landinu.

Í umræðunum hélt fulltrúi norsku ríkisstjórnarinnar ræðu fyrir hönd ríkisstjórna Norðurlandanna fimm og Hollands. Í ræðunni var vísað til yfirlýsingar fulltrúa ríkisstjórnar Myanmars þess efnis að ríkisstjórnin væri hlynnt því að taka upp viðræður um aðstæður í atvinnulífinu, þar með talinn rétt starfsmanna til að stofna félög. Í ræðunni kom fram von um — að fenginni faglegri ráðgjöf Alþjóðavinnumálastofnunarinnar — að nauðsynlegar ráðstafanir yrðu gerðar til að samræma lög og venjur landsins samþykktinni svo skjótt sem auðið væri.

Nígería.

Nefndin ræddi að Nígería hefði látið hjá líða að fullnægja skyldum sínum samkvæmt samþykkt nr. 87, um félagafrelsi. Nú eru liðin 35 ár síðan Nígería fullgilti þessa samþykkt og gaf nefndin gaum að miklum og stöðugum frávikum í löggjöf landsins og venjum frá ákvæðum samþykktarinnar. Í löggjöfinni var ákvæði sem heimilaði stofnun aðeins eins verkalýðsfélags í landinu og að ríkisstjórnin tæki þátt í skipulagingu þess. Nefndin lét í ljós miklar áhyggjur vegna þessara tveggja atriða.

Nefndin samþykkti að geta Nígeríu í sérstaka hluta skýrslu sinnar vegna brota á þessari samþykkt.

Loks lét nefndin í ljós þá almennu von að hlutaðeigandi ríkisstjórnir gerðu nauðsynlegar ráðstafanir, m.a. með faglegri aðstoð Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, til að tryggja að það sem brugðist hefði í framkvæmd samþykktanna yrði lagfært þannig að um raunverulegar framfarir gæti orðið að ræða innan árs.

Athugasemdir við framkvæmd Íslands á fullgiltum alþjóðasamþykktum.

Ekki var fjallað um framkvæmd Íslands á fullgiltum samþykktum í skýrslu sérfræðinganefndarinnar til 82. Alþjóðavinnumálaþingsins. Hins vegar sendi sérfræðinganefndin íslenskum stjórnvöldum athugasemdir og fyrirspurnir um framkvæmd á tveimur samþykktum, þ.e. samþykkt nr. 122, um stefnu í atvinnumálum, og nr. 155, um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi.

Alþjóðsamþykkt nr. 122, um stefnu í atvinnumálum.

Í athugasemdum sérfræðinganefndarinnar kemur efnislega fram að hún kveðst gefa gaum að fyrstu skýrslu Íslands sem tekur til tímabils sem lýkur 30. júní 1993. Skýrslan varpi skýru ljósi á efnahagsástandið og aðsteðjandi vandamál. Nefndin kveðst taka eftir samdrætti á vinnumarkaðinum árið 1992 og auknu atvinnuleysi úr 1,5% árið 1991 í 3% árið 1992. Samkvæmt upplýsingum OECD hafi þessi þróun haldið áfram og atvinnuleysi reynst 4,3% á árinu 1993. Nefndin óskar þess að í næstu skýrslu verði ítarlegar tölulegar upplýsingar um þróunina á vinnumarkaðinum.

Nefndin kveðst veita athygli stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum sem miðar að því að auka tekjur þjóðarbúsins og auka samkeppnishæfni fyrirtækja með það að markmiði að fjölga störfum. Í þessu sambandi kemur fram að hún taki eftir árangri í að draga úr verðbólgu. Nefndin óskar eftir upplýsingum um stefnu í ríkisfjármálum, peninga- og gjaldeyrismálum og verðlags- og launamálum „innan ramma samræmdrar stefnu í efna-

hags- og félagsmálum" til að viðhalda fullri vinnu. Enn fremur kemur fram að sérfræðinganefndin hefur tekið eftir upplýsingum um viðfangsefni Byggðastofnunar. Hún óskar eftir nánari upplýsingum um aðgerðir hennar sem hafa að markmiði að stuðla að uppbyggingu, einkum á svæðum þar sem samdráttur ríkir eða skipulagsbreytingar eiga sér stað í atvinnulífi. Nefndin óskar eftir upplýsingum um aðgerðir til að auka atvinnu eða sem eru til hagsbóta fyrir atvinnulaust fólk. Hún óskar eftir upplýsingum um viðfangsefni starfsmenntaráðs félagsmálaráðuneytisins og ráðgjafanefndar vinnumálaskrifstofu ráðuneytisins.

Alþjóðasamþykkt nr. 155, um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi.

Sérfræðinganefndin kveðst veita athygli upplýsingum sem koma fram í fyrstu skýrslu Íslands og óskar þess að ríkisstjórnin veiti nánari upplýsingar um framkvæmd á nokkrum ákvæðum samþykktarinnar.

Sérfræðingarnir benda á að þættir hafi verið undanþegnir gildissviði laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, t.d. flugumferð, fiskveiðar, siglingar og köfun. Nefndin óskar eftir upplýsingum í næstu skýrslum Íslands um aðgerðir til að láta gildissvið samþykktarinnar einnig taka til þessara þátta atvinnulífsins.

Nefndin óskar enn fremur eftir upplýsingum um stöðu og vernd öryggistrúnaðarmanna á vinnustöðum, um reglugerðir sem settar eru á grundvelli laga nr. 46/1980 um það hvort lagt hafi verið bann við flutningi á einhverjum tegundum af hættulegum efnum, útgáfu á tölum um vinnuslys o.fl.

2.6. RÉTTINDI ÞEIRRA SEM VINNA HEIMA

Réttindi þeirra sem stund launavinnu á heimilum sínum var til fyrri umræðu á 82. Alþjóðavinnumálaþinginu. Fjallað var um þetta málefni í sérstakri þingnefnd. Formaður nefndarinnar var kjörinn ríkisstjórnarfulltrúi Kýpur, Lenia Samuel. Varaformenn voru kosnir A. Wild, fulltrúi atvinnurekenda frá Stóra-Bretlandi, og I. Van den Burg, fulltrúi launafólks í Hollandi.

Nefndin hélt 15 fundi á meðan á þinginu stóð, einkum síðdegisfundi, þar eð báðir aðilar, ESB-ríkin og IMEC-hópurinn (samráðshópur vestrænna ríkja) héldu samræmingarfundi árdegis.

Alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði samið drög að texta samþykktar og tillögu sem send voru ríkjunum haustið 1994 og þau beðin að gera athugasemdir. Á grundvelli athugasemda ríkjanna samdi skrifstofan nýjan texta sem varð grundvöllur starfs nefndarinnar á vinnumálaþinginu. Önnur umræða og lokaumræða fer fram á vinnumálaþinginu sumarið 1996.

Í upphafi nefndarstarfsins fór fram atkvæðagreiðsla um hvort drög vinnumálskrifstofunnar skyldu teljast drög að tillögu eða hvort stefnt yrði að afgreiðslu bæði samþykktar og tillögu. Meiri hlutinn greiddi atkvæði með síðarnefnda kostinum. Við upphaf umræðna héldu fulltrúar ríkisstjórna Norðurlandanna ræður þar sem fram kom að heimavinna væri ekki mjög almenn á Norðurlöndunum, en þeir styddu hins vegar samþykkt og tillögu þess efnis að bæta aðstæður launafólks í þeim ríkjum þar sem heimavinna væri almenn. Í þessu sambandi var lögð áhersla á að æskilegt væri að hafa ákvæðin sveigjanleg þannig að sem flest ríki gætu samþykkt þau, einkum þau ríki þar sem er að finna stóran hluta hefðbundins heimastarfs, en erfitt er að framkvæma samþykktir sem eru of nákvæmlega orðaðar. Þess yrði enn fremur freistað að taka tillit til nýrrar tegundar heimavinnu sem verður æ útbreiddari og nefnist fjarvinnsla (teleworking).

Hætt var við að hluti fram kominna ákvæða kynni að valda vandkvæðum. Í meðferð málsins komu fram u.þ.b. 200 breytingartillögur. Atvinnurekendur héldu því einkum fram að ekki væri tímabært að setja reglur um þetta svið vegna þess að enn væri of lítil reynsla fengin af hinni nýju og ört vaxandi tegund heimavinnu, fjarvinnslu. Þeir héldu því einnig fram að hvað sem öðru liði væri heppilegast að samþykkja tillögu þar eð heimavinna væri víðtækt hugtak og hefðir væru mismunandi á hinum ýmsu landsvæðum og í hinum ýmsu löndum. Fulltrúar launafólks óskuðu eftir skyldubundnum reglum í tiltölulega nákvæmlega orðaðri samþykkt ásamt meðfylgjandi tillögu. Fulltrúar ríkisstjórna skiptust nokkurn veginn í tvo hópa um hvort skjalið skyldi vera í formi samþykktar eða tillögu. Nokkrir fulltrúar ríkisstjórna sögðu að samþykkt samkvæmt uppástungu alþjóðavinnumálaskrifstofunnar gæti valdið vandkvæðum í tengslum við löggjöf hlutaðeigandi ríkja eða skort á löggjöf á þessu sviði.

Nefndin tók sér tiltölulega langan tíma til að fara höndum um sjálfan texta samþykktarinnar. Erfitt reyndist að finna skilgreiningar um heimavinnu og heimavinnandi fólk sem aðilar vinnumarkaðarins gætu sætt sig við, svo og fulltrúar stjórnvalda hinna ýmsu landa. Vandinn var einkum fólginn í afmörkun hugtaksins launamaður í hinum ýmsu ríkjum. Fulltrúar launafólks höfðu hug á að hafa skilgreiningarnar nógu víðtækar til að þær næðu til sem flestra aðstæðna og forðast skyldi fastákveðna tilhögun fyrir sjálfstætt starfandi fólk. Atvinnurekendur óskuðu eftir að skilgreiningin væri sem víðtækust. Niðurstaðan varð sú að samin var skilgreining þar sem tilgreint var hvað felast skyldi í hugtakinu heimavinna því sem næst án þess að tekið væri tillit til hugtaksins launamaður í hinum ýmsu ríkjum.

Í texta samþykktarinnar kemur fram að ríkin skuli hafa stefnu á landsvísu hvað snertir heimavinnu og skuli hún endurskoðuð með reglulegu millibili í því skyni að bæta aðstæður heimavinnandi fólks og eigi slíkt að fara fram í samvinnu við helstu samtök á vinnumarkaði. Einnig beri ríkjunum að hafa hafa það á stefnuskrá sinni að stuðla að jafnrétti í vinnuréttarmálum milli heimavinnandi fólks og venjulegra starfsmanna. Nokkur umræða varð um hvað fólgið væri í hugtakinu stefna á landsvísu hvað snertir heimavinnandi fólk. Leitað var álits lögfræðilegs ráðunautar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar. Hann kvað upp úr með það að ákvæðin hefðu ekki í för með sér að ríkjunum væri skylt að móta eigin stefnu eða áætlun um heimavinnu, ef hún væri ekki þegar fyrir hendi, heldur skyldu að því marki sem mögulegt væri samþætta hana atvinnumálastefnu ríkisins á jafnréttisgrundvelli með tilliti til réttinda o.fl. sem starfsmönnum ber. Í þessu sambandi skyldi tekið tillit til sérstakra aðstæðna heimavinnandi fólks. Sérstök áhersla var lögð á rétt heimavinnandi fólks til að bindast samtökum og frelsi til að velja sér verkalýðsfélag, svo og að njóta jafnrar verndar á sviði vinnuumhverfis og öryggis og félagslegra réttinda samkvæmt landslögum.

Eitt af álitaefnunum sem komu til umfjöllunar var spurningin um ábyrgð stjórnvalda á launakjörum og lágmarkslaunum heimavinnandi fólks. Alþjóðavinnumálaskrifstofan upplýsti að ákvæði um þetta atriði kæmu ekki í veg fyrir að áfram yrði beitt því kerfi sem tíðkaðist á Norðurlöndum um launakjör samkvæmt kjarasamningum.

Enn fremur var rætt um að hve miklu leyti ríkjunum væri skylt samkvæmt landslögum að taka upp ákvæði þar sem tilgreint væri hvers konar störf og hvers konar efni væru bönnuð í heimavinnu. Í ljós kom að slíkt mundi leiða til vandkvæða í flestum ríkjum og engin tillaga kom fram um skilgreiningu á þessu atriði.

Spurningin að hve miklu leyti ríkin skyldu setja sér eigin ákvæði þess efnis að heimilt væri að nota milliliði við heimavinnu varð tilefni umræðna. Niðurstaðan varð sú að þau ríki sem ekki höfðu ákvæði um aðstæður milliliða í reglugerðum sínum var ekki gert skylt að setja eigin reglur hvað þetta snertir um heimavinnu.

Löng umræða varð um eftirlit og hve langt skyldi gengið í þeim efnum með tilliti til friðhelgis einkalífsins. Niðurstaðan varð sú að eftirlitskerfi skyldu vera í samræmi við reglur sérhvers ríkis um heimavinnu og að í þeim reglum sem settar yrðu skyldi tekið tillit til friðhelgis einkalífsins.

Víðtækur ágreiningur er enn bæði um efnisinnihald og hvort afgreiða eigi samþykkt. Því er að vænta átaka um þetta mál á næsta þingi.

Tillaga.

Nokkur þau atriði sem rædd voru í drögum að samþykkt komu einnig fram í drögum að tillögu. Drögin að tillögu hafa enn fremur að geyma ákvæði m.a. um skráningu heimavinnandi fólks og atvinnurekenda sem hafa heimavinnandi fólk á sínum snærum. Enn fremur er lagt til að tilteknar upplýsingar, sem atvinnurekanda er skylt að skrá hvað snertir starfs- og launakjör heimavinnandi fólks, svo og nokkur refsiákvæði vegna atvinnurekenda sem brjóta ítrekað gegn gildandi ákvæðum um heimavinnu, væru fyrir hendi. Eins og texti samþykktarinnar inniheldur texti tillögunnar ákvæði um lágmarksaldur, rétt til að stofna félög, launakjör, þar með talið hvaða greiðslu starfamaður getur krafist með tilliti til þess að vinnan fer fram á heimili hans o.s.frv., vinnuumhverfi og öryggi, þar með talið við hvaða aðstæður heimavinnandi maður getur hafnað því að taka að sér eða framkvæma vinnu, ef öryggi eða heilsu hins heimavinnandi manns eða fjölskyldu hans er hætta búin, án þess að slíkt hafi neikvæðar afleiðingar fyrir hinn heimavinnandi mann.

Enn fremur hefur tillagan að geyma kröfu um ákveðinn vinnutíma, leyfi, rétt til leyfa og trygginga, svo og starfsöryggi og reglur um lausn ágreiningsmála. Í meginatriðum snýst þetta um að heimavinnandi fólki beri sömu réttindi og öðrum starfsmönnum samkvæmt reglum hinna einstöku ríkja.

Lítill tími vannst undir lok þingsins til að fjalla ítarlega um allar spurningar sem bornar höfðu verið fram í drögum að tillögu. Gert var ráð fyrir því að nokkur atriði yrðu rædd ítarlegar við aðra umræðu málsins sumarið 1996.

Nefndarfundir.

Nefndarfundir við afgreiðslu bæði texta samþykktarinnar og viðræðna um tillöguna voru oft bæði erfiðir og langir þar eð aðilar vinnumarkaðarins voru mjög á öndverðum meiði í flestum málum og ekki var ávallt samningsvilji fyrir hendi. Hinn mikli fjöldi breytingartillagna (u.þ.b. 200) sem fram komu er vottur um þetta. Nokkur tími fór í að kalla til hinn lögfræðilega ráðunaut alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til að skýra texta, í umræður um orðalag sem, þegar öll kurl voru komin til grafar, skiptu ekki mjög miklu máli, svo og beitingu vinnureglna við atkvæðagreiðslur og andmæli vegna rangrar málsmeðferðar. Ein ástæða þess að starfið í starfshópnum gekk fremur hægt er líklega sú að atvinnurekendur voru frá byrjun ófúsir til að afgreiða samþykkt á þessu sviði. Þeir töldu að það væri ekki tímabært, m.a. með tilliti til þróunar fjarskipta og fjarvinnslu. Hins vegar óskuðu fulltrúar launafólks eftir að fá sem best skjal með tilliti til samþykktar og tillögu og lögðu mikla áherslu á hvort tveggja.

Fulltrúar stjórnvalda höfðu ekki uppi mikil andmæli. Þau ríki þar sem hefðbundin heimavinna er hvað útbreiddust, t.d. sum þróunarlönd, höfðu hægt um sig, bæði við umræðurnar og við að leggja fram breytingartillögur.

2.7. BREYTINGAR Á GILDISSVIÐI SAMÞYKKTAR NR. 81, UM VINNUEFTIRLIT

Fyrir 82. vinnumálaþingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar lá einnig tillaga um að gera gildissvið samþykktar nr. 81 frá 1949, um vinnueftirlit, víðtækara og láta það ná til ýmiss konar þjónustu sem er ekki rekin á viðskiptalegum grunni. Alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði samið drög að bókun sem nefndin samþykkti eftir að hafa gert á henni nokkrar breytingar.

Ákveðið var að aðeins ein umræða færi fram um drögin að bókuninni. Drögin höfðu að geyma texta tíu greina, þar af sex megingreina og fjögurra lokagreina.

Ráðgjafi norsku ríkisstjórnarinnar, Anne-Sofie Trosdahl Oraug, frá Vinnueftirliti Noregs, var kosin formaður nefndarinnar. Varaformaður var kosinn F. Diaz Garayoca frá Ekvador fyrir hönd atvinnurekenda og Kari Tapiola frá Finnlandi fyrir hönd launafólks.

Nefndin átti mjög auðvelt með að starfa saman og ríkti góður andi meðal aðilanna þriggja.

Upphaflega hafði verið ráðgert að fulltrúi nígerísku ríkisstjórnarinnar stjórnaði nefndarstarfinu. Hann kom hins vegar ekki til þingsins og þá lagði fulltrúi hollensku ríkisstjórnarinnar til að norski fulltrúinn skyldi stjórna fundum.

Skrifstofan veitti góðan stuðning og nefndinni tókst að halda fyrir fram gerða tímaáætlun. Varaformennirnir voru og mjög dugmiklir og var til þess tekið að hinn finnski fulltrúi ríkisstjórnarinnar, sem fór fyrir fulltrúum launafólks, hefði staðið sig vel.

Það voru einkum fjögur atriði í sambandi við textann sem umræður í nefndinni snerust um:

1. Form skjalsins.
2. Gildissvið.
3. Sérstök tilhögun.
4. Gildistími skjalsins.

Umræðum um hvort um bókun eða tillögu (inngangur og 1. gr.) skyldi vera að ræða lauk með því að samþykkt var að gefin skyldi út bókun. Atvinnurekendur og nokkrir fulltrúar ríkisstjórna óskuðu eftir að samþykkt yrði tillaga þar eð þeir töldu að slíkt byði upp á meiri sveigjanleika.

Deilt var um gildissvið samkvæmt skilgreiningu í 2. gr. Í tillögu að texta var gefinn möguleiki á undantekningum í þremur tilvikum:

a. Herinn, bæði hermenn og almennir starfsmenn.
b. Lögreglan og önnur opinber öryggisþjónusta.
c. Fangelsismálastofnunin, bæði starfsmenn og fangar við vinnu.

Breytingartillögur komu frá atvinnurekendum og fulltrúum ríkisstjórna sem óskuðu eftir að lengja þennan lista verulega. Að loknum nokkrum umræðum var komist að samkomulagi sem fulltrúar launafólks studdu að lokum. Samkomulagið var fólgið í að leggja til fjórða flokkinn, þ.e.: „essential national (federal) government administration“ (nauðsynlega yfirstjórn ríkisins (sambandsríkisins)).

Lokaatriðið varðandi efni textans sem nokkurn tíma tók að ræða var 4. gr. um sérstaka tilhögun (arrangements). Hér var textanum gefið aukið vægi með því að fjarlægja a-lið sem fjallaði um takmarkanir á slembiúrtökum og greiningu efna.

Við umfjöllun um fjórar síðustu greinarnar, sem eru lokagreinar, varð nokkuð óvænt umræða um gildistímann.

Fulltrúar atvinnurekenda og Stóra-Bretlands höfðu lagt fram tillögu þess efnis að breyta gildistíma bókunarinnar úr tíu árum í fimm. Þetta er meginspurning sem er til meðferðar hjá stjórnarnefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, en nefndin hafði einnig umboð til að fjalla um. Fulltrúar launafólks óskuðu eftir því að þessu yrði vísað til stjórnarnefndarinnar til afgreiðslu. Þeir sættu sig ekki við slíka breytingu á þessu stigi málsins og voru ósveigjanlegir í afstöðu sinni.

Margar ríkisstjórnir gátu sætt sig við að stytta gildistímann í fimm ár. Hins vegar ber á það að líta að þar með hefði bókunin annan gildistíma en samþykkt nr. 81.

Málið var leyst með atkvæðagreiðslu með nafnakalli og var breytingartillögunni vísað frá með naumum meiri hluta atkvæða.

Eins og áður var getið samþykkti mikill meirihluti þingsins bókunina.

2.8. ÖRYGGI OG HEILSUGÆSLA NÁMUVERKAMANNA

Málefni námuverkamanna voru til annarrar umræðu og lokaumræðu á Alþjóðavinnumálaþingi ársins. Í nefndinni sátu upphaflega 155 fulltrúar, þar af 62 fulltrúar ríkisstjórna, 35 fulltrúar atvinnurekenda og 58 fulltrúar launafólks. Nefndin hélt ellefu fundi og tók til meðferðar alls 168 breytingartillögur.

Eins og í fyrstu umferð var fulltrúi ríkisstjórnar Ungverjalands, Andreas Békés, kosinn formaður nefndarinnar. Einn af fulltrúum atvinnurekenda, John Steward, og einn af fulltrúum launafólks, John Maitland, voru kosnir varaformenn. Fulltrúi ríkisstjórnar Kanada, Ralph McGinn, var kosinn talsmaður nefndarinnar.

Til grundvallar umræðum lágu skýrslur um öryggi og hollustuhætti í námum (Safety and health in mines), drög að samþykkt og tillögu sem byggðist á fyrstu umræðu á þinginu 1994, umsögn ríkisstjórnanna um skýrslu þingnefndarinnar IV (1), endurnýjuð drög að samþykkt og tillögu sem byggðist á athugasemdum aðildarríkja ILO.

Samtals fóru fram þrjár atkvæðagreiðslur og snertu tvær þeirra samþykktina. Í einu tilviki var um að ræða bókfærða atkvæðagreiðslu. Atvinnurekendur urðu að lúta í lægra haldi við allar þrjár atkvæðagreiðslurnar.

Þrátt fyrir að starf nefndarinnar einkenndist af mismunandi afstöðu aðila til umfangs samþykktar og viðkomandi tillögu var fyrir hendi mikill áhugi á að ná niðurstöðu sem væri ásættanleg fyrir sem flesta. Aðilar vildu að svo miklu leyti sem unnt var komast hjá því að endurtaka þær löngu og áköfu umræður sem áttu sér stað við fyrstu umræðu árið 1994. Þetta olli því að flestar breytingar sem voru samþykktar voru minni háttar og snerust oft um orðalag. Meiri háttar breytingar og tillögur um nýjar málsgreinar voru í fæstum tilvikum samþykktar.

Mikilvæg breyting á 1. gr., skilgreiningar, snerist um skilgreiningu á hugtakinu „náma“. Þar var samþykkt að undanskilja olíu- og gasvinnsluiðnaðinn ákvæðum samþykktarinnar. Á grundvelli þessarar samþykktar lagði formaðurinn til að stofnaður yrði starfshópur til að ræða hugsanlegar aðgerðir til að koma á sambærilegum staðli fyrir olíu- og gasvinnsluiðnaðinn. Atvinnurekendur lögðust gegn því, en að lokinni atkvæðagreiðslu var stofnaður starfshópur án þátttöku atvinnurekenda. Starf hópsins leiddi til ályktunar þar sem því er beint til stjórnarnefndarinnar að olíu- og gasvinnsluiðnaðurinn verði undanskilinn í skilgreiningu á hugtakinu náma og að Alþjóðavinnumálastofnunin vinni áfram að því að tryggja öryggi og heilsu launafólks í olíu- og gasvinnsluiðnaðinum.

Í 6. gr. er fjallað um ábyrgð atvinnurekenda. Við mat á áhættu ber atvinnurekanda að leggja eftirfarandi forgangsröð til grundvallar:

a. að fjarlægja áhættu,
b. að hafa eftirlit með áhættu þar sem hún kemur upp,
c. að draga úr áhættu,
d. persónuhlífar.

Við afgreiðslu samþykktarinnar var samþykkt tillaga frá atvinnurekendum um að taka upp í texta samþykktarinnar málsgrein þess efnis að ofangreindar ráðstafanir skyldu gerðar með tilliti til þess sem væri skynsamlegt, eðlilegt og hagkvæmt, þ.e. þetta hafi í för með sér að engar „óframkvæmanlegar“ skyldur verði á lagðar.

Niðurstaða.

Samþykktin og tillagan hlutu mikinn meiri hluta atkvæða á þinginu. Ríkisstjórnarfulltrúar greiddu atkvæði með báðum þessum skjölum á allsherjarþinginu. Samþykktin hlaut 378 atkvæði en sex voru á móti og 26 sátu hjá.

2.9. AÐBÚNAÐUR LAUNAFÓLKS Á HERNUMDUM SVÆÐUM ARABA

Stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar samþykkti í apríl 1995 að á vinnumálaþingi ársins skyldi haldinn sérstakur fundur (special sitting) til að ræða skýrslu forstjórans um aðstæður launafólks á hernumdum svæðum araba. Hins vegar hafði stjórnarnefndin ákveðið að þetta yrði síðasta árið sem slíkur sérstakur fundur yrði haldinn.

Flestar ræður á fundi ársins voru lausar við stóryrði, en Ísraelsmenn urðu þó fyrir nokkuð miklu aðkasti fyrir að hafa afturkallað leyfi margra Palestínumanna til að starfa í Ísrael. Í stað þeirra hefðu komið u.þ.b. 70.000 farandverkamenn frá ríkjum utan svæðisins. Lokun landamæra Ísraels hjá Gazasvæðinu og á Vesturbakkanum hefðu valdið miklu atvinnuleysi og vanda við flutning nauðsynjavara og mjög mikilli verðhækkun margra nauðsynjavara.

Margir héldu því fram að ef friðarferlið ætti að takast yrði að leysa hin miklu félagslegu vandamál á Gazasvæðinu og Vesturbakkanum. Þarna hefur Alþjóðavinnumálastofnunin mikilvægu hlutverki að gegna, m.a. hvað snertir uppbyggingu stofnana, þróun samtaka á sviði atvinnulífsins og aukna atvinnu.

2.10. SAMSTARF Á ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGINU

Alþjóðavinnumálaþingið er fjölmenn samkoma sem haldin er samtímis í mörgum nefndum. Að venju voru haldnir margir óformlegir samráðsfundir fulltrúa ríkisstjórna Vesturlanda með markaðsbúskap (IMEC-ríkjanna).

Náin samvinna var milli sendinefnda norrænu ríkisstjórnanna, jafnt í nefndum og á allsherjarþinginu, og fluttar voru margar sameiginlegar norrænar ræður.

Einnig voru haldnir fjölmargir sameiginlegir fundir hinna norrænu sendinefnda ríkisstjórnanna.

Samstarf ríkisstjórnarfulltrúa frá Norðurlöndum og vestrænum iðnaðarríkjum hefur auðveldað Íslendingum þátttöku í Alþjóðavinnumálaþinginu. Fámenn þjóð getur ekki með sama hætti og stórþjóðir sent fjölmennar sendinefndir til þingsins og þar með haft fulltrúa í öllum nefndum þess. Þar af leiðandi hafa Íslendingar notið góðs af miðlun upplýsinga frá traustum samstarfsaðilum og tekið þátt í málatilbúnaði eftir efnum og ástæðum.

Fylgiskjal I.

Samþykkt nr. 176, um öryggi og hollustuhætti í námum.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 82. þingsetu sinnar í Genf 6. júní 1995 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

gefur gaum að viðkomandi alþjóðasamþykktum og -tillögum, einkum samþykkt um afnám nauðungarvinnu frá 1957, samþykkt og tillögu um vernd verkamanna fyrir geislun frá 1960, samþykkt og tillögu um öryggisbúnað véla frá 1963, samþykkt og tillögu um bætur vegna slysa frá 1964, samþykkt og tillögu um lágmarksaldur við vinnu neðanjarðar í námum frá 1965, samþykkt um læknisskoðun ungmenna með tilliti til hæfi til vinnu neðanjarðar frá 1965, samþykkt og tillögu um verndun verkamanna gegn hættu frá loftmengun, hávaða og titring frá 1977, samþykkt og tillögu um öryggi og heibrigði við vinnu og starfsumhverfi frá 1981, samþykkt og tillögu um heilsugæslu á vinnustöðum frá 1985, samþykkt og tillögu um öryggi við notkun asbests frá 1986, samþykkt og tillögu um öryggi og hollustuhætti í byggingariðnaði frá 1988, samþykkt og tillögu um notkun efna frá 1990 og samþykkt og tillögu um ráðstafanir til að koma í veg fyrir meiri háttar iðnaðarslys frá 1993, og

með tilliti til þess að starfsmenn hafa þörf fyrir og eiga rétt á upplýsingum, þjálfun og raunverulegu samráði um og þátttöku í undirbúningi og framkvæmd ráðstafana varðandi öryggi og hollustuhætti vegna hættu sem yfir þeim vofir í námuvinnslu, og

þar eð viðurkennt er að æskilegt sé að koma í veg fyrir dauðsföll, slys eða heilsutjón sem starfsmenn eða almenningur getur orðið fyrir eða umhverfisspjöll sem stafa af námugreftri, og

tekur tillit til nauðsynjar samvinnu milli Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar og annarra hlutaðeigandi stofnana, svo og til viðeigandi gagna, starfsreglna, laga og viðmiðunarreglna sem framangreindar stofnanir hafa getið út, og

þar eð þingið hefur samþykkt tilteknar ábendingar um öryggi og hollustuhætti í námum, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar,

gerir þingið í dag, 22. júní 1995, eftirfarandi samþykkt sem nefna má Samþykkt um öryggi og hollustuhætti í námum, 1995:

I. Hluti. Skilgreiningar.

1. gr.

1. Hvað varðar þessa samþykkt merkir hugtakið „náma“:

a. staði ofan- eða neðanjarðar þar sem eftirfarandi starfsemi fer einkum fram:
   i. leit að steinefnum, öðrum en olíu og gasi, sem hefur í för með sér jarðrask;
   ii. brottnám steinefna, annarra en olíu og gass;
   iii. undirbúningur, þar með talin kvörnun, mölun, samþjöppun eða þvottur brottnumins efnis; og

b. allar vélar, tæki, áhöld, verksmiðjur, byggingar og verkfræðileg mannvirki sem notuð eru við þá starfsemi sem tilgreind er í a-lið hér að framan.

2. Hvað varðar þessa samþykkt merkir hugtakið „atvinnurekandi“ persónu eða lögpersónu sem hefur ráðið til starfa einn eða fleiri starfsmenn í námu og, eftir því sem við á, rekstraraðila, aðalverktaka, verktaka eða undirverktaka.

II. Hluti. Gildissvið og framkvæmdaatriði.

2. gr.

1. Samþykkt þessi á við um allar námur.

2. Að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins er hlutaðeigandi stjórnvaldi aðildarríkis sem fullgildir samþykktina:

a. heimilt að undanskilja tilteknar tegundir náma frá samþykktinni eða tilteknum ákvæðum hennar ef heildarvernd í slíkum námum samkvæmt landslögum eða venju er ekki minni en hún yrði ef til kæmi full beiting ákvæða samþykktarinnar;
b. skylt, ef tilteknar tegundir náma hafa verið undanskildar samkvæmt a-lið hér að framan, að gera ráðstafanir til þess að samþykktin nái smám saman til allra náma.

3. Aðildarríki, sem fullgildir samþykktina og nýtir sér þann möguleika sem veittur er samkvæmt ákvæðum 2. gr. a hér að framan, ber að tilgreina í skýrslum sínum um beitingu samþykktarinnar, sem lagðar eru fram samkvæmt ákvæðum 22. gr. Stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, hvaða tegundir náma eru undanskildar og hvaða ástæður liggja að baki.

3. gr.

Með tilliti til aðstæðna og venja og að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila vinnumarkaðarins ber hverju aðildarríki að móta, framkvæma og endurskoða reglulega samræmda stefnu um öryggi og hollustuhætti í námum, einkum hvað snertir ráðstafanir í því skyni að hrinda í framkvæmd ákvæðum samþykktarinnar.

4. gr.

1. Ráðstafanir til að tryggja framkvæmd samþykktarinnar skulu gerðar samkvæmt lögum og reglugerðum sérhvers ríkis.

2. Þar sem það á við skal, auk laga og reglugerða, beita:

a. tæknilegum stöðlum, viðmiðunarreglum eða starfsreglum; eða
b. öðrum framkvæmdaatriðum sem samrýmast venjum í hverju ríki samkvæmt ábendingum hlutaðeigandi stjórnvalds.

5. gr.

1. Lög og reglugerðir hvers ríkis samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 4. gr. skulu tilgreina hlutaðeigandi stjórnvald sem hefur með höndum eftirlit með og stjórnun hinna ýmsu þátta sem snerta öryggi og hollustuhætti í námum.

2. Í landslögum og reglugerðum skulu vera ákvæði um:

a. eftirlit með öryggi og hollustuháttum í námum;
b. skoðun náma af hálfu eftirlitsmanna sem hlutaðeigandi stjórnvald tilnefnir í því skyni;
c. tilhögun við tilkynningu um og rannsókn á dauðaslysum og alvarlegum slysum, hættulegum viðburðum og meiri háttar námuslysum, samkvæmt skilgreiningu í landslögum eða reglugerðum hvers ríkis;

d. samantekt og útgáfu tölfræðilegra upplýsinga um slys, atvinnusjúkdóma og hættulega viðburði, samkvæmt skilgreiningu landslaga og reglugerða;
e. vald hlutaðeigandi stjórnvalds til að banna eða takmarka námugröft á grundvelli öryggis og hollustuhátta þangað til þær aðstæður sem voru orsök banns eða takmörkunar hafa verið færðar í lag; og
f. að gera virkar ráðstafanir til að tryggja rétt starfsmanna og fulltrúa þeirra til að vera hafðir með í ráðum í málum sem snerta öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum og taka þátt í ráðstöfunum þar að lútandi.

3. Í landslögum og reglugerðum skulu vera ákvæði þess efnis að framleiðsla, geymsla, flutningur og notkun sprengiefna og hvellhettna við námuna sé í höndum eða undir beinu eftirliti hæfra og lögmætra persóna.

4. Í landslögum og reglugerðum skulu vera ákvæði um:
a. kröfur um björgunaraðgerðir í námum, skyndihjálp og viðeigandi aðstöðu til læknishjálpar;
b. skyldu til að leggja til og viðhalda viðeigandi öndunarbúnaði til sjálfshjálpar fyrir starfsmenn í kolanámum neðanjarðar og, ef þörf krefur, í öðrum neðanjarðarnámum;
c. varnaraðgerðir til að ganga frá námum sem hætt er að nota til að koma í veg fyrir eða draga úr hættu hvað snertir öryggi og heilsu manna;
d. kröfur um örugga geymslu, flutning og eyðingu hættulegra efna sem notuð eru við námuvinnslu og úrgangsefna sem leggjast til við námuna; og
e. þar sem við á, skuldbindingu til að leggja til næg salerni og aðstöðu til þvotta, fataskipta og til að matast og viðhalda þeim í því ástandi að það fullnægi hreinlætiskröfum.

5. Í landslögum og reglugerðum skulu vera ákvæði þess efnis að atvinnurekandi sem stjórnar námunni tryggi að gerðar séu viðeigandi teikningar af þeim hluta námunnar þar sem vinna fer fram áður en vinnan hefst og ef verulegar breytingar eru gerðar hvað þetta varðar þá séu teikningarnar dagréttar reglulega og hafðar til reiðu við námuna.

III. Hluti. Aðgerðir til forvarna og varna við námur.

A. ÁBYRGÐ ATVINNUREKENDA

6. gr.

Þegar atvinnurekandi gerir ráðstafanir til forvarna og varna samkvæmt þessum hluta samþykktarinnar ber honum að meta hættuna og taka á henni í þeirri forgangsröð sem hér segir:
a. koma í veg fyrir hættuna;
b. hafa stjórn á hættunni þar sem hún kann að koma upp;
c. draga úr hættunni með því að hanna örugg vinnukerfi; og
d. ef hættan er enn fyrir hendi, að sjá starfsmönnum fyrir persónuhlífum,
að teknu tilliti til þess hvað er eðlilegt, framkvæmanlegt og mögulegt, til góðra vinnuvenja og þess að starfsmenn viðhafi eðlilega gát.

7. gr.

Atvinnurekendum ber að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða draga úr hættu hvað snertir öryggi og heilsu manna í námum undir þeirra stjórn, og einkum:

a. að tryggja að náman sé hönnuð, grafin og útbúin með rafbúnaði, vélbúnaði og öðrum búnaði, þar með talin fjarskiptakerfi, til að skapa aðstæður fyrir örugga vinnslu og heilnæmar vinnuaðstæður;
b. að tryggja að náman sé tekin í notkun, starfsrækt, henni við haldið og hún tekin úr notkun með slíkum hætti að starfsmönnum sé kleift að framkvæma þau verk sem þeim eru falin án þess að skapa hættu hvað snertir öryggi og heilsu þeirra sjálfra eða annarra;
c. að gera ráðstafanir til að viðhalda stöðugleika jarðvegs á þeim svæðum þar sem menn hafa aðgang við vinnu sína;
d. þar sem því verður við komið, að hafa til reiðu frá sérhverjum vinnustað neðanjarðar tvær útgönguleiðir sem hvor tengist aðskilinni leið upp á yfirborðið;
e. að tryggja eftirlit, mat og reglulega skoðun á vinnuumhverfinu til þess að finna hina ýmsu áhættuþætti sem starfsmenn kunna að verða fyrir og meta hve mikil áhættan er;
f. að tryggja nægilega loftræstingu í öllum hlutum námu sem starfsmönnum er heimill aðgangur að;
g. hvað snertir þau svæði þar sem starfsmönnum er sérstök hætta búin, að semja og framkvæma rekstraráætlun og gera ráðstafanir til að tryggja öruggt vinnuumhverfi og vernd starfsmanna;
h. að gera varúðarráðstafanir og aðrar ráðstafanir eftir eðli námuvinnslunnar til að koma í veg fyrir, greina og berjast gegn upptökum eldsvoða, dreifingu elds og sprengingum; og
i. að tryggja að þegar um alvarlega hættu er að ræða hvað snertir öryggi og heilsu starfsmanna sé rekstur stöðvaður og starfsmenn fluttir til öruggs staðar.

8. gr.

Atvinnurekanda ber að semja viðbragðsáætlun í neyðartilvikum, sérstaka áætlun fyrir hverja námu, vegna iðnaðarslysa og náttúruhamfara sem eðlilegt má telja að sjá megi fyrir.

9. gr.

Þar sem starfsmenn verða fyrir líkamlegri hættu eða hættu af völdum kemískra eða lífrænna efna ber atvinnurekanda:

a. að kynna starfsmönnum með skiljanlegum hætti þær hættur sem eru samfara vinnu þeirra, þær hættur fyrir heilsu þeirra sem um er að ræða og viðeigandi forvarnir og ráðstafanir þeim til verndar;
b. að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða draga úr hættum af völdum slíkra áhættuþátta;
c. þar sem viðeigandi vernd fyrir hættu á slysum eða heilsutjóni, þar með talið að lenda í varasömum aðstæðum, verður ekki tryggð með öðrum hætti, að leggja starfsmanni til og viðhalda honum að kostnaðarlausu viðeigandi persónuhlífum, fatnaði eftir þörfum og öðrum aðstæðum, samkvæmt ákvæðum landslaga eða reglugerða; og
d. að sjá starfsmönnum, sem hafa orðið fyrir slysi eða orðið veikir á vinnustað, fyrir skyndihjálp, viðeigandi flutningi frá vinnustað og aðgangi að viðeigandi aðstöðu til læknishjálpar.

10. gr.

Atvinnurekanda ber að tryggja:

a. að starfsmönnum sé séð fyrir viðeigandi þjálfunar- og endurþjálfunarnámskeiðum og skiljanlegum leiðbeiningum, þeim að kostnaðarlausu, um öryggi og hollustuhætti, svo og um þau störf sem þeim er ætlað að vinna;
b. samkvæmt landslögum og reglugerðum, að séð sé fyrir nægilegu eftirliti og stjórnun á hverri vakt til að tryggja öruggan rekstur námunnar;
c. að komið sé á fót kerfi þess efnis að vitað sé nákvæmlega um nöfn allra sem eru neðanjarðar á hverjum tíma, svo og hvar þeir eru líklega staðsettir;
d. að öll slys og hættulegir viðburðir, samkvæmt skilgreiningu í landslögum eða reglugerðum, séu rannsakaðir og að viðeigandi ráðstafanir til úrbóta gerðar; og
e. að skýrsla sé samin, samkvæmt ákvæðum landslaga og reglugerða, og send hlutaðeigandi stjórnvaldi á sviði slysa og hættulegra viðburða.

11. gr.

Á grundvelli almennra reglna um hollustuhætti á vinnustöðum og samkvæmt ákvæðum landslaga og reglugerða, ber atvinnurekanda að tryggja að reglulegt eftirlit sé haft með heilsu starfsmanna sem vinna við hættulegar aðstæður sem eiga einkum við í námuvinnslu.

12. gr.

Þegar tveir eða fleiri atvinnurekendur hafa með höndum starfsemi í sömu námu ber þeim atvinnurekanda sem hefur með höndum yfirstjórn námunnar að samræma allar ráðstafanir varðandi öryggi og heilsu starfsmanna og ber hann meginábyrgð á öryggi í rekstrinum. Þetta leysir einstaka atvinnurekendur ekki undan þeirri skyldu að gera allar ráðstafanir hvað snertir öryggi og heilsu starfsmanna.

B. RÉTTINDI OG SKYLDUR STARFSMANNA OG FULLTRÚA ÞEIRRA

13. gr.

1. Samkvæmt landslögum og reglugerðum, sem tilgreind eru í 4. gr., hafa starfsmenn eftirtalin réttindi:

a. að tilkynna atvinnurekanda og hlutaðeigandi stjórnvaldi um slys, hættulega viðburði og hættur;
b. að óska eftir því við atvinnurekanda og hlutaðeigandi stjórnvald að fá framkvæmda skoðun og rannsókn ef þeim þykir ástæða til að halda að öryggi þeirra og heilsu sé hætta búin;
c. að vita um og fá vitneskju um áhættuþætti á vinnustað sem kunna að hafa áhrif á öryggi þeirra og heilsu;
d. að fá upplýsingar, sem atvinnurekandi eða hlutaðeigandi stjórnvald hafa undir höndum, sem snerta öryggi þeirra eða heilsu;
e. að forða sér frá hverjum þeim stað í námunni þar sem þær aðstæður koma upp sem þeir hafa ástæðu til að ætla að valdi alvarlegri hættu hvað snertir öryggi þeirra eða heilsu; og
f. að standa sameiginlega að vali öryggis- og heilbrigðisfulltrúa.

2. Öryggis- og heilbrigðisfulltrúar þeir sem tilgreindir eru í f-lið 1. tölul. hér að framan skulu hafa eftirtalin réttindi samkvæmt landslögum og reglugerðum:

a. að vera fulltrúar starfsmanna hvað snertir alla öryggis- og heilbrigðisþætti á vinnustað, þar með talda, þar sem við á, framkvæmd réttinda þeirra sem tilgreind eru í 1. mgr. að framan;
b. að
   i. taka þátt í skoðunum og rannsóknum sem atvinnurekandinn og hlutaðeigandi stjórnvald framkvæma á vinnustað; og
   ii. fylgjast með og kanna öryggi og hollustuhætti;
c. að geta leitað til ráðgjafa og óháðra sérfræðinga;
d. að hafa samráð við atvinnurekandann í tíma hvað snertir öryggi og hollustuhætti, þar með talda stefnumörkun og ráðstafanir;
e. að hafa samráð við hlutaðeigandi stjórnvald; og
f. að fá tilkynningar um slys og hættulega viðburði á þeim sviðum sem umboð þeirra nær til.

3. Aðgerðir við framkvæmd þess réttar sem tilgreindur er í 1. og 2. mgr. hér að framan skulu skilgreindar:

a. í landslögum og reglugerðum; og
b. á samráðsfundum atvinnurekenda og starfsmanna og fulltrúa þeirra.

4. Landslög og reglugerðir skulu tryggja að unnt sé að beita þeim rétti sem getið er í 1. og 2. mgr. hér að framan án þess að starfsmenn þurfi að óttast mismunun eða refsiaðgerðir.

14. gr.

Samkvæmt landslögum og reglugerðum er starfsmönnum skylt samkvæmt þeirri þjálfun sem þeir hafa fengið:

a. að hlíta þeim öryggis- og heilbrigðisreglum sem fyrir er mælt;
b. að gæta eðlilegrar varúðar hvað snertir eigin öryggi og heilsu og öryggi og heilsu annarra sem verða kunna fyrir áhrifum af því sem þeir gera eða láta undir höfuð leggjast að gera við vinnu, þar með talin eðlileg aðgát og notkun hlífðarfatnaðar, aðstæðna og búnaðar sem þeim er látinn í té í þessum tilgangi;
c. að tilkynna án tafar næsta yfirmanni sínum um hverjar þær aðstæður sem þeir telja að gætu valdið hættu fyrir öryggi og heilsu þeirra eða annarra og þeir eru ekki færir um að takast á við sjálfir; og
d. að hafa samstarf við atvinnurekandann svo að honum reynist unnt að uppfylla skyldur sínar og ábyrgð samkvæmt samþykktinni.

C. SAMVINNA

15. gr.

Gerðar skulu ráðstafanir, samkvæmt landslögum og reglugerðum, til að hvetja til samvinnu atvinnurekenda og starfsmanna og fulltrúa þeirra í því skyni að stuðla að öryggi og hollustuháttum í námum.

IV. Hluti. Framkvæmd.

16. gr.

Aðildarríki er skylt:

a. að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, þar með talið að gera ráð fyrir viðeigandi refsiákvæðum og ráðstöfunum til úrbóta, til að tryggja virka framkvæmd ákvæða samþykktarinnar; og
b. að sjá fyrir nauðsynlegri eftirlitsþjónustu til að fylgjast með framkvæmd þeirra ráðstafana sem grípa ber til samkvæmt ákvæðum samþykktarinnar og veita slíku eftirliti þá aðstöðu sem nauðsynleg er til að það geti leyst verkefni sitt af hendi.

V. Hluti. Lokaákvæði.

17. gr.

Formlegar fullgildingar þessarar samþykktar skulu sendar forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

18. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis vera bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem hafa látið forstjórann skrá fullgildingar sínar.

2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.

3. Síðan gengur samþykktin í gildi að því er snertir hvert aðildarríki tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

19. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að tíu árum liðnum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.

2. Sérhvert aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri málsgrein, rétt þann til uppsagnar sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, en getur síðan sagt henni upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

20. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á því hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

21. gr.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar, skv. 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

22. gr.

Þegar stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir Allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

23. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að öllu eða nokkru leyti, og sú samþykkt mælir ekki fyrir um á annan veg, skal:

a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt *ipso jure* hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, þrátt fyrir ákvæði 19. gr. hér að framan, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma þegar það gerist;
b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt hefur öðlast gildi.

2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu hvað snertir form og efni í þeim aðildarríkjum sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

24. gr.

Enskur og franskur texti þessarar samþykktar er jafngildur.

Fylgiskjal II.

Tillaga nr. 183, um öryggi og hollustuhætti í námum.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 82. þingsetu sinnar í Genf 6. júní 1995 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

gefur gaum að viðkomandi alþjóðasamþykktum og -tillögum, einkum samþykkt um afnám nauðungarvinnu frá 1957, samþykkt og tillögu um vernd verkamanna fyrir geislun frá 1960, samþykkt og tillögu um öryggisbúnað véla frá 1963, samþykkt og tillögu um bætur vegna slysa frá 1964, samþykkt og tillögu um lágmarksaldur við vinnu neðanjarðar í námum frá 1965, samþykkt um læknisskoðun ungmenna með tilliti til hæfi til vinnu neðanjarðar frá 1965, samþykkt og tillögu um verndun verkamanna gegn hættu frá loftmengun, hávaða og titring frá 1977, samþykkt og tillögu um öryggi og heibrigði við vinnu og starfsumhverfi frá 1981, samþykkt og tillögu um heilsugæslu á vinnustöðum frá 1985, samþykkt og tillögu um öryggi við notkun asbests frá 1986, samþykkt og tillögu um öryggi og hollustuhætti í byggingariðnaði frá 1988, samþykkt og tillögu um notkun efna frá 1990 og samþykkt og tillögu um ráðstafanir til að koma í veg fyrir meiri háttar iðnaðarslys frá 1993, og

með tilliti til þess að starfsmenn hafa þörf fyrir og eiga rétt á upplýsingum, þjálfun og raunverulegu samráði um og þátttöku í undirbúningi og framkvæmd ráðstafana varðandi öryggi og hollustuhætti vegna hættu sem yfir þeim vofir í námuvinnslu, og

þar eð viðurkennt er að æskilegt sé að koma í veg fyrir dauðsföll, slys eða heilsutjón sem starfsmenn eða almenningur getur orðið fyrir eða umhverfisspjöll sem stafa af námugreftri, og

tekur tillit til nauðsynjar samvinnu milli Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar og annarra hlutaðeigandi stofnana, svo og til viðeigandi gagna, starfsreglna, laga og viðmiðunarreglna sem framangreindar stofnanir hafa getið út, og

þar eð þingið hefur samþykkt tilteknar ábendingar um öryggi og hollustuhætti í námum, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi tillögu sem kemur til viðbótar við samþykkt um öryggi og hollustuhætti í námum;

gerir þingið í dag, 22. júní 1995, eftirfarandi tillögu sem nefna má Tillögu um öryggi og hollustuhætti í námum, 1995:

I. ALMENN ÁKVÆÐI

1. Ákvæði þessarar tillögu koma til viðbótar við samþykkt um öryggi og hollustuhætti í námum frá 1995 (hér eftir nefnd „samþykktin"), og skyldu þau framkvæmd ásamt henni.
2. Þessi tillaga á við um allar námur.
3. (1) Með tilliti til aðstæðna og venja og að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila vinnumarkaðarins ber hverju aðildarríki að móta, framkvæma og endurskoða reglulega samræmda stefnu um öryggi og hollustuhætti í námum.
   (2) Samráð það sem tilgreint er í 3. gr. samþykktarinnar skyldi m.a. vera fólgið í samráði við aðila vinnumarkaðarins um áhrif lengdar vinnutíma, næturvinnu og vaktavinnu á öryggi og heilsu starfsmanna. Að loknu slíku samráði ættu aðildarríkin að gera nauðsynlegar ráðstafanir hvað snertir vinnutíma, einkum hámarksfjölda vinnustunda á dag, og lágmarkshvíldarstundir á dag.
4. Hlutaðeigandi stjórnvald skyldi hafa á að skipa vel hæfu og þjálfuðu starfsliði sem hefur aflað sér viðeigandi færni, svo og nægilegri tæknilegri og sérfræðilegri aðstoð til að skoða, rannsaka, meta og veita ráð um þau atriði sem samþykktin fjallar, og til að tryggja að farið sé að landslögum og reglugerðum.
5. Gerðar skyldu ráðstafanir til að hvetja til og stuðla að:
   a. rannsóknum á og upplýsingaskiptum um öryggi og hollustuhætti í námum innan hvers ríkis og á alþjóðavettvangi;
   b. sérstakri aðstoð hlutaðeigandi stjórnvalda við litlar námur með tilliti til þess:
      i. að hjálpa til við að dreifa tækniþekkingu;
      ii. að koma á fót áætlunum um öryggi og hollustuhætti;
      iii. að hvetja til samvinnu og samráðs milli atvinnurekenda og starfsmanna og fulltrúa þeirra; og
   c. áætlunum eða kerfum til endurhæfingar og enduraðlögunar starfsmanna sem hafa orðið fyrir sjúkdómum eða slysum í tengslum við starf sitt.
6. Kröfur um eftirlit með öryggi og hollustuháttum í námum, skv. 2. mgr. 5. gr. samþykktarinnar, ættu m.a., þar sem það á við, að innihalda ákvæði um:
   a. vottorð og þjálfun;
   b. skoðun námunnar og búnaðar og tækja í henni;

c. eftirlit með meðferð, flutningi, geymslu og notkun sprengiefna og hættulegra efna sem eru notuð eða framleidd við námuvinnsluna;
d. vinnu við raftæki og -búnað; og
e. verkstjórn.

7. Kröfur skv. 4. mgr. 5. gr. samþykktarinnar gætu mælt svo fyrir að seljendur tækja, áhalda, hættulegra vara og efna til námunnar skyldu tryggja að þeir færu að stöðlum landsins um öryggi og hollustuhætti, merktu vörurnar með skýrum hætti og veittu skiljanlegar upplýsingar og leiðbeiningar.
8. Kröfur um björgun úr námum og skyndihjálp, skv. a-lið 4. mgr. 5. gr. samþykktarinnar, og um viðeigandi aðstöðu til læknishjálpar í neyðartilvikum gætu náð til:
   a. skipulagðra aðgerða;
   b. hvaða tæki skyldu vera til reiðu;
   c. staðla um þjálfun;
   d. þjálfunar starfsmanna og þátttöku í æfingum;
   e. þess að viðeigandi fjöldi þjálfaðra manna væri til staðar;
   f. viðeigandi fjarskiptakerfis;
   g. virks kerfis til að veita viðvörun um hættu;
   h. þess að gert sé ráð fyrir aðstöðu til flótta og björgunaraðgerða og viðhalds slíkrar aðstöðu;
   i. þess að stofnuð verði sveit eða sveitir til björgunar úr námum;
   j. reglulegs læknisfræðilegs mats á hæfni þeirra manna sem skipa slíka björgunarsveit eða björgunarsveitir og reglulegrar þjálfunar þeirra;
   k. læknishjálpar og flutnings manna til læknis, hvort tveggja þeim starfsmönnum að kostnaðarlausu sem meiðst hafa eða orðið veikir á vinnustað;
   l. samræmingar við sveitarfélög;
   m. ráðstafana til að stuðla að alþjóðlegri samvinnu á þessu sviði.
9. Kröfur skv. b-lið 4. mgr. 5. gr. samþykktarinnar gætu náð til tæknilýsingar og staðla hvað snertir gerð sjálfvirks björgunarbúnaðar sem starfsmenn hafa aðgang að, einkum í námum þar sem hætta er á skyndilegu gasútstreymi og öðrum námum þar sem viðeigandi er að hafa til reiðu sjálfstæð öndunartæki.
10. Í landslögum og reglugerðum skyldu vera ákvæði um örugga notkun og viðhald fjarstýritækja.
11. Í landslögum og reglugerðum skyldu vera ákvæði þess efnis að atvinnurekandi geri viðeigandi ráðstafanir til að vernda starfsmenn sem starfa einir eða einangraðir.

II. FORVARNIR OG VARNARAÐGERÐIR Í NÁMUM

12. Atvinnurekendur ættu að gera hættumat og áhættugreiningu og koma síðan á fót, þar sem það á við, kerfum til að sporna við hættunni.
13. Til þess að viðhalda stöðugleika jarðvegs, samkvæmt ákvæðum c-liðar 7. gr. samþykktarinnar, ætti atvinnurekandi að gera allar viðeigandi ráðstafanir til:
   a. að fylgjast með og hafa stjórn á hreyfingu á jarðlögum;
   b. eftir þörfum, að leggja til fullnægjandi stoðir fyrir loft, veggi og gólf í þeim hluta námu þar sem menn eru við vinnu, að undanteknum þeim svæðum þar sem, í þeim vinnsluaðferðum sem valdar hafa verið, er gert ráð fyrir því að jarðlög falli saman þannig að á því sé höfð stjórn;

c. að hafa eftirlit með og stjórn á veggjum opinnar yfirborðsnámu til þess að koma í veg fyrir að efni falli eða renni ofan í gryfjuna og valdi starfsmönnum hættu; og
d. að tryggja að stíflur, uppistöðulón, vatnsæðar og annað þess háttar sé hannað og útbúið með viðunandi hætti, og að eftirlit sé haft með slíku, þannig að komið sé í veg fyrir hættu af völdum skriðufalla eða hruns.

14. Skv. d-lið 7. gr. samþykktarinnar ættu aðskildar útgönguleiðir að vera eins óháðar hver annarri og mögulegt er; gera ætti ráðstafanir og hafa til reiðu tæki til þess að unnt sé að flytja starfsmenn burt ef hættu ber að höndum.
15. Skv. f-lið 7. gr. samþykktarinnar ætti að loftræsta með viðeigandi hætti alla hluta námu sem starfsmenn hafa aðgang að, og önnur svæði eftir þörfum, til þess að viðhalda andrúmslofti:
    a. þar sem komið sé í veg fyrir eða dregið úr hættu á sprengingum;
    b. þar sem vinnuaðstæður eru viðunandi með tilliti til þeirrar vinnuaðferðar sem beitt er, svo og þeirra krafna um líkamlega vinnu sem gerðar eru til starfsmanna; og
    c. sem fullnægir landsstöðlum um ryk, gas, geislun og loftslagsaðstæður; ef landsstaðlar eru ekki fyrir hendi ætti atvinnurekandi að taka tillit til alþjóðastaðla.
16. Sú sérstaka hætta sem tilgreind er í g-lið 7. gr. samþykktarinnar, sem útheimtir starfsáætlun og starfsreglur, gæti t.d. verið:
    a. námueldar og sprengingar;
    b. skyndilegt innstreymi gass;
    c. klettsprenging;
    d. skyndilegt innstreymi vatns eða eðju;
    e. grjóthrun;
    f. hætta á jarðhræringum;
    g. hætta í tengslum við vinnu sem unnin er nærri varasömum opum eða við sérstaklega erfiðar aðstæður;
    h. skortur á loftræstingu.
17. Ráðstafanir, sem atvinnurekendur ættu að gera skv. h-lið 7. gr. samþykktarinnar, ættu m.a. að vera, þar sem það á við, fólgnar í því að banna mönnum að fara niður í iður jarðar með hvers konar hluti eða efni sem gætu valdið eldsvoða, sprengingu eða hættulegum viðburði.
18. Skv. i-lið 7. gr. samþykktarinnar ættu aðstæður í námum, þar sem það á við, m.a. að vera fólgnar í nægilega eldþolnum og sjálfstæðum hólfum til þess að veita starfsmönnum skjól ef hættu ber að höndum. Slík sjálfstæð hólf ættu að vera auðþekkt og aðgengileg, einkum ef skyggni er slæmt.
19. Í viðbragðsáætlun við hættu, sem tilgreind er í 8. gr. samþykktarinnar, gætu verið ákvæði um:
    a. virkar neyðaráætlanir á staðnum;
    b. að vinna skuli stöðvuð og starfsmenn fluttir burt ef hættu ber að höndum;
    c. viðunandi þjálfun í aðgerðum og notkun tækja þegar hættu ber að höndum;
    d. viðunandi vernd fyrir almenning og umhverfið;
    e. upplýsingagjöf til og samráð við viðeigandi aðila og stofnanir.

20. Sú hætta sem tilgreind er í 9. gr. samþykktarinnar gæti m.a. verið fólgin í:
    a. rykmettuðu lofti;
    b. eitruðu, illa lyktandi eða annars konar námugasi;
    c. reyk og hættulegum efnum;
    d. útblæstri frá dísilvélum;
    e. súrefnisskorti;
    f. geislun frá berglögum, tækjum eða af öðrum uppruna;
    g. hávaða og titringi;
    h. miklum hita;
    i. miklum loftraka;
    j. ónógri lýsingu eða loftræstingu;
    k. hættu í tengslum við vinnu sem framkvæmd er í mikilli hæð eða á miklu dýpi í þröngum rýmum;
    l. hættu við handfjötlun hluta;
    m. hættu af völdum vélbúnaðar og rafbúnaðar;
    n. hættu af völdum fleiri en eins ofangreinds þáttar.
21. Ráðstafanir skv. 9. gr. samþykktarinnar gætu m.a. verið fólgnar í:
    a. tæknilegum eða skipulagslegum ráðstöfunum við viðeigandi námuvinnslu eða hvað snertir verksmiðju, vélar, tæki, áhöld eða mannvirki;
    b. þar sem ekki er unnt að koma við þeim ráðstöfunum sem tilgreindar eru í a-lið hér að framan, virkum ráðstöfunum, þar með talið að nota persónuhlífar og hlífðarföt, starfsmönnum að kostnaðarlausu;
    c. þar sem staðfest hefur verið að heilsu manna sé hætta búin hvað snertir getnað, þjálfun og sérstökum tæknilegum og skipulagslegum ráðstöfunum, þar með talinn réttur starfsmanna til að fá sig flutta í annað starf, eftir því sem við á, án þess að lækka í launum, einkum á tímabilum þegar heilsu manna er hætta búin, svo sem þegar konur eru þungaðar eða hafa börn á brjósti;
    d. reglulegu eftirliti og skoðun svæða þar sem hætta er fyrir hendi eða líklegt er að hún sé fyrir hendi.
22. Þær tegundir hlífðarbúnaðar og aðstæður sem tilgreindar eru í c-lið 9. gr. samþykktarinnar gætu verið fólgnar í:
    a. mannvirkjum til að vernda starfsmenn fyrir veltandi og fallandi hlutum;
    b. sætisbeltum og beislum í tækjum;
    c. lokuðum þrýstihólfum;
    d. sjálfstæðum björgunarhólfum;
    e. aðstöðu til sturtubaðs og augnþvotta í neyð.
23. Við framkvæmd b-liðar 10. gr. samþykktarinnar ættu atvinnurekendur:
    a. að tryggja viðeigandi eftirlit á hverjum vinnustað í námunni, en einkum með andrúmslofti, aðstæðum á gólfi, vélum, tækjum og áhöldum í námunni, þar með talið eftirlit fyrir hverja vakt ef þörf krefur; og
    b. að halda ritaðar skrár yfir eftirlit, galla og ráðstafanir til úrbóta og hafa slíkar skrár aðgengilegar hjá námunni.
24. Þar sem það á við ætti heilbrigðiseftirlit það sem tilgreint er í 11. gr. samþykktarinnar, starfsmönnum að kostnaðarlausu og án þess að þeir þurfi að óttast nokkurs konar mismunun eða refsiaðgerðir:

a. að veita starfsmönnum tækifæri til að undirgangast læknisrannsókn í tengslum við þær kröfur sem gerðar eru í þeim störfum sem þeim ber að inna af hendi, áður en eða rétt eftir að þeir hefja störf og síðan reglulega; og
b. að veita aðstöðu, þar sem því verður við komið, til enduraðlögunar eða endurhæfingar starfsmanna sem ekki reynist kleift að takast á við sitt venjulega starf vegna vinnuslyss eða atvinnusjúkdóms.

25. Skv. e-lið 4. mgr. 5. gr. samþykktarinnar ættu atvinnurekendur, þar sem það á við, að veita starfsmönnum aðgang að og viðhalda, starfsmönnum að kostnaðarlausu:
a. nægilega mörgum og viðeigandi salernum, sturtum, handlaugum og búningsklefum sem eru, eftir því sem við á, aðeins ætlaðar öðru kyninu;
b. viðunandi aðstöðu til að geyma, þvo og þurrka föt;
c. viðunandi magni af drykkjarvatni á hentugum stöðum; og
d. viðunandi og hreinum aðstæðum til að matast.

III. RÉTTINDI OG SKYLDUR STARFSMANNA OG FULLTRÚA ÞEIRRA

26. Skv. 13. gr. samþykktarinnar skyldu starfsmenn og öryggis- og heilbrigðisfulltrúar þeirra fá eða hafa aðgang að, eftir því sem við á, upplýsingum sem ættu m.a. að vera fólgnar í:
a. þar sem því verður við komið, tilkynningu um hvers konar heimsókn hlutaðeigandi stjórnvalds til námunnar sem tengist öryggis- eða heilbrigðismálum;
b. skýrslum um eftirlit á vegum hlutaðeigandi stjórnvalds eða atvinnurekanda, þar með talið eftirlit með vélum og tækjum;
c. afritum af fyrirskipunum eða leiðbeiningum, útgefnum af hlutaðeigandi stjórnvaldi, hvað snertir öryggi og hollustuhætti;
d. skýrslum um slys, meiðsl, sjúkdómstilfelli og önnur tilfelli sem hafa áhrif á öryggi og hollustuhætti, sömdum af hlutaðeigandi stjórnvaldi eða atvinnurekanda;
e. upplýsingum og tilkynningum um alla áhættuþætti í starfi, þar með talið um hættuleg, eitruð eða skaðleg efni sem notuð eru í námu;
f. hvers konar öðrum gögnum um öryggi og hollustuhætti sem atvinnurekanda er skylt að viðhalda;
g. tafarlausum tilkynningum um slys og hættulega viðburði; og
h. hvers konar heilbrigðisrannsóknum sem framkvæmdar eru vegna hættu sem er fyrir hendi á vinnustað.

27. Ráðstafanir, sem gera skyldi skv. e-lið 1. mgr. 13. gr. samþykktarinnar gætu verið fólgnar í kröfum um:
a. tilkynningar til verkstjóra og öryggis- og heilbrigðisfulltrúa um þá hættu sem tilgreind er í þessu ákvæði;
b. þátttöku háttsettra fulltrúa atvinnurekanda og fulltrúa launafólks til að leitast við að leysa málið;
c. þátttöku, ef nauðsyn krefur, fulltrúa hlutaðeigandi stjórnvalds til að hjálpa til við að leysa málið;
d. enga launaskerðingu starfsmanns og, þar sem við á, tilflutning hans í annað viðeigandi starf;

e. tilkynningu til sérhvers annars starfsmanns, sem beðinn er að inna af hendi starf á viðkomandi svæði, þess efnis að annar starfsmaður hafi neitað að vinna þar og hvaða ástæður liggja að baki.

28. Skv. 2. mgr. 13. gr. samþykktarinnar ættu réttindi öryggis- og heilbrigðisfulltrúa, þar sem við á, að vera fólgin í rétti til:
   a. að fá viðeigandi þjálfun á vinnutíma, án kaupskerðingar, um réttindi og starfssvið öryggis- og heilbrigðisfulltrúa og öryggi og hollustuhætti;
   b. aðgengis að viðeigandi aðstöðu til að inna af hendi skyldur sínar;
   c. að fá sín venjulegu laun fyrir allan þann tíma sem þeir verja til að nýta rétt sinn og inna af hendi starf sitt sem öryggis- og heilbrigðisfulltrúar; og
   d. að aðstoða og ráðleggja starfsmönnum sem hafa farið af vinnustað sínum vegna þess að þeir telja að öryggi sínu og heilsu sé hætta búin.
29. Öryggis- og heilbrigðisfulltrúar ættu, eftir því sem við á, að tilkynna atvinnurekanda um ætlun sína að fylgjast með eða rannsaka öryggi og hollustuhætti, samkvæmt ákvæðum ii-liðar b-liðar 2. mgr. 13. gr. samþykktarinnar.
30. (1) Öllum ætti að vera skylt:
   a. að forðast að taka úr sambandi, breyta eða fjarlægja að eigin geðþótta öryggisbúnað á vélum, tækjum, áhöldum, í verksmiðjum og byggingum; og
   b. að beita öryggisbúnaði með réttum hætti.

   (2) Atvinnurekendum ætti að vera skylt að veita starfsmönnum viðeigandi þjálfun og leiðbeiningar til að gera þeim kleift að inna af hendi þær skyldur sem lýst er í tölulið 1 hér að framan.

IV. SAMVINNA

31. Ráðstafanir til að hvetja til samvinnu, skv. 15. gr. samþykktarinnar, ættu m.a. að vera fólgnar í:
   a. að koma á fót samstarfsvettvangi, t.d. öryggis- og heilbrigðisnefndum, þar sem atvinnurekendur og starfsmenn eiga jafnmarga fulltrúa, nefndum sem hafa það vald og hlutverk sem þeim kann að vera falið, þar með talið vald til að framkvæma sameiginlega skoðun;
   b. því að atvinnurekandi tilnefni þar til hæfa og reynda menn til að stuðla að öryggi og heilbrigði;
   c. þjálfun starfsmanna og öryggis- og heilbrigðisfulltrúa þeirra;
   d. að stuðla að reglulegum áætlunum til að vekja athygli starfsmanna á öryggi og hollustuháttum;
   e. reglulegum skiptum á upplýsingum og reynslu hvað snertir öryggi og hollustuhætti í námum;
   f. samráði atvinnurekanda við starfsmenn og fulltrúa þeirra við að ákveða stefnu og ráðstafanir hvað snertir öryggi og hollustuhætti;
   g. að atvinnurekandi heimili fulltrúum starfsmanna að taka þátt í rannsóknum á slysum og hættulegum viðburðum, svo sem tilgreint er í d-lið 10. gr. samþykktarinnar.

V. ÖNNUR ÁKVÆÐI

32. Ekki skyldi beita þann starfsmann neins konar mismunun eða refsiaðgerðum sem neytir réttar síns sem hann hefur samkvæmt landslögum eða reglugerðum eða samkomulag er um milli atvinnurekanda, starfsmanna og fulltrúa þeirra.
33. Tekið skyldi eðlilegt tillit til hugsanlegra áhrifa námuvinnslu á nærliggjandi umhverfi og öryggi almennings. Hér er einkum átt við að hafa stjórn á landsigi, titringi, fljúgandi grjóti, skaðlegum mengunarefnum í vatni, lofti eða jarðvegi, hafa örugga og skilvirka stjórn á förgunarstöðum úrgangs og endurlífgun námusvæða.

Fylgiskjal III.

Bókun frá 1995 við samþykkt um vinnueftirlit frá 1947 (nr. 81).

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 82. þingsetu sinnar í Genf 6. júní 1995 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

gefur gaum að því að ákvæði Samþykktar um vinnueftirlit frá 1947 eiga aðeins við um vinnustaði á sviði iðnaðar og verslunar, og

gefur gaum að því að ákvæði Samþykktar um vinnueftirlit (í landbúnaði) frá 1969 eiga við um vinnustaði í landbúnaði sem reknir eru í hagnaðarskyni og ekki eru reknir í hagnaðarskyni, og

gefur gaum að því að ákvæði Samþykktar um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi frá 1981 eiga við um alla atvinnustarfsemi, þar með talda opinbera þjónustu, og

tekur tillit til allar þeirrar áhættu sem starfsmenn í þjónustustörfum, sem ekki eru unnin í hagnaðarskyni, kunna að verða fyrir, svo og þeirrar þarfar að tryggja að þessar atvinnugreinar séu háðar sams konar og jafnskilvirku og óhlutdrægu kerfi vinnueftirlits og gert er ráð fyrir í Samþykkt um vinnueftirlit frá 1947, og

þar eð þingið hefur samþykkt tilteknar ábendingar um þau þjónustustörf sem eru ekki unnin í hagnaðarskyni, sem er sjötta mál á dagskrá þessa þings, og

þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi bókunar við Samþykkt um vinnueftirlit frá 1947,

samþykkir þingið í dag, 22. júní 1995, eftirfarandi bókun sem nefna má bókun frá 1995 við Samþykkt um vinnueftirlit frá 1947:

I. HLUTI. GILDISSVIÐ, SKILGREINING OG NOTKUN

1. gr.

1. Sérhverju aðildarríki sem fullgildir þessa bókun ber að láta ákvæði Samþykktar um vinnueftirlit frá 1947 (hér eftir nefnd „samþykktin“) ná til þjónustustarfa sem ekki eru unnin í hagnaðarskyni.

2. Hugtakið „þjónustustörf sem ekki eru unnin í hagnaðarskyni“ á við störf í öllum tegundum vinnustaða sem ekki teljast til iðnaðar eða verslunar í skilningi þessarar samþykktar.

3. Þessi bókun á við um alla vinnustaði sem falla ekki nú þegar undir gildissvið þessarar samþykktar.

2. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgildir þessa bókun, er heimilt með yfirlýsingu, sem bætt er við fullgildingarskjal þess, að undanskilja að öllu eða nokkru leyti frá gildissviðinu eftirtalda hópa:

a. yfirstjórn ríkisins eða alríkisins;
b. herlið, hvort sem það er skipað hermönnum eða óbreyttum borgurum;
c. lögreglu og aðra aðila sem sjá um almennt öryggi;
d. fangelsisstofnanir, bæði starfsmenn fangelsa og fanga við störf,

ef beiting samþykktarinnar á einhverju þessara sviða mundi valda sérstökum og verulegum vanda.

2. Áður en aðildarríki nýtir sér þann möguleika sem veittur er skv. 1. mgr. ber því að hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins eða, ef slíkir aðilar eru ekki fyrir hendi, fulltrúa viðkomandi atvinnurekenda og starfsmanna.

3. Aðildarríki, sem gefið hefur yfirlýsingu þá sem vikið er að í 1. mgr., ber, þegar það hefur fullgilt þessa bókun, að tilkynna í næstu skýrslu sinni um framkvæmd samþykktarinnar, samkvæmt ákvæðum 22. gr. Stofnsamþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, ástæður fyrir útilokun viðkomandi starfshópa og gefa kost á annars konar tilhögun við eftirlit fyrir þá hópa sem útilokaðir voru. Í síðari skýrslum ber því að lýsa hvers konar ráðstöfunum sem það kann að hafa gert í því skyni að láta ákvæði bókunarinnar ná til þeirra.

4. Aðildarríki, sem gefið hefur yfirlýsingu þá sem vikið er að í 1. mgr., er heimilt hvenær sem er að breyta eða fella úr gildi slíka yfirlýsingu með því að senda inn aðra yfirlýsingu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

3. gr.

1. Ákvæði bókunar þessarar skulu framkvæmd með landslögum eða reglugerðum eða með öðrum hætti samkvæmt venjum viðkomandi ríkis.

2. Ráðstafanir, sem gerðar eru til að hrinda ákvæðum bókunar þessarar í framkvæmd, skulu gerðar í samráði við aðila vinnumarkaðarins eða, ef slíkir aðilar eru ekki fyrir hendi, fulltrúa hlutaðeigandi atvinnurekenda og starfsmanna.

II. HLUTI. SÉRSTAKAR RÁÐSTAFANIR

4. gr.

1. Aðildarríki er heimilt að gera sérstakar ráðstafanir vegna skoðunar vinnustaða yfirstjórnar ríkisins eða alríkisins, herliðs, lögreglu og annarra aðila sem sjá um almennt öryggi, svo og fangelsisstofnana, til að hefta vald vinnueftirlitsmanna, samkvæmt ákvæðum í 12. gr. samþykktarinnar hvað snertir:

a. að eftirlitsmenn hafi viðeigandi samþykki stjórnvalda öryggismála til þess að fara inn á viðkomandi stað;
b. skoðun samkvæmt beiðni;
c. vald til að krefjast afhendingar trúnaðarskjala;
d. að fjarlægja trúnaðarskjöl af staðnum;
e. að taka og greina sýni ef efnum.

2. Aðildarríki er einnig heimilt að gera sérstakar ráðstafanir vegna eftirlits á vinnustöðum herliðs og lögreglu og annarra aðila sem sjá um almennt öryggi í því skyni að heimila eftirfarandi takmarkanir á valdi vinnueftirlitsmanna:

a. takmörkun á eftirliti meðan á heræfingum eða æfingum stendur;
b. takmörkun eða bann við eftirliti herliðs í fremstu víglínu eða virkri herþjónustu;
c. takmörkun eða bann við eftirliti á yfirlýstum hættutíma;
d. takmörkun á eftirliti hvað snertir flutninga sprengiefna og vopna í hernaðarskyni.

3. Aðildarríki er einnig heimilt að gera sérstakar ráðstafanir vegna eftirlits á vinnustöðum starfsmanna fangelsismálastofnunar hvað snertir takmörkun við eftirliti á yfirlýstum hættutíma.

4. Áður en aðildarríki nýtir sér einhverjar þær ráðstafanir sem heimilaðar eru skv. 1., 2. og 3. mgr. ber því að hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins eða, ef slíkir aðilar eru ekki fyrir hendi, fulltrúa hlutaðeigandi atvinnurekenda og starfsmanna.

5. gr.

Aðildarríki er heimilt að gera sérstakar ráðstafanir vegna eftirlits á vinnustöðum slökkviliða og annarrar björgunarþjónustu í því skyni að heimila takmörkun á eftirliti á meðan barist er við eldsvoða eða á meðan á björgunaraðgerðum stendur eða við aðrar neyðaraðstæður. Í því sambandi ber vinnueftirlitinu að hafa reglubundið eftirlit með slíkum störfum og eftir sérhvern stórviðburð.

6. gr.

Vinnueftirlitinu skal gefinn kostur á að veita ráð um mótun virkra ráðstafana til að draga úr hættu við æfingar fyrir vinnu sem gæti reynst hættuleg og taka þátt í eftirliti með framkvæmd slíkra ráðstafana.

III. HLUTI. LOKAÁKVÆÐI

7. gr.

1. Aðildarríki er heimilt að fullgilda bókun þessa um leið og það fullgildir samþykktina, eða hvenær sem er eftir að það hefur fullgilt samþykktina, með því að tilkynna forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar um formlega fullgildingu bókunarinnar til skráningar.

2. Bókunin gengur í gildi tólf mánuðum eftir þann dag er forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar hefur skráð fullgildingu tveggja aðildarríkja. Eftir það gengur bókunin í gildi fyrir hvert aðildarríki tólf mánuðum eftir að forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar hefur skráð fullgildingu þess og er samþykktin þá bindandi fyrir hlutaðeigandi aðildarríki, að viðbættum 1.–6. gr. þessarar bókunar.

8. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur bókun þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynning um uppsögn skal send forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.

2. Sérhvert aðildarríki, sem fullgilt hefur bókunina en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri málsgrein, rétt þann til uppsagnar sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, en síðan getur það sagt henni upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

9. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skrásetningu allra fullgildinga og uppsagna bókunarinnar.

2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli aðildarríkja stofnunarinnar á því hvaða dag bókunin gangi í gildi.

3. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar, skv. 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir.

10. gr.

Enskur og franskur texti þessarar bókunar er jafngildur.

Fylgiskjal IV.

Samþykkt nr. 81, um vinnueftirlit í iðnaði og verslun. (Endurskoðuð íslensk þýðing.)

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 30. þingsetu sinnar í Genf 19. júní 1947 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

hefur samþykkt tilteknar ábendingar um tilhögun vinnueftirlits í iðnaði og verslun, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar,

gerir þingið í dag, 11. júlí 1947, svohljóðandi samþykkt sem nefna má Samþykkt um vinnueftirlit, 1947:

I. KAFLI

Vinnueftirlit í iðnaði.

1. gr.

Sérhvert aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem samþykkt þessi nær til skal halda uppi vinnueftirliti á vinnustöðum í iðnaði.

2. gr.

1. Vinnueftirlit á vinnustöðum í iðnaði skal ná til allra vinnustaða þar sem starfsmenn vinnueftirlitsins geta beitt lagaákvæðum um vinnuskilyrði og vernd starfsmanna við vinnu.

2. Með lögum eða reglugerðum er heimilt að undanskilja námu- og flutningafyrirtæki framkvæmd þessarar samþykktar að öllu eða nokkru leyti.

3. gr.

1. Hlutverk vinnueftirlitsins skal vera:

a. að tryggja framkvæmd lagaákvæða um vinnuskilyrði og vernd starfsmanna við vinnu, svo sem ákvæða um vinnutíma, vinnulaun, öryggi, heilbrigði og velferð, vinnu barna og unglinga og önnur skyld atriði, að svo miklu leyti sem þeim er unnt að framfylgja slíkum ákvæðum;

b. að láta atvinnurekendum og starfsmönnum í té tæknilegar upplýsingar og ráðleggingar um skilvirkustu aðferðir til að fullnægja ákvæðum laga;

c. að vekja athygli hlutaðeigandi stjórnvalds á ágöllum eða misbeitingu sem gildandi lagaákvæði kveða ekki sérstaklega á um.

2. Hvers konar frekari skyldur sem starfsmönnum vinnueftirlitsins kunna að verða faldar skulu hvorki vera með þeim hætti að þær komi í bága við skilvirka framkvæmd meginskyldna þeirra né dragi með nokkrum hætti úr valdi því og óhlutdrægni sem starfsmönnum vinnueftirlitsins er nauðsynlegt í samskiptum sínum við atvinnurekendur og starfsmenn.

4. gr.

1. Að svo miklu leyti sem það samrýmist stjórnunaraðferðum aðildarríkis skal vinnueftirlit sett undir yfirumsjón og stjórn meginstjórnvalds.

2. Í sambandsríki kann „meginstjórnvald“ að merkja alríkisstjórn eða meginstjórnvald einstaks ríkis innan sambandsríkisins.

5. gr.

Hlutaðeigandi stjórnvaldi ber að gera viðeigandi ráðstafanir til að stuðla að:

a. virku samstarfi eftirlitsþjónustunnar, annarra greina ríkisvaldsins og opinberra stofnana og einkastofnana sem hafa svipaða starfsemi með höndum; og

b. samvinnu embættismanna vinnueftirlitsins, atvinnurekenda og starfsmanna eða samtaka þeirra.

6. gr.

Starfsmenn vinnueftirlitsins skulu vera opinberir embættismenn sem njóti þeirrar aðstöðu og starfskjara að þeim sé tryggð varanleg atvinna og að þeir séu óháðir breytingum á ríkisstjórn og óeðlilegum ytri áhrifum.

7. gr.

1. Starfsmenn vinnueftirlitsins skulu einungis ráðnir með hliðsjón af starfshæfni, að teknu tilliti til hvers konar skilyrða sem sett kunna að verða með landslögum eða reglugerðum um ráðningu opinberra starfsmanna.

2. Hlutaðeigandi stjórnvald ákveður með hvaða hætti slík starfshæfni skuli metin.

3. Starfsmenn vinnueftirlitsins skulu hljóta viðeigandi þjálfun vegna skyldustarfa sinna.

8. gr.

Heimilt er að ráða jafnt karla og konur til starfa við vinnueftirlit, en ef þörf krefur má fela körlum og konum sérstök eftirlitsstörf.

9. gr.

Sérhverju aðildarríki ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að fyllilega hæfir tæknilegir sérfræðingar, þar með taldir sérfræðingar á sviði læknisfræði, verkfræði, rafmagnsfræði og efnafræði, séu fengnir til aðstoðar við eftirlitið með þeim hætti sem kann að þykja best viðeigandi í hverju ríki, til að tryggja framkvæmd ákvæða laga um heilsuvernd og öryggi starfsmanna við vinnu sína og til að rannsaka áhrif framleiðsluferla, efna og starfsaðferða á heilbrigði og öryggi starfsmanna.

10. gr.

Starfsmenn vinnueftirlitsins skulu vera nægilega margir til að tryggja skilvirka framkvæmd skyldustarfa eftirlitsins og skal fjöldi þeirra ákveðinn með hæfilegu tilliti til:

a. mikilvægis þeirra skyldna sem eftirlitsmönnum ber að inna af hendi, einkum:
   i. fjölda, eðlis, stærðar og aðstæðna á skoðunarskyldum vinnustöðum;
   ii. fjölda og starfsgreina starfsmanna sem starfa á slíkum vinnustöðum; og
   iii. fjölda og margbrotins eðlis þeirra lagaákvæða sem framfylgja verður;
b. þeirra tækja sem eftirlitsmönnum eru fengin í hendur;
c. aðstæðna sem verða að vera fyrir hendi á meðan á skoðunarferðum stendur svo að þær beri tilætlaðan árangur.

11. gr.

1. Hlutaðeigandi stjórnvaldi ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sjá starfsmönnum vinnueftirlitsins fyrir:

a. umdæmisskrifstofum sem búnar eru þeim gögnum sem nauðsynleg eru vegna starfseminnar og aðgengilegar öllum sem hlut eiga að máli;
b. nauðsynlegum flutningum svo að þeim sé fært að inna af hendi skyldur sínar þar sem ekki eru fyrir hendi viðeigandi almenningsfarartæki.

2. Hlutaðeigandi stjórnvaldi ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að endurgreiða starfsmönnum vinnueftirlitsins allan ferðakostnað og annan kostnað sem óhjákvæmilega leiðir af framkvæmd skyldustarfa þeirra.

12. gr.

1. Starfsmenn vinnueftirlitsins, sem hafa í höndum viðeigandi skilríki, hafa rétt til:

a. óhindraðs aðgangs að hvaða eftirlitsskyldum vinnustað sem er, hvenær sem er að degi eða nóttu, án þess að gera boð á undan sér;
b. að hafa aðgang að degi til að hverjum þeim húsakynnum sem þeir hafa gilda ástæðu til að telja að séu eftirlitsskyld;
c. að framkvæma hvers konar rannsóknir, prófanir eða athuganir sem þeir kunna að telja nauðsynlegar til að fullvissa sig um að ákvæðum laga sé hlítt til fullnustu, einkum:
   i. að fá nákvæmar upplýsingar hjá atvinnurekanda eða starfsmönnum, annaðhvort í einrúmi eða í vitna viðurvist, um hvaða atriði sem er sem snertir framkvæmd lagaákvæðanna;
   ii. að krefjast þess að framvísað sé hvers konar bókum, skrám eða öðrum skjölum sem skylt er að halda samkvæmt landslögum eða reglugerðum um vinnuskilyrði til þess að ganga úr skugga um að þau séu samkvæmt ákvæðum laga, svo og að afrita slík skjöl eða gera útdrátt úr þeim;

iii. að láta setja upp þær auglýsingar sem lög mæla fyrir um;
iv. að taka eða hafa á brott með sér sýni af efnum og hráefnum, sem notuð eru eða farið er með, til greiningar, að því tilskildu að atvinnurekanda eða fulltrúa hans hafi verið tilkynnt um hvers konar sýni eða hráefni sem tekin hafa verið eða höfð á brott í þessu skyni.

2. Þegar eftirlitsmenn koma í heimsókn ber þeim að tilkynna atvinnurekanda eða fulltrúa hans um nærveru sína, nema þeir telji að slík tilkynning gæti hindrað þá í skyldustörfum sínum.

13. gr.

1. Starfsmönnum vinnueftirlitsins skal fengið vald til að gera ráðstafanir til að bæta úr göllum sem þeir verða áskynja í verksmiðju, tilhögun eða starfsaðferðum sem þeir kunna að hafa ástæðu til að telja að hættulegar séu heilsu eða öryggi starfsmanna.

2. Til þess að eftirlitsmönnum sé kleift að gera slíkar ráðstafanir skal þeim fengið vald, sem háð er hvers konar áfrýjun til dómstóla eða framkvæmdarvalds samkvæmt lögum, til að gefa eða láta gefa út fyrirskipanir um:

a. breytingar á byggingum eða verksmiðjum sem framkvæma skal innan tiltekins tíma og nauðsynlegar kunna að vera til að tryggja að framfylgt sér ákvæðum laga um heilbrigði og öryggi starfsmanna, og
b. ráðstafanir sem gerðar skulu án tafar til að forðast yfirvofandi hættu fyrir heilsu eða öryggi starfsmanna.

3. Ef ráðstafanir þær sem tilgreindar eru í 2. mgr. eru ekki í samræmi við venjur framkvæmdar- eða dómsvalds aðildarríkis skulu eftirlitsmenn hafa rétt til að fara þess á leit við hlutaðeigandi stjórnvald að það gefi út fyrirskipanir þess efnis að gerðar verði viðeigandi ráðstafanir án tafar.

14. gr.

Vinnueftirlitinu skal tilkynnt um vinnuslys og tilfelli um atvinnusjúkdóma að því marki sem landslög eða reglugerðir kveða á um.

15. gr.

Að þeim tilvikum frátöldum sem ákvæði kunna að vera um í landslögum eða reglugerðum er starfsmönnum vinnueftirlitsins:

a. óheimilt að eiga beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta í þeim fyrirtækjum sem þeir hafa eftirlit með;
b. að viðlögðum viðeigandi refsingum, óheimilt að ljóstra upp, jafnvel eftir að þeir hafa látið af störfum, hvers konar framleiðslu- eða viðskiptaleyndarmálum eða vinnsluferlum sem þeir kunna að hafa orðið áskynja um við framkvæmd skyldustarfa sinna; og
c. skylt að fara með sem algert trúnaðarmál nafn heimildarmanns síns varðandi hvers konar kvörtun um galla eða upplýsingar um brot á lögum og gefa hvorki atvinnurekanda né fulltrúa hans neina vísbendingu um það að eftirlitsferð hafi verið farin í kjölfar slíkrar kvörtunar.

16. gr.

Vinnustaðir skulu skoðaðir svo oft sem þurfa þykir og eins nákvæmlega og talið er nauðsynlegt til að tryggja virka framkvæmd viðkomandi ákvæða laga.

17. gr.

1. Þá sem láta undir höfuð leggjast að hlíta ákvæðum laga, sem eftirlitsmenn sjá um framkvæmd á, er unnt að lögsækja fyrirvaralaust, með þeim fyrirvörum sem vera kunna í landslögum eða reglugerðum í þeim tilvikum þar sem skylt er að gefa viðvörun um úrbætur eða aðgerðir til forvarna.

2. Lagt er í vald eftirlitsmanna hvort þeir veiti viðvörun og ráðleggingar í stað þess að hefja eða mæla með málsókn.

18. gr.

Í landslögum eða reglugerðum skulu vera ákvæði um viðeigandi refsingar fyrir brot á lagaákvæðum sem eftirlitsmenn sjá um framkvæmd á og fyrir að trufla þá við framkvæmd skyldustarfa sinna. Slíkum ákvæðum skal stranglega beitt.

19. gr.

1. Eftirlitsmönnum eða eftirlitsskrifstofum í viðkomandi sveitarfélagi er skylt að gefa meginstjórnvaldi skýrslur reglulega um árangur af eftirlitsstörfum sínum.

2. Slíkar skýrslur skulu gerðar með þeim hætti og fjalla um það efni sem meginstjórnvald mælir fyrir um á hverjum tíma; þær ber að leggja fram a.m.k. svo oft sem slíkt stjórnvald mælir fyrir um og a.m.k. eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

20. gr.

1. Meginstjórnvaldið skal gefa út ársskýrslu almenns eðlis um störf eftirlitsþjónustunnar sem fram fer á þess vegum.

2. Slíkar skýrslur skulu gefnar út innan hæfilegs tíma frá viðkomandi áramótum og í öllum tilvikum innan 12 mánaða.

3. Afrit af slíkum ársskýrslum skulu send forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar innan hæfilegs tíma eftir að þær hafa verið gefnar út og í öllum tilvikum innan 12 mánaða.

21. gr.

Í ársskýrslunni, sem meginstjórnvald eftirlitsmála gefur úr, skal fjallað um eftirfarandi efni og annað viðkomandi efni, svo fremi slíkt sé á valdsviði þess:

a. lög og reglugerðir sem snerta störf eftirlitsþjónustunnar;
b. starfsmenn eftirlitsþjónustunnar;
c. tölfræðilegar upplýsingar um þá vinnustaði sem háðir eru eftirliti og þann fjölda starfsmanna sem þar starfar;
d. tölfræðilegar upplýsingar um eftirlitsferðir;
e. tölfræðilegar upplýsingar um brot og refsingar sem dæmt hefur verið til;
f. tölfræðilegar upplýsingar um vinnuslys;
g. tölfræðilegar upplýsingar um atvinnusjúkdóma.

II. KAFLI
Vinnueftirlit í verslunarfyrirtækjum.

22. gr.

Sérhverju aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, þar sem þessi hluti samþykktar þessarar er í gildi, ber að halda uppi kerfi vinnueftirlits í verslunarfyrirtækjum.

23. gr.

Vinnueftirlit á vinnustöðum í verslunarfyrirtækjum skal ná til allra vinnustaða þar sem eftirlitsmenn geta beitt lagaákvæðum um vinnuskilyrði og vernd starfsmanna við vinnu.

24. gr.

Kerfi vinnueftirlits í verslunarfyrirtækjum skal fullnægja þeim kröfum sem tilgreindar eru í 3.–21. gr. samþykktar þessarar að svo miklu leyti sem þær eiga við.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

25. gr.

1. Sérhverju aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem fullgildir samþykkt þessa er heimilt, með yfirlýsingu, sem fylgir fullgildingarskjali þess, að undanskilja II. hluta hennar.

2. Sérhverju aðildarríki, sem gefið hefur út slíka yfirlýsingu, er heimilt að ógilda hana hvenær sem er með því að gefa út aðra yfirlýsingu.

3. Sérhverju aðildarríki, sem tilkynning skv. 1. mgr. þessarar greinar gildir fyrir, ber að skýra árlega í ársskýrslu sinni um framkvæmd samþykktar þessarar frá afstöðu laga sinna og venja hvað snertir ákvæði II. hluta hennar og að hvaða marki slík ákvæði hafa verið framkvæmd eða ætlunin er að framkvæma þau.

26. gr.

Í sérhverju tilviki þar sem vafi leikur á um hvort hvers konar starfsemi eða hluti hennar eða þjónusta í tengslum við hana eða vinnustað sé starfsemi, hluti hennar, þjónusta eða vinnustaður sem samþykkt þessi nær til skal hlutaðeigandi stjórnvald skera úr um það.

27. gr.

Í samþykkt þessari felur hugtakið „lagaákvæði“ í sér, auk laga og reglugerða, úrskurði gerðardóma og almenna kjarasamninga sem hafa lagagildi og eftirlitsmönnum er skylt að hlíta.

28. gr.

Í þeim ársskýrslum sem leggja skal fram skv. 22. gr. stofnsamþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skulu vera ítarlegar upplýsingar um öll lög og reglugerðir sem settar hafa verið til að tryggja framkvæmd samþykktar þessarar.

29. gr.

1. Ef í aðildarríki eru stór, strjálbýl svæði, eða þróunarstig er með þeim hætti að hlutaðeigandi stjórnvald telur óframkvæmanlegt að beita ákvæðum samþykktar þessarar, er því heimilt að undanskilja slík svæði frá framkvæmd hennar, annaðhvort almennt eða með þeim undanþágum varðandi tiltekna starfsemi eða starfsgreinar sem það telur við hæfi.

2. Sérhverju aðildarríki ber að tilgreina í fyrstu ársskýrslu sinni um framkvæmd samþykktar þessarar skv. 22. gr. stofnsamþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sérhver þau svæði þar sem það hyggst beita ákvæðum þessarar greinar og tilgreina ástæður þess; eftir útgáfudag fyrstu ársskýrslu sinnar er engu aðildarríki heimilt að beita ákvæðum þessarar greinar, að undanteknum þeim svæðum sem tilgreind hafa verið með þessum hætti.

3. Sérhverju aðildarríki sem beitir ákvæðum þessarar greinar ber að tilgreina í síðari ársskýrslum hver þau svæði þar sem það hyggst afsala sér þeim rétti að beita ákvæðum þessarar greinar.

[30. og 31. gr.: Staðlaðar yfirlýsingar um beitingu ákvæða samþykkarinnar á sjálfstjórnarsvæðum.]

IV. KAFLI.

Lokaákvæði.

[32.–39. gr.: Staðlaðar lokagreinar.]

Fylgiskjal V.

Ræða félagsmálaráðherra, Páls Péturssonar, á allsherjarþingi 82. Alþjóðavinnumálaþingsins.

(7. júní 1995.)

Virðulegi þingforseti.

Ég vil hefja mál mitt á því að óska hr. Rosales Argüello til hamingju með kosningu sem forseti 82. Alþjóðavinnumálaþingsins. Ég vil taka undir orð fyrri ræðumanna sem hafa látið í ljósi fullvissu um að hann muni leysa þetta ábyrgðarfulla starf vel af hendi og þar með stuðla að því að árangur þingsins verði sem allra mestur.

Skýrsla forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar ber að þessu sinni yfirskriftina „Fjölgun starfa“ (Promoting Employment). Skýrslan er útdráttur úr annarri skýrslu í nýrri ritröð sem fjallar um atvinnuástandið í heiminum. Í henni er að finna yfirlit yfir atvinnustig á öllum helstu atvinnusvæðum heimsins og greiningu á þeim vanda sem knýr dyra nú á tímum hjá flestum þjóðum heimsins, þ.e. vaxandi atvinnuleysi sem leiðir til aukinna félagslegra vandamála, einkum fátæktar og félagslegrar útskúfunar. Í skýrslunni er þess freistað að brjóta til mergjar ástæður vaxandi atvinnuleysis og reynt að benda á leiðir til lausnar þessum vanda sem ríkisstjórnir flestra ef ekki allra aðildarríkja Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eru að glíma við um þessar mundir. Þetta er ekki auðvelt viðfangsefni. Í seinni hluta skýrslunnar vekur forstjórinn athygli á þeirri staðreynd að höf-

uðumarkmiðið í hagstjórn á árunum eftir síðari heimstyrjöldina hafi verið full vinna fyrir alla. Þetta markmið virkaði hvetjandi á atvinnusköpun. Forstjórinn bendir á að nú á tímum sé eins og stjórnmálamenn hafi gefið þetta markmið upp á bátinn og það sé miður. Ég vil taka undir þetta álit forstjórans. Það sem ef til vill skiptir mestu máli er að takast á við þetta vandamál með því hugarfari að atvinnuleysi sé óásættanlegt böl og að hafa bjargfasta trú á að hægt sé að viðhalda fullri atvinnu fyrir allar vinnufúsar hendur.

Í fyrri hluta skýrslunnar fjallar forstjórinn um helstu atriði sem einkenna þróun atvinnu- og efnahagsmála síðustu árin og áratugina. Þar er enn á ný vakin athygli á þeim skipulagsbreytingum sem hafa átt sér stað í atvinnulífinu. Hlutur landbúnaðar og iðnframleiðslu hefur dregist saman en hlutur þjónustu í heimsframleiðslunni hefur vaxið mjög hratt, einkum í iðnríkjum og þróunarríkjum. Þetta hefur valdið breytingum á vinnumarkaðinum. Samdráttur í iðnaði og landbúnaði hefur valdið miklu atvinnuleysi í þessum atvinnugreinum.

Íslensk stjórnvöld tóku virkan þátt í Úrúgvæ-viðræðunum og Ísland er meðal stofnríkja WTO. Þegar á heildina er litið eru Íslendingar tiltölulega sáttir við niðurstöðuna. Hins vegar er því ekki að neita að lækkun tolla á ýmsum vöruflokkum getur komið illa við ýmsar atvinnugreinar á Íslandi. Þetta á ekki síst við landbúnaðinn sem býr við erfið veðurfarsleg skilyrði en ekki er hægt að horfa fram hjá því að stór hluti vinnandi fólks á Íslandi hefur lífsviðurværi sitt af landbúnaðarframleiðslu beint eða óbeint.

Í skýrslu forstjórans er fjallað um Úrúgvæ-viðræðurnar og hugsanleg áhrif þeirra á atvinnu- og efnahagslíf. Það sem vekur sérstaka athygli er hversu forstjórinn er varkár í skýrslunni í mati sínu á áhrifum samkomulagsins. Hann bendir á að framkvæmd þess verði ekki sársaukalaus fyrir mörg ríki og hún krefjist margvíslegra aðgerða sem miða að því að laga atvinnulífið að nýjum aðstæðum. Þetta gildir einkum að því er varðar útflutning ríkja í suðri á vefnaðarvöru, fatnaði og landbúnaðarframleiðslu til ríkja í norðri.

Aðildarríki samkomulagsins verða að hafa á því skilning að í starfsgreinum þar sem vænta má umtalsverðra áhrifa verða stjórnvöld að grípa inn í með beinum hætti. Á Íslandi gildir þetta fyrst og fremst um landbúnaðinn. Óheft samkeppni og of ör niðurskurður á styrkjum og annari aðstoð getur leitt til umtalsverðrar byggðaröskunar með tilheyrandi félagslegum vandamálum. Það vekur athygli mína að í skýrslu forstjórans kemur fram ríkur skilningur á þessu sérstaka vandamáli.

Í skýrslunni er sérstaklega tekið fram að mikilvægt sé að halda áfram opinberum stuðningi við fjölskyldubúskap. Bent er á að fjárfesting í landbúnaði sem hafi að markmiði að bæta framleiðni sé mjög arðvænleg. Fram kemur að aukið frjálsræði í viðskiptum með hærra verði, lægri tollum og opnun nýrra markaða geti bætt fjárhagsstöðu landbúnaðarins þegar á heildina er litið. En á því hefur verið misbrestur að landbúnaðurinn hafi getað nýtt sér ný tækifæri til markaðssóknar. Ástæðan er sú að stjórnvöld hafa afnumið styrki sem gera einyrkjum kleift að nýta þessi nýju tækifæri. Forstjórinn leggur áherslu á að stjórnvöld forðist slík mistök þannig að bændur og landbúnaðurinn í heild njóti að fullu ávinningsins af auknu frjálsræði í viðskiptum. Ég vil heilshugar taka undir þessi orð forstjórans.

Eins og flestir vita sjálfsagt eru Íslendingar fámenn þjóð sem frá árinu 874 byggir hlutfallslega stórt land. Barátta fyrir fullu sjálfstæði í aldir, frá 1262 til 1944, hefur gert Íslendinga meðvitaða um gildi alþjóðasamstarfs og löngun annarra þjóða til að búa við frelsi og sjálfstæði. Þar af leiðandi voru Íslendingar í hópi þeirra ríkja sem fyrst viðurkenndu ný ríki Austur-Evrópu.

Íslendingar vilja eiga samstarf við önnur ríki á jafnréttisgrundvelli á alþjóðavettvangi, ekki síst vettvangi Sameinuðu þjóðanna og sérstofnana þeirra. Þess er vænst að málefni þeirra og annarra smáríkja fái umfjöllun með svipuðum hætti og annarra fullvalda ríkja. Á það má minna að framlag þessara ríkja, bæði að því er varðar fjármuni og virka starfsemi alþjóðastofnana, þolir samburð við framlag mun fjölmennari þjóða. Þar af leiðandi vekur það nokkra athygli mína að í skýrslu forstjórans er ekki minnst einu orði á hin smærri aðildarríki stofnunarinnar, a.m.k. ekki þau sem eru í Evrópu. Svo virðist sem hér sé fylgt ákveðinni stefnu sem jafnvel taki til smæstu atriða í skýrslunni. Þannig segir í neðanmálsgrein á bls. 66 í enskri útgáfu skýrslunnar að EFTA taki einungis til Sviss, Austurríkis, Noregs og Svíþjóðar. Þetta er rangt vegna þess að Ísland hefur verið aðildarríki EFTA frá því árið 1970, auk þess sem Lichtenstein er einnig meðal aðildarríkja. Ég vona að hér sé einungis um tilviljun að ræða og villu en ekki meðvitaða stefnu. Ef svo væri hlyti ég fyrir hönd íslenskra stjórnvalda að mótmæla henni. Til að koma í veg fyrir misskilning er rétt að taka fram að vegna inngöngu í Evrópusambandið gengu Austurríki, Finnland og Svíþjóð úr EFTA 1. janúar 1995.

Ég vil taka fram að ríkisstjórn Íslands leggur áherslu á það að þróun í efnahags- og viðskiptamálum fylgi umbætur í félagsmálum. Þar af leiðandi styðjum við áframhaldandi umræður um þetta efni á vettvangi ILO. Hins vegar viljum við lýsa yfir stuðningi við þau sjónarmið sem telja að nauðsynlegt sé að taka til endurmats vinnu ILO að þessu máli. Við erum þeirrar skoðunar að hér sé um að ræða mikilvægt umræðuefni, ekki vegna viðskiptasamninganna sem slíkra eða stöðu velferðarkerfisins. Þetta snertir grundvallarmannréttindi, ekki síst grundvallarréttindi launafólks sem eiga að vera forgangsviðfangsefni þessarar stofnunar. Við styðjum aðila sem hafa varað við því að þessi umræða leiði til þess að upp verði tekin dulbúin verndarstefna sem hindri útflutning þróunarlanda og hefti sókn þeirra til bættra lífskjara sem leiði til félagslegra umbóta. Við teljum þó koma til greina að slík félagsleg ákvæði „social clause“ verði takmörkuð við grundvallarréttindi, t.d. félagafrelsi, samningafrelsi, afnám nauðungarvinnu og afnám alvarlegrar misnotkunar barna við vinnu.

Í þessu sambandi vil ég láta í ljósi ánægju mína með leiðtogafund Sameinuðu þjóðanna sem haldinn var í Kaupmannahöfn í mars sl. um félagslega þróun. Eins og við höfum orðið vör við hefur forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar þegar hafið undirbúning við að hrinda í framkvæmd þeim þáttum lokayfirlýsingar fundarins í Kaupmannahöfn sem heyra til verksviðs Alþjóðavinnumálstofnunarinnar.

Virðulegi forseti.

Ég óska þessu 82. Alþjóðavinnumálaþingi velfarnaðar og vænti þess að starf þess verði árangursríkt.

Fylgiskjal VI.

Niðurstaða nefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem fjallar um félagafrelsi, í kærumáli ASÍ vegna setningar laga nr. 15/1993, um bann við verkfalli og verkbanni á ms. Herjólfi.

Með bréfi, dags. 29. mars 1994, kærði Alþýðusamband Íslands til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) setningu laga nr. 15/1993, um bann við verkfalli og verkbanni á ms. Herjólfi. Lögin voru sett til að binda enda á kjaradeilu skipverja um borð í skipinu. Félagsmálaráðherra barst bréf frá alþjóðavinnumálaskrifstofunni í Genf, dags. 11. apríl 1994, þar sem óskað er eftir athugasemdum ríkisstjórnarinnar við þessa kæru. Í kæru Alþýðusambandsins er setning framangreindra laga talin brot á alþjóðasamþykktum nr. 87, um félagafrelsi, og nr. 98, um samningafrelsi. Ísland fullgilti fyrrnefndu samþykktina árið 1950 en þá síðarnefndu 1952.

Hinn 17. febrúar 1995 sendi ríkisstjórn Íslands Alþjóðavinnumálastofnuninni greinargerð um afstöðu sína til kæru ASÍ.

Stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar afgreiddi á fundi sínum 23. júní 1995 skýrslu nefndar um félagafrelsi.[1] Kæra ASÍ vegna setningar laga nr. 15/1993 er meðal þeirra mála sem fjallað er um í skýrslunni. Niðurstaða nefndarinnar er eftirfarandi:

Kærumál nr. 1768.

Kæra Alþýðusambands Íslands (ASÍ) á hendur ríkisstjórn Íslands.

71. Með bréfi dags. 29. mars 1994 lagði Alþýðusamband Íslands (ASÍ) fram kæru á hendur ríkisstjórn Íslands vegna brota á félagafrelsi.

72. Ríkisstjórnin lagði fram greinargerð sína í málinu í bréfi dags. 20. febrúar 1995.

73. Ísland hefur staðfest alþjóðasamþykkt nr. 87, um félagafrelsi, frá 1948, og alþjóðasamþykkt nr. 98, um beitingu grundvallarreglna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega, frá 1949.

A. Fullyrðing sóknaraðila.

74. Í kæru sinni dags. 29. mars 1994 staðhæfir ASÍ að með því að samþykkja lög nr. 15, 23. mars 1993, um bann við verkfalli og verkbanni á ferjunni ms. Herjólfi, en samkvæmt þeim var skipaður sérstakur gerðardómur til að ákveða kaup og kjör skipverja á ms. Herjólfi fyrir 1. ágúst 1993, brjóti í bága við alþjóðasamþykktir nr. 87 og 98. Með úrskurði gerðardómsins 9. ágúst 1993 voru lagðar hömlur á kjarasamninga stéttarfélags sem átti ekki aðild að deilunni og svipti félaga þess rétti til að gera almenna kjarasamninga til þess að unnt væri að koma til móts við kröfur félaga annarra stéttarfélaga sem áttu í kjaradeilu við stjórn Herjólfs hf.

75. Nánar tiltekið tilgreinir ASÍ að ms. Herjólfur sé ferja sem er í ferðum milli Vestmannaeyja og meginlandsins. Að jafnaði starfa 16 menn á skipinu og eru þeir félagar í fimm stéttarfélögum: stýrimennirnir eru félagar í Stýrimannafélagi Íslands, vélstjórarnir eru félagar í Vélstjórafélagi Íslands, skipstjórarnir eru félagar í Skipstjórafélagi Ís-

[1] Skýrslan heitir á ensku: 299th Report of the Committee on Freedom of Association, ILO Governing Body (GB. 263/3 — 263rd Session, Geneva June 1995).

lands, brytarnir eru félagar í Félagi bryta, og þernur, hásetar og bátsmenn eru félagar í Sjómannafélaginu Jötni. Stjórn Herjólfs hefur gert sérstaka samninga við hvert stéttarfélag og eru kjarasamningar þessara stéttarfélaga algerlega óháðir hver öðrum.

76. Hinn 3. febrúar 1993 boðaði Stýrimannafélag Íslands verkfall stýrimanna á ms. Herjólfi. Kröfur stýrimanna voru m.a. í því fólgnar að laun þeirra yrðu hækkuð í tilteknu hlutfalli við laun bátsmannsins. Skömmu eftir að Stýrimannafélag Íslands hóf verkfallið var þess óskað að Sjómannafélagið Jötunn tæki þátt í samningaviðræðum um breytingar á vinnutilhögun um borð í skipinu. Sjómannafélagið Jötunn vakti athygli á því að félagið hefði gildan samning sem gengi ekki úr gildi fyrr en 1. mars 1993. Félagið vísaði til þessa samnings þegar það var beðið um að taka þátt í samningaviðræðum um kaup og kjör.

77. Hinn 23. febrúar fengu undirmenn á ms. Herjólfi, þ.e. bátsmenn og hásetar, uppsagnarbréf þar sem sagði að ráðningartíma þeirra væri lokið að liðnum uppsagnarfresti. Sjómannafélagið taldi að uppsagnirnar væru til komnar til þess að þvinga undirmenn til að samþykkja kröfur yfirmanna og stjórnar Herjólfs hf. varðandi breytingar á vinnutilhögun; undirmenn töldu að framlagðar tillögur væru gróft brot á réttindum þeirra. Sjómannasamband Íslands og Sjómannafélag Reykjavíkur höfðu uppi kröftug mótmæli vegna uppsagnar undirmanna. Samninganefnd Sjómannasambands Íslands, sem hafði fengið umboð til að semja fyrir hönd Sjómannafélagsins Jötuns, hafnaði því að gera nýjan kjarasamning við stjórn Herjólfs fyrr en uppsagnir undirmanna hefðu verið dregnar til baka.

78. Hinn 8. mars 1993 dró stjórn Herjólfs uppsagnirnar til baka með því skilyrði að fulltrúar undirmanna kæmu til fundar. Fundur var haldinn 9. mars 1993 þar sem fulltrúar undirmanna lögðu fram tilboð um óbreyttan kjarasamning að öðru leyti en því að launaliðurinn mundi hækka í samræmi við hækkanir sem samið kynni að verða um í almennum kjarasamningum milli ASÍ og Vinnuveitasambands Íslands (VSÍ) fyrir landverkamenn. Í tillögu undirmanna frá 9. mars var einnig yfirlýsing varðandi gerð heildarkjarasamnings fyrir áhöfn ms. Herjólfs á samningstímanum. Undirmenn töldu eðlilegra að ræða breytingar á vinnutilhögun við aðrar aðstæður en þær að yfirmennirnir væru í verkfalli, en slíkt ylli miklum þrýstingi. Auk þess höfðu yfirmennirnir með kröfum sínum dregið undirmenn inn í deilur sínar við stjórn Herjólfs hf. Undirmenn töldu að slíkar aðstæður væru algerlega óviðunandi forsenda samningaviðræðna um breytingar á vinnutilhögun um borð.

79. Tilboði undirmanna frá 9. mars var ekki svarað. Hins vegar voru lög nr. 15/1993 samþykkt 23. mars. (Ensk þýðing laganna fylgir kærunni.) Með lögunum var verkfall Stýrimannafélags Íslands á ms. Herjólfi fellt úr gildi, „svo og verkbönn, verkföll og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða . . . “ Í lögunum sagði síðan að ef stéttarfélög skipverja og stjórn Herjólfs hf. hefðu ekki náð samningum um starfshætti og kjör fyrir 1. júní 1993 yrði þess farið á leit við Hæstarétt Íslands að hann tilnefndi þrjá menn í gerðardóm sem skyldi ákveða kaup og kjör skipverja á ms. Herjólfi fyrir 1. ágúst 1993. Þar eð deiluaðilar höfðu ekki náð samningum 1. ágúst 1993 kvað gerðardómurinn upp úrskurð sinn 9. ágúst sama ár. Öll stéttarfélögin fimm voru tilgreind sem aðilar að því máli sem var til úrskurðar fyrir gerðardóminum og voru kröfur þeirra að mestu leyti hinar sömu og áður. Yfirmennirnir, þ.e. stýrimenn, vélstjórar og skipstjórar, kröfðust þess að laun þeirra yrðu ávallt hærri en laun undirmanna þeirra svo næmi tilteknum hundraðshluta. Sjómannafélagið Jötunn vísaði til tilboðs síns frá 9. mars, en áréttaði þá staðhæfingu sína að starfshættir væru efni til samninga en ekki mál gerðardóms sem skipaður væri samkvæmt lögum.

80. Niðurstaða gerðardómsins varð hins vegar sú að kaup og kjör yfirmanna á ms. Herjólfi frá 23. mars. til 31. desember 1993 skyldu byggð á gildandi kjarasamningum stéttarfélaganna fjögurra (að undanskildu Sjómannafélaginu Jötni). Hins vegar skyldu kaup og kjör undirmanna, m.a. bátsmanna og þerna, á sama tíma byggjast á síðasta gilda kjarasamningi háseta á kaupskipum milli Sjómannafélags Reykjavíkur og atvinnurekenda og milli Sjómannafélagsins Jötuns og varnaraðila, Herjólfs hf., með þeirri undantekningu að fellt skyldi niður ákvæði 3. gr. um yfirvinnu háseta samkvæmt sérstökum samningi milli aðila, dags. 15. ágúst 1989. Slíkar yfirvinnugreiðslur höfðu verið teknar upp í samningum milli aðila 1981, en þá varð að samkomulagi að fjöldi háseta skyldi vera minni en næmi áætlaðri mönnunarþörf, en í stað þess skyldu þeir fá yfirvinnugreiðslur. Starfað hafði verið samkvæmt þessari tilhögun síðan 1981.

81. Í niðurstöðu sinni vísaði gerðardómurinn hins vegar til 3. gr. laga nr. 15/1993 þar sem segir að þegar gerðardómurinn ákveði kaup og kjör samkvæmt lögunum skuli hann hafa til hliðsjónar gildandi kjarasamninga á kaupskipum og almenna launaþróun í landinu. Dómurinn var þeirrar skoðunar að yfirvinnugreiðslur þær sem undirmenn höfðu fengið í 12 ár væru umfram það sem almennt gilti á kaupskipum og skyldu því felldar niður. ASÍ telur að úrskurður gerðardómsins lækki laun undirmanna um 10% og valdi því verulegri skerðingu á kaupi og kjörum undirmanna. ASÍ mótmælir meðferð málsins þar sem laun félaga eins stéttarfélags voru lækkuð í því skyni að leysa deilu atvinnurekenda og annars stéttarfélags. Auk þess sagði gerðardómurinn í niðurstöðu sinni að rekja mætti deiluna að miklu leyti til innri ágreinings milli stéttarfélaga, einkum hvað snertir launahlutföll. ASÍ er þeirrar skoðunar að það sé ekki hlutverk stéttarfélaga að komast að samkomulagi sín á milli um launahlutföll.

82. Í stuttu máli dregur ASÍ saman rök sín fyrir því hvers vegna ríkisstjórnin braut ákvæði alþjóðasamþykkta nr. 87 og 98. Í fyrsta lagi var mælt svo fyrir í lögum frá 23. mars 1993 að gerðardómurinn skyldi ákveða kaup og kjör skipverja hvort sem þeir ættu aðild að deilu um kaup og kjör við atvinnurekanda sinn eða ekki og hvort sem ítarlegar tilraunir hefðu verið gerðar til að ná samningum eða ekki. Hinn almenni kjarasamningur milli Sjómannafélagsins Jötuns og stjórnar Herjólfs hf. gekk ekki úr gildi fyrr en 1. mars 1993. Eini fundurinn sem undirmenn voru boðaðir á var haldinn 9. mars 1993. Á þeim fundi lögðu undirmenn fram þá eðlilegu kröfu að hinir almennu kjarasamningar skyldu haldast óbreyttir, en þeir skyldu hljóta launahækkanir sem samsvöruðu þeim hækkunum sem önnur stéttarfélög innan ASÍ kynnu að fá í yfirstandandi samningaviðræðum. Enn fremur lýstu undirmenn yfir því að þeir væru reiðubúnir til að hefja samningaviðræður um breytingar á vinnutilhögun um borð í skipinu. Hins vegar var tilboði þeirra ekki svarað og lögin voru samþykkt skömmu síðar.

83. ASÍ telur að ekki hafi verið gerðar ítarlegar tilraunir að ná samningi við Sjómannafélagið Jötun, þar eð lögin voru sett skömmu eftir að samningurinn við stéttarfélagið rann út. Sú staðreynd að yfirmenn skipsins fóru í verkfall mætti ekki valda því að félagar í Sjómannafélaginu Jötni (undirmenn) væru sviptir rétti sínum til að gera almenna kjarasamninga um kaup og kjör, jafnvel þótt ein af kröfum verkfallsmanna væri sú að laun þeirra skyldu hækka í samræmi við hækkun sem undirmenn hefðu fengið áður. Einn fundur getur ekki talist nægileg sönnun fyrir því að ítarlegar tilraunir hefðu verið gerðar til að ná samkomulagi þar sem undirmönnum hefði aldrei borist gagntilboð eftir fundinn. Því telur ASÍ ekki mögulegt að líta svo á að kjaradeila hafi komið upp milli Sjómannafélagsins Jötuns og stjórnar Herjólfs hf. þar eð aldrei barst svar við kröfu undirmanna. Samkvæmt íslenskri vinnulöggjöf gildir sú meginregla að þegar kjarasamning-

ar eru lausir skuli síðustu gildandi kjarasamningar milli aðila gilda þangað til annar samningur hefði verið gerður. Því hefði verið unnt að gera samning fyrir félaga í Sjómannafélaginu Jötni, jafnvel þótt talist hefði nauðsynlegt að ljúka verkfalli yfirmanna og deilu þeirra um kaup og kjör við atvinnurekandann með lagasetningu.

84. ASÍ telur að samningsrétturinn sé einskis virði ef ríkisstjórnin getur svipt félaga í stéttarfélögum samningsbundnum rétti sínum, einkum ef slíkt er gert tólf árum eftir gerð samnings, eins og í því tilviki þegar gerðardómurinn felldi úrskurð um niðurfellingu yfirvinnugreiðslna til skipverja. ASÍ telur óþolandi að unnt skuli vera að ógilda löglega gerða kjarasamninga stéttarfélags við viðsemjendur sína með þessum hætti. Slík afskipti grafi undan trúverðugleika stéttarfélaga og trausti félaganna á starfsemi þeirra.

B. Svar ríkisstjórnarinnar.

85. Í bréfi sínu dagsettu 20. febrúar 1995 bendir ríkisstjórnin á að meginhluti efnahagslífs landsins byggist á fiskveiðum og útflutningi sjávarfangs. Þetta atriði skipti miklu í því máli sem hér er til umfjöllunar vegna þess að Vestmannaeyjar séu ein mikilvægasta verstöð Íslands. Ríkisstjórnin lýsir síðan þeim aðgerðum sem gerðar hafa verið til að takast á við mikla verðbólgu og ná jafnvægi í utanríkisviðskiptum landsins. Loks lýsir ríkisstjórnin langvarandi deilum sem snerta skipverja á ms. Herjólfi og ástæðunum fyrir því hvers vegna Alþingi hafi samþykkt lög til að binda enda á sjö vikna langt verkfall þeirra.

86. Í fyrsta lagi útskýrir ríkisstjórnin að fiskveiðar skipti verulegu máli fyrir efnahagslíf Íslands. Fiskafurðir séu um þrír fjórðu af útflutningi landsins og þær gefi um 55% af heildargjaldeyristekjum landsins. Við sjávarútveg starfi um 12% mannaflans. Hins vegar hefðu sveiflur í aflamagni og verðlagi óhjákvæmilega valdið meiri efnahagssveiflum á Íslandi en í mörgum öðrum iðnríkjum. Þannig mætti nefna að ekki sjaldnar en átta sinnum hefði landsframleiðsla dregist saman milli ára frá stofnun lýðveldisins árið 1944. Þótt þessar sveiflur hefðu farið rénandi settu þær engu að síður efnahagsstefnu þröngar skorður. Brestur í afla eða verðfall afurða gæti leitt til atvinnuleysis og/eða skuldasöfnunar við útlönd, nema úr útgjöldum þjóðarinnar væri dregið. Þetta hefði verið gert á Íslandi, einkum með því að lækka gengi gjaldmiðilsins, krónunnar, eða með því að hafa bein áhrif á raunlaunakostnað atvinnuveganna.

87. Ríkisstjórnin bendir síðan á að verðbólga hafi verið langvarandi vandi á Íslandi, enda hafi hún aukist á áttunda áratugnum og orðið margfalt meiri en í öðrum aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Verðbólgan hafi komist í 49% árið 1975. Á því og næsta ári hefðu verið gerðar víðtækar ráðstafanir til að draga úr verðbólgu, sem náði 30% á tveggja ára tímabili. Ein ráðstöfunin hafi verið að takmarka verðtryggingu launa. Hins vegar hafi m.a. verið gert ráð fyrir 25% almennum launahækkunum í kjarasamningum árið 1977 auk fullrar verðtryggingar. Verðbólga hafi magnast á ný og verið á bilinu 50–60% fram á fyrstu ár níunda áratugarins, en það hafi leitt til þess að gera varð ráðstafanir árið 1983, svo sem að afnema vísitölubindingu launa um tveggja ára skeið, svo og að fella gengið. Ríkisstjórnin segir að dregið hafi úr verðbólgu smám saman á undanförnum árum. Hún hafi verið á bilinu 20–25% á árunum 1986–89; úr henni hafi dregið verulega árið 1990, þegar hún var 7,3% frá ársbyrjun til ársloka. Verðbólgan hafi verið 7,2% árið 1991, 2,4% árið 1992 og 3,2% árið 1993. Árið 1994 hafi verðbólgan frá ársbyrjun til ársloka verið aðeins um 1%. Þetta hafi verið afleiðing samráðssamnings árið 1986 og þjóðarsáttar í febrúar 1990 sem aðilar vinnumarkaðarins og ríkisstjórnin sömdu um til að vinna gegn verðbólgu. Það þurfi ekki að koma á óvart að

ríkisstjórnin hefði gætt ýtrasta aðhalds á öllum sviðum efnahags- og kjaramála í því skyni að stofna þessum árangri ekki í hættu. Það sé í þessu ljósi sem verði að líta á aðgerðir ríkisstjórnarinnar á þessum sviðum.

88. Ríkisstjórnin lýsir síðan megindráttum Vestmannaeyja, sem séu meðal helstu verstöðva landsins. Til dæmis var 227.600 tonnum af afla landað í Vestmannaeyjum árið 1992, en heildarverðmæti þess afla úr sjó var 4,723 millj. kr. Að mati ríkisstjórnarinnar sé mikilvægi eyjanna fyrir efnahag Íslands óumdeilt. Ríkisstjórnin útskýrir að flugvélar og skip annist fólks- og vöruflutninga á milli Vestmannaeyja og meginlandsins. Reglulegar flugsamgöngur séu við Heimaey en vegna veðurs verði oft að aflýsa flugi. Ms. Herjólfur sé því meginsamgöngutækið með fólk og vörur milli lands og eyja og það mikilvægasta. Ms. Herjólfur sigli daglega milli lands og eyja og fari allt að tíu ferðir á viku á sumrin. Ríkisstjórnin leggur áherslu á að góðar og traustar samgöngur séu forsenda fyrir búsetu á eyjunum.

89. Það er í þessu samhengi sem ríkisstjórnin ræðir deilu skipverja og útgerðar ms. Herjólfs. Hún telur að rót þeirra deilu sem hér sé til umfjöllunar sé kjarasamningur milli stjórnar Herjólfs hf. og Sjómannafélagsins Jötuns. Ríkisstjórnin bendir á að í ljós hafi komið að ekki hafi verið haft samráð við Vinnuveitendasamband Íslands (VSÍ) og að samningurinn hafi ekki verið sendur VSÍ til samþykktar eins og aðildarfyrirtækjum samtakanna beri að gera. Þeir sem gerðu samninginn voru formaður Verkalýðsfélags Vestmannaeyja fyrir hönd stjórnar Herjólfs hf. og formaður Sjómannafélagsins Jötuns. Í þessu sambandi telji ríkisstjórnin nauðsynlegt að upplýsa að formaður Verkalýðsfélags Vestmannaeyja hafi á þessum tíma verið fulltrúi fjármálaráðherra í stjórn Herjólfs hf. og formaður Sjómannafélagsins Jötuns hafi verið varafulltrúi fjármálaráðherra í stjórn Herjólfs hf. Framangreindir samningar hafi falið í sér verulegar kjarabætur til handa félagsmönnum í Sjómannafélaginu Jötni umfram félagsmenn annarra stéttarfélaga sem störfuðu um borð í ms. Herjólfi. Þar með hefðu samningarnir orðið undirrót að óánægju og langvinnum erjum meðal áhafnarinnar. Ekki hefðu komið fram fullnægjandi skýringar á því hvers vegna talið hefði verið rétt að auka hlut eins hóps skipverja umfram aðra. Óhætt væri að telja að kjarasamningurinn árið 1981 hefði fært undirmönnum um borð í ms. Herjólfi óeðlilega miklar launahækkanir miðað við aðrar stéttir um borð og ekki síður ef miðað væri við kjör undirmanna á skipum annars staðar á Íslandi.

90. Ríkisstjórnin segir að útgerð ms. Herjólfs hafi gert ítrekaðar tilraunir til að endurskoða starfshætti skipverja í þeim tilgangi að samræma launakerfi áhafnarinnar. Forsenda þess að því markmiði yrði náð hefðu verið samningaviðræður við öll hlutaðeigandi stéttarfélög á sama tíma. Sjómannafélagið Jötunn hafi komið sér hjá því hvað eftir annað að taka þátt í markvissum samningaviðræðum í þessu sambandi vegna þess að félaginu hefði áður tekist, með samningnum við útgerð skipsins árið 1981, að tryggja félögum sínum verulegar launa- og kjarabætur umfram kaup og kjör skipverja í öðrum stéttarfélögum sem störfuðu um borð í ferjunni. Ríkisstjórnin telur að það hafi verið mistök hjá rekstrarfélaginu að gera þennan samning vegna þess að með honum var gert upp á milli einstakra hópa skipverja og það olli að óþörfu innbyrðis deilum milli stéttarfélaga.

91. Ríkisstjórnin telur að greinargerð ASÍ, sem fram kemur í kærunni, gefi ekki rétta mynd af þróun deilumála um borð í ms. Herjólfi og sé raunar að ýmsu leyti röng. Í fyrsta lagi sé rangt að ekki hafi verið kjaradeila við Sjómannafélagið Jötun. Upplýst sé að Vinnuveitendasamband Íslands hafi vísað málum allra fimm stéttarfélaganna, sem eiga umbjóðendur um borð í ms. Herjólfi, til sáttasemjara ríkisins með bréfi dags. 12. febrúar 1993 og beðið um aðstoð hans við að fá öll stéttarfélögin fimm til viðræðna sam-

tímis og ná samningum við þau á sama tíma. Ríkisstjórnin minnir á að rót kjaradeilu geti bæði verið boðun verkfalls en einnig boðun verkbanns. Á því yrði að vekja athygli að útgerð ms. Herjólfs hefði boðað verkbann á þann hluta áhafnar sem ekki var í verkfalli. Í þessu bréfi, dags. 12. febrúar 1993, óskaði VSÍ eftir því að vinnudeilan við framangreind stéttarfélög, þar með talið Sjómannafélagið Jötun, yrði leyst samtímis. Í þessu bréfi kemur einnig skýrt fram að samningar hafi verið lausir við öll félögin nema Brytafélagið, en samningar þess mundu losna 1. mars 1993.

92. Í öðru lagi er það ekki alls kostar rétt að Sjómannafélaginu Jötni hafi ekki verið boðið til viðræðna fyrr en eftir að verkfall stýrimanna hófst. Ríkisstjórnin segir VSÍ hafa sent öllum stéttarfélögum áhafnarinnar samhljóða bréf 14. febrúar 1992 þar sem lýst hafi verið því markmiði að gerðir yrðu samtímis kjarasamningar um kaup og kjör allrar áhafnarinnar á nýjum Herjólfi sem var í smíðum í Noregi. Þrátt fyrir jákvæðar undirtektir í fyrstu tókst það ekki. Aðstoð sáttasemjara ríkisins hafi svo verið leitað 12. febrúar 1993.

93. Í þriðja lagi: vegna beintengingar kjarasamnings Sjómannafélagsins Jötuns við kjarasamning Sjómannafélags Reykjavíkur gilti hann til 31. desember 1992, en ekki 1. mars 1993 eins og haldið er fram í kærunni. Fiskimannasamningar giltu til 1. mars 1993 en farmannasamningar til 31. desember 1992.

94. Í fjórða lagi: ríkisstjórnin fellst aðeins að vissu marki á það sjónarmið ASÍ að það sé ekki hlutverk stéttarfélaga að samþykkja hlutföll á milli félaga. Reynslan sýni hins vegar að kröfugerð einstakra stéttarfélaga byggist oftar en ekki á samanburði við launaþróun annarra starfshópa og stétta. Þetta sé ef til vill enn meira áberandi í fámennum þjóðfélögum eins og því íslenska en meðal fjölmennari þjóða. Ríkisstjórnin telur að áhafnir skipa geri mikið af því að stunda slíkan samanburð og séu mjög vel á verði gegn því að einn hópur beri meira úr býtum en annar.

95. Verkfall stýrimanna á ms. Herjólfi hófst 3. febrúar 1993 og lá skipið bundið við bryggju frá þeim tíma og þar til lög um bann við verkfalli og verkbanni á ms. Herjólfi voru sett 23. mars 1993. Ástæðan fyrir lagasetningunni hafi fyrst og fremst verið sú að draga úr því gífurlega tjóni sem áframhaldandi stöðvun ms. Herjólfs gæti haft á atvinnulíf í Vestmannaeyjum og hag þjóðarbúsins alls. Ríkisstjórnin segir að samgönguráðherra hafi borist eftirfarandi ályktun frá bæjarstjórn Vestmannaeyja sem samþykkt var samhljóða á fundi hennar 16. mars 1993:

„Bæjarstjórn Vestmannaeyja samþykkir að óska eftir við ríkisstjórn Íslands að flutt verði frumvarp til laga á Alþingi til að binda enda á kjaradeilur, verkfall og verkbann á ms. Herjólfi. Bæjarstjórn Vestmannaeyja áréttar að óhjákvæmilegt er að í lögum verði tekið á kjarasamningum allra stéttarfélaga sem aðild eiga að deilunni og málið þannig leyst í heild sinni.

Það er orðið mjög brýnt fyrir Vestmannaeyinga að þessari deilu ljúki sem fyrst því að skipið er helsta samgöngutæki Eyjanna og hefur verið úr rekstri í sex vikur nú þegar og ekki er útlit fyrir að lausn finnist í deilunni."

96. Það voru tveir stýrimenn af 16 manna áhöfn sem fóru í verkfall. Stýrimennirnir kröfðust launahækkunar þar sem þeir töldu að launamunur milli þeirra og háseta væri of lítill. Hásetar á ms. Herjólfi höfðu nokkru áður samið um fækkun háseta gegn því að þeir fengju greidd 1 klst. yfirvinnulaun fyrir hvern virkan dag, en laun stýrimanna voru sambærileg við laun stýrimanna á öðrum skipum. Áður en verkfallið hófst voru gerðar margar tilraunir til að ná sáttum og samningum til að afstýra verkfalli, en eftir að vinnustöðvun hófst var málið alfarið í höndum sáttasemjara ríkisins, enda töldu menn tilgangslaust að tala meira saman. Það hafði verið reynt til þrautar fyrir verkfallið. Eftir byrjun verk-

falls má segja að sáttasemjari ríkisins hafi unnið stanslaust að lausn deilunnar og voru sáttafundir mjög margir. Ríkissáttasemjari gerði sér sérstaka ferð til Vestmannaeyja og dvaldist þar í u.þ.b. viku og voru þá látlausir fundir með aðilum deilunnar. Að mati ríkisstjórnarinnar sýnir þetta hversu mikil áhersla var á það lögð að ná kjarasamningi í frjálsum samningaviðræðum aðila. Að lokum, eftir sjö vikna verkfall, var það mat bæði samngsaðila og sáttasemjara að svo mikið hefði borið á milli deiluaðila að engar líkur væru á lausn deilunnar í bráð. Þegar hér var komið var ljóst að vinnustöðvun stýrimannanna hafði mikil áhrif á atvinnuöryggi annarra skipverja auk þess sem atvinnuöryggi þeirra sem með beinum eða óbeinum hætti höfðu atvinnu af rekstri og þjónustu skipsins var teflt í tvísýnu.

97. Þegar samgönguráðherra hafði fengið framangreinda ályktun bæjarstjórnar Vestmannaeyja og með hliðsjón af því ástandi sem skapast hafði féllst samgönguráðherrra á að leggja fram frumvarp til laga um bann við verkfalli og verkbanni á ms. Herjólfi. Enda þótt mikill meiri hluti þingmanna hafi greitt atkvæði með frumvarpinu kom fram gagnrýni á nokkra þætt þess. Sú almenna gagnrýni kom fram að ekki væri rétt að löggjafinn gripi inn í kjaradeiluna með lagaseningu og drægi með þeim hætti úr ábyrgð aðila vinnumarkaðarins á að leysa sínar deilur með frjálsum kjarasamingum. Fyrsta grein frumvarpsins var gagnrýnd. Ekki þótti rétt að lögin tækju til skipverja sem ekki höfðu boðað verkfall og ekki áttu sök á deilunni. Einnig var talið ósanngjarnt að þeir sem áttu ekki sök á deilunni væru bundnir af hugsanlegri ákvörðun gerðardómsins til loka ársins 1993.

98. Ríkisstjórnin staðhæfir hins vegar að margoft hafi verið reynt á undanförnum árum að binda enda á deilur sem stóðu um kaup og kjör um borð í ms. Herjólfi. Þetta hafði ekki tekist vegna þess að ekki voru allir aðilar reiðubúnir að taka þátt í samningaviðræðum. Með hliðsjón af þessari staðreynd lá það fyrir að ekki tækist að leysa deilumálin um borð í ms. Herjólfi nema fundin yrði lausn sem tæki til allra starfshópa sem áttu hlut að máli. Stjórnvöld voru þeirrar skoðunar að um borð í ms. Herjólfi ríkti kjaradeila sem tæki til allra starfsmanna ferjunnar. Verkfall stóð yfir sem tók til hluta áhafnarinnar. Ekki má þó gleyma því að útgerð ferjunnar hafði boðað til verkbanns á þá starfsmenn sem ekki voru í verkfalli. Það er því ljóst að kjaradeildan tók til allra starfsmanna um borð í ms. Herjólfi. Þar af leiðandi var lagt til að lögin tækju ekki einungis til þeirra sem voru í verkfalli heldur einnig allra annarra starfsmanna ferjunnar sem boðað verkbann átti að taka til. Einungis með þessum hætti var talið að varanleg lausn yrði fundin á deilumálinu sem tryggði að starfsemi ferjunnar héldist áfram, en hún hefur úrslitaþýðingu fyrir vöru- og fólksflutninga milli lands og eyja.

99. Ekki kom fram gagnrýni á ákvæði 3. gr. þar sem tekið er fram að gerðardómurinn skuli við ákvörun kaups og kjara samkvæmt lögunum hafa til hliðsjónar gildandi kjarasamninga á kaupskipum og almenna launaþróun í landinu. Rétt þykir að leggja ríka áherslu á þetta ákvæði sem er til komið vegna þjóðarsáttarsamninganna árið 1990, þegar víðtæk samstaða tókst í íslensku þjóðfélagi um að vinna með markvissum hætti að því að vinna bug á þrálátri verðbólgu sem hafði herjað í íslensku fjármálalífi um áratuga skeið. Það hefur verið grundvallarstefna ríkisstjórnarinnar að koma í veg fyrir að verðlagsþróun fari í fyrra horf. Þar af leiðandi hefur á undanförnum árum ríkt mjög aðhaldssöm stefna í launa- og fjármálum. Ríkisstjórnin hefur í samvinnu við samtök aðila vinnumarkaðarins lagt alla áherslu á að koma í veg fyrir að þeim árangri sem hefur óumdeilanlega náðst á þessu sviði sé stofnað í hættu. Það er í þessu ljósi sem verður að meta aðgerðir stjórnvalda í því kærumáli sem hér er til umfjöllunar.

100. Í 2. gr. laga nr. 15/1993 var kveðið á um að hefðu deiluaðilar ekki náð samkomulagi um vinnutilhögun og launakjör fyrir 1. júní 1993 skyldi Hæstiréttur Íslands tilnefna þrjá menn í gerðardóm sem skyldi ákveða kaup og kjör skipverja á ms. Herjólfi fyrir 1. ágúst 1993. Samningar tókust ekki og var gerðardómurinn skipaður í samræmi við ákvæði laganna. Gerðardómurinn kvað upp úrskurð sinn 9. ágúst 1993.

101. Ríkisstjórnin telur að það hafi verið hrein neyðarráðstöfun að leggja til við Alþingi að sett yrðu lög til lausnar kjaradeilunni um borð í ms. Herjólfi. Verkfall hafði staðið í sjö vikur, farið var að bera á vöruskorti, allt annað atvinnulíf var að lamast og stutt var í að lífi og heilsu manna yrði stefnt í hættu. Ríkisstjórnin leggur áherslu á að deilan hafi verið komin í óleysanlegan hnút og stjórnvöldum hafi verið nauðugur einn kostur að höggva á hann með lagasetningu. Ríkisstjórnin mótmælir sérstaklega þeirri fullyrðingu sóknaraðila að ekki hafi verið leitað allra leiða til að leysa deiluna með frjálsum samningum. Í því sambandi er vísað til þess að haldnir voru fjölmargir árangurslausir fundir ríkissáttasemjara með deiluaðilum.

102. Ríkisstjórnin mótmælir því sérstaklega að við þessar aðstæður hafi hún brotið ákvæði alþjóðasamþykkta nr. 87 og 98. Hún vekur athygli á sérkennum hins íslenska vinnumarkaðar þar sem mörg lítil stéttarfélög hafa hvert um sig sjálfstætt umboð til samninga. Ríkisstjórnin leggur áherslu á að erfiðustu vandamálin sem hún fær til úrlausnar séu deilur sem stafi af innbyrðis deilum stéttarfélaga. Deilan um borð í ms. Herjólfi er gott dæmi: umboð til að semja fyrir 16 manna áhöfn er í höndum fimm stéttarfélaga. Þrátt fyrir marga sáttafundi reyndist ekki mögulegt að leysa deiluna um borð í ms. Herjólfi með samningum. Að loknu sjö vikna verkfalli taldi ríkisstjórnin að deilan væri komin í óleysanlegan hnút og taldi sig til neydda að leysa hana með lagasetningu.

C. Niðurstöður nefndarinnar.

103. Nefndin gefur gaum að því að fullyrðingar í þessu máli snerta brot á alþjóðasamþykktum nr. 87 og 98 þar eð Alþingi hafi með lögum nr. 15 23. mars 1993 (hér eftir nefnd lögin), bannað verkfall og verkbann á ferjunni ms. Herjólfi og komið á fót gerðardómi til að ákveða laun skipverja á ms. Herjólfi. Ríkisstjórnin heldur því fram að eftir fjölmarga viðræðufundi hafi þótt ljóst að deilan um borð í ms. Herjólfi yrði ekki leyst með samningum og að löggjafinn hafi ekki skipt sér af málinu með samþykkt laga nr. 15/1993 fyrr en að loknu sjö vikna verkfalli.

104. Nefndin gerir sér grein fyrir því að skoðanir sóknaraðila og ríkisstjórnarinnar eru skiptar um tiltekin málefni sem upp komu fyrir lagasetninguna. Til dæmis heldur sóknaraðili því fram að Sjómannafélagið Jötunn hafi verið beðið um að taka þátt í samningaviðræðum um kaup og kjör skömmu eftir að stýrimennirnir á ms. Herjólfi fóru í verkfall 3. febrúar 1993. Stéttarfélagið brást við með því að vísa til kjarasamnings síns við stjórnendur Herjólfs hf. sem rann ekki út fyrr en 1. mars 1993. Hinn 9. mars, eftir að gildistíma þessa samnings lauk, gerði stéttarfélagið enn fremur stjórn Herjólfs hf. tilboð sem var fólgið í óbreyttum kjarasamningi. Hins vegar barst félögunum í Sjómannafélaginu Jötni (undirmönnum) aldrei gagntilboð eftir þennan fund, en eftir það gengu lögin í gildi. Sóknaraðili er því þeirrar skoðunar að ekki hafi verið gerðar ítarlegar tilraunir til að ná samningum við Sjómannafélagið Jötun. Við bætist að vegna þess að undirmönnum barst aldrei svar við kröfum sínum telur sóknaraðili að aldrei hafi í fyrsta lagi komið upp deila milli Sjómannafélagsins Jötuns og stjórnar Herjólfs hf. Sóknaraðili fær ekki

séð hvernig mögulegt er fyrir gerðardóm að ákveða laun félaga í einu stéttarfélagi í því skyni að leysa deilu atvinnurekenda og annars stéttarfélags (í þessu tilviki Stýrimannafélags Íslands).

105. Hins vegar heldur ríkisstjórnin því fram að útgerð ms. Herjólfs hafi, burtséð frá efnisatriðum kröfunnar, gert ítrekaðar tilraunir til að fá öll stéttarfélög áhafnar ms. Herjólfs til samningaviðræðna í því skyni að samræma launakerfi áhafnarinnar. Sjómannafélagið Jötunn hefði hvað eftir annað komið sér hjá þátttöku í markvissum samningaviðræðum um málið vegna þess að því hafi tekist, með samningi sem það hafði gert við útgerð árið 1981, að tryggja félögum sínum verulegar launa- og kjarabætur umfram kaup og kjör annarra félaga stéttarfélaga sem störfuðu um borð í ferjunni. Með nánari tilvísun til kærunnar útskýrir ríkisstjórnin að Vinnuveitendasamband Íslands (VSÍ) hafði boðið Sjómannafélaginu Jötni að taka þátt í samningaviðræðum, jafnvel áður en verkfall stýrimannanna hófst, í því skyni að gera samtímis kjarasamninga við alla áhöfnina. Þar eð sú tilraun misheppnaðist var leitað aðstoðar sáttasemjara ríkisins 12. febrúar 1993 sem síðan hélt fjölda funda þar sem reynt var að sætta deiluaðila. Hvað viðvíkur þeirri spurningu hverjir deiluaðilarnir hafi verið fullyrðir ríkisstjórnin að Sjómannafélagið Jötunn hafi átt mikinn þátt í launadeilunni. Þegar VSÍ skaut deilunni, sem náði til allra stéttarfélaganna fimm, til sáttasemjara ríkisins 12. febrúar 1993 óskaði VSÍ aðstoðar hans við að fá öll stéttarfélögin fimm til að taka þátt í samningaviðræðum samtímis í því skyni að ná samningum við þau samtímis. Enn fremur leggur ríkisstjórnin áherslu á að launadeila kunni ekki aðeins að stafa af verkfallsboðun heldur einnig af tilkynningu um verkbann, en það hafði einmitt gerst í þessu máli. En hvað sem því líður, þar eð kjarasamningur Sjómannafélagsins Jötuns var tengdur kjarasamningi Sjómannafélags Reykjavíkur, gilti fyrrnefndi samningurinn til 31. desember 1992 en ekki 1. mars 1993 eins og fram kom í kærunni.

106. Hvað nefndinni viðvíkur gefur hún gaum að því að mikið ber á milli ofangreindra tveggja röksemda í eftirtöldum atriðum: i) hvort Sjómannafélagið Jötunn hafi yfirleitt verið viðriðið nokkra deilu; og ii) hvort nægilegar tilraunir hafi verið gerðar til að ná samningum með samningaviðræðum. Hvað snertir fyrra atriðið hallast nefndin helst að því að þessi deila hafi ekki snert Sjómannafélagið Jötun þar eð félagar í Stýrimannafélagi Íslands hefðu boðað verkfall. Þar með er ekki sagt að deilan hefði ekki óbeint snert Sjómannafélagið Jötun þar eð bæði sóknaraðili og ríkisstjórnin hafa haldið því fram að ein af kröfum verkfallsmanna (stýrimannanna) hafi verið að laun þeirra yrðu hækkuð um tiltekinn hundraðshluta til samræmis við launahækkun sem félagar í Sjómannafélaginu Jötni hefðu fengið áður. Auk þess hafði verkbann verið sett á þann hluta áhafnarinnar sem var ekki í verkfalli. Hins vegar voru lög nr. 15/1993 fyrst og fremst samþykkt til að banna verkfall stýrimannanna, þ.e. vegna þess að yfirmönnum og stjórn Herjólfs hf. hafði ekki tekist að semja um kaup og kjör hinna fyrrnefndu. Nefndin fær því ekki séð hvers vegna lögin hefðu einnig átt að ná til Sjómannafélagsins Jötuns og ákveða þar með einnig kaup og kjör félaga þess. Það styrkir nefndina í þessari trú að sóknaraðili heldur því fram, og ríkisstjórnin mótmælir því ekki, að kjarasamningar stéttarfélaganna fimm á ms. Herjólfi séu algerlega óháðir hver öðrum.

107. Þegar kemur að þeirri spurningu hvort Sjómannafélagið Jötunn og stjórn Herjólfs hf. hefðu reynt að gera nýjan kjarasamning í samningaviðræðum vekur það athygli nefndarinnar að reginmunur er á staðhæfingum sóknaraðila og ríkisstjórnarinnar. Með tilliti til mótsagna í röksemdafærslunum tveim vekur nefndin aðeins athygli beggja aðila á þeirri meginreglu að jafnt atvinnurekendur og stéttarfélög skyldu ganga til samninga í

góðri trú og leggja sig fram um að ná samningum og að viðunandi samskipti aðila vinnumarkaðarins eru fyrst og fremst háð afstöðu aðila hvors til annars og gagnkvæmu trausti. [Sjá Digest of decisions and principles of the Freedom of Association committee (Útdrátt úr úrskurðum og meginreglur nefndarinnar um félagafrelsi), 3. útgáfu, 1985, 590. tölul.]

108. Hvað viðvíkur réttlætingu þess að setja lögin gefur nefndin gaum að þeim rökum ríkisstjórnarinnar að lögin hafi verið samþykkkt 23. mars 1993, rúmum sjö vikum eftir að verkfallið hófst, en allan þann tíma var ms. Herjólfur bundinn við bryggju. Nefndin gefur einnig gaum að yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þess efnis að sáttasemjari ríkisins hefði staðið fyrir fjölda funda til að sætta stýrimenn og stjórn Herjólfs hf. á meðan á verkfallinu stóð. Lögin voru ekki sett fyrr en verkfallið hafði staðið í sjö vikur, þegar báðir deiluaðilar og sáttasemjari ríkisins voru þeirrar skoðunar að svo mikið bæri á milli aðila að ekki mundi takast að leysa deiluna með samningum.

109. Hvað þetta snertir viðurkennir nefndin, eins og sérfræðinganefndin um beitingu alþjóðasamþykkta og tilmæla, að svo kunni að fara í samningaviðræðum að stjórnvöld séu réttlætt í því, að loknum langvinnum og árangurslausum samningaviðræðum, að grípa í taumana þegar augljóst er orðið að ekki muni reynast unnt að koma viðræðunum úr sjálfheldu án afskipta þeirra [sjá General Survey on Freedom of Association and Collective Bargaining (Almennt yfirlit yfir félagafrelsi og gerð kjarasamninga), ILC, 81. fundur, 1994, 258. tölul.]. Nefndin er þeirrar skoðunar að umrædd deila hafi verið komin í sjálfheldu. Það styrkir þessa skoðun nefndarinnar að samkvæmt ákvæðum 2. gr. laganna átti gerðardómurinn að ákveða kaup og kjör skipverja því aðeins að deiluaðilar hefðu ekki náð samkomulagi um málið fyrir 1. júní 1993. Deiluaðilum voru því veittir tveir mánuðir í viðbót til að ná samkomulagi með samningaviðræðum, en úr því varð þó ekki í þessu tilviki. Þar af leiðandi var skipaður gerðardómur.

110. Nefndin hefur auk þess áhyggjur af því að í 3. gr. laganna er ákvæði þess efnis að gerðardómurinn skuli „við ákvörðun kaups og kjara samkvæmt lögum þessum hafa til hliðsjónar gildandi kjarasamninga á kaupskipum og almenna launaþróun í landinu". Ríkisstjórnin segir að þetta ákvæði hafi verið sett í lögin í samræmi við þjóðarsáttarsamningana frá árinu 1990, en með þeim náðist víðtæk samstaða á Íslandi um markvissar aðgerðir til að sigrast á þrálátri verðbólgu sem hafði þjakað efnahagslíf Íslands í áratugi. Nefndin gefur einnig gaum að því að Hæstiréttur tilnefndi gerðardómsmennina þrjá. Nefndin kemst hins vegar ekki hjá því að veita því athygli að orðalag ákvæðisins veitir gerðardóminum ekki neinn sveigjanleika til túlkunar. Gerðardómurinn sjálfur viðurkennir þetta þar eð hann bendir á í úrskurði sínum að þetta ákvæði takmarki mjög frelsi hans til að leysa málið. Í þessu sambandi minnir nefndin ríkisstjórnina á að til þess að öðlast og halda tiltrú málsaðila sé nauðsynlegt að hvers konar gerðardómskerfi sé raunverulega sjálfstætt og að niðurstaða gerðardóms skyldi ekki fyrir fram ákveðin með lögum.

111. Af þessum ástæðum telur nefndin að lögin, eins og þeim er beitt gegn stéttarfélagi, sem átti ekki beina aðild að umræddri deilu, sé íhlutun sem takmarkar rétt stéttarfélaga til að ganga til frjálsra samninga við atvinnurekendur, en slíkt er brot á þeirri meginreglu að aðilar skuli ganga óheftir til almennra kjarasamninga. Nefndin biður því ríkisstjórnina að forðast í framtíðinni að grípa til slíkrar íhlutunar með lagasetningu.

Tilmæli nefndarinnar.

112. Í ljósi ofangreindra niðurstaðna leggur nefndin til að stjórnarnefndin samþykki eftirfarandi tilmæli:

a. Nefndin vekur athygli sóknaraðila og ríkisstjórnarinnar á þeirri meginreglu að jafnt atvinnurekendur og stéttarfélög eiga að ganga til samninga í góðri trú og leggja sig fram um að ná samningi og að viðunandi samskipti aðila vinnumarkaðarins eru fyrst og fremst háð afstöðu aðila hvors til annars og gagnkvæmu trausti.
b. Nefndin minnir ríkisstjórnina á að til þess að öðlast og halda tiltrú málsaðila er nauðsynlegt að hvers konar gerðardómskerfi sé raunverulega sjálfstætt og að niðurstaða gerðardóms skyldi ekki fyrir fram ákveðin með lagaákvæðum.
c. Að teknu tilliti til þess að lög nr. 15 23. mars 1993, eins og þeim er beitt gegn stéttarfélagi, sem átti ekki beina aðild að umræddri deilu, sé íhlutun sem takmarkar rétt stéttarfélaga til að ganga til frjálsra samninga við atvinnurekendur, en slíkt er brot á þeirri meginreglu að aðilar skuli ganga óheftir til almennra kjarasamninga, fer nefndin þess á leit við ríkisstjórnina að hún forðist í framtíðinni að grípa til slíkrar íhlutunar með lögum.

Fylgiskjal VII.

Skýrsla um starf nefndar sem fer með málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og framkvæmd félagsmálasáttmála Evrópu á árinu 1995.

Á 61. Alþjóðavinnumálaþinginu, sem haldið var í Genf árið 1976, var afgreidd samþykkt nr. 144, um samstarf ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála. Ísland fullgilti samþykktina árið 1981. Samþykktin endurspeglar það samstarf fulltrúa ríkisstjórna og aðila vinnumarkaðarins sem fram fer innan Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og skapar henni sérstöðu meðal annarra stofnana sem starfa innan vébanda Sameinuðu þjóðanna. Í öllum nefndum og ráðum stofnunarinnar eiga sæti fulltrúar ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks. Í anda samþykktar nr. 144 var 16. apríl 1982 skipuð samstarfsnefnd ríkisvaldsins og aðila vinnumarkaðarins sem fjallar um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina. Á árinu 1995 skipuðu eftirtaldir nefndina: Fulltrúi Alþýðusambands Íslands til loka ágúst var Bryndís Hlöðversdóttir, lögræðingur ASÍ. Í stað hennar tók Ástráður Haraldsson lögfræðingur sæti í nefndinni. Fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands var Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur VSÍ, og fulltrúi félagsmálaráðuneytisins og jafnframt formaður nefndarinnar var Gylfi Kristinsson deildarstjóri.

Verkefni nefndarinnar á árinu 1995 voru svipuð og næstu ár á undan, þ.e. að fara yfir drög að skýrslum til alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf um framkvæmd fullgiltra alþjóðasamþykkta, svara spurningaskrám sem skrifstofan sendir aðildarríkjunum þegar undirbúin eru drög að nýjum samþykktum og fjalla um athugasemdir sem sérfræðinganefnd ILO gerir við framkvæmd á alþjóðasamþykktum. Nefndin ræðir einnig framkvæmd Íslands á ákvæðum félagsmálasáttmála Evrópu.

Nefnd um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina hélt á árinu 1995 samtals fimm fundi. Helstu viðfangsefni nefndarinnar voru:

a. Skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta á sviði vinnumála.

Samkvæmt 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er aðildarríki skylt að gefa stofnuninni skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Þessi skylda er tvíþætt. Í fyrsta lagi skulu aðildarríkin gefa ILO reglulega skýrslur um framkvæmd þeirra samþykkta sem þau hafa fullgilt. Í öðru lagi getur stjórnarnefnd ILO falið alþjóðavinnumálaskrifstofunni að óska eftir skýrslum frá aðildarríkjunum um framkvæmd ákvæða í öðrum samþykktum sem þau hafa ekki fullgilt. Lagt er til í 5. gr. tillögu nr. 152, um samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála, að stjórnvöld hafi samráð við aðila vinnumarkaðarins um samningu þessara skýrslna. Þess skal getið að á árinu tók alþjóðavinnumálaskrifstofan upp nýtt fyrirkomulag á eftirliti með framkvæmd fullgiltra samþykkta. Í sumum tilvikum verður dregið úr kröfum um skýrslur um framkvæmd samþykktanna en í öðrum verða þær auknar. Af þessu leiddi að nauðsynlegt reyndist að taka saman nokkru fleiri skýrslur en nauðsynlegt var að óbreyttum reglum. Til lengri tíma litið munu nýjar reglur draga úr þörfinni á samantekt á skýrslum.

Á árinu 1995 undirbjó ILO-nefndin skýrslur ríkisstjórnarinnar um framkvæmd eftirfarandi alþjóðasamþykkta sem Ísland hefur fullgilt:

Alþjóðasamþykkt nr. 98, um samningafrelsi.

Alþjóðasamþykkt nr. 111, um mismunun með tilliti til atvinnu eða starfs.

Alþjóðasamþykkt nr. 122, um stefnu í atvinnumálum.

Alþjóðasamþykkt nr. 139, um varnir gegn og eftirlit með áhættu í starfi vegna krabbameinsvaldandi efna.

Alþjóðasamþykkt nr. 144, varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála.

Alþjóðasamþykkt nr. 155, um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi.

b. Skýrsla um 81. Alþjóðavinnumálaþingið 1994.

Aðild að Alþjóðavinnumálastofnuninni fylgir sú skylda að kynna löggjafarsamkomu þær samþykktir sem Alþjóðavinnumálaþingin hafa afgreitt. Á Ísland er þetta ákvæði uppfyllt með þeim hætti að félagsmálaráðherra gefur Alþingi skýrslu um Alþjóðavinnumálaþingin. Í skýrslunum eru birtar í íslenskri þýðingu þær samþykktir, tillögur og ályktanir sem þingin hafa afgreitt. Á árinu 1995 var haft samráð við ILO-nefndina um skýrslu félagsmálaráðherra um 81. Alþjóðavinnumálaþingið sem haldið var árið 1994. Það þing afgreiddi nýja alþjóðasamþykkt um réttindi þeirra sem vinna hlutastarf. Í nýju samþykktinni er að finna skilgreiningar á hugtökum eins og hlutastarfsmaður. Helsta skuldbindingin fyrir aðildarríki að nýju alþjóðasamþykktinni felst í því að vernda réttindi þeirra sem vinna hlutastarf. Samþykktin hefur að geyma ákvæði um það hvaða réttindi starfsmenn í hlutastarfi skuli hafa með samanburði við fullvinnandi starfsmenn.

81. Alþjóðavinnumálaþingið lauk fyrri umræðu um drög að nýrri alþjóðasamþykkt um öryggi og hollustuhætti í námum.

c. Undirbúningur fyrir þátttöku í 82. Alþjóðavinnumálaþinginu.

ILO-nefndin fjallaði á fundum sínum fyrri hluta árs 1995 um dagskrármál 82. Alþjóðavinnumálaþingsins. Á fundunum var farið yfir drög að alþjóðasamþykkt um öryggi og hollustuhætti í námum. Enn fremur var farið yfir skýrslur sem alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði tekið saman til undirbúnings umræðum um helstu dagskrármál vinnumálaþingsins.

d. Fullgilding samþykkta Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Nefndin fjallaði um bréf frá forstjóra ILO, Michel Hansenne, til félagsmálaráðherra þar sem hann fer þess á leit við íslensk stjórnvöld að þau fullgildi alþjóðasamþykkt nr. 138, um lágmarksaldur við vinnu. Erindið var sent í framhaldi af lokayfirlýsingu fundar Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn í mars sl. um þróun félagsmála í heiminum. Forstjórinn tók þetta mál upp við félagsmálaráðherra á fundi í tengslum við Alþjóðavinnumálaþingið 6. júní sl. Á fundinum varð að samkomulagi að íslensk stjórnvöld taki til athugunar fullgildingu samþykktarinnar. Í framhaldi af þessari niðurstöðu hefur ráðherra óskað eftir því að samráðsnefndin taki málefnið til athugunar.

Nefndin samþykkti að senda samþykktina til helstu samtaka aðila vinnumarkaðarins og óska eftir umsögn þeirra um hugsanlega fullgildingu hennar.

e. Félagsmálasáttmáli Evrópu.

Umfjöllun um aðild Íslands að félagsmálasáttmála Evrópu er meðal verkefna sem falin hafa verið ILO-nefndinni. Á árinu 1995 vann nefndin að samningu skýrslu um framkvæmd eftirtalinna greina félagsmálasáttmálans:

11. gr., um rétt til heilsuverndar.
12. gr., um rétt til félagslegs öryggis.
13. gr., um rétt til félagslegrar aðstoðar og læknishjálpar.
14. gr., um rétt til að njóta góðs af félagslegri velferðarþjónustu.
18. gr., um rétt til að stunda arðbært starf í landi annars samningsaðila.

Þess skal getið að ráðherranefnd Evrópuráðsins samþykkti á fundi sínum 17. september 1992 að breyta til reynslu fyrirkomulagi á skýrslugjöf um framkvæmd sáttmálans. Skv. 21. gr. sáttmálans skal þetta gert á tveggja ára fresti. Samkvæmt því hafa aðildarríkin tekið saman annað hvert ár skýrslu um framkvæmd allra fullgiltra ákvæða sáttmálans. Enn fremur hefur þeim verið skipt í tvo hópa og hafa ríkjahóparnir skipst á um að senda Evrópuráðinu skýrslur sínar. Þetta breytist þannig að nú skal til reynslu næstu fjögur ár taka saman skýrslu á hverju ári um tiltekinn fjölda greina. Aðildarríkin munu í raun skila skýrslu á tveimur árum um framkvæmd ákvæða sáttmálans. Af breytingunni leiðir að sérfræðinganefndin getur nú samtímis lagt mat á framkvæmd allra aðildarríkjanna á ákvæðum sáttmálans. Það ætti að leiða til þess að betri samanburður fáist á framkvæmd ríkjanna á sáttmálanum.

1074. Skýrsla [535. mál]

fjármálaráðherra um reglugerð nr. 176/1996, um birtingu, útgáfu og aðra meðferð upplýsinga úr álagningarskrá, skattskrá og virðisaukaskattsskrá.

(Lögð fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

Skýrsla þessi er lögð fram í tilefni af umræðum um reglugerð nr. 176/1996, um birtingu, útgáfu og aðra meðferð upplýsinga úr álagningarskrá, skattskrá og virðisaukaskattsskrá sem sett var með heimild í 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Það ákvæði reglugerðarinnar sem olli hvað mestri gagnrýni var ákvæði 2. málsl. 4. gr. sem sett var samkvæmt bréfi tölvunefndar til ríkisskattstjóra, dags. 9. nóvember 1995. Af því tilefni óskaði ráðuneytið eftir áliti tölvunefndar um reglugerðina með bréfi, dags. 15. apríl 1996, sbr. fylgiskjal I. Var sérstaklega óskað eftir áliti nefndarinnar á ákvæðum 4. gr. reglugerðarinnar sem snýr að úrvinnslu upplýsinga úr skránum þar sem m.a. er kveðið á um að „Öll úrvinnsla upplýsinga úr skránum er óheimil, svo sem umreikningur álagðra gjalda yfir í tekjur eða veltufjárhæð, samanburður milli ára, framreikningur til núvirðis með vísitölureikningi o.s.frv.“

Í áliti tölvunefndar um reglugerðina, dags. 7. maí 1996, kemur m.a. fram að nefndin telji þau ákvæði sem ráðuneytið setti með reglugerðinni vel samræma annars vegar reglur skattalaga um aðgang að skránum og hins vegar reglur um friðhelgi einkalífs og persónuvernd. Þá segir enn fremur í niðurstöðum tölvunefndar að í umræðum um birtingu upplýsinga úr umræddum skrám skarist óhjákvæmilega tvenns konar grundvallarréttindi manna. Annars vegar réttur manna til að njóta friðhelgi og einkalífsverndar, þar á meðal um fjárhagsmálefni sín, og hins vegar reglur um tjáningar- og prentfrelsi. Tölvunefnd og önnur stjórnvöld sem að málinu komu hafi eftir bestu getu reynt að samræma þessi sjónarmið í ákvörðunum sínum. Þá segir nefndin að ljóst megi vera í ljósi þeirrar umræðu sem átt hafi sér stað í þjóðfélaginu á undanförnum vikum að fullkomin sátt ríki ekki um þær ákvarðanir. Telji tölvunefndin því afar þýðingarmikið að löggjafarvaldið taki af skarið og setji skýrar reglur í þessum efnum.

Ráðuneytið tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í áliti tölvunefndar um að mikilvægt sé að löggjafarvaldið taki af skarið og setji skýrar reglur um hvað skuli gilda í þessum efnum. Telur ráðuneytið m.a. rétt í því sambandi að skoðað verði hvaða reglur gildi í nágrannalöndum okkar á þessu sviði.

Með vísan til álits tölvunefndar hefur ráðuneytið því ákveðið að fella úr gildi reglugerð nr. 176/1996, um birtingu, útgáfu og aðra meðferð upplýsinga úr álagningarskrá, skattskrá og virðisaukaskattsskrá. Þangað til skýrar lagareglur liggi fyrir verða beiðnir um útgáfu og úrvinnslu upplýsinga úr skattskrám og virðisaukaskattsskrám afgreiddar að undangenginni umsögn tölvunefndar hverju sinni. Ráðuneytið hefur jafnframt ákveðið að núgildandi reglur um álagningar- og skattskrár verði endurskoðaðar samfara heildarendurskoðun sem fyrirhuguð er á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Fylgiskjal I.

Álit tölvunefndar frá 7. maí 1996.

Tölvunefnd vísar til bréfs fjármálaráðuneytisins, dags. 15. apríl sl. Þar er þess farið á leit að nefndin veiti ráðuneytinu umsögn um reglugerð nr. 176/1996 um birtingu, útgáfu og aðra meðferð upplýsinga úr álagningarskrá, skattskrá og virðisaukaskattsskrá og þá sérstaklega ákvæði 4. gr. en þar segir m.a. að upplýsingar úr þeim skrám megi aðeins birta á þann hátt sem þær koma fyrir þar.

Af þessu tilefni, og með vísun til þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað í kjölfar setningar umræddrar reglugerðar, en í þeirri umræðu hefur því verið haldið fram að reglugerðin byggist á úrskurði tölvunefndar, skal eftirfarandi tekið fram til að skýra fyrri afskipti nefndarinnar af miðlun upplýsinga úr umræddum skrám:

1. Mál Leturs hf.

Í júní 1982 barst tölvunefnd fyrirspurn frá ríkisskattstjóra. Annars vegar varðaði fyrirspurnin heimild skattstjóra til að afhenda aðilum utan skattkerfisins álagningarskrár gjaldársins 1982 með það fyrir augum, að þeir gæfu þær út til sölu fyrir almenning. Hins vegar um heimildir skattstjóra til að veita fjölmiðlum eða öðrum aðilum utan skattkerfisins upplýsingar um opinber gjöld nafngreindra einstaklinga og lögaðila samkvæmt álagningarskrá gjaldársins 1982.

Niðurstaða tölvunefndar var sú, að heimilt væri að veita fjölmiðlum upplýsingar um opinber gjöld manna samkvæmt álagningarskrám **þann tíma sem þær liggja frammi til sýnis**. Jafnframt taldi nefndin, að aðilar, sem ekki hefðu stjórnvaldshagsmuna að gæta, ættu ekki að fá skrárnar í hendur, ef þeir hygðust gefa þær út til sölu fyrir almenning.

Í framhaldi af þessu ritaði Letur hf. tölvunefnd bréf, dags. 20. júlí 1982, með fyrirspurn um heimildir til útgáfu álagningarskrár og áframhaldandi útgáfu skattskrár. Tölvunefnd leitaði umsagnar fjármálaráðuneytisins og ríkisskattstjóra um málið. Í umsögn fjármálaráðuneytisins var m.a. á það bent að framlagningarskylda tengdist þeirri sérstæðu reglu skattalaga, að sérhver skattþegn hefði rétt til að kæra skatta allra annarra skattskyldra aðila. Þessi regla, að sá eigi sök sem vill (actio popularis), hafi verið studd þeim rökum í athugasemdum við fyrstu heildarlögin um tekjuskatt og eignarskatt „... að eðlilegt sé, að gjaldendur komi í veg fyrir of lágt tekju- og eignamat hjá öðrum". Var það niðurstaða ráðuneytisins, að það væri hafið yfir allan vafa, að heimil væri opinber birting úr skattskrám. Ríkisskattstjóri kvaðst í bréfi 4. október 1982 vera í meginatriðum sammála fjármálaráðuneytinu.

Að fengnum framangreindum umsögnum ítrekaði tölvunefnd það álit sitt, sbr. bréf nefndarinnar dags. 27. nóvember 1982, að ekki væri heimilt að gefa út skattskrá samkvæmt 2. mgr. 98. gr. tekjuskattslaga til dreifingar meðal almennings og að fyrirtækinu Letri hf. væri hvorki heimilt að gefa út álagningarskrá fyrir gjaldárið 1982 né heldur skattskrá fyrir sama ár.

Framangreind niðurstaða nefndarinnar varð tilefni lagabreytingar þannig að með 8. gr. laga nr. 7/1984 var heimiluð opinber birting og útgáfa skattskráa. Nú segir í 2. mgr. 98. gr. skattalaga:

„Heimil er opinber birting á þeim upplýsingum um álagða skatta, sem fram koma í skattskrá, svo og útgáfa þeirra upplýsinga í heild eða að hluta."

Er aðdragandi lagabreytingar þessarar ítarlega rakinn í bréfi tölvunefndar til umboðsmanns Alþingis, dags. 27. apríl 1995, sem fylgir með í ljósriti.

2. Mál Nútíma samskipta hf.

Þann 1. febrúar 1995 komst tölvunefnd að niðurstöðu í máli fyrirtækisins Nútíma samskipti hf., en fyrirtækið hafði myndað skrá með upplýsingum úr álagningarskrá og hugðist dreifa upplýsingum úr skránni í bókarformi til sölu á almennum markaði. Þessi skrá var mynduð úr upplýsingum sem safnað var úr álagningarskrám á þeim tíma sem þær lágu frammi almenningi til sýnis.

Það var niðurstaða tölvunefndar í máli Nútíma samskipta hf., að skráning upplýsinga um tekjur úr álagningarskrám hafi verið fyrirtækinu óheimil. Jafnframt var það niðurstaða nefndarinnar, að reglur tekjuskattslaga um takmarkaðan aðgang almennings að álagningarskrám á tilteknum auglýstum tíma, sem veittur er í sérstökum tilgangi, sbr. 1. mgr. 98. gr. laga nr. 75/1981, breytti engu þar um. Þá var það og niðurstaða nefndar-

innar, að hvorki ákvæði tekjuskattslaga né ákvæði laga nr. 121/1989 heimiluðu fyrirtækinu miðlun umræddra upplýsinga. Vísaði nefndin í því sambandi sérstaklega til þess að samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga 121/1989 sé það skilyrði fyrir miðlun upplýsinga úr skrám, sem falla undir ákvæði laganna, að upplýsingamiðlunin sé eðlilegur þáttur í starfsemi skráningaraðilans, en Nútíma samskipti hf. hefðu ekki sýnt fram á að miðlun upplýsinga um tekjur umræddra 14.000 einstaklinga væri eðlilegur þáttur í starfsemi sinni.

Nútíma samskipti hf. höfðaði mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur tölvunefnd og dómsmálaráðherra og krafðist m.a. ógildingar á framangreindri niðurstöðu tölvunefndar í máli fyrirtækisins. Dómur héraðsdóms var kveðinn upp þann 8. mars sl. Samkvæmt dómsorði voru stefndu, tölvunefnd og dómsmálaráðherra, sýknuð af öllum kröfum stefnanda. Í forsendum dómsins segir m.a.:

„Skrá sú sem stefnandi lét gera með nöfnum 14.000 einstaklinga er unnin upp úr álagningarskrám sem gerðar voru á skattstofum Reykjavíkur og Reykjaness er gjöld voru lögð á skattþegna árið 1994 vegna tekjuársins 1993. Í skránni voru nöfn, heimilisföng, póstnúmer, bæjarfélög, kennitala og útsvar þeirra er á henni voru.

Í 1. mgr. 98. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt eru fyrirmæli um samningu og framlagningu álagningarskráa. Þá segir í 2. mgr. 98. gr. laganna að þegar álagningu skatta og kærumeðferð sbr. 99. gr. laganna sé lokið skuli skattstjórar semja og leggja fram skattskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu en í henni skuli tilgreina álagðan tekjuskatt og eignarskatt hvers gjaldanda og aðra skatta eftir ákvörðun ríkisskattstjóra. Skal skattskrá liggja frammi til sýnis í tvær vikur á hentugum stað í hverju sveitarfélagi. Með 8. gr. laga nr. 7/1984 var eftirfarandi málslið bætt við ákvæðið: „Heimil er opinber birting á þeim upplýsingum um álagða skatta, sem fram koma í skattskrá, svo og útgáfa þeirra upplýsinga í heild eða að hluta."

Ótvírætt er að ákvæði þetta tekur einungis til skattskráa en ekki álagningarskráa. Ekki er að finna sjálfstæða heimild í skattalögum eða öðrum lögum til birtingar upplýsinga úr álagningarskrám. Þá er til þess að líta að skrá sú er stefnandi gerði hefur að geyma upplýsingar sem varða fjárhagsmálefni viðkomandi einstaklinga og verður því fallist á það með stefndu að tilvik það sem hér er um dæmt falli undir ákvæði laga nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga og að stefnda tölvunefnd hafi átt lögsögu hér. Þá verður fallist á það með stefndu tölvunefnd að hér sé um að ræða kerfisbundna skrá í skilningi 2. mgr. 1. gr. laga nr. 121/1989. Samkvæmt 3. gr. sömu laga er kerfisbundin skráning persónuupplýsinga er 1. gr. tekur til því aðeins heimil að skráning þeirra sé eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila og taki einungis til þeirra er tengjast starfi hans eða verksviði, svo sem viðskiptamanna, starfsmanna eða félagsmanna. Hvorugu þessara skilyrða er fullnægt hér og stefnanda var því óheimilt að mynda nefnda skrá. Þá var honum ekki heimil miðlun upplýsinga úr skrá þessari sem honum samkvæmt framansögðu var óheimilt að mynda. Kemur og hér til að samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laganna er því aðeins heimilt að skýra frá upplýsingum samskonar þeim er skráin geymir, án samþykkis hins skráða, að slík upplýsingamiðlun sé eðlilegur þáttur í venjubundinni starfsemi stefnanda enda hefur ekki verið sýnt fram á að miðlun upplýsinga um útsvar 14.000 einstaklinga sé eðlilegur þáttur í starfsemi stefnanda.

Þá þykir það engu skipta að stefnandi afturkallaði ósk sína um að tölvunefnd fjallaði um efni þetta. Það var á valdi nefndarinnar að kveða upp úr með það hvort stefnanda skyldi heimil skráning þessi og eftir atvikum banna hana svo sem gert var.

Samkvæmt framansögðu verður stefnda tölvunefnd sýknuð af öllum kröfum stefnanda. Við munnlegan flutning málsins lýsti talsmaður stefnanda því yfir að kröfur á hendur dómsmálaráðherra f.h. dómsmálaráðuneytisins væru ekki vegna efnis málsins heldur vegna málskostnaðar. Eftir úrslitum málsins þykir ekki ástæða til að fjalla frekar um kröfur á hendur þessum stefnda og verður hann sýknaður af kröfum stefnanda.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu 100.000 krónur í málskostnað."

3. Mál Jónasar Fr. Jónssonar, hdl.

Með bréfi, dags. 15. júní 1994, bar Jónas Fr. Jónsson hdl., undir tölvunefnd fyrirspurn varðandi birtingu upplýsinga úr álagningarskrám. Í bréfi hans segir m.a.:

„Um nokkurt skeið hefur það tíðkast, að ýmsir fjölmiðlar birti lista yfir áætlaðar tekjur ýmissa einstaklinga í þjóðfélaginu. Upplýsingar þessar eru yfirleitt birtar í kjölfar framlagningar álagningarskrár og eru tekjuáætlanirnar byggðar á upplýsingum um álögð gjöld á viðkomandi einstaklinga samkvæmt áðurnefndri skrá. Svo virðist sem fjölmiðlar taki út ákveðna starfshópa og velji síðan úr þá einstaklinga, sem birta á upplýsingar um. Upplýsingarnar eru síðan birtar ár eftir ár í ákveðnum fjölmiðlum og jafnvel bornar saman við næsta ár á undan."

Í niðurstöðu tölvunefndar, dags. 18. júlí 1994, er vísað til 98. gr. skattalaga og tekið fram, að það ákvæði víki til hliðar hinum almennu ákvæðum laga nr. 121/1989 og heimili almennan aðgang að upplýsingum um álagða skatta og birtingu þeirra upplýsinga. Síðan segir í niðurstöðu nefndarinnar:

„Samkvæmt þessu, og með vísun til þess að nefndin telur það hvorki vera á sínu valdi að takmarka aðgang fréttamanna að framangreindum skrám, né notkun þeirra eða birtingu á þeim upplýsingum sem þar koma fram, sér tölvunefnd eigi efni til frekari afskipta hennar af máli þessu."

Með bréfi, dags. 20. júlí 1994, fór Jónas Fr. Jónsson hdl. þess á leit að tölvunefnd tæki mál hans til meðferðar að nýju, og var honum með bréfi nefndarinnar, dags. 15. ágúst s.á., tilkynnt að nefndin hefði fallist á það. Í framhaldi af því óskaði tölvunefnd eftir umsögn ríkisskattstjóra um málið. Í bréfi nefndarinnar til Jónasar, dags. 5. október 1994, er umsögn ríkisskattstjóra rakin og honum tilkynnt að nefndin sjái, m.a. með vísun til þeirra sjónarmiða sem þar greinir, ekki efni til að breyta fyrri afstöðu sinni. Í febrúar 1995 kvartaði Jónas Fr. Jónsson til umboðsmanns Alþingis yfir ákvörðun nefndarinnar frá 5. október 1994. Í umsögn tölvunefndar til umboðsmanns Alþingis segir m.a.:

„Um heimild fjölmiðla til þess að birta upplýsingar, sem unnar eru úr álagningarskrám, eftir að kærufresti lýkur og álagningarskrá er ekki lengur aðgengileg almenningi, er til þess að líta, að samkvæmt 98. gr. skattalaga skulu skattstjórar hafa lokið álagningu á skattaðila eigi síðar en 30. júní ár hvert og auglýsa rækilega, að álagningu sé lokið. Kærufrestur er 30 dagar frá birtingu þeirrar auglýsingar. Skal skattstjóri leggja álagningarskrá fram til sýnis eigi síðar en 15 dögum fyrir lok kærufrests. Innan tveggja mánaða frá lokum kærufrests skal skattstjóri hafa úrskurðað kærur. Þegar kærumeðferð er lokið, skulu skattstjórar leggja fram skattskrá, og skal hún liggja frammi til sýnis í tvær vikur. Þá segir í lokamálslið 2. mgr. 98. gr., sem er 8. gr. laga nr. 7/1984, að heimil sé opinber birting á þeim upplýsingum um álagða skatta, sem fram koma í skattskrá, svo og útgáfa þeirra upplýsinga í heild eða að hluta.

Löggjafinn hefur samkvæmt framansögðu ákveðið að veita almenningi aðgang að upplýsingum um álögð gjöld, bæði í álagningarskrá og skattskrá, með því að leggja þær skrár fram til sýnis tiltekinn lögskipaðan tíma. Eins og áður segir verður aðgangur fjölmiðla að skránum umfram aðra ekki takmarkaður né skorður reistar við heimild þeirra til að birta efni skránna, meðan það er á annað borð almenningi aðgengilegt. Ber í þessu sambandi að hafa í huga, að umfjöllun fjölmiðla um skrárnar þann tíma, sem þær liggja frammi, getur eftir atvikum samrýmst þeim tilgangi, sem býr að baki framlagningu skránna, en þeim tilgangi er nánar lýst í kafla I hér að framan.

Tölvunefnd lítur svo á, að samkvæmt skattalögum takmarkist heimild fjölmiðla til að birta upplýsingar, sem unnar eru upp úr álagningarskrám, við þann tíma, sem þær liggja frammi almenningi til sýnis. Verður ekki séð, að opinber birting upplýsinga úr álagningarskrám eftir lok kærufrests, sé í samræmi við áðurgreind sjónarmið, sem að baki framlagningarskyldunni búa. Þvert á móti telur nefndin, að slík birting geti strítt gegn grundvallarreglum laga um friðhelgi einkalífs og persónuvernd, og skiptir þá ekki máli, hvort heldur upplýsingarnar eru gefnar út í bókarformi eða birtar í dagblöðum eða tímaritum. Verður ekki komið auga á þá hagsmuni, sem réttlætt geti slíka birtingu, sérstaklega þegar haft er í huga, að síðar birtast í skattskrá upplýsingar, sem eru réttari en upplýsingar álagningarskrár, þar sem skattstjóri hefur í skattskrá leiðrétt opinber gjöld manna og lögaðila.

Af því, sem rakið er ... hér að framan um aðdragandann að setningu 8. gr. laga nr. 7/1984, má ráða, að markmið þeirrar lagasetningar var gagngert að koma í veg fyrir opinbera birtingu og útgáfu á þeim upplýsingum um álagða skatta, sem fram koma í álagningarskrám, ef frá er talinn sá tími, sem álagningarskrár liggja frammi. Því er það álit tölvunefndar, að samkvæmt 98. gr. skattalaga nr. 75/1981, sbr. 8. gr. laga nr. 7/1984, sé heimild til útgáfu og sölu upplýsinga um álögð opinber gjöld takmörkuð við upplýsingar úr skattskrá.

Þegar sleppir sérákvæðum skattalaga um framlagningu álagningar- og skattskráa og um birtingu og útgáfu þeirra upplýsinga, sem þar koma fram, taka við hin almennu ákvæði laga nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, hvað þessi sömu atriði varðar.

Upplýsingar þær, sem mynda grunn álagningar- og skattskráa, eru að áliti tölvunefndar upplýsingar um einkamálefni manna, sem falla undir 1. gr. sbr. e-lið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 121/1989.

Þegar litið er til þess, sem hér var rakið, er það álit tölvunefndar, að hvorki ákvæði skattalaga nr. 75/1981 né heldur ákvæði laga nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga heimili tímaritinu ... að birta upplýsingar um fjárhagsmálefni einstaklinga, sem unnar eru upp úr álagningarskrám, eftir að kærufresti samkvæmt 1. mgr. 98. gr. laga nr. 75/1981 lýkur."

Í niðurstöðu umboðsmanns Alþingis, dags. 22. júní 1995, segir m.a.:

„Samkvæmt 1. gr. laga nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, taka lögin til hvers konar kerfisbundinnar skráningar og annarrar meðferðar á persónuupplýsingum. Með kerfisbundinni skráningu upplýsinga í skilningi laganna er átt við söfnun og skráningu ákveðinna og afmarkaðra upplýsinga í skipulagsbundna heild. Með persónuupplýsingum er aftur á móti átt við upplýsingar, sem varða einkamálefni, fjárhagsmálefni eða önnur málefni einstaklinga, stofnana, fyrirtækja eða annarra lögpersóna, sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari. Með tilliti til ákvæða 1. gr. umræddra laga er ég sammála þeirri afstöðu tölvunefndar, að upplýsingar, sem fram koma í álagning-

arskrá og skattskrá, falli undir ákvæði laga nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

Í 98. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt er gerður glöggur greinarmunur á álagningarskrá annars vegar og skattskrá hins vegar. Samkvæmt 1. mgr. 98. gr. laganna skulu skattstjórar semja og leggja fram til sýnis *álagningarskrá* eigi síðar en 15 dögum fyrir lok kærufrests skv. 99. gr. sömu laga. Jafnframt skal senda hverjum skattaðila tilkynningu um þá skatta, sem á hann hafa verið lagðir. Gefst þá skattaðilum færi á að bera mál undir skattstjóra skv. 99. gr. laganna, telji þeir skatt sinn eða skattstofn, þar með talin rekstrartöp, ekki rétt ákveðinn. Þegar skattstjórar hafa lokið að leggja úrskurð á þau mál, sem borin hafa verið undir þá á grundvelli 99. gr. laganna, skulu þeir semja og leggja fram *skattskrá*, er skal vera í samræmi við þær breytingar, sem gerðar hafa verið á álagningarskránni, með úrskurðum skattstjóra og öðrum löglegum úrræðum skattyfirvalda.

Þrátt fyrir að lög nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, gildi um *skattskrá*, er ótvírætt og óumdeilt, að heimilt er að birta opinberlega upplýsingar úr henni vegna niðurlagsákvæðis 2. mgr. 98. gr. laga nr. 75/1981, sbr. 8. gr. laga nr. 7/1984, en það hljóðar svo:

„Heimil er opinber birting á þeim upplýsingum um álagða skatta, sem fram koma í skattskrá, svo og útgáfa þeirra upplýsinga í heild eða að hluta."

Aðrar reglur gilda aftur á móti um *álagningarskrá*. Í lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt er ekki sambærilegt ákvæði um heimild til að birta og gefa út álagningarskrá. Þar sem lög nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, gilda um *álagningarskrá*, fer um meðferð þeirra upplýsinga, sem fram koma í skránni, eftir þeim lögum, *að svo miklu leyti* sem ekki er fyrir mælt á annan veg í öðrum lögum. Í því sambandi ber að minna á, að í 1. mgr. 98. gr. laga nr. 75/1981 er lögboðið, að leggja skuli *álagningarskrá* fram *til sýnis*. Í skjóli þessarar lagaheimildar hefur almenningur aðgang að *álagningarskrá* í tiltekinn tíma. Ég er sammála tölvunefnd um, að á grundvelli þessa lagaákvæðis verði aðgangur fjölmiðla að *álagningarskrá* hvorki takmarkaður né skorður reistar við heimild þeirra til að birta efni álagningarskrár meðan hún er á annað borð aðgengileg almenningi á grundvelli þessarar lagaheimildar. Þegar sýningu lýkur í skjóli þessa sérákvæðis, fer um aðgang að *álagningarskrá* og meðferð upplýsinga í skránni að öðru leyti samkvæmt þeim almennu reglum, er gilda um skráningu og meðferð persónuupplýsinga samkvæmt lögum nr. 121/1989.

Af framansögðu athuguðu tel ég ekki tilefni til athugasemda við þá afstöðu, sem fram kom hjá tölvunefnd í bréfum hennar til yðar, dags. 18. júlí og 5. október 1994, með tilliti til þeirra skýringa, sem fram komu hjá tölvunefnd í bréfi hennar til mín, dags. 27. apríl 1995.

Eins og mál þetta var lagt fyrir tölvunefnd, er ekki þörf á því að ég taki nánar til umfjöllunar þær réttarreglur, sem gilda um umfjöllun og meðferð upplýsinga úr álagningarskrá í fjölmiðlum, meðan álagningarskrá liggur frammi til sýnis skv. 1. mgr. 98. gr. laga nr. 75/1981."

4. Auglýsing tölvunefndar varðandi miðlun upplýsinga úr álagningarskrá.

Af tilefni framangreinds ákvað tölvunefnd, þann 13. júlí 1995, að kunngjöra afstöðu sína varðandi miðlun upplýsinga úr álagningarskrám með birtingu svofelldrar auglýsingar í Lögbirtingablaðinu:

„Í tilefni af væntanlegri framlagningu álagningarskráa opinberra gjalda, skv. 98. gr. laga um tekju- og eignarskatt nr. 75/1981, vill tölvunefnd kunngjöra eftirfarandi:

Tölvunefnd lítur svo á að þar sem lögboðið er, skv. 1. mgr. 98. gr. laga nr. 75/1981, að leggja skuli álagningarskrár fram almenningi til sýnis, verði aðgangur fjölmiðla að álagningarskrám hvorki takmarkaður né skorður reistar við heimild þeirra til að birta efni þeirra meðan þær eru aðgengilegar almenningi á grundvelli þeirrar lagaheimildar. Þegar sýningu álagningarskráa í skjóli þessa sérákvæðis lýkur fer hins vegar um aðgang að þeim og meðferð upplýsinga úr þeim að öðru leyti samkvæmt þeim almennu reglum er gilda um skráningu og meðferð persónuupplýsinga samkvæmt lögum nr. 121/1989.

Samkvæmt hinum almennu reglum, sem koma fram í 1. og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 121/1989, er óheimilt að skýra frá upplýsingum er varða einkamálefni einstaklinga nema með samþykki viðkomandi eða með sérstakri heimild tölvunefndar. Meðan þeim skilyrðum er eigi fullnægt er óheimilt að skýra frá upplýsingum úr álagningarskrám nema á þeim tíma sem almenningur hefur aðgang að þeim á grundvelli sérákvæðis 1. mgr. 98. gr. laga nr. 75/1981."

5. Mál Fróða hf.

Með bréfi, dags. 26. júlí 1995, fór Fróði hf. þess á leit við tölvunefnd að mega birta í tímaritinu Frjálsri verslun upplýsingar sem unnar yrðu upp úr álagningarskrám. Í svarbréfi nefndarinnar, dags. 3. ágúst 1995, segir:

„Tölvunefnd hefur borist bréf yðar, f.h. tímaritsins Frjálsrar verslunar, dags. 26. júlí sl., þar sem þér farið þess á leit að tölvunefnd heimili birtingu upplýsinga, sem unnar verða upp úr álagningarskrám, eftir að framlagningartíma skv. 98. gr. skattalaga nr. 75/1981 lýkur.

Eins og fram kemur í bréfi nefndarinnar til Frjálsrar verslunar, dags. 13. júlí sl., sbr. hjál. ljósrit, er það sameiginleg afstaða tölvunefndar og umboðsmanns Alþingis að á grundvelli 1. mgr. 98. gr. laga nr. 75/1981, þar sem lögboðið er að leggja skuli álagningarskrá fram almenningi til sýnis, verði aðgangur fjölmiðla umfram aðra að álagningarskrám hvorki takmarkaður né skorður reistar við heimild þeirra til að birta efni skránna meðan þær eru aðgengilegar almenningi á grundvelli þeirrar lagaheimildar. Þegar sýningu álagningarskráa í skjóli þessa sérákvæðis lýkur fer hins vegar um aðgang að þeim og meðferð upplýsinga úr þeim að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 121/1989.

Samkvæmt hinum almennu reglum laga nr. 121/989 er óheimilt að skýra frá upplýsingum sem varða einkamálefni nema með samþykki hins skráða eða með sérstakri heimild tölvunefndar. Í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 121/1989 kemur fram hvenær tölvunefnd getur veitt slíka heimild. Þar segir að hún geti heimilað að skýrt verði frá upplýsingum um einkamálefni ef sýnt er fram á að brýnir almannahagsmunir eða hagsmunir einstaklinga, þar með taldir hagsmunir hins skráða, krefjist þess og skuli þá ótvírætt að þörfin á að fá upplýsingarnar vegi þyngra en tillitið til þess að þeim sé haldið leyndum.

Tölvunefnd ræddi beiðni yðar á fundi sínum þann 1. ágúst sl. Taldi nefndin eigi hafa verið sýnt fram á, með þeim rökum sem teflt er fram í bréfi yðar, að skilyrðum framangreinds ákvæðis sé fullnægt. Með vísun til þess, og að því gættu að skammt er að bíða útgáfu skattskrár, sem skv. 98. gr. skattalaga er heimilt að gefa út, og hefur auk þess að geyma mun áreiðanlegri upplýsingar en álagningarskrá, taldi nefndin ekki ástæðu til að veita umbeðna heimild.

Nefndin vill hins vegar vekja athygli yðar á, að þrátt fyrir framangreinda synjun nefndarinnar er fyrirtækinu fær sú leið að birta umræddar upplýsingar í tímaritinu með samþykki hinna skráðu.“

Með bréfi, dags. 9. ágúst 1995, mótmælti Fróði hf. efnislegri meðferð nefndarinnar á erindi sínu og fór þess á leit að nefndin endurskoðaði fyrri afstöðu sína. Í svarbréfi tölvunefndar, dags. 24. ágúst 1995, segir:

„Tölvunefnd vísar til bréfs yðar, dags. 9. ágúst sl., þar sem þér mótmælið niðurstöðu nefndarinnar varðandi birtingu upplýsinga, sem unnar hafa verið upp úr álagningarskrám, eftir að framlagningartíma skv. 98. gr. skattalaga nr. 75/1981 lýkur, sbr. bréf nefndarinnar til yðar dags. 13. júlí og 3. ágúst sl.

Á fundi sínum þann 22. ágúst sl. tók nefndin erindi yðar að nýju til skoðunar. Sá nefndin, með vísun til sömu röksemda og áður, og fram koma í framangreindum bréfum til yðar og bréfi til umboðsmanns Alþingis, dags. 27. apríl sl., ekki ástæðu til að breyta umræddri afstöðu sinni. Nefndin vill hins vegar ítreka þá ábendingu að ef þér kjósið að birta umræddar upplýsingar í tímaritinu, eftir að framlagningartíma skv. 98. gr. skattalaga lýkur, er yður fær sú leið að afla til þess samþykkis hinna skráðu, sbr. 5. gr. laga nr. 121/1989.

Varðandi þann þátt í bréfi yðar sem lýtur að því að nefndin hafi, eins og þér segið, „notað aðstöðu sína til að mismuna íslenskum fjölmiðlum“, og brotið ákvæði 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, skal þetta tekið fram. Nefndin kunngjörði ákvörðun sína með því að senda, þann 14. júlí sl., fréttatilkynningar til dagblaða og ljósvakamiðla og sérstaka auglýsingu til Lögbirtingablaðsins, auk þess sem hún, með bréfi dags. 13. júlí sl., kynnti yður sérstaklega niðurstöðu sína um birtingu umræddra upplýsinga í Frjálsri verslun. Er það mat nefndarinnar að hún hafi þar með gert það sem í hennar valdi stóð til að kunngjöra öllum umrædda niðurstöðu á sama hátt og á sama tíma, og getur því eigi fallist á að hún hafi með umræddri málsmeðferð brotið jafnræðisreglu 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Þá skal, af tilefni fyrirspurnar yðar, tekið fram að tölvunefnd er eigi kunnugt um fyrir hönd hvaða 5 einstaklinga Jónas Fr. Jónsson, hdl., kvartaði til umboðsmanns Alþingis yfir birtingu í tímaritinu Frjálsri verslun.

Að lokum verður, með vísun til sömu röksemda og greinir í fyrri bréfum nefndarinnar til yðar (sjá og augl. í Lögbirtingablaðinu), að svara neitandi fyrirspurn yðar um hvort heimilt sé að birta fréttatilkynningar skattstjóra um álagningu á einstaka skattaðila eftir að liðinn er sá tími sem álagningarskrár liggja frammi almenningi til sýnis skv. 98. gr. skattalaga.“

6. Aðdragandi að setningu reglugerðar nr. 176/1996, séð frá sjónarhóli tölvunefndar.

Eins og fram er komið hafði tölvunefnd til þessa aðeins tekið afstöðu til miðlunar upplýsinga úr álagningarskrám og lýst þeirri skoðun sinni að aðgangur fjölmiðla að álagningarskrám umfram aðra yrði hvorki takmarkaður né skorður reistar við heimild þeirra til að birta efni skránna meðan það á annað borð er almenningi aðgengilegt. Eftir að mál Nútíma samskipta hf. kom upp síðla árs 1994, en því lauk með ákvörðun nefndarinnar 1. febrúar 1995, taldi tölvunefnd einsýnt að þörf væri fyrir setningu skýrra reglna um miðlun upplýsinga úr álagningarskrám. Af því tilefni var ákveðið að ræða málið við Snorra Olsen, þá skrifstofustjóra í fjármálaráðuneytinu. Í viðræðum við hann, þann 15. maí 1995, kom fram að innan skattkerfisins væri vilji til skoða málið í samvinnu við

tölvunefnd. Í framhaldi af því var efnt til fundar, þann 6. júní 1995, með tölvunefnd, ríkisskattstjóra og skattstjóranum í Reykjavík, þar sem m.a. kom fram sú hugmynd að ríkisskattstjóri setti reglur varðandi afhendingu upplýsinga úr álagningarskrám. Nokkru síðar, þ.e. 20. júlí 1995, bárust tölvunefnd svohljóðandi drög ríkisskattstjóra að slíkum reglum:

„Auglýsing frá ríkisskattstjóra nr. 11/1995.

Skilmálar vegna afhendingar á upplýsingum úr álagningarskrá skattstjóra 1995.

Þeir aðilar sem skattstjóri heimilar aðgang að álagningarskrám 1995, eða fá afhentar upplýsingar úr þeim skrám, skulu gæta eftirfarandi reglna við birtingu og úrvinnslu upplýsinganna:

1. Skrárnar liggja frammi þá daga sem frestur til að kæra yfir álagningunni stendur, þ.e.a.s. dagana 27. júlí til 10. ágúst að báðum dögum meðtöldum.

   Skattstjóri ákveður nánar um aðgengi að skránum, þ.e.a.s. stað og tíma dags, en almennt er öllum þeim sem telja sig þurfa á aðgangi að halda, þ.m.t. blaðamenn og fréttaritarar, heimill aðgangur.
2. Heimilt er að afrita og endurbirta skrárnar í heild eða að hluta. Slíkt er þó aðeins leyft á þeim tíma sem þær liggja frammi. Sama á við um birtingu á upplýsingum úr skránum. Birting á upplýsingum um álagningu þarf að hafa átt sér stað eigi síðar en 10. ágúst 1995.
3. Upplýsingar skulu birtar á hlutlægan hátt. Úrvinnsla upplýsinga, t.d. umreikningur álagðs gjalds yfir í tekjur eða veltufjárhæð, samanburður milli ára, framreikningur til núvirðis með vísitölureikningi o.s.frv., er ekki heimil.
4. Ekki er heimilt að gefa út eða vinna upp á einn eða annan hátt á tölvutækt form eða setja inn á tölvunet upplýsingar úr álagningarskrá.
5. Aðgangur fjölmiðla og annarra aðila er hafa í hyggju að kynna sér og hagnýta efni álagningarskrár er bundinn því skilyrði að viðkomandi hafi kynnt sér, sætt sig við og heitið að halda skilmála þessa

   Skilmálar þessir eru settir til samræmingar, sbr. ... 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og taka þeir þegar gildi. ...“

Auglýsing þessi var aldrei birt en í framhaldi af þessu mætti fulltrúi ríkisskattstjóra á fund tölvunefndar þann 30. október 1995 og fór þess á leit að nefndin léti ríkisskattstjóra bréflega í té hugmyndir að skilmálum um miðlun upplýsinga úr álagningar og skattskrám. Það gerði nefndin með bréfi, dags. 9. nóvember 1995, og lagði þar aðallega til grundvallar þau drög sem henni höfðu borist frá ríkisskattstjóra. Í bréfi nefndarinnar segir:

„Í framhaldi af fyrri bréfaskiptum og viðræðum um birtingu upplýsinga úr álagningar- og skattskrám, og með vísun ákvæða X. kafla laga nr. 121/1989, um meðferð og skráningu persónuupplýsinga, einkum ákvæða 5. og 6. mgr. 33. gr., tekur tölvunefnd fram að hún telur að eftirfarandi skilmálar skuli gilda um birtingu upplýsinga úr umræddum skrám:

Um skattskrár og álagningarskrár:

1. Upplýsingar úr álagningar- og skattskrám má aðeins birta á þann hátt sem þær koma fyrir í skránum. Úrvinnsla upplýsinga, t.d. umreikningur álagð gjalds yfir í tekjur eða veltufjárhæð, samanburður milli ára, framreikningur til núvirðis með vísitölureikningi o.s.frv., er óheimil.
2. Óheimilt er að birta kennitölur í álagningarskrám og skattskrám sem ætlaðar eru til opinberrar birtingar, hvort heldur á pappír eða á tölvutæku formi.

Um álagningarskrár:

1. Álagningarskrár skulu aðeins liggja frammi þá daga sem frestur til að kæra álagninguna stendur. Skattstjóri ákveður nánar um aðgang að skránum, þ.e.a.s. stað, tíma og fjölda eintaka.
2. Aðeins er heimilt að birta opinberlega upplýsingar úr álagningarskrám á þeim tíma sem þær liggja frammi.
3. Óheimilt er af gefa út eða vinna á einn eða annan hátt á tölvutækt form, eða setja inn á tölvunet, upplýsingar úr álagningarskrám
4. Aðgangur fjölmiðla og annarra aðila, er hafa í hyggju að hagnýta efni álagningarskrár, er bundinn því skilyrði að viðkomandi hafi kynnt sér og heitið að halda framangreinda skilmála með undirritun á yfirlýsingu þess efnis."

7. Reglugerð fjármálaráðuneytisins nr. 176/1996.

Með bréfi, dags. 14. mars 1996, sendi fjármálaráðuneytið tölvunefnd drög að reglugerð um birtingu, útgáfu og aðra meðferð upplýsinga úr álagningarskrá, skattskrá og virðisaukaskattsskrá og óskaði umsagnar um hana. Nefndin gaf, þann 19. mars sl., svohljóðandi umsögn:

„Tölvunefnd vísar til bréfs yðar, dags. 14. mars sl., þar sem óskað er umsagnar um meðfylgjandi drög að reglugerð um birtingu, útgáfu og aðra meðferð upplýsinga úr álagningarskrá, skattskrá og virðisaukaskattsskrá.

Tölvunefnd ræddi mál þetta á fundi sínum þann 18. þ.m. og kynnti sér framangreind reglugerðardrög. Leggur nefndin til eftirfarandi:

1. Að 2. mgr. 3. gr. orðist svo: „Öll útgáfa upplýsinga úr álagningarskrá er óheimil, hvort heldur sem er í heild eða að hluta. Þó er heimilt að birta í fjölmiðlum upplýsingar úr álagningarskrá á þeim tíma sem hún liggur frammi. Skal um þá birtingu fara samkvæmt því sem segir í 4. gr. reglugerðar þessarar."
2. Að 4.gr. i.f. breytist og hljóði svo: „Þeir einir mega fá afhentar skattskrár á tölvutæku formi sem hafa til þess sérstaka heimild eða starfsleyfi tölvunefndar."

Að öðru leyti gerir tölvunefnd ekki athugasemdir við umrædd reglugerðardrög."

8. Umsögn tölvunefndar um reglugerð fjármálaráðuneytisins nr. 176/1996.

Með bréfi, dags. 15. apríl sl., óskaði fjármálaráðuneytið, eins og áður er fram komið, umsagnar tölvunefndar um reglugerð nr. 176/1996. Hefur nefndin tekið erindið til umfjöllunar og er afstaða hennar eftirfarandi:

a. Eins og fram er komið hefur tölvunefnd í úrskurðum um málefni einstakra aðila einungis tekið ákvarðanir um miðlun upplýsinga úr álagningarskrám. Er hér átt við mál Nútíma samskipta hf.; mál Jónasar Fr. Jónssonar, hdl. og mál Fróða hf. Auglýsing tölvunefndar, dags. 13. júlí 1995, endurspeglar afstöðu hennar í þeim málum og er sú afstaða enn óbreytt. Sú afstaða tölvunefndar, að takmarka skuli heimild fjölmiðla til að birta upplýsingar, sem unnar eru upp úr álagningarskrám, við þann tíma, sem þær liggja frammi almenningi til sýnis, byggist á því að opinber birting upplýsinga úr álagningarskrám eftir lok kærufrests, sé ekki í samræmi við þau sjónarmið sem að baki framlagningunni búa. Þvert á móti telur nefndin slíka birtingu geta strítt gegn grundvallarreglum laga um friðhelgi einkalífs og persónuvernd og að ekki verði séð hvaða hagsmunir geti réttlætt slíka birtingu, sérstaklega þegar haft er í huga að síðar birtast í skattskrá réttari upplýsingar, þar sem skattstjóri hefur í skattskrá leiðrétt opinber gjöld manna og lögaðila.

b. Tölvunefnd mat þau reglugerðardrög sem henni bárust til umsagnar með bréfi fjármálaráðuneytisins, dags. 14. mars sl., einungis út frá persónuverndarsjónarmiðum og ákvæðum laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Taldi nefndin þann ramma sem ráðuneytið hugðist setja með umræddri reglugerð vel samræma annars vegar reglur skattalaga um aðgang að skránum og hins vegar reglur um friðhelgi einkalífs og persónuvernd. Engin afstaða var af nefndarinnar hálfu tekin til þess hvort umrædd reglugerðardrög ættu sér fullnægjandi stoð í lögum um tekju- og eignaskatt nr. 75/1981, enda taldi nefndin slíkt ekki í sínum verkahring.
c. Af framansögðu má ljóst vera að í umræðum um birtingu upplýsinga úr umræddum skrám skarast óhjákvæmilega tvenns konar grundvallarréttindi manna. Annars vegar réttur manna til að njóta friðhelgi og einkalífsverndar, þ.á m. um fjárhagsmálefni sín, og hins vegar reglur um tjáningar- og prentfrelsi. Tölvunefnd, og önnur stjórnvöld sem að málinu hafa komið, hafa eftir bestu getu reynt að samræma þessi sjónarmið í ákvörðunum sínum. Ljóst má hins vegar vera, í ljósi þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað í þjóðfélaginu á undanförnum vikum, að fullkomin sátt ríkir ekki um þær ákvarðanir. Telur tölvunefnd því afar þýðingarmikið að löggjafarvaldið taki af skarið og setji skýrar reglur í þessum efnum.

Meðan ekki nýtur við skýrra lagaheimilda samkvæmt framansögðu telur tölvunefnd rétt að úr 4. gr. reglugerðarinnar verður felldur 2. málsliður og að 4. gr. hljóði eftir þá breytingu svo: „Upplýsingar úr álagningar-, virðisauka- og skattskrá má aðeins birta á þann hátt sem þær koma fyrir í skránum. Óheimilt er að birta kennitölur í álagningarskrám og skattskrám sem ætlaðar eru til opinberrar birtingar hvort heldur er á pappír eða á tölvutæku formi. Þeir einir mega fá afhentar skattskrár á tölvutæku formi sem hafa til þess sérstaka heimild eða starfsleyfi tölvunefndar."

Í tölvunefnd, 7. maí 1996

Þorgeir Örlygsson
Valtýr Sigurðsson
Jón Ólafsson
Haukur Oddsson

Fylgiskjal II.

Bréf tölvunefndar til umboðsmanns Alþingis.
(27. apríl 1995.)

Tölvunefnd vísar til bréfs yðar, herra umboðsmaður, dags. 14. febrúar sl., í tilefni af kvörtun Jónasar Fr. Jónssonar, héraðsdómslögmanns, f.h. fimm einstaklinga, yfir ákvörðun nefndarinnar frá 5. október 1994. Um efni þeirrar kvörtunar segir m.a. í bréfi yðar:

> "Ég skil kvörtun þeirra svo, að hún beinist að birtingu á persónulegum fjárhagsmálefnum þeirra í skrá, sem unnin hefur verið kerfisbundið um 650 einstaklinga og birt í 6. tölublaði Frjálsrar verslunar árið 1994. Af kvörtuninni verður ráðið, að umræddir einstaklingar hafa ekki veitt samþykki sitt til þess að nefndar upplýsingar verði birtar. Þá verður ekki séð, að útgefandi tímaritsins Frjáls verslun hafi fengið sérstakt leyfi tölvunefndar til skráningar upplýsinganna. Þá skil ég kvörtun þeirra svo, að með tilliti til þeirra upplýsinga, sem safnað hafi verið, úrvinnslu upplýsinganna og samanburðar við eldri upplýsingar um fjárhagsmálefni, telji þeir, að efni þeirrar skrár, sem birt var í fyrrnefndu tímariti, sé komið út fyrir þann ramma, sem ákvæði 98. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 8. gr. laga nr. 7/1984, veiti einkaaðilum til að halda skipulagsbundnar skrár um slík fjárhagsmálefni og miðla upplýsingum úr þeim. Loks er einnig kvartað yfir meðferð tölvunefndar á máli þessu, meðal annars vegna þess að þeim hafi ekki verið veitt færi á að tjá sig um umsögn ríkisskattstjóra frá 26. september 1994, sem aflað var af hálfu nefndarinnar, áður en málinu var ráðið til lykta. Telja þeir að með þessu hafi verið brotið í bága við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993."

Í bréfi yðar, hr. umboðsmaður, farið þér þess á leit, að Tölvunefnd skýri viðhorf sitt til kvörtunarinnar og láti yður í té gögn málsins. Til að skýra sem best viðhorf Tölvunefndar, bæði til þessa máls og almennt til birtingar upplýsinga um efni álagningar- og skattskráa, verður, auk þess að rekja mál Jónasar Fr. Jónssonar, sem er tilefni fyrirspurnar yðar, greint frá niðurstöðu Tölvunefndar í öðrum málum, sem einnig varða myndun skráa með upplýsingum úr álagningar- og skattskrám og birtingu upplýsinga úr slíkum skrám. Er þar annars vegar um að ræða mál Leturs hf. frá árinu 1982 og hins vegar mál Nútíma samskipta hf., sem nefndin hefur nýlega afgreitt. Geta má þess, að Tölvunefnd hefur nýlega

verið birt stefna í máli, sem Nútíma samskipti hf. hefur höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur nefndinni og dómsmálaráðherra. Í því máli er m.a. krafist ógildingar á áðurgreindri niðurstöðu nefndarinnar í máli fyrirtækisins.

Þá verður í bréfi þessu fjallað um þær reglur skattalaga, er varða framlagningu álagningar- og skattskráa og birtingu upplýsinga um efni þeirra. Verður sérstaklega fjallað um 98. gr. skattalaganna, eins og henni var breytt með 8. gr. laga nr. 7/1984. Verður leitast við að skýra skilning Tölvunefndar á því ákvæði, m.a. með því að rekja aðdraganda þeirrar lagabreytingar og þær umræður, sem um hana urðu á Alþingi.

I.

Mál Leturs hf.
Ákvarðanir Tölvunefndar, dags. 7. júlí og 27. nóvember 1982.

Í júní 1982 barst Tölvunefnd fyrirspurn frá ríkisskattstjóra. Annars vegar varðaði fyrirspurnin heimild skattstjóra til að afhenda aðilum utan skattkerfisins álagningarskrár gjaldársins 1982 með það fyrir augum, að þeir gefi þær út til sölu fyrir almenning. Hins vegar um heimildir skattstjóra til að veita fjölmiðlum eða öðrum aðilum utan skattkerfisins upplýsingar um opinber gjöld nafngreindra einstaklinga og lögaðila samkvæmt álagningarskrá gjaldársins 1982.

Niðurstaða Tölvunefndar 7. júlí 1982 um framangreind atriði var sú, að heimilt væri að veita fjölmiðlum upplýsingar um opinber gjöld manna samkvæmt álagningarskrám þann tíma, sem þær liggja frammi til sýnis. Jafnframt taldi nefndin, að aðilar, sem ekki hefðu stjórnvaldshagsmuna að gæta, ættu ekki að fá skrárnar í hendur, ef þeir hyggðust gefa þær út til sölu fyrir almenning.

Í framhaldi af þessu ritaði Letur hf. Tölvunefnd bréf, dags. 20. júlí 1982, með fyrirspurn um heimildir til útgáfu álagningarskrár og áframhaldandi útgáfu skattskrár. Tölvunefnd leitaði umsagnar fjármálaráðuneytisins og ríkisskattstjóra um málið. Í umsögn fjármálaráðuneytisins, dags. 27. september 1982, er m.a. á það bent, að framlagningarskylda tengist þeirri sérstæðu reglu skattalaga, að sérhver skattþegn hafi rétt til að kæra skatta allra annarra skattskyldra aðila. Þessi regla, að sá eigi sök sem vill (actio popularis), hafi verið studd þeim rökum í athugasemdum við fyrstu heildarlögin um tekjuskatt og eignarskatt "... að eðlilegt sé, að gjaldendur komi í veg fyrir of lágt tekju- og eignamat hjá öðrum." Var það niðurstaða ráðuneytisins, að það væri hafið yfir allan vafa, að heimil væri opinber birting úr skattskrám. Ríkisskattstjóri kvaðst í bréfi 4. október 1982 vera í meginatriðum sammála fjármálaráðuneytinu.

Að fengnum framangreindum umsögnum ítrekaði Tölvunefnd það álit sitt, sbr. bréf nefndarinnar dags. 27. nóvember 1982, að ekki væri

heimilt að gefa út skattskrá samkvæmt 2. mgr. 98. gr. tekjuskattslaga til dreifingar meðal almennings og að fyrirtækinu Letri hf. væri hvorki heimilt að gefa út álagningarskrá fyrir gjaldárið 1982 né heldur skattskrá fyrir sama ár.

II.

Mál Jónasar Fr. Jónssonar. Ákvarðanir Tölvunefndar, dags. 18. júlí og 5. október 1994.

Kvörtun Jónasar Fr. Jónssonar til yðar, hr. umboðsmaður, varðar niðurstöðu Tölvunefndar frá 5. október 1994. Það álitaefni, sem Jónas bar undir Tölvunefnd og framangreind niðurstaða hennar lýtur að, varðar birtingu fjölmiðla á áætluðum tekjum tiltekinna einstaklinga almennt, en beindist ekki sérstaklega að umfjöllun Frjálsrar verslunar um það efni, eins og kvörtun hans til yðar virðist gera samkvæmt því, sem fram kemur í bréfi yðar. Það álitaefni, sem Jónas bar undir Tölvunefnd, kemur upphaflega fram í bréfi hans, dags. 15. júní 1994, en þar segir m.a.:

> "Um nokkurt skeið hefur það tíðkast, að ýmsir fjölmiðlar birti lista yfir áætlaðar tekjur ýmissa einstaklinga í þjóðfélaginu. Upplýsingar þessar eru yfirleitt birtar í kjölfar framlagningar álagningarskrár og eru tekjuáætlanirnar byggðar á upplýsingum um álögð gjöld á viðkomandi einstaklinga samkvæmt áðurnefndri skrá. Svo virðist sem fjölmiðlar taki út ákveðna starfshópa og velji síðan úr þá einstaklinga, sem birta á upplýsingar um. Upplýsingarnar eru síðan birtar ár eftir ár í ákveðnum fjölmiðlum og jafnvel bornar saman við næsta ár á undan."

Í niðurstöðu Tölvunefndar, dags. 18. júlí 1994, er vísað til 98. gr. skattalaga og tekið fram, að það ákvæði víki til hliðar hinum almennu ákvæðum laga nr. 121/1989 og heimili almennan aðgang að upplýsingum um álagða skatta og birtingu þeirra upplýsinga. Síðan segir í niðurstöðu nefndarinnar:

> "Samkvæmt þessu, og með vísun til þess að nefndin telur það hvorki vera á sínu valdi að takmarka aðgang fréttamanna að framangreindum skrám, né notkun þeirra eða birtingu á þeim upplýsingum sem þar koma fram, sér Tölvunefnd eigi efni til frekari afskipta hennar af máli þessu."

Með bréfi, dags. 20. júlí 1994, fór Jónas þess á leit við Tölvunefnd, að nefndin tæki mál hans til meðferðar að nýju, og var honum með bréfi nefndarinnar, dags. 15. ágúst s.á., tilkynnt, að nefndin hefði fallist á það. Í framhaldi af því óskaði Tölvunefnd eftir umsögn ríkisskattstjóra um málið. Í bréfi nefndarinnar til Jónasar, dags. 5. október 1994, er umsögn ríkisskattstjóra rakin og honum tilkynnt, að nefndin sjái, m.a. með vísun til þeirra sjónarmiða sem þar greinir, ekki efni til að breyta fyrri afstöðu sinni.

III.

Mál Nútíma samskipta hf.
Ákvörðun Tölvunefndar 1. febrúar 1995.

Þann 1. febrúar sl. komst Tölvunefnd að niðurstöðu í máli fyrirtækisins Nútíma samskipti hf., en fyrirtækið hafði myndað skrá með upplýsingum úr álagningarskrá og hugðist dreifa upplýsingum úr skránni í bókarformi til sölu á almennum markaði. Þessi skrá var, eins og skrá Frjálsrar verslunar, mynduð úr upplýsingum, sem safnað var úr álagningarskrám á þeim tíma, sem þær lágu frammi almenningi til sýnis, og hefur skráin m.a. að geyma upplýsingar um nöfn 14000 tekjuhæstu einstaklinganna í Reykjavík og nágrenni og útreiknaðar/áætlaðar tekjur viðkomandi einstaklinga.

Það var niðurstaða Tölvunefndar í máli Nútíma samskipta hf., að umrædd skráning upplýsinga um tekjur úr álagningarskrám sé og hafi verið fyrirtækinu óheimil. Jafnframt var það niðurstaða nefndarinnar, að reglur tekjuskattslaga um takmarkaðan aðgang almennings að álagningarskrám á tilteknum auglýstum tíma, sem veittur er í sérstökum tilgangi, sbr. 1. mgr. 98. gr. laga nr. 75/1981, breyti engu þar um. Þá var það og niðurstaða nefndarinnar, að hvorki ákvæði tekjuskattslaga né ákvæði laga nr. 121/1989 heimiluðu fyrirtækinu miðlun umræddra upplýsinga. Vísaði nefndin í því sambandi sérstaklega til þess, að samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga 121/1989 sé það skilyrði fyrir miðlun upplýsinga úr skrám, sem falla undir ákvæði laganna, að upplýsingamiðlunin sé eðlilegur þáttur í starfsemi skráningaraðilans, en Nútíma samskipti hf. hefðu ekki sýnt fram á, að miðlun upplýsinga um tekjur umræddra 14000 einstaklinga væri eðlilegur þáttur í starfsemi fyrirtækisins.

IV.

Kvörtun Jónasar Fr. Jónssonar
til umboðsmanns Alþingis.

Samkvæmt bréfi yðar, hr. umboðsmaður, til Tölvunefndar, beinist kvörtun Jónasar Fr. Jónssonar til yðar gagngert að birtingu upplýsinga um persónuleg fjárhagsmálefni í skrá, sem unnin hefur verið kerfisbundið á undanförnum árum um 650 einstaklinga og birt í Frjálsri verslun, nú síðast í 6. tbl. ársins 1994. Eins og áður segir varðar umrædd niðurstaða Tölvunefndar, sem Jónas kvartar nú yfir til yðar, hins vegar einungis umfjöllun fjölmiðla um efni álagningarskráa almennt. Hefur nefndin því ekki tekið sérstaka afstöðu til þess einstaka tilviks, sem hér um ræðir, en ljóst er, að skráning og birting Frjálsrar verslunar hefur nokkra sérstöðu, bæði að því er varðar umfang skráningarinnar og birtingartíma, en umrætt tölublað kom ekki út fyrr um mánaðarmótin ágúst/september 1994, þ.e. u.þ.b. mánuði eftir að kærufrestur rann út. Hins vegar skarast mál þetta vissulega við bæði þau mál, sem Tölvunefnd hefur þegar tekið afstöðu til, þar sem í báðum tilvikum er um að ræða

skráningu og meðferð upplýsinga, sem safnað hefur verið úr álagningarskrám, þótt atvik séu þar mismunandi, og nefndin hafi í öðru tilfellinu ekki séð efni til athugasemda, en í hinu talið, að umrædd skráning væri óheimil.

Tölvunefnd hefur nú í tilefni af fyrirspurn yðar, hr. umboðsmaður, tekið mál Frjálrar verslunar til sérstakrar skoðunar. Fylgir afstaða nefndarinnar, sem hún komst að á fundi sínum þann 27. apríl sl., hér á eftir.

V.

Um uppbyggingu skrár Frjálsrar verslunar og efni hennar.

Umrædd skrá Frjálsrar verslunar yfir tekjur 650 einstaklinga er flokkuð eftir starfsgreinum. Flokkarnir eru 22, en mismunandi margir einstaklingar eru í hverjum flokki. Skráin hefur að geyma almennar upplýsingar um þróun tekna í hinum ýmsu flokkum, en þær upplýsingar, sem birtast um hvern einstakling, eru fyrst og fremst nafn hans, starfsheiti, heildartekjur ársins 1993, mánaðartekjur ársins 1993 og mánaðartekjur ársins 1993 umreiknaðar til verðlags á árinu 1994. Þá eru ákveðnir einstaklingar teknir út úr og sérstaklega fjallað um tekjur þeirra, t.d. hvort tekjurnar hafi hækkað eða lækkað milli ára og jafnvel af hvaða ástæðum.

Í formála skrárinnar kemur fram, að skráin fyrir árið 1994 sé sú viðamesta, sem gerð hafi verið. Á árinu 1993 hafi skráin náð til 517 einstaklinga, 450 einstaklinga árið 1992 og 300 einstaklinga árið 1991. Þá segir, að rétt sé að árétta, að könnunin sé vísbending - ekki stóridómur. Hún gefi þó sífellt heildstæðari mynd eftir því, sem úrtakið stækki. Í tekjusamanburði einstakra starfsgreina á milli ára sé þess vandlega gætt að skoða eingöngu tekjur sömu einstaklinga bæði árin. Það gefi bestu myndina. Ný nöfn á listanum geti því ekki ruglað samanburðinn milli ára, og þess vegna sé líka afar erfitt að detta út af listanum, séu menn einu sinni komnir inn á hann. Tekjurnar, sem birtist í könnuninni, séu skattskyldar tekjur. Um sé að ræða tekjur af aðalstarfi svo og allar aðrar tekjur, eins og eignatekjur, söluhagnað, reiknuð hlunnindi vegna afnota af fyrirtækjabílum, nefndarstörf, setu í stjórnum o.s.frv. Listinn segi því ekki til um föst laun, þótt ætla megi, að um góða nálgun sé að ræða.

VI.

Um framlagningu álagningar- og skattskráa.

Það byggist á gamalli hefð, að skattyfirvöld afhendi fjölmiðlum upplýsingar um gjöld hæstu gjaldenda samkvæmt álagningu hvers árs. Má rekja þá framkvæmd allt aftur til ársins 1937. Hafa verður í huga í þessu sambandi, að fram til ársins 1979 voru einungis lagðar fram skattskrár, og var í lögum ekki gerður greinarmunur á

skattskrá og álagningarskrá. Eftir það hefur hins vegar í lögum verið greint á milli álagningarskrár og skattskrár. Eins verður að hafa í huga í þessu sambandi, að af hálfu skattyfirvalda eru við lok álagningar engar upplýsingar veittar til fjölmiðla um hæstu gjaldendur, sem fjölmiðlarnir gætu ekki sjálfir aflað sér í framliggjandi skrám.

Með lögum nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sem öðluðust gildi 1. janúar 1979, er fyrst greint á milli álagningarskrár og skattskrár. Segir í 2. mgr. 98. gr., að þegar lokið sé álagningu skatta og kærumeðferð, skuli skattstjórar semja og leggja fram skattskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu og skuli hún liggja frammi til sýnis í tvær vikur. Á árunum 1980 og 1981 voru álagningarskrár ekki lagðar fram, heldur aðeins skattskrár eftir afgreiðslu kæra, en árið 1982 og eftirleiðis hafa álagningarskrár verið lagðar fram. Einnig eru skattskrár viðkomandi skattárs lagðar fram, eftir að úrskurðum kæra er lokið, en það hefur yfirleitt ekki verið fyrr en u.þ.b. hálfu ári eftir framlagningu álagningarskrár, þ.e.a.s. í febrúar - mars á næsta ári.

Álagningarskrár hafa legið frammi lögskipaðan tíma, sem er tvær vikur að lágmarki, en að honum loknum hafa engar upplýsingar verið gefnar úr skránum af hendi skattstjóra. Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra hafa af hendi skattyfirvalda aldrei verið lagðar hömlur á, að upplýsingar séu ritaðar úr framliggjandi skrám, en þær hafa ekki verið lánaðar út frá skattstofunum til ljósritunar, hvorki í heild sinni né að hluta. Framangreindur úrskurður Tölvunefndar frá árinu 1982 í máli Leturs hf., þ.e. sá þáttur hans, að ekki væri heimilt að gefa út skattskrá, þótti af ýmsum orka mjög tvímælis. Varð hann tilefni viðbragða af hálfu stjórnvalda og löggjafans, svo sem nánar verður rakið í því, sem hér fer á eftir (kafli VII).

VII.

Lagabreytingin árið 1984.

Með 8. gr. laga nr. 7/1984, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, var heimiluð opinber birting og útgáfa skattskráa. Aðdragandi þessa var sá, að á Alþingi (106. löggjafarþing 1983 - 1984) var af hálfu ríkisstjórnarinnar flutt frumvarp til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt (þskj. 164), og var það í 10 greinum. [1]) Engin ákvæði var í frumvarpi þessu að finna um framlagninu og birtingu upplýsinga úr álagningar- og skattskrám.

Meiri hluti nefndarmanna í fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar flutti við 2. umræðu tvær breytingartillögur við frumvarpið. Önnur snerti frádrátt fengins arðs, en hin var um framlagningu skattskrár (sjá nefndarálit á þskj. 238). Er í því

---

[1]) Alþingistíðindi 1983 - 1984, þskj. 164, bls. 903.

sambandi vitnað til þess, að lagafrumvarp þessa efnis hafi ekki hlotið endanlega afgreiðslu á 105. löggjafarþinginu. [2])

Samkvæmt framangreindri breytingartillögu meiri hluta fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar skyldi á eftir 8. gr. stjórnarfrumvarpsins bætast við ný grein, sem yrði 9. gr., með tilheyrandi breytingu annarra greina frumvarpsins til samræmis við það, svohljóðandi:

> "Heimil er opinber birting á þeim upplýsingum um álagða skatta, sem fram koma í skattskrá, svo og útgáfa þeirra upplýsinga í heild eða að hluta."

Breytingartillaga þessi var eins og áður segir flutt af meiri hluta fjárhags- og viðskiptanefndar, og var hún 4. tl. á þskj. 239. Í áðurgreindu nefndaráliti meiri hluta fjárhags- og viðskiptanefndar (þskj. 238) er vikið að því, að Tölvunefnd hafi komist að þeirri niðurstöðu, að óheimilt væri að gefa út skattskrár, en sú ákvörðun orki mjög tvímælis að mati fjármálaráðuneytis. Þá segir í nefndarálitinu, að ótvírætt sé að birting upplýsinga úr skattskrá og útgáfa hennar í heild sé til þess fallin að skapa bæði gjaldendum og skattyfirvöldum virkt aðhald og gegni slík birting að mörgu leyti sama tilgangi og framlagning skattskráa. Sé mikilvægt, að sá aðgangur, sem almenningur hafi haft að upplýsingum úr skattskrám á undanförnum áratugum, verði ekki þrengdur og þar með tekið fyrir þá umræðu um skattamál, sem gjarnan fylgi birtingu þessara upplýsinga.

Í framsöguræðu Friðriks Sóphussonar fyrir tillögu meiri hluta fjárhags- og viðskiptanefndar er vitnað til áðurgreindrar úrlausnar Tölvunefndar og sagt, að hún orki tvímælis. Síðan segir Friðrik orðrétt:

> " En til þess að koma í veg fyrir misskilning og taka ákveðna afstöðu til þessa máls flytur meiri hl. þessa brtt. enda er nauðsynlegt að áliti meiri hl. að skattskráin geti legið fyrir og allir hafi aðgang að henni þegar endanlega hefur verið lagt á og kærufrestur er liðinn." [3])

Svavar Gestsson, alþingismaður, vék að þessari breytingartillögu í þingræðu við umræðu málsins. Hann vitnaði til úrskurðar Tölvunefndar og eldri frumvarpa um framlagningu skattskráa, en sagði svo orðrétt: [4])

> "Ég tel að það hafi komið fram í umr. um þessi mál á Alþingi að verulegur hluti þm. var þeirrar skoðunar að rétt væri að

---

[2]) Um frumvarp það, sem flutt var á 105. löggjafarþinginu 1982, sjá Alþingistíðindi 1982 - 1983, A, bls. 2462.

[3]) Alþingistíðindi 1983 - 1984, B3, d. 2731.

[4]) Alþingistíðindi 1983 - 1984, B3, d. 2790 - 2791.

birta álagningarskrár með öllum þeim fyrirvörum sem hafa ber við þær vegna þess að kærur hafa ekki verið sendar inn og alls konar skekkjur liggja fyrir ... Ég held hins vegar að þessi till. ... og Friðrik Sóphusson mælti fyrir ... sé út af fyrir sig skýr svo langt sem hún nær og ég vil túlka hana með þeim hætti sem gert er í grg. með stjfrv. ... í fyrra, þ.e. að verði þessi brtt. samþykkt sé heimilt sé að birta álagningarskrár á komandi sumri við útkomu tekju- og eignarskatts og auðvitað síðan í framhaldi af því skattskrá eftir að leiðréttingar liggja fyrir. Ef ... Friðrik Sóphusson ... telja að þessi túlkun af minni hálfu sé ekki rétt, hún gangi í raun og veru of langt og þess vegna sé röng sú túlkun sem kemur fram í grg. með stjfrv. sem ég las hér áðan, mundi ég telja óhjákvæmilegt að flytja brtt. við brtt. meiri hl. þar sem skýrt kæmi fram að heimilt væri að birta ekki aðeins skattskrá heldur einnig álagningarskrá ... Þá mætti orða till. þannig: Heimil er birting á þeim upplýsingum um álagningu skatta og endanlega skatta sem fram koma í skattskrá, svo og útgáfa þeirra upplýsinga í heild eða að hluta. Þannig séu tekin í orðalaginu af öll tvímæli um að ekki sé einasta heimilt að birta endanlega skatta, heldur einnig álagninguna þegar hún liggur fyrir. "

Um þetta sagði Friðrik Sóphusson í svarræðu, að orðalag breytingartillögu meiri hluta nefndinnar væri það sama og í frumvarpinu, sem flutt var á 105. löggjafarþinginu, þ.e. þinginu 1982 - 1983. Orðrétt sagði Friðrik:

" ... þá er það rétt ... að orðalagið er það sama og í frv. sem flutt var á 105. löggjafarþinginu, þ.e. þinginu 1982 - 1983. Ég hygg að það sé alveg ljós túlkun þessa ákvæðis að eingöngu sé um að ræða skattskrá, en skilgreining á því hugtaki mun vera sú að það sé skrá sem verður til eftir að kærufrestur er útrunninn. Reyndar varð sú breyting á með þeim lögum sem sett voru 1981 um tekjuskatt og eignarskatt að horfið var frá því ráði að gefa út álagningarskrár. Í stað þess var birt svokölluð skattskrá, en það er sú skrá sem búið er að leiðrétta eftir að kærufrestur hefur runnið út ... Þetta held ég þess vegna að sé skilningur á því ákvæði sem um er að ræða, en það er brtt. í lið nr. 4 á þskj. 239." [5])

Svavar Gestsson tók aftur til máls og sagði, að í svari Friðriks Sóphussonar hefði komið skýrt fram, að með því orðalagi, sem væri á brtt. meiri hlutans væri ekki gert ráð fyrir, að heimilt yrði að birta álagningarskrár heldur aðeins endanlegar skattskrár. Orðrétt sagði þingmaðurinn:

"Ég er þeirrar skoðunar að rétt sé að heimila birtingu á álagningarskrám, það stuðli að umr. um skattamál sem er jákvæð og þess vegna leyfi ég mér að leggja hér fram nýja brtt. við brtt. meiri hl. Það er till. sem flutt er af mér og hv. þm.

---

[5]) Alþingistíðindi 1983 - 1984, B3, d. 2794.

Sighvati Björgvinssyni og er um að 4. tl. í brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. á þskj. 322 orðist ..." [6])

Tillaga þeirra Svavars og Sighvats var svohljóðandi, sbr. þskj. 345, þ.e. breytingartillaga við brtt. á þskj. 322:

"Á eftir 8. gr. komi ný grein sem orðist svo:
Aftan við 2. mgr. 98. gr. laganna komi nýr málsliður er orðist svo:
Heimil er opinber birting á þeim upplýsingum um álagningu og endanlega útkomu skatta sem fram koma í skattskrá svo og útgáfa þeirra upplýsinga í heild eða að hluta." [7])

Að 2. umræðu um frumvarpið lokinni fór fram atkvæðagreiðsla, að viðhöfðu nafnakalli, og var breytingartillaga á þskj. nr. 345, þ.e. tillaga þeirra Svavars Gestssonar og Sighvats Björgvinssonar, felld með 20 atkvæðum gegn 14. Einn þingmaður, Sighvatur Björgvinsson, gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

"Hæstv. fjmrh. var á síðasta Alþingi flm. að till. eins og þeirri sem hér liggur fyrir ásamt mér og hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni. Ég treysti því að ef þessi deild ekki samþ. þessa till. geri hæstv. fjmrh. ráðstafanir til þess í Ed., þar sem hann á sæti, að hún verði þá samþykkt og standi þannig við afstöðu sína frá því á s.l. vetri. Ég segi já." [8])

Um atkvæðagreiðslu eftir 2. umræðu í Neðri deild 15. febrúar 1984, 46. fundur, segir m.a. svo:

"... Brtt. 345 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 322,4 tekin aftur til 3. umr. ...
10. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 23. shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.". [9])

Frumvarpinu var nú vísað til 3. umræðu. Guðrún Helgadóttir sagði svo við 3. umræðu um frumvarpið:

"Þetta var fyrra atriðið í máli hv. þm. Svavars Gestssonar. Hið síðara var um túlkun á þeirri till. sem hér liggur fyrir á þskj. 322, en hv. þm. lýsti því yfir að hann túlkaði hana þannig að samkv. henni væri heimilt að birta opinberlega álagningarskrár á komandi sumri við álagningu tekju- og eignarskatts og auðvitað síðan í framhaldi af því skattskrár eftir að leiðréttingar liggja fyrir. Ef þessi túlkun er hins

---

[6]) Alþingistíðindi 1983 - 1994, B3, d. 2797.

[7]) Alþingistíðindi 1983 - 1984, A3, þskj. nr. 345, bls. 1762.

[8]) Alþingistíðindi 1983 - 1984, B3, d. 2884.

[9]) Alþingistíðindi, 1983 - 1984, B3, d. 2869.

vegar ekki rétt teljum við nauðsynlegt að leggja fram till. sem liggur fyrir á þskj. 345 og er brtt. við brtt. frá meiri hl. fjh.- og viðskn. Við viljum fá svör um það frá hæstv. fjmrh., hvort hann telji að sú túlkun okkar sé rétt að samkvæmt brtt. meiri hl. fjh. og viðskpn. megi gefa út álagningarskrá og skattskrá eftir leiðréttingu." [10])

Um þetta sagði Albert Guðmundsson, fjármálaráðherra, svo í framhaldi af fyrirspurn þessari:

"Önnur spurningin var varðandi 4. lið í brtt. þeim sem eru á þskj. 322 og ég vona að það nægi sem svar að ég er sammála túlkun 2. þm. Reykv. á þeim lið ..." [11])

Í framhaldi af þessum umræðum lét Guðrún Helgadóttir eftirfarandi ummæli falla:

"Varðandi síðara atriðið af þeim tveimur spurningum sem ég lagði hér fyrir. Við stöndum auðvitað saman að þeirri brtt. sem liggur fyrir á þskj. 345. Það liggur nú fyrir að túlkun okkar á brtt. meiri hl. er ekki rétt, þannig að hún veitir ekki heimild til að birta endanlega álagningu eftir að skattkærur hafa farið fram. Við munum því halda til streitu brtt. sem liggur fyrir á þskj. 345." [12])

Ólafur Ragnar Grímsson komst í framhaldi af þessu svo að orði í umræðunni:

"Eins og fram hefur komið í þessum umr. hefur verið lögð áhersla á það af hálfu Alþb. að fram komi skýrt að heimilt sé að birta skattskrá um leið og einstaklingum er kynnt álagningin. Mér fannst svar hæstv. fjmrh. vera nokkuð loðið þegar hann gaf svar við þeirri fsp. sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir lagði fram. Væri þess vegna æskilegt, áður en þessari umr. lýkur, að fá skýr svör við því frá hæstv. fjmrh. hvort að hann styður þá brtt. sem hv. þm. Svavar Gestsson og Sighvatur Björgvinsson hafa lagt fram svo það liggi alveg ljóst fyrir áður en þessari umr. lýkur í ljósi þeirra góða undirtekta sem virtust vera í ræðu hv. ráðh. hvort það er ekki rétt skilið að hann styðji brtt. " [13])

Sighvatur Björgvinsson lét eftirfarandi ummæli falla í umræðunni:

"Ég vil aðeins að það komi fram að nákvæmlega sams konar till. og hér er rætt um var flutt á síðasta Alþingi, þá m.a. með

---

[10]) Alþingistíðindi 1983 - 1984, B3, d. 2882.

[11]) Alþingistíðindi 1983 - 1984, B3, d. 2882.

[12]) Alþingistíðindi 1983 - 1984, B3, d. 2884.

[13]) Alþingistíðindi 1983 - 1984, B3, d. 2884.

stuðningi þess alþm. sem nú situr í sæti hæstv. fjmrh. Mér kemur því ekki til hugar annað en að hann muni sjá til þess að framkvmdin verði með þeim hætti sem hann sjálfur lagði til á s.l. vetri. " [14])

Eftir þetta segir svo í Alþingistíðindum um atkvæðagreiðslu eftir 3. umræðu: [15])

"Brtt. 322,4 (ný gr. verður 8. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed."

Eftir 3. umræðu í neðri deild þann 15. febrúar 1984 var 8. gr. frumvarpsins svohljóðandi:

"Aftan við 2. mgr. 98. gr. laganna komi nýr málsliður er orðist svo:

Heimil er opinber birting á þeim upplýsingum um álagða skatta, sem fram koma í skattskrá, svo og útgáfa þeirra upplýsinga í heild eða að hluta. "

Í efri deild 20. febrúar 1993 var við fyrstu umræðu ekkert vikið að því atriði, sem hér um ræðir, og var frumvarpinu vísað til 2. umræðu með 13 samhljóða atkvæðum og til fjárhags- og viðskiptanefndar með 13 samhljóða atkvæðum. [16])

Við 2. umræðu vék framsögumaður meiri hluta fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar ekkert að umræddu málefni, en Ragnar Arnalds komst m.a. svo að orði:

"Í Nd. urðu nokkrar umræður um útgáfu skattskrár. Minni hl. fjh.- og viðskn. flutti í Nd. till. þar sem tekin voru af öll tvímæli um að útgáfa skattskrár væri bæði heimil eftir að álagning hefði farið fram og eins eftir að endanlega hefði verið gengið frá skattaálagningu ... Mér er sagt að talsmenn ríkisstj. hafi haldið því fram að sú lagagr. sem samþ. var í Nd. væri að efni til þess eðlis. En hún er þannig: "Heimil er opinber birting á þeim upplýsingum um álagða skatta, sem fram koma í skattskrá, svo og útgáfa þeirra upplýsinga í heild eða að hluta." Með hliðsjón af þeim yfirlýsingum, að það orðalag sem hér um ræðir útiloki ekki að gefin sé út skattskrá strax og álagning hefur farið fram, sáum við ekki ástæðu til að endurtaka þann tillöguflutning. En ég vil nota þetta tækifæri persónulega til að lýsa yfir þeirri skoðun minni að það beri og það eigi að birta opinberlega upplýsingar um álagningu skatta strax og álagning hefur farið fram, því að það er tómt mál að tala um það, að birting skattskrár kannske hálfu eða

---

[14]) Alþingistíðindi 1983 - 1984, B3, d. 2884.

[15]) Alþingistíðindi 1983 - 1984, B3, d. 2884.

[16]) Alþingistíðindi 1983 - 1984, B3, d. 2952.

einu ári eftir að álagning fer fram veki nokkurn áhuga almennings eða umr. eins og skattskrá á að gera og þarf að gera. Við þurfum á því að halda að almenningur hafi vakandi auga með því hvernig skattaálagning á sér stað og láti í ljós tilfinningu sína fyrir því hvort álagningin hafi verið réttlát eða ranglát. Allar tilraunir til að koma í veg fyrir það að almenningsálitið geti látið í sér heyra eftir að hafa kannað skattálagninguna eru fráleitar. Alþingi ber alveg hiklaust að tryggja það að útgáfa skattskrár eigi sér stað strax eftir að álagning fer fram. Það er von mín að þessi skilningur sé almennur hér á Alþingi og að ríkisstj. hafi í huga að framkvæma það ákvæði sem hér um ræðir á þann veg." [17])

Ýmsar breytingartillögur komu fram við frumvarpið í efri deild, en engin varðandi þá grein frumvarpsins, sem hér um ræðir. Frumvarpinu var síðan vísað til 3. umræðu með 17 samhljóða atkvæðum. [18])

Við 3. umræðu í efri deild tók enginn til máls. Frumvarpið var síðan samþykkt með 10 atkvæðum gegn fjórum og endursent neðri deild vegna annarra breytinga, sem á því höfðu verið gerðar í efri deild. [19])

VIII.

Afstaða Tölvunefndar til skráningar Frjálsrar verslunar á upplýsingum um fjárhagsmálefni og til miðlunar þeirra upplýsinga.

1.

Hér að framan er lýst efni og uppbyggingu skrár þeirrar um fjárhagsmálefni einstaklinga, sem tímaritið Frjáls verslun birtir árlega. Er skrá tímaritsins eins og áður er fram komið unnin upp úr álagningarskrám þann tíma, sem þær skrár liggja frammi.

Tölvunefnd lítur svo á, að skráning og meðferð þeirra upplýsinga um fjárhagsmálefni einstaklinga, sem mynda grunn álagningar- og skattskráa, falli innan gildissviðs laga nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. gr. þeirra, enda er í skrám þessum að finna margvíslegar upplýsingar, sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari. Af þessu leiðir, að meðferð þeirra upplýsinga, sem fram koma í álagningar- og skattskrám, lýtur ákvæðum laga nr. 121/1989 og þar með eftirlitsvaldi Tölvunefndar, að svo miklu leyti sem ákvæði sérlaga mæla ekki á annan veg.

---

[17]) Alþingistíðindi 1983 - 1984, B3, d. 3800.

[18]) Alþingistíðindi 1983 - 1984, B3, d. 3807.

[19]) Alþingistíðindi 1983 - 1984, B3, d. 3869.

2.

Að áliti Tölvunefndar hefur umrædd skrá Frjálsrar verslunar að geyma persónuupplýsingar í skilningi 1. gr. laga nr. 121/1989, þ.e. upplýsingar um fjárhagsmálefni þeirra 650 einstaklinga, sem á skránni eru. Eins og uppbyggingu skrárinnar er háttað er hún kerfisbundin skrá í skilningi 2. mgr. 1. gr. laga nr. 121/1989. Samkvæmt 3. gr. sömu laga er kerfisbundin skráning persónuupplýsinga, sem 1. gr. tekur til, því aðeins heimil, að skráningin sé eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila og taki einungis til þeirra, sem tengjast starfi skráningaraðila eða verksviði. Frjáls verslun er tímarit, sem gefið er út með reglulegu millibili nokkrum sinnum á ári. Er það sérrit um viðskipta-, efnahags- og atvinnumál, samkvæmt því sem fram kemur í tímaritinu sjálfu. Eins og aðrir fjölmiðlar hefur tímaritið ákveðnu upplýsingahlutverki að gegna gagnvart lesendum sínum. Til þess að sinna því hlutverki er ekki óeðlilegt, að tímaritið skrái að einhverju marki hjá sér upplýsingar úr opinberum skrám, sem aðgengilegar eru almenningi, og birti síðan þær upplýsingar. Lögmæti skráningar upplýsinganna í hverju tilviki og eftirfarandi birting þeirra hlýtur hins vegar að ráðast nánar af efni og umfangi skráningarinnar og þeim lagareglum, sem um skráningu og birtingu upplýsinganna gilda.

3.

Eins og áður er fram komið var það niðurstaða Tölvunefndar hinn 18. júlí 1994 í tilefni fyrirspurnar Jónasar Fr. Jónssonar, hdl., að þann tíma, sem álagningarskrár liggja frammi almenningi til sýnis, hafi fréttamenn sem aðrir aðgang að skránum. Taldi nefndin það ekki á valdi sínu að takmarka birtingu fjölmiðla á efni skránna þennan sama tíma.

Hinn 1. febrúar 1995 komst Tölvunefnd að niðurstöðu í máli fyrirtækisins Nútíma samskipti hf. varðandi skráningu og birtingu upplýsinga, sem unnar eru upp úr álagningarskrám. Var það álit nefndarinnar, að skráning þess fyrirtækis og útgáfa í bókarformi á umræddum upplýsingum löngu eftir lok kærufrests álagningar samkvæmt skattalögum, væri því fyrirtæki óheimil. Skal í því sambandi sérstaklega áréttað, að fyrirtækið svaraði ekki þeirri fyrirspurn Tölvunefndar, í hvaða tilgangi umrædd útgáfa var fyrirhuguð.

Um heimild fjölmiðla til þess að birta upplýsingar, sem unnar eru úr álagningarskrám, eftir að kærufresti lýkur og álagningarskrá er ekki lengur aðgengileg almenningi, er til þess að líta, að samkvæmt 98. gr. skattalaga skulu skattstjórar hafa lokið álagningu á skattaðila eigi síðar en 30. júní ár hvert og auglýsa rækilega, að álagningu sé lokið. Kærufrestur er 30 dagar frá birtingu þeirrar auglýsingar. Skal skattstjóri leggja álagningarskrá fram til sýnis eigi síðar en 15 dögum fyrir lok kærufrests. Innan tveggja mánaða frá lokum kærufrests skal skattstjóri hafa úrskurðað kærur. Þegar kærumeðferð er lokið, skulu skattstjórar leggja fram skattskrá, og skal hún liggja frammi til sýnis í tvær vikur. Þá segir í

lokamálslið 2. mgr. 98. gr., sem er 8. gr. laga nr. 7/1984, að heimil sé opinber birting á þeim upplýsingum um álagða skatta, sem fram koma í skattskrá, svo og útgáfa þeirra upplýsinga í heild eða að hluta.

Löggjafinn hefur samkvæmt framansögðu ákveðið að veita almenningi aðgang að upplýsingum um álögð gjöld, bæði í álagningarskrá og skattskrá, með því að leggja þær skrár fram til sýnis tiltekinn lögskipaðan tíma. Eins og áður segir verður aðgangur fjölmiðla að skránum umfram aðra ekki takmarkaður né skorður reistar við heimild þeirra til að birta efni skránna, meðan það er á annað borð almenningi aðgengilegt. Ber í þessu sambandi að hafa í huga, að umfjöllun fjölmiðla um skrárnar þann tíma, sem þær liggja frammi, getur eftir atvikum samrýmst þeim tilgangi, sem býr að baki framlagningu skránna, en þeim tilgangi er nánar lýst í kafla I hér að framan.

4.

Tölvunefnd lítur svo á, að samkvæmt skattalögum takmarkist heimild fjölmiðla til að birta upplýsingar, sem unnar eru upp úr álagningarskrám, við þann tíma, sem þær liggja frammi almenningi til sýnis. Verður ekki séð, að opinber birting upplýsinga úr álagningarskrám eftir lok kærufrests, sé í samræmi við áðurgreind sjónarmið, sem að baki framlagningarskyldunni búa. Þvert á móti telur nefndin, að slík birting geti strítt gegn grundvallarreglum laga um friðhelgi einkalífs og persónuvernd, og skiptir þá ekki máli, hvort heldur upplýsingarnar eru gefnar út í bókarformi eða birtar í dagblöðum eða tímaritum. Verður ekki komið auga á þá hagsmuni, sem réttlætt geti slíka birtingu, sérstaklega þegar haft er í huga, að síðar birtast í skattskrá upplýsingar, sem eru réttari en upplýsingar álagningarskrár, þar sem skattstjóri hefur í skattskrá leiðrétt opinber gjöld manna og lögaðila.

Af því, sem rakið er í kafla VII hér að framan um aðdragandann að setningu 8. gr. laga nr. 7/1984, má ráða, að markmið þeirrar lagasetningar var gagngert að koma í veg fyrir opinbera birtingu og útgáfu á þeim upplýsingum um álagða skatta, sem fram koma í álagningarskrám, ef frá er talinn sá tími, sem álagningarskrár liggja frammi. Því er það álit Tölvunefndar, að samkvæmt 98. gr. skattalaga nr. 75/1981, sbr. 8. gr. laga nr. 7/1984, sé heimild til útgáfu og sölu upplýsinga um álögð opinber gjöld takmörkuð við upplýsingar úr skattskrá.

6.

Þegar sleppir sérákvæðum skattalaga um framlagningu álagningar- og skattskráa og um birtingu og útgáfu þeirra upplýsinga, sem þar koma fram, taka við hin almennu ákvæði laga nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, hvað þessi sömu atriði varðar.

Upplýsingar þær, sem mynda grunn álagningar- og skattskráa, eru að áliti Tölvunefndar upplýsingar um einkamálefni manna, sem falla undir 1. gr. sbr. e-lið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 121/1989.
Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laganna er eigi heimilt að skýra frá upplýsingum þeim, sem greinir í 1. mgr. 4. gr., nema með samþykki hins skráða eða einhvers, sem heimild hefur til að skuldbinda hann. Ekki liggur fyrir, að tímaritið Frjáls verslun hafi aflað sér heimildar hjá þeim 650 einstaklingum, sem hlut eiga að máli, til að birta umræddar persónuupplýsingar, eftir að kærufrestur samkvæmt

1. mgr. 98. gr. laga nr. 75/1981 rann út. Þá er það og ljóst, að Frjáls verslun hefur ekki aflað sér heimildar Tölvunefndar samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 121/1989 til birtingar umræddra upplýsinga eftir lok kærufrests samkvæmt 1. mgr. 98. gr. laga nr. 75/1981, en Tölvunefnd getur heimilað slíka birtingu að fullnægðum þeim skilyrðum, sem nánar greinir í niðurlagsákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 121/1989.

Þegar litið er til þess, sem hér var rakið, er það álit Tölvunefndar, að hvorki ákvæði skattalaga nr. 75/1981 né heldur ákvæði laga nr. 121/1989 um skráningu persónuupplýsinga heimili tímaritinu Frjáls verslun að birta upplýsingar um fjárhagsmálefni einstaklinga, sem unnar eru upp úr álagningaskrám, eftir að kærufresti samkvæmt 1. mgr. 98. gr. laga nr. 75/1981 lýkur.

7.

Um þann þátt í kvörtun Jónasar Fr. Jónsson, héraðsdómslögmanns, sem lýtur að því, að honum hafi ekki verið gefið færi á að tjá sig um umsögn ríkisskattstjóra frá 26. september 1994, sem aflað var af hálfu Tölvunefndar áður en máli Jónasar var til lykta ráðið hið seinna sinni, skal þetta tekið fram.

Í 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 segir, að aðili máls skuli eiga þess kost að tjá sig um efni máls, áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því, enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft.

Tölvunefnd mat það svo, þegar henni barst umsögn ríkisskattstjóra, dags. 26. september 1994, að öll rök Jónasar í málinu lægju fyrir í gögnum þess, enda hafði Jónasi tvívegis verið gefinn kostur á að tjá sig skriflega um málið og skýra afstöðu sína, áður en Tölvunefnd tók ákvörðun í málinu hið seinna sinni.

Þá er þess að geta, að afstaða ríkisskattstjóra, sú er fram kemur í bréfi hans 26. september 1994, breytti í engu fyrri niðurstöðu Tölvunefndar í málinu, auk þess sem afstaða ríkisskattstjóra er nánast rakin orðrétt í seinni ákvörðun Tölvunefndar.

Tölvunefnd getur því ekki fallist á, að vöntun í þeim efnum að gefa Jónasi Fr. Jónssyni færi á að tjá sig um fyrrgreint bréf ríkisskattstjóra sé brot á 13. gr. laga nr. 37/1993.

Hjálögð fylgir skrá yfir gögn máls þessa, ásamt ljósritum þeirra skjala er þar greinir./

Virðingarfyllst,

F.h. Tölvunefndar,

Jón Ólafsson,
varaformaður

Sigrún Jóhannesdóttir,
ritari

Listi yfir gögn máls vegna kvörtunar Jónasar Fr. Jónssonar, héraðsdómslögmanns, yfir ákvörðun Tölvunefndar frá 5. október 1994.

Fskj. nr. 1. Úr ársskýrslu Tölvunefndar 1982, bls. 15 - 18, um mál Leturs hf.

Fskj. nr. 2. Niðurst. Tölvunefndar í máli Nútímasamskipta hf, 1. febrúar 1995.

Fskj. nr. 3. Bréf Jónasar Fr. Jónssonar, til Tölvunefndar, dags. 15. júní 1994.

Fskj. nr. 4. Úr fundargerð Tölvunefndar, 18. fundur, 16. júní 1994.

Fskj. nr. 5. Bréf Tölvunefndar til Jónasar Fr. Jónssonar, hdl., dags. 24. júní 1994.

Fskj. nr. 6. Úr fundargerð Tölvunefndar, 19. fundur, 14. júlí 1994.

Fskj. nr. 7. Bréf Tölvunefndar til Jónasar Fr. Jónssonar, dags. 18. júlí 1994.

Fskj. nr. 8. Bréf Jónasar Fr. Jónssonar, hdl., til Tölvunefndar, dags. 20. júlí 1994.

Fskj. nr. 9. Úr fundargerð Tölvunefndar, 20. fundur, 11. ágúst 1994.

Fskj. nr. 10. Bréf Tölvunefndar til Jónasar Fr. Jónssonar, dags. 15. ágúst 1994.

Fskj. nr. 11. Úr fundargerð Tölvunefndar, 21. fundur, 19. ágúst 1994.

Fskj. nr. 12. Bréf Tölvunefndar til ríkisskattstjóra, dags. 24. ágúst 1994.

Fskj. nr. 13. Bréf Jónasar Fr. Jónssonar, til Tölvunefndar, dags. 16. sept. 1994.

Fskj. nr. 14. Bréf ríkisskattstjóra til Tölvunefndar, dags. 26. september 1994.

Fskj. nr. 15. Úr fundargerð Tölvunefndar, 24. fundur, 29. sept. 1994.

Fskj. nr. 16. Bréf Tölvunefndar til Jónasar Fr. Jónssonar, dags. 5. október 1994.

1075. Breytingartillaga [313. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 74/1984, um tóbaksvarnir.

Frá Sigríði A. Þórðardóttur, Siv Friðleifsdóttur, Sólveigu Pétursdóttur, Guðmundi Hallvarðssyni og Katrínu Fjeldsted.

5. efnismgr. 3. gr. orðist svo:

Bannað er að flytja inn, framleiða og selja fínkornótt neftóbak og munntóbak, að undanskildu skrotóbaki.

Greinargerð.

Með skrotóbaki, eða skroi, er átt við það sem nefnt er „traditional tobacco products for oral use“ í tilskipun Evrópusambandsins 92/41/EBE.

1076. Breytingartillögur [94. mál]

við frv. til l. um framhaldsskóla.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Við 6. gr. Í stað 2. málsl. 2. mgr. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Tveir eru skipaðir samkvæmt tilnefningu sveitarstjórnar/sveitarstjórna. Tveir eru skipaðir samkvæmt tilnefningu starfsmannafundar viðkomandi skóla og skal a.m.k. annar þeirra vera kennari en einn skipaður án tilnefningar og skal hann búsettur í sveitarfélagi sem á aðild að skólanum.
2. Við 11. gr. 1. málsl. 2. mgr. orðist svo: Menntamálaráðherra skipar skólameistara til fimm ára í senn að fenginni tillögu hlutaðeigandi skólanefndar og umsögn kennarafundar viðkomandi skóla.
3. Við 15. gr. 1. málsl. 2. mgr. falli brott.
4. Við 21. gr. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Í aðalnámskrá skal tilgreina mat á námi til námseininga.
5. Við 22. gr.
   a. 2. og 3. málsl. 2. mgr. falli brott.
   b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Kennarafundur fjallar um skólanámskrá og samþykkir hana fyrir sitt leyti. Skólameistari fylgist með framkvæmd hennar.
6. Við 24. gr. 2. mgr. falli brott.
7. Við 28. gr. 2. málsl. 1. mgr. orðist svo: Í starfsgreinaráði skulu eiga sæti fulltrúar tilnefndir af samtökum atvinnurekenda, launamanna og kennara í viðkomandi starfsgreinum og einn fulltrúi menntamálaráðherra.
8. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Ákvæði 3. gr. koma til framkvæmda þegar gerðir hafa verið kjarasamningar við starfsmenn skólanna á grundvelli þessara laga í fyrsta sinn.

1077. Frumvarp til laga [536. mál]

um breyting á byggingarlögum, nr. 54/1978, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

1. gr.

Við lögin bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Einstaklingar, sem lokið hafa námi á rafsviði, og störfuðu þann 1. janúar 1996 við raflagnahönnun eða höfðu á næstliðnum 3 árum fengið samþykki opinberra aðila fyrir raflagnateikningum, eiga, þrátt fyrir ákvæði 12. gr., rétt á fullu eða takmörkuðu starfsleyfi sem raflagnahönnuðir, enda sæki þeir um slíkt leyfi til umhverfisráðherra fyrir 1. janúar 1997.

Ráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd greinar þessarar í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 12. gr. byggingarlaga nr. 54/1978, sem tóku gildi 1. janúar 1979, segir að rétt til að gera séruppdrætti af húsum og öðrum mannvirkjum hafi arkitektar, byggingarfræðingar, tæknifræðingar, verkfræðingar, hver á sínu sviði, svo og búfræðikandídatar úr tæknideildum búnaðarháskóla. Ofangreindur réttur er háður löggildingu sem umhverfisráðherra veitir að fenginni umsögn hlutaðeigandi stéttarfélags og skipulagsstjórnar ríkisins. Þeir, sem gerðu uppdrætti í einstökum byggingarnefndarumdæmum fyrir gildistöku laganna héldu staðbundnum réttindum, auk þess sem ráðherra getur veitt öðrum en þeim sem áður voru upp taldir, staðbundin réttindi, að fengnum meðmælum viðkomandi byggingarnefndar.

Þrátt fyrir að ákvæði byggingarlaga og byggingarreglugerðar beri með sér að séruppdrættir séu háðir eftirliti og samþykki byggingarfulltrúa hefur framkvæmdin lengst af verið eins og fyrir gildistöku laganna þegar um hönnun raflagna hefur verið að ræða, þ.e. að eftirlit með séruppdráttum af raflögn væri í höndum rafveitna. Af hálfu þeirra virðist sem gæði hönnunar hafi ráðið mestu við eftirlitið en ekki menntun eða löggilding hönnuðarins. Hafa rafveitur því ekki gert þá kröfu til hönnuða raflagnateikninga að þeir uppfylli skilyrði 12. gr. byggingarlaga.

Fram hafa komið athugasemdir frá löggiltum hönnuðum um hvers vegna lögunum sé ekki framfylgt varðandi raflagnateikningar, en eftirlit með því að raflagnahönnuðir hafi löggildingu eða rétt til þess svæðisbundið að leggja fram raflagnateikningar hefur verið ófullnægjandi.

Fjöldi manna, einkum rafverktakar og rafiðnfræðingar, hafa fengið samþykktar raflagnateikningar án þess að hafa til þess löggildingu og hefur svo verið allt frá 1979. Þetta hefur eðli máls samkvæmt valdið óánægju löggiltra raflagnahönnuða enda framkvæmdin ekki lögum samkvæmt. Frumvarp þetta er lagt fram til að tryggja rétt þeirra, sem til þessa hafa athugasemdalaust lagt fram og fengið samþykktar raflagnateikningar, án þess að hafa hlotið löggildingu. Nauðsynlegt þykir að taka af allan vafa í þessum efnum. Það verður aðeins gert með breytingu á byggingarlögum vegna hinnar ótvíræðu skyldu í 12.

gr. um viðurkenningu ráðherra. Samþykkt frumvarpsins er því forsenda fyrir því að þeir einstaklingar sem undir það falla geti starfað áfram að þessum málum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um að þeir einstaklingar, sem lokið hafa námi á rafsviði og störfuðu við raflagnahönnun þann 1. janúar 1996 eða höfðu á næstliðnum þremur árum fengið samþykki opinberra aðila fyrir raflagnateikningum eigi rétt á starfsleyfi sem raflagnahönnuðir þrátt fyrir ákvæði 12. gr. laganna. Það skilyrði er þó sett að um leyfið verði sótt til umhverfisráðherra fyrir 1. janúar 1997. Leyfin geta verið mismunandi allt eftir því hvers konar raflagnahönnun viðkomandi hefur sinnt.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting byggingarlögum, nr. 54/1978, með síðari breytingum.

Í frumvarpi þessu er kveðið á um að þeir einstaklingar sem lokið hafa námi á rafsviði og störfuðu við raflagnahönnun þann 1. janúar 1996, eða höfðu á síðustu þremur árum áður fengið samþykki opinberra aðila fyrir raflagnateikningum, eigi rétt á starfsleyfi sem raflagnahönnuðir þrátt fyrir ákvæði 12. gr. laganna. Að mati fjármálaráðuneytis mun kostnaðarauki vegna þessa verða óverulegur og munu leyfisgjöld mæta þeim kostnaði.

1078. Nefndarálit [519. mál]

við frv. til l. um fiskveiðar utan efnahagslögsögu Íslands.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Árna Kolbeinsson og Arnór Halldórsson frá sjávarútvegsráðuneyti, Tómas H. Heiðar frá utanríkisráðuneyti, Gunnar G. Schram prófessor, Kristján Ragnarsson og Jóhann A. Jónsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Arnar Sigurmundsson frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Helga Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands, Benedikt Valsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Jón Steindór Halldórsson og Ingólf Sverrisson frá Samtökum iðnaðarins, Kristján Loftsson, Guðmund Jónsson, Jón

Guðmundsson og Guðmund Þórðarson frá Útvegsmannafélagi Hafnarfjarðar. Þá fundaði nefndin einnig með Félagi úthafsútgerða þar sem m.a. voru mættir Snorri Snorrason og Pétur Einarsson og létu þeir nefndinni í té skriflegar athugasemdir við málið. Þá fékk nefndin senda sameiginlega umsögn frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Sjómannasambandi Íslands.

Þegar hafa náðst samningar við grannríki um veiðar á tveimur mikilvægum íslenskum deilistofnum, karfa á Reykjaneshrygg annars vegar og norsk-íslenska síldarstofninum hins vegar. Fyrirséð er að úthluta þurfi varanlegum veiðiheimildum úr þessum stofnum í náinni framtíð og er nauðsynlegt að grundvöllur að slíkri úthlutun liggi fyrir hið fyrsta. Einnig er brýnt vegna kostnaðarsams eftirlits sem nú fer fram með veiðum skipa á Flæmingjagrunni að lögfesta heimild til að innheimta þann kostnað sem af hlýst af þeim útgerðum sem þær veiðar stunda. Í þessu sambandi má m.a. vísa í umsögn fjármálaráðuneytis með frumvarpinu um að verulegur kostnaður falli á ríkissjóð vegna eftirlits með þessum veiðum nái frumvarpið ekki fram að ganga.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Tillögurnar eru eftirfarandi:

1. Við 3. gr. Lögð er til orðalagsbreyting á ákvæðinu þar sem fram kom á fundi nefndarinnar að til þess að fullnægja alþjóðlegum skuldbindingum Íslands væri nægilegt að lögfest yrði heimild fyrir ráðherra til setningar nauðsynlegra reglna.
2. Við 4. gr. Lögð er til orðalagsbreyting á niðurlagsákvæði 2. mgr. til þess að gera ljóst að leyfisveiting samkvæmt greininni verði einungis háð þeim skilyrðum sem fram koma í lögum um veiðar í efnahagslögsögu Íslands, nr. 13/1992, og í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34/1991. Þannig er t.d. ekki gert ráð fyrir að ákvæði um úreldingu í lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, eigi við í þessu sambandi.
3. Við 5. gr. Í fyrsta lagi er lagt til að orðunum „íslenskum deilistofnum“ verði skotið inn í texta 1. mgr. til að festa það hugtak frekar í sessi yfir stofna sem fyrirfinnast bæði innan og utan íslensku lögsögunnar, hvort sem er á úthafinu eða í lögsögu grannríkja. Í öðru lagi er lagt til að heimild ráðherra til skerðingar skv. 3. mgr. sé að hámarki 15% í stað 20% eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Í þriðja lagi er lagt til að heimild ráðherra til að úthluta sérstaklega til þeirra skipa sem hófu veiðar úr viðkomandi stofnum verði rýmkuð úr 3% í 5% af því sem til ráðstöfunar er.
4. Við 6. gr. Lagt er til að heimild ráðherra til skerðingar skv. 3. mgr. sé að hámarki 7% í stað 10% eins og frumvarpið gerir ráð fyrir þannig að síður verði dregið úr hvata fyrir útgerðir að reyna fyrir sér á fjarlægum miðum.
5. Við 8. gr. Lagðar eru til nokkrar breytingar á greininni. Markmiðið með þeim er að kostnaður útgerða vegna veiðieftirlits verði sem mest fyrirsjáanlegur. Í stað þess að veiðieftirlitsgjaldið miðist við tiltekið hámark af áætluðu aflaverðmæti, svo sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, er lagt til að gjaldið skiptist annars vegar í fast ákveðið gjald á hvert aflakíló og hins vegar daggjald er taki mið af hlutfalli skipa með eftirlitsmenn um borð.
6. Við ákvæði til bráðabirgða. Tillögu um breytingar á því ákvæði leiðir af framangreindri breytingartillögu við 8. gr. frumvarpsins.

Steingrímur J. Sigfússon skrifar undir nefndaráliti þetta með fyrirvara sem lýtur að því að æskilegt hefði verið að lengri tími hefði gefist til að fjalla um málið auk fyrirvara um einstaka efnisþætti málsins. Þá ritar Guðmundur Hallvarðsson einnig undir með fyrirvara sem lýtur að athugasemdum sem fram komu í sameiginlegri umsögn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Sjómannasambands Íslands.

Alþingi, 24. maí 1996.

Steingrímur J. Sigfússon, form., með fyrirvara.	Árni R. Árnason, frsm.	Stefán Guðmundsson.
Einar Oddur Kristjánsson.	Hjálmar Árnason.	Guðmundur Hallvarðsson. með fyrirvara.
	Hjálmar Jónsson.	

1079. Breytingartillögur [519. mál]

við frv. til l. um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar (SJS, ÁRÁ, StG, EOK, HjÁ, GHall, HjálmJ).

1. Við 3. gr. Í stað orðanna „skal setja“ komi: getur sett.
2. Við 4. gr. 3. málsl. 2. mgr. orðist svo: Því aðeins er heimilt að veita skipum leyfi samkvæmt þessari grein að eigendur þeirra og útgerðir fullnægi þeim skilyrðum til að stunda veiðar í efnahagslögsögu Íslands sem kveðið er á um í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og í lögum um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands.
3. Við 5. gr.
   a. Á eftir orðunum „utan hennar“ í 1. mgr. komi: íslenskum deilistofnum.
   b. Í stað „20%“ í 1. málsl. 3. mgr. komi: 15%.
   c. Í stað „3%“ í lokamálsgr. komi: 5%.
4. Við 6. gr. Í stað „10%“ í 3. mgr. 6. gr. komi: 7%.
5. Við 8. gr. Í stað 3.–5. mgr. komi fjórar nýjar málsgreinar er orðist svo:

   Útgerðir skipa, sem stunda veiðar á sjávardýrum úr stofnum sem um er rætt í 6. gr., skulu greiða sérstakt gjald — veiðieftirlitsgjald — vegna eftirlits með veiðum skipanna. Skal gjaldið renna til reksturs veiðieftirlits Fiskistofu. Gjald af hverju einstöku skipi skal vera 30 aurar á hvert aflakíló metið til þorskígilda í samræmi við verðmætastuðla sem ákveðnir eru á grundvelli laga um stjórn fiskveiða. Skulu útgerðir fiskiskipa greiða gjaldið í samræmi við ákvæði 4. og 5. mgr.

   Útgerð skips, sem fær úthlutað veiðiheimildum á grundvelli 6. gr., skal greiða gjald skv. 3. mgr. fyrir hvert úthlutað aflakíló. Skal gjaldið greitt fyrir fram við útgáfu tilkynningar um aflamark er kveður á um heimild til að veiða tiltekið magn sjávardýra á viðkomandi fiskveiðiári, vertíð eða veiðitímabili og skal gjaldstofn miðaður við úthlutað aflamark. Gjaldið er ekki endurkræft þótt veiðiheimildir hafi ekki verið nýttar.

Fari stjórn veiða á þeim stofnum, er 6. gr. tekur til, fram með öðrum hætti en úthlutun veiðiheimilda til skipa skal gjald skv. 3. mgr. innheimt árlega eftir á samhliða gjaldi af almennu veiðileyfi skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, fyrir skip er hafa það leyfi. Innheimta af afla fiskiskipa, er hafa ekki leyfi til veiða í atvinnuskyni samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða, fer fram á sama tíma. Skulu ákvæði 3. mgr. gilda um álagningu gjaldsins en gjaldstofn miðast við landaðan afla viðkomandi fiskiskips er veiðar stundar skv. 6. gr. á tólf mánaða tímabili frá 1. ágúst til 31. júlí fyrir upphaf hvers fiskveiðiárs.

Hafi íslensk stjórnvöld á grundvelli milliríkjasamnings, eða með öðrum skuldbindandi hætti, samið um að eftirlit með veiðum fiskiskipa úr stofni, er kveðið er á um í 6. gr., skuli vera með þeim hætti að um borð í hverju fiskiskipi skuli starfa eftirlitsmaður skulu útgerðir skipa, er veiðar stunda úr þeim stofni, greiða 15.000 kr. á hvern dag er skipið stundar þær veiðar. Verði samið um minna eftirlit, þannig að veiðieftirlitsmaður verði við eftirlitsstörf um borð í hluta skipa er stunda veiðar úr viðkomandi stofni, skal hvert skip greiða gjald á hvern dag er skipið stundar þær veiðar er nemur sama hlutfalli af daggjaldinu skv. 1. málslið þessarar málsgreinar og umsömdu hlutfalli skipa með eftirlitsmenn um borð. Skal gjaldið greitt af öllum skipum er veiðarnar stunda án tillits til veru eftirlitsmanna um borð í einstökum skipum. Gjald vegna eftirlitsmanna samkvæmt þessari málsgrein greiðist árlega, eftir á, fyrir eftirlit á 12 mánaða tímabili í samræmi við ákvæði 5. mgr.

6. Við ákvæði til bráðabirgða. Ákvæðið orðist svo:

Við innheimtu gjalds skv. 3., 5. og 6. mgr. 8. gr., í fyrsta sinn þann 1. september 1996, skal miða innheimtuna við afla og veiðidaga viðkomandi fiskiskips á tveggja mánaða tímabili frá 1. júní 1996 til 31. júlí 1996.

1080. Nefndarálit [365. mál]

um till. til þál. um flugmálaáætlun árin 1996–1999.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Halldór Kristjánsson, skrifstofustjóra í samgönguráðuneyti, Þorgeir Pálsson flugmálastjóra, Hauk Hauksson aðstoðarflugmálastjóra, Jóhann H. Jónsson, Jón Baldvin Pálsson og Sigrúnu Traustadóttur frá Flugmálastjórn. Þá komu til fundar Stefán Hermannsson borgarverkfræðingur, Þorvaldur S. Þorvaldsson og Bjarni Reynarsson frá skrifstofu Reykjavíkurborgar, Helgi Ágústsson ráðuneytisstjóri og Þórður I. Guðmundsson frá utanríkisráðuneyti.

Nefndin fékk sendar umsagnir og athugasemdir frá samgönguráðuneytinu, Flugmálastjórn, Flugklúbbnum Kára, Borgarnesi, Sælubúinu hf., ferðaþjónustu á Hvolsvelli, Hvolhreppi, hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps og Þórshafnarhreppi.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að markaðar tekjur af flugvallagjaldi hækki sem nemur 45 millj. kr. á árunum 1997–99, 15 millj. kr. hvert ár. Óhætt þykir að gera ráð fyrir slíkri hækkun þegar tekið er tillit til þeirrar aukningar sem búist er við í flugi á næstu árum. Hækkunin leiðir því til þess að tekjur af flugvallagjaldi þessi þrjú ár munu nema 442 millj. kr. á ári í stað 427 millj. kr. eins og upphaflega var gengið út frá og miðað við fyrir árið 1996. Gert er ráð fyrir að þessi tekjuaukning muni standa undir kostnaði við verkefni á Ísafirði og Þingeyri, sbr. nánar 2. og 3. lið.
2. Lagt er til að 15 millj. kr. verði veittar til viðbótar til að endurbæta flugstöðina á Ísafirði á árinu 1997. Talið er mikilvægt að gera endurbætur á flugstöðinni vegna samkeppni sem þegar er hafin í flugi frá þessum flugvelli. Allt útlit er fyrir að samkeppnin muni færast í aukana á næsta ári þegar sérleyfi falla úr gildi í innanlandsfluginu. Því er lagt til að í stað þess að gera ráð fyrir 25 millj. kr. á árinu 1997 til liðarins Byggingar, undir liðnum 2.2 Áætlunarflugvellir I, verði miðað við 40 millj. kr.
3. Undanfarin ár hafa staðið yfir athuganir á framtíðarflugvallarstæði í Dýrafirði. Niðurstaða er ekki fengin. Ljóst er að veita verður fé til Þingeyrarflugvallar, enda er núverandi flugvöllur eini malarvöllurinn sem er notaður fyrir Fokker 50 flugvélar í áætlunarflugi. Því er lögð til sú breyting við lið 1. Flugbrautir og stæði, undir lið 2.3 Áætlunarflugvellir II, að bætt verði við 30 millj. kr. árin 1998 og 1999, 15 millj. kr. hvort ár.
4. Þá er lagt til að veittar skuli 3 millj. kr. á árinu 1996 til að ljúka flugstöðvarbyggingu við nýju flugbrautina á Þórshöfn en byggingin er nú fokheld. Æskilegt þykir að verkinu ljúki á þessu ári svo að unnt verði að taka húsið í notkun. Því er bætt við 3 millj. kr. árið 1996 við lið 3, Byggingar, undir lið 2.4 Áætlunarflugvellir III. Til að mæta þessu er lagt til að liðurinn Óskipt, undir lið 2.7 Til leiðréttingar og brýnna verkefna, lækki að sama skapi og verði 17 millj. kr. í stað 20 millj. kr.
5. Loks er lagt til að flugvöllurinn í Borgarnesi verði færður í A-flokk (Þjónustuvellir) úr C-flokki (Sportflugvellir) og flugvöllurinn á Bakkafirði verði einnig færður í A-flokk úr D-flokki (Lendingarstaðir) í lið 3.4 Aðrir flugvellir og lendingarstaðir, og þannig haldið sömu flokkun og er í núgildandi flugmálaáætlun. Þá er lagt til að flugvöllurinn á Hvolsvelli verði aftur færður inn á flugmálaáætlun og verði hann settur í E-flokk (Lendingarstaðir í eigu og í umsjá annarra aðila en Flugmálastjórnar).

Nefndin ræddi sérstaklega flokkun flugvalla og beinir því til flugmálayfirvalda að heildarendurskoðun á flokkun flugvalla fari fram.

Alþingi, 24. maí 1996.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Kristján Pálsson.
Stefán Guðmundsson.	Egill Jónsson.	Árni Johnsen.
Guðmundur Árni Stefánsson, með fyrirvara.	Ragnar Arnalds, með fyrirvara.	Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.

1081. Breytingartillögur [365. mál]

við till. til þál. um flugmálaáætlun árin 1996–1999.

Frá samgöngunefnd.

1. Við I. Liðurinn orðist svo:

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN
(Fjárhæðir í millj. kr.)

	1996	1997	1998	1999
1.1 Markaðar tekjur:				
1. Flugvallagjald	427	442	442	442
*2. Eldsneytisgjald	46	46	46	46
3. Lendingargjöld	50	50	50	50
4. Loftferðaeftirlitsgjöld	14	14	14	14
5. Leigugjöld	18	18	18	18
6. Þjónustugjöld	72	72	72	72
7. Aðrar tekjur	51	51	51	51
	678	693	693	693
1.2 Önnur framlög:				
1. ICAO-tekjur	400	400	400	400
2. Framlag úr ríkissjóði	406	496	496	496
3. Umframtekjur frá 1995	49	0	0	0
Samtals:	**1.533**	**1.589**	**1.589**	**1.589**

* Tekjur sem bundnar eru til framkvæmda í flugmálum samkvæmt lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

2. Við II. Liðurinn orðist svo:

II. SKIPTING ÚTGJALDA
(Fjárhæðir í millj. kr.)

	1996	1997	1998	1999
2.1 Rekstur:				
1. Allar deildir	766	766	766	766
2. Alþjóðaflugþjónustan	435	435	435	435
	1.201	1.201	1.201	1.201

	1996	1997	1998	1999
2.2 Áætlunarflugvellir I:				
1. Flugbrautir og stæði	23	10	20	6
2. Bundið slitlag	53	167	181	190
3. Byggingar	44	40	10	5
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	10	0	10	0
5. Snjóhreinsibúnaður	42	6	9	19
6. Aðflugs- og ljósabúnaður	19	2	4	0
7. Veðurmælibúnaður	12	10	10	5
8. Varaafl	6	2	8	4
9. Til rannsókna og þróunarverkefna	0	10	10	10
10. Ýmis búnaður	13	2	2	7
	222	249	264	246
2.3 Áætlunarflugvellir II:				
1. Flugbrautir og stæði	0	0	15	15
2. Bundið slitlag	10	30	0	2
3. Byggingar	3	8	2	10
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	0	0	0	0
5. Snjóhreinsibúnaður	10	8	0	11
6. Aðflugs- og ljósabúnaður	0	0	10	6
7. Veðurmælibúnaður	0	0	0	0
8. Varaafl	0	0	0	0
9. Ýmis búnaður	0	1	0	8
	23	47	27	52
2.4 Áætlunarflugvellir III:				
1. Flugbrautir og stæði	0	0	0	0
2. Bundið slitlag	15	0	0	0
3. Byggingar	3	0	0	0
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	0	0	0	0
5. Snjóhreinsibúnaður	0	0	0	0
6. Aðflugs- og ljósabúnaður	0	0	0	0
7. Veðurmælibúnaður	0	0	0	0
8. Varaafl	0	0	0	0
9. Ýmis búnaður	0	0	0	3
	18	0	0	3
2.5 Aðrir flugvellir og lendingarstaðir:				
1. Óskipt	6	12	12	12
2.6 Flugumferðar- og flugleiðsöguþjónusta:				
1. Flugstjórnarmiðstöð o.fl.	15	20	20	20
2. GPS-leiðréttingarst. og athuganir	15	20	15	10
3. Annað	10	10	20	15
	40	50	55	45
2.7 Til leiðréttingar og brýnna verkefna:				
1. Óskipt	17	20	20	20
2.8 Yfirstjórn:				
1. Stjórnunarkostnaður	6	10	10	10
Samtals:	**1.533**	**1.589**	**1.589**	**1.589**

3. Við III. Liður **3.4 Aðrir flugvellir og lendingarstaðir** orðist svo:
A. Þjónustuflugvellir: Bakkafjörður, Bakki, Blönduós, Borgarnes, Breiðdalsvík, Ólafsfjörður, Reykhólar, Reykjanes við Djúp, Rif, Selfoss, Stykkishólmur og Vík.
B. Aðrir flugvellir: Álftaver, Fagurhólsmýri, Fáskrúðsfjörður, Geysir, Grímsstaðir, Herðubreiðarlindir, Hrafnseyri, Húsafell, Hveravellir, Kerlingarfjöll, Kirkjubæjarklaustur, Nýidalur, Skálavatn, Sprengisandur og Þórsmörk.
C. Sportflugvellir: Flúðir, Hella, Melgerðismelar og Sandskeið.
D. Lendingarstaðir: Arngerðareyri, Búðardalur, Bæir, Dagverðará, Djúpivogur, Einholtsmelar, Grundarfjörður, Hrísey, Hvammstangi, Ingjaldssandur, Kaldármelar, Króksfjarðarnes, Melanes, Sandármelar, Skógarsandur, Stórholt, Stóri-Kroppur og Tálknafjörður.
E. Lendingarstaðir í eigu og í umsjá annarra aðila en Flugmálastjórnar: Auðkúluheiði, Forsæti, Gunnarsholt, Hvolsvöllur, Múlakot og Þórisós.

4. Við IV. Liðurinn orðist svo:

IV. SUNDURLIÐUN FRAMKVÆMDA
(Fjárhæðir í millj. kr.)

Staður/verkefni	1996	1997	1998	1999
4.1 Reykjavík				
1. Girðing	5			
2. Endurnýjun slitlags	8	117	181	170
3. Til rannsókna og þróunarverkefna		10	10	10
4. Ýmis búnaður	5			
	18	**127**	**191**	**180**
4.2 Akureyri				
1. Endurbætur eldri flugstöðvar	7	10		
2. Breikkun malbiks	25			
3. Nýtt slitlagsyfirlag	10	30		
4. Bílastæði og lóð	5	10		
5. Stækkun flugvélahlaðs			5	5
6. Veðurmælitæki	12			
7. Leiðarljós	4	2		
8. Ýmis búnaður	3			
	66	**52**	**5**	**5**

Staður/verkefni	1996	1997	1998	1999
4.3 Vestmannaeyjar				
1. Vörubifreið/snjótönn	15			
2. Sandgeymsla			5	
3. Snjóblásari			3	3
4. Varaafl		2		
5. Veðurmælibúnaður		5		
6. Hindranalýsing			4	
7. Flugstöð, athugun	1			
8. Ýmis búnaður	1		2	
	17	**7**	**14**	**3**
4.4 Egilsstaðir				
1. Flugbraut	5			
2. Snjóblásari	7			
3. Slökkvibúnaður	10			
4. Stækkun tækjageymslu	9			
5. Flugstöð	10	5	5	
6. Ýmis búnaður	2	1		2
	43	**6**	**5**	**2**
4.5 Ísafjörður				
1. Ný tækjageymsla	1			
2. Snjóblásari	10			
3. Hindranalýsing	15			
4. Varaafl	6			
5. Bílastæði og lóð			15	
6. Nýtt slitlagsyfirlag				20
7. Veðurmælibúnaður		5		
8. Flugstöð	1	15		
9. Ýmis búnaður		1		
	33	**21**	**15**	**20**
4.6 Hornafjörður				
1. Lenging flugbrautar	8			
2. Breikkun bundins slitlags		20		
3. Sandgeymsla				5
4. Vörubifreið/snjótönn			6	
5. Veðurmælibúnaður				5
6. Varaafl				4
7. Ýmis búnaður	2			3
	10	**20**	**6**	**17**
4.7 Húsavík				
1. Tækjageymsla	15	10		
2. Slökkvibifreið			10	
3. Vörubifreið				4
4. Veðurmælibúnaður			5	
5. Varaafl			4	
6. Ýmis búnaður				1
	15	**10**	**19**	**5**

Staður/verkefni	1996	1997	1998	1999
4.8 Sauðárkrókur				
1. Bundið slitlag	10			
2. Snjósópur	10			
3. Snjóblásari				12
4. Vörubifreið/snjótönn		6		
5. Veðurmælibúnaður			5	
6. Varaafl			4	
7. Ýmis búnaður				1
	20	**6**	**9**	**13**
4.9 Patreksfjörður				
1. Bundið slitlag	10			
2. Snjósópur	10			
3. Tækjageymsla		6		
4. Ýmis búnaður				1
	20	**6**	**0**	**1**
4.10 Bíldudalur				
1. Snjósópur		8		
2. Tækjageymsla				10
3. Flugbrautarljós			10	
4. Aðflugshallaljós				6
5. Ýmis búnaður				1
	0	**8**	**10**	**17**
4.11 Grímsey				
1. Endurbætur flugstöðvar	3			
2. Ýmis búnaður		1		1
	3	**1**	**0**	**1**
4.12 Siglufjörður				
1. Snjóblásari				11
2. Ýmis búnaður				1
	0	**0**	**0**	**12**
4.13 Þórshöfn				
1. Farþegaskýli	3	2	2	
2. Ýmis búnaður				1
	3	**2**	**2**	**1**
4.14 Hólmavík				
1. Ýmis búnaður				1
	0	**0**	**0**	**1**
4.15 Gjögur				
1. Ýmis búnaður				1
	0	**0**	**0**	**1**
4.16 Mývatn				
1. Bundið slitlag	15			
2. Ýmis búnaður				1
	15	**0**	**0**	**1**

Staður/verkefni	1996	1997	1998	1999
4.17 Vopnafjörður				
1. Bundið slitlag		30		1
2. Ýmis búnaður				1
	0	**30**	**0**	**2**
4.18 Þingeyri				
1. Flugbraut/öryggissvæði			15	16
2. Ýmis búnaður				1
	0	**0**	**15**	**17**
4.19 Norðfjörður				
1. Bundið slitlag				1
2. Ýmis búnaður				1
	0	**0**	**0**	**2**
4.20 Aðrir flugvellir og lendingarstaðir				
1. Óskipt	6	12	12	12
	6	**12**	**12**	**12**
4.21 Flugumferðar- og flugleiðsögubúnaður				
1. Flugstjórnarmiðstöð o.fl.	15	20	20	20
2. GPS-leiðréttingarstöðvar og athuganir	15	20	15	10
3. Upplýsingakerfi	4	9	10	5
4. Flugprófunartæki	1	1	10	10
5. Selárdalur, varaafl	5			
	40	**50**	**55**	**45**
4.22 Til leiðréttinga og brýnna verkefna				
1. Óskipt	17	20	20	20
	17	**20**	**20**	**20**
4.23 Yfirstjórn				
1. Stjórnunarkostnaður	6	10	10	10
	6	**10**	**10**	**10**
Samtals:	**332**	**388**	**388**	**388**
Til reksturs flugvalla:	**190**	**100**	**100**	**100**

1082. Breytingartillögur [94. mál]

við frv. til l. um framhaldsskóla.

Frá Ástu B. Þorsteinsdóttur og Lúðvík Bergvinssyni.

1. Við 15. gr.
   a. Í stað orðanna „nám í sérstökum deildum“ í fyrri málslið 3. mgr. komi: nám á ýmsum brautarkjörnum eða kjörsviðum.

b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Óheimilt er að synja nemanda um skólavist í framhaldsskóla vegna slæms aðgengis hreyfihamlaðra að húsnæði skólans, sbr. byggingarreglugerð.

2. Við 19. gr. Í stað 2. mgr. komi þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
Tryggja skal nemendum sem eru fatlaðir námstilboð við hæfi og búa þeim aðgengilegar námsaðstæður og umhverfi.
Brautarkjarnar og kjörsvið, sem og frjálst val nemenda, skulu skipulögð í samræmi við lokamarkmið námsins og löguð að þörfum nemenda.
Nemanda, sem vegna þroskaskerðingar eða fötlunar getur ekki axlað sömu námskröfur og ófatlaðir, skal gert kleift að færast milli áfanga eða bekkja í samræmi við námsframvindu og aldur.

1083. Nefndarálit [450. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigurð Tómas Magnússon, skrifstofustjóra í dómsmálaráðuneyti, Boga Nilsson rannsóknarlögreglustjóra, Hallvarð Einvarðsson ríkissaksóknara, Braga Steinarsson vararíkissaksóknara, Guðmund Sophusson, sýslumann í Hafnarfirði, og Þorleif Pálsson, sýslumann í Kópavogi. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Landssambandi lögreglumanna, lögreglustjóranum í Reykjavík, Rannsóknarlögreglu ríkisins, ríkissaksóknara og skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Allsherjarnefnd leggur áherslu á að í frumvarpinu er gengið út frá grundvallarreglunni um sjálfstætt ákæruvald og eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið er ekki verið að leggja til breytingu á þeirri skipan mála að ríkissaksóknari sé æðsti handhafi ákæruvalds í landinu.

Breytingar þær, sem frumvarpið mælir fyrir um, snúa fyrst og fremst að því að tengja betur saman annars vegar almenna löggæslu og lögreglurannsókn og hins vegar útgáfu ákæru og saksókn. Til að stuðla að nánari samvinnu ákæruvalds og lögreglu við rannsókn mála er lagt til að málshöfðunarheimildir verði færðar til lögreglustjóra í stórum hluta brota gegn almennum hegningarlögum, svo sem vegna þjófnaðar, fjárdráttar, fjársvika og eignaspjalla. Þá hefur frumvarpið í för með sér að lögreglustjórum er veitt heimild til að höfða opinber mál vegna allra sérrefsilagabrota. Lögreglustjórum er samkvæmt núgildandi lögum heimilt, að fenginni almennri ákvörðun ríkissaksóknara, að höfða opinber mál, enda liggi ekki þyngri viðurlög við broti en sektir, upptaka eigna, varðhald eða fangelsi allt að tveimur árum. Heimild þessi tekur einnig til málshöfðunar vegna brota gegn lögum um ávana- og fíkniefni, áfengislögum, tollalögum, lögum um skotvopn, sprengiefni og skotelda og lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun. Reynslan hefur sýnt að þetta fyrirkomulag hefur að mörgu leyti reynst vel og er hér gert ráð fyrir að ganga lengra og fela lögreglustjórum ákæruvald í málum vegna brota sem hvað oftast eru framin. Ríkissaksóknari höfðar hins vegar áfram mál vegna brota á meginþorra ákvæða hegningarlaganna, þar á meðal alvarlegustu brotanna.

Ætla mætti við fyrstu sýn að verið væri að flytja til minnstu sýslumannsembættanna ákæruvald í brotum sem eru svo flókin að hætta væri á að nægileg sérþekking væri þar ekki til staðar. Í frumvarpinu sem og í frumvarpi til lögreglulaga, sem liggur fyrir Alþingi, eru ýmis ákvæði sem ætlað er að tryggja að réttarspjöll hljótist ekki af þessu. Þau eru m.a. eftirfarandi:

1. Erfiðustu málin, sem flytjast munu yfir til lögreglustjóra, eru skatta- og efnahagsbrotamál, en þau verða rannsökuð í skatta- og efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóraembættisins og þar með mun ríkislögreglustjóri gefa út ákæru í þeim málum.
2. Í frumvarpi til lögreglulaga er mælt fyrir um að lögreglustjórar geti leitað aðstoðar stoðdeildar og tæknirannsóknardeildar ríkislögreglustjóra og til tæknideildar lögreglunnar í Reykjavík við rannsókn alvarlegra brota. Í slíkum tilvikum getur ríkislögreglustjóri tekið sjórn rannsóknar í sínar hendur og fer hann þá að jafnaði einnig með ákæruvald í málinu.
3. Í 1. mgr. 4. gr. (28. gr. laganna) er mælt fyrir um að ríkissaksóknari geti tekið ákvörðun um saksókn í sínar hendur, þar á meðal gefið út ákæru, hvenær sem hann telur þess þörf.
4. Í 2. mgr. 4. gr. er mælt fyrir um að lögreglustjóri geti vísað máli til ákvörðunar ríkissaksóknara ef hann telur það vandasamt og getur ríkissaksóknari þá annað tveggja höfðað mál eða lagt fyrir lögreglustjóra að gera það.
5. Ríkissaksóknari endurskoðar ákvarðanir lögreglustjóra um niðurfellingu mála, bæði að eigin frumkvæði skv. 3. mgr. 4. gr. og á grundvelli kæru frá þeim sem ekki vill við niðurfellingu una skv. 2. mgr. 9. gr. (114. gr. laganna).

Það er því álit allsherjarnefndar að með markvissri fræðslu og upplýsingagjöf og virku eftirliti með aðstoð nútímaupplýsingatækni verði lögreglustjórum fyllilega treystandi til að taka við ákæruvaldi í brotaflokkum sem frumvarpið gerir ráð fyrir að þeim verði falið að höfða opinber mál í.

Nefndin leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Lagðar eru til tvær breytingar á 4. gr. Eina efnisbreytingin felst í raun í tillögu a-liðar 1. tölul. þar sem lagt er til að skýrt verði kveðið á um að lögreglustjóri, sem stýrt hefur rannsókn máls sem varðar brot er ekki heyrir undir ríkissaksóknara, höfði að jafnaði sjálfur opinbert mál vegna þess. Síðari breytingartillöguna við 4. gr. leiðir af því að í frumvarpi til lögreglulaga, sem flutt er samhliða frumvarpi þessu, er grunnur lagður að verkaskiptingu milli lögreglustjóra og ríkislögreglustjóra. Breytingartillögur 2. og 3. tölul. snúa einungis að orðalagi og eru til samræmis við framangreint lögreglulagafrumvarp.

Þess skal getið að sú ábending kom fram í nefndinni að eðlilegt væri í kjölfar þeirra breytinga á meðferð skattsvika og annarra skattalagabrota sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir að ákvæði skattalaga í þessu efni verði tekin til sérstakrar skoðunar.

Jóhanna Sigurðardóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 28. maí 1996.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Ögmundur Jónasson.
Hjálmar Jónsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.	Árni R. Árnason.
Sighvatur Björgvinsson.	Jón Kristjánsson.	Kristján Pálsson.

1084. Breytingartillögur [450. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 4. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Á eftir 3. mgr. komi ný málsgrein er orðist svo:
      Lögreglustjóri, þar á meðal ríkislögreglustjóri, sem stýrt hefur rannsókn brots höfðar að jafnaði opinbert mál vegna brotsins, nema ríkissaksóknari höfði mál samkvæmt lögum þessum.
   b. Í stað orðanna „kveða á um“ í 4. mgr., er verði 5. mgr., komi: kveða nánar á um.
2. Á eftir 6. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Í stað orðsins „Lögreglumönnum“ í 1. mgr. 97. gr. laganna kemur: Lögreglu.
3. 7. gr., er verði 8. gr., orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 98. gr. laganna:
   a. Í stað orðsins „Lögreglumönnum“ í upphafi greinarinnar kemur: Lögreglu.
   b. E- og f-liðir falla brott.

1085. Nefndarálit [71. mál]

um till. til þál. um skipun nefndar um menningar- og tómstundastarf fatlaðra.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið sendar umsagnir um hana frá fræðslustjóra Vesturlandsumdæmis, fræðslustjóra Austurlandsumdæmis, fræðslustjóra Suðurlandsumdæmis, Ferðafélögum hf., Geðhjálp, Þroskaþjálfaskóla Íslands, Félagi íslenskra leikskólakennara, Öryrkjabandalagi Íslands, Félagi sérkennara, Félagi þroskaþjálfa, svæðisstjórn málefna fatlaðra Suðurlandi, svæðisstjórn málefna fatlaðra Austurlandi, svæðisstjórn málefna fatlaðra Reykjavík, svæðisstjórn málefna fatlaðra Vestfjörðum, svæðisráði Reykjaness, Félagi framkvæmdastjóra svæðisskrifstofa í málefnum fatlaðra, Þroskahjálp, Sólheimum í Grímsnesi, Sálfræðingafélagi Íslands, menntamálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti.

Þar sem fyrir liggur að á vegum félagsmálaráðuneytisins hefur nýlega hafið störf nefnd sem hefur það verkefni að endurskoða lögin um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, leggur nefndin til að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að láta kanna á hvern hátt fatlaðir geti notið sumarleyfa, tómstunda, lista og menningarlífs á sama hátt og aðrir í þjóðfélaginu og gera tillögur um úrbætur. Tryggt verði að fulltrúar frá samtökum sveitarfélaga, svæðisskrifstofum um málefni fatlaðra, Öryrkjabandalaginu og Þroskahjálp komi að málinu.
2. Fyrirsögn tillögunnar verði: Till. til þál. um menningar- og tómstundastarf fatlaðra.

Svanfríður Jónasdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 28. maí 1996.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm.	Siv Friðleifsdóttir.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Pétur H. Blöndal.	Einar K. Guðfinnsson.	Magnús Stefánsson.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Kristján Pálsson.	Bryndís Hlöðversdóttir.

1086. Nefndarálit [519. mál]

við frv. til laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Frumvarpið var flutt af sjávarútvegsráðherra í framhaldi af störfum sérstakrar nefndar sem skipuð var árið 1993 til þess að fjalla um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Ekki náðist samkomulag í nefndinni og var ágreiningur bæði um meginefni frumvarpsins og um einstakar greinar þess. Engu að síður lagði sjávarútvegsráðherra frumvarpið fram nú undir lok vorþings og er af hálfu stjórnarmeirihlutans lögð áhersla á afgreiðslu þess þótt ágreiningur um það hafi ekki verið jafnaður og aðeins hafi gefist örskammur tími til þess að fjalla um þetta viðamikla mál.

Minni hluti nefndarinnar telur ekki rétt að afgreiða frumvarpið nú heldur leggur til að meiri tími verði notaður til þess að vanda betur til verksins. Rökin fyrir því eru eftirfarandi:

1. Látið er í veðri vaka að niðurstaða úthafsveiðiráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem lauk með samkomulagi um nýjan alþjóðlegan samning í ágúst sl., kalli á skjóta lagasetningu. Það er ekki rétt. Engin þjóð hefur enn fullgilt hinn nýja sáttmála, ekki einu sinni Íslendingar, og mun því verða talsvert löng bið eftir því að hann öðlist gildi sem alþjóðalög. Verði frumvarpið samþykkt verða Íslendingar þjóða fyrstir til þess að setja stórfelldar takmarkanir á úthafsveiðiflota sinn, löngu áður en nokkur önn-

ur fiskveiðiþjóð grípur hugsanlega til sambærilegra ráðstafana. Enginn veit hvenær úthafsveiðisáttmálinn tekur gildi né hvernig aðrar fiskveiðiþjóðir munu haga framkvæmdum á veiðistjórnun í samræmi við hann. Því er eðlilegt að doka við og hafa samráð við aðrar þjóðir um framkvæmd sáttmálans þannig að framkvæmdin sé samræmd í stað þess að rjúka nú til að þarflausu og setja stórfelldar veiðitakmarkanir á úthafsflotann á sama tíma og aðrar þjóðir leyfa frjálsar úthafsveiðar í samræmi við hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna.

2. Núgildandi lög um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 34/1976, veita sjávarútvegsráðherra allar nauðsynlegar heimildir til þess að stjórna veiðum í samræmi við alþjóðlegar eða fjölþjóðlegar samþykktir. Síldveiðisamningur Íslendinga, Færeyinga, Rússa og Norðmanna frá því í vor kallar því ekki á neina nýja lagasetningu.
3. Með frumvarpinu er athafnafrelsi íslenskra skipa á úthöfunum skert miklum mun meira en þörf er á samkvæmt úthafsveiðisáttmálanum og samningum sem Ísland er aðili að. 87. gr. hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna gerir ráð fyrir að frelsi til veiða á úthöfunum sé meginreglan. Á grundvelli ákvæðisins um frjálsar veiðar á úthöfum hafa Íslendingar á síðustu fáum árum verið að afla sér ómetanlegrar veiðireynslu á nýjum miðum. Í úthafsútgerðinni er nú vaxtarbroddurinn í sjávarútveginum og hefur hún skilað bróðurpartinum af þeirri tekjuaukningu sem orðið hefur í þjóðarbúskapnum. Verði frumvarpið samþykkt vegur það að rótum þessarar útgerðar og gæti orðið til þess að hún legðist að verulegu leyti niður, sem yrði áfall fyrir þjóðarbúið. Eðlilegra og æskilegra væri að næstu mánuðir yrðu notaðir til þess að afla íslenskum útgerðum meiri veiðireynslu á úthöfunum sem yrði þjóðinni mikill fengur þegar fiskveiðiþjóðir heims setja samræmdar reglur um veiðistjórnun á grundvelli úthafsveiðisáttmálans.
4. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir mjög víðtæku valdi sjávarútvegsráðherra til þess að stjórna veiðum íslenskra skipa á fjarlægum miðum nánast eftir geðþótta. Engar fjölþjóðlegar eða alþjóðlegar samþykktir krefjast þess að ráðherra verði fengið slíkt geðþóttavald til þess að stjórna veiðum íslenskra skipa jafnvel í lögsögu annarra þjóða víðs fjarri íslenskum miðum. Minni hlutinn er andvígur því að svo mikið vald sé fengið ráðherra.
5. Þá eru ákvæði í frumvarpinu um mikla gjaldtöku vegna eftirlits með veiðum íslenskra fiskiskipa á úthafinu. Nýgerður samningur um veiðar á rækju á Flæmingjagrunni er sagður kalla á slík lagaákvæði. Lagaákvæðin eru hins vegar almenn og án takmörkunar og miklu víðtækari en samningurinn krefst auk þess sem hann er út af fyrir sig ekki rökstuðningur fyrir þeim víðtæku valdheimildum til sjávarútvegsráðherra og miklu veiðitakmörkunum sem frumvarpið gerir að öðru leyti ráð fyrir. Sé nauðsyn talin á að afla lagaheimilda fyrir greiðslu kostnaðar við eftirlit samkvæmt samningnum um rækjuveiðar á Flæmingjagrunni er eðlilegra að það verði gert með sérstakri sjálfstæðri lagaheimild í samræmi við efnisatriði samkomulagsins auk þess sem eðlilegt er að skoða það mál mun betur en gert hefur verið, m.a. í því skyni að gjaldtakan komi ekki í veg fyrir að skip geti stundað veiðarnar með eðlilegri afkomu.

Þessi rök og önnur valda því að minni hlutinn telur ekki ráðlegt að afgreiða málið nú og leggur því til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Guðný Guðbjörnsdóttir, sem er áheyrnarfulltrúi í sjávarútvegsnefnd, er samþykk afstöðu minni hlutans og styður frávísunartillöguna.

Alþingi, 27. maí 1996.

Sighvatur Björgvinsson, frsm. Svanfríður Jónasdóttir.

1087. Frumvarp til laga [389. mál]

um breytingu á ýmsum lögum vegna sameiningar Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í Bændasamtök Íslands.

(Eftir 2. umr., 28. maí.)

1. gr.

Breyting á lögum nr. 56 19. júní 1933, um viðauka við og breyting á lögum nr. 68/1917, um áveitu á Flóann.

Í stað orðanna „Búnaðarfélagi Íslands“ í 11. gr. laganna kemur: Bændasamtökum Íslands.

2. gr.

Breyting á lögum nr. 117 30. desember 1943, um viðauka við lög nr. 56/1933, um viðauka við og breyting á lögum nr. 68/1917, um áveitu á Flóann.

Í stað orðanna „Búnaðarfélag Íslands“ í 1. gr. laganna og „Búnaðarfélags Íslands“ í 2. gr. kemur: Bændasamtök Íslands og Bændasamtaka Íslands.

3. gr.

Breyting á lögum um eignarnámsheimild á nokkrum löndum og á afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Grindavíkurhreppi og um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar, nr. 11/1936.

a. 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. laganna fellur brott.

b. Í stað orðanna „Búnaðarfélag Íslands“ í 3. gr. laganna kemur: Bændasamtök Íslands.

4. gr.

Breyting á lögum nr. 101/1940, um breyting á lögum nr. 11/1936 (Eignarnámsheimild á nokkrum löndum o.fl.).

Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Bændasamtaka Íslands.

5. gr.

Breyting á landskiptalögum, nr. 46/1941, með síðari breytingum.

Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í 2. mgr. 11. gr. og í 2. málsl. 1. mgr. 16. gr. laganna kemur: Bændasamtaka Íslands.

6. gr.

Breyting á lögum um skógrækt, nr. 3/1955, með síðari breytingum.

Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í b-lið 28. gr. laganna kemur: Bændasamtaka Íslands.

7. gr.

Breyting á girðingarlögum, nr. 10/1965, með síðari breytingum.

Í stað orðanna „stjórn Búnaðarfélags Íslands tilnefnir einn af jarðræktarráðunautum félagsins“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: stjórn Bændasamtaka Íslands tilnefnir einn mann.

8. gr.

Breyting á lögum um landgræðslu, nr. 17/1965, með síðari breytingum.

a. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:
Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn landgræðslumála og skipar hann landgræðslustjóra.

b. Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í 2. tölul. 1. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 20. gr. laganna kemur: Bændasamtaka Íslands.

9. gr.

Breyting á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum.

a. Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í 30. gr. laganna kemur: Bændasamtaka Íslands.

b. Í stað 4.–8. málsl. 1. mgr. 34. gr. laganna koma fjórir málsliðir, svohljóðandi: Bændasamtök Íslands fjóra menn, þar af tvo landsráðunauta. Framleiðsluráð landbúnaðarins einn mann. Bændaskólarnir tvo menn. Garðyrkjuskóli ríkisins einn mann.

10. gr.

Breyting á lögum um Framleiðnisjóð landbúnaðarins, nr. 89/1966, með síðari breytingum.

a. 2. gr. laganna orðast svo:
Stjórn Framleiðnisjóðs skal skipuð fimm mönnum sem landbúnaðarráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Tveir skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Bændasamtaka Íslands, einn samkvæmt tilnefningu ráðherra byggðamála og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður stjórnarinnar. Varamenn skal skipa með sama hætti.

b. 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. laganna falla brott.

11. gr.

Breyting á lögum um gæðamat á æðardún, nr. 39/1970, með síðari breytingu.

Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í 5. gr. laganna kemur: Bændasamtaka Íslands.

12. gr.

Breyting á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum.

a. Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í 1. mgr. 88. gr. laganna kemur: Bændasamtaka Íslands.
b. 2. málsl. 3. mgr. 95. gr. laganna orðast svo: Í yfirmati eiga sæti þrír menn sem ráðherra skipar, þar af einn samkvæmt tilnefningu veiðimálanefndar.

13. gr.

Breyting á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, nr. 45/1971, með síðari breytingum.

Í stað orðanna „skulu fulltrúi frá stéttarsambandi bænda og fulltrúi frá Búnaðarfélagi Íslands“ í 2. gr. laganna kemur: skulu tveir fulltrúar frá Bændasamtökum Íslands.

14. gr.

Breyting á lögum um náttúruvernd, nr. 47/1971, með síðari breytingum.

Í stað orðanna „Búnaðarfélag Íslands“ í 2. tölul. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: Bændasamtök Íslands. Orðin „Stéttarsamband bænda“ í sama tölulið falla brott.

15. gr.

Breyting á lögum um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna, nr. 43/1975, með síðari breytingum.

Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Bændasamtaka Íslands.

16. gr.

Breyting á ábúðarlögum, nr. 64/1976, með síðari breytingum.

a. Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í 4. mgr. 11. gr., 2. mgr. 17. gr. og 3. mgr. 24. gr. laganna kemur: Bændasamtaka Íslands.
b. Í stað orðanna „Byggingastofnunar landbúnaðarins“ í 2. mgr. 17. gr. laganna kemur: Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

17. gr.

Breyting á jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

a. Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í 3. mgr. 6. gr. laganna og í stað sömu orða í 1. og 3. mgr. 12. gr., 13.–15. gr., 3. mgr. 22. gr., 3. mgr. 29. gr., 2. mgr. 38. gr., a-lið 1. mgr. 47. gr., 2., 4. og 5. mgr. 49. gr. og 69. gr. kemur (í viðeigandi beygingarföllum): Bændasamtök Íslands.
b. Í stað orðanna „Búnaðarfélagið lætur“ í 3. mgr. 22. gr. laganna kemur: Bændasamtök Íslands láta.
c. Í stað orðsins „sýslunefnd“ í 69. gr. laganna kemur: héraðsnefnd.

18. gr.

Breyting á lögum um tekju- og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Orðin „og Búnaðarfélag Íslands“ í 2. tölul. 4. gr. laganna falla brott.

19. gr.

Breyting á lögum um Lífeyrissjóð bænda, nr. 50/1984, með síðari breytingum.

a. 4. málsl. 3. gr. laganna orðast svo: Tveir skulu tilnefndir af stjórn Bændasamtaka Íslands en einn skipaður án tilnefningar.

b. 4. gr. laganna orðast svo:

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggildum endurskoðanda er sjóðstjórn ræður og að auki af tveimur endurskoðendum sem skipaðir eru til fjögurra ára í senn af ráðherra sem fer með lífeyrismál. Skulu þeir tilnefndir af stjórn Bændasamtaka Íslands.

20. gr.

Breyting á jarðræktarlögum, nr. 56/1987, með síðari breytingum.

a. 2. gr. laganna orðast svo:

Bændasamtök Íslands hafa á hendi umsjón með framkvæmd ræktunarmála og jarðabóta samkvæmt lögum þessum, enda sé skipulag þeirra og starfsreglur í samræmi við ákvæði laganna.

b. Í stað orðanna „Búnaðarfélag Íslands“ í 3.–7. gr. laganna og í stað sömu orða í 10.–19. gr. og orðanna „Stéttarsambands bænda“ í 11. gr. kemur (í viðeigandi beygingarföllum): Bændasamtök Íslands.

21. gr.

Breyting á lögum um Hagþjónustu landbúnaðarins, nr. 63/1989.

Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í 3. gr. laganna og í stað sömu orða í ákvæði til bráðabirgða kemur (í viðeigandi beygingarföllum): Bændasamtök Íslands.

22. gr.

Breyting á lögum um búfjárrækt, nr. 84/1989, með síðari breytingu.

Í stað orðanna „Búnaðarfélag Íslands“ í 4. gr. laganna og í stað sömu orða í 5., 8., 9. og 11.–17. gr. kemur (í viðeigandi beygingarföllum): Bændasamtök Íslands.

23. gr.

Breyting á lögum um Búnaðarmálasjóð, nr. 41/1990, með síðari breytingum:

a. Í stað orðanna „Stéttarsambands bænda“ í 3. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna og í stað sömu orða í 2. mgr. 4. gr. og 5. og 6. gr. kemur (í viðeigandi beygingarföllum): Bændasamtök Íslands.

b. 1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:
Tekjum af búnaðarmálasjóðsgjaldi, sem innheimt er skv. 1. gr. og A- og B-liðum 2. gr., skal skipt þannig:

	Greiðsla af A-flokki skv. 2. gr.	Greiðsla af B-flokki skv. 2. gr.
Til Bændasamtaka Íslands	0,125%	0,325%
Til búnaðarsambanda	0,250%	0,500%
Til búgreinafélaga	0,075%	0,075%
Til Stofnlánadeildar landbúnaðarins	0,100%	0,200%

c. Í stað orðanna „Stéttarsambands bænda, Búnaðarfélags Íslands“ í 7. gr. laganna kemur: Bændasamtaka Íslands.

24. gr.

Breyting á lögum um flokkun og mat á gærum og ull, nr. 57/1990, með síðari breytingum.

Í stað orðanna „Stéttarsambandi bænda“ í 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: Bændasamtökum Íslands.

25. gr.

Breyting á lögum um búfjárhald, nr. 46/1991, með síðari breytingum.

Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í 3. gr. laganna og í stað sömu orða í fyrri málslið 8. gr. og 3. mgr. 10. gr. kemur (í viðeigandi beygingarföllum): Bændasamtök Íslands.

26. gr.

Breyting á lögum um Jarðasjóð, nr. 34/1992, með síðari breytingu.

Í stað orðanna „stjórnum Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: stjórn Bændasamtaka Íslands.

27. gr.

Breyting á lögum um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, nr. 61/1992.

Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í 4. gr. laganna kemur: Bændasamtaka Íslands.

28. gr.

Breyting á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993, með síðari breytingum.

Í stað orðanna „Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda tilnefna sinn manninn hvor“ í 27. gr. laganna kemur: Bændasamtök Íslands tilnefna tvo menn.

29. gr.

Breyting á lögum um dýravernd, nr. 15/1994.

Í stað orðanna „Einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands“ í 2. mgr. 17. gr. laganna kemur: Einn tilnefndur af Bændasamtökum Íslands.

30. gr.

Breyting á lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994.

a. Í stað orðanna „einum tilnefndum af Búnaðarfélagi Íslands“ í 1. og 2. tölul. 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: einum tilnefndum af Bændasamtökum Íslands.
b. Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: Bændasamtaka Íslands.

31. gr.

Breyting á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

Í stað orðanna „einum af Búnaðarfélagi Íslands“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: einum af Bændasamtökum Íslands.

32. gr.

Breyting á lögum um útflutning hrossa, nr. 161/1994.

a. Í stað orðanna „Búnaðarfélagi Íslands“ í 1. mgr. 4. gr. laganna og í stað sömu orða í 6. gr. kemur (í viðeigandi beygingarföllum): Bændasamtök Íslands.
b. Í stað orðanna „Búnaðarfélag Íslands getur“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: Bændasamtök Íslands geta.

33. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi eftirtalin lög og lagaákvæði:

a. Lög um mótak, nr. 16/1940.
b. Lög nr. 7/1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.
c. III. kafli laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.
d. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 40/1972, um sameiningu Borgarfjarðarhrepps og Loðmundarfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu í einn hrepp.
e. Lög nr. 12/1984, um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.
f. Lög nr. 77/1936, um viðauka við og breyting á lögum nr. 43 19. maí 1930, um greiðslu kostnaðar af Skeiðaáveitunni o.fl.

1088. Nefndarálit [444. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Indriða H. Þorláksson og Bergþór Magnússon frá fjármálaráðuneyti, Benedikt Davíðsson og Gylfa Arnbjörnsson frá Alþýðusambandi Íslands, Rannveigu Sigurðardóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Hannes G. Sigurðsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Harald Sumarliðason og Jón

Steindór Valdimarsson frá Samtökum iðnaðarins og Birgi Ármannsson og Kristmann Magnússon frá Verslunarráði Íslands. Þá fékk nefndin sendar umsagnir um málið frá ASÍ, BSRB, Búseta, Neytendasamtökunum, Samtökum iðnaðarins, Verslunarráði Íslands og VSÍ.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 28. maí 1996.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Pétur H. Blöndal.
Valgerður Sverrisdóttir.	Einar Oddur Kristjánsson.	Sólveig Pétursdóttir.

1089. Nefndarálit [445. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bergþór Magnússon, Hermann Jónasson og Indriða H. Þorláksson frá fjármálaráðuneyti, Jónas Þór Steinarsson og Hallgrím Snorrason frá Bílgreinasambandinu, Birgi Ármannsson og Kristmann Guðmundsson frá Verslunarráði Íslands, Hannes G. Sigurðsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Benedikt Davíðsson og Gylfa Arnbjörnsson frá Alþýðusambandi Íslands, Rannveigu Sigurðardóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Stefán Guðjónsson, Jón Ásbjörnsson og Birgi R. Jónsson frá Félagi íslenskra stórkaupmanna og Harald Sumarliðason og Jón Steindór Valdimarsson frá Samtökum iðnaðarins.

Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá S. Helgason hf. – Steinsmiðju, Samtökum iðnaðarins, Verslunarráði Íslands, Bílgreinasambandinu, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Neytendasamtökunum, Vinnuveitendasambandi Íslands, Steinullarverksmiðjunni hf., Kaupmannasamtökum Íslands, Félagi íslenskra stórkaupmanna og Símvirkjanum ehf.

Með lagafrumvarpi þessu eru lagðar til verulegar breytingar á álagningu vörugjalds. Tilgangur frumvarpsins er að koma til móts við þær athugasemdir sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur gert við lög nr. 97/1987, um vörugjald. Stofnunin telur lögin brjóta gegn 14. gr. EES-samningsins að tvennu leyti. Annars vegar með því að greiðslufrestur vörugjalds er mismunandi eftir því hvort um er að ræða innfluttar vörur eða innlendar framleiðsluvörur þar sem greiða ber gjald af innfluttum vörum við tollafgreiðslu en ekki fyrr en við sölu innlendra framleiðsluvara. Hins vegar með því að mismunandi gjaldstofn er fyrir innfluttar vörur og innlendar framleiðsluvörur þar sem 25% áætlað heildsöluálag er lagt á tollverð innfluttra vara að viðbættum tollum en ekki er um sambærilegt álag á innlendar framleiðsluvörur að ræða.

Í frumvarpinu er lagt til að greiðslufresturinn verði samræmdur þannig að uppgjörstímabil allra gjaldskyldra aðila verði tveir mánuðir og gjalddagi 15. dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Þá er lagt til að komið verði til móts við athugasemdir ESA um mismunandi gjaldstofn með því að breyta vörugjaldi úr verðgjaldi í magngjald í þeim tilvikum sem það er unnt. Þannig verði þyngd eða rúmmál vöru, mælt í kíló-

grömmum eða lítrum, gjaldstofn vörugjalds í stað þess að gjaldið sé reiknað af verðmæti vörunnar. Lagt er til að gjaldið verði lagt á í formi magngjalds á ýmis matvæli, t.d. sælgæti, drykkjarvörur og sykur, svo og á einangrunarvörur og hjólbarða og aðrar gúmmívörur. Hins vegar er gert ráð fyrir að vörugjald verði áfram lagt á í formi verðgjalds í þeim tilvikum þegar ekki er unnt að leggja á magngjald. Gjaldstofn innfluttrar vöru verði í þeim tilvikum tollverð að viðbættum tollum, án áætlaðrar heildsöluálagningar, en gjaldstofn innlendrar framleiðsluvöru verði verð hennar við sölu frá framleiðanda. Þá er gert ráð fyrir að vörugjald verði fellt niður af ýmsum vörum, t.d. málningu og veggfóðri.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Í þeim felst:

1. Við 3. gr. Lagt er til að við upptalningu 1. mgr. 4. gr. laganna á gjaldskyldum aðilum bætist aðilar sem fengið hafa sérstaka skráningu, sbr. 2. tölul. hér á eftir. Þá er lagt til að skráning á gjaldskyldum aðilum verði alfarið í höndum skattstjóra, en ekki jafnframt hjá tollstjórum.
2. Lagt er til að við frumvarpið bætist ný grein sem verði 5. gr. laganna. Í henni verði aðilum sem flytja inn eða kaupa innan lands gjaldskyldar vörur til sölu í heildsölu heimilað að fá sérstaka skráningu hjá skattstjóra að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Aðilum, sem skráðir yrðu með þessum hætti, yrði heimilað að flytja til landsins eða kaupa innan lands gjaldskyldar vörur af framleiðanda eða af öðrum aðila sem skráður væri með sama hætti án þess að skylda til greiðslu vörugjalds stofnaðist fyrr en við sölu vörunnar. Með þessu er stefnt að því að fullkomið jafnræði verði tryggt milli innflytjenda og innlendra framleiðenda hvað greiðslufrestinn varðar.

   Gert er ráð fyrir að við uppgjör skráðra aðila á vörugjaldi samkvæmt þessari grein verði miðað við breytingu á birgðastöðu á uppgjörstímabili. Af þeim sökum er lagt til að þessir aðilar haldi sérstakt birgðabókhald yfir þær vörur sem vegna skráningarinnar lúta sérreglum um uppgjör gjaldsins.
3. Við 5. gr. Lagt er til að ákvæði um að ríkisskattstjóri gefi út reglur um mat til verðs nái einungis til 5. mgr. en ekki til allrar greinarinnar eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.
4. Við 6. gr. Lagt er til að tollstjórar annist álagningu vörugjalds á innfluttar vörur í þeim tilvikum er innflytjendur eru ekki með sérstaka skráningu. Breytingartillagan leiðir af fyrrgreindri tillögu í 2. tölul. Gert er ráð fyrir að kveðið verði á um það í 8. gr. laganna hvenær gjaldskylda stofnast, sbr. umfjöllun í 5. lið.
5. Í 7. gr. frumvarpsins er kveðið á um uppgjörstímabil, gjalddaga, álagningu o.fl. Lagðar eru til breytingar á greininni til samræmis við fyrrgreinda tillögu 2. tölul. Þær eru eftirfarandi:
   a. Lögð er til breyting á 2. mgr. sem gerir ráð fyrir að hún nái einungis til innflytjenda sem ekki hafa verið skráðir sérstakri skráningu. Skulu þeir eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils greiða vörugjald af þeim vörum sem voru tollafgreiddar á uppgjörstímabilinu. Aðilar, sem flytja gjaldskylda vöru til landsins til eigin nota, skulu þó greiða vörugjald þegar við tollafgreiðslu.
   b. Lagt er til að ný málsgrein, 3. mgr., bætist við greinina þar sem kveðið verði á um að innlendir framleiðendur skuli eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils greiða vörugjald vegna gjaldskyldra vara sem voru seldar eða afhentar á tímabilinu. Þó skuli ekki greiða vörugjald af vörum sem seldar eru til aðila sem fengið hafa sérstaka skráningu þar sem gjaldskylda miðast þá við sölu hins síðarnefnda á vörunni.

c. Lagt er til að ný málsgrein, 4. mgr., bætist við er kveði á um greiðsluskyldu aðila sem fengið hafa sérstaka skráningu. Gert er ráð fyrir að þessir aðilar greiði á gjalddaga hvers uppgjörstímabils vörugjald af þeim vörum sem þeir hafa keypt eða fengið tollafgreiddar á tímabilinu eða voru til í birgðum í upphafi uppgjörstímabils, en eru samkvæmt birgðabókhaldi ekki í birgðum við lok uppgjörstímabils. Gjaldskylda þessara aðila miðast því við sölu eða afhendingu á vörunni, ákvarðað eftir breytingu á birgðastöðu á uppgjörstímabili. Gjaldskyldum aðila samkvæmt þessari málsgrein ber þó hvorki að greiða gjald af vörum sem vörugjald hefur þegar verið greitt af né vörum sem seldar voru án vörugjalds til annars aðila sem skráður er með sama hætti.

d. Lögð er til breyting á 3. mgr. greinarinnar er fjallar um skil á vörugjaldsskýrslum. Gert er ráð fyrir að auk framleiðenda verði skráðum aðilum sem fengið hafa sérstaka skráningu gert skylt að skila vörugjaldsskýrslum vegna vara sem greiða ber vörugjald af á uppgjörstímabilinu.

6. Lögð er til breyting á 9. gr. sem leiðir af því að gert er ráð fyrir að skattstjóri í stað tollstjóra annist álagningu vörugjalds á gjaldskyldar vörur sem aðilar sem fengið hafa sérstaka skráningu flytja til landsins.
7. Lögð er til breyting á 10. gr. sem einnig leiðir af því að gert er ráð fyrir að álagning verði í höndum skattstjóra í stað tollstjóra þegar aðilar sem fengið hafa sérstaka skráningu flytja inn gjaldskyldar vörur. Þessum aðilum ber að skila vörugjaldsskýrslu vegna sölu eða afhendingar og fer um álagningu gjaldsins eftir sambærilegum reglum og þegar um innlenda framleiðsluvöru er að ræða.
8. Lögð er til breyting á 11. gr. laganna þannig að vísað verði í viðauka I þar sem kveðið er á um gjaldskyldu einstakra vörutegunda.
9. Lagðar eru til nokkrar breytingar á upptalningu tollskrárnúmera og fjárhæð magngjalds í viðauka I við lögin. Í fyrsta lagi er í a-lið lagt til að vörugjald verði fellt niður af einangrunarvörum úr plasti, korki, tjörupappa, steinull og glerull. Gjald hefur þegar verið fellt niður af flestum byggingarefnum, öðrum en lagnaefnum og klæðningu auk þess sem komið hefur í ljós að annmarkar yrðu á innheimtu magngjalds af þessum vörum yrði frumvarpið að lögum óbreytt. Í öðru lagi er í b-lið lagt til að vörugjald af kaffi og tei verði lækkað. Við útreikning á magngjaldi á þessum vörum var miðað við tekjur af vörugjaldi af þeim á árinu 1995. Það ár var heimsmarkaðsverð á þessum vörum óvenjuhátt vegna uppskerubrests. Skekkti það útreikninga við ákvörðun gjaldsins. Gert er ráð fyrir að vörugjald af óbrenndu kaffi verði 28 kr. á kg í stað 32 kr. og vörugjald af brenndu kaffi og tei 35 kr. á kg í stað 40 kr. Í þriðja lagi er í c-lið lagt til að gjald af efni til framleiðslu á drykkjarvörum verði reiknað af þyngd en ekki rúmmáli eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Ekki er talið að breytingin leiði til breytinga á tekjum af þessum vörum. Breytingartillaga d-liðar leiðir af þessari breytingu auk þess sem þar er til leiðréttingar lagt til að eitt tollskrárnúmer, sem ekki er til, falli brott. Þá er loks í tillögum e- til h-liðar lagt til að ýmis tollskrárnúmer falli brott úr viðaukanum. Er þar um leiðréttingar að ræða, ýmist þar sem númerin voru ekki til eða að þau vantaði í viðaukann.
10. Lagt er til að við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgrein þar sem kveðið verði á um að fyrsta uppgjörstímabil vörugjalds samkvæmt frumvarpinu verði þrír mánuðir, þ.e. júlí, ágúst og september 1996. Að öðrum kosti yrði fyrsta uppgjörstímabil aðeins einn mánuður, júlímánuður, þar sem gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. júlí nk. Þessi breyting hefur jafnframt í för með sér að lengri tími gefst til að und-

irbúa breytingar á lögunum, m.a. með því að breyta tölvukerfum, skipuleggja eftirlit o.fl.

Alþingi, 28. maí 1996.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm. Gunnlaugur M. Sigmundsson. Pétur H. Blöndal.

Sighvatur Björgvinsson, með fyrirvara. Valgerður Sverrisdóttir. Einar Oddur Kristjánsson.

Sólveig Pétursdóttir.

1090. Breytingartillögur [445. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, GMS, PHB, SighB, VS, EOK, SP).

1. Við 3. gr.
   a. Á eftir a-lið komi nýr stafliður er orðist svo: Við 1. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Aðilum sem skráðir hafa verið sérstakri skráningu skv. 5. gr.
   b. Orðin „ef um framleiðanda er að ræða, en hjá tollstjóra ef um innflytjanda er að ræða“ í b-lið falli brott.
2. Á eftir 3. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Við lögin bætist ný grein sem verður 5. gr. laganna og orðast svo:
   Aðilar sem flytja inn eða kaupa innan lands gjaldskyldar vörur til heildsölu geta fengið sérstaka skráningu hjá skattstjóra. Skilyrði slíkrar skráningar eru:
   1. Að aðili hafi heildsöluleyfi.
   2. Að aðili haldi sérstakt birgðabókhald yfir þær vörur sem vegna skráningarinnar lúta sérreglum um uppgjör vörugjalds í samræmi við reglur sem ríkisskattstjóri setur.

   Aðila, sem fengið hefur sérstaka skráningu, er heimilt að flytja gjaldskyldar vörur inn til landsins eða kaupa gjaldskyldar vörur innan lands af framleiðanda eða af öðrum sérstaklega skráðum aðila án þess að skylda stofnist til greiðslu vörugjalds, sbr. 4. mgr. 9. gr.

   Innlendum framleiðendum og aðilum sem fengið hafa sérstaka skráningu er heimil sala eða afhending á gjaldskyldum vörum án vörugjalds til aðila sem skráðir eru samkvæmt þessari grein.

   Þegar aðili, sem fengið hefur sérstaka skráningu, kaupir gjaldskyldar vörur án vörugjalds skal tilgreina á sölureikningum það magn eða það verð sem myndar gjaldstofn vörugjalds.
3. Við 5. gr. (er verði 6. gr.).
   a. Við 5. efnismgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Ríkisskattstjóri skal gefa út reglur um mat til verðs samkvæmt þessari málsgrein.
   b. 6. efnismgr. falli brott.

4. Við 6. gr. (er verði 7. gr.). Greinin orðist svo:
   7. gr. laganna, er verður 8. gr., orðast svo:
   Tollstjórar skulu reikna vörugjald af gjaldskyldum vörum sem aðilar, aðrir en þeir sem skráðir hafa verið skv. 5. gr., flytja til landsins.
5. Við 7. gr. (er verði 8. gr.). Í stað 2. og 3. efnismgr. komi fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
   Innflytjendur sem flytja vörur til landsins til endursölu, aðrir en þeir sem jafnframt eru skráðir skv. 5. gr., skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs vörugjald af gjaldskyldum vörum sem voru tollafgreiddar á uppgjörstímabilinu. Aðilar, sem flytja gjaldskylda vöru til landsins til eigin nota, skulu greiða vörugjald við tollafgreiðslu.
   Innlendir framleiðendur skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs vörugjald af gjaldskyldum vörum sem voru seldar eða afhentar á tímabilinu. Þó skal ekki greiða vörugjald af vörum sem voru seldar án vörugjalds til skráðra aðila skv. 5. gr.
   Aðilar, sem skráðir eru skv. 5. gr., skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs vörugjald af þeim vörum sem þeir hafa keypt eða fengið tollafgreiddar á tímabilinu eða voru til staðar í birgðum í upphafi uppgjörstímabils en eru ekki til staðar í birgðum við lok uppgjörstímabils samkvæmt birgðabókhaldi. Þó skal hvorki greiða vörugjald af þeim vörum sem vörugjald hefur þegar verið greitt af né af vörum sem voru seldar án vörugjalds til annarra skráðra aðila skv. 5. gr.
   Gjaldskyldir aðilar skv. 2. og 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils skila vörugjaldsskýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður vegna vara sem greiða ber vörugjald af á uppgjörstímabilinu. Jafnframt skal tilgreina í skýrslunni sölu á gjaldskyldum vörum án vörugjalds til aðila sem eru skráðir skv. 5. gr. Skattstjóri skal áætla vörugjald af viðskiptum þeirra aðila sem ekki skila skýrslu innan tilskilins tíma, senda enga skýrslu eða ef skýrslu eða fylgigögnum er ábótavant. Skattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og gjaldskyldum aðila um áætlanir og leiðréttingar sem gerðar hafa verið.
6. Við 9. gr. (er verði 10. gr.). Í stað 1. málsl. 1. efnismgr. komi tveir nýir málsliðir er orðist svo: Heimilt er að kæra álagningu vörugjalds innan þrjátíu daga frá gjalddaga gjaldsins. Kæru skal beint til þess tollstjóra eða þess skattstjóra sem annaðist álagningu gjaldsins.
7. Við 10. gr. (er verði 11. gr.). Greinin orðist svo:
   10. gr. laganna, sem verður 12. gr., orðast svo:
   Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum um gjaldskyldu, álagningu, tilhögun bókhalds, eftirlit, viðurlög og aðra framkvæmd varðandi vörugjald skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði tollalaga og laga um virðisaukaskatt.
8. Á eftir 10. gr. komi ný grein (er verði 12. gr.), svohljóðandi:
   Í stað orðanna „3. gr.“ tvívegis í síðari málslið 1. mgr. 11. gr. laganna, er verður 13. gr. þeirra, kemur: viðauka I.
9. Við 11. gr. (er verði 13. gr.). Eftirfarandi breytingar verði á viðauka I:
   a. Eftirtalin tollskrárnúmer ásamt viðeigandi fjárhæð falli brott úr gjaldflokki A: 3302.1002, 3916.1001, 3916.2001, 3916.9001, 3917.2101, 3917.2201, 3917.2301, 3917.2901, 3917.3201, 3921.1101, 3921.1201, 3921.1902, 3921.9002, 4504.1005,

4504.9003, 4811.1000, 4823.9005, 6806.1009, 7019.3101, 7019.3901, 7019.9003, 7019.9009.

b. Fjárhæð gjalds (kr./kg) á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum í gjaldflokki A verði: 0901.1100: 28; 0901.1200: 28; 0901.2101: 35; 0901.2109: 35; 0901.2201: 35; 0901.2209: 35; 0901.9000: 35; 0902.1000: 35; 0902.2000: 35; 0902.3000: 35; 0902.4000: 35; 0903.0000: 35.

c. Eftirtalin tollskrárnúmer ásamt fjárhæð gjalds bætist við gjaldflokk A: 3302.1021 65, 3302.1030 65.

d. Eftirtalin tollskrárnúmer ásamt viðeigandi fjárhæð gjalds falli brott úr gjaldflokki B: 2208.9009, 3302.1021, 3302.1030.

e. Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr gjaldflokki C: 4407.2101, 4407.2201, 8539.4000, 9007.2100, 9405.9901, 9405.9909.

f. Eftirtalin tollskrárnúmer bætist við gjaldflokk C: 4003.0001, 7615.2000, 9007.2001.

g. Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr gjaldflokki D: 8476.1100, 8476.1900.

h. Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr gjaldflokki E: 8519.9100, 8520.3100.

10. Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgrein er orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. skal fyrsta uppgjörstímabil vörugjalds samkvæmt lögum þessum vera þrír mánuðir, júlí, ágúst og september 1996.

1091. Nefndarálit [366. mál]

um frv. til l. um náttúruvernd.

Frá minni hluta umhverfisnefndar.

1. Inngangur.

Frumvarpi til laga um náttúruvernd var vísað til umhverfisnefndar 11. mars 1996. Frumvarpið var sent til umsagnar og komu fram við það margar athugasemdir. Í nefndaráliti meiri hluta umhverfisnefndar er getið umsagnaraðila og þeirra sem komu á fund nefndarinnar. Af hálfu ýmissa umsagnaraðila og viðmælenda nefndarinnar kom fram það sjónarmið að rétt hefði verið að endurskoða efni laganna í heild í stað þess að taka einn kafla þeirra sérstaklega út úr, þ.e. stjórnunarþáttinn. Undir það sjónarmið tekur minni hluti nefndarinnar. Þar við bætist að mikið skortir á að fyrirliggjandi frumvarp fengi eðlilega umræðu og athugun í nefndinni. Þrátt fyrir nokkrar breytingartillögur af hálfu meiri hlutans úir og grúir af stórum og smáum atriðum sem breyta þyrfti í frumvarpinu til að það teldist frambærilegt. Þar fyrir utan er í frumvarpinu fjöldinn allur af úreltum ákvæðum sem lítið sem ekkert hefur verið fjallað um og óeðlilegt er að Alþingi fari nú að leggja blessun yfir í atkvæðagreiðslu.

Með vísan til framangreindra atriða er minni hluti nefndarinnar andvígur lögfestingu frumvarpsins og gerir tillögu um að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar með það að markmiði að heildstæð endurskoðun á lögum um náttúruvernd fari fram sem fyrst.

2. Núverandi náttúruverndarlöggjöf og atrennur til breytinga.

Gildandi lög um náttúruvernd eru frá árinu 1971 og hafa aðeins einu sinni verið gerðar á þeim teljandi breytingar, þ.e. í tengslum við stofnun umhverfisráðuneytis árið 1990. Það segir sig sjálft að löggjöf sem gilt hefur í aldarfjórðung þarfnast endurskoðunar, ekki síst þegar um er að ræða málaflokk eins og náttúruvernd þar sem mikið hefur verið að gerast á alþjóðavísu. Löggjöfin frá 1971 vísaði í ýmsum greinum fram á veg, ekki síst varðandi tengsl Náttúruverndarráðs við almannasamtök og vettvang áhugamanna. Það var stórt skref frá því að fulltrúar í Náttúruverndarráði væru tilnefndir af stofnunum, eins og gerðist samkvæmt lögum um náttúruvernd frá 1956, yfir í að láta náttúruverndarþing kjósa sex af sjö fulltrúum í ráðið. Þessi skipan hefur gefið góða raun og með henni tekist að virkja krafta áhugafólks sem lagt hefur á sig mikla og óeigingjarna vinnu í þágu ráðsins. Ákvæðin um friðlýsingar og verndun lands hafa líka gefist býsna vel og eru enn engin hindrun í vegi skynsamlegra ákvarðana.

Ýmsir aðrir þættir löggjafarinnar frá 1971 voru miður vel heppnaðir og jafnvel afturför frá eldri löggjöf. Á það sérstaklega við um almannarétt og ákvæði um efnistöku þar sem þröng eignarréttarsjónarmið setja svip sinn á löggjöfina. Þeim ákvæðum er hins vegar í engu breytt með tillögum meiri hlutans og ef eitthvað er stigin skref til baka, m.a. um rétt til aksturs utan vega.

Nokkrar atrennur hafa verið gerðar til að endurskoða lögin um náttúruvernd. Þannig lagði menntamálaráðherra á 107. löggjafarþingi 1984–85 fram frumvarp til nýrra laga sem fólu í sér nokkrar breytingar að tillögu þáverandi Náttúruverndarráðs. Á árinu 1991 skipaði Eiður Guðnason þáverandi umhverfisráðherra nefnd m.a. með fulltrúum tilnefndum af þingflokkum til að endurskoða lögin. Nefndin var komin vel á veg með verkefni sitt þegar Össur Skarphéðinsson, sem tók við af Eiði sumarið 1993, ákvað að leggja hana af og fól embættismönnum innan ráðuneytis að endurskoða lögin að hluta til. Komu þannig fram tvö frumvörp til breytinga á lögum um náttúruvernd á 117. og 118. löggjafarþingi en hvorugt þeirra varð útrætt. Meðal þess sem þeim var fundið til foráttu var að ekki væri um heildstæða endurskoðun laganna að ræða. Síðara frumvarpið (123. mál á 118. löggjafarþingi) var nokkuð breytt frá hinu fyrra, en einnig við það komu fram miklar athugasemdir, m.a. frá Náttúruverndarráði og Ferðafélagi Íslands.

3. Hvers vegna ekki heildarendurskoðun nú?

Frumvarpið sem nú liggur fyrir er sama annmarka háð og tvær fyrri atrennur að breytingum á lögunum, aðeins er tekið á takmörkuðum þáttum en aðrir látnir óhreyfðir, þar á meðal þeir sem mest eru úr takt við tímann og áður er getið. Í stað þess að flytja frumvarpið sem breytingartillögur við gildandi lög er flutt frumvarp til nýrra laga og mætti af því draga þá ályktun að um heildarendurskoðun væri að ræða. Þótt breytingar samkvæmt frumvarpinu varði stjórnunarþátt náttúruverndar eru þær engan veginn takmarkaðar við hann, en kylfa virðist ráða kasti um það hvar gripið er niður. Þetta er ekki aðeins órökrænt heldur býður upp á handahóf og ósamræmi sem gætir líka víða um málsmeðferð.

Í umsögn sinni um frumvarpið segir stjórn Ferðafélags Íslands m.a.:

„Telja verður að réttara hefði verið að semja nýtt og heildstætt frumvarp til náttúruverndarlaga þar sem tekið væri skipulega á öllum þeim þáttum, sem endurskoðunar þarfnast, heldur en breyta einungis vissum atriðum, einkum varðandi stjórnunarþáttinn, svo sem lagt er til í frumvarpi því, sem hér er til umræðu. Verður ekki betur séð en þetta

hefði hæglega mátt gera nú — og varði þá litlu þótt frumvarpsgerðin hefði af þeim sökum tafist um nokkra mánuði.“

Landvarðafélag Íslands segir m.a. í skriflegri umsögn til nefndarinnar:

„Í þriðja skiptið á jafnmörgum árum liggur fyrir Alþingi frumvarp til breytinga á náttúruverndarlögum. Þótt frumvarp það sem hér er fjallað um sé í ýmsum atriðum frábrugðið fyrri breytingartillögum er miður að sjá að það hefur erft marga galla þeirra. Landvarðafélagið hefur áður bent á að óskynsamlegt sé að taka stjórnunarþáttinn einan fyrir eins og hér er gert. Meginmarkmið náttúruverndarlaga hlýtur að vera náttúruvernd, sbr. 1. gr. laga nr. 47/1971, og samkvæmt því ætti stjórnunarþátturinn að fela í sér aðferðir til að ná fram þeim markmiðum. Það verður æ ljósara eftir því sem frumvörpin verða fleiri að náttúruverndarlögum verður ekki breytt með viðunandi hætti fyrr en lögin eru tekin til heildarendurskoðunar. Tilgangur laganna er ekki að fjalla um stofnanir og skipan þeirra heldur kveða á um vernd íslenskrar náttúru til handa núlifandi og komandi kynslóðum og aðeins í þeim tilgangi verður tilvist stofnananna réttlætt.

Umhverfisráðherra hefur fullyrt, eins og frumvarpið gerir reyndar að skyldu, að náttúruverndarlög verði endurskoðuð í heild sinni innan tveggja ára frá næstu áramótum. Ekki verður séð að breyting á stjórnunarþættinum sé í neinu svo brýn að hún geti ekki beðið þangað til að þeirri heildarúttekt er lokið. Er með því tryggt að ekki verði þrengt að þeim möguleikum sem opnir eru til breytinga, eins og hætt er við ef búið er að skipta verkefnum milli aðila og festa stjórnunarþætti í lögum. Hagræðið af því að breytingar þessar séu samstíga má telja augljóst.

Það er því, í ljósi þess sem að framan er sagt, tillaga okkar að breyting á náttúruverndarlögum bíði þess að heildarendurskoðun laganna sé lokið. Sú vinna hefst á allra næstu dögum, eins og kom fram í ræðu umhverfisráðherra við flutning frumvarpsins. Má nota þetta tækifæri til að koma því á framfæri að Landvarðafélag Íslands er boðið og búið að aðstoða við þá endurskoðun, með hverjum þeim hætti sem æskt gæti verið.“

Undir þessi sjónarmið stjórnar Ferðafélagsins og Landvarðafélagsins tekur minni hlutinn heils hugar.

Í umsögn frá stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga koma fram margar efnislegar athugasemdir við frumvarpið og er niðurstaða stjórnarinnar sú að „eindregið er lagst gegn samþykkt frumvarpsins“ og mælist stjórn sambandsins til að við frekari umfjöllun málsins verði tekið tillit til sjónarmiða sem hún setur fram um einstök atriði.

Þess ber að geta að við samningu frumvarpsins var í engu haft samráð eða leitað eftir sjónarmiðum þingflokka í stjórnarandstöðu heldur einvörðungu kvaddir til stjórnarþingmenn að undirbúa tillögur að endurskoðun laganna. Síðan hefur verið látið að því liggja af hálfu umhverfisráðherra að við frekari endurskoðun laganna vilji hann hafa annan hátt á. Það viðhorf hefði betur fyrr fram komið því að við undirbúning mála sem þessara er eðlilegt að laða fram sjónarmið sem flestra og leita síðan viðunandi niðurstöðu.

4. Málsmeðferð meiri hluta nefndarinnar.

Málsmeðferð af hálfu meiri hluta umhverfisnefndar bætir ekki úr því sem áfátt var við undirbúning frumvarpsins. Málið var tekið úr nefnd hálfunnið 7. maí sl. þvert ofan í óskir fulltrúa stjórnarandstöðunnar um efnislega yfirferð, sem var langt frá því að vera lokið. Aðeins hafði verið farið yfir 13 greinar frumvarpsins og umsagnir við þær en frumvarpið telur 41 gr. — Með þessari málsmeðferð meiri hlutans er allt annað uppi á teningnum en verið hefur í umhverfisnefnd það sem af er kjörtímabilinu. Þar hefur hingað

til verið leitað samstöðu um afgreiðslu oft flókinna stjórnarfrumvarpa og minni hlutinn lagt mikið til efnislegrar niðurstöðu og samhljóða breytinga á þeim málum.

5. Þörf á frekari endurskoðun stjórnkerfis í umhverfismálum.

Fulltrúar þeir sem skipa minni hluta nefndarinnar voru í hópi þeirra sem á sínum tíma hvöttu eindregið til stofnunar umhverfisráðuneytis. Alls 18 ár liðu frá því að fyrst komu fram tillögur um stofnun þess þar til ráðuneytið varð til. Ástæðan var römm andstaða af hálfu Sjálfstæðisflokksins, sem og innan ýmissa stofnana. Gætir þessa enn og kemur það með vissum hætti fram í fyrirliggjandi frumvarpi, þótt ekki varði það tilvist sjálfs ráðuneytisins.

Talsvert vantar á að framkvæmdar hafi verið æskilegar breytingar í Stjórnarráðinu og stofnunum þess með tilliti til nýrra viðhorfa í umhverfismálum. Þetta á ekki síst við um verndun náttúrulegra auðlinda lands og sjávar. Við stofnun umhverfisráðuneytisins árið 1990 var til bráðabirgða kveðið á um samstarf umhverfisráðuneytis og landbúnaðarráðuneytis að gróðurvernd, skógvernd og uppgræðslu. Tilskilið var að umhverfisráðherra skyldi í samráði við landbúnaðarráðuneyti beita sér fyrir endurskoðun á lögum um Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins. Þessi endurskoðun hefur enn ekki farið fram og lítið verið látið reyna á ákvæði náttúruverndarlaga um samstarf þessara ráðuneyta. Í stað þess að reynt sé að greiða úr flækjunni endurspeglar 18. gr. frumvarpsins óbreytta stöðu þessara mála.

Eðlilegt er að umhverfisráðuneytið fari með verndun og eftirlit gróðurríkis landsins, þar með talið skipulag landnota. Landbúnaðarráðuneytið fari hins vegar með það er varðar landbúnað sem atvinnuveg á grundvelli landnotaskipulags, þar á meðal landgræðslu á búnaðarsvæðum, svo og bændaskógrækt. Á sama hátt væri eðlilegt að greina á milli almennra hafrannsókna og mats á lífrænum auðlindum innan íslenskrar lögsögu annars vegar og hins vegar stjórnunar fiskveiða á grundvelli ákvörðunar um heildarveiði.

Til álita kemur að færa fleiri þætti undir umhverfisráðuneyti, t.d. þjóðminjavörslu.

6. Stjórnunarþáttur frumvarpsins.

Mikið vantar á að þær tillögur sem felast í frumvarpinu um svonefndan stjórnunarþátt náttúruverndar séu heildstæðar og í rökrænu samhengi. Þannig eru tengsl og verkaskipting milli Náttúruverndar ríkisins, náttúruverndarnefnda og stofnana í kjördæmum, svo og Náttúruverndarráðs, afar grautarleg og illa skilgreind. Tengslin við samtök áhugamanna um náttúruvernd eru veikt til muna frá því sem kveðið er á um í gildandi lögum.

Ekki er í frumvarpinu fjallað um rannsóknir í þágu náttúruverndar og æskileg tengsl Náttúruverndar ríkisins og náttúruverndarnefnda við rannsóknastofnanir. Ákvæði um fræðslu um náttúruvernd og um eftirlit eru um margt óljós og sundurlaus. Eftirfarandi kemur fram í umsögn fjármálaráðuneytis við frumvarpið: „Í ljósi stefnu umhverfisráðuneytis að heildarkostnaður við Náttúruvernd ríkisins eigi að rúmast innan fjárhagsramma Náttúruverndarráðs, sbr. umfjöllun í 1. og 2. lið umsagnarinnar, er það mat fjármálaráðuneytis að frumvarp þetta þurfi ekki að leiða til kostnaðarauka fyrir ríkissjóð, verði það óbreytt að lögum.“ Þannig felst ekki í frumvarpinu neitt fyrirheit um bætta fjárhagsstöðu fyrir það málasvið sem það tekur til. Nánar er vikið að einstökum þáttum frumvarpsins hér á eftir.

7. Hlutverk Náttúruverndar ríkisins.

Ekki er óeðlilegt að sett verði á fót stofnun á vegum ráðuneytisins til að vinna að náttúruverndar- og útivistarmálum í samvinnu við aðra aðila. Er það hliðstætt því sem gert hefur verið með Hollustuvernd ríkisins á sviði mengunarmála og margháttaðs eftirlits. Hins vegar virðist sem hér sé einvörðungu um formbreytingu að ræða þar sem hin nýja stofnun yfirtaki skrifstofu Náttúruverndarráðs og í stað ráðsins verði sett sérstök stjórn yfir „stofnunina".

Þrátt fyrir upptalningu í mörgum liðum á hlutverki stofnunarinnar skv. 5. gr. vantar mikið á að ljóst sé hvernig ráðgert sé að haga starfsemi hennar. Engin drög liggja fyrir að reglugerðum samkvæmt frumvarpinu, t.d. að því er varðar eftirlitshlutverk Náttúruverndar ríkisins. Er því verkefni vísað til væntanlegrar stjórnar sem er ætlað að semja drög að slíkri reglugerð sem ber að gefa út fyrir árslok 1996, verði frumvarpið að lögum. Minni hlutinn tekur eindregið undir gagnrýni um frumvarpið í umsögn fjármálaráðuneytis þar sem segir: „Ekki liggur fyrir starfs- og rekstraráætlun fyrir hina nýju stofnun þar sem fjallað er um deildarskipulag, fjölda starfsmanna o.s.frv. en að mati fjármálaráðuneytis hefði gerð slíkrar áætlunar verið nauðsynlegur þáttur í undirbúningi lagasetningarinnar." Eðlilegt hefði verið að úr þessu væri bætt af hálfu ráðuneytis gagnvart þingnefndinni en það var því miður ekki gert.

Þá er rétt að vekja athygli á umsögn Landverndar sem bendir á „að þáttur útivistar í upptalningu á hlutverki Náttúruverndar ríkisins virðist alveg fyrir borð borinn".

8. Á samgönguráðherra að stjórna náttúruvernd?

Ákvæði frumvarpsins um stjórn Náttúruverndar ríkisins eru með miklum endemum. Samkvæmt þeim og breytingartillögu meiri hlutans á fimm manna stjórn skipuð af umhverfisráðherra að hafa „undir yfirstjórn ráðherra æðsta vald í málefnum Náttúruverndar ríkisins". Umhverfisráðherra skipar þrjá stjórnarmenn án tilnefningar og í reynd einnig þann fjórða þótt sá eigi að formi til að tilnefnast af Náttúruverndarráði. Skv. 11. gr. tilnefnir umhverfisráðherra formann Náttúruverndarráðs, sem líklegt er að taki sæti í stjórn stofnunarinnar fyrir hönd ráðsins. Fimmti stjórnarmaðurinn er síðan tilnefndur af samgönguráðherra, „en undir hann heyra öll samgöngumál, m.a. öll vegagerð, auk ferðamála. Er því eðlilegt að hann tilnefni einn stjórnarmann stofnunarinnar", eins og segir í athugasemdum frumvarpsins við þetta sérkennilega ákvæði. Samkvæmt þessu fær samgönguráðherra, einn fagráðherra, sérstakan íhlutunarrétt um náttúruvernd með því að tilnefna fulltrúa sinn í stjórn Náttúruverndar ríkisins!

Um þetta segir m.a. í umsögn Landverndar: „Ekki verður séð að meiri ástæða sé til að samgönguráðherra skipi mann í stjórn Náttúruverndar ríkisins en t.d. landbúnaðarráðherra (landgræðsla og skógrækt og verndun slíkra svæða), menntamálaráðherra (verndun menningarminja) eða heilbrigðisráðherra (útivist, heilbrigði, forvarnir)."

Minni hlutinn tekur undir þessi sjónarmið og telur með öllu óeðlilegt að önnur ráðuneyti fái sérstaka aðstöðu öðrum fremur til íhlutunar um málefni ríkisstofnunar sem heyrir undir umhverfisráðuneytið. Tengsl sem vera þurfa innan stjórnarráðsins á sviði umhverfismála á að tryggja með öðrum hætti, þ.e. með sérstakri samstarfsnefnd ráðuneyta ef þurfa þykir.

Þá er rétt að benda á að skv. 11. gr. frumvarpsins er Ferðamálaráði ætlað að tilnefna fulltrúa í Náttúruverndarráð og verður sá fulltrúi væntanlega að jafnaði formaður eða varaformaður Ferðamálaráðs, báðir tilnefndir af samgönguráðherra, sem þannig er tvívaldaður gagnvart aðalstofnun umhverfisráðuneytisins um náttúruverndarmál.

Engar samræmdar reglur eða hefðir gilda um stjórnir stofnana Stjórnarráðsins. Sumar þeirra hafa enga stjórn heldur heyra millilíðalaust undir viðkomandi ráðuneyti. Sá háttur gæti vissulega komið til greina í þessu tilviki, enda yrði þá umhverfisráðuneytið sérstaklega styrkt að mannafla til að fagleg tengsl við Náttúruvernd ríkisins náist. Sá háttur er a.m.k. vænlegri en sá bastarður sem hér er lagt upp með.

Í umsögnum til nefndarinnar komu fram ýmis viðhorf til skipunar stjórnar. Náttúruverndarráð gerði að tillögu sinni að að ráðherra skipi „Náttúruvernd ríkisins þriggja manna framkvæmdastjórn úr hópi fulltrúa í Náttúruverndarráði". Ferðafélag Íslands tók í sama streng í umsögn um fyrri frumvörp. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga „leggst gegn því að stofnuninni verði komið á fót en verði það gert er óeðlilegt annað en sveitarfélögin eigi fulltrúa í stjórn hennar". Landvarðafélag Íslands telur að aðrir stjórnarmenn en formaður skipaður af ráðherra ættu „að vera tilnefndir af aðilum sem hafa þekkingu á sviði náttúruverndar og/eða á sviði umsjónar og reksturs náttúruverndarsvæða. Ekki verða séð nein haldbær rök fyrir því að samgönguráðherra skipi einn stjórnarmanna Náttúruverndar ríkisins". Náttúrufræðistofnun Íslands segir um tilnefningu samgönguráðherra: „Ekki verður séð hvers vegna þessum málaflokkum [samgöngumál og ferðamál] er gert hærra undir höfði að þessu leyti en t.d. sjávarútvegs-, iðnaðar, orku- eða landbúnaðarmálum, sem varða náttúruvernd miklu. Eðlilegra væri að mati stofnunarinnar að tryggja aðild starfsmanna Náttúruverndar ríkisins að stjórninni."

Þá var í nefndinni bent á þann hátt sem hafður er á skipan stjórnar Hollustuverndar ríkisins, en í henni eiga m.a. sæti tveir fulltrúar kosnir af Alþingi.

Fjölmargt er óljóst um verksvið stjórnar Náttúruverndar ríkisins, ekki síst það er snertir fagleg náttúruverndarmál. Samkvæmt breytingartillögum meiri hluta nefndarinnar skal stjórnin hafa „undir yfirstjórn ráðherra *æðsta vald í málefnum Náttúruverndar ríkisins*". Jafnframt er kveðið á um að „Náttúruverndarráð veitir Náttúruvernd ríkisins faglega ráðgjöf". Ráðherra á að setja „í reglugerð nánari fyrirmæli um hlutverk og starfsskyldur forstjóra og stjórnar, svo og um innra skipulag stofnunarinnar". Stjórnin á samkvæmt ákvæði til bráðabirgða að taka þegar í stað til starfa „og skal hún undirbúa starfsemi stofnunarinnar".

Allt ber hér að sama brunni. Yfirstjórn stofnunarinnar er illa fyrir komið samkvæmt tillögum meiri hlutans, verkaskipting óljós og til að kóróna vitleysuna er samgönguráðherra ætlað að vera hluti af „æðsta valdi í málefnum Náttúruverndar ríkisins".

Ákvæði 4. gr. um hæfniskröfur til forstjóra Náttúruverndar ríkisins segja lítið. „Hann skal hafa sérþekkingu sem nýtist honum í starfi", stendur þar. Þetta má augljóslega túlka á alla vegu, eins og dregið er fram í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands. Um það segir að forstjóri „þyrfti að hafa reynslu af stjórnunarstörfum og þekkingu á sviði náttúruverndarmála og náttúrufræða". Undir það sjónarmið tekur minni hluti nefndarinnar. Sama máli gegnir um breytingartillögu meiri hlutans um hæfniskröfur til þjóðgarðsvarða skv. 7. gr. Eðlilegt hefði verið að gera kröfu um að þjóðgarðsvörður hafi þekkingu á náttúruvernd og reynslu af rekstri náttúruverndarsvæða, eins og bent er á m.a. í umsögn frá Landvarðafélagi Íslands. Með öllu er óljóst hvað felst í orðinu „sérþekking" sem ásamt reynslu er sá mælikvarði sem samkvæmt tillögum meiri hlutans skal leggja á umsækjendur um starf þjóðgarðsvarðar.

9. Vanhugsað nefndakerfi.

Ákvæði frumvarpsins um náttúruverndarnefndir skv. 10. gr. eru í senn vanhugsuð, ekki líkleg til að skila miklu í þágu náttúruverndar og auk þess afar óljóst hvernig með skuli fara. Þetta er í engu samræmi við þá boðuðu stefnu umhverfisráðherra, sbr. athugasemdir með frumvarpinu, „að flytja ábyrgð á náttúruverndarmálum í auknum mæli heim í hérað".

Full ástæða hefði verið til að endurskoða ákvæði gildandi laga um hlut einstakra svæða og landshluta að náttúruverndarmálum, en hér eru þau ákvæði tekin upp að mestu óbreytt. Samkvæmt ákvæðum 10. gr. ber sveitarstjórn eða héraðsnefnd að kjósa þriggja til sjö manna náttúruverndarnefnd. Náttúruverndarnefndir eru nú aðeins sums staðar starfandi á vegum sveitarfélaga eða héraðsnefnda, en fyrir breytingu á sveitarstjórnarlögum árið 1986 voru þær kosnar af kaupstöðum og sýslunefndum. Víða hafa sveitarfélög falið umhverfisnefndum eða sérstökum ráðum umfjöllun um umhverfismál í víðu samhengi. Þau geta ekki fallið undir ákvæði 10. gr. og verður hvert sveitarfélag að gera upp við sig hvort það kýs sérstaka náttúruverndarnefnd á sínum vegum eða tekur þátt í slíkri nefnd á vegum viðkomandi héraðsnefndar. Slíkt kerfi getur hæglega litið út eins og gatasigti í svæðisbundnum skilningi. Þó er náttúruverndarnefndum ætlað að „stuðla að náttúruvernd hver á sínu svæði".

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga segir um þetta efni í umsögn til umhverfisnefndar:

„Brýnt er að efla áhuga og frumkvæði þeirra er næst vettvangi standa á náttúruvernd með því að færa þeim aukin völd og ábyrgð á málaflokknum. Eðlilegt væri að umhverfisráðuneytið og Alþingi hefðu forgöngu að valddreifingu með þeim hætti. Stefna frumvarpsins gengur í þveröfuga átt. Miðstýring umhverfisráðuneytisins er aukin og náttúruverndarnefndir sveitarfélaga og héraðsnefnda hafa einungis það hlutverk að stuðla að náttúruvernd með ábendingum og tillögugerð, sbr. 10. gr. frumvarpsins."

Að mati minni hlutans væri rétt að koma á samræmdri, svæðisbundinni skipan þessara mála og hafa þá m.a. hliðsjón af umdæmum náttúrustofa með ríkisaðild sem víða eru að hefja störf í kjördæmum landsins. Þeim er ætlað umtalsvert hlutverk til stuðnings náttúruvernd, sbr. lög nr. 60/1992, en þess sér lítinn stað í frumvarpinu. Vel kæmi til greina að ætla landshlutasamtökum sveitarfélaga að kjósa í náttúruverndarnefndir, hverju á sínu svæði, og tengja þær starfslega við náttúrustofurnar eftir því sem þeim fjölgar. Eðlilegt væri þá einnig að veita frjálsum náttúruverndarsamtökum sem starfa á kjördæmisgrundvelli aðild að slíkum náttúruverndarnefndum. Væri þannig bætt að nokkru úr þeim mikla ljóði á þessu frumvarpi sem felst í því að draga úr möguleikum áhugamannafélaga um náttúruvernd til að hafa áhrif á starfsemi hins opinbera kerfis. Með þessu væri ekki verið að tengja framangreindar svæðisbundnar náttúruverndarnefndir við þær nefndir sveitarstjórna sem fyrir eru og sinna umhverfismálum eða náttúruvernd í þrengri merkingu í viðkomandi sveitarfélagi. Sjálfsagt er að auðvelda sveitarstjórnum samstarf og íhlutun um náttúruverndarmál og gæti það m.a. gerst með árlegum fundi fulltrúa frá umhverfisnefndum sveitarfélaganna í viðkomandi landshluta eftir atvikum með fulltrúum ráðuneytis og/eða Náttúruverndar ríkisins.

Athygli vekur að stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga telur „fráleitt ákvæði um að fulltrúar náttúruverndarnefnda haldi a.m.k. einn sameiginlegan fund með Náttúruvernd ríkisins á hverju ári".

Í 9. gr. frumvarpsins er að finna heimild til handa Náttúruvernd ríkisins til „að fela náttúrustofum og náttúruverndarnefndum, sbr. 10. gr., að annast *almennt eftirlit* með náttúru landsins“. Ekki er ljóst af frumvarpinu hvað í slíku ákvæði felst en þó gert ráð fyrir samningum þar að lútandi sem ráðherra staðfestir. Svipuðu máli gegnir um „gjaldskrá [sem ráðherra setur] um kostnað vegna mannvirkjagerðar“ samkvæmt lokamálsgrein 9. gr. Eini staðurinn í frumvarpinu þar sem minnst er á mannvirkjagerð er í 23. gr., en ekki er til hennar vísað í þessu sambandi. Þannig eru mörg sértæk atriði í frumvarpinu óljós, en auðveldlega hefði mátt úr því bæta með eðlilegri yfirferð af hálfu nefndarinnar.

10. Náttúruverndarráð — samsetning og hlutverk.

Staða Náttúruverndarráðs og náttúruverndarþings er samkvæmt frumvarpinu gerbreytt frá því sem verið hefur. Þannig er að ráðinu búið starfslega og fjárhagslega að ekki verður séð að það geti sinnt margbrotnu hlutverki sem því þó er ætlað samkvæmt frumvarpinu.

Fulltrúum í Náttúruverndarráði er fjölgað úr sjö í níu. Hins vegar er þeim fulltrúum sem kjósa skal óbundið á náttúruverndarþingi fækkað úr sex í þrjá. Mikill meiri hluti fulltrúa í ráðinu yrði samkvæmt frumvarpinu skipaður af ráðherra, þar af fimm að fengnum tillögum frá jafnmörgum tilgreindum aðilum. Tveir þessara fulltrúa tengjast rannsóknastofnunum, þ.e. Náttúrufræðistofnun Íslands og Háskóla Íslands. Um hina eiga að gera tillögur Bændasamtök Íslands, Ferðamálaráð og skipulagsstjóri ríkisins. Síðastnefnda tilnefningin vekur m.a. athygli fyrir það að skipulagsstjóra er falið verkefni úrskurðaraðila samkvæmt lögum nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, en væntanlega mun Náttúruverndarráð iðulega vilja fjalla um slík efni. Þar með væri embætti skipulagsstjóra komið í óþægilega aðstöðu. Með þessari tilhögun er að nokkru horfið að þeirri skipan sem gilti um Náttúruverndarráð á tímabilinu 1956–71 og þótti þá gefast misjafnlega. Hins vegar er dregið stórlega úr möguleikum áhugamanna og frjálsra félagasamtaka til áhrifa innan ráðsins. Jafnframt minnka möguleikar landsbyggðarfólks til áhrifa á störf ráðsins. Þetta er ótvíræð öfugþróun, eins og víða gætir í frumvarpinu. Gengur sú stefna að draga úr samvinnu stjórnvalda við áhugasamtök um náttúruvernd þvert gegn því sem víðast hvar er á döfinni erlendis og áhersla er lögð á samkvæmt Ríó-ferlinu.

Í umsögn stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga segir m.a.: „Í 11. gr. er ákvæði um skipan Náttúruverndarráðs. Með tilliti til þess hlutverks sem sveitarfélögin hafa gegnt varðandi framkvæmd laga um náttúruvernd og frumkvæði þeirra og skyldur varðandi framkvæmd umhverfismála almennt er mjög sérkennilegt að þau skuli ekki eiga fulltrúa í Náttúruverndarráði.“

Í umsögn sinni til nefndarinnar gagnrýnir Landvarðafélag Íslands harðlega þá tilhögun sem frumvarpið felur í sér um skipan í ráðið og segir þar m.a.: „Að umhverfisráðherra skipi sex af níu ráðsmönnum verður að teljast í hæsta máta ólýðræðislegt. Auk þess verður ekki séð að neitt réttlæti það að Bændasamtök Íslands, ein þeirra samtaka sem sæti hafa átt á náttúruverndarþingi, skipi einn fulltrúa, frekar en Bandalag íslenskra skáta, Kvenfélagasamband Íslands eða t.d. Landvarðafélag Íslands. Með því fyrirkomulagi sem hingað til hefur verið hafa almenningi gegnum ýmis félagasamtök verið tryggð áhrif á stefnumótun í náttúruvernd. Þessi lýðræðislega leið er nú af tekin og er því mótmælt ... Ljóst er að frumvarpið einkennist af skorti á grundvallarstefnumótun þar sem hvorki er í raun tekið mið af upphaflegum tilgangi laganna né heldur er búið að móta nýja stefnu. Er í því ljósi enn hvatt til að lögunum verði breytt sem heild, eftir vel ígrundaða endurskoðun en ekki hálft verk látið nægja.“

Með stofnun Náttúruverndar ríkisins verða rofin þau tengsl sem Náttúruverndarráð hefur til þessa haft við framkvæmdarvaldið með rekstri skrifstofu á sínum vegum en hún færist nú undir stofnunina. Þó er Náttúruverndarráði ætlað að tilnefna einn fulltrúa í stjórn hennar og má búast við að það verði formaður ráðsins sem ráðherra hefur skipað án tilnefningar.

Verkefni Náttúruverndarráðs eru eftirtalin samkvæmt frumvarpinu og breytingartillögu meiri hlutans:

— „að veita Náttúruvernd ríkisins faglega ráðgjöf",
— „stuðla að almennri náttúruvernd",
— „fjalla um hvaðeina sem lýtur að náttúruvernd á Íslandi",
— „er umhverfisráðherra til ráðgjafar um náttúruverndarmál",
— „gera tillögur til ráðherra um friðlýsingar og aðrar verndaraðgerðir",
— „gera tillögur [til ráðherra] um svæði á náttúruminjaskrá",
— „fjalla um skrána áður en hún er gefin út",
— „gangast fyrir ráðstefnum og opinni umræðu um náttúruverndarmál",
— „taka í störfum sínum mið af þróun náttúruverndar á alþjóðavettvangi",
— „fer með vörslur [sic!] Friðlýsingarsjóðs og er jafnframt stjórn sjóðsins".

Þá kveða nýsett lög nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur, á um að Hollustuvernd ríkisins skuli leita umsagna Náttúruverndarráðs um umsóknir um leyfi til að sleppa og dreifa erfðabreyttum lífverum.

Þess utan verður örugglega reglubundið leitað umsagna Náttúruverndarráðs um frumvörp og tillögur sem flutt eru á Alþingi og tengjast umhverfisvernd.

Til að sinna þeim verkefnum sem að framan greinir um ráðgjöf, friðlýsingar og náttúruminjaskrá verður ráðið að geta sent fulltrúa sína í vettvangskannanir.

Jafnframt má búast við að náttúruverndarþing beini ýmsum erindum í formi ályktana til Náttúruverndarráðs ekki síður en til stjórnvalda, en fram til þessa hefur ráðið litið á samþykktir þingsins hverju sinni sem stefnuramma fyrir störf sín milli þinga.

Vart getur ráðið axlað þá lögbundnu kvöð að taka „í störfum sínum mið af þróun náttúruverndar á alþjóðavettvangi" án þess að því sé gert kleift að senda fulltrúa sína öðru hverju á mikilvægar ráðstefnur og fundi erlendis.

11. Hvernig á févana ráð að sinna hlutverki sínu?

Hér er því vissulega um mikið og víðfeðmt verkefni að ræða. Sá galli er hins vegar á gjöf Njarðar að samkvæmt greinargerð með frumvarpinu er árlegur heildarkostnaður við störf Náttúruverndarráðs metinn á 1,5–2 millj. kr., allt meðtalið! Ekki er gert ráð fyrir neinum starfsmanni á vegum ráðsins né fastri skrifstofuaðstöðu. Í umsögn fjármálaráðuneytis sem unnin hefur verið „í samráði við umhverfisráðuneytið" (bls. 22–24 í frumvarpinu) stendur m.a.:

„Hið nýja Náttúruverndarráð verður samkvæmt frumvarpinu skipað níu mönnum en hlutverk þess breytist og talið er að ráðið muni hittast mun sjaldnar, fundir verði styttri og ekki sé þörf á vinnu undirbúningsnefnda. Ætla má að kostnaður verði 1,5–2 millj. kr. og að þannig sparist um 1–1,5 millj. kr." Til frekari sparnaðar fyrir ríkissjóð reiknar fjármálaráðuneytið með að framlag sem renna á áfram til ráðsins af skilagjaldi einnota umbúða, sbr. síðari mgr. 11. gr. frumvarpsins, dragi sem því nemur úr kostnaði ríkissjóðs við ráðið, en það reyndist á árinu 1995 rúmlega 0,5 millj. kr. Helstu áhyggjur fjármálaráðuneytisins vegna Náttúruverndarráðs tengjast hugsanlegum rétti einhverra núverandi starfsmanna þess til biðlauna!

Ómögulegt reyndist þrátt fyrir ítrekaða beiðni umhverfisnefndar að fá áætlun um það hvað rekstur ráðsins mundi kosta miðað við lögboðin verkefni. Fulltrúar umhverfisráðuneytis, sem komu til viðtals við nefndina, vildu alls ekki áætla þann kostnað, töldu raunar að framangreind upphæð mundi fyllilega nægja, enda þyrfti ráðið ekki að hittast nema dagpart þrisvar til fjórum sinnum á ári, t.d. í fundarsal ráðuneytisins! Einn fulltrúi meiri hlutans taldi það „stórhættulegt“ fyrir málið að gengið yrði fast eftir greinargerð um þetta efni. Þrátt fyrir ítrekaðar óskir af hálfu nefndarinnar til Náttúruverndarráðs um slíka greinargerð barst hún ekki. Meiri hlutinn sá líka fyrir því að binda enda á umfjöllun um málið með því að taka það af dagskrá nefndarinnar 7. maí sl. Mikið var þannig lagt undir til að draga fjöður yfir þá staðreynd að bæði umhverfisráðuneyti og stjórnarliðar í nefndinni fylgja þeirri stefnu að kippa fótunum fjárhagslega undan Náttúruverndarráði á sama tíma og látið er líta svo út sem það hafi áfram hlutverki að gegna.

Í nefndaráliti meiri hlutans á þskj. 934 kemur fram að hann vill „benda á nauðsyn þess að Náttúruverndarráði verði séð fyrir starfsaðstöðu, en ekki þykja efni til að kveða sérstaklega á um það í lögum“.

Minna ber á að samkvæmt stjórnarfrumvarpi sem lá fyrir 118. löggjafarþingi en ekki varð útrætt var kveðið á um að Náttúruverndarráð hefði skrifstofu og réði framkvæmdastjóra til að veita henni forstöðu. Voru þó lögboðin verkefni ráðsins til muna minni samkvæmt því frumvarpi en hér er gert ráð fyrir.

12. Náttúruverndarþing, kostnaður og ákvörðun um seturétt.

Svipuð staða og hjá Náttúruverndarráði er uppi hvað fjárveitingu snertir vegna náttúruverndarþings. Um það segir í umsögn fjármálaráðuneytis: „Náttúruverndarþing skal haldið þriðja hvert ár samkvæmt núgildandi lögum en í frumvarpinu er lagt til að þau [sic!] verði haldin annað hvert ár. Á móti er *gert ráð fyrir að þingin verði styttri og umfangsminni* og er því ekki áætlaður kostnaðarauki af þessu fyrir ríkissjóð.“

Ýmsir umsagnaraðilar vöktu athygli nefndarinnar á því að óeðlilegt væri ákvæði frumvarpsins þess efnis að Náttúruverndarráð ákveði sjálft hverjir skuli eiga seturétt á náttúruverndarþingi sem ætlað er m.a. að kjósa þrjá fulltrúa í ráðið. Undir það var tekið af fulltrúum minni hlutans en því í engu skeytt af stjórnarmeirihluta í nefndinni.

Ljóst er að vægi náttúruverndarþings minnkar til muna með breytingum samkvæmt frumvarpinu og þar með þau lýðræðislegu tengsl sem reynt hefur verið að tryggja með þinghaldinu.

13. Af hverju er verið að endurlögfesta löngu úrelt ákvæði?

Samkvæmt frumvarpinu og tillögum meiri hluta nefndarinnar er lagt til að Alþingi staðfesti á ný í atkvæðagreiðslu ákvæði kafla gildandi náttúruverndarlaga sem ber yfirskriftina: „Aðgangur almennings að náttúru landsins, umgengni, framkvæmdir o.fl.“ Aðeins eru lagðar til fáeinar breytingar á greinum þessa kafla (14.–25. gr.) og í sumum tilfellum til hins verra frá ákvæðum gildandi laga. Hér er um mjög óeðlilega málsmeðferð að ræða sem gerð er nánari grein fyrir hér á eftir.

14. Áfram þrengt óhæfilega að almannarétti.

Í 14. gr. er að finna ákvæði sem varða för almennings um landið og dvöl þar, þ.e. svonefndan almannarétt. Þær reglur sem þar er að finna hafa verið gagnrýndar allar götur frá því að lögin voru sett fyrir aldarfjórðungi og nú sér meiri hlutinn ástæðu til þess að leggja blessun yfir þau á ný. Um þetta segir forseti Ferðafélags Íslands, Páll Sigurðsson, í umsögn til nefndarinnar, dags. 15. apríl 1996:

„Mjög er miður að í 14. gr. frumvarpsins skuli vera tekið upp óbreytt ákvæði 11. gr. núgildandi náttúruverndarlaga um svokallaðan „almannarétt". Í núverandi mynd sinni þrengir ákvæðið langt um of rétt almennings til eðlilegrar og skaðlausrar umferðar um fósturjörð okkar og er býnt að þar verði ráðin bót á. Í þessu sambandi skal sérstaklega vísað til meðfylgjandi greinargerðar um almannarétt." Minni hlutinn tekur undir þessi orð forseta Ferðafélagsins og sér ástæðu til að birta greinargerð hans sem fylgiskjal með þessu áliti.

Fleiri umsagnaraðilar gagnrýna ákvæði þessarar greinar í umsögnum til nefndarinnar, m.a. Hið íslenska náttúrufræðifélag, umhverfisnefnd Félags íslenskra náttúrufræðinga, Ferðamálaráð Íslands og Landvernd.

Í umsögn Landverndar segir m.a.: „Í ljósi breyttrar landnýtingar og aukinnar þarfar almennings fyrir rými til ýmiss konar útilífs telur Landvernd það aðkallandi að réttur almennings verði endurskoðaður og betur skilgreindur. Í því sambandi er bent á lesörkina *Almannaréttur og útilíf* sem Landvernd gaf út árið 1995 eftir ráðstefnu þar sem fjallað var um þetta efni."

15. Akstur utan vega heimilaður!

Í 16. gr. frumvarpsins er að finna breytingu á ákvæðum gildandi laga um akstur utan vega. Mætti því ætla að leitast væri við að styrkja lagaákvæði frá þeim sem gilt hafa um þetta efni, ekki síst í ljósi stórfellt aukinnar umferðar og hættu á náttúruspjöllum vegna aksturs utan vega. Niðurstaðan er hins vegar öll önnur samkvæmt frumvarpinu. Þar er í reynd verið að heimila utanvegaakstur sem meginreglu: „Að fenginni tillögu Náttúruverndar ríkisins setur umhverfisráðherra reglugerð um akstur utan vega . . . Þar sem hætta er á náttúruspjöllum er akstur utan vega og merktra slóða óheimill."!

Á þetta bendir m.a. Félag íslenskra náttúrufræðinga réttilega í umsögn til nefndarinnar: „Það á að vera regla en ekki undantekning að akstur utan vega sé óheimill, en ekki að slíkt sé eingöngu bannað á svæðum þar sem hætta er á náttúruspjöllum. Sérstaklega má tiltaka í hvaða undantekningatilvikum slíkt gæti verið heimilt."

Í svipaðan streng tekur Landvarðafélag Íslands í umsögn um greinina: „Lengi hefur verið þörf á að setja skýrari reglur um bann við óþarfa akstri utan vega, takmarkanir á umferð í óbyggðum og aðrar þær reglur er stuðla að því að ná fram markmiðum 1. mgr. 13. gr. laga nr. 47/1971. Eðlilegt og sjálfsagt er að slíkum reglum sé í öllum meginatriðum fundinn staður í náttúruverndarlögunum sjálfum í stað þess að umhverfisráðherra sé ætlað að setja þær í reglugerð, eins og ráð er fyrir gert í þessu frumvarpi. Mikilvægt er að ekki leiki vafi á því hvað felist í hugtökum eins og náttúruspjöllum, merktum slóðum, óþarfa akstri og öðrum þeim hugtökum er reynt hefur á í þessum málaflokki. Hér er um að ræða eina af mikilvægustu stoðum náttúruverndarlaganna, því að um landið sé gengið með varúð og því ekki að óþörfu spillt. Löggjafinn á að eyða öllum vafa um hver vilji hans er, hvernig tryggt verði að þessi markmið náist. Reglugerð á einungis að vera látin eftir einföldustu atriði er lúta að tæknilegri útfærslu og eru háð breytingum, svo sem upphæð sekta."

Undir þessar umsagnir tekur minni hlutinn um leið og minnt er á að einmitt óljós ákvæði gildandi laga um akstur utan vega hafa staðið í vegi þess að unnt væri að setja skýr ákvæði í reglugerð.

16. Lokun svæða „í óbyggðum".

Í 16. gr. er að finna það nýmæli að Náttúruvernd ríkisins geti „í verndarskyni tímabundið takmarkað umferð eða lokað svæðum í óbyggðum". Meiri hluti nefndarinnar flytur breytingartillögu við þetta ákvæði til að koma til móts við gagnrýni ferðaþjónustuaðila og er þar kveðið á um hvernig að slíkum ákvörðunum skuli staðið. Ekki er nema gott um þessi ákvæði að segja að öðru leyti en því að þörf getur verið á að takmarka umferð í verndarskyni víðar en „í óbyggðum" og ættu því ákvæði í lögum að vera víðtækari. Einnig er óljóst hvar telja skuli mörk byggða og óbyggða í þessu sambandi.

17. Ótrúleg ákvæði um sorp og rusl.

Það þarf hugmyndaflug til að leggja nú til við Alþingi að staðfesta óbreytt 25 ára gömul lagafyrirmæli um rusl og sorphirðu, eins og þau birtast í 16. gr. frumvarpsins. Í reynd eiga ákvæði um þessi efni heima í lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og vantar hér að lágmarkssamræmis sé gætt. Í frumvarpinu stendur m.a.: „Á víðavangi er bannað að fleygja frá sér eða skilja eftir rusl sem er til hættu eða óprýði ... Bannað er að safna rusli í hauga á almannafæri eða við alfaraleiðir." Spyrja má hvaða rusl sé til prýði og hvort halda eigi í lögum ákvæðum sem geri ráð fyrir að safna rusli „á hauga", þótt utan alfaraleiða sé. Það er alvörumál að láta Alþingi nú samþykkja ákvæði af þessu tagi og síst til þess fallið að bæta umgengni almennings.

18. Frumvarp um efnistöku fryst í nefnd.

Ávæði 21. og 22. gr. frumvarpsins um efnistöku og jarðrask eru ekki síður forneskjuleg en sumt af því sem getið er hér á undan. Þetta er viðurkennt af flestum og m.a. beitti umhverfisráðuneytið sér fyrir sérstakri ráðstefnu um efnisnámur 17. nóvember 1995. Var þar kynnt vinna sem fram hafði farið um þetta efni á vegum Náttúruverndarráðs, sbr. skýrslu ráðsins „Námur á Íslandi" (fjölrit nr. 27/1995). Þar er dregin fram hrikaleg staða þessara mála hérlendis og m.a. bent á að lagaákvæði sem koma eiga í veg fyrir jarðrask eru ekki nógu skýr og erfitt er að koma í veg fyrir efnistöku, jafnvel þótt af henni hljótist umhverfisspjöll. Til gagnaðgerða verði að grípa sem allra fyrst.

Á 119. löggjafarþingi kom fram þingmannafrumvarp um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 47/1971 sem sérstaklega er ætlað að ráða bót á ágöllum gildandi laga um efnistöku og jarðrask. Frumvarp þetta var lagt fram endurskoðað snemma á þessu þingi, 95. mál á þskj. 97, og vísað til umhverfisnefndar 8. nóvember 1995. Margar umsagnir bárust um frumvarpið, en það hefur ekki fengist rætt í nefndinni þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar að lútandi. Þess í stað eru nú endurflutt með stjórnarfrumvarpinu hin gömlu lagafyrirmæli óbreytt.

19. Ákvæði vantar um landslagsvernd.

Í umræddu þingmannafrumvarpi (95. mál 120. löggjafarþings) er m.a. gert ráð fyrir sérstökum kafla um landslagsvernd í breyttum lögum um náttúruvernd. Þar er gert ráð fyrir víðtækum almennum ákvæðum um landslagsvernd, sem feli í sér verndun tiltekinna landslagsgerða. Þar er m.a. gert ráð fyrir að gosmyndanir frá jarðsögulegum nútíma verði felldar undir slíka vernd, svo og sérstæðar jarðmyndanir frá síðasta jökul-

skeiði samkvæmt nánari reglum sem umhverfisráðherra setji. Stöðuvötn og tjarnir yfir ákveðinni stærð eru felldar undir hliðstæð ákvæði, svo og náttúrulegir vatnsfarvegir og votlendi yfir tiltekinni stærð. Með þessum ákvæðum á að tryggja að náttúrufari og landslagi verði ekki breytt hugsunarlítið heldur verði ákvarðanir um breytta landnotkun teknar að athuguðu máli af þar til bærum aðilum og lúti ákvæðum skipulagslaga og lögum um mat á umhverfisáhrifum eftir því sem þar er tiltekið.

Æskilegt hefði verið að umfjöllun hefði verið lokið innan umhverfisnefndar um þetta efni áður en hrapað var að afgreiðslu stjórnarfrumvarpsins úr nefndinni.

20. Á að heimila eftir á mannvirki sem reist voru í óleyfi?

Í 25. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um mannvirki á sjávarströnd, vatnsbökkum og árbökkum, óbreytt frá gildandi lögum. Þar segir m.a.:

„Ákvæði þessarar greinar eiga þó ekki við um þær byggingar eða þau mannvirki sem nauðsynleg eru vegna atvinnurekstrar, þar með talin íbúðarhús bænda, né þau sem reist eru með leyfi réttra yfirvalda á skipulögðum svæðum eða mannvirki *sem reist hafa verið fyrir samþykki þessara laga.*“ Hér er um að ræða árið 1971 þegar ákvæði þetta var lögfest.

Ekki er hér allt jafnsakleysislegt og sýnist. Í umsögn umhverfisnefndar Félags íslenskra náttúrufræðinga um þessa grein segir: „Benda verður á að niðurlag greinarinnar er mjög vafasamt, sérstaklega þar sem slíkt ákvæði er nú þegar að finna í gildandi lögum. Mannvirki, sem hafa verið reist án leyfis fyrir gildistöku þessara laga, ættu alls ekki að vera látin óátalin. Því getur ekki talist rétt að láta þetta ákvæði verða virkt við gildistöku nýrra laga.“

Um sama atriði segir Hið íslenska náttúrufræðifélag: „Óeðlilegt er að láta óleyfileg eða ólögleg mannvirki fá viðurkenningu og vernd fyrir þær einar sakir að þau hafi verið óleyfilega og leyfislaust reist fyrir samþykkt laga þessara.“

Afleiðingar þess að lögfesta nú á ný þessi ákvæði verða m.a. þær að mannvirki sem reist kunna að hafa verið í óleyfi og jafnvel með ólögmætum hætti á tímabilinu 1971–96 fengju blessun Alþingis eftir á.

21. Frumkvæði að friðlýsingum flutt til ráðherra.

Í þeim greinum frumvarpsins sem kveða á um friðlýsingar og skráningu náttúruminja (26.–33. gr.) hefur ýmsu verið breytt umfram það sem þörf er á vegna ákvæða frumvarpsins um breytingar á stjórnkerfi. Umhverfisráðherra er hér settur í stað Náttúruverndarráðs, sem leiðir til þess að hann er lögum samkvæmt gerður að frumkvöðli í friðlýsingarmálum. Á eftir fylgir grein eftir grein innskotið „að fengnum tillögum eða áliti Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruverndarráðs“. Þótt engan veginn beri að hafna frumkvæði ráðherra að einstökum friðlýsingaraðgerðum er hitt jafnhæpið að gera hann að megindriffjöður slíkra aðgerða. Slíkt getur fyrr en varir leitt til kapphlaups ráðherra um yfirborðslegar tillögur, eins konar merkimiða á landsvæði þar sem lítill undirbúningur kann að hafa farið fram eða akurinn er óplægður hjá heimafólki eða hagsmunaaðilum. Slíkt getur kallað fram andstöðu við friðlýsingaráform, sem unnt væri að yfirstíga með eðlilegri kynningu hugmynda á frumstigi.

Þetta sést m.a. vel ef lesin eru ákvæði 2. og 3. mgr. 33. gr. um framkvæmd friðlýsingar. Eðlilegt er að Náttúruvernd ríkisins hafi öðrum fremur það hlutverk að undirbúa friðlýsingu og að ráðherra komi sínum óskum og áherslum þar að lútandi á framfæri við stofnunina. Í flestum tilvikum er væntanlega um að ræða svæði sem þegar eru á náttúruminjaskrá.

Það er misskilningur sem fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu að Náttúruverndarráð geti upp á sitt eindæmi leitt friðlýsingu til lykta, sbr. það sem stendur á bls. 14 (6. lína að ofan): „Heimild til friðlýsingar flyst frá Náttúruverndarráði til umhverfisráðherra", svo og athugasemdir við 26. gr. þar sem stendur: „Samkvæmt gildandi lögum hefur Náttúruverndarráð þessa heimild [þ.e. til friðlýsingar]. Eðlilegt þykir að eftir stofnun ráðuneytis umhverfismála að umhverfisráðherra fari með heimildina." Í 32. gr. gildandi laga stendur skýrum stöfum: „Engar ákvarðanir Náttúruverndarráðs um friðun eða friðlýsingu koma til framkvæmda fyrr en umhverfisráðuneytið [áður menntamálaráðuneytið] hefur lagt á þær samþykki sitt."

Það er vissulega ekki trúverðugt að að lesa ranghermi af þessu tagi á mörgum stöðum í stjórnarfrumvarpi.

22. Nýtt hlutverk Náttúrufræðistofnunar, náttúrustofur gleymast.

Það er nýmæli og álitamál að ætla Náttúrufræðistofnun Íslands þann hlut að friðlýsingarmálum sem ráð er fyrir gert skv. 26.–29. gr. frumvarpsins. Náttúrufræðistofnun er lögum samkvæmt rannsókna- og vísindastofnun sem stundar undirstöðurannsóknir í dýrafræði, grasafræði og jarðfræði landsins og annast skipulega heimildasöfnun um náttúru Íslands. Sem slík hefur hún afar mikilvægu hlutverki að gegna, einnig við það verkefni að leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda og aðstoða *með rannsóknum* við mat á verndargildi vistkerfa og náttúruminja og áhrifum mannvirkjagerðar og annarrar landnotkunar á náttúruna, eins og fram kemur í 5. gr. laga nr. 60/1992.

Af þessu leiðir hins vegar ekki að stofnunin eigi að vera beinn þátttakandi í friðlýsingaraðgerðum með sama hætti og Náttúruvernd ríkisins og eftir atvikum Náttúruverndarráð. Ekki er því hægt að fallast á þann rökstuðning sem fram kemur um þetta efni á bls. 14 í athugasemdum með frumvarpinu þar sem talað er um að hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands sé allt annað nú en var þegar lög um náttúruvernd voru samþykkt árið 1971 eftir breytingu á lögum um stofnunina árið 1992. Þó er hægt að taka undir að eðlilegt sé að Náttúrufræðistofnun komi að friðlýsingu náttúrumyndana skv. 26. gr. svipað og tillaga er gerð um í frumvarpinu, sem og um friðlýsingu lífvera, búsvæða þeirra og vistkerfa skv. 1. mgr. 27. gr. frumvarpsins. Hins vegar er tæpast eðlilegt að stofnuninni sé ætlaður beinn hlutur við friðlýsingu landsvæða, friðlanda og þjóðgarða, eins og gert er ráð fyrir skv. 28. og 29. gr. frumvarpsins. Sjálfsagt er hins vegar að vísa til Náttúrufræðistofnunar sem mikilvægs gagnabanka, rannsókna- og samráðsaðila við mat á verndargildi lands.

Þá vekur athygli að í engu er getið náttúrustofa með ríkisaðild í kjördæmum í sambandi við friðlýsingarkafla laganna og ætti þó að vera einboðið að ætla þeim þar hlut, sbr. 11. gr. laga nr. 60/1992 þar sem kveðið er á um það sem eitt af þremur meginhlutverkum náttúrustofa „að stuðla að æskilegri landnýtingu, náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál".

Rétt er að vekja athygli á athugasemdum umhverfisnefndar Félags íslenskra náttúrufræðinga og Náttúrufræðistofnunar Íslands við 28. gr. frumvarpsins með tilliti til jarðmyndana og jarðfræði sem forsendu fyrir friðlýsingu.

23. Á að stofna til þjóðgarða á landi sem ekki eru í ríkiseign?

Í 25. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði sem opnar fyrir þann möguleika að land í eigu annarra en ríkisins sé gert að þjóðgarði, „enda náist samkomulag þar að lútandi milli umhverfisráðherra og landeigenda“. Þótt rætt sé um að slík skipan heyrði til undantekninga er ekki að finna neinn skýran rökstuðning fyrir því í athugasemdum með frumvarpinu að hverfa beri frá gildandi reglu um að landsvæði þjóðgarða séu í ríkiseign. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga segir í umsögn sinni að eðlilegt sé að núverandi skipan um þjóðgarða á ríkislandi haldist óbreytt. Minni hlutinn vekur einnig athygli á að hægt er að ná hliðstæðri vernd og í þjóðgörðum með ákvæðum um friðlönd skv. 28. gr. og tekur undir ábendingar Landvarðafélags Íslands þar sem segir m.a.:

„Mikilvægt er að veikja ekki þá sterku friðlýsingu sem á er sett þegar landsvæði er gert að þjóðgarði en hætt er við að svo færi ef kvikað væri frá skilyrðinu um ríkiseign. Það felst í hugtakinu að landið sé í eign ríkis og þjóðar, skilgreiningin á ekki við í öðrum tilvikum. Aðrar leiðir eru til staðar ef land er áfram, að hluta til eða með öllu, í eigu einkaaðila eða lögpersóna. Má til dæmis nefna þá leið er farin var við friðlýsingu Mývatns/Laxár og fólst í því að friða með sérlögum.“

Víða erlendis er um annars konar friðlýsingu að ræða á svæðum sem liggja að þjóðgörðum og falla m.a. af eignaréttarlegum ástæðum ekki að þjóðgarðshugtakinu. Sums staðar erlendis þar sem undantekningar hafa verið gerðar, svipað og lagt er til í frumvarpinu, hefur það ekki þótt gefast vel. Dæmi um þetta er þjóðgarðurinn á Hardangervidda í Noregi, en hann er að hluta til á landi í einkaeign.

24. Stofnun fólkvanga og íhlutun Náttúruverndar ríkisins og ráðherra.

Í 30. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um stofnun og rekstur fólkvanga. Þótt þar sé að mestu fylgt ákvæðum 26. gr. gildandi laga virðist sem aukin sé íhlutun ráðuneytis (Náttúruverndar ríkisins og umhverfisráðherra) af stofnun fólkvanga frá því sem nú er. Telur minni hlutinn að æskilegt sé að athuga þessi atriði, en þau komu ekki til sérstakrar umræðu eða skoðunar í nefndinni fremur en margt annað í frumvarpinu.

25. Göngustígar og aðrar framkvæmdir vegna útivistar.

Í 31. gr. frumvarpsins er að finna nær óbreytt ákvæði 27. gr. gildandi laga um aðgerðir til stuðnings við útivist. Á þessi ákvæði hefur lítið reynt á gildistíma laganna, og er ástæðan vafalítið einkum vöntun á fjármagni. Í greininni er tilskilið samþykki landeigenda en hins vegar ekkert að finna um að umræddar framkvæmdir skuli lúta skipulagsákvæðum.

26. Náttúruminjaskrá ætti að endurskoða árlega.

Í 32. gr. er kveðið á um að umhverfisráðherra gefi út náttúruminjaskrá fjórða hvert ár. Ekki er skynsamlegt að binda í lög að svo langur tími líði á milli endurskoðunar skrárinnar, en ekkert hliðstætt ákvæði er í gildandi lögum. Inntaka náttúruminja á slíka skrá felur í sér ákveðna yfirlýsingu um verndargildi viðkomandi svæðis auk forkaupsréttar skv. 34. gr. gildandi laga (36. gr. frumvarpsins). Getur skráning jafnvel skipt sköpum fyrir verndun viðkomandi svæðis og ástæðulaust að reisa skorður við skráningu með umræddum tímamörkum.

27. Gjaldtaka fyrir aðgang að náttúruverndarsvæðum.

Í 35. gr. er að finna heimild til gjaldtöku fyrir *aðgang* að náttúruverndarsvæðum. Samkvæmt breytingartillögu meiri hluta nefndarinnar getur „rekstraraðili náttúruverndarsvæðis ... ákveðið gjald fyrir aðgang að svæðinu, ef spjöll hafa orðið af völdum ferðamanna eða hætta er á slíkum spjöllum“. Á að verja tekjum af þessu til „lagfæringar eða uppbyggingar svæðisins eða aðkomu að því“.

Nokkrir umsagnaraðilar lýsa sig andvíga aðgangseyri að náttúruverndarsvæðum, m.a. Ferðamálaráð Íslands, Félag íslenskra ferðaskrifstofa og stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Minni hlutinn er andvígur að lögfesta heimildir til slíkrar gjaldtöku fyrir aðgang að náttúruverndarsvæðum og telur fráleitt að rekstaraðili svæðis geti ákveðið slíkt upp á sitt eindæmi. Ekki er líklegt að slíkur aðgangseyrir nái þeim tilgangi að auðveldara sé að stjórna aðgangi að svæðinu, hvað þá að þar sé um teljandi tekjulind að ræða, m.a. vegna kostnaðar við innheimtu.

28. Breyting á lögum skv. 41. gr. ekki skoðuð af nefndinni.

Minni hlutinn vekur athygli á að í nefndinni var ekkert litið á ákvæði 41. gr. sem hefur að geyma breytingar á ýmsum lögum með tilliti til breyttrar stjórnsýslu samkvæmt frumvarpinu. Var í engu sinnt ábendingum minni hlutans um að vanda bæri yfirferð frumvarpsins, m.a. að því er þessi ákvæði snertir.

29. Ákvæði til bráðabirgða og undirbúningur náttúruverndarþings.

Rétt er að vekja athygli á 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða þess efnis að „Náttúruverndarráð það sem lætur af störfum við gildistöku laga þessara skal undirbúa þingið“. Þing þetta á að halda í janúar 1997 en lögin öðlast gildi 1. janúar 1997. Hætt er við að óvissa skapist um hlut Náttúruverndarráðs skv. 13. gr. frumvarpsins, þar eð nýtt Náttúruverndarráð verður ekki fullskipað fyrr en að loknum kosningum á náttúruverndarþingi.

30. Ríkisstjórnin og umhverfismálin.

Núverandi ríkisstjórn hefur ekki mótað sér neina heildstæða stefnu í umhverfismálum. Fimm línur í stefnuyfirlýsingu frá 23. apríl 1995 sem tengja má umhverfismálum segja lítið sem ekkert um stefnu stjórnarinnar í málaflokki sem víða um lönd er farið að líta á sem eitt meginviðfangsefni stjórnvalda og atvinnulífs. Ríkisstjórnin sem með völd fór á síðasta kjörtímabili setti fram stefnu sína í umhverfismálum, þótt athafnir fylgdu ekki orðum nema að litlu leyti. Sjálfstæðisflokkur hefur verið í forustu ríkisstjórna frá árinu 1991, en í hvorugri stjórninni leggur hann til umhverfisráðherrann. Framsóknarflokkurinn sem var í stjórnarandstöðu á síðasta kjörtímabili gagnrýndi þá ýmsar aðgerðir stjórnarinnar, m.a. fyrirhugað starfsleyfi álbræðslu á Keilisnesi og frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd. Þegar nú umhverfisráðherra er úr röðum Framsóknarmanna hefði mátt ætla að flokkurinn setti fram skýrar áherslur af sinni hálfu sem endurspegluðust í stjórnarstefnunni. Þessu er ekki að heilsa.

Þá gerðist það við myndun stjórnarinnar að umhverfisráðherra er jafnframt settur yfir landbúnaðarráðuneytið. Slík tilhögun verður í senn að teljast óeðlileg og óæskileg, óháð því hver gegnir slíku ráðherrastarfi. Umhverfisráðherra þarf á hverjum tíma að geta litið yfir sviðið óháður öðrum hagsmunatengslum í stjórnsýslunni. Verkefni hans er m.a. að eiga samstarf við önnur ráðuneyti til að stuðla að því að umhverfismálin séu samþætt stefnu annarra ráðuneyta.

31. Málaflokkur í fjársvelti.

Umhverfisráðuneyti var loks stofnað hérlendis árið 1990, allt að tveimur áratugum síðar en í öðrum löndum Vestur-Evrópu. Verkefni ráðuneytisins féllu í byrjun til við tilfærslu málaflokka frá einum sex ráðuneytum og síðan hafa bæst við fleiri málasvið, auk nýrra þátta sem enginn hafði sinnt innan stjórnarráðsins. Þessi síðbúna stofnun umhverfisráðuneytis hafði m.a. haft það í för með sér að langtum minna fé en skyldi hafði verið lagt til umhverfismála hér á landi.

Þótt lítils háttar raunaukning hafi orðið á framlögum á fjárlögum til umræddra málaflokka á árabilinu 1990–96 vantar afar mikið á að brugðist hafi verið við lágmarksþörf á þessu sviði. Afleiðingin er sífellt meiri uppsafnaður vandi í nær öllum málaflokkum sem undir ráðuneytið falla að ekki sé talað um sókn til sjálfbærrar þróunar. Dæmi um þetta eru mörg og ófögur. Það á við um flest það sem varðar ferðaþjónustu og umhverfisvernd. Á sama tíma og ferðaþjónusta vex hröðum skrefum sem atvinnugrein og byggir tilvist sína fyrst og fremst á aðdráttarafli náttúru landsins er sáralitlu fjármagni varið til umhverfisbóta og skipulags á ferðamannastöðum. Annað dæmi er fræðsla um umhverfisvernd sem mætir afgangi vegna fjárskorts. Fátt er þó mikilvægara og betur fallið til forvarna en skipuleg fræðsla og leiðbeiningar á þessu sviði. Hollustuvernd ríkisins sem m.a. á að sjá um mengunarvarnir, margháttað eftirlit og aðlögun að alþjóðlegum kröfum og EES-fyrirmælum er þannig sett að um neyðarástand er að ræða. Að mati stofnunarinnar er að lágmarki þörf á að tvöfalda mannafla sem starfar hjá stofnuninni, þ.e. úr 33 í 63 stöðugildi. Náttúruvernd í viðfangi fyrirliggjandi frumvarps er ekki mikið betur á vegi stödd og engar úrbætur á fjárhagsstöðu felast í breytingum sem leiddu af lögfestingu þess.

32. Skipulagsmál hornreka í stað þess að njóta forgangs.

Góð skipulagslöggjöf og vinna á grundvelli hennar er mikilvæg forsenda fyrir árangursríku starfi að náttúruvernd og skynsamlegri landnotkun. Á þessu hefur verið alltof lítill skilningur hér á landi og á sviði skipulagsmála eru Íslendingar miklir eftirbátar grannþjóða.

Fyrir Alþingi hafa frá árinu 1990 að telja þrívegis legið stjórnarfrumvörp til nýrra skipulags- og byggingarlaga. Ráðherrar hafa á þessu tímabili ekki lagt áherslu á lögfestingu þessara frumvarpa og því hefur ekki verið lögð í þau teljandi vinna af hálfu umhverfisnefndar. Þetta er mjög bagalegt því að góð skipulagslöggjöf getur myndað grunn fyrir önnur svið eins og náttúruvernd og ráðstöfun og meðferð lands. Frumvarpi að skipulags- og byggingarlögum var vísað til umhverfisnefndar 31. janúar 1996. Hefði verið skynsamlegt af meiri hlutanum að leggja áherslu á vandaða vinnslu þess máls og lögfestingu á þessu þingi í stað flausturslegrar umfjöllunar um frumvarp til laga um náttúruvernd.

Í umsögn stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga til nefndarinnar er m.a. að finna eftirfarandi ábendingu: „Við samningu frumvarpsins virðist þess ekki hafa verið gætt að taka tillit til ákvæða skipulags- og byggingarlaga og laga um mat á umhverfisáhrifum.“

33. Lokaorð.

Eins og fram kemur í framansögðu fer því fjarri að vandað hafi verið til undirbúnings þessa frumvarps um náttúruvernd. Rökstuðningur með frumvarpinu er afar ófullnægjandi og engar viðhlítandi skýringar á því hvers vegna ekki var ráðist í heildstæða endurskoðun laganna. Úr þessum annmörkum hefði þó mátt bæta með vandaðri vinnu að frumvarpinu í þingnefnd. Til þess var hins vegar ekki gefið neitt ráðrúm og því er niðurstaðan jafn dapurleg og raun ber vitni og rakið hefur verið í þessu áliti. Ekki er boðlegt að ætla Alþingi að taka málið til efnislegrar afgreiðslu á grundvelli tillagna meiri hlutans. Því leggur minni hluti umhverfisnefndar til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** með tilmælum um að fram fari sem fyrst á vegum umhverfisráðuneytis heildstæð endurskoðun laga um náttúruvernd.

Alþingi, 20. maí 1996.

Hjörleifur Guttormsson, frsm.

Kristín Halldórsdóttir.

Fylgiskjal.

Páll Sigurðsson,
forseti Ferðafélags Íslands:

Almannaréttur og almannaferðir á miðhálendinu.

Meðan mannaferðir um miðhálendi Íslands tengdust einkum lífsbjörg og hefðbundnum búskaparháttum í okkar forna bændasamfélagi var ekki mikil hætta á "árekstrum" milli ólíkra hagsmuna af þeim sökum. Þó virðast menn snemma hafa leitt hugann að nauðsyn þess að lögbinda nokkra þætti ferðamennsku um landið, til verndar friði og samlyndi. Í fornlögum okkar, einkum Jónsbók, hinni gömlu lögbók frá 1281 (sem enn má jafnvel sjá ákvæði úr í nýjasta lagasafni) voru t.d. ákvæði um skaðlausa yfirferð ríðandi manna og um hæfilega áningarstaði þeirra, svo dæmi sé tekið, en jafnframt um skaplega för manna um skóglendi og heimild ferðamanna til að greiða þar götu sína með því að höggva hrískur úr vegi. Öll hætta á landspjöllum vegna mannaferða var þó fyrrum hverfandi hjá því, sem síðar hefur orðið.

Með allri þeirri umferð ferðamanna af ýmsu þjóðerni um hálendið, er við nú búum við, hljóta óhjákvæmilega að vakna spurningar um rétt þessa fólks til óheftrar umferðar um óbyggð landsvæði, sem hafa aðdráttarafl fyrir gangandi menn jafnt sem ríðandi, akandi eða jafnvel hjólandi: Hvernig verða menn að haga ferð sinni um landið, þannig að hvorki spillist gróður né klungur og ekki sé með ólögmætum hætti gengið á viðurkennd réttindi landeigenda eða annarra rétthafa að landi? Hvar má þreyttur göngumaður tjalda að kveldi? Hvar má knapinn æja hestum sínum? Er leyfilegt að renna fyrir silung í fjallavatni, þar sem sporðaköst gefa veiðivon? Hvar má fara yfir girðingar? Hverjir geta með réttu bannað fjölskyldu, sem ekið hefur upp úr byggð á fögrum síðsumardegi, að tína ber í skjólsælli laut?

Spurningar af þessu tagi, og ýmsar aðrar fjarskyldari, leita oft á samviskusaman og löghlýðinn ferðalang. Sannast sagna fer því oftast víðs fjarri að hann kunni skil á réttarstöðu sinni og óvissa í þessu efni kann að valda honum hugarangri. Að sjálfsögðu eru fæstir Íslendingar lögfróðir, en hinum ólögfróðu til huggunar skal það opinberað, að fæstir löglærðir menn geta státað sig af þeirri þekkingu á lagalegum álitaefnum, sem við geta blasað á óbyggðum uppi, að nægja myndi til að veita óyggjandi svör við öllum þessum áleitnu spurningum. En sú óvissa, sem þrúgað getur ferðamannin,

löglærðan jafnt sem ólögfróðan, leitar einnig með svipuðum hætti á þá menn, sem gera tilkall til eignarhalds eða afnotaréttar að öræfasvæðum. Þeim er einnig mikilvægt að vita rétt sinn.

Því verður ekki neitað með réttu, að talsverð réttaróvissa ríkir um margt það, sem að umferðarrétti almennings lýtur og þá jafnframt rétti manna til einfaldra landnota, sem hafa eðlileg tengsl við förina sjálfa - með öðrum orðum svonefndum *almannarétti*. Þó má finna ýmis ákvæði í lögum, á víð og dreif, sem lúta að almannaréttinum. Má þar sem dæmi nefna ákvæði í lögum um fuglaveiðar varðandi skotveiðar alemnnings á heiðum uppi og utan landareigna lögbýla eins og það er kallað, í lögum um lax- og silungsveiði um þess háttar veiðiskap í afréttarvötnum og í vatnalögum um ferðir manna um vötn og vatnsbakka (jafnframt ákvæðum náttúruverndarlaga um hið síðastnefnda). Öll þessi ákvæði eru þó sennilega almenningi miður kunn en skyldi og hið sama á bersýnilega einnig við um suma landeigendur. Varla er þess von að menn virði þau lög, sem þeir ekki þekkja - en vanþekking á þessum lögum sem sumum öðrum er þó hins vegar ekki ætíð afsakanleg hverjum sem er. Þau lagaákvæði, sem hér voru nefnd, eru einnig, sum hver, fremur óskýr og þess vegna örðugt að framfylgja þeim.

Almennur skilningur mun nú vera á því, að kostir manna og aðstaða til ferðalaga um byggðir landsins jafnt sem óbyggðir þess megi teljast til mikilsverðra lífsgæða, sem eigi verði án verið í nútímaþjóðfélagi þar sem sæmileg hagsæld ríkir og lífsreisn og lífsþokki almennings er með eðlilegum hætti. Óvissa um réttarstöðu ferðalangsins á hálendinu og möguleg ágreiningsefni, sem af henni geta risið, skerða hins vegar ferðagleði og ferðakjark manna og spilla þannig þeirri heilbrigðu lífsnautn, sem fylgja á góðum ferðum um land okkar.

Því miður bætir hið almenna ákvæði um umferðarrétt almennings í 11. gr. núgildandi náttúruverndarlaga ekki úr vandkvæðum í þessu efni. Það er bæði óljóst að orðalagi og efni þess að nokkru marki ósanngjarnt frá sjónarhóli hins "landlausa" ferðalangs, sem leitar á vit öræfanna. Þar segir, *að almenningi sé heimil för um landsvæði utan landareigna lögbýla, svo og dvöl á þessum svæðum í lögmætum tilgangi, en gangandi fólki sé því aðeins heimil för um eignarlönd manna, að þau séu óræktuð og ógirt og að dvöl manna þar hafi ekki í för með sér ónæði fyrir búpening né óhagræði fyrir rétthafa að landinu.*

Hér er um að ræða verulega takmörkun á umferðarrétti manna, einnig uppi á hálendinu, þangað sem landareignir lögbýla ná stundum eða þar sem ýmsir landeigendur í byggð telja sig a.m.k. oft hafa víðtækar eignarheimildir. Þar getur einnig verið um að ræða girt eignarlönd. Er óhjákvæmilegt að geta þess, að þessi takmörkun almannaréttarins er meiri skv. núgildandi náttúruverndarlögum en var eftir þeim lögum, sem áður giltu um sama efni, og var óviturlega staðið að þeirri lagabreytingu.

Þegar framfylgja skal ákvæðinu geta einnig ýmis vandkvæði komið til: Er almenningi ljós merking orðsins *lögbýli* í samanburði við annars konar býli? *Merki* jarða - einnig lögbýla - eru oft ærið óljós inn til fjalla og óbyggða. Máli skiptir skv. lögunum hvort land er *girt* eða *ógirt*. Sums staðar finnast girðingar langt frá byggð, en ekki er fullljóst hvaða skilyrðum mannvirki þarf að fullnægja til að geta kallast girðing í merkingu þessara laga. Hvað er t.d. um girðingar, sem ekki eru lengur fjárheldar? Orðalagið *ónæði fyrir búpening* og ekki síður *óhagræði fyrir rétthafa* er vitanlega bæði loðið og teygjanlegt og hver er þess umkominn að skera úr því við ýmsar aðstæður, hvað vera kunni *lögmætur tilgangur* dvalar eða ferðar um land? Er athæfi t.d. ætíð *lögmætt* ef það er ekki refsivert? Ákvæðið tekur einungis til *gangandi* manna en ekkert segir þar um *ríðandi menn* eða *akandi*. Hver er þá réttarstaða þeirra - er sleppir alkunnum reglum um bann við akstri utan vegslóða? Þarna er heldur ekki vikið að umferð *skotveiðimanna*, en um þá kunnað að einhverju leyti að gilda önnur lagaviðhorf en um "óvopnaða" ferðalanga.

Brýna nauðsyn ber til þess að hið fyrsta verði sett vönduð lagaákvæði um almannaréttinn, mun fyllri, skýrari og samstæðari en núgildandi ákvæði. Þau verður að sníða að þörfum tímans. Þau verða að fullnægja eðlilegum kröfum nútímamanna til skaðlausrar umferðar um land sitt - þ.á m. um hálendið, sem með réttu ætti að vera sameign allar þjóðarinnar. Setning nýrra og bættra laga af þessu tagi er sjálfsagður liður í sköpun heilbrigðrar ferðamálastefnu og um leið þáttur af nauðsynlegri náttúruvernd.

Athygli vekur, að í frumvarpi til nýrra náttúruverndarlaga, sem umhverfisráðherra lagði fyrir Alþingi nú fyrir skömmu og sem hann leggur áherslu á að verði að lögum nú í vor, er haldið í núgildandi ákvæði um almannaréttinn. Má það raunar furðu gegna í ljósi þeirrar umræðu og gagnrýni, sem árum saman hefur verið um fyrrnefnt meginákvæði íslensks réttar um almannarétt, en ekki er þó enn of

seint að breyta frumvarpinu að þessu leyti ef nægur vilji og skilningur ábyrgra stjórnmálamanna á nauðsyn þess er fyrir hendi.

Ég leyfi mér að gera að tillögu minni, að nýtt og endurskoðað ákvæði í náttúruverndarlögum um megindrætti almannaréttar hljóði sem hér segir:

"Gangandi mönnum er heimil för um óræktað land og áning þar í því skyni að njóta náttúrunnar enda hafi það ekki í för með sér umtalsvert óhagræði fyrir landeiganda eða aðra rétthafa að landinu. Hið sama gildir um heimild til að tjalda. Tjaldbúðum með þrem tjöldum eða fleiri verður þó eigi slegið upp í sjónmáli frá bústað landeiganda eða annars vörslumanns lands um lengri tíma en til einnar nætur nema að fengnu leyfi hans. Eitt eða tvö tjöld verða eigi höfð uppi við sambærilegar aðstæður lengur en til sjö nátta.

Við för um óræktuð lönd skulu menn eftir föngum virða hagsmuni landeigenda og annarra rétthafa að landi og m.a. fylgja leiðbeiningum þeirra og fyrirmælum, sem fá samræmst ákvæði 1. mgr. Þá skulu menn fylgja götum og stígum eftir því sem auðið er, hlífa gripheldum girðingum og fara um hlið á þeim eftir því sem frekast er kostur. Sérstök aðgát skal höfð í nánd við veiðistaði lax og silungs og varpstaði fugla og í öllu virt ákvæði laga um lax og silungsveiði og fuglavernd og fuglafriðun svo og um friðun skóglendis. Vopnaðir veiðimenn, sem um land fara áleiðis að veiðisvæði eða eru á heimiluðu veiðisvæði, skulu sýna sérstaka varkárni og tillitssemi við landeigendur eða aðra rétthafa að landi svo og við þá, sem um landið fara.

Nú er girt um götu þvera eða stíg og skal þá sá, er girðir, hafa þar hlið á girðingu eða göngustiga yfir girðingu í stað hliðs ef annars er ekki kostur.

För um ræktað land, utan gatna og stíga, og dvöl þar er háð samþykki eiganda eða vörslumanns lands nema þegar jörð er frosin að vetrarlagi og umferð gangandi manna því eigi skaðvænleg.

Á þeim landsvæðum, óræktuðum, sem eru eign íslenska ríkisins, er öllum gangandi mönnum heimil óskaðleg för og dvöl nema lög eða stjórnvaldsreglur, sem á þeim eru byggðar, mæli fyrir á annan veg. Höfð skal hliðsjón af þeirri meginreglu, er fram kemur í 2. mgr. þessarar greinar."

1092. Nefndarálit [437. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ara Edwald og Árna Kolbeinsson frá sjávarútvegsráðuneyti, Stefán Friðriksson frá Fiskistofu, Arthur Bogason og Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda, Kristján Ragnarsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Eirík Tómasson frá Útvegsmannafélagi Suðurnesja, Magnús Magnússon frá Útvegsmannafélagi Norðurlands, Sigurbjörn Svavarsson frá Útvegsmannafélagi Reykjavíkur, Guðrúnu Lárusdóttir frá Útvegsmannafélagi Hafnarfjarðar, Þorleif Pálsson frá Útvegsmannafélagi Vestfjarða, Magnús Kristinsson frá Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja, Svan Guðmundsson frá Útvegsmannafélagi Akraness, Halldóru B. Jónsdóttur og Sigurð Bjarnason frá Útvegsmannafélagi Hornafjarðar, Eirík Ólafsson frá Útvegsmannafélagi Austfjarða, Guðmund Smára Guðmundsson frá Útvegsmannafélagi Snæfellsness, Óskar Þór Karlsson og Kristján Guðmundsson frá Samtökum fiskvinnslu án útgerðar og Finn Sveinbjörnsson frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka. Þá fékk nefndin sendar umsagnir um málið frá bæjarráði Vesturbyggðar, Útvegsmannafélögum innan LÍÚ, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Þjóðhagsstofnun, Vélstjórafélagi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Landssambandi smábátamanna, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Fiskifélagi Íslands, Framleiðendafélagi íslenskra sjávarafurða, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Vinnumálasambandinu, Fiskmarkaði Suðurnesja, Íslandsmarkaði hf., Samtökum fiskvinnslustöðva, Jóni Ásbjörnssyni, Samtökum fiskvinnslustöðva og Samtökum fiskvinnslustöðva án útgerðar.

Það frumvarp sem hér um ræðir byggist á samkomulagi milli Landssambands smábátaeigenda og sjávarútvegsráðherra. Meiri hluti nefndarinnar leggur því áherslu á að ákvæði frumvarpsins verði lögfest á þessu þingi. Meiri hlutinn gengur út frá því að Landssamband smábátaeigenda sjái til þess að þeir sem gera út krókabáta standi við samkomulagið, enda er með þessu móti komið mjög til móts við smábátaeigendur. Þá vill meiri hlutinn taka skýrt fram að ekki verða gerðar frekari breytingar á þeim reglum sem gilda um sóknardaga eftir lögfestingu þessa frumvarps.

Við umfjöllun málsins bárust nefndinni óskir frá sjávarútvegsráðuneytinu um að gera breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, til viðbótar þeim sem frumvarpið mælir fyrir um. Tengjast þær svokallaðri „línutvöföldun" o.fl. en snerta á engan hátt þau ákvæði er varða krókabáta. Gerð er grein fyrir þessum breytingum á sérstöku þingskjali, en í þeim felst:

1. Lagt er til fellt verði brott úr lögunum ákvæði um að sjávarútvegsráðherra sé ekki heimilt að breyta úthlutuðum heildarþorskkvóta eftir 15. apríl. Þannig verði heimilt að gera slíkar breytingar út fiskveiðiárið.
2. Lagt er til að svokölluð línutvöföldunarregla í 6. mgr. 10. gr. laganna verði felld brott, en samkvæmt henni skal fiskur, sem veiðist í mánuðunum nóvember–febrúar, aðeins að hálfu talinn til aflamarks þangað til sameiginlegur línuafli af þroski og ýsu hefur náð 34.000 lestum miðað við óslægðan fisk. Tillögu um að fella brott úr lögunum 2. tölul. 3. mgr. 7. gr. leiðir af þessari breytingu. Til að koma til móts við þau skip sem stundað hafa þessar veiðar á síðustu þremur fiskveiðiárum er í tillögu að nýju ákvæði til bráðabirgða gert ráð fyrir að þeim verði reiknuð sérstök viðbót-

araflahlutdeild í hlutfalli við veiddan línuafla á þessum tímabilum sem nemur 60 af hundraði af þeim hluta aflans sem ekki taldist til aflamarks.

3. Lagt er til að ákvæði 1. gr., sem verður 2. gr., öðlist þegar gildi svo að eigendur þeirra báta sem þegar hafa verið dæmdir óbætandi vegna sjótjóns þurfi ekki að bíða fram til 1. september með endurnýjun.
4. Í 4. mgr. 12. gr. laganna er ákvæði um að veiði fiskiskip minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö ár í röð falli veiðileyfi þess og aflahlutdeild niður. Lagt er til að við málsgreinina verði bætt ákvæði um að þetta gildi ekki um skip sem tefjast frá veiðum í sex mánuði eða lengur innan fiskveiðiárs vegna tjóns eða meiri háttar bilana.
5. Frumvarpinu er ætlað að öðlast gildi í upphafi næsta fiskveiðiárs. Lagt er til að heimild ráðherra í sambandi við sjóstangaveiðimót, sbr. 2. efnismgr. 3. gr. frumvarpsins, öðlist þó þegar gildi.

Alþingi, 29. maí 1996.

Árni R. Árnason, frsm.	Stefán Guðmundsson.	Einar Oddur Kristjánsson.
Hjálmar Árnason.	Guðmundur Hallvarðsson.	Sighvatur Björgvinsson, með fyrirvara.

Hjálmar Jónsson.

1093. Breytingartillögur [437. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar (ÁRÁ, StG, EOK, HjÁ, GHall, SighB, HjálmJ).

1. Við bætist ný grein, er verði 1. gr., og orðist svo:
   Orðin „þó er óheimilt að breyta leyfðum heildarafla þorsks eftir 15. apríl“ í 3. málsl. 2. mgr. 3. gr. laganna falla brott.
2. Á eftir 3. gr., er verði 4. gr., komi þrjár nýjar greinar er orðist svo:
   a. (5. gr.)
      2. tölul. 3. mgr. 7. gr. laganna fellur brott.
   b. (6. gr.)
      Fyrri málsliður 6. mgr. 10. gr. laganna fellur brott.
   c. (7. gr.)
      Við 4. mgr. 12. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Tefjist skip frá veiðum í sex mánuði eða lengur innan fiskveiðiárs vegna tjóns eða meiri háttar bilana hefur afli þess fiskveiðiárs ekki áhrif til niðurfellingar aflahlutdeildar eða veiðileyfis samkvæmt þessari grein.
3. Við 4. gr. bætist: nema ákvæði 2. gr. sem öðlast þegar gildi.
4. Við ákvæði til bráðabirgða bætist nýr málsliður er orðist svo: Enn fremur skal heimild 2. mgr. 6. gr. a er varðar sjóstangaveiðimót þegar taka gildi.

5. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:
   Reikna skal sérstaka viðbótaraflahlutdeild til handa skipum sem stundað hafa línuveiðar á fiskveiðiárunum 1993/1994, 1994/1995 og 1995/1996 í mánuðunum nóvember, desember, janúar og febrúar þar sem afli var aðeins að hálfu talinn til aflamarks skv. 6. mgr. 10. gr. Skal samanlögð viðbótaraflahlutdeild þessara skipa vera jöfn hlutfallinu milli 30 af hundraði línuafla þeirra á þessum þremur árum í framangreindum mánuðum af þorski og ýsu og úthlutaðs heildaraflamarks af sömu tegundum á sömu árum að viðbættum samanlögðum hálfum línuafla í framangreindum mánuðum á sömu árum hins vegar. Skal aflahlutdeild allra skipa endurreiknuð að teknu tilliti til þessa.
   Viðbótaraflahlutdeild línuskipa af hvorri tegund skv. 1. mgr. skal skiptast milli þeirra í hlutfalli við þann afla af tegundinni sem ekki taldist til aflamarks vegna reglna um línutvöföldun á tveimur bestu af framangreindum þremur fiskveiðiárum.

1094. Nefndarálit [437. mál]

um frv. til l. breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Í frumvarpinu er í ýmsum atriðum komið til móts við þá gagnrýni sem höfð var uppi vorið 1995 þegar lagt var til atlögu við banndagakerfið og stækkun smábátaflotans. Það hefði betur verið gert fyrr því sú mikla aflaaukning sem orðið hefur hjá smábátum, og nú er reynt að bregðast við, stafar fyrst og fremst af fjölgun nýrra báta í kerfinu sem var í raun opið; báta sem róa með línu, jafnvel á vöktum; báta sem stundum eru kallaðir hraðfiskibátar. Sú fjölgun smábáta og auking á afla hefur ekki komið þeim stöðum sérstaklega til góða sem byggja að verulegu leyti allt sitt á smábátaútgerð. Þar var útgerð og verður vonandi áfram og þurfti ekki fjárfestingarævintýri síðustu ára til þess.

Þessir staðir munu hins vegar líða fyrir aðhaldsaðgerðirnar og niðurskurðinn sem látinn er ganga jafnt yfir alla. Segja má að það að halda kerfinu opnu á undanförnum árum og hvetja þannig til þeirrar þróunar sem orðið hefur bitni á þeim sem síst skyldi þegar að því kemur að blaðinu verður snúið við.

Breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem leiða til flutnings á veiðiheimildum geta bæði haft áhrif á búsetuþróunina í landinu og samsetningu fiskveiðiflotans. Sú þróun, sem orðið hefur varðandi fjölgun krókabáta og síaukna hlutdeild þeirra í heildarþorskaflanum, er lýsandi dæmi um þetta. Í ljós kemur að hlutdeild krókabáta í heildarþorskaflanum hefur aukist frá því að vera 5,6% almanaksárið 1991 í rúmlega 20% á síðasta almanaksári. Þetta gerist vegna þess stjórnkerfis sem smábátarnir hafa búið við. Hagsmunaárekstrar í sjávarútvegi verða auðvitað vegna þess að tekist er á um gríðarmikil verðmæti. Ef skoðuð eru verðmæti þeirrar aflahlutdeildar í þorski, sem smábátar hafa verið að fá með stoð í lögum og reglugerðum á undanförnum árum, auk þess að mega veiða aðrar tegundir frjálst, sést best hvílíkir hagsmunir eru á ferðinni. Ef miðað er við árið 1991 þegar aflahlutdeild krókabáta var 5,6% í þorski gæfi sú hlutdeild nú 8.600 tonn ef hlutdeildin hefði verið föst eins og aðrir hafa búið við, en ekki 21.500 tonn eins og miðað er við og stendur til að lögleiða krókabátum til handa, þ.e. aflahlutdeild upp á 13,9%.

Mismunurinn á því sem hlutdeildin árið 1991 hefði gefið í ár, ef smábátakerfið hefði ekki verið opið, og þeim 21.500 tonnum sem nú er miðað við er tæp 13 þúsund tonn. Ef verðgildi þessa afla er reiknað miðað við gangverð á varanlegum aflaheimildum í þorski, því hér er ríkisvaldið að úthluta varanlegum aflaheimildum, er hér um 6,5 milljarða kr. að ræða.

Nefndarmenn í sjávarútvegsnefnd og aðrir alþingismenn hljóta að spyrja sjálfa sig um réttmæti þess að afhenda, með hverri ákvörðun sem tekin er um breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða, einstaklingum eða fyrirtækjum mikil verðmæti í formi veiðiheimilda sem þeir síðan geta komið í verð strax næsta dag ef þeim býður svo við að horfa.

Ef litið er til einstakra ákvæða frumvarpsins er fyrst til þess að taka að þrátt fyrir mjög hertar endurnýjunarreglur frá sl. vori verður mönnum gert kleift að endurnýja báta sína án skerðingar verði þeir fyrir sjótjóni.

Ákveðið er að hafa áfram sóknarkerfi fyrir hluta flotans og er til bóta að róðrardagakerfi verði þá komið á án ákveðinna tímabila og menn geti sjálfir ráðið því hvenær þeir nýta róðrardaga sína. Þá er það jákvætt að aftur skuli vera hægt að velja um kerfi, hvort menn vilja vera á þorskaflahámarki eða kjósa róðrardaga, og þá ekki síður hitt að greint skuli á milli þess hvort þeir hyggjast stunda veiðar bæði með línu og handfærum eða einungis með handfærum. Þannig er viðurkenndur sá munur sem er á veiðigetu þessara veiðarfæra.

Eftir að lögunum var breytt sl. vor stóð valið á milli þorskaflahámarks og viðbótarbanndaga. Þá kom í ljós að mun fleiri völdu þorskaflahámarkið en búist var við. Nú má reikna með að enn fleiri kjósi það. Jafnvel þótt róðrardagakerfið batni og þeir sem veiða með handfærum geti eftir þessa lagabreytingu verið öruggari með sína stöðu er það augljóst að þorskaflahámarkshópurinn kemur afar vel út úr því sem hér er lagt til. Á grundvelli gildandi laga er þetta eini hópurinn sem fær úr Seljavallasjóðnum, þ.e. situr einn að 500 lestunum sem eru til ráðstöfunar hjá Byggðastofnun. Nú kemur inn ákvæði um að þeir megi selja frá sér hámarkið, þó aðeins innan hópsins, og að til þeirra megi flytja aflamark í þorski úr hinu kerfinu, þ.e. aflamarkskerfinu. Ef frumvarpið verður að lögum má flytja aflamark frá aflamarksbátum og togurum til krókabáta innan árs, en ekki í hina áttina. Þannig má segja að undirstrikuð sé sú áhersla sem fram kemur í samkomulagi ráðherra og Landssambands smábátaeigenda að ýta frekar undir það að æ stærri hluti þorskaflans verði veiddur af æ smærri bátum á sóknarmarki. Það er auðvitað ákveðin pólitík og væri æskilegt að hún væri studd betri efnahagslegum rökum en þegar hafa komið fram.

Stjórnkerfi veiðanna ræður fiskveiðiarðinum og því er mikilvægt fyrir Íslendinga sem nýta auðlindina sem undirstöðu velferðar og búsetu að vandað sé til verka þegar ákvarðað er hvaða stjórnkerfi er notað og að þær breytingar sem ráðist er í verði ekki til að rýra lífskjör þjóðarinnar. Við yfirferð nefndarinnar hefur ekkert nýtt komið fram sem styður þá stefnu sem fylgt er í frumvarpinu heldur sýnir reynslan þvert á móti að bátar á aflahámarki gera mun meiri verðmæti úr hverju þorsktonni sem þeim er úthlutað en þeir bátar sem eru á sóknarmarki. Sú spurning hlýtur því að vera áleitin af hverju ekki er brugðist við því og þeirri gagnrýni sem fram hefur komið á sókn krókabátanna með því að setja alla báta á aflahámark og mætti þá gjarnan skoða bann við framsali milli flokka ef vilji er til að viðhalda því útgerðarmunstri sem er nú við lýði.

Samkvæmt breytingartillögum meiri hlutans við frumvarpið er gert ráð fyrir að þær skorður, sem verið hafa við breytingum á leyfilegum heildarafla þorsks eftir 15. apríl, falli brott og er það skynsamleg tillaga.

Önnur breytingartillaga meiri hlutans, um afnám línutvöföldunar, er hins vegar gagnrýniverð. Með afnámi línutvöföldunar og úthlutun viðbótaraflahlutdeildar á grundvelli reynslu síðustu þriggja fiskveiðiára, þannig að auk þess aflamarks sem viðkomandi skip hefur fái það 60% af þeim afla sem það hefur veitt á grundvelli ákvæða um línutvöföldunar, sbr. 6. mgr. 10. gr. gildandi laga, er verið að auka hlutdeild viðkomandi skipa umtalsvert. Þannig má ætla að stór hópur skipa eða útgerða fái veiðiheimildir upp á tugi milljóna króna; veiðiheimildir sem þá fylgja engar kvaðir, hvorki um veiðitíma né veiðarfæri. Þeim skipum er sérstaklega umbunað sem gátu notfært sér ákvæði laganna um línutvöföldunina, og ekki með tonnatölu heldur með rausnarlegri úthlutun aflamarks sem þýðir sívaxandi þorskafla á næstu árum ef svo fer fram sem horfir.

Kílóið af varanlegum þorskkvóta er nú um 500 króna virði. Viðbótarhlutdeild sem gefur 50 tonn er því 25 millj. kr. virði á kvótamarkaðnum ef hlutdeildin sem þeir fá yrði seld daginn eftir.

Fyrsti minni hluti styður hvorki frumvarpið í heild né þær breytingartillögur sem meiri hlutinn ber fram en mun greiða einstökum greinum frumvarpsins sem teljast til bóta atkvæði.

Alþingi, 29. maí 1996.

Svanfríður Jónasdóttir.

Fylgiskjal.


Annar afli en þorskur í tonnum pr. sjómann eftir útgerðarformi.
250,00
200,00
150,00
100,00
50,00
0,00
Línubátur
Netabátur
Trollbátur
Frystitogari
Ísfisktogari
Krókabátur
Krókab./Aflah.
Tonn


Hlutfall aukaútflutningsverðmætis (án þorsks) af heildarverðmæti
Hlutfall:
90,00%
80,00%
70,00%
60,00%
50,00%
40,00%
30,00%
20,00%
10,00%
0,00%
Línubátur
Netabátur
Trollbátur
Frystitogari
Ísfisktogari
Krókabátur
Krókab./Aflah.

1095. Nefndarálit [436. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hinrik Greipsson frá Þróunarsjóði sjávarútvegsins. Þá fékk nefndin sendar umsagnir um málið frá Landssambandi smábátaeigenda og Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Frumvarpið er flutt í tengslum við frumvarp til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða sem nefndin hefur einnig lokið umfjöllun um.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 28. maí 1996.

Árni R. Árnason, frsm.	Stefán Guðmundsson.	Einar Oddur Kristjánsson.
Hjálmar Árnason.	Sighvatur Björgvinsson.	Guðmundur Hallvarðsson.
	Hjálmar Jónsson.	

1096. Nefndarálit [444. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Frumvarpið ber að skoða í samhengi við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, 445. mál. Þessi tvö stjórnarfrumvörp tengjast og hafa verið rædd saman í nefndinni.

Ríkisstjórnin setti nefnd á laggirnar til að móta tillögur vegna athugasemda Eftirlitsstofnunar EFTA við álagningu vörugjalds. Lagði nefndin til að fjármögnun yrði þannig háttað að virðisaukaskattur yrði hækkaður um hálft prósentustig. Ríkisstjórnin ákvað hins vegar að fara ekki þá fjármögnunarleið til að bæta ríkissjóði tekjutapið heldur leggja fram frumvarp þar sem gert er ráð fyrir að endurgreiðsla á virðisaukaskatti til byggjenda íbúðarhúsnæðis af vinnu manna á byggingarstað verði lækkuð í 60% af greiddum virðisaukaskatti. Í núgildandi lögum er kveðið á um að allur virðisaukaskattur sé endurgreiddur til húsbyggjenda.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar á að skila u.þ.b. 440 millj. kr. þannig að nokkurn veginn stenst á áætlað tekjutap ríkissjóðs vegna breytinga á vörugjaldi og tekjuaukning þar sem minnkaðar eru endurgreiðslur virðisaukaskatts. Minni hlutinn telur að hækkun á virðisaukaskatti sé óheppilegt úrræði til að mæta tekjutapi ríkissjóðs.

Sú aðferð, sem ríkisstjórnin leggur til í frumvarpinu, þ.e. að lækka endurgreiðslu á virðisaukaskatti til byggjenda íbúðarhúsnæðis, er fráleit. Þetta leiðir til þess að byrðar vegna lækkaðs vörugjalds eru lagðar á herðar einum þjóðfélagshópi, þ.e. húsbyggjendum, en það er langt í frá að þeir séu aflögufærir til að mæta aukinni skattlagningu.

Lækkun vörugjaldsins nær yfir marga vöruflokka þannig að það er ekki sami hópurinn sem nýtur lækkunar vörugjalds og sá sem greiðir fyrir það með minni endurgreiðslu. Þetta er því sérstök skattlagning á íbúðabyggjendur. Þetta gengur vitaskuld þvert á loforð ríkisstjórnarinnar fyrir síðustu kosningar, ekki hvað síst Framsóknarflokksins sem hafði uppi stór orð um að bæta hlut húsbyggjenda. Hér eru þvert á móti lagðir stórfelldir aukaskattar á þá einstaklinga.

Afleiðingar þess að lækka virðisaukaskattinn koma einnig fram í því að mikil hætta verður á undanskotum frá skatti og að svört atvinnustarfsemi muni aukast.

Minni hlutinn mun greiða atkvæði gegn fjármögnunarleið ríkisstjórnarinnar, þ.e. lækkun endurgreiðslu virðisaukaskatts til húsbyggjenda.

Slík íþyngjandi aðgerð gagnvart húsbyggjendum og hætta á skattsvikum í kjölfarið er fráleit aðferð og staðfestir enn á ný svikin kosningaloforð núverandi ríkisstjórnarflokka.

Að öðru leyti vísast til álits minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um breytingar á lögum um vörugjald, 445. mál.

Alþingi, 29. maí 1996.

Ágúst Einarsson, frsm. Steingrímur J. Sigfússon.

1097. Nefndarálit [445. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Inngangur.

Frumvarpið á sér þá forsögu að Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, gerði athugasemd við álagningu vörugjalds hér á landi. Stofnunin taldi að lög um vörugjald samræmdust ekki að öllu leyti ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Frumvarpið ásamt frumvarpi til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt er svar stjórnvalda hérlendis við kröfum ESA þannig að ekki verði um frekari athugasemdir að ræða af þeirra hálfu.

Frumvarpið felur í fyrsta lagi í sér breytingar á álagningu vörugjalds þannig að magngjald verði lagt á tiltekna vöruflokka í stað verðgjalds sem nú er lagt á. Í öðru lagi er vörugjald fellt niður af nokkrum vöruflokkum. Í þriðja lagi verður vörugjald samræmt og gjaldflokkum fækkað. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að frestur til greiðslu á vörugjaldi verði samræmdur bæði gagnvart innflutningi og innlendri framleiðslu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir tekjutapi ríkissjóðs sem nemur 450 millj. kr. og frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, 444. mál, fjallar um tekjuöflun í því sambandi.

Minni hluti nefndarinnar gerir alvarlegar athugasemdir við þessar fyrirætlanir stjórnvalda. Í fyrsta lagi er bent á að upptaka magngjalds í stað verðgjalds hefur þau áhrif að „hagstæð innkaup“ koma neytendum ekki eins til góða. Ýmsir umsagnaraðilar benda á að slík skattlagning leiði til hærra vöruverðs. Í öðru lagi hefði vafalítið mátt breyta vörugjaldinu minna en gert er í frumvarpinu til að uppfylla kröfur ESA. Ríkisstjórnin gengur lengra í að lækka og breyta vörugjaldi en nauðsynlegt hefði verið til að mæta kröf-

um ESA. Þegar athugasemdir ESA lágu fyrir í mars 1994 hófu stjórnvöld að undirbúa tillögur til lausnar þessu vandamáli. Ljóst er að það verður að afgreiða einhvers konar útfærslu á þessu máli nú á vorþingi til að komast hjá því að málið verði dómtekið af hálfu Eftirlitsstofnunarinnar.

Stórgölluð fjármögnunarleið.

Ríkisstjórnin setti nefnd á laggirnar til að móta tillögur um þetta efni, en nefndin var auk embættismanna skipuð fulltrúum helstu hagsmunaaðila. Meginniðurstaða þeirrar nefndar var að leggja til breytingar á vörugjaldinu í nokkuð annarri mynd en gert er í frumvarpinu og að fjármögnun yrði þannig háttað að virðisaukaskattur yrði hækkaður um hálft prósentustig.

Ríkisstjórnin ákvað hins vegar að fara ekki þessa fjármögnunarleið til að bæta ríkissjóði tekjutapið heldur leggja fram frumvarp um breytingu á virðisaukaskatti, 444. mál, þar sem gert er ráð fyrir að endurgreiðsla á virðisaukaskatti til byggjenda íbúðarhúsnæðis af vinnu manna á byggingarstað verði lækkuð í 60% af greiddum virðisaukaskatti. Í núgildandi lögum er kveðið á um að allur virðisaukaskattur sé endurgreiddur til húsbyggjenda.

Umsagnir.

Í umsögnum sem nefndinni hafa borist um málið leggjast hagsmunaaðilar eindregið gegn þessari útfærslu ríkisstjórnarinnar. Mikil andstaða kemur fram við fjármögnunarleiðina, þ.e. breytinguna á virðisaukaskatti, og bárust nefndinni harðorð mótmæli þess efnis, m.a. frá Vinnuveitendasambandinu, Alþýðusambandinu, Neytendasamtökunum, BSRB, Verslunarráði, Samtökum iðnaðarins og Búseta.

Í umsögn Félags íslenskra stórkaupmanna, en þau samtök kærðu álagningu vörugjalds upphaflega til Eftirlitsstofnunar EFTA, kemur fram andstaða þeirra við frumvörpin um vörugjald og virðisaukaskatt, m.a. vegna þess að samtökin telja þau ekki á neinn hátt koma til móts við athugasemdir ESA. Þau telja að frumvarpið um vörugjald gangi lengra en áður í að mismuna atvinnugreinum og að innlendir framleiðendur séu verndaðir fyrir eðlilegri samkeppni, enn fremur að margs konar ójöfnuður í álagningu vörugjalda milli innlendra og erlendra aðila muni verða afleiðing samþykktar þess.

Í umsögn samtakanna Íslenskrar verslunar, en að þeim samtökum standa Bílgreinasambandið, Kaupmannasamtök Íslands og Félag íslenskra stórkaupmanna, kemur fram andstaða við álagningu vörugjalds og telja þau að hún samræmist ekki alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að. Vinnuveitendasamband Íslands mælir gegn því að frumvörpin nái fram að ganga í óbreyttri mynd.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja leggst gegn þessum frumvörpum, m.a. vegna þess að samþykkt þeirra mundi hækka launakostnað við byggingu íbúðarhúsnæðis sem leiddi til meira en 3% hækkunar byggingarvísitölu. Hækkun byggingarvísitölu hefði í för með sér hækkun vísitölu neysluverðs og gerði íbúðarhúsnæði dýrara til lengri tíma. Jafnframt bendir BSRB á að skattsvik mundu líklega aukast þar sem lægra endurgreiðsluhlutfall hefði í för með sér að síður yrði unnið eftir reikningi við byggingu íbúðarhúsnæðis.

Í umsögn Alþýðusambandsins kemur einnig fram andstaða við þessi tvö frumvörp og er fullyrt að þau séu algerlega óásættanleg og í engu samræmi við athugasemdir sem ESA hefur gert. Miðstjórn Alþýðusambandsins telur einnig að lækkun á endurgreiðslu virðisaukaskatts muni leiða til stóraukinnar svartrar atvinnustarfsemi og skattsvika. ASÍ mælir gegn samþykkt frumvarpanna og sama gerir Bílgreinasambandið. Bílgreinasam-

bandið bendir hins vegar á að sérstaklega hefði þurft að kanna sérstaka lækkun á vörugjöldum á öryggisbúnað og varahluti og aðra hluti sem tengjast öryggisbúnaði og öryggi bifreiða. Þetta er mjög brýn og réttmæt ábending frá Bílgreinasambandinu, en hún er að engu höfð í frumvarpinu og í breytingartillögum meiri hlutans.

Neytendasamtökin leggjast gegn frumvörpunum og telja að margra þrepa vörugjald, eins og mælt er fyrir í frumvarpinu, kalli á mikið eftirlit, dýra innheimtu og aukinn kostnað. Verslunarráðið telur að frumvarpið feli ekki í sér fullnægjandi lausn á þeim vandamálum sem því er ætlað að leysa og mælir með að farið verði að tillögum starfshópsins, þ.e. að vörugjaldið verði lækkað enn frekar og gjaldtaka flutt yfir í virðisaukaskattskerfið.

Samtök iðnaðarins leggjast harkalega gegn frumvörpunum og vitna til starfshópsins sem vann að undirbúningi málsins, en eins og áður hefur komið fram er ekkert gert með tillögur hans. Þau telja algerlega óviðunandi að lækka endurgreiðslurnar en halda áfram að skattleggja byggingarefni sem munaðarvöru. Jafnframt benda samtökin á að slík skattheimta sé óþekkt í nágrannalöndunum og gera athugasemdir varðandi einstaka gjaldflokka. Samtök iðnaðarins vísa til þess að fyrir lá samkomulag milli hagsmunaaðila og fjármálaráðuneytis en síðan var kúvent frá þeim tillögum.

Breytingartillögur meiri hlutans við vörugjaldsfrumvarpið eru ekki efnismiklar. Þær eru flestar tæknilegs eðlis og varða m.a. samræmingu á uppgjörstíma og möguleikar smærri flutningafyrirtækja til að vinna innan kerfisins eru bættir.

Nefndin fékk á fund til sín fulltrúa hagsmunaaðila og ræddi frumvörpin í heild og breytingartillögur sem meiri hlutinn var þá með í undirbúningi. Hjá fulltrúunum kom fram fullkomin andstaða við þessi frumvörp. Þeir voru ekki ánægðir með útfærslu vörugjaldsins og lýstu hatrammri andstöðu við fjármögnunarleiðina.

Meginsjónarmið minni hlutans.

Minni hlutinn tekur undir sjónarmið hagsmunaaðila varðandi málið og bendir sérstaklega á eftirfarandi þætti:

1. Kanna þyrfti vandlega hvort ekki hefði mátt taka styttra skref í breytingu á vörugjaldi til að mæta kröfum Eftirlitsstofnunar EFTA.
2. Breytingum á vörugjaldsflokkum, sem lagðar eru til með frumvarpinu, er að mörgu leyti ábótavant og hefði betur verið stuðst við vinnu starfshópsins sem lagði fram skýrslu um málið.
3. Fjármögnun breytinga á vörugjaldi, þ.e. lækkun á endurgreiðslu virðisaukaskatts hjá íbúðarbyggjendum sem mælt er fyrir um í fylgifrumvarpi, er að mati minni hlutans meginástæða þess að leggjast ætti gegn þessum frumvörpum. Sú aðferð að láta húsbyggjendur greiða fyrir lækkun vörugjalds með þessum hætti eins og hér er lagt til er ótæk.
4. Þá kallar lækkun endurgreiðslu virðisaukaskatts á aukna svarta atvinnustarfsemi og undanskot frá skatti. Því er mikil hætta á að sú breyting skili ekki þeim fjármunum í ríkissjóð sem áætlað er. Minni hlutinn telur ófært að Alþingi afgreiði lög sem talið er líklegt að auki undanskot frá skatti.
5. Íhuga hefði átt í útfærslu á vörugjaldi að lækka vörugjald á öryggistækjum í bifreiðar og koma þannig til móts við þá þróun sem orðið hefur alls staðar í heiminum að álögum hefur verið létt af þessum mikilvægu þáttum, enda sparast á móti margvíslegur kostnaður innan heilbrigðisþjónustunnar.

Þegar þessar röksemdir eru skoðaðar í heild er það niðurstaða minni hlutans að leggjast skuli gegn þessum frumvörpum. Minni hlutinn gerir sér hins vegar ljóst að afgreiða þarf málið gagnvart Eftirlitsstofnun EFTA.

Í nefndarstarfinu var ekki hlustað á ábendingar minni hlutans um aðrar fjármögnunarleiðir en þær sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Ekki var heldur tekið tillit til athugasemda minni hlutans og umsagnaraðila um aðra uppbyggingu á vöruflokkum né var athugað hvort hægt væri að hafa umfang þessara aðgerða minna en raun ber vitni.

Vitaskuld gat ríkisstjórnin séð fyrir tekjulækkun við breytingar á vörugjaldi þegar við afgreiðslu síðustu fjárlaga, en þá lá fjárhagslegt umfang málsins ljóst fyrir. Því er ámælisvert að ríkisstjórnin skuli á síðustu dögum þingsins knýja fram frumvarp um breytingar á lögum um vörugjald með vafasamri fjármögnunarleið sem íþyngir sérstaklega húsbyggjendum í landinu. Nær hefði verið að ríkisstjórnin hefði gert ráð fyrir auknum útgjöldum vegna fyrirhugaðrar breytingar á vörugjaldi strax í fjárlögum og þá hefði málið verið auðveldara viðfangs nú á vordögum.

Lokaorð.

Vinnubrögð ríkisstjórnarinnar og meiri hlutans í þessu máli eru ekki góð. Minni hlutinn mun því sitja hjá við afgreiðslu málsins, enda er það algerlega á ábyrgð ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 29. maí 1996.

Ágúst Einarsson, frsm. Steingrímur J. Sigfússon.

1098. Nefndarálit [189. mál]

um till. til þál. um breytingu á merkingum þilfarsfiskiskipa.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Pál Hjartarson frá Siglingamálastofnun ríkisins.

Nefndin fékk sendar umsagnir um tillöguna frá Siglingamálastofnun ríkisins, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Slysavarnafélagi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Landhelgisgæslu Íslands, Vélstjórafélagi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

Eftir skoðun nefndarinnar á tillögunni og ábendingar leggur nefndin til að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að breyta reglugerð nr. 493/1986, um merkingu skipa, þannig að krafa verði gerð um að þilfarsfiskiskip séu merkt með kallmerki skipsins til viðbótar öðrum merkingum sem gerð er krafa um í sömu reglugerð. Við útfærslu slíks ákvæðis og gildissvið skal tekið mið af alþjóðlegum tilmælum um merkingar fiskiskipa.

Kristín Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 29. maí 1996.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Kristján Pálsson.
Egill Jónsson.	Stefán Guðmundsson.	Árni Johnsen.
Ásta R. Jóhannesdóttir.	Ragnar Arnalds.	Gísli S. Einarsson.

1099. Nefndarálit [89. mál]

um till. til þál. um notkun steinsteypu til slitlagsgerðar.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið á sinn fund Jón Rögnvaldsson aðstoðarvegamálastjóra.

Fram hefur komið að stofnkostnaður við notkun steinsteypu til slitlagsgerðar er hár og því hefur hingað til verið talið að slíkt svaraði ekki kostnaði nema þar sem umferð er mikil. Reynsla af notkun steinsteypu er hins vegar góð og hún talin nýtast vel sem undirlag.

Nefndin leggur til, með hliðsjón af umsögn iðnaðarnefndar og umsögnum um samhljóða tillögu frá 117. löggjafarþingi frá Vegagerð ríkisins, Malbikunarstöðinni Hlaðbæ-Colas hf., Sementsverksmiðjunni hf. og borgarverkfræðingnum í Reykjavík, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta kanna möguleika á aukinni notkun steinsteypu til slitlagsgerðar á vegum þar sem álagsumferð er mikil og við flugvallagerð. Könnunin nái til nýlagningar og endurnýjunar slitlags og verði lokið á árinu 1997.

Kristín Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 29. maí 1996.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Kristján Pálsson.
Stefán Guðmundsson.	Egill Jónsson.	Árni Johnsen.
Ásta R. Jóhannesdóttir.	Ragnar Arnalds.	Gísli S. Einarsson.

Fylgiskjal.

Umsögn iðnaðarnefndar.
(28. maí 1996.)

Tillaga þessi er efnislega samhljóða tillögu til þingsályktunar sem flutt var á 117. löggjafarþingi, 355. mál. Að beiðni samgöngunefndar sendi iðnaðarnefnd umsögn um þá tillögu 18. apríl 1994. Nefndin vill ítreka þessa umsögn og bæta við hana eftirfarandi atriðum:

1. Nefndin álítur að réttara sé að nota í tillögugreininni orðalagið „mikil umferð“ eða „umferðarþungi og álag er mikið“ sem viðmið fyrir notkun steinsteypu til slitlagsgerðar frekar en að miða við umferð 5 þúsund bíla á sólarhring eða meira. Er þessi tillaga reyndar til samræmis við síðari málslið tillögugreinarinnar.
2. Nefndin telur að það séu enn fremur rök með samþykkt þessarar tillögu, sem ekki koma nægjanlega skýrt fram í greinargerð með henni, að vegna aukinnar umferðar og sífellt vaxandi umferðarþunga mun viðhaldskostnaður malbikaðra vega og gatna trúlega stóraukast. Þá vantar nokkuð á að í greinargerð með tillögunni sé litið á málið frá sjónarhóli vegfarenda, en styttri ending malbiks í samanburði við steypu kemur óneitanlega niður á vegfarendum ef viðhaldi er ekki sinnt reglulega. Einnig má benda á að miklar og tíðar viðhaldsframkvæmdir á malbikuðum vegum og götum gera þessi mannvirki ónothæf í lengri eða skemmri tíma á meðan.
3. Nefndin vill vekja athygli á þeim möguleika að Sementsverksmiðjan hf., Vegagerð ríkisins og Samband íslenskra sveitarfélaga geri með sér tækniþróunarsamning sem hafi það að markmiði að auka hlutdeild steinsteypu í gatna-, vega- og flugvallagerð.
4. Að lokum vekur nefndin athygli á því að við gerð Vestfjarðaganga er ætlunin að nota malbik í stað steypu við gerð slitlags, jafnvel þótt steypan hafi verið boðin á sambærilegu verði.

Með hliðsjón af fyrri umsögn nefndarinnar og því sem hér hefur verið rakið er það enn afstaða nefndarinnar að rétt sé að mæla með samþykkt þingsályktunartillögunnar.

Fyrir hönd iðnaðarnefndar,

Stefán Guðmundsson, form.

1100. Svar [326. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðnýjar Guðbjörnsdóttur um sveigjanlegan vinnutíma í ráðuneytum og öðrum ríkisstofnunum.

Leitað var til ráðuneytanna og barst svar frá þeim öllum ásamt upplýsingum frá 105 stofnunum. Menntamálaráðuneytið gerði ekki ítarlega úttekt á tilhögun vinnutíma starfsfólks í öllum þeim stofnunum er því tilheyra. Þar eru kennarar á grunn- og framhaldsskólastigi fjölmennasti hópurinn. Undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið heyra á annað hundrað stofnanir og var heldur ekki gerð úttekt á tilhögun vinnutíma í þeim.

1. *Hvernig hefur verið staðið að því í ráðuneytum og öðrum ríkisstofnunum að gefa starfsfólki möguleika á sveigjanlegum vinnutíma sem geri því kleift að samrýma atvinnuþátttöku sína og fjölskylduábyrgð, sbr. Framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til þess að ná fram jafnrétti kynjanna frá 7. maí 1993, lið A.5?*

Í ráðuneytum er alla jafna sveigjanlegur vinnutími þar sem því verður við komið. Fjölmargir nýta sér þennan möguleika og er ávallt reynt að verða við óskum starfsfólks eins og hægt er. Reglan er að fólk skili umsömdum fjölda vinnustunda, nýti það heimild til sveigjanlegs vinnutíma.

Sama regla gildir í þeim ríkisstofnunum þar sem vinnuaðstæður leyfa. Vaktavinna, afgreiðsla á auglýstum tíma, hópvinna, kennsla og umönnun sjúkra og fatlaðra krefst yfirleitt mætingar á ákveðnum tíma. Að öðru leyti er komið til móts við óskir starfsmanna um sveigjanlegan vinnutíma.

2. *Hve margir starfsmenn hafa nýtt sér sveigjanlegan vinnutíma í einstökum ráðuneytum og ríkisstofnunum þar sem slíkt er í boði? Hvernig er skipting þessara starfsmanna eftir kynferði?*

Engin sérstök skráning er til um hve margir nýta sér þetta fyrirkomulag og í stöku tilvikum eru tímabundnar ástæður sem því valda. Konur eru í meiri hluta þeirra sem eru í hlutastarfi og nýta sér oftar sveigjanlegan vinnutíma. Ævinlega skilar starfsfólk umsömdum vinnustundafjölda.

3. *Hvaða áhrif hefur sveigjanlegur vinnutími á launagreiðslur, yfirvinnumöguleika og önnur kjaramál?*

Engin.

1101. Lög [372. mál]

um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

(Afgreidd frá Alþingi 29. maí.)

I. hluti.
Almenn ákvæði.
I. KAFLI
Gildissvið laganna.
1. gr.

Lög þessi taka til hvers manns sem er skipaður, settur eða ráðinn í þjónustu ríkisins til lengri tíma en eins mánaðar, án tillits til þess hvort og þá hvaða stéttarfélagi hann tilheyrir, enda verði starf hans talið aðalstarf.

Ákvæði II. hluta laganna taka þó einvörðungu til embættismanna, sbr. 22. gr., og ákvæði III. hluta einvörðungu til annarra starfsmanna ríkisins.

Ef ekki er annað tekið fram er með hugtakinu „starf“ átt við sérhvert starf í þjónustu ríkisins sem lögin ná til, en með hugtakinu „embætti“ er einungis átt við starf sem maður er skipaður til að gegna, sbr. 22. gr.

2. gr.

Lög þessi taka ekki til forseta Íslands, ráðherra eða alþingismanna. Lögin taka til hæstaréttardómara og héraðsdómara eftir því sem við getur átt.

Lögin taka ekki til eftirgreindra starfsmanna:

1. starfsmanna hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, jafnvel þótt þau séu að öllu leyti í eigu ríkisins,
2. starfsmanna stofnana sem að einhverju eða öllu leyti eru í eigu annarra en ríkisins, þar á meðal sjálfseignarstofnana, jafnvel þótt þær séu einvörðungu reknar fyrir framlög frá ríkinu.

3. gr.

Sérákvæði í lögum, sem öðruvísi mæla um réttindi og skyldur einstakra flokka starfsmanna, skulu haldast.

4. gr.

Nú verður ágreiningur um gildissvið laga þessara og sker fjármálaráðherra þá úr. Ef starfsmaður eða annar sá sem í hlut á vill ekki hlíta úrskurði ráðherra getur hann borið málið undir dómstóla.

II. KAFLI
Veiting starfs.
5. gr.

Það fer eftir ákvæðum laga hvaða stjórnvald veitir starf.

Séu ekki fyrirmæli um það í lögum skal sá ráðherra er stofnun lýtur skipa forstöðumann stofnunar og, eftir atvikum, aðra embættismenn er starfa við stofnunina, en forstöðumaður ræður í önnur störf hjá henni.

6. gr.

Almenn skilyrði til þess að fá skipun eða ráðningu í starf eru þessi:

1. Átján ára aldur. Þó má víkja frá þessu aldurslágmarki um störf samkvæmt námssamningi, ræstingastörf, sendilsstörf eða önnur svipuð störf. Einstök ákvæði í lögum, þar sem annað aldurstakmark er sett, skulu haldast.
2. Lögræði. Þó gildir lögræðiskrafan ekki þegar undanþága er gerð skv. 1. tölul.
3. Nauðsynleg heilbrigði, andleg og líkamleg, til þess að gegna þeim starfa sem hverju sinni er um að ræða.
4. Íslenskur ríkisborgararéttur. Þó má ráða ríkisborgara frá öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins til starfa með sömu kjörum og íslenska ríkisborgara. Einnig má víkja frá þessu ákvæði þegar um er að ræða aðra erlenda ríkisborgara ef sérstaklega stendur á.
5. Almenn menntun og þar að auki sú sérmenntun sem lögum samkvæmt er krafist eða eðli málsins samkvæmt verður að heimta til óaðfinnanlegrar rækslu starfans.
6. Fjárforræði, ef starfi fylgja fjárreiður, svo sem gjaldkera- eða innheimtustörf, eða ef svo er fyrir mælt í lögum eða sérstök ástæða þykir til að gera þá kröfu.

Nú hefur umsækjandi um starf hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, og telst hann þá ekki fullnægja starfsskilyrðum.

Konur og karlar hafa jafnan rétt til opinberra starfa og til sömu launa fyrir sambærileg störf.

7. gr.

Laust embætti skal auglýsa í Lögbirtingablaði og skal umsóknarfrestur ekki vera skemmri en tvær vikur frá útgáfudegi blaðsins. Þó er heimilt að skipa mann eða setja í embætti skv. 2. mgr. 23. gr. eða 24. gr. eða flytja hann til í embætti skv. 36. gr. án þess að embættið sé auglýst laust til umsóknar.

Önnur störf skulu auglýst opinberlega samkvæmt reglum sem settar skulu af fjármálaráðherra. Forstöðumanni stofnunar er heimilt að setja sérreglur um það hvernig auglýsa skuli störf hjá stofnuninni, enda sé það gert opinberlega og reglurnar hljóti staðfestingu fjármálaráðherra. Í reglum samkvæmt þessari málsgrein má mæla svo fyrir að störf þar sem ekki er krafist tiltekinnar sérmenntunar eða sérhæfingar þurfi ekki að auglýsa opinberlega.

Skylt er, sé þess óskað, að veita almenningi aðgang að upplýsingum um nöfn og starfsheiti umsækjenda þegar umsóknarfrestur er liðinn.

III. KAFLI
Réttindi.

8. gr.

Veita skal starfsmanni upplýsingar um skipunar- eða ráðningarkjör þegar hann er skipaður eða ráðinn til starfa. Fjármálaráðherra skal setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Hver sá er starf veitir getur sett starfsmanni erindisbréf, enda skal að jafnaði setja starfsmanni slík fyrirmæli ef hann óskar þess, hvort sem það varðar starf hans almennt eða einstaka grein þess eða greinar.

9. gr.

Starfsmenn eiga rétt á launum fyrir störf sín samkvæmt ákvörðun Kjaradóms eða kjaranefndar, sbr. 39. gr., eða samkvæmt kjarasamningum, sbr. 47. gr.

Forstöðumenn stofnana geta ákveðið að greiða einstökum starfsmönnum, öðrum en embættismönnum, laun til viðbótar grunnlaunum, sem samið er um skv. 1. mgr., vegna sérstakrar hæfni er nýtist í starfi eða sérstaks álags í starfi, svo og fyrir árangur í starfi. Þessum ákvörðunum má breyta hvenær sem er. Starfsmaður getur kosið að segja upp starfi sínu vegna slíkrar breytingar, enda skýri hann forstöðumanni frá því innan eins mánaðar frá því að breytingin var tilkynnt honum. Sé breytingin starfsmanni í óhag tekur hún ekki gildi fyrr en að liðnum uppsagnarfresti hans, sbr. 46. gr.

Ákvarðanir forstöðumanna skv. 2. mgr. skulu fara eftir reglum sem fjármálaráðherra setur þar sem meðal annars skal kveðið á um það að karlar og konur hafi sömu möguleika á að fá viðbótarlaun. Fjármálaráðherra hefur eftirlit með framkvæmd þessara reglna. Þar á meðal getur hann að eigin frumkvæði breytt ákvörðunum um viðbótarlaun ef þær brjóta í bága við reglurnar og afnumið heimild einstakra forstöðumanna til að ákvarða starfsmönnum viðbótarlaun ef rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunar er ekki í samræmi við fjárlög.

10. gr.

Föst laun skulu greidd eftir á fyrsta virkan dag hvers mánaðar. Með hugtakinu „föst laun“ er í þessum lögum átt við föst laun fyrir dagvinnu án viðbótarlauna skv. 2. mgr. 9. gr.

Nú tekur maður við starfi eftir fyrsta dag mánaðar, og fær hann þá laun í réttu hlutfalli við tölu þeirra daga sem eftir eru af þeim mánuði.

11. gr.

Starfsmenn skulu eiga rétt á orlofi eftir því sem fyrir er mælt í lögum og, eftir atvikum, ákveðið eða um samið með sama hætti og laun, sbr. 1. mgr. 9. gr.

Forstöðumaður stofnunar ákveður í samráði við starfsmenn hvenær þeir taki orlof.

Skylt er starfsmanni að taka orlof.

12. gr.

Starfsmenn skulu eiga rétt til launa í veikindaforföllum og fæðingarorlofi eftir því sem fyrir er mælt í lögum og, eftir atvikum, ákveðið eða um samið með sama hætti og laun, sbr. 1. mgr. 9. gr.

13. gr.

Starfsmenn eiga rétt á sveigjanlegum vinnutíma. Ber forstöðumanni stofnunar að verða við óskum starfsmanna þess efnis eftir því sem unnt er, sbr. 1. mgr. 17. gr., enda bitni slíkt ekki á þjónustu stofnunar við almenning.

Ef forstöðumaður hafnar beiðni starfsmanns skv. 1. mgr. er heimilt að bera þá ákvörðun undir hlutaðeigandi ráðherra.

IV. KAFLI
Skyldur.

14. gr.

Starfsmanni er skylt að rækja starf sitt með alúð og samviskusemi í hvívetna. Hann skal gæta kurteisi, lipurðar og réttsýni í starfi sínu. Hann skal forðast að hafast nokkuð það að í starfi sínu eða utan þess sem er honum til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á það starf eða starfsgrein er hann vinnur við.

Starfsmanni er skylt að veita þeim sem til hans leita nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar, þar á meðal að benda þeim á það, ef svo ber undir, hvert þeir skuli leita með erindi sín.

15. gr.

Skylt er starfsmanni að hlýða löglegum fyrirskipunum yfirmanna um starf sitt.

16. gr.

Starfsmenn skulu koma stundvíslega til starfa, hvort heldur er að morgni eða eftir hlé. Heimilt er að setja upp tímaskráningarkerfi til að fylgjast með því hvenær starfsmenn mæta til vinnu.

Starfsmanni, sem verið hefur frá starfi án gildra forfalla, er skylt að hlíta því að dregið sé af launum allt að tvöföldum þeim tíma sem hann var frá starfi.

17. gr.

Forstöðumaður ákveður vinnutíma þeirra starfsmanna sem starfa hjá stofnun að því marki sem lög og kjarasamningar leyfa.

Skylt er starfsmönnum að vinna yfirvinnu sem forstöðumaður telur nauðsynlega. Þó er engum starfsmanni, nema þeim er gegnir lögreglustörfum eða annarri öryggisþjónustu, skylt að vinna meiri yfirvinnu í viku hverri en nemur fimmtungi af lögmæltum vikulegum vinnutíma.

18. gr.

Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

19. gr.

Skylt er starfsmanni að hlíta breytingum á störfum sínum og verksviði frá því er hann tók við starfi. Starfsmaður getur kosið að segja upp starfi sínu vegna slíkra breytinga, enda skýri hann ráðherra eða forstöðumanni frá því innan eins mánaðar frá því að breytingarnar voru tilkynntar honum. Ef breytingarnar hafa í för með sér skert launakjör starfsmanns eða réttindi skal hann halda óbreyttum launakjörum og réttindum þann tíma sem eftir er af skipunartíma hans í embætti eða jafnlangan tíma og réttur hans til uppsagnarfrests er samkvæmt ráðningarsamningi, sbr. 46. gr.

20. gr.

Áður en starfsmaður hyggst, samhliða starfi sínu, taka við launuðu starfi í þjónustu annars aðila, ganga í stjórn atvinnufyrirtækis eða stofna til atvinnurekstrar ber honum að skýra því stjórnvaldi, er veitti starfið, frá því. Innan tveggja vikna skal starfsmanni skýrt

frá því ef áðurnefnd starfsemi telst ósamrýmanleg starfi hans og honum bannað að hafa hana með höndum. Bera má slíkt bann undir hlutaðeigandi ráðherra.

Rétt er að banna starfsmanni slíka starfsemi sem í 1. mgr. segir ef það er síðar leitt í ljós að hún megi ekki saman fara starfi hans í þjónustu ríkisins.

21. gr.

Ef starfsmaður hefur sýnt í starfi sínu óstundvísi eða aðra vanrækslu, óhlýðni við löglegt boð eða bann yfirmanns síns, vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi, hefur ekki náð fullnægjandi árangri í starfi, hefur verið ölvaður að starfi eða framkoma hans eða athafnir í því eða utan þess þykja að öðru leyti ósæmilegar, óhæfilegar eða ósamrýmanlegar starfinu skal forstöðumaður stofnunar veita honum skriflega áminningu. Áður skal þó gefa starfsmanni kost á að tala máli sínu ef það er unnt.

II. hluti.

Sérstök ákvæði um embættismenn.

V. KAFLI

Skipun eða setning í embætti.

22. gr.

Embættismenn teljast samkvæmt lögum þessum einvörðungu þeir starfsmenn ríkisins sem taldir eru upp hér á eftir:

1. Skrifstofustjóri Alþingis, ríkisendurskoðandi og umboðsmaður Alþingis.
2. Forsetaritari, ráðuneytisstjórar og skrifstofustjórar í Stjórnarráði, sendiherrar og sendifulltrúar í utanríkisþjónustunni.
3. Hæstaréttardómarar, hæstaréttarritari og héraðsdómarar.
4. Biskup Íslands, vígslubiskupar, prófastar og prestar þjóðkirkjunnar.
5. Ríkissaksóknari, vararíkissaksóknari og saksóknarar.
6. Ríkislögmaður, ríkissáttasemjari og umboðsmaður barna.
7. Sýslumenn, rannsóknarlögreglustjóri ríkisins, vararannsóknarlögreglustjóri ríkisins, ríkistollstjóri, lögreglustjórinn í Reykjavík og tollstjórinn í Reykjavík, lögreglumenn og tollverðir.
8. Fangelsismálastjóri og fangaverðir.
9. Forstöðumenn ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja, áður ótaldir.

Fjármálaráðherra sker úr því hvaða starfsmenn falla undir 9. tölul. þessarar greinar og skal hann fyrir 1. febrúar ár hvert birta lista í Lögbirtingablaði yfir þá starfsmenn.

23. gr.

Embættismenn skulu skipaðir tímabundið, til fimm ára í senn, nema annað sé tekið fram í lögum.

Ef maður hefur verið skipaður í embætti skv. 1. mgr. skal honum tilkynnt eigi síðar en sex mánuðum áður en skipunartími hans rennur út hvort embættið verði auglýst laust til umsóknar. Sé það ekki gert framlengist skipunartími hans í embætti sjálfkrafa um fimm ár, nema hann óski eftir að láta af störfum með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 37. gr.

24. gr.

Nú fellur maður frá sem skipaður hefur verið í embætti, eða er fjarverandi um lengri tíma vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, og getur þá það stjórnvald sem veitir embættið sett annan mann til að gegna því um stundarsakir, þó aldrei lengur en í eitt ár. Sá sem settur er í embætti nýtur réttinda og ber skyldur skv. VI. og VII. kafla eftir því sem við á.

25. gr.

Nú er maður skipaður eða settur í embætti og ber þá að líta svo á að hann skuli gegna því þar til eitthvert eftirgreindra atriða kemur til:

1. að hann brýtur af sér í starfinu svo að honum beri að víkja úr því;
2. að hann fullnægir ekki lengur skilyrðum 6. gr.;
3. að hann fær lausn samkvæmt eigin beiðni, sbr. 37. gr.;
4. að hann fær lausn vegna heilsubrests, sbr. 30. gr.;
5. að hann hefur náð hámarksaldri, sbr. 33. gr.;
6. að skipunartími hans skv. 23. gr. er runninn út, nema ákvæði 2. mgr. eigi við;
7. að setningartími hans skv. 24. gr. er runninn út;
8. að hann flyst í annað embætti, sbr. 36. gr.;
9. að embættið er lagt niður, sbr. 34. gr.

VI. KAFLI
Lausn frá embætti.

26. gr.

Stjórnvald er skipar í embætti veitir og lausn frá því um stundarsakir.

Rétt er að veita embættismanni lausn um stundarsakir ef hann hefur sýnt í starfi sínu óstundvísi eða aðra vanrækslu, óhlýðni við löglegt boð eða bann yfirmanns síns, vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi, hefur ekki náð fullnægjandi árangri í starfi, sbr. meðal annars 38. gr., hefur verið ölvaður að starfi eða framkoma hans eða athafnir í því eða utan þess þykja að öðru leyti ósæmilegar, óhæfilegar eða ósamrýmanlegar því embætti sem hann gegnir.

Nú hefur embættismaður fjárreiður eða bókhald með höndum og má þá veita honum lausn um stundarsakir ef ætla má eða víst þykir að óreiða sé á bókhaldi eða fjárreiðum, bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta eða hann leitar nauðasamninga. Sama er ef embættismaður er grunaður um háttsemi sem hefði í för með sér sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga.

Lausn um stundarsakir skal jafnan vera skrifleg með tilgreindum ástæðum. Ef embættismanni er veitt lausn um stundarsakir af ástæðum sem greindar eru í 2. mgr. er skylt að veita honum áminningu skv. 21. gr. og gefa honum færi á að bæta ráð sitt áður en honum er veitt lausn. Annars er ekki skylt að gefa honum kost á að tjá sig um ástæður lausnar áður en hún tekur gildi.

Ef embættismaður óskar skal rökstyðja ákvörðun um lausn um stundarsakir. Ef annað stjórnvald en ráðherra hefur tekið þá ákvörðun má bera hana undir hlutaðeigandi ráðherra.

27. gr.

Nú hefur embættismanni verið veitt lausn um stundarsakir fyrir meintar misfellur í starfi og skal mál hans þá þegar rannsakað af nefnd sérfróðra manna svo að upplýst verði hvort rétt er að veita honum lausn að fullu eða láta hann taka aftur við embætti sínu. Stjórnvaldi eða starfsmanni er þó ætíð heimilt að vísa máli til rannsóknar að hætti opinberra mála.

Í nefnd, sem rannsaka skal mál embættismanns skv. 1. mgr., skulu eiga sæti þrír menn, sérfróðir um stjórnsýslu. Fjármálaráðherra skipar nefndina, þar af formann hennar og varamann hans til fjögurra ára í senn. Aðrir nefndarmenn taka sæti í nefndinni í hvert sinn og skal annar þeirra tilnefndur af þeim ráðherra sem í hlut á en hinn af samtökum ríkisstarfsmanna sameiginlega. Ef samtökin koma sér ekki saman skal fjármálaráðherra skipa nefndarmanninn án tilnefningar. Nefndin skal láta í ljós rökstutt álit á því hvort rétt hafi verið að víkja embættismanni frá störfum um stundarsakir.

28. gr.

Meðan lausn um stundarsakir stendur nýtur embættismaður helmings af föstum launum sem embætti hans fylgja. Embættishúsnæði og jarðnæði, ef um er að ræða, heldur hann, enda komi þau fríðindi til reiknings samkvæmt mati í þeim launum er hann fær.

Nú tekur sá aftur við embætti sínu sem lausn hefur fengið um stundarsakir og skal þá líta svo á að hann hafi gegnt starfanum óslitið, þar á meðal skulu honum þá greidd þau laun er hann hefur verið sviptur skv. 1. mgr.

29. gr.

Embættismanni skal víkja úr embætti að fullu ef hann hefur verið sviptur með fullnaðardómi rétti til að gegna því embætti. Nú hefur starfsmaður verið sviptur þeim rétti með dómi í héraði, og skal þá í þeim dómi kveða á um hvort það ákvæði hans skuli þegar koma til framkvæmdar eða fresta því þar til ráðið verður hvort honum skuli skjóta til æðra dóms eða þar til úrlausn æðra dóms er fengin.

Embættismanni skal víkja úr embætti að fullu ef meiri hluti nefndar skv. 27. gr. kemst að þeirri niðurstöðu að rétt hafi verið að víkja honum frá störfum um stundarsakir nema þær ávirðingar, sem honum voru gefnar að sök, hafi ekki reynst vera fyrir hendi.

Embættismanni skal og víkja úr embætti að fullu, án fyrirvara, ef hann hefur játað að hafa gerst sekur um refsiverða háttsemi sem ætla má að hefði í för með sér sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga.

30. gr.

Ef embættismaður hefur verið frá störfum vegna sjúkdóma eða slysa samfellt í eitt ár eða sem svarar 1/18 af samfelldum starfstíma hans hjá ríkinu, ef sá tími er lengri en eitt ár, skal veita honum lausn frá störfum vegna heilsubrests. Þetta gildir þó ekki ef læknir vottar að líkur séu til fulls bata innan næstu þriggja mánaða, enda sé honum þá veitt lausn að liðnum þessum þremur mánuðum ef hann er enn óvinnufær.

Ef embættismaður veikist og læknir vottar að heilsu hans sé svo farið að ekki þyki gerlegt að láta hann starfa lengur er heimilt að veita honum lausn frá störfum vegna heilsubrests þegar launagreiðslum vegna veikinda lýkur, en þeirri ákvörðun má skjóta til hlutaðeigandi ráðherra.

Ef embættismaður er leystur frá störfum samkvæmt þessari grein skal hann halda óbreyttum launakjörum í þrjá mánuði. Sama regla gildir um greiðslu til maka látins embættismanns.

31. gr.

Stjórnvald er skipar mann í embætti veitir og lausn frá því, nema öðruvísi sé sérstaklega fyrir mælt í lögum. Lausn skal veita skriflega og jafnan greindar orsakir, svo sem vegna heilsubrests, tiltekinna ávirðinga o.s.frv. Í lausnarbréfi skal jafnan kveðið á um frá hvaða degi embættismaður skuli lausn taka og með hvaða kjörum, svo sem um eftirlaun, sé um þau að ræða, lífeyri, hvenær embættismaðurinn skuli sleppa íbúð, jarðnæði o.s.frv., eftir því sem við á.

Embættismanni, sem víkja skal úr embætti, skal veittur kostur á að tala máli sínu áður en ákvörðun er tekin, ef þess er kostur.

32. gr.

Rétt er þeim er vikið er úr embætti að bera málið undir úrlausn dómstóla.

Nú er embættismissir dæmdur óréttmætur og fer þá um bætur til aðila eftir úrskurði dómstóla, nema hlutaðeigendur hafi komið sér saman um annað. Þegar bætur eru metnar skal hafa til hliðsjónar ástæður embættismanns, svo sem aldur og atvinnumöguleika, svo og fram komnar málsbætur þess stjórnvalds sem leysti hann frá embætti.

33. gr.

Embættismanni skal veita lausn frá og með næstu mánaðamótum eftir að hann nær 70 ára aldri.

Sé maður orðinn 65 ára, þegar hann er skipaður tímabundið í embætti skv. 23. gr., skal skipunartími hans miðaður við að hann láti af störfum frá og með næstu mánaðamótum eftir að hann nær 70 ára að aldri.

34. gr.

Nú er embætti lagt niður og skal þá embættismaður jafnan halda óbreyttum launakjörum er embættinu fylgdu í sex mánuði frá því að hann lét af starfi, ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en 15 ár, en ella í tólf mánuði, enda hafi hann þá ekki hafnað öðru sambærilegu starfi, óháð því hvort það er á vegum ríkisins eða annars aðila.

Nú tekur maður, er launagreiðslna nýtur skv. 1. mgr., við starfi í þjónustu ríkisins eða annars aðila áður en liðinn er sex eða tólf mánaða tíminn, og skulu þá launagreiðslur samkvæmt þessari grein falla niður ef laun þau er nýja starfinu fylgja eru jöfn eða hærri en þau er hann naut í fyrra embætti. Ef launin í nýja starfinu eru lægri skal greiða honum launamismuninn til loka sex eða tólf mánaða tímabilsins.

35. gr.

Nú er maður, sem skipaður hefur verið tímabundið í embætti skv. 23. gr., ekki skipaður að nýju í embættið, og skal hann þá halda óbreyttum launakjörum er embættinu fylgdu í þrjá mánuði frá því að hann lét af starfi ef hann hefur gegnt embættinu skemur en 15 ár, en ella í sex mánuði, enda hafi hann þá ekki hafnað öðru sambærilegu starfi, óháð því hvort það er á vegum ríkisins eða annars aðila.

Nú tekur maður, er launagreiðslna nýtur skv. 1. mgr., við starfi í þjónustu ríkisins eða annars aðila áður en liðinn er þriggja eða sex mánaða tíminn, og skulu þá launagreiðslur samkvæmt þessari grein falla niður ef laun er nýja starfinu fylgja eru jöfn eða hærri en þau er hann naut í fyrra embætti. Ef launin í nýja starfinu eru lægri skal greiða honum launamismuninn til loka þriggja eða sex mánaða tímabilsins.

Á meðan maður nýtur launa skv. 1. mgr. er honum skylt að starfa áfram, sé þess óskað, og veita eftirmanni sínum aðstoð svo að sem minnst röskun verði á starfsemi þeirri sem hann hafði með höndum.

36. gr.

Stjórnvald, sem skipað hefur mann í embætti, getur flutt hann úr einu embætti í annað, enda heyri bæði embættin undir það. Enn fremur getur stjórnvald, sem skipað hefur mann í embætti, samþykkt að hann flytjist í annað embætti er lýtur öðru stjórnvaldi, enda óski það stjórnvald eftir því.

Flytjist maður í annað embætti skv. 1. mgr., sem er lægra launað en fyrra embættið, skal greiða honum launamismuninn þann tíma sem eftir er af skipunartíma hans í fyrra embættinu.

37. gr.

Nú vill embættismaður biðjast lausnar, og skal hann þá gera það skriflega og með þriggja mánaða fyrirvara, nema ófyrirsjáanleg atvik hafi gert hann ófæran um að gegna embættinu eða stjórnvald, sem lausn á að veita, samþykki skemmri frest.

Skylt er að veita lausn ef hennar er löglega beiðst. Þó er óskylt að veita lausn frá þeim tíma sem beiðst er ef svo margir leita lausnar samtímis eða um líkt leyti í sömu starfsgrein að til auðnar um starfrækslu þar mundi horfa ef beiðni hvers um sig væri veitt. Getur stjórnvald þá áskilið lengri uppsagnarfrest, allt að sex mánuðum, en á meðan heldur embættismaðurinn óbreyttum launakjörum og réttindum. Ákvörðun þessi skal tilkynnt embættismanni svo fljótt sem verða má og eigi síðar en þegar sex vikur eru eftir af upphaflegum uppsagnarfresti.

VII. KAFLI
Sérstakar skyldur.

38. gr.

Ráðherra setur sérhverjum forstöðumanni stofnunar erindisbréf þar sem tilgreind skulu helstu markmið í rekstri stofnunar og verkefni hennar, bæði til lengri og skemmri tíma litið.

Forstöðumaður ber ábyrgð á að stofnun, sem hann stýrir, starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf skv. 1. mgr. Forstöðumaður ber og ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunarinnar sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt. Ef útgjöld fara fram úr fjárlagaheimildum, verkefnum stofnunar er ekki sinnt sem skyldi eða þjónusta hennar telst óviðunandi getur ráðherra veitt forstöðumanni áminningu skv. 21. gr. eða veitt honum lausn frá embætti skv. VI. kafla ef hann hefur gerst sekur um ítrekaða eða stórfellda vanrækslu í starfi með þeim hætti sem að framan er lýst.

39. gr.

Laun og önnur launakjör embættismanna skulu ákveðin af Kjaradómi og kjaranefnd samkvæmt þeim lögum sem um þá úrskurðaraðila gilda. Þó skulu laun og önnur launakjör lögreglumanna, tollvarða og fangavarða fara eftir kjarasamningum sem stéttarfélög eða samtök þeirra gera við ríkið, sbr. 47. gr.

40. gr.

Embættismönnum er óheimilt að efna til eða taka þátt í verkfalli eða öðrum sambærilegum aðgerðum.

III. hluti.

Sérstök ákvæði um aðra starfsmenn ríkisins en embættismenn.

VIII. KAFLI

Ráðning í starf.

41. gr.

Starfsmenn ríkisins, aðrir en embættismenn, skulu ráðnir til starfa ótímabundið með gagnkvæmum uppsagnarfresti. Skal sá frestur vera þrír mánuðir að loknum reynslutíma, nema um annað sé samið í kjarasamningi.

Heimilt er að ráða starfsmann til starfa tímabundið og er unnt að taka fram í ráðningarsamningi að segja megi slíkum samningi upp af hálfu annars hvors aðila áður en ráðning fellur sjálfkrafa úr gildi við lok samningstíma. Tímabundin ráðning skal þó aldrei vara samfellt lengur en í tvö ár.

42. gr.

Gerður skal skriflegur ráðningarsamningur milli forstöðumanns stofnunar og starfsmanns þar sem meðal annars komi fram ráðningarkjör.

Fjármálaráðherra skal setja reglur um form ráðningarsamninga skv. 1. mgr.

IX. KAFLI

Starfslok.

43. gr.

Forstöðumaður stofnunar hefur rétt til að segja starfsmanni upp störfum eftir því sem fyrir er mælt í ráðningarsamningi. Ráðning starfsmanns, sem ráðinn er tímabundið skv. 2. mgr. 41. gr., fellur úr gildi við lok samningstíma án uppsagnar.

Starfsmanni skal þó jafnan segja upp störfum frá og með næstu mánaðamótum eftir að hann nær 70 ára aldri.

44. gr.

Skylt er að veita starfsmanni áminningu skv. 21. gr. og gefa honum færi á að bæta ráð sitt áður en honum er sagt upp störfum ef uppsögn á rætur að rekja til ástæðna sem þar eru greindar. Annars er ekki skylt að gefa starfsmanni kost á að tjá sig um ástæður uppsagnar áður en hún tekur gildi, þar á meðal ef uppsögn stafar af öðrum ástæðum, svo sem þeirri að verið sé að fækka starfsmönnum vegna hagræðingar í rekstri stofnunar.

Ef starfsmaður óskar skal rökstyðja uppsögn skriflega. Ef hún á rætur að rekja til ástæðna sem greindar eru í 21. gr. má bera hana undir hlutaðeigandi ráðherra.

45. gr.

Starfsmanni skal víkja úr starfi fyrirvaralaust ef hann hefur verið sviptur með fullnaðardómi rétti til að gegna því starfi. Nú hefur starfsmaður verið sviptur þeim rétti með dómi í héraði, og skal þá í þeim dómi kveða á um hvort það ákvæði hans skuli þegar koma til framkvæmdar eða fresta því þar til ráðið verður hvort honum skuli skjóta til æðra dóms eða þar til úrlausn æðra dóms er fengin.

Starfsmanni skal og víkja úr starfi fyrirvaralaust ef hann hefur játað að hafa gerst sekur um refsiverða háttsemi sem ætla má að hefði í för með sér sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga.

46. gr.

Starfsmaður hefur rétt til að segja upp störfum eftir því sem fyrir er mælt í ráðningarsamningi.

Þó er forstöðumanni stofnunar heimilt að lengja uppsagnarfrest í allt að sex mánuði ef svo margir leita lausnar samtímis eða um líkt leyti í sömu starfsgrein innan stofnunar að til auðnar um starfrækslu þar mundi horfa ef beiðni hvers um sig væri veitt. Á meðan heldur starfsmaðurinn óbreyttum launakjörum og réttindum, þar á meðal viðbótarlaunum skv. 2. mgr. 9. gr. Ákvörðun þessi skal tilkynnt starfsmanni svo fljótt sem verða má og eigi síðar en þegar sex vikur eru eftir af upphaflegum uppsagnarfresti. Sé uppsagnarfrestur skemmri skal ákvörðunin tilkynnt um leið og starfsmaður segir upp störfum.

X. KAFLI
Sérstök réttindi.

47. gr.

Stéttarfélög eða samtök þeirra gera kjarasamninga við ríkið um laun félagsmanna sinna og launakjör eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum.

48. gr.

Stéttarfélagi er heimilt að gera verkfall hjá ríkinu í þeim tilgangi að stuðla að framgangi krafna sinna í deilu um kjarasamning með þeim skilyrðum og takmörkunum sem sett eru í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, lögum um stéttarfélög og vinnudeilur og öðrum lögum.

IV. hluti.
Önnur ákvæði.

XI. KAFLI
Ýmis sérákvæði.

49. gr.

Ákvörðunum stjórnvalda samkvæmt lögum þessum verður ekki skotið til æðri stjórnvalda, nema öðruvísi sé fyrir mælt í einstökum ákvæðum laganna.

50. gr.

Forstöðumenn geta framselt vald, sem þeim er veitt í þessum lögum, til annarra stjórnenda í stofnun, enda sé það gert skriflega og tilkynnt starfsmönnum stofnunar.

Forstöðumenn ríkisfyrirtækja njóta í hvívetna sömu réttarstöðu og forstöðumenn stofnana samkvæmt lögum þessum þótt það sé ekki sérstaklega tekið fram.

51. gr.

Forseti Alþingis er í fyrirsvari gagnvart starfsmönnum þingsins og tekur ákvarðanir um réttindi þeirra og skyldur á sama hátt og ráðherra og forstöðumenn stofnana samkvæmt lögum þessum. Forseti Alþingis fer með það vald gagnvart starfsmönnum þingsins sem fjármálaráðherra er fengið í 3. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 27. gr.

Ráðuneytisstjórar eru í fyrirsvari gagnvart starfsmönnum ráðuneyta og taka ákvarðanir um réttindi þeirra og skyldur á sama hátt og forstöðumenn stofnana skv. 9., 11., 13., 17. og 21. gr. Skrifstofustjóri Alþingis er á sama hátt í fyrirsvari gagnvart starfsmönnum þingsins, svo og ríkisendurskoðandi og umboðsmaður Alþingis gagnvart starfsmönnum sínum.

52. gr.

Við samningu stjórnvaldsfyrirmæla samkvæmt lögum þessum, annarra en verklagsreglna, svo og við endurskoðun þeirra, skal jafnan gefa Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bandalagi háskólamanna og Alþýðusambandi Íslands kost á að fylgjast með og fjalla fyrir hönd félaga sinna um ágreiningsatriði þau sem upp kunna að koma.

53. gr.

Brot á 40. gr. varða fésektum, nema mælt sé fyrir um þyngri refsingu í öðrum lögum.

XII. KAFLI
Gildistaka og lagaskil.

54. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1996.

55. gr.

Við gildistöku laganna falla brott eftirgreind lög:

1. Lög nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
2. Lög nr. 27/1935, um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna.
3. Lög nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana.

56. gr.

Við gildistöku laganna breytast eftirtalin ákvæði laga sem hér segir:

1. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, orðast svo:
   Ákvæði laganna taka ekki til:
   1. Þeirra embættismanna sem heyra undir lög um Kjaradóm og kjaranefnd.
   2. Starfsmanna ríkisbanka eða lánastofnana ríkisins.
   3. Starfsmanna stofnana og fyrirtækja ríkis og sveitarfélaga þegar kaup þeirra og kjör fara eftir kjarasamningum stéttarfélaga þeirra og vinnuveitenda, sbr. lög nr. 80/1938 og lög nr. 19/1979.
   4. Þeirra sem skipa samninganefndir ríkis og sveitarfélaga.
   5. Þeirra starfsmanna sveitarfélaga sem getið er í 3.–5. tölul. 19. gr. þessara laga og eru utan samningsumboðs stéttarfélags samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar sem ákveður þeim starfskjör án samnings.

1. mgr. 19. gr. sömu laga orðast svo:
   Heimild til verkfalls skv. 14. gr. nær eigi til eftirtalinna starfsmanna:
   1. Þeirra embættismanna sem heyra undir lög um Kjaradóm og kjaranefnd.
   2. Starfsmanna Alþingis og stofnana þess, svo og starfsmanna á skrifstofu forseta Íslands og í Stjórnarráði, þar með talinna starfsmanna utanríkisþjónustunnar.
   3. Starfsmanna Hæstaréttar og héraðsdómstóla.
   4. Starfsmanna við embætti ríkissaksóknara, ríkislögmanns, ríkissáttasemjara og umboðsmanns barna.
   5. Þeirra sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu.
   6. Framkvæmdastjóra sveitarfélaga, borgar- og bæjarlögmanna, borgar- og bæjarritara, borgar- og bæjarverkfræðinga, skrifstofustjóra borgarstjórnar og starfsmanna launadeilda.
   7. Forstöðumanna stærri atvinnu- og þjónustustofnana sveitarfélaga og staðgengla þeirra.
   8. Annarra þeirra er gegna störfum sem öldungis verður jafnað til þeirra starfa sem getið er í 6. og 7. tölul.

   Í 2. mgr. 19. gr. sömu laga falla brott orðin „3.–6. tölul.“, en í staðinn kemur: 5.–8. tölul.

   Í stað orðanna „1. og 2. svo og 4.–6. tölul. 19. gr.“ í 2. mgr. 22. gr. sömu laga kemur: 2.–4. og 6.–8. tölul. 19. gr.
2. Eftirfarandi breytingar verða á lögum um Kjaradóm og kjaranefnd, nr. 120/1992:
   1. Í stað orðanna „og umboðsmanns Alþingis“ í 2. gr. laganna kemur: umboðsmanns Alþingis og umboðsmanns barna.
   2. 2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:
      Kjaranefnd ákveður laun og starfskjör embættismanna, annarra en þeirra sem taldir eru upp í 2. gr., lögreglumanna, tollvarða og fangavarða, sbr. ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
   3. 9. gr. laganna fellur brott og breytist greinatala samkvæmt því.
   4. Í stað 1. og 2. mgr. 12. gr. (er verður 11. gr.) laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:
      Kjaranefnd skal ákvarða föst laun fyrir dagvinnu og kveða á um önnur starfskjör. Hún úrskurðar hvaða aukastörf tilheyra aðalstarfi og hver beri að launa sérstaklega. Við ákvarðanir sínar getur nefndin tekið tillit til sérstakrar hæfni er nýtist í starfi og sérstaks álags sem starfinu fylgir.
   5. Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:
      Þrátt fyrir breytingu á 2. mgr. 8. gr. þessara laga samfara gildistöku nýrra laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins skal kjaranefnd fyrst ákveða laun og starfskjör þeirra embættismanna, sem fram að þessu hafa ekki fallið undir lög þessi, frá og með 1. janúar 1997. Fram að þeim tíma skulu laun og starfskjör þessara embættismanna ráðast af kjarasamningum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Starfsmenn ríkisins, sem fá laun greidd fyrir fram við gildistöku laga þessara, halda þeim rétti þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 10. gr. laga þessara.

Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. laganna skulu reglugerðir nr. 410/1989, um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins, og nr. 411/1989, um veikindaforföll starfsmanna ríkisins, gilda um starfsmenn ríkisins, sem skipaðir hafa verið eða ráðnir í þjónustu ríkisins fyrir gildistöku laga þessara og fallið hafa undir lög nr. 38/1954, uns laun í veikindaforföllum og fæðingarorlofi hafa verið ákveðin eða um þau samið, sbr. 1. mgr. 9. gr. Sama á við um þá sem ráðnir verða í sömu eða sambærileg störf á þessu tímabili á grundvelli þessara laga. Þar til um annað hefur verið samið gilda enn fremur ákvæði 21. gr. laga nr. 38/1954 um umrædda starfsmenn, þó ekki embættismenn skv. 22. gr. laga þessara.

Um starfslok þeirra starfsmanna ríkisins, sem skipaðir hafa verið eða ráðnir í störf ótímabundið fyrir gildistöku laga þessara, án gagnkvæms uppsagnarfrests, gilda ákvæði 25. gr. og VI. kafla laga þessara eftir því sem við á, sbr. þó 4. mgr.

Þegar í hlut eiga þeir starfsmenn ríkisins, sem 3. mgr. tekur til og ekki teljast embættismenn skv. 22. gr. laga þessara, gilda ákvæði í kjarasamningum um lausn frá störfum vegna heilsubrests í stað 30. gr. laganna.

Sé starf lagt niður á starfsmaður, sem skipaður hefur verið eða ráðinn í þjónustu ríkisins fyrir gildistöku laga þessara og fallið hefur undir lög nr. 38/1954, en telst ekki embættismaður skv. 22. gr. laga þessara, rétt til bóta er nemi launum í sex mánuði, ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en í 15 ár, en ella í tólf mánuði. Að öðru leyti gilda um bótarétt og bótafjárhæð ákvæði 34. gr.

Ef starf hefur verið lagt niður fyrir gildistöku laga þessara halda þeir starfsmenn, sem starfinu gegndu og féllu undir lög nr. 38/1954, forgangsrétti til starfa skv. 2. og 3. mgr. 14. gr. þeirra laga í fimm ár frá því að starfið var lagt niður.

Fram til 1. júlí 1997 gilda eftirfarandi ákvæði:

1. Þrátt fyrir eldri ákvæði í öðrum lögum er skylt að auglýsa öll laus embætti, sem talin eru upp í 22. gr. laganna, skv. 7. gr. laga þessara, nema kosið sé til embættis án undangenginnar auglýsingar.
2. Þrátt fyrir ákvæði í öðrum lögum skal ekki skipað í önnur störf en þau embætti sem talin eru upp í 22. gr. laga þessara. Í önnur störf skal ráðið með þeim réttaráhrifum sem fram koma í III. hluta laganna.
3. Þrátt fyrir ákvæði 23. gr. laga þessara skulu hæstaréttardómarar, héraðsdómarar og ríkissaksóknari skipaðir ótímabundið í embætti.

1102. Frumvarp til laga [407. mál]

um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, sbr. lög nr. 12/1994, nr. 58/1995 og nr. 150/1995.

(Eftir 2. umr., 29. maí.)

1. gr.

Á eftir 92. gr. laganna koma tvær nýjar greinar er orðast svo:

a. (92. gr. a.)

Sýni húsnæðisnefnd fram á, eftir að sveitarfélag hefur keypt inn félagslega eignaríbúð samkvæmt ákvæðum laganna um kaupskyldu eða forkaupsrétt, að íbúð sé óseljanleg er húsnæðismálastjórn heimilt, innan fjárhags- og útlánaáætlunar skv. 2. tölul. 5. gr.,

að verða við umsókn sveitarstjórnar um að breyta íbúðinni í félagslega eða almenna kaupleiguíbúð. Félagsleg eignaríbúð telst óseljanleg samkvæmt ákvæði þessu hafi hún verið auglýst til sölu en engin umsókn borist.

b. (92. gr. b.)

Sveitarfélag, sem hefur á sínum vegum félagslegar eignaríbúðir eða félagslegar kaupleiguíbúðir sem ekki verða nýttar, getur sótt um heimild til húsnæðismálastjórnar til að miða við rýmri tekjumörk einstaklings en gilda hverju sinni samkvæmt reglugerð þar að lútandi, enda sýni húsnæðisnefnd fram á að það sé eina færa leiðin til þess að íbúð verði úthlutað. Undanþáguheimildin er almenns eðlis og skal kynnt sérstaklega í sveitarfélaginu. Undanþágan hefur ekki áhrif á vexti, sbr. þó 79. gr.

Í næstu sex ár frá því síðast er úthlutað íbúð samkvæmt undanþágunni er sveitarfélag útilokað frá því að sækja um framkvæmdalán úr Byggingarsjóði verkamanna til að kaupa eða byggja félagslegar íbúðir.

Ákvæði þetta tekur m.a. til íbúða sem breytt hefur verið í félagslegar kaupleiguíbúðir, sbr. 92. gr. a.

2. gr.

Á eftir 93. gr. laganna kemur ný grein, 93. gr. a, er orðast svo:

Heimilt er húsnæðismálastjórn að samþykkja frestun á afborgun lána til Byggingarsjóðs verkamanna þegar sveitarstjórn hefur keypt inn félagslega íbúð samkvæmt ákvæðum laganna um kaupskyldu sem ekki verður nýtt sem heilsársíbúð vegna hættu á snjóflóðum eða skriðuföllum, enda sé íbúð á hættusvæði, sbr. lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985, með síðari breytingum. Frestun á afborgun lána samkvæmt ákvæði þessu getur einungis átt sér stað í ákveðinn tíma eftir ákvörðun húsnæðismálastjórnar á meðan unnið er að varanlegri lausn. Vextir, og verðbótaþáttur vaxta, greiðast á meðan frestur stendur yfir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1103. Lög [94. mál]

um framhaldsskóla.

(Afgreidd frá Alþingi 29. maí.)

Samhljóða þskj. 918.

1104. Frumvarp til laga [501. mál]

um breyting á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla.

(Eftir 2. umr., 29. maí.)

1. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur frumkvæði að lausn málefna grunnskólans sem varða fleiri en eitt sveitarfélag, ef þeim er ekki skipað með öðrum hætti í lögum, reglugerðum eða með samkomulagi aðila.

2. gr.

Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sveitarfélag getur falið byggðasamlagi um rekstur grunnskóla þau réttindi og skyldur sem á sveitarfélagi hvíla samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Við 21. gr. laganna bætast fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Eignarhlut ríkisins í skólahúsnæði skal afskrifa í 15 jöfnum áföngum og hann þannig yfirfærður til þeirra sveitarfélaga sem annast og kosta viðhald húsnæðisins. Skal það gert með því að lækka í lok hvers árs eignarhlut ríkisins, eins og hann er skráður hjá Fasteignamati ríkisins 1. ágúst 1996, um 6⅔%, í fyrsta skipti 31. desember 1996. Jafnframt hækki eignarhlutur sveitarfélaga samsvarandi.

Verði breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þannig að skólahúsnæði er ráðstafað til rekstrar á vegum ríkisins skal samsvarandi yfirfærsla á eignarhlut sveitarfélags eiga sér stað á 15 árum frá sveitarfélagi til ríkis.

Ákvæði þessarar greinar eiga þó ekki við um húsnæði og aðstöðu sem framhaldsskólar hafa afnot af, svo sem íþróttahús og önnur íþróttamannvirki. Enn fremur eru undanskildir skólastjóra- og kennarabústaðir, óbyggðar lóðir og landréttindi.

Menntamálaráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar í reglugerð að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

4. gr.

1. mgr. 26. gr. laganna orðast svo:

Starfstími grunnskóla skal á hverju skólaári vera níu mánuðir. Kennsludagar skulu ekki vera færri en 170.

5. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í lögunum orðast svo:

Ákvæði 3. gr. um einsetinn grunnskóla skal komið að fullu til framkvæmda að átta árum liðnum frá gildistöku laga þessara.

Ákvæði 2. mgr. 27. gr. um vikulegan kennslutíma á hvern nemanda skal koma til framkvæmda á árabilinu 1995–2001 sem hér segir:

Haustið 1995 fjölgar kennslustundum um sex, þannig að vikulegur kennslustundafjöldi nemenda verður að lágmarki sem hér segir:

1.–4. bekkur: 26 kennslustundir,
5.–7. bekkur: 29, 31 og 33 kennslustundir,
8.–10. bekkur: 34 kennslustundir.

Haustið 1996 fjölgi kennslustundum um 10, þannig:

1.–4.bekkur: 27 kennslustundir,
5.–7. bekkur: 30, 32 og 34 kennslustundir,
8.–10. bekkur: 35 kennslustundir.

Haustið 1997 fjölgi kennslustundum um 5, þannig:

1.–4. bekkur: 28 kennslustundir,
5.–7. bekkur: 31, 32 og 34 kennslustundir,
8.–10. bekkur: 35 kennslustundir.

Haustið 1998 fjölgi kennslustundum um 5, þannig:

1.–4. bekkur: 29 kennslustundir,
5.–7. bekkur: 32, 32 og 34 kennslustundir,
8.–10. bekkur: 35 kennslustundir.

Haustið 1999 fjölgi kennslustundum um 5, þannig:

1.–4. bekkur: 30 kennslustundir,
5.–7. bekkur: 32, 32 og 35 kennslustundir,
8.–10. bekkur: 35 kennslustundir.

Haustið 2000 fjölgi kennslustundum um 5, þannig:

1.–4. bekkur: 30 kennslustundir,
5.–7. bekkur: 33, 33, 35 kennslustundir,
8.–10. bekkur: 36 kennslustundir.

Haustið 2001 fjölgi kennslustundum um 7, þannig:

1.–4. bekkur: 30 kennslustundir,
5.–7. bekkur: 35 kennslustundir,
8.–10. bekkur: 37 kennslustundir.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. og 3. gr. koma til framkvæmda 1. ágúst 1996. Ákvæði 1. gr. skal endurskoða eigi síðar en 1. janúar 1999.

1105. Lög [323. mál]

um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla.

(Afgreidd frá Alþingi 29. maí.)

Samhljóða þskj. 570.

1106. Lög [129. mál]

um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1994.

(Afgreidd frá Alþingi 29. maí.)

Samhljóða þskj. 154.

1107. Fjáraukalög [443. mál]

fyrir árið 1995, sbr. lög nr. 163/1995.

(Afgreidd frá Alþingi 29. maí.)

Samhljóða þskj. 775.

1108. Lög [389. mál]

um breytingu á ýmsum lögum vegna sameiningar Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í Bændasamtök Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 29. maí.)

Samhljóða þskj. 1087.

1109. Lög [501. mál]

um breyting á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla.

(Afgreidd frá Alþingi 29. maí.)

Samhljóða þskj. 1104.

1110. Lög [530. mál]

um breytingu á lögum nr. 36/1996, um breytingu á lögum um einkaleyfi, nr. 17/1991, með síðari breytingu, lögum um vörumerki, nr. 47/1968, með síðari breytingum, og lögum um hönnunarvernd, nr. 48/1993.

(Afgreidd frá Alþingi 29. maí.)

Samhljóða þskj. 1027.

1111. Lög [533. mál]

um breyting á lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 29. maí.)

Samhljóða þskj. 1071.

1112. Nefndarálit [66. mál]

um till. til þál. um stefnumótun í ferðamálum með áherslu á „græna ferðamennsku“.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Magnús Oddsson ferðamálastjóra og Ármann Kr. Ólafsson, aðstoðarmann samgönguráðherra.

Nefndin fékk sendar umsagnir um tillöguna frá Ferðamálasamtökum Suðurlands, Ferðamálasamtökum Vestfjarða, Sambandi veitinga- og gistihúsa, Háskólanum á Akureyri, umhverfisráðuneytinu, Náttúruverndarráði, Félagi íslenskra ferðaskrifstofa, Ferðamálaráði Íslands, Ferðamálasamtökum höfuðborgarsvæðisins, Ingiveigu Guðmundsdóttur ferðamálaráðgjafa, Bændasamtökum Íslands og Félagi háskólamenntaðra ferðamálafræðinga.

Tillagan miðar að því að skipuð verði nefnd sem hafi það að markmiði að fella hugmyndir um „græna ferðamennsku“ inn í stefnumótun í ferðamálum hér á landi. Í nýútkominni skýrslu samgönguráðuneytisins um stefnumótun í ferðaþjónustu er sérstaklega fjallað um stefnumótun í sjálfbærri eða „grænni“ ferðamennsku og umhverfisvernd. Þar er lagt til að ferðaþjónusta í anda sjálfbærrar þróunar verði efld þannig að hér verði rekin ferðamennska í sátt við land og þjóð. Jafnframt er lögð áhersla á að Ísland gegni forustuhlutverki á sviði umhverfisverndar. Ljóst er, með hliðsjón af þeirri stefnumörkun sem nú liggur fyrir, að halda þarf áfram vinnu og undirbúningi til þess að sjálfbær ferðaþjónusta verði efld, m.a. í anda tillögu þessarar.

Nefndin leggur til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Kristín Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 29. maí 1996.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Kristján Pálsson.
Stefán Guðmundsson.	Egill Jónsson.	Árni Johnsen.
Ásta R. Jóhannesdóttir.	Ragnar Arnalds.	Gísli S. Einarsson.

1113. Fyrirspurn [537. mál]

til landbúnaðarráðherra um leyfi til malarnáms.

Frá Lúðvík Bergvinssyni.

1. Er það meginregla í samningum landbúnaðarráðuneytis um leyfi til efnistöku (malarnáms) að greiðslustaður efnistökugjalds sé hjá ráðuneytinu? Hver er meginreglan almennt um þetta í stjórnsýslunni?
2. Hver fer með vörslu þess sjóðs sem hefur myndast og hvernig hefur honum verið ráðstafað undanfarin fimm ár?
3. Hversu háar fjárhæðir voru greiddar ráðuneytinu samkvæmt samningum um efnistökugjald á árunum 1990–95?
4. Hverjar voru greiðslur Vatnsskarðs hf. til ráðuneytisins á árunum 1989–95 og hversu háa fjárhæð greiddi fyrirtækið við lokauppgjör síðsumars 1995?
5. Við hvaða lagaheimild er stuðst þegar gefin eru út malartökuleyfi eins og í fyrrgreindu tilviki?

Skriflegt svar óskast.

1114. Nefndarálit [421. og 422. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og um frv. til l. um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvörpin og fengið á sinn fund Magnús Pétursson, Jón Guðmundsson, Bolla Þór Bollason og Maríönnu Jónasdóttur frá fjármálaráðuneyti, auk Ásmundar Stefánssonar sem jafnframt var formaður nefndarinnar sem samdi frumvarpið, Skúla Eggert Þórðarson, skattrannsóknarstjóra ríkisins, Snorra Olsen, Steinþór Haraldsson og Friðleif Jóhannsson frá embætti ríkisskattstjóra, Má Guðmundsson og Yngva Örn Kristinsson frá Seðlabanka Íslands, Þórð Friðjónsson, Friðrik Má Baldvinsson og Eyjólf Sverrisson frá Þjóðhagsstofnun, Þórð Skúlason og Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Gylfa Arnbjörnsson frá ASÍ, Rannveigu Sigurðardóttur frá BSRB, Birgi Björn Sigurjónsson frá BHM, Birgi Ármannsson frá Verslunarráði Íslands, Sigurð B. Stefánsson frá Samtökum verðbréfafyrirtækja, Stefán Halldórsson frá Verðbréfaþingi Íslands, Finn Sveinbjörnsson frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Sigurð Hafstein frá Sambandi sparisjóða, Braga Hannesson frá Sambandi lánastofnana, Þorvarð Elíasson og Ernu Bryndísi Halldórsdóttur frá Samtökum fjárfesta og sparifjáreigenda, og Ólaf Nilsson, Árna Tómasson, Tryggva Jónsson og Valdimar Guðnason frá Félagi löggiltra endurskoðenda.

Þá bárust nefndinni erindi um málið frá ASÍ, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Félagi löggiltra endurskoðenda, Samtökum iðnaðarins, Þjóðhagsstofnun, Sambandi íslenskra sparisjóða, Samtökum fjárfesta og sparifjáreigenda, Samtökum íslenskra verðbréfafyrirtækja, Seðlabanka Íslands, ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, VSÍ, Sambandi lánastofnana, BHM, Verðbréfaþingi Íslands, Blindrafélaginu, BSRB, Sambandi almennra lífeyrissjóða, Reykjavíkurborg, Hafnarfjarðarbæ, skattstjóranum í Reykjavík, Akureyrarbæ, Öryrkjabandalagi Íslands og Þjóðhagsstofnun.

Sú aðgerð, sem frumvörpin mæla fyrir um, er liður í samræmingu skattlagningar á eignir og eignatekjur. Meiri hluti nefndarinnar minnir á yfirlýsingu ráðherra um að þeim tekjuauka, sem fellur til við samþykki frumvarpsins, skuli ráðstafa til lækkunar á öðrum sköttum. Hlýtur þá lækkun eignarskatts að koma sérstaklega til greina enda slíkt í samræmi við tilgang frumvarpsins um samræmingu skattlagningar á eignir og eignatekjur.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvörpin verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstökum þingskjölum og gerð er grein fyrir hér á eftir.

I. Frumvarp til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, 421. mál.

1. Lagðar eru til tvær breytingar á 1. gr. Annars vegar er lögð til breyting á 4. tölul. þess efnis að samráð skuli haft við Seðlabanka Íslands við setningu reglugerðar um ákvörðun gengishagnaðar. Hins vegar er lögð til smávægileg orðalagsbreyting á 5. tölul. til að gera ákvæðið skýrara.
2. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 4. gr. Í a-lið er lagt til að við síðari efnismgr. (er verði 3. mgr. 17. gr. laganna) verði bætt nýjum málslið þess efnis að verði hlutafé lækkað og greitt út til hluthafa skuli litið á það sem sölu hlutafjárins í skilningi laganna. Með þessu er stefnt að því að jafna aðstöðu milli þeirra sem þannig leysa til sín hlutafé sitt og þeirra sem selja hlutaféð eða fá það innleyst við slit félags. Ákvæði þessa efnis hefur þótt skorta í skattalög en er í samræmi við núgildandi framkvæmd. Þá er lagt til að við 4. gr. bætist þrír stafliðir með eftirfarandi breytingum á 17. gr. laganna: Í b- og c-lið er lagt til að sérstök skattfríðindi í 3. mgr. (er verði 4. mgr.) verði afnumin. Samkvæmt gildandi lögum er veitt skattfrelsi fyrir söluhagnað upp að vissu hámarki ef hann myndast af sölu þeirra hlutabréfa sem við kaup skapa kaupanda rétt til skattafrádráttar. Í ljósi þeirrar breyttu skattameðferðar sem frumvarpið gerir ráð fyrir varðandi söluhagnað hlutabréfa almennt þykir eðlilegt að afnema þessi skattfríðindi, þó þannig að þeir sem þegar hafa fest kaup á hlutabréfum við gildistöku laganna halda rétti sínum. Í d-lið er lagt til að sá hluti hagnaðar af sölu hlutafjár, sem ekki er skattlagður með 10% skatti, verði meðhöndlaður sérstaklega. Fer um heimildir manna til að fresta honum og ráðstafa til kaupa á öðru hlutafé á sama hátt og um hagnað af sölu íbúðarhúsnæðis. Þegar hin nýju hlutabréf verða seld kemur fram hækkun söluhagnaðar sem samsvarar fjárhæð hins yfirfærða hagnaðar. Þetta ætti að stuðla að auknum viðskiptum með hlutabréf og skapa svigrúm til að sveigja skattlagningu að einstaklingsbundnum aðstæðum. Reglur þessar eiga eingöngu við um söluhagnað sem myndast utan atvinnurekstrar.
3. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 5. gr. Núgildandi frádráttarregla vegna kaupa á hlutafé í staðfestum félögum heldur sér. Í b-lið er lagt til að frádráttarfjárhæðin færist á móti launum og hagnaði af rekstri en ekki á móti fjármagnstekjum. Vægi frádráttarins verður því óbreytt. Breytingartillögur c-liðar eru í raun þríþættar. Vegna

samhengisins þykir þurfa að aðgreina í sérstökum málsgreinum frádráttarheimildir vegna fjármagnstekna. Í fyrsta lagi er kveðið á um frestun á tekjufærslu þeirra fjármagnstekna sem greiðslufall verður á. Í öðru lagi er heimild til sérstaks mótreiknings vegna taps á kröfu ef tekjur hafa áður verið færðar til skattstofns. Í þriðja lagi er tekin sú afstaða að láta reglur 2. mgr. um beinan útlagðan kostnað ekki taka til fjármagnstekna. Í d-lið er lagt til að beinn kostnaður við öflun tekna verði ekki metinn til lækkunar á stofni til fjármagnstekjuskatts. Sú breyting er nauðsynleg þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir brúttóskattlagningu fjármagnstekna. Tillaga e-liðar felur einungis í sér leiðréttingu á tilvísun þar sem í c-lið 5. gr. frv. er vísað til stafliðar í stað greinar.

4. Lagt er til að hlutfall arðs til frádráttar hjá hlutafélögum skv. 6. gr. lækki úr 10% í 7%. Jafnframt er lagt til að framreikningur nafnverðs skv. 26. gr. laga nr. 75/1981 verði tekinn út úr greininni, svo og viðmiðun hans við raunverulegt verðmæti eignar. Þá er lagt til að gerð verði sú breyting að tekið verði beinlínis fram að ákvæði um að vissar tegundir eigna skerði arðsfrádráttarrétt hlutafélaga eigi ekki við ef eðlilegur og venjulegur rekstrartilgangur býr að baki eignarhaldi í þeim. Loks er lagt til að heimilað verði að flytja arðsfrádrátt á milli ára þannig að reglur um þetta verði gerðar sveigjanlegri en verið hefur. Félag hafi val um hvenær það nýtir sér arðsfrádráttinn. Þannig geti hlutafélag sem ákveður að greiða ekki út arð eitthvert ár, enda þótt það uppfylli skilyrði til útborgunar, flutt frádráttarréttinn sem ekki var nýttur yfir á næstu ár.
5. Við 7. gr. Með þeirri breytingu, sem lögð er til í a-lið 5. tölul., er leitast við að draga úr óheppilegum áhrifum mikilla viðskipta með hlutabréf í kjölfar gildistöku laganna á hlutabréfamarkað o.fl. Í þessu skyni er sett hámark á skattstofn hvers einstaklings sem fellur undir 10% fjármagnstekjuskatt ef stofninn myndast af söluhagnaði af sölu hlutabréfa, þar með talin innlausn bréfanna við lækkun hlutafjár, slit félags og þess háttar. Fari söluhagnaður fram úr þeim hámörkum sem hér greinir skattleggst umframfjárhæðin í almennu skatthlutfalli, en skv. 1. mgr. 63. gr. nemur það 33,15%. Jafnframt legðist útsvar, 8,4%–9,2%, á þessar tekjur. Um breytingartillögu b-liðar vísast í skýringu við breytingu á 9. gr.
6. Við 9. gr. Barnabótaauki og vaxtabætur taka mið af tekjuskattsstofni. Vaxtatekjur fá þó sérstaka meðferð í þessu sambandi. Þær breytingar, sem hér eru lagðar til á ákvæðum 69. gr., lúta að því að gera hina nýju skattlagningu á vexti hlutlausa við útreikning barnabótaaukans. Að auki er lagt til að vaxtatekjur skerði barnabótagrunn með sama hætti og launatekjur og aðrar tekjur, þ.e. að 6% af vaxtatekjum komi til frádráttar vaxtabótagrunni. Sú leið var valin í frumvarpinu að heimila að endurgreiða þann fjármagnstekjuskatt sem á vexti lagðist í þeim tilvikum þegar sömu vextir skertu vaxtabótagrunn. Þetta er ekki auðvelt í framkvæmd og gæti jafnvel í sumum tilvikum virkað á annan hátt en því var ætlað eins og reglan var sett fram í frumvarpinu. Að gefnu tilefni skal tekið fram að með tilvísun til 5. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna er verið að vísa í ákvæði um frádrátt vegna iðgjalda til lífeyrissjóða.
7. Við 10. gr. Lögð er til sú efnisbreyting að aðilar, sem ekki hafa verið háðir almennri skattskyldu, greiði fjármagnstekjuskatt einungis af vöxtum, arði og söluhagnaði af hlutabréfum. Reynst gæti viðurhlutamikið og erfitt í framkvæmd að skattleggja leigutekjur og hagnað af almennri eignasölu hjá þorra þeirra aðila sem hér um ræðir. Hér er t.d. átt við sveitarfélög sem hafa sem lið í sinni félagslegu þjónustu að leigja út íbúðarhúsnæði, stéttar- og starfsmannafélög sem leigja út orlofshús og

orlofsíbúðir, ýmis samtök, svo sem Blindrafélagið, Öryrkjabandalagið og Sjálfsbjörg, sem hafa með höndum útleigu til félagsmanna sinna o.s.frv. Þessir aðilar gætu jafnframt haft hagnað af eignasölu sem erfitt er að réttlæta skattlagningu á. Að öllum atriðum virtum varð það niðurstaðan að skattleggja hjá þessum aðilum einungis vaxtatekjur, arð og hagnað af sölu á hlutabréfum. Þá er lagt til að undanþáguaðilum verði skipað í tvo töluliði. Þeir sem greinir í síðari tölulíðnum greiða skatt af fjármagnstekjum á sama hátt og af öðrum tekjum að tekjuári liðnu.

8. Lagt er til að við bætist ný grein, er verður 11. gr., þar sem kveðið verði nánar á um meðferð staðgreiðslufjár hjá rekstraraðilum og tengsl staðgreiðslu við almenn skattskil.
9. Lagt er til að við 12. gr, er verði 13. gr., bætist ný málsgrein sem kveði á um að hagnaður af sölu hlutabréfa einstaklinga utan rekstrar verði skattlagður með 10% hlutfalli þegar frá síðustu áramótum. Ljóst er að ef gildistaka hinna nýju reglna um skattlagningu söluhagnaðar miðaðist við ársbyrjun 1997 virkaði það sem verulegar hömlur á sölu hlutabréfa það sem eftir lifði ársins 1996. Til að hlutabréfamarkaður haldist í eðlilegu horfi og til að hin jákvæðu áhrif aukinnar umsýslu með hlutabréf fari strax að hafa áhrif er sett fram tillaga um að flýta gildistöku hins lægra skatthlutfalls að þessu leyti.
10. Við ákvæði til bráðabirgða II. Lagðar eru til nokkrar breytingar á ákvæði til bráðabirgða II með það að markmiði að gera það markvissara og framsetninguna skýrari.

    Lagt er til að seljendur hlutabréfa í félögum sem skráð voru fyrir gildistöku laga þessara hafi val um viðmiðun þegar þau eru seld. Geti þeir við útreikning á söluhagnaði annaðhvort miðað við jöfnunarverðmæti bréfanna eða kaupverð þeirra að viðbættri þeirri verðleiðréttingu sem á það væri fallin. Lögð er til sú breyting að heimilt verði að gefa út jöfnunarhlutabréf sem aftur hefði áhrif á heimild til frádráttar arðs hjá félögum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir útreikningi á jöfnunarverðmæti sem notað yrði sem viðmiðunargrunnur. Á það við um arðsfrádrátt, svo og slit á félagi, og sölu og lækkun á hlutafé. Með þeirri breytingu sem hér lögð er til verður nafnverð notað sem viðmiðunargrunnur vegna útreiknings á arðsfrádrætti, enda hafi verið gefin út jöfnunarhlutbréf. Hér þarf að sjálfsögðu að gæta hlutafélagalaga, þ.e. allra formskilyrða, með sama hætti og núgildandi reglur um slíka útgáfu mæla fyrir um, svo sem um skráningu, tilkynningu til hlutafélagaskrár o.s.frv. Kveðið er á um að nægjanlegt sé að tilkynna nýtt nafnverð til hlutafélagaskrár. Þessi regla á einungis við um einkahlutafélög enda ekki um eiginleg hlutabréf að ræða í þeim. Hjá hlutafélögum gildir sú regla að gefa ber út jöfnunarhlutabréf með formlegum hætti sem mynda á þann hátt nýtt nafnverð til viðmiðunar við arðsfrádrátt.

    Í 4. gr. frumvarpsins, sem breyta á 17. gr. laganna, er fjallað um söluhagnað hlutabréfa. Eins og þar kemur fram er söluhagnaður mismunur á kaup- og söluverði. Þetta á við um hlutabréf í félögum sem til er stofnað eftir gildistöku laganna. Einnig á þetta við hlutabréf í hlutafélögum sem voru til fyrir gildistöku laganna ef á þeim hafa orðið eigandaskipti eftir gildistökuna.

    Lagt er til að skattstjóri staðfesti útreikning jöfnunarverðmætis í stað ríkisskattstjóra eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Hlutverk ríkisskattstjóra verði aftur á móti það að gefa út reglur og láta útbúa eyðublöð í þessu sambandi. Með þessu er vinnuálaginu í kjölfar gildistöku laganna dreift á fleiri stofnanir.

11. Við ákvæði til bráðabirgða III. Lagt er til að sett verði fimm ára tímamörk varðandi þær bætur sem koma til greina og sömuleiðis þykir rétt að taka af allan vafa um að einungis sé átt við útborgaðar bætur.

II. Frumvarp til laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

1. Við 1. gr. Í fyrsta lagi er lagt til að nýr málsliður bætist við 1. mgr. þar sem skýrlega komi fram að staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts sé einungis bráðabirgðagreiðsla. Í öðru lagi er lagt til að skipt verði út orðunum „líta til þess“ með „fylgjast með“. Hér er ekki um teljandi efnisbreytingu að ræða frá fyrirliggjandi frumvarpi heldur felur hinn nýi texti í sér meiri ákveðni, og notað er orðalag sem tíðkanlegt er um störf skattstjóra.
2. Við 2. gr. Ekki þótti nægilega skýrt hvaða tekjutegundir væri verið að fjalla um í 1. og 3. mgr. Er því lagt til í a- og b-lið að bæði séu nefndar „vaxtatekjur“ og „arðstekjur“ og þá einnig lagt til að orðin „að því er vexti varðar“ í 3. mgr. falli brott, enda tekur það ákvæði bæði til arðs og vaxta. Jafnframt er í c-lið lagt til að forseti Íslands og maki hans verði undanþegin skattskyldu samkvæmt frumvarpinu, sem og erlend ríki og alþjóðastofnanir. Þetta er í samræmi við ríkjandi lagareglur um skattskyldu forseta Íslands og viðkomandi stofnana.
3. Við 5. gr. Talið er nauðsynlegt að yfirlit sé gert í árslok er sundurgreini skattgreiðslur til eigenda hlutdeildarskírteina í hlutdeildarsjóðum. Er það vegna uppgjörs á framtali, m.a. vegna persónuafsláttar. Því er lögð til breyting þar um.
4. Við 8. gr. Ákvæði það sem lagt er til að falli brott úr 8. gr. frumvarpsins fjallar um þau tilvik þar sem staðgreiðsla hefur verið ofreiknuð og skilaskyldum aðila gert skylt að endurgreiða hina ofreiknuðu fjárhæð. Ekki er talin þörf á slíku ákvæði enda liggi það í augum uppi að þeir, sem gert hafa slík mistök við afdrátt skatts, skuli skila honum aftur. Ekki þykja vera efnislegar forsendur til þess að leggja það á þann sem ranglega tekur af skatt að skila honum með dráttarvöxtum né heldur gagnvart ríkissjóði fyrir þann tíma sem staðgreiðsla er í hans vörslu, enda hafi ríkissjóður ekkert haft um það að segja að slíkir fjármunir hafi borist honum.
5. Við 9. gr. Lagt er til að ákvæði 5. mgr. falli brott. Ekki er talin þörf á þessu ákvæði í ljósi þeirrar reynslu sem fengin er af framkvæmd staðgreiðslu opinberra gjalda.
6. Við 13. gr. Lagt er til að fyrirsögn greinarinnar verði „Kærur“. Er það í samræmi við efni hennar.
7. Við 14. gr. Við samningu frumvarpsins hefur láðst að geta um málsmeðferðarheimildir skattrannsóknarstjóra ríkisins. Lagt er til að úr því verði bætt og kveðið á um að skattrannsóknarstjóri ríkisins hafi sömu heimildir varðandi rannsóknir til að afla ýmissa upplýsinga og ríkisskattstjóri hefur varðandi ýmis framkvæmdaratriði.
8. Við 15. gr. Lögð er til leiðrétting á fyrirsögn. Hugtakið viðurlög tekur yfir fleiri atriði og er víðtækara en það sem ákvæðið felur í sér.
9. Við 17. gr. Ákvæðið er fellt brott en í staðinn tekin inn ný ákvæði í nýrri 15. gr. Um skýringar að öðru leyti vísast í næstu tölulið.
10. Lagt er til að við frumvarpið bætist nýtt ákvæði sem verður 15. gr. og fjallar það um upplýsingaskyldu, heimildir til skattstjóra og ríkisskattstjóra til skatteftirlits og skattrannsóknarstjóra til skattrannsókna. Frumvarp þetta er svo til samhljóða 25. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Með þessu ákvæði er ekki verið að breyta núverandi tilhögun á upplýsingagjöf fjármálastofnana.

11. Lagt er til að við frumvarpið bætist ný grein er verði 16. gr. Um er að ræða nýtt ákvæði sem fjallar um skatteftirlit og skattrannsóknir. Ákvæði þetta er svo til samhljóða núgildandi ákvæðum í lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum um tekjuskatt og eignarskatt og lögum um virðisaukaskatt. Ákvæði er sniðið að 26. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, en örlítið stytt hvað varðar verkefni ríkisskattstjóra.
12. Við 16. gr. (verður 18. gr.) Lagt er til að við ákvæðið verði bætt nýrri málsgrein, 4. mgr., sem fjalli um heimildir innheimtumanns ríkissjóðs til að láta lögreglu stöðva atvinnurekstur skilaskyldra aðila sem ekki gera fullnægjandi skil á skilafé og álagi. Sambærilegt ákvæði er í 29. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Þá er jafnframt lagt til að fyrirsögn greinarinnar verði „Innheimta vanskilafjár o.fl.“. Er það í samræmi við efni hennar.
13. Lagt er til að bætt verði við frumvarpið nýju ákvæði, er verði 19. gr., um refsingar. Ákvæðið er svo til samhljóða 30. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.
14. Lagt er til að við frumvarpið verði bætt nýju ákvæði, er verði 20. gr., um málsmeðferð og fyrningarreglur þær sem gildandi eru. Ákvæði þetta er svo til samhljóða 31. gr. laga nr. 45/1987 og fjallar um hvernig standa skuli að opinberri rannsókn, málsmeðferð fyrir skattyfirvöldum og hvaða reglur gilda um sakarfyrningu.
15. Lagt er til að við frumvarpið verði bætt nýju ákvæði, er verði 21. gr., um uppgjör staðgreiðslu. Þar er kveðið á um að ákvæði VIII. kafla laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, skuli gilda um uppgjör staðgreiðslu af vöxtum og arði og innheimtu þeirra eftir því sem við á. Ákvæði 34.–37. gr. laga nr. 45/1987 eru hins vegar nokkru ítarlegri en þetta, en ekki er talin ástæða til að taka þau óbreytt upp.

Ljóst er að hér er um mjög viðamikla lagasetningu að ræða og því sérstök ástæða til að fylgjast vel með hvernig til tekst með framkvæmdina. Nefndin beinir því þeim tilmælum til fjármálaráðherra að hann láti taka saman og leggja fyrir Alþingi skýrslu um þá reynslu er fást mun af lögunum eigi síðar en að þremur árum liðnum frá gildistöku þeirra.

Alþingi, 30. maí 1996.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Pétur H. Blöndal.
Sólveig Pétursdóttir.	Einar Oddur Kristjánsson.	Jón Kristjánsson.

1115. Breytingartillögur [421. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, PHB, GMS, SP, EOK, JónK).

1. Við 1. gr.
   a. Við síðasta málslið 4. tölul. bætist: í samráði við Seðlabanka Íslands.
   b. Í stað orðanna „falla til“ í 5. tölul. 1. gr. komi: koma til greiðslu.

2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:
   a. Í stað 2. mgr. koma tvær málsgreinar er orðast svo:
      Hagnaður af sölu hlutabréfa telst mismunur á söluverði þeirra annars vegar og kaupverði þeirra hins vegar. Kaupverð hlutabréfa, sem skattaðili hefur eignast við samruna hlutafélaga skv. 56. gr., skal ákvarðast jafnt kaupverði þeirra hlutabréfa er hann lét af hendi. Þegar ákveða skal hagnað af sölu hlutabréfa skal kaupverð hvers hlutabréfs teljast jafnt meðalkaupverði allra hlutabréfa sömu tegundar á hendi sama eiganda.
      Nú er félagi slitið án þess að um samruna félaga sé að ræða, sbr. 56. gr., og skal þá litið á það sem sölu hlutafjár á hendi eiganda og úthlutunina sem söluverð. Sé hlutafé í hlutafélagi lækkað og það greitt út til hluthafa skal líta svo á að um sé að ræða sölu hlutafjár í hendi eiganda til hlutafélagsins.
   b. Í stað orðanna „á árinu 1990 og síðar“ í 1. málsl. 3. mgr. (er verður 4. mgr.) kemur: á árunum 1990–1996.
   c. Á eftir orðinu „fyrr“ í 3. málsl. 3. mgr. kemur: eða á árinu 1997 eða síðar.
   d. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Unnt er að fara fram á frestun á tekjufærslu söluhagnaðar manns af sölu hlutabréfa um tvenn áramót frá söludegi að svo miklu leyti sem fjárhæð hans er umfram 3.000.000 kr. hjá einstaklingum og 6.000.000 kr. hjá hjónum. Kaupi hann önnur hlutabréf í stað hinna seldu innan þess tíma færist söluhagnaðurinn til lækkunar á því kaupverði hinna nýju bréfa sem ákvörðun söluhagnaðar samkvæmt þessari grein miðast við. Nemi kaupverð hinna keyptu hlutabréfa lægri fjárhæð en söluhagnaðurinn telst mismunurinn til skattskyldra tekna á kaupári hinna keyptu bréfa. Ef hlutabréf eru ekki keypt innan tilskilins tíma telst hagnaðurinn með skattskyldum tekjum á því ári þegar hann myndast. Ákvæði þessarar málsgreinar taka ekki til söluhagnaðar sem myndaðist í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.
3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:
   a. 1., 2. og 3. tölul. B-liðar falla brott.
   b. Við lokamálsgrein 4. tölul. B-liðar (sbr. b–liður 2. gr. laga nr. 147/1994), er verður 1. tölul., bætist nýr málsliður er orðast svo: Frádráttur samkvæmt þessum lið heimilast frá þeim tekjum manna er greinir í A- og B-lið 7. gr.
   c. Við B-lið bætist nýr tölul., er verður 2. tölul., sem orðast svo: Nú verður greiðslufall á kröfu sem vextir, sbr. 2. mgr. 8. gr., hafa verið reiknaðir af og frestast þá greiðsla skatts af slíkum vöxtum.
      Heimilt er að mótreikna tapaða vexti við fjármagnstekjur hafi skattur þegar verið greiddur af vöxtunum. Skal það gert á því ári þegar sýnt er að krafa sem vextir voru reiknaðir af fæst ekki greidd og skal gera grein fyrir henni í skattframtali viðkomandi tekjuárs. Með sama hætti fer um aðrar fjármagnstekjur, sbr. 3. mgr. 67. gr. Heimildin nær til fimm ára aftur í tímann frá og með tekjuári. Sé ekki um fjármagnstekjur að ræða á því tekjuári þegar mótreikningur á sér stað yfirfærist mótreikningsheimildin til næsta skattframtals í allt að fimm ár. Heimild samkvæmt þessari málsgrein tekur einungis til fjármagnstekna utan rekstrar hjá einstaklingum og þeirra lögaðila sem ekki hafa með höndum atvinnurekstur.

Ákvæði 2. mgr. þessarar greinar um heimild til að draga frá beinan kostnað við öflun tekna gilda ekki um leigutekjur, vexti eða aðrar fjármagnstekjur.

d. Orðin „í stað beins kostnaðar skv. 2. mgr.“ í 1. málsl. 3. mgr. falla brott.

e. 4. mgr. greinarinnar fellur brott.

4. Við 6. gr. Efnisgreinin orðist svo:

Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en nemur 7% af nafnverði hlutafjár. Sé í eigu hlutafélags íbúðarhús, sumarhús, fólksbifreiðar, skemmtibátar eða aðrar eignir sem ekki tengjast rekstrarþörf félagsins og ætlaðar eru til einkaþarfa hluthafa, stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra félagsins eða skylduliðs þeirra manna skal verðmæti þeirra eigna dregið frá nafnverði áður en arður samkvæmt þessum tölulið er ákvarðaður. Nú nýtir hlutafélag ekki að fullu frádráttarheimild samkvæmt þessum tölulið og er þá heimilt að flytja ónýtta frádráttarheimild til næstu ára. Arður samkvæmt þessum tölulið er frádráttarbær frá tekjum þess árs sem hann er reiknaður af.

5. Við 7. gr.

a. Við 1. efnismgr. bætist tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Ákvæði þessarar málsgreinar taka þó ekki til hagnaðar af sölu hlutabréfa, þar með talið við innlausn þeirra, t.d. við slit félags og lækkun hlutafjár, ef hagnaðurinn fer fram úr 3.000.000 kr. hjá einstaklingi og 6.000.000 kr. hjá hjónum. Fer um skatthlutfall og álagningu á slíkan söluhagnað eftir ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar og skulu reglur 4. mgr. um tekjuviðmiðun ekki eiga við um umframfjárhæðina.

b. Orðin „við útreikning tekjuviðmiðunar barnabótaauka samkvæmt lögum þessum eða“ í 3. málsl. 2. mgr. falli brott.

6. Við 9. gr. Greinin orðist svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 69. gr. laganna:

a. 2. málsl. 3. mgr. B-liðar orðast svo: Með tekjuskattsstofni í þessu sambandi er átt við tekjur skv. II. kafla laganna, þó ekki tekjur skv. 3. tölul. C-liðar 7. gr., að teknu tilliti til frádráttar skv. 1., 3., og 5. tölul. A-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 30. gr. og frádráttar skv. 31. gr.

b. 3. málsl. 3. mgr. C-liðar fellur brott.

c. 2. málsl. 4. mgr. C-liðar orðast svo: Með tekjuskattsstofni í þessu sambandi er átt við tekjur skv. II. kafla laganna, að teknu tilliti til frádráttar skv. 1., 3. og 5. tölul. A-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 30. gr. og frádráttar skv. 31. gr.

7. Við 10. gr.

a. Í stað orðanna „1.–8. tölul. C-liðar 7. gr.“ í 1. efnismgr. komi: 3., 4. og 5. tölul. C-liðar 7. gr., svo og skv. 8. tölul. sama stafliðar 7. gr., að því er varðar söluhagnað af hlutabréfum.

b. 2. efnismgr. greinarinnar orðist svo:

Eftirtaldir aðilar eru undanþegnir ákvæðum 3. mgr.:

1. Lánasjóður íslenskra námsmanna, Byggðastofnun, Byggingarsjóður ríkisins, Byggingarsjóður verkamanna, Framkvæmdasjóður fatlaðra, Framkvæmdasjóður aldraðra, Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Lánasjóður sveitarfélaga, Lánasjóður Vestur-Norðurlanda, Seðlabanki Íslands og lífeyrissjóðir, sbr. lög nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.
2. Lánastofnanir sem skattskyldar eru samkvæmt lögum nr. 65/1982, um skattskyldu lánastofnana, með síðari breytingum, en fjármagnstekjur þeirra falla undir almenna skattskyldu samkvæmt þeim lögum.

8. Á eftir 10. gr. komi ný grein, er verði 11. gr., svohljóðandi:
   4. mgr. 110. gr. laganna orðast svo:
   Álagða skatta, að frádregnu því sem greiða ber fyrir álagningu skv. 2. mgr. þessarar greinar auk mismunar sem fram kemur á álagningu tekjuskatts og staðgreiðslu launamanns, sbr. 35. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, að frádreginni staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur og að frádregnum bótum skv. 69. gr., skal greiða með sem næst jöfnum greiðslum á þeim gjalddögum sem eftir eru á árinu þegar álagning fer fram.
9. Við 12. gr., er verði 13. gr., bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Nú selur maður hlutabréf á árinu 1996 og skal þá hagnaður af sölu þeirra skattlagður með 10% skatthlutfalli, enda sé salan ekki þáttur í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi mannsins og hagnaðurinn nemi lægri upphæð en 3.000.000 kr. hjá einstaklingi eða 6.000.000 kr. hjá hjónum. Söluhagnaður sá er þessi málsgrein tekur til telst ekki til útsvarsstofns.
10. Við 13. gr. er verði 14. gr.
    a. Ákvæði til bráðabirgða II orðist svo:

Jöfnunarverð hlutabréfa.

Á árunum 1997 og 1998 reiknast jöfnunarverðmæti hlutabréfa í samræmi við þetta ákvæði hjá þeim félögum sem skráð voru, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 75/1981, í árslok 1996.

Jöfnunarverðmæti hlutabréfa í félagi skal vera nafnverð hlutabréfa í árslok 1996 að viðbættri þeirri fjárhæð sem heimilt væri að gefa út af jöfnunarhlutabréfum samkvæmt þeim reglum sem um það giltu í árslok 1996. Gera skal grein fyrir útreikningi jöfnunarverðmætis með framtalsskilum á árunum 1997, 1998 eða 1999. Skattstjóri skal staðfesta útreikninginn.

Jöfnunarverðmæti samkvæmt þessu ákvæði skal árlega tilgreina á skattframtali hlutafélagsins og á hlutafjármiðum. Ríkisskattstjóri skal gefa út reglur og útbúa eyðublöð til notkunar við framkvæmd þessa ákvæðis.

Hafi seljandi hlutabréfa eignast hin seldu hlutabréf fyrir 1. janúar 1997 skal jöfnunarverðmætið skv. 2. mgr. þessa ákvæðis lagt til grundvallar sem kaupverð án framreiknings skv. 26. gr. laga nr. 75/1981 við útreikning á söluhagnaði hlutabréfa. Í stað jöfnunarverðmætis er heimilt að miða við upphaflegt kaupverð, að viðbættum breytingum samkvæmt verðbreytingarstuðli skv. 26. gr. til ársloka 1996, sé það hærra. Um söluhagnað þeirra sem eignast hin seldu hlutabréf eftir gildistöku laga þessara fer eftir ákvæðum 2. mgr. 17. gr.

Hafi hlutafélag ekki gefið út jöfnunarhlutabréf eða, ef um einkahlutafélag er að ræða, tilkynnt nýtt nafnverð formlega til hlutafélagaskrár eða tilgreint jöfnunarverðmæti með þeim hætti sem áskilið er í 2. og 3. mgr. ákvæðis þessa í síðasta lagi með skattframtali 1999, vegna tekna á árinu 1998 og eigna í lok þess árs, skal jöfnunarverðmæti við sölu bréfanna vera nafnverð hlutabréfanna í árslok 1996.

Hlutafélögum er heimilt að gefa út jöfnunarhlutabréf eða, ef um einkahlutafélög er að ræða, tilkynna nýtt nafnverð formlega til hlutafélagaskrár, allt að því að heildarnafnverð hlutafjár nái jöfnunarverðmæti eins og það reiknast skv. 2. mgr. þessa ákvæðis. Jöfnunarverðmætið, ásamt heimild til útgáfu jöfnunarhlutabréfa, skal síðan hækka eða lækka eftir verðbreytingarstuðli skv. 26. gr. laga nr. 75/1981, í fyrsta sinn við útreikning á árinu 1998 samkvæmt verðbreytingarstuðli

sem birtur er í árslok 1997. Hlutafélögum er, þannig að skattfrjálst sé hjá hluthöfum, jafnframt heimilt að gefa út jöfnunarhlutabréf eða, ef um einkahlutafélag er að ræða, tilkynna nýtt nafnverð formlega til hlutafélagaskrár, vegna innborgaðs hlutafjár eftir 1. janúar 1997, og takmarkast heimildin við innborgað hlutafé eftir að það hefur verið hækkað eða lækkað eftir verðbreytingarstuðli skv. 26. gr. laga nr. 75/1981 frá innborgunarári til ársins á undan útgáfuári, að frádregnu nafnverði.

b. Í stað orðanna: „fyrir 1. janúar 1997“ í ákvæði til bráðabirgða III komi: á árunum 1992–1996.

c. Í stað orðsins „bótanna“ í ákvæði til bráðabirgða III komi: útborgaðra bóta.

1116. Breytingartillögur [422. mál]

við frv. til l. um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, PHB, GMS, SP, EOK, JónK).

1. Við 1. gr.
   a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Staðgreiðsla samkvæmt þessum lögum er bráðabirgðagreiðsla tekjuskatts nema annað sé tekið fram.
   b. Í stað orðanna „líta til þess“ í 3. mgr. 1. gr. komi: fylgjast með.
2. Við 2. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Skyldir til að greiða skatt skv. 1. gr. og sæta innheimtu í staðgreiðslu hans eru allir þeir sem fá vaxtatekjur og arðstekjur, sbr. þó 3. mgr.
   b. Orðin „að því er vexti varðar“ í 3. mgr. falli brott.
   c. Framan við upptalningu 3. mgr. bætist: Forseti Íslands og maki hans, erlend ríki og alþjóðastofnanir.
3. Við 5. gr. Við síðari málslið 2. tölul. bætist: enda sundurgreini sjóðurinn skattgreiðslur á yfirlitum til eigenda.
4. Við 8. gr. 3. mgr. falli brott.
5. Við 9. gr. 5. mgr. falli brott.
6. Við 13. gr. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Kærur.*
7. Við 14. gr.
   a. Við bætist ný málsgrein er orðist svo:
      Sömu heimildir hefur skattrannsóknarstjóri ríkisins varðandi rannsóknir á greiðslu- og skattskilum samkvæmt lögum þessum.
   b. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri ríkisins.*
8. Á eftir 14. gr. komi tvær nýjar greinar, ásamt fyrirsögnum, og orðist svo:
   a. (15. gr.)
      Upplýsingaskylda, heimildir til skatteftirlits og skattrannsókna.
      Öllum aðilum, bæði framtalsskyldum og öðrum, er skylt að láta skattyfirvöldum í té, ókeypis og í því formi sem óskað er, allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau

skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða greiðslu- og skilaskyldu þeirra aðila. Með skattyfirvöldum í þessari grein er átt við skattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og ríkisskattstjóra.

Vegna skatteftirlits samkvæmt lögum þessum geta skattstjóri og ríkisskattstjóri krafist þess að framtals- og skilaskyldir aðilar leggi fram til könnunar bókhald sitt og bókhaldsgögn, svo og önnur gögn er varða reksturinn, þar með talin bréf og samninga. Enn fremur hafa þessir aðilar aðgang að framangreindum gögnum og aðgang að starfsstöðvum framtalsskyldra aðila og heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim sem ætla má að geti gefið upplýsingar er máli skipta. Sömu heimildir hefur skattrannsóknarstjóri ríkisins vegna rannsókna skv. 16. gr.

Skattyfirvöld hafa enn fremur heimildir þær, er um getur í 2. mgr., gagnvart þeim aðilum sem ekki eru framtalsskyldir.

Nú verður ágreiningur um skyldu aðila samkvæmt þessari grein og getur ríkisskattstjóri eða skattrannsóknarstjóri ríkisins þá leitað um hann úrskurðar héraðsdóms. Gegni einhver ekki upplýsingaskyldu sinni má vísa máli til opinberrar rannsóknar.

b. (16. gr.)

Skatteftirlit, skattrannsóknir.

Skattstjórar annast skatteftirlit hver í sínu umdæmi. Ríkisskattstjóri skal fylgjast með eftirlitsstörfum skattstjóra og afla upplýsinga um þau, leiðbeina skattstjórum um eftirlitsaðgerðir og önnur atriði sem þýðingu hafa við skatteftirlit. Telji skattstjóri að skattsvik, eða önnur refsiverð brot á lögum þessum, hafi verið framin skal hann tilkynna það skattrannsóknarstjóra ríkisins sem tekur ákvörðun um framhald máls. Sama tilkynningarskylda hvílir á ríkisskattstjóra.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur hafið rannsókn á hverju því atriði er varðar greiðslu- og skilaskyldu samkvæmt lögum þessum. Hann skal annast rannsóknir í málum sem skattstjóri eða ríkisskattstjóri vísa til hans, skv. 1. mgr. svo og 5. mgr. 96. gr. og 4. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Þegar aðgerðir skattrannsóknarstjóra ríkisins gefa tilefni til breytinga á greiðslu- og skilaskyldu samkvæmt lögum þessum skal ríkisskattstjóri annast framkvæmd hennar nema hann feli hana skattstjóra, sbr. 3. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

9. Við 15. gr. er verði 17. gr. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Álag og dráttarvextir.*
10. Við 16. gr. er verði 18. gr.
    a. Við bætist ný málsgrein er orðist svo:

    Innheimtumaður ríkissjóðs getur látið lögreglu stöðva atvinnurekstur skilaskylds aðila sem ekki gerir fullnægjandi skil á skilafé eða álagi skv. 17. gr. innan 15 daga talið frá eindaga eða frá úrskurði skattyfirvalda um vanskil og álag, með því m.a. að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útibú, tæki og vörur undir innsigli þar til full skil hafa verið gerð.

    b. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Innheimta vanskilafjár o.fl.*
11. Við 17. gr. Greinin ásamt fyrirsögn falli brott.

12. Á eftir 16. gr., er verði 18. gr., komi þrjár nýjar greinar, ásamt fyrirsögnum, og orðist svo:

a. (19. gr.)

Refsingar.

Skýri skattskyldur eða greiðsluskyldur maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um staðgreiðsluskil hans skal hann greiða fésekt allt að tífaldri þeirri skattfjárhæð, sem vanrækt var greiðsla á og aldrei lægri fésekt en nemur tvöfaldri skattfjárhæðinni. Stórfellt brot gegn ákvæði þessu varðar við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga.

Hver sá skilaskyldur aðili, sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi skýrir rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um staðgreiðsluskil sín, hefur ekki haldið eftir staðgreiðslu af vaxtatekjum og arði samkvæmt lögum þessum eins og honum bar, hefur ekki afhent skilagreinar á lögmæltum tíma eða hefur ekki innt af hendi þá staðgreiðslu af vaxtatekjum og arði samkvæmt lögum þessum sem hann hefur haldið eftir eða honum bar að halda eftir, skal greiða fésekt allt að tífaldri þeirri skattfjárhæð sem hann vanrækti að halda eftir eða standa skil á og aldrei lægri fésekt en nemur tvöfaldri skattfjárhæðinni nema þyngri refsing liggi við brotinu eftir 247. gr. almennra hegningarlaga. Álag skv. 17. gr. dregst frá sektarfjárhæð. Stórfellt brot gegn ákvæði þessu varðar við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga.

Hafi skilaskyldur aðili af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi vanrækt að halda bókhald skv. 10. gr. varðar það brot við refsiákvæði laga um bókhald en við 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga sé um meiri háttar brot að ræða.

Ef maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi vanrækir tilkynningarskyldu sína skv. 11. gr., upplýsingaskyldu skv. 15. gr., vanrækir að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skilagreinar, skýrslur eða gögn, svo sem ákveðið er í lögum þessum, skal hann sæta sektum eða varðhaldi.

Skýri skilaskyldur aðili af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju er varðar skilaskyldu hans má gera honum sekt þótt upplýsingarnar geti ekki haft áhrif á skilaskyldu hans eða greiðsluskil. Sömu refsingu varðar það skattskyldan aðila (rétthafa) sem lætur greiða sér vaxtatekjur eða arð samkvæmt lögum þessum, vitandi um að skilaskyldur aðili hefur eigi haldið eftir staðgreiðslu af þessum tekjum sem skylt er samkvæmt lögum þessum, eða skýrir rangt eða villandi frá einhverju er varðar skilaskyldu eða greiðsluskyldu vegna hans þótt upplýsingarnar geti ekki haft áhrif á þessi skil.

Verði brot á 1. eða 2. mgr. ákvæðisins uppvíst við skipti dánarbús skal greiða úr búinu fésekt, allt að fjórfaldri þeirri skattfjárhæð sem vanrækt var greiðsla á og aldrei lægri fésekt en nemur skattfjárhæðinni að viðbættum helmingi hennar. Álag skv. 17. gr. dregst frá sektarfjárhæð. Sé svo ástatt sem segir í 5. mgr. má gera búinu sekt.

Hver sá sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi lætur skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn varðandi skilaskyldu annarra aðila eða aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda skal sæta þeirri refsingu er segir í 1. eða 2. mgr. þessarar greinar.

Tilraun til brota eða hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga og varðar fésektum allt að hámarki því sem ákveðið er í öðrum ákvæðum þessarar greinar.

Gera má lögaðila fésekt fyrir brot á lögum þessum óháð því hvort brotið megi rekja til saknæms verknaðar fyrirsvarsmanns eða starfsmanns lögaðilans. Hafi fyrirsvarsmaður hans eða starfsmaður gerst sekur um brot á lögum þessum má auk refsingar, sem hann sætir, gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu.

b. (20. gr.)

Málsmeðferð og fyrningarreglur.

Sektir skv. 19. gr. skulu úrskurðaðar af yfirskattanefnd nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 2. mgr. Skattrannsóknarstjóri ríkisins sendir yfirskattanefnd mál til úrskurðar. Við meðferð mála hjá yfirskattanefnd skal veita sakborningi færi á að halda uppi vörnum. Úrskurðir yfirskattanefndar eru fullnaðarúrskurðir og fylgir þeim ekki vararefsing.

Rannsóknarlögregla ríkisins fer með frumrannsókn opinberra mála vegna brota á lögum þessum. Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfsdáðun, svo og eftir ósk sakbornings ef hann vill ekki hlíta því að mál hans verði afgreitt af yfirskattanefnd skv. 1. mgr.

Mál vegna brota á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála. Greiðslukröfu má hafa uppi og dæma í slíkum málum.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð. Um innheimtu sekta, er yfirskattanefnd úrskurðar, gilda sömu reglur og um innheimtu vanskilafjár og álags eftir lögum þessum. Einnig má beita ákvæðum 4. mgr. 18. gr. eftir því sem við á.

Sök skv. 19. gr. fyrnist á sex árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum skattrannsóknarstjóra ríkisins eða Rannsóknarlögreglu ríkisins, enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

c. (21. gr.)

Uppgjör staðgreiðslu.

Ákvæði VIII. kafla laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, um ákvörðun skatts af vöxtum og arði, uppgjör staðgreiðslu af þeim tekjum og innheimtu þeirra skulu gilda eftir því sem við á.

1117. Nefndarálit [421. og 422. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og um frv. til l. um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur haft til umfjöllunar fjögur þingmál í tengslum við svokallaðan fjármagnstekjuskatt. Í fyrsta lagi er um að ræða stjórnarfrumvarp um fjármagnstekjuskatt, 421. mál, og í öðru lagi stjórnarfrumvarp um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, 422. mál. Jafnframt hefur verið til umfjöllunar í nefndinni svokallað formannafrumvarp, en það er frumvarp um fjármagnstekjuskatt borið fram af Jóni Baldvini Hannibalssyni, Margréti Frímannsdóttur og Jóhönnu Sigurðardóttur (428. mál). Í tengslum við formannafrumvarpið er jafnframt staðgreiðslufrumvarp (429. mál).

Álit minni hluta nefndarinnar á formlega við 421. mál, en jafnframt er fjallað um samsvarandi staðgreiðslufrumvarp, þ.e. 422. mál. Í álitinu er einnig komið inn á formannafrumvörpin.

Inngangur.

Um langt skeið hefur verið hávær umræða í þjóðfélaginu um að setja beri lög um fjármagnstekjuskatt og hefur sú umræða færst í aukana. Hér hefur þó verið um nokkurn misskilning að ræða því að fjármagnstekjur hafa verið skattlagðar til þessa eins og aðrar tekjur ef vaxtatekjur eru undanskildar. Hugtakið fjármagnstekjuskattur eins og það hefur verið notað hefur því þýtt vaxtatekjuskattur. Þess vegna er notkun hugtaksins fjármagnstekjuskattur í frumvarpi ríkisstjórnarinnar í reynd rangnefni.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar fjallar ekki um að taka upp fjármagnstekjuskatt heldur að samræma skattlagningu á sumar fjármagnstekjur, einkum með því að lækka skatta á þeim. Í greinargerð með stjórnarfrumvarpinu er sagt að markmið þess sé að taka upp samræmda skattlagningu allra fjármagnstekna einstaklinga. Til að svo geti orðið er lagður 10% skattur á vaxtatekjur, en þær hafa verið skattfrjálsar hingað til. Þrátt fyrir þessa samræmingu er ekki verið að koma á heildstæðu skattlagningarkerfi fjármagnstekna. Þeir einstaklingar, sem stunda atvinnurekstur í eigin nafni, munu áfram þurfa að greiða 42–47% tekjuskatt. Til að sleppa við það munu þeir þurfa að breyta um rekstrarform.

Jafnframt er í þessu stjórnarfrumvarpi kveðið á um að arður, söluhagnaður og leigutekjur verði skattlagðar á sama hátt og vaxtatekjur, þ.e. með 10% skatthlutfalli. Arður, söluhagnaður og leigutekjur hafa verið skattlagðar fram til þessa innan almenna tekjuskattskerfisins, þ.e. með 42–47% skatthlutfalli.

Í stjórnarfrumvarpinu er gert ráð fyrir að samræma skatt á fjármagnstekjur með 10% skatti þannig að í fyrra tilfellinu er hvað varðar vaxtatekjur um skattahækkun að ræða. Í síðara tilvikinu er hvað snertir arð, söluhagnað og leigutekjur um verulega skattalækkun að ræða.

Stjórnarfrumvarpið byggist á störfum nefndar sem fjármálaráðuneytið skipaði, en í henni áttu sæti ýmsir hagsmunaaðilar, svo og fulltrúar þingflokka. Fulltrúar þingflokka stjórnarandstöðunnar gerðu hins vegar sérstaklega grein fyrir ágreiningi sínum um nefndarálitið og kynntu að þeir mundu áskilja sér allan rétt gagnvart málinu þegar það kæmi til umfjöllunar á Alþingi.

Almennt ríkir ekki pólitískur ágreiningur um að skattleggja beri vaxtatekjur hér á landi. Allir stjórnarandstöðuflokkarnir hafa lýst yfir stuðningi við þá stefnu og ríkisstjórnin kynnti áform um fjármagnstekjuskatt í stefnuskrá sinni. Því er ljóst að álagning fjármagnstekjuskatts hér á landi nýtur mikils pólitísks stuðnings, þó svo að í umræðum á Alþingi hafi komið andstaða fram við þessi áform, einkum af hálfu nokkurra þingmanna Sjálfstæðisflokksins.

Fjármagnstekjur eru skattlagðar í langflestum nágrannalöndum okkar þannig að álagning fjármagnstekjuskatts hérlendis lýtur að samræmingu skattareglna. Vaxtatekjur eru nú skattlagðar í atvinnurekstri hérlendis, en frumvörpin fjalla að langmestu leyti um einstaklinga utan atvinnurekstrar.

Bent hefur verið á sem rök fyrir álagningu vaxtatekjuskatts að óeðlileg mismunun skapist milli sparnaðarforma ef vaxatekjur eru skattfrjálsar en arðgreiðslur og söluhagnaður skattlögð eins og almennar tekjur. Slíkt fyrirkomulag beinist gegn áhættufjárfestingu í atvinnuvegunum. Þannig sé arðbærara að fjárfesta í tekjuskattsfrjálsum verðbréfum en öðrum eignum. Þess má geta að þeir aðilar sem hafa miklar vaxtatekjur eru jafn-

framt þeir sem bæði njóta hærri tekna og eiga meiri eignir þannig að upptaka vaxtatekjuskatts hefur ákveðin tekjujöfnunaráhrif.

Hafa verður í huga að eignarskattar eru nokkru hærri hér á landi en annars staðar og oft hefur verið litið svo á að tiltölulega hár eignarskattur hérlendis komi að einhverju leyti í staðinn fyrir fjármagnstekjuskatt. Ekki er farin sú leið, hvorki í stjórnarfrumvarpinu né formannafrumvarpinu, að skoða álagningu eignarskatts samhliða upptöku fjármagnstekjuskatts.

Ástæða þess að enn hefur ekki verið tekinn upp fjármagnstekjuskattur hér á landi er pólitísk andstaða við málið sem hefur m.a. byggst á áhyggjum af hugsanlegum fjármagnsflótta og neikvæðum áhrifum á sparnað. Þessi rök hafa látið undan síga hin síðari missiri, meðal annars í kjölfar opnunar fjármagnsmarkaða til útlanda og samræmingar vaxtakjara við það sem tíðkast annars staðar. Hvorki stjórnarfrumvarpið né formannafrumvarpið gera ráð fyrir mikilli skattlagningu þannig að ekki er talin ástæða til að óttast fjárflótta, enda eru fjármagnstekjur skattlagðar í langflestum nágrannalöndunum.

Efni stjórnarfrumvarpanna.

Meginatriði stjórnarfrumvarpanna eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi verður lagður 10% skattur á fjármagnstekjur einstaklinga, þ.e. vexti, verðbætur, afföll, gengishagnað, tekjur af hlutdeildarskírteinum, tekjur af arði, leigu íbúðarhúsnæðis og söluhagnað. Áfram verður lagður 42–47% skattur á rekstrarhagnað einkaaðila.

Í öðru lagi verður skatturinn innheimtur í staðgreiðslu eftir því sem við verður komið en uppgjör fari fram í skattframtali.

Í þriðja lagi verður einstaklingum heimilt að nýta persónuafslátt sinn til greiðslu fjármagnstekjuskatts, en ekki er gert ráð fyrir sérstöku frítekjumarki. Skatturinn er heildarskattur, þ.e. reiknast af öllum vaxta- og fjármagnstekjum án frádráttar vaxta eða annars kostnaðar.

Í fjórða lagi verður skattlagning fjármagnstekna almenn og án undantekninga, þó þannig að fjármagnstekjur lífeyrissjóða eru ekki skattlagðar.

Hafa ber í huga hið tvíþætta markmið stjórnarfrumvarpanna, þ.e. að skattleggja vaxtatekjur með almennum hætti en í öðru lagi að gera arðgreiðslur og söluhagnað skattskyldan í mun lægra skattþrepi en verið hefur hingað til. Það er seinni þátturinn sem ekki hefur verið fjallað nægjanlega um í tengslum við frumvarp ríkisstjórnarinnar. Einnig kemur ekki skýrt fram í frumvarpinu sú ætlun ríkisstjórnarinnar að létta sköttum verulega af stórum hlutafjáreigendum á sama tíma og smærri sparifjáreigendur verða að búa við aukna skattheimtu.

Í greinargerð með stjórnarfrumvarpinu kemur fram að 80% af úthlutuðum arði fer til þeirra einstaklinga sem greiða skatt af arði. Þeir eru hinir eiginlegu fjárfestar í fyrirtækjum, þ.e. stórir hlutafjáreigendur, og skattar þeirra munu samkvæmt stjórnarfrumvarpinu lækka verulega. Þetta leiðir einnig til þess að væntanlega mun fjölga til muna í þessum hópi. Stjórnarfrumvarpið miðar fyrst og fremst að skattalækkun fyrir hina betur stöddu stærri hlutafjáreigendur en hefur sáralítið með almennan fjármagnstekjuskatt að gera eins og hann hefur verið ræddur undanfarin missiri.

Rökstuðningur ríkisstjórnarinnar fyrir þessum ívilnunum til handa hlutafjáreigendum er m.a. sá að aukin athafnasemi á hlutabréfamarkaði leiði til aukinna fjárfestinga í atvinnurekstri. Í stjórnarfrumvarpinu segir að þessi samræming á skattlagningu fjármagnstekna sé forsenda fyrir traustri eiginfjárstöðu íslenskra fyrirtækja og uppbyggingu

atvinnulífsins, einkum í litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Þessi rökstuðningur og aðferðafræði er meginhugsun stjórnarfrumvarpsins. Þar sem ívilnunin er einkum til eigenda en ekki fyrirtækjanna sjálfra er þessi röksemdafærsla á nokkrum brauðfótum.

Áhrif stjórnarfrumvarpanna eru m.a. þau að fjölmargir aðilar, sem nú eru skattfrjálsir, munu greiða skatt samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar og kemur það harkalega niður á líknarfélögum, íþróttafélögum og sveitarfélögum.

Talið er að skattlagning fjármagnstekna samkvæmt stjórnarfrumvarpinu skili ríkissjóði u.þ.b. 800 millj. kr. á ári og er því augljóst að hér er ekki um að ræða mikla skattlagningu þegar haft er í huga að tekjur ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum eru um 120 milljarðar kr. Mikil óvissa ríkir í þessu tekjumati vegna þess að skattar hækka hjá ýmsum hópum, sérstaklega hjá almennum sparifjáreigendum, en hjá fyrirtækjum og stórum hlutafjáreigendum koma skattar til með að lækka verulega.

Ekki er talið að álagning fjármagnstekjuskatts muni hafa mikil áhrif á sparnað eða vexti og ekki er talin ástæða til þess að óttast fjárflótta vegna samþykktar þessara frumvarpa. Á það bæði við um stjórnarfrumvarpið og formannafrumvarpið.

Staðgreiðslufrumvarp ríkisstjórnarinnar, 422. mál, er fylgifrumvarp stjórnarfrumvarpsins um fjármagnstekjuskatt og fjallar um með hvaða hætti staðið verði að staðgreiðslunni og er þar fylgt almennum reglum um staðgreiðslu eins og mælt er fyrir í lögum um staðgreiðslu. Staðgreiðslufrumvarp ríkisstjórnarinnar var hins vegar illa úr garði gert í upphafi og var það gagnrýnt harkalega af hálfu skattyfirvalda. Ráðin hefur þó verið bót á því að nokkru leyti í breytingartillögum meiri hlutans.

Gallar stjórnarfrumvarpanna.

Grundvallaratriði varðandi fjármagnstekjuskatt er hvort skattleggja eigi með sambærilegum hætti tekjur af launaðri vinnu og tekjur af fjármagni. Í stjórnarfrumvörpunum er ekki farin sú leið heldur eru fjármagnstekjur skattlagðar með lægra hlutfalli en almennar launatekjur sem þýðir að frumvörpin fela ekki í sér heildstæða lausn í skattamálum þar sem hér er um sérsköttun að ræða sem nær einungis til einstaklinga með vaxtatekjur en er útfærð með ívilnandi hætti til hlutafjáreigenda varðandi arð, söluhagnað og leigutekjur. Þetta er einn alvarlegasti galli málsins í heild sinni. Fjármagnstekjuskattur ríkisstjórnarinnar miðar að lækkun skattsins, nánast afnámi hans, um leið og tekinn er upp 10% vaxtaskattur.

Minni hlutinn hefði talið mun heppilegra að skoða sérstaklega skattlagningu í atvinnulífi hér á landi, bæði skattlagningu einstaklinga utan atvinnureksturs og skattlagningu lögaðila. Í þeirri endurskoðun hefðu menn átt að líta bæði til tekjuskatts, fjármagnstekjuskatts, eignarskatts og annarra skatta og móta heildstæða stefnu sem hefði leitt til aukinna umsvifa og minni undanskota frá skatti. Sú leið er ekki farin í stjórnarfrumvörpunum heldur einungis tekinn út úr einn afmarkaður þáttur.

Skattalækkunin í frumvörpum ríkisstjórnarinnar kemur einkum þeim til góða sem eiga miklar eignir og hafa háar tekjur, en íþyngjandi þáttur frumvarpsins lendir á smærri sparifjáreigendum. Bent hefur verið á að með því að halda vaxtatekjum utan skattkerfisins með sérstökum vaxtaskatti, eins og stjórnarfrumvörpin gera ráð fyrir, hafa sveitarfélög engar tekjur af vaxtatekjum einstaklinga sem er vitaskuld mikið misræmi og hefur kallað á mjög mikla óánægju hjá sveitarfélögum.

Helsta breytingin, sem felst í stjórnarfrumvörpunum, að horfið er frá þeirri meginreglu íslenskra skattalaga að leggja heildartekjur til grundvallar við ákvörðun tekjuskatts, er ámælisverð. Hún felur í sér aðgreiningu skattskyldra tekna í launa- og lífeyristekjur

annars vegar og tekjur af eignum hins vegar og skattleggur þær á mismunandi hátt. Hér er ekki gætt jafnræðis milli þegna landsins.

Lækkun skattlagningar á arði, söluhagnaði og leigutekjum niður í 10% kemur eingöngu þeim tekjuhæstu til góða, léttir skattbyrði þeirra og hefur í för með sér verulegan tilflutning á skattlagningu sem gengur þvert á sjónarmið greiðslugetu, tekjujöfnunar og jafnræðis.

Benda má á að í frumvörpunum er gert ráð fyrir að verð hlutabréfa verði fært upp með útgáfu jöfnunarhlutabréfa og arðgreiðslur miðaðar við slíkt uppfært verð. Þetta þýðir að skattfrjáls arður mun aukast, auk þess sem frádráttarbærum þáttum hjá fyrirtækjum mun jafnframt fjölga með þessari breytingu. Í íslenskum fyrirtækjum er mjög mikið af ónotuðum jöfnunarhlutabréfaheimildum sem nýtast eftir lögfestingu þessa frumvarps til að koma fé til eigenda fyrirtækjanna með mun lægri sköttum en áður.

Eitt hið alvarlegasta í stjórnarfrumvörpunum er það að aðilar munu vitaskuld freista þess að taka tekjur sínar inn sem arðgreiðslur í stað þess að þær séu skattlagðar sem launatekjur. Þannig er mikill munur á stjórnarfrumvörpunum og formannafrumvörpunum og hefur ítrekað verið bent á þetta af skattyfirvöldum.

Samþykkt stjórnarfrumvarpanna gerir þeim aðilum, sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur í eigin nafni, mögulegt að breyta þeim rekstri í einkahlutafélag og taka út úr því félagi í formi arðs verulegan hluta þess fjár sem áður hefur verið skattlagt hjá þeim sem reiknað endurgjald eða rekstrarhagnaður. Með því að taka það út úr fyrirtækjum sem arð verður það einungis skattlagt með 10% skatti í stað rúmlega 40% nú. Ekki þurfa miklar breytingar að verða til þess að skatttekjur ríkisins minnki verulega. Þannig ríkir veruleg óvissa í tekjuöflun stjórnarfrumvarpsins, sérstaklega hvað varðar hina ívilnandi útfærslu gagnvart stærri hlutafjáreigendum.

Við afgreiðslu síðustu fjárlaga var settur fjármagnstekjuskattur á eldri borgara. Það var gert þannig að tekjutengdar bætur voru skertar um 50% af vaxtatekjum þessara einstaklinga. Tekinn var upp fjármagnstekjuskattur þegar á síðasta hausti en einungis á ellilífeyrisþega. Stjórnarandstaðan gagnrýndi þá málsmeðferð harkalega þar sem hún taldi að ekki væri sanngjarnt að þessi eini hópur yrði að greiða fjármagnstekjuskatt. Þá var því lofað að við samræmingu fjármagnstekna, sem væri þá væntanleg á næsta vori, þ.e. núna, yrðu þessi mál endurskoðuð. Það er hins vegar ekki gert í stjórnarfrumvörpunum né í breytingartillögum meiri hlutans.

Þetta kemur því þannig út hjá eldra fólki að tekjutengdar bætur eru skertar um fjármagnstekjur og það þarf til viðbótar að greiða 10% fjármagnstekjuskatt. Af þessu er augljóst að ríkisstjórnin ber hag eldra fólks ekki fyrir brjósti. Það er skattlagt alveg sérstaklega og við afgreiðslu fjárlaga er gengið á loforð um að skoða þessi mál í samhengi við almenna álagningu fjármagnstekjuskatts.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar felur í sér tvö meginatriði, þ.e. nýtt skattkerfi vegna vaxtatekna sem er búið til við hliðina á gildandi tekjuskattskerfi og hins vegar aðrar fjármagnstekjur, svo sem arð af hlutabréfum, leigutekjur og söluhagnað, lagað að hinu nýja 10% skattkerfi. Þessar tekjur eru þannig teknar út úr gildandi skattkerfi. Stjórnarfrumvörpin hefðu frekar átt að ganga út á það að finna góða útfærslu á skattlagningu vaxtatekna, en það er einmitt það sem frumvarp formannanna fjallar um. Því hefði verið með öllu ástæðulaust að lækka skatta af hlutabréfum, leigutekjum og söluhagnaði eins og stjórnarfrumarpið gerir ráð fyrir. Með því móti er ekkert annað gert en að láta eignafólk fá verulega skattalækkun með stjórnarfrumvarpinu.

Því ber að hafa skýrt í huga að frumvörp ríkisstjórnarinnar fela ekki í sér skref í átt að fjármagnstekjuskatti. Hér er miklu frekar farin sú leið að hygla stórum hlutafjáreigendum auk þess sem hagsmunum lífeyrissjóðanna er mjög vel borgið með því að undanþiggja þá fjármagnstekjuskattinum. Með samþykkt þessa frumvarps er borgunum landsins skipt í tvo aðskila hópa. Annars vegar launafólk og einstaklinga í rekstri sem greiða 42–47% af tekjum sínum. Hins vegar fjármagnseigendum sem greiða 10% af tekjum sínum.

Hægt er að taka dæmi um félag sem hefði greitt 10% arð, alls 50 millj. kr., og ef 30 eigendur hefðu átt í þessu félagi þyrftu þeir samkvæmt núgildandi skattalögum að greiða 19,3 millj. kr. í skatt. Ef hins vegar frumvörp ríkisstjórnarinnar verða samþykkt munu þessir eigendur hlutafjárins einungis greiða 5 millj. kr. í skatt. Þeir fá þannig 14,3 millj. kr. skattalækkun, auk þess sem hlutafélagið fær lækkun skatta þar sem skattfrjáls úthlutun arðs er hækkuð. Um verulegar fjárhæðir getur verið að ræða, sérstaklega ef fyrirtækið á miklar og ónýttar heimildir til útgáfu jöfnunarhlutabréfa. Einnig er hægt að sýna fram á einfalt dæmi um 800 millj. kr. söluhagnað eigenda sem seldu hlutabréf í fyrirtæki sínu. Í núverandi kerfi mundu þeir greiða u.þ.b. 330 millj. kr. í skatt. Frumvörp ríkisstjórnarinnar gera hins vegar ráð fyrir að þeir muni einungis greiða um 80 millj. kr. Í þessu dæmi er um skattalækkun að ræða sem nemur um 250 millj. kr. Mikilvægt er að vekja ítrekað athygli á því að samþykkt stjórnarfrumvarpanna þýðir að einstaklingar munu reyna eftir því sem þeir geta að taka til sín greiðslur í formi arðs í stað launa vegna þess að arðgreiðslur og vaxtagreiðslur eru einungis skattlagðar með 10% skatti en laun eru skattlögð með 42–47% skatthlutfalli.

Skattyfirvöld hafa bent mjög ítrekað á þennan galla stjórnarfrumvarpanna sem mun kalla á aukin undanskot. Það hefði verið hægt að mæta þessu að hluta með því að setja hámark á arðgreiðslur sem væru skattlagðar með 10% hlutfalli, en stjórnarmeirihlutinn tók einmitt það atriði út við lokaafgreiðslu málsins.

Í stjórnarfrumvörpunum er ekki gætt að því að samræma skattlagningu mismunandi tegunda fjármagnstekna. Þvert á móti er búið til sérstakt kerfi sem hyglar þeim sem eiga mikið hlutafé, auk þess sem ekki er fullvíst nema síður sé að þetta muni örva atvinnulíf.

Benda má á að ýmis fyrirtæki hafa tekið út hundruð milljóna króna úr rekstri sínum og munu gera það áfram á miklu lægri skattprósentu heldur en tíðkaðist. Þekktasta dæmið um þetta er þegar hluthafar Sameinaðra verktaka greiddu nokkur hundruð milljóna króna til eigendanna, en slík útgreiðsla verður nú skattlögð með mun lægra hlutfalli en áður. Hér er öllu snúið á haus í eðlilegri skattlagningu. Nú bíða 2–3 milljarðar kr. af óskattlögðu eigin fé Sameinaðra verktaka þess að frumvarp ríkisstjórnarinnar verði samþykkt. Góð gjöf það.

Íslensk fyrirtæki búa samt við eitt hagstæðasta skattkerfi og rekstrarumhverfi í Evrópu. Skattar íslenskra fyrirtækja sem hlutfall af landsframleiðslu eru með því lægsta sem þekkist í Evrópu og skatthlutfall fyrirtækja sem er 33% í tekjuskatti er mjög lágt miðað við það sem gengur og gerist í nágrannalöndunum.

Minni hlutinn bendir á að íslensk fyrirtæki njóta þeirrar sérstöðu að geta dregið arð frá tekjum áður en tekjuskattur er lagður á. Það hlutfall hefur hingað til verið 10% en er með breytingartillögu meiri hlutans lækkað niður í 7%. Hins vegar ber að hafa í huga að þessi 7% eru hlutfall af mun hærri fjárhæð, eða af mögulegri jöfnunarhlutabréfaútgáfuheimild. Það þekkist ekki í nágrannalöndunum að fyrirtæki geti dregið útborgaðan arð

frá tekjum sínum í þessu formi sem íslensk fyrirtæki geta gert. Hér er enn eitt dæmið um ívilnandi þátt til fyrirtækja hérlendis miðað við önnur lönd.

Frumvörp ríkisstjórnarinnar fela þannig fyrst og fremst í sér að lækkaðir eru skattar á einstaklinga sem eiga hlutabréf og þeim mun meira sem eign þeirra er meiri. Það gerir þessa einstaklinga ríkari og öflugri, en það flokkast ekki undir bætt rekstrarskilyrði atvinnulífsins heldur er einungis tilfærsla á skattbyrði.

Vitaskuld hefði átt að skoða almennt skattlagningu í atvinnulífi, ef það var tilgangur þessara frumvarpa, og stjórnarandstaðan hefði getað lagt til mörg efnisatriði við þá umræðu, t.d. endurskipulagingu á eignarskatti og veltusköttum, svo og aukna frádráttarbærni varðandi rannsóknir og þróunarvinnu innan fyrirtækja og lengingu tímabila sem flytja má tap eða hagnað milli ára. Allar þessar aðgerðir hefðu getað stuðlað að öflugra atvinnulífi og kerfisbreytingu sem hefði horft til bóta í stað þess að hyglað sé þeim fáu efnuðu einstaklingum sem fyrst og fremst njóta velvildar ríkisstjórnarflokkanna með útfærslu þessara frumvarpa sem hér er til umræðu.

Frumvörpin munu þannig leiða af sér tekjutap fyrir ríkissjóð, og það tekjutap verður bætt upp með skattahækkun hjá almenningi því að ljóst er að frumvörpin eiga ekki að leiða til tekjulækkunar fyrir ríkissjóð.

Bent skal á að í stjórnarfrumvarpinu um breytingar á lögum nr. 75/1981 eru lagðar til mjög miklar breytingar á einum flóknustu ákvæðum skattalaga án þess að það sé skýrt nákvæmlega í greinargerð og ekki er fjallað um hin miklu áhrif þessara breytinga á tekjur ríkissjóðs. Þetta mun þýða að skattfrjáls útborgun á arði getur margfaldast og það leitt til lækkunar á skatttekjum ríkissjóðs svo að skipti hundruðum milljóna króna. Forsvarsmenn frumvarpsins hafa ekki getað borið á móti þessum áhrifum af samþykkt frumvarpsins og er mjög ámælisvert að ekki skuli liggja fyrir betri útreikningar og kannanir á áhrifum þess.

Söluhagnaður hlutabréfa er færður úr 42–47% skatti niður í 10% sem þýðir að í fjölmörgum tilfellum, þar sem uppsafnaður hagnaður frá fyrri árum er mikill í fyrirtækjum, eru eigendum hlutafjár í slíkum fyrirtækjum færðar milljónir eða milljónatugir.

Hér er rétt að vekja athygli á möguleika til útgáfu jöfnunarhlutabréfa, en frádráttur fyrirtækja miðast við þá heimild. Það er vitað að heimildir íslenskra fyrirtækja eru mjög miklar til jöfnunarhlutabréfaútgáfu sem mun margfalda möguleika þeirra til frádráttar. Ekki var hægt að fá upplýst í nefndinni hve ónotaðar jöfnunarhlutabréfaheimildir væru miklar hjá íslenskum fyrirtækjum. Því er rennt algerlega blint í sjóinn við útfærslu fjármagnstekjuskattsins í stjórnarfrumvörpunum og eru þetta mjög ámælisverð vinnubrögð.

Skattfrelsismörk hjá launafólki eru nú 58.500 kr. á mánuði. Hins vegar eru skattleysismörk einstaklings sem hefur eingöngu tekjur af eignum, þ.e. arðstekjur, vaxtatekjur, söluhagnað eða leigu, 245.000 kr. á mánuði. Þannig þýðir þetta að skattleysismörk hjá hjónum gagnvart eignatekjum eru um 5,9 millj. kr. á ári. Það þýðir að fólk getur verið með söluhagnað, arðstekjur eða vaxtatekjur allt að 6 millj. kr. á ári án þess að greiða nokkurn skatt. Einnig má benda á að séu hjón með tvö börn yfir 16 ára aldri geta þau hagað tekjuskráningu sinni þannig að þau séu skattlaus þrátt fyrir allt að 12 millj. kr. tekjur á ári. Það er augljóst hvílík fásinna það er að setja slík ívilnandi ákvæði handa þeim sem best mega sín í þjóðfélaginu.

Efnisatriði formannafrumvarpsins.

Fjármagnstekjuskattsfrumvarp flokksformannanna er miklu einfaldara í sniðum en stjórnarfrumvarpið. Það gerir ráð fyrir að fella skattlagningu á vaxtatekjum inn í núverandi skattkerfi, þ.e. að vaxtatekjur myndi sameiginlegan skattstofn með öðrum tekjum en ekki sé búið til nýtt skattkerfi eins og stjórnarfrumvarpið gerir ráð fyrir.

Í formannafrumvarpinu er í fyrsta lagi gert ráð fyrir að frá vaxtatekjum skuli draga 40 þús. kr. hjá einstaklingi en 80 þús. kr. hjá hjónum.

Í öðru lagi skulu 60% af því sem eftir stendur leggjast við skattstofn sem skattskyldar tekjur.

Í þriðja lagi er eitt af meginatriðum formannafrumvarpsins það að innheimt er í staðgreiðslu og endanlegt uppgjör fari fram við álagningu. Þetta er sambærilegt við stjórnarfrumvarpið.

Í fjórða lagi er upplýsingaskyldu stjórnvalda ekki breytt og er það sambærilegt við stjórnarfrumvarpið.

Í fimmta lagi er hins vegar ekki gert ráð fyrir að breyta skattlagningu á arði, söluhagnaði og leigutekjum frá því sem nú er.

Síðasta atriðið er einna mikilvægast í samanburði þessara frumvarpa. Formannafrumvarpið fjallar eingöngu um skattlagningu á vaxtatekjur innan núverandi skattkerfis en það eru ekki gerðar ívilnandi ráðstafanir handa hlutafjáreigendum eins og gert er í stjórnarfrumvarpinu. Jafnframt er formannafrumvarpið þannig upp byggt að það fellur algerlega inn í núverandi skattkerfi með sérstöku frítekjumarki.

Minni hlutinn telur að útfærslan í formannafrumvarpinu sé mun betri en í stjórnarfrumvarpinu vegna þess að fjármagnskattur er felldur inn í núverandi skattkerfi en ekki búið til sérstakt skattkerfi fyrir fjármagnstekjur. Minni hluti nefndarinnar telur algjörlega ótímabærar hinar ívilnandi ráðstafanir gagnvart hlutafjáreigendum eins og þær koma fram í stjórnarfrumvarpinu.

Útfærsla formannafrumvarpsins er einnig algeng í öðrum löndum. Einn kostur formannafrumvarpsins er sá að ekki er breytt neinu gagnvart þeim aðilum sem nú eru undanþegnir skattskyldu eins og líknarfélög, íþróttafélög eða sveitarfélög sem verða fyrir þungum búsifjum með stjórnarfrumvarpinu. Ekkert slíkt gerist með lögfestingu formannafrumvarpsins þar sem það nær einungis til þeirra aðila sem nú þegar eru skattskyldir.

Einn meginmunurinn á frumvörpunum tveimur snýr að sveitarfélögum en upprunaleg útfærsla stjórnarfrumvarpsins gerði ráð fyrir að rýra tekjur þeirra um tæpar 300 millj. kr. Formannafrumvarpið hefði hins vegar aukið þær um nokkur hundruð milljónir, þar sem það hefði verið fellt inn í almennt skattaumhverfi. Þetta skiptir vitaskuld verulegu máli við mat á þessum tveimur aðferðum.

Sú aðferð í formannafrumvarpinu að einungis 60% af vaxtatekjum séu reiknaðar til skattstofns svarar til þess að þar er verið að skattleggja raunvaxtahluta tekna. Með þessari aðferð er náð nokkuð utan um það sjónarmið, sem oft hefur heyrst, að ekki sé eðlilegt að skattleggja nafnvexti heldur raunvexti. Skattlagning á raunvöxtum hefur oft verið skoðuð en menn hafa horfið frá henni vegna hinnar flóknu aðferðafræði sem það krefst. Minni hlutinn styður það sjónarmið að skattleggja beri nafnvexti eins og reyndar er gert í báðum frumvörpunum.

Persónuafsláttur nýtist í formannafrumvarpinu til að greiða vaxtaskattinn sem þýðir það að hinir tekjulægstu sem hafa lágar vaxtatekjur verða eftir sem áður skattlausir. Meðalskattur á vexti samkvæmt formannafrumvarpinu verður í upphafi í kringum 11% en fer í liðlega 18% þegar skattlagning er komin að fullu til framkvæmda.

Sú skattlagning sem viðkemur fyrirtækjarekstri, þ.e. breikkun vaxtahugtaksins þannig að það nái til arðs, söluhagnaðar og leigutekna, hefði þurft að skoðast í mun víðara samahengi en gert er í stjórnarfrumvarpinu.

Staðgreiðslufrumvarp formannanna er einföld útfærsla og er fylgifrumvarp með fjármagnstekjuskattsfrumvarpinu. Gert er ráð fyrir í formannafrumvarpinu að innheimta skattinn í staðgreiðslu eins og stjórnarfrumvarpið gerir ráð fyrir.

Breytingartillögur meiri hlutans.

Meiri hlutinn leggur til verulegar breytingar á báðum stjórnarfrumvörpunum. Þær eru helstar:

Í fyrsta lagi að sett verði hámark á söluhagnað sem er skattlagður með 10% hlutfalli. Þetta hámark er 3 millj. kr. fyrir einstakling og 6 millj. kr. fyrir hjón en tekjur umfram það af þessum þáttum verði skattlagðar með almennu skatthlutfalli, þ.e. 42–47%.

Í öðru lagi verður heimilt að fresta skattlagningu söluhagnaðar um tvö ár ef viðkomandi hefur keypt nýtt hlutafé á þeim tíma. Þetta á við um þá aðila þar sem söluhagnaður er meiri en 3 millj. kr. á einstakling eða 6 millj. kr. á hjón.

Í þriðja lagi verður hámark á frádrætti arðs hjá fyrirtækjum lækkað úr 10% í 7%.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að leigutekjur og hagnaður vegna eignasölu verði undanþeginn fjármagnstekjuskatti hjá aðilum sem eru ekki skattskyldir, t.d. sveitarfélög, líknarfélög, íþróttafélög o.fl. Hjá þessum aðilum verða skattlagðar vaxtatekjur og arður.

Fyrrgreind fjögur atriði eru efnisbreytingar frá upphaflegu frumvarpi. Einnig eru í breytingartillögum meiri hlutans ýmsir þættir útfærðir skýrar en áður, m.a. að ótvírætt sé að heimilt verði að gefa út jöfnunarhlutabréf og það notað sem viðmiðun við arðsúthlutun til aðila og til frádráttar hjá fyrirtækjum.

Jafnframt eru frádráttarheimildir vegna fjármagnstekna gerðar mun skýrari með breytingartillögum meiri hlutans. Vaxtaskattur er gerður hlutlaus gagnvart barnabótaauka og vaxtatekjur koma til frádráttar vaxtabótagrunni með almennum 6% frádrætti í stað endurgreiðslu eins og fyrirhugað var í frumvarpinu. Jafnframt er kveðið á um að seljendur hlutabréfa í áður skráðum félögum geti valið milli viðmiðunar við jöfnunarhlutabréfaheimildir eða uppreiknaðs kaupverðs. Almennt gildir við eigendaskipti hin almenna regla um mismun á sölu- og kaupverði þegar reiknaður er söluhagnaður.

Breytingartillögur við staðgreiðslufrumvarp ríkisstjórnarinnar eru verulegar, þar á meðal er fellt inn í lögin ákvæði um upplýsingaskyldu, skatteftirlit og skattrannsóknir, innheimtumenn, refsingar, málsmeðferð og fyrningar og uppgjör staðgreiðslu. Hér eru teknir inn kaflar úr núgildandi lögum um staðgreiðslu, nr. 45/1987.

Aðrar breytingar á staðgreiðslufrumvarpinu eru smávægilegar, þar á meðal er hlutdeildarsjóðum skylt að senda sundurgreint yfirlit til skattgreiðenda, fellt er niður ákvæði um að endurgreiða oftekna staðgreiðslu með dráttarvöxtum og skattfrelsi forseta Íslands er staðfest í staðgreiðslufrumvarpinu.

Breytingartillögur meiri hlutans við fjármagnstekjuskattsfrumvarp ríkisstjórnarinnar eru almennt til bóta, sérstaklega hvað varðar ákvæðið um hámark við skattlagningu söluhagnaðar í 10% skatthlutfalli og einnig að hámark frádráttar hjá fyrirtækjum verði lækkað úr 10% niður í 7%. Fjölmargar breytingartillagna meiri hlutans lúta hins vegar einungis að tæknilegri útfærslu einstakra atriða.

Í breytingartillögu sem lögð var fram á fundi nefndarinnar af meiri hlutanum og ættuð var úr fjármálaráðuneyti var gert ráð fyrir að setja þak á arð og söluhagnað þannig að arður og söluhagnaður sem væri undir 3 millj. kr. á einstakling og 6 millj. kr. á hjón yrði skattlagður með 10% skatti, en það sem umfram færi væri skattlagt með almennu skatthrepi, þ.e. 42–47%.

Stjórnarliðar drógu hins vegar þessa tillögu til baka og breyttu henni þannig að þeir tóku út ákvæði um þak á arðgreiðslu. Breytingartillaga stjórnarmeirihlutans hljóðar nú einungis upp á að sett er þak á söluhagnað en ekki á arðgreiðslu. Þessi breytingartillaga þýðir að í reynd er ekkert þak á tekjum á söluhagnaði einstaklinga í þeirri útfærslu sem meiri hluti nefndarinnar leggur til.

Ein breytingartillaga meiri hlutans gengur út á að hægt sé að fresta skattlagningu söluhagnaðar um tvö ár ef aðilar, sem hafa meiri tekjur en nemur 3 millj. kr. á einstakling og 6 millj. kr. á hjón, fjárfesta aftur innan tveggja ára í verðbréfum eða hlutabréfum. Með þessari aðferð geta einstaklingar í reynd frestað skattlagningu söluhagnaðar endalaust.

Þetta er öldungis ófær útfærsla af hálfu meiri hlutans, ekki síst í ljósi þeirrar tillögu sem unnið var með um nokkurn tíma og m.a. kynnt ýmsum hagsmunaaðilum, þ.e. að sett yrði þak á arðgreiðslur í 10% skatthlutfalli. Minni hlutinn studdi þá breytingartillögu meiri hlutans og taldi að með því hefði verið komið til móts við gagnrýni sem minni hlutinn hafði uppi um stjórnarfrumvarpið.

Umsagnir.

Fjölmargar umsagnir bárust nefndinni og m.a. fer Öryrkjabandalag Íslands þess á leit við Alþingi að séð verði til þess að félög fatlaðra og sjóðir þeirra verði undanþegin fjármagnstekjuskatti, en þessi félög eru nú undanþegin tekju- og eignarskatti. Ekki er orðið við þessari ósk í breytingartillögu meiri hlutans að öðru leyti en því að leigutekjur þeirra verða ekki skattskyldar. Þessi félög, líknarfélög, íþróttafélög og sveitarfélög verða öll að greiða fjármagnstekjuskatt af vaxtatekjum sínum og söluhagnaði ef einhver er.

Bandalag háskólamanna leggur til að fjármagnstekjur verði skattlagðar á hliðstæðan hátt og aðrar tekjur í skattkerfinu eftir því sem unnt er. Það er einmitt þessi stefna sem endurspeglast í formannafrumvarpinu en gengið þvert á hana í stjórnarfrumvarpinu.

Samband lánastofnana bendir á að vaxtatekjur lífeyrissjóða verði undanþegnar skattinum og það kveður upp úr um að hér sé alls ekki um að ræða samræmda skattlagningu fjármagnstekna. Þar segir jafnframt: „Núverandi ríkisstjórn hefur heildarendurskoðun lífeyrismála á verkefnaskrá sinni og hefur viðskiptaráðherra lýst þeirri skoðun sinni að mikilvægt sé að sett verði lög um stöðu og hlutverk þeirra og séreignasjóða lífeyrisréttinda og að launafólki verði heimilað að greiða hluta lífeyrisgjalds í slíka sjóði að eigin vali. Spyrja má hvort undanþága frá fjármagnstekjuskatti fyrir lífeyrissjóðina sé ekki til þess fallin að viðhalda núverandi lífeyrissparnaðarkerfi og tefja þær nauðsynlegu breytingar sem um hefur verið rætt.“ Ekki er hlustað á athugasemdir Sambands lánastofnana um að lífeyriskerfið skuli skoðað í heild, þar með talin skattlagning vaxtatekna þeirra.

BSRB leggst gegn því að fjármagnstekjur séu undanskildar tekjuskattsgrunni. Það vill að fjármagnstekjur séu skattlagaðar á sama hátt og aðrar tekjur. Einnig leggst bandalagið gegn því að auka skattlagningu ýmissa félagasamtaka, líknarstofnana og sjálfseignarstofnana og styrktarsjóða, eins og gert er ráð fyrir í stjórnarfrumvarpinu. Benda má á að BSRB fékk ekki að eiga fulltrúa í þeirri nefnd sem samdi frumvarpið.

Afstaða BSRB til breytingartillagna meiri hlutans er sú að það telur að hér sé aðeins um lagatæknileg atriði að ræða. Það breyti ekki því að til standi að koma á tvískiptu tekjuskattskerfi. Eitt kerfi með háu tekjuskattshlutfalli sé sett fyrir launafólk og lífeyrisþega en annað fyrir þá sem hafa tekjur af eignum og greiða munu lága eða enga tekjuskatta. Bandalagið telur að með samþykkt frumvarpsins verði horfið frá þeirri grundvallarreglu í skattlagningu að þegnarnir séu skattlagðir eftir greiðslugetu.

Segja má að verði stjórnarfrumvarpið að lögum sé þessu snúið við því að tekjuhæstu einstaklingarnir koma til með að greiða minnst til samfélagsins. BSRB telur einnig að með þessum tillögum séu opnaðar nýjar leiðir til að skjóta tekjum undan skatti. Með því að létta skatti af arðgreiðslum og söluhagnaði er ójafnræði og óréttlæti aukið í stað þess að draga úr því.

Blindravinafélagið leggst gegn þessari skattlagningu sem beinist að því eins og öðrum líknarfélögum. Samkvæmt upplýsingum félagsins tíðkast slíkir skattar á samtök af þessu tagi hvergi í nágrannalöndunum. Félagið segir það slysalegt ef Alþingi uppgötvar áður óþekktan skatt, líknarfélagaskattinn. Með þessu hafa frjáls félagasamtök á sviði líknarmála fundið nýja nafngift á þetta stjórnarfrumvarp, „líknarfélagaskattinn“, og er það ósvinna að ekki skuli hafa verið tekið tillit til ábendinga þeirra.

Í stjórnarfrumvarpinu eru fjármagnstekjur lífeyrissjóða undanþegnar skattinum. Í umsögn Sambands íslenskra viðskiptabanka segir eftirfarandi um þennan þátt:

„Fyrir þessari tillögu eru færð fern rök í skýrslu nefndarinnar sem fyllsta ástæða hefði verið til að útlista nánar því að rökin eru umdeilanleg. Þetta er þeim mun mikilvægara þar sem meginmarkmiðið með frumvörpunum er að samræma skattlagningu fjármagnstekna. Undanþága lífeyrissjóðanna þýðir hins vegar að skattstofninn rýrnar um 17,5 milljarða kr. og verður aðeins 13 milljarða kr. Að frátöldum vaxtatekjum ríkis og sveitarfélaga lækkar skattstofninn í 11 milljarða. kr. Hér er því augljóslega ekki um samræmda skattlagningu fjármagnstekna að ræða.

Að mati Sambands íslenskra viðskiptabanka hefði verið ástæða til að kanna mun betur hvort ekki væri rétt að skattleggja fjármagnstekjur lífeyrissjóðanna í stað þess að undanþiggja þær. Með því að fella niður almenna tekjuskattsskyldu af þeim hluta lífeyrisgreiðslna sem samsvara uppsöfnuðum fjármagnstekjum má koma í veg fyrir tvísköttun. Undanþága af þessu tagi gefur til kynna að sparnaður í lífeyrissjóðakerfinu standi öðrum sparnaði framar. Enn fremur er hún til þess fallin að ýta enn frekar undir þá vafasömu skoðun að lífeyrissjóðakerfið sé svo sérstakt að um það geti ekki gilt almennar reglur. Í þessu sambandi er ástæða til að rifja upp að enn hafa ekki verið sett almenn lög um starfsemi lífeyrissjóða og er það í hrópandi andstöðu við það sem gildir um aðra aðila á fjármagnsmarkaði.“

Hér er um mjög mikilvæga athugasemd að ræða, þ.e. hið sérstaka skattfrelsi lífeyrissjóðanna, en af ýmsum umsagnaraðilum er þetta talið skekkja mjög samkeppnisstöðu á fjármagnsmarkaði. Með því að undanskilja langstærsta aðilann sem hefði greitt fjármagnstekjuskatt, jafnvel þó að hluti af honum væri undanþeginn til að koma í veg fyrir tvísköttun, þá er stigið skref til mismununar á íslenskum fjármagnsmarkaði í stað þess að endurskoða lífeyrissjóðakerfið í heild.

Samtök íslenskra verðbréfafyrirtækja benda á að þessi útfærsla í stjórnarfrumvarpinu gagnvart hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða geri samkeppnisstöðuna mun lakari, m.a. vegna þess að lífeyrissjóðir eru undanþegnir skattinum. Hér er enn og aftur bent á að þessi mikilvæga undanþága getur raskað samkeppnisstöðu á fjármagnsmarkaði.

Neytendasamtökin telja eðlilegt að allar tekjur séu skattlagðar með sama hætti og það eigi við fjármagnstekjur eins og aðrar tekjur. Þau óttast að fjármagnseigendum verði hlíft við skattlagningu fjármagnstekna sinna. Benda má á að formannafrumvarpið gerir einmitt ráð fyrir því að fjármagnstekjur séu skattlagðar eins og aðrar tekjur.

Rauði kross Íslands, eins og Blindravinafélagið, beinir þeirri ósk til Alþingis að hann verði undanþeginn þessum fjármagnstekjuskatti, en ekki er farið að þeim tilmælum og koma hér enn og aftur fram áhrif líknarfélagaskattsins.

Að beiðni minni hlutans svöruðu ýmsar stofnanir tilteknum spurningum í tengslum við frumvörpin.

Skattrannsóknarstjóri telur að frumvörpin feli ekki í sér möguleika til skila- eða skattsvika umfram þá sem kunnir eru úr innheimtu opinberra gjalda. Hann bendir hins vegar á að í stjórnarfrumvörpunum séu fyrir „alls kyns möguleikar á skattundandrætti, skilasvikum og skattasniðgöngu“.

Í umsögn skattrannsóknarstjóra segir jafnframt: „Í því sambandi er rétt að hafa í huga að fjármagnstekjur eru mjög ólíkar tekjur í eðli sínu. Þar má nefna að söluhagnaður og arður lýtur allt öðrum lögmálum en vextir, gengishagnaður eða afföll. Mjög oft fer saman arðsmóttaka og launagreiðslur frá sama aðila. Sömuleiðis er það oft á tíðum arðsmóttakandi sem ákveður arðsgreiðsluna. Með fjölgun hlutafélaga og einkahlutafélaga þar sem einstaklingsrekstur er færður yfir í félagaform mun fara saman í æ auknum mæli greiðsla á arði og greiðsla launa. Augljós er þá sú hætta að óeðlilega stór hluti greiðslna verði færður sem arður sem ella væri meðhöndlaður sem laun. Verður að telja öruggt að einhver hópur sjálfstætt starfandi einstaklinga muni breyta formi rekstrar síns í því skyni að lækka skattgreiðslur sínar með því að taka fé út úr félögunum í formi arðs að svo miklu leyti sem eigið fé félags leyfir slíkt.“

Enn fremur segir í umsögn skattrannsóknarstjóra:

„Verulegir hagsmunir munu verða af því að stofna einkahlutafélög og fá greiðslur frá þeim í formi arðs. Þá er frádráttarmöguleiki félagsins á arðgreiðslunni umtalsverður hvati til formbreytingar á atvinnurekstri.“

Í umsögn ríkisskattstjóra kemur fram að samkvæmt formannafrumvarpinu mun skatturinn skila sér fyrr og eftirliti verður betur við komið en ef einungis er um að ræða einn gjalddaga og eina skilagrein á liðnu tekjuári. Hafa ber í huga að ríkisskattstjóri telur að engin tæknileg vandamál séu fólgin í því að skattleggja fjármagnstekjur með þeim hætti sem bæði formannafrumvarpið og stjórnarfrumvarpið gera ráð fyrir. Í umsögn ríkisskattstjóra segir: „Hins vegar er ljóst að ef allar fjármagnstekjur verða skattlagðar með mun lægri skattprósentu en launatekjur mun það örugglega hafa þau áhrif að þeir sem eiga þess kost munu taka út laun í formi vaxta, arðs eða leigu.“

Þessar athugasemdir skattrannsóknarstjóra og ríkisskattstjóra eru alvarlegar og þær fela í sér áfellisdóm yfir stjórnarfrumvarpinu. Jafnframt bendir ríkisskattstjóri á að það geti verið ýmsum erfiðleikum bundið að halda utan um það kerfi sem gert er ráð fyrir í stjórnarfrumvarpinu og þetta muni skapa ýmsa erfiðleika í skattframkvæmdinni.

Í umsögn Seðlabanka Íslands kemur fram að hin fyrirhugaða skattlagning, bæði í formannafrumvarpinu og stjórnarfrumvarpinu, er talin hófleg miðað við það sem gerist í mörgum nágrannalandanna og það sé ekki hægt að sjá að hún muni stuðla að umtalsverðum fjárflótta.

Þjóðhagsstofnun telur að þjóðhagsleg áhrif beggja frumvarpanna, þ.e. stjórnarfrumvarpsins og formannafrumvarpsins, séu tiltölulega lítil og að álagning 10% skatts á fjármagnstekjur geti ekki talist mikil skattlagning. Hins vegar bendir Þjóðhagsstofnun á að útfærsla stjórnarfrumvarpsins þýði hættu á tilfærslu milli launatekna og arðgreiðslu eftir því sem við verður komið. Hún telur einnig afar erfitt að greina þar á milli og er þetta sambærilegt við athugasemdir skattyfirvalda við stjórnarfrumvarpinu.

Í umsögn Þjóðhagsstofnunar kemur fram að hún telur að formannafrumvarpið feli í sér meiri tekjujöfnun og jafnari eignaskiptingu í framtíðinni en stjórnarfrumvarpið. Hins vegar er bent á að heildaáhrif á tekju- og eignaskiptingu séu ekki mjög mikil, en þó er sagt að þessi áhrif séu þeim eigna- og tekjumeiri í hag samkvæmt stjórnarfrumvarpinu miðað við formannafrumvarpið. Þannig er ljóst af umsögn Þjóðhagsstofnunar að hún gerir sér fullkomlega ljóst hverjir munu hagnast meira á þessari útfærslu ríkisstjórnarinnar í stjórnarfrumvarpinu. Það eru hinir eigna- og tekjumeiri sem hafa hagnað af því.

Samband íslenskra sveitarfélaga leggst gegn stjórnarfrumvarpinu um fjármagnstekjuskatt. Það telur að árlegt tekjutap sveitarfélaganna muni nema 155 millj. kr. Auk þess munu greiðslur til ríkissjóðs aukast um 84 millj. kr. Þannig þýðir samþykkt frumvarpsins 239 millj. kr. fjárhagstjón fyrir sveitarfélögin í landinu. Samband íslenskra sveitarfélaga telur að með þessu sé stefnt í hættu samningum um flutning grunnskólaverkefna frá ríki til sveitarfélaga. Sambandið bendir á að til að framfylgja grunnskólalögunum var samið um að ríkið greiddi sveitarfélögunum 265 millj. kr. á næstu fjórum árum, en með álagningu fjármagnstekjuskattsins í því formi sem ríkisstjórnin leggur til er sú umsamda fjárhæð næstum öll tekin til baka. Það telur að traust sveitarstjórnarmanna á samningagerð við ríki munu bresta og enginn friður verði um önnur fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga.

Taka ber þessar athugasemdir Sambands íslenskra sveitarfélaga mjög alvarlega. Það bendir á að á fundi með fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra hafi verið gefnar yfirlýsingar sem það túlkaði sem svo að sveitarfélögin mundu verða jafnsett fyrir og eftir samþykkt þessa frumvarps. Samband íslenskra sveitarfélaga telur að við endanlega gerð frumvarpsins hafi ekki verið komið til móts við þá samþykkt og bendir á að það hefði verði hægt að hækka hlutdeild sveitarfélaganna í staðgreiðslu um tæpt 0,1 prósentustig.

Það segir einnig í áliti Sambands íslenskra sveitarfélaga:

„Útilokað er að fallast á annað en að samtímis því að lög um fjármagnstekjuskatt öðlist gildi verði sveitafélögunum bætt fjárhagsleg áhrif þeirrar lagasetningar. Ef það verður ekki tryggt er eindregið lagt til að afgreiðslu stjórnarfrumvarps um fjármagnstekjuskatt verði frestað á yfirstandandandi þingi.“

Tillögur minni hlutans.

Meginniðurstaða minni hlutans er að stjórnarfrumvarpið um fjármagnstekjuskatt, þ.e. mál 421, sé verulega gallað og breytingartillögur meiri hlutans bæti þar lítið úr.

Minni hlutinn bendir á að hin einfalda útfærsla í formannafrumvarpinu hefði verið mun heppilegra skref til að koma á vaxtaskatti hér á landi en það sem stjórnarfrumvarpið gerir ráð fyrir. Leggja ber áherslu á að stjórnarfrumvarpið hefur fyrst og fremst þau áhrif að léttar eru skattbyrðir hjá hlutafjáreigendum, einkum hinum stærri, og lækkaðar skattgreiðslur hjá fyrirtækjum.

Á sama tíma er skattbyrðin þyngd hjá almennum launamanni og almennum sparifjáreiganda. Þetta er röng efnahagsstefna og dýru verði keypt að taka upp svokallaðan fjármagnstekjuskatt, enda hefur útfærsla ríkisstjórnarinnar lítið með það hugtak að gera.

Minni hlutinn telur að þetta mál verði að vinna betur, m.a. verði að gæta að samræmingu gagnvart lífeyrisþegnum eins og áður var heitið. Einnig eru sveitarfélögin mjög ósátt við stjórnarfrumvarpið og telja rétt að fresta málinu frekar en að hlutur þeirra sé fyrir borð borinn.

Minni hlutinn leggur því til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** og það verði lagt fram í endurskoðuðu formi í upphafi næsta þings í haust. Slík vinnubrögð eru eðlileg miðað við að hér er um gallað frumvarp að ræða sem mun hafa alvarlegar afleiðingar og nær ógjörningur verður að vinna eftir því eins og það er nú útfært.

Verði þessi tillaga minni hlutans ekki samþykkt leggur hann fram breytingartillögu um að setja hámark á þær tekjur sem eru skattlagðar sem fjármagnstekjur, þ.e. arðs-, vaxta- og leigutekjur, með 10% skattinum.

Minni hlutinn gerir ekki athugasemd við staðgreiðslufrumvarp ríkisstjórnarinnar. Það er eðlilegt fylgifrumvarp með þeirri útfærslu sem gert er ráð fyrir í stjórnarfrumvarpinu. Breytingartillögur, sem lagðar eru til af hálfu meiri hlutans við staðgreiðslufrumvarpið, eru til bóta, en þær fela m.a. í sér að sett eru mun fyllri ákvæði um staðgreiðslu af vaxtaskattinum.

Samþykkt stjórnarfrumvarpanna mun leiða til verulegrar tilfærslu á fjármunum til þeirra betur stöddu í þjóðfélaginu. Þess vegna hefði verið rétt að stíga skrefin hægar en gert er og fara þá leið sem formennirnir leggja til í sínu frumvarpi. Í nefndinni náðist ekki samstaða um þá útfærslu og heldur ekki um að taka út úr stjórnarfrumvarpinu hin sérstöku ívilnandi ákvæði gagnvart stærri hluthöfum. Auðséð er að ríkisstjórnin ætlar sér með þessu frumvarpi enn og aftur að hygla þeim sem betur mega sín.

Alþingi, 29. maí 1996.

Ágúst Einarsson, frsm. Steingrímur J. Sigfússon. Sighvatur Björgvinsson.

1118. Breytingartillaga [421. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (ÁE, SJS, SighB).

Við 1. efnismgr. 7. gr. bætist tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Ákvæði þessarar málsgreinar taka þó ekki til vaxtatekna, arðs og hagnaðar af sölu hlutabréfa, þar með talið við innlausn þeirra, t.d. við slit og lækkun hlutafjár, ef hagnaðurinn fer fram úr

3.000.000 kr. hjá einstaklingi og 6.000.000 kr. hjá hjónum. Fer um skatthlutfall og álagningu á slíkan arð og söluhagnað eftir ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar og skulu reglur 4. mgr. um tekjuviðmiðun ekki eiga við um umframfjárhæðina.

1119. Tillaga til þingsályktunar [538. mál]

um fullgildingu samnings um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim.

(Lögð fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim sem samþykktur var í New York 4. ágúst 1995.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Hinn 4. ágúst 1995 lauk úthafsveiðiráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í New York með því að 112 ríki auk Evrópusambandsins samþykktu samhljóða bindandi alþjóðasamning um veiðar á úthafinu. Voru þá liðin rúm þrjú ár frá því að samkomulag varð um það á umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna að kalla ráðstefnuna saman. Samningurinn hefur almennt gengið undir nafninu úthafsveiðisamningurinn, en rétt heiti hans er samningur um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim. Samningurinn liggur frammi til undirritunar í eitt ár frá og með 4. desember 1995 og var Ísland í hópi þeirra ríkja sem undirrituðu hann þann dag. Hann mun öðlast gildi 30 dögum eftir að 30 ríki hafa tilkynnt um fullgildingu hans. Hins vegar er gert ráð fyrir að ríki geti af fúsum og frjálsum vilja beitt samningnum til bráðabirgða sín á milli þar til hann hefur tekið gildi.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á ofangreindum samningi. Er hann prentaður sem fylgiskjal með þingsályktunartillögunni.

Samkvæmt frumvarpi til laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands eru sköpuð skilyrði til þess að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum.

Hér á eftir verður til einföldunar notað heitið úthafsveiðisamningurinn, enda lýsir það vel meginviðfangsefni samningsins sem er stjórnun veiða á úthafinu. Langflestir þeirra fiskstofna, sem veitt er úr á úthafinu, teljast annaðhvort deilistofnar, þ.e. stofnar sem halda sig bæði innan og utan lögsögu ríkja, eða víðförulir fiskstofnar og falla því undir samninginn. Sem dæmi um deilistofna má nefna norsk–íslenska síldarstofninn, úthafskarfann á Reykjaneshrygg, íslenska loðnustofninn og þorskstofninn í Barentshafi. Helstir víðförulla fiskstofna eru túnfiskstofnar víðs vegar í heiminum.

Hér verður gerð stutt grein fyrir helstu efnisatriðum úthafsveiðisamningsins og þýðingu hans, en fyrst farið nokkrum orðum um tildrög og tilgang úthafsveiðiráðstefnunnar.

Tildrög og tilgangur úthafsveiðiráðstefnunnar.

Með hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna frá 1982 voru settar ítarlegar reglur um landhelgina, efnahagslögsöguna og landgrunnið. Hins vegar má segja með nokkrum rétti að úthafið hafi verið skilið eftir. Áfram var fylgt þeirri hefðbundnu meginreglu þjóðaréttar að veiðar á úthafinu væru öllum ríkjum frjálsar. Þær reglur, sem settar voru um verndun fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim á úthafinu og takmarka áttu þetta frelsi, voru of almenns eðlis til að geta þjónað tilgangi sínum og þörfnuðust nánari útfærslu. Það var hlutverk úthafsveiðiráðstefnunnar að bæta hér úr, nánar til tekið að útfæra nánar ákvæði hafréttarsamningsins um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim og hrinda þeim í framkvæmd. Sú staðreynd þrýsti mjög á að ráðstefnan yrði haldin að sókn í fiskimiðin á úthafinu hefur stóraukist og leitt til ofveiði þar víða um heim. Er nú svo komið að um 70% fiskstofna í heiminum eru fullnýttir, ofnýttir eða að hruni komnir samkvæmt skýrslu Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAO. Þjóðir heims hafa í vaxandi mæli gert sér grein fyrir því að koma verður í veg fyrir stjórnlausar fiskveiðar á úthafinu. Allar þær deilur, sem sprottið hafa á undanförnum árum um þessar veiðar, hafa og fært mönnum heim sanninn um nauðsyn bindandi samkomulags.

Helstu efnisatriði úthafsveiðisamningsins.

Yfirlýst markmið samningsins er að tryggja langtímaverndun og sjálfbæra nýtingu deilistofna og víðförulla fiskstofna. Segja má að samningurinn byggist á eftirfarandi fimm meginþáttum.

Almennar reglur og varúðarleiðin.

Fyrsti meginþátturinn eru þær reglur sem verndun stofnanna og stjórnun veiða úr þeim skulu byggð á. Hér er annars vegar um að ræða hinar almennu reglur 5. gr. samningsins, en meðal þeirra er sú að verndunar- og stjórnunarráðstafanir skuli byggðar á bestu vísindalegu niðurstöðum sem tiltækar eru. Þessu tengd eru ákvæðin um söfnun gagna um veiðar sem nánar er fjallað um í I. viðauka við samninginn og um eflingu vísindarannsókna. Hins vegar er hér um að ræða ákvæði 6. gr. um varúðarleiðina. Þar er m.a. gert ráð fyrir að ríki skuli sýna sérstaka varúð þegar upplýsingar um viðkomandi stofn eru óvissar eða ónógar. Einnig er ríkjum skylt að ákvarða svonefnd viðmiðunarmörk fyrir hvern stofn um sig, en nánar er fjallað um þau í II. viðauka við samninginn.

Þær reglur, sem hér hafa verið nefndar, gilda ekki aðeins á úthafinu, heldur einnig innan lögsögu ríkja og svo er einnig um ákvæði 7. gr. sem fjallað er um hér á eftir.

Svæðisbundið samstarf.

Annar meginþáttur úthafsveiðisamningsins og kjarni hans eru reglur III. hluta hans um samstarf ríkja. Þar er gert ráð fyrir að strandríki og úthafsveiðiríki starfi saman á vettvangi svæðisbundinna veiðistjórnarstofnana að verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim. Ef fyrir hendi er svæðisbundin stofnun, sem er bær til að ákveða verndunar- og stjórnunarráðstafanir vegna tiltekinna stofna, skulu ríki sem veiða úr stofnunum á úthafinu og viðkomandi strandríki uppfylla samstarfsskyldu sína með því að gerast aðilar að stofnuninni ef þau eru það ekki fyrir. Aðild að slíkri stofnun er opin öllum ríkjum á jafnræðisgrundvelli sem hafa raunverulega hagsmuni af viðkomandi fiskveiðum. Ríki telst væntanlega hafa raunverulega hagsmuni af veiðum úr stofni ef það hefur stundað slíkar veiðar eða ef stofninn heldur sig að einhverju leyti inn-

an efnahagslögsögu þess. Þetta skilyrði hefur mikla þýðingu, því að aðeins þau ríki, sem eru aðilar að slíkri stofnun eða fallast á að hlíta þeim verndunar- og stjórnunarráðstöfunum er stofnunin hefur ákveðið, eiga möguleika á að fá aðgang að þeim auðlindum sem þessar ráðstafanir ná til. Það að ríki fái aðild að slíkri stofnun leiðir þó ekki sjálfkrafa til þess að það fái veiðiheimildir. Það ræðst af þeim viðmiðunarreglum sem taldar eru upp í 11. gr. samningsins og vikið er að hér á eftir. Ef svæðisbundin veiðistjórnarstofnun er ekki fyrir hendi skulu viðkomandi strandríki og þau ríki, sem veiða úr viðkomandi stofni á úthafinu, í sameiningu koma henni á fót.

Innan svæðisstofnunar skulu ríki m.a. koma sér saman um verndunar- og stjórnunarráðstafanir vegna viðkomandi stofna, ákvarða leyfilegan heildarafla úr stofnunum, úthluta kvótum til einstakra ríkja, ákveða hver veiðisókn skuli vera, setja reglur um veiðar og veiðarfæri, taka saman og dreifa gögnum um veiðarnar, fylgjast með ástandi stofnanna og setja reglur um eftirlit með veiðunum.

Samþýðanleiki verndunar- og stjórnunarráðstafana.

Þriðji meginþátturinn, sem samningurinn byggist á, er ákvæði 7. gr. hans um að verndunar- og stjórnunarráðstafanir fyrir úthafið annars vegar og efnahagslögsögu ríkja hins vegar skuli vera samþýðanlegar. Sem dæmi um slíkar ráðstafanir má nefna ákvörðun um skiptingu leyfilegs heildarafla úr stofni á milli úthafssvæðis annars vegar og lögsögu ríkja hins vegar. Sérstaklega er tekið fram að við ákvörðun samþýðanlegra verndunar- og stjórnunarráðstafana skuli ríki taka tillit til þeirra ráðstafana sem strandríki hafa ákveðið og þau beita vegna sömu stofna innan lögsögu sinnar og tryggja að ráðstafanir, sem samþykktar eru vegna þessara stofna á úthafinu, grafi ekki undan áhrifum þessara ráðstafana. Hér er annars vegar tekið tillit til þess að fiskstofnarnir eru líffræðilegar heildir sem samræmd stjórn þarf að vera á og hins vegar þess að strandríki hafa samkvæmt hafréttarsamningnum óskoraðan fullveldisrétt yfir auðlindum í efnahagslögsögu sinni.

Meðal annarra atriða, sem taka skal tillit til við ákvörðun samþýðanlegra verndunar- og stjórnunarráðstafana, er dreifing viðkomandi stofns og veiðarnar úr honum, þ.e. í hve miklum mæli stofninn heldur sig og veitt er úr honum á úthafinu annars vegar og innan lögsögu ríkja hins vegar. Einnig má nefna að taka skal tillit til þess að hve miklu leyti strandríki og úthafsveiðiríki eru háð veiðum úr viðkomandi stofni hvor um sig. Ísland lagði mikla áherslu á þetta ákvæði á úthafsveiðiráðstefnunni og varði það þegar önnur ríki lögðu til að það yrði fellt brott úr samningsdrögunum.

Þó að úthafsveiðisamningurinn hafi þannig að geyma viðmiðunarreglur um skiptingu leyfilegs heildarafla úr stofni á milli úthafssvæðis annars vegar og lögsögu ríkja hins vegar inniheldur hann engar almennar viðmiðunarreglur um skiptingu kvóta milli einstakra ríkja. Hinum svæðisbundnu veiðistjórnarstofnunum er látið eftir að ákveða hvaða viðmið skuli lögð til grundvallar skiptingu kvóta milli aðildarríkja þeirra.

11. gr. samningsins felur þó í sér mikilvæga undantekningu frá þessu, en þar er kveðið á um ýmsar viðmiðunarreglur við ákvörðun veiðiréttinda nýrra aðildarríkja að svæðisstofnunum. Meðal þess, sem taka skal tillit til, er ástand viðkomandi stofna, veiðihagsmunir einstakra ríkja, framlög þeirra til verndunar og stjórnunar og til vísindarannsókna, þarfir strandbyggða sem byggja afkomu sína að mestu leyti á veiðum úr viðkomandi stofnum og síðast en ekki síst þarfir strandríkja ef efnahagur þeirra er í mjög miklum mæli háður fiskveiðum. Síðastnefnda ákvæðið var tekið inn í samninginn fyrir frumkvæði Íslands, enda er leitun að öðru ríki sem það á jafnvel við um.

Þrátt fyrir að þessar viðmiðunarreglur eigi samkvæmt orðanna hljóðan aðeins við í þeim tilvikum þegar veiðiréttindi nýrra aðildarríkja að svæðisstofnunum eru ákvörðuð er ljóst að þær verða hafðar til hliðsjónar einnig í öðrum tilvikum, enda er um almennt viðurkennd viðmið að ræða sem ríki hafa lagt til grundvallar skiptingu kvóta sín á milli.

Eftirlit og framkvæmdarvald.

Fjórði meginþátturinn, sem úthafsveiðisamningurinn er reistur á, eru ákvæði V. og VI. hluta hans um eftirlit og framkvæmdarvald. Þeirri meginreglu þjóðaréttarins er fylgt að eftirlit með því að fiskiskip virði verndunar- og stjórnunarreglur á úthafinu og framfylgd þeirra sé fyrst og fremst í höndum fánaríkisins, þ.e. þess ríkis sem skipið er skráð í. Samningurinn leggur þá skyldu á herðar fánaríkinu að það stjórni veiðum skipa sinna á úthafinu með því að leyfisbinda þær og að það banni þeim skipum að stunda veiðar sem ekki hafa tilskilin leyfi.

Ekki er þó látið við eftirlit og framfylgd af hálfu fánaríkja einna sitja. Strandríkin lögðu áherslu á það á úthafsveiðiráðstefnunni að misbrestur gæti orðið á því að fánaríki sinntu skyldum sínum í þessum efnum eins og dæmin sýndu, bæði vegna skorts á getu og vilja. Því væri nauðsynlegt að veita öðrum ríkjum heimildir að þessu leyti. Úthafsveiðisamningurinn yrði marklaust plagg ella. Í 21. gr. samningsins er mjög komið til móts við þessi sjónarmið strandríkjanna. Þar er gert ráð fyrir að öll aðildarríki samningsins, sem eru aðilar að svæðisstofnun, hafi rétt til að hafa eftirlit með fiskiskipum annarra aðildarríkja samningsins á því úthafssvæði sem stofnunin nær til og jafnframt til að fara með framkvæmdarvaldið gagnvart þeim sinni fánaríkið ekki skyldu sinni í því efni. Þannig gæti t.d. strandríki gripið í taumana og stöðvað ólöglegar veiðar skips á úthafinu ef fánaríkið léti undir höfuð leggjast að gera það. Ákvæði 21. gr. var lengi vel þyrnir í augum margra úthafsveiðiríkja og reyndar helsti ásteytingarsteinninn á ráðstefnunni. Til að stuðla að almennu samkomulagi um ákvæðið var komið til móts við sjónarmið úthafsveiðiríkja með því m.a. að takmarka framkvæmdarvald annarra ríkja en fánaríkisins við svonefnd alvarleg brot sem talin eru upp í ákvæðinu og setja strangar og nákvæmar reglur um meðferð þessa valds til að koma í veg fyrir misbeitingu þess.

Loks gerir samningurinn ráð fyrir að hafnríki fari með hefðbundið eftirlitsvald samkvæmt þjóðarétti og að þeim sé einnig heimilt að setja lög sem geri stjórnvöldum þeirra kleift að banna löndun á afla sem veiddur hefur verið í trássi við gildandi verndunar- og stjórnunarreglur.

Lausn deilumála.

Fimmti og síðasti meginþáttur úthafsveiðisamningsins eru ákvæði VIII. hluta hans um friðsamlega lausn deilumála. Sú leið er farin að láta ákvæði hafréttarsamningsins um skyldubundna og bindandi lausn deilumála gilda um deilur milli aðildarríkja úthafsveiðisamningsins. Deilur þessar geta annars vegar lotið að túlkun eða beitingu samningsins sjálfs og hins vegar að túlkun eða beitingu svæðisbundins fiskveiðisamnings um deilistofna eða víðförula fiskstofna sem ríkin eru aðilar að. Hér undir falla m.a. deilur um verndun þessara stofna og stjórnun veiða úr þeim. Ljóst er að það er afar mikilvægt að ríkjum, sem ekki geta komið sér saman um ráðstafanir til verndunar tiltekins stofns og stjórnunar veiða úr honum, skuli opin sú leið að skjóta deilumáli sínu til alþjóðlegs dómstóls eða gerðardóms til bindandi úrlausnar.

Þýðing úthafsveiðisamningsins.

Þegar þýðing úthafsveiðisamningsins er vegin og metin er rétt að hafa í huga það markmið hans að tryggja langtímaverndun og sjálfbæra nýtingu deilistofna og víðförulla fiskstofna. Ljóst er að langtímahagsmunir allra fiskveiðiþjóða eru í því fólgnir að þessu markmiði verði náð og að bundinn verði endi á stjórnlausar veiðar úr þessum stofnum á úthafinu víðs vegar í heiminum. Engin ríki eiga þó meira undir því en ríki sem byggja afkomu sína að mjög miklu leyti á fiskveiðum eins og Ísland.

Sérstakir hagsmunir strandríkja af verndun þessara stofna og stjórnun veiða úr þeim eru viðurkenndir með ýmsum hætti í samningnum. Skýrasta dæmið um það er e.t.v. áðurnefnt ákvæði 7. gr. um að við ákvörðun samþýðanlegra verndunar- og stjórnunarráðstafana skuli ríki taka tillit til þeirra ráðstafana sem strandríki hafa ákveðið og þau beita vegna sömu stofna innan lögsögu sinnar og tryggja að ráðstafanir, sem samþykktar eru vegna þessara stofna á úthafinu, grafi ekki undan áhrifum þessara ráðstafana. Annað dæmi er ákvæði 21. gr., sem áður er nefnt, en samkvæmt því hafa önnur ríki en fánaríki oft einnig rétt til að hafa eftirlit með fiskiskipum annarra ríkja á úthafinu og jafnframt til að fara með framkvæmdarvaldið gagnvart þeim í ákveðnum tilvikum. Vegna landfræðilegrar nálægðar og hagsmuna sinna af því að verndunar- og stjórnunarreglur séu virtar á úthafinu er við því að búast að strandríkin komi fyrst og fremst til með að hafa þetta hlutverk á hendi og hefur ákvæðið því sérstaka þýðingu fyrir þau. Loks má nefna ákvæði 4. gr. samningsins um að ákvæði hans skuli ekki hafa áhrif á réttindi, lögsögu og skyldur ríkja samkvæmt hafréttarsamningnum og að ákvæðin skuli túlkuð til samræmis við ákvæði hans. Þetta er afar mikilvægt fyrir strandríkin, enda er með þessu tryggt að ákvæði úthafsveiðisamningsins skerði ekki á neinn hátt fullveldisrétt þeirra innan efnahagslögsögunnar samkvæmt hafréttarsamningnum.

Óhætt er því að fullyrða að almennir hagsmunir strandríkja séu eftir atvikum vel tryggðir í úthafsveiðisamningnum. Jafnframt er þar viðurkennd sérstaða strandríkja á borð við Ísland sem eru í mjög miklum mæli háð fiskveiðum, eins og áður er vikið að. Ljóst er að þegar ákvarðanir eru teknar um verndun og stjórnun veiða á deilistofnum, sem halda sig bæði innan og utan íslensku efnahagslögsögunnar, t.d. norsk-íslenska síldarstofninum og úthafskarfanum á Reykjaneshrygg, skal taka tillit til þessarar sérstöðu Íslands. Og réttindi Íslands á fjarlægari miðum eru tryggð í þeim tilvikum þegar veiðireynsla er fyrir hendi og skilyrðinu um raunverulega hagsmuni af veiðunum þar með fullnægt, t.d. að því er varðar þorskstofninn í Barentshafi.

Af framansögðu er ljóst að úthafsveiðisamningurinn getur haft mikla þýðingu, bæði almennt séð og fyrir Ísland. Hitt er jafnljóst að hann mun ekki leysa sjálfkrafa hinar ýmsu deilur um veiðar á úthafinu, sem sprottið hafa á undanförnum árum víðs vegar í heiminum, þ.m.t. þær deilur sem Ísland er aðili að. Þar reynir fyrst og fremst á pólitískan vilja þeirra ríkja sem í hlut eiga hverju sinni. Samningurinn mun hins vegar mynda ramma um og þrýsta á um samstarf ríkja á vettvangi svæðisbundinna veiðistjórnarstofnana og þannig hvetja til lausnar hinna ýmsu deilumála.

SAMNINGUR
um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim.

Ríkin, sem aðilar eru að samningi þessum,

minna á viðeigandi ákvæði hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982,

eru staðráðin í að tryggja langtímaverndun og sjálfbæra nýtingu deilistofna og víðförulla fiskstofna,

einsetja sér að auka samstarf ríkja í því skyni,

hvetja fánaríki, hafnríki og strandríki til að framfylgja á virkari hátt þeim verndunar- og stjórnunarráðstöfunum sem ákveðnar eru vegna slíka stofna,

leitast við að taka sérstaklega á þeim vandamálum sem dregin eru fram í C-þætti 17. kafla dagskrár 21 er samþykkt var af ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun, þ.e.a.s. að stjórnun úthafsveiða sé ófullnægjandi á mörgum svæðum og að sumar auðlindir séu ofnýttar; benda á vandamál eins og stjórnlausar fiskveiðar, offjárfestingu, of stóran flota, útflöggun skipa til að komast hjá eftirliti, ónóga kjörhæfni veiðarfæra, óáreiðanlega gagnagrunna og skort á fullnægjandi samstarfi milli ríkja,

heita því að stunda ábyrgar veiðar,

gera sér ljósa nauðsyn þess að forðast skaðleg áhrif á hafið, varðveita líffræðilegan fjölbreytileika, viðhalda óröskuðum vistkerfum hafsins og draga sem mest úr hættu á langvarandi eða varanlegum afleiðingum veiða,

viðurkenna þörfina fyrir sérstaka aðstoð, þ.á m. fjárhagslega, vísindalega og tæknilega aðstoð, svo að þróunarríki geti tekið virkan þátt í verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna, stjórnun veiða úr þeim og sjálfbærri nýtingu þeirra,

eru sannfærð um að samningur um framkvæmd viðeigandi ákvæða hafréttarsamningsins muni best þjóna þessum markmiðum og stuðla að því að viðhalda friði og öryggi meðal þjóða,

staðfesta að reglur og meginreglur almenns þjóðaréttar gilda áfram um mál sem ekki eru settar reglur um í hafréttarsamningnum eða samningi þessum

og hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

AGREEMENT
for the Implementation of the Provisions of the United Nations Convention on the Law of the Sea of 10 December 1982 relating to the Conservation and Management of Straddling Fish Stocks and Highly Migratory Fish Stocks

The States Parties to this Agreement,

Recalling the relevant provisions of the United Nations Convention on the Law of the Sea of 10 December 1982,

Determined to ensure the long-term conservation and sustainable use of straddling fish stocks and highly migratory fish stocks,

Resolved to improve cooperation between States to that end,

Calling for more effective enforcement by flag States, port States and coastal States of the conservation and management measures adopted for such stocks,

Seeking to address in particular the problems identified in chapter 17, programme area C, of Agenda 21 adopted by the United Nations Conference on Environment and Development, namely, that the management of high seas fisheries is inadequate in many areas and that some resources are overutilized; noting that there are problems of unregulated fishing, over-capitalization, excessive fleet size, vessel reflagging to escape controls, insufficiently selective gear, unreliable databases and lack of sufficient cooperation between States,

Committing themselves to responsible fisheries,

Conscious of the need to avoid adverse impacts on the marine environment, preserve biodiversity, maintain the integrity of marine ecosystems and minimize the risk of long-term or irreversible effects of fishing operations,

Recognizing the need for specific assistance, including financial, scientific and technological assistance, in order that developing States can participate effectively in the conservation, management and sustainable use of straddling fish stocks and highly migratory fish stocks,

Convinced that an agreement for the implementation of the relevant provisions of the Convention would best serve these purposes and contribute to the maintenance of international peace and security,

Affirming that matters not regulated by the Convention or by this Agreement continue to be governed by the rules and principles of general international law,

Have agreed as follows:

I. HLUTI
Almenn ákvæði.
1. gr.
Notkun hugtaka og gildissvið.

1. Í samningi þessum:

a) merkir "hafréttarsamningurinn" hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982;

b) merkja "verndunar- og stjórnunarráðstafanir" ráðstafanir til verndunar einnar eða fleiri tegunda lifandi auðlinda hafsins og stjórnunar veiða á þeim sem ákveðnar eru og beitt er í samræmi við viðeigandi reglur þjóðaréttar eins og þær birtast í hafréttarsamningnum og samningi þessum;

c) felur "fiskur" einnig í sér lindýr og krabbadýr að undanskildum þeim er tilheyra botnsetutegundum eins og þær eru skilgreindar í 77. gr. hafréttarsamningsins; og

d) merkir "fyrirkomulag" samstarfskerfi sem tvö eða fleiri ríki koma á samkvæmt hafréttarsamningnum og samningi þessum í þeim tilgangi m.a. að ákveða verndunar- og stjórnunarráðstafanir fyrir undirsvæði eða svæði vegna eins eða fleiri deilistofna eða víðförulla fiskstofna.

2. a) "Aðildarríki" merkja ríki sem hafa samþykkt að vera bundin af samningi þessum og hann gildir gagnvart.

b) Samningur þessi gildir að breyttu breytanda um:

i) sérhvern aðila, sem getið er í c-, d- og e-lið 1. tl. 305. gr. hafréttarsamningsins, og

ii) sérhvern aðila, sem getið er sem "alþjóðastofnunar" í 1. gr. IX. viðauka við hafréttarsamninginn, samanber þó 47. gr.,

sem gerist aðili að samningi þessum, og að því leyti eiga "aðildarríki" við um þessa aðila.

3. Samningur þessi gildir að breyttu breytanda um aðra veiðiaðila ef skip þeirra veiða á úthafinu.

2. gr.
Markmið.

Markmið samnings þessa er að tryggja langtímaverndun og sjálfbæra nýtingu deilistofna og víðförulla fiskstofna með virkri framkvæmd viðeigandi ákvæða hafréttarsamningsins.

PART I
General provisions
Article 1
Use of terms and scope

1. For the purposes of this Agreement:

(a) „Convention" means the United Nations Convention on the Law of the Sea of 10 December 1982;

(b) „conservation and management measures" means measures to conserve and manage one or more species of living marine resources that are adopted and applied consistent with the relevant rules of international law as reflected in the Convention and this Agreement;

(c) „fish" includes molluscs and crustaceans except those belonging to sedentary species as defined in article 77 of the Convention; and

(d) „arrangement" means a cooperative mechanism established in accordance with the Convention and this Agreement by two or more States for the purpose, *inter alia,* of establishing conservation and management measures in a subregion or region for one or more straddling fish stocks or highly migratory fish stocks.

2. (a) „States Parties" means States which have consented to be bound by this Agreement and for which the Agreement is in force.

(b) This Agreement applies *mutatis mutandis:*

(i) to any entity referred to in article 305, paragraph 1 (c), (d) and (e), of the Convention and

(ii) subject to article 47, to any entity referred to as an „international organization" in Annex IX, article 1, of the Convention

which becomes a Party to this Agreement, and to that extent „States Parties" refers to those entities.

3. This Agreement applies *mutatis mutandis* to other fishing entities whose vessels fish on the high seas.

Article 2
Objective

The objective of this Agreement is to ensure the long-term conservation and sustainable use of straddling fish stocks and highly migratory fish stocks through effective implementation of the relevant provisions of the Convention.

3. gr.
Gildi.

1. Ef ekki er kveðið á um annað gildir samningur þessi um verndun og stjórnun veiða á deilistofnum og víðförulum fiskstofnum utan innlendrar lögsögu; þó gilda 6. og 7. gr. einnig um verndun og stjórnun veiða á þessum stofnum í innlendri lögsögu, í samræmi við þau mismunandi lagalegu stjórnkerfi sem gilda innan og utan innlendrar lögsögu, eins og kveðið er á um í hafréttarsamningnum.

2. Þegar strandríkið neytir fullveldisréttinda sinna að því er varðar rannsóknir, hagnýtingu, verndun og stjórnun veiða á deilistofnum og víðförulum fiskstofnum í lögsögu sinni skal það beita þeim almennu reglum, sem taldar eru upp í 5. gr., að breyttu breytanda.

3. Ríki skulu taka tilhlýðilegt tillit til getu þróunarríkja til að beita 5., 6. og 7. gr., eftir því sem við á, í innlendri lögsögu og þarfar þeirra fyrir aðstoð eins og mælt er fyrir um í samningi þessum. Í þessu augnamiði gildir VII. hluti að breyttu breytanda í innlendri lögsögu.

4. gr.
Tengsl milli samnings þessa og hafréttarsamningsins.

Ekkert í samningi þessum skal hafa áhrif á réttindi, lögsögu og skyldur ríkja samkvæmt hafréttarsamningnum. Samningur þessi skal túlkaður og honum beitt í samhengi og samræmi við hafréttarsamninginn.

II. HLUTI
Verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim.

5. gr.
Almennar reglur.

Til að vernda deilistofna og víðförula fiskstofna og stjórna veiðum úr þeim skulu strandríki og úthafsveiðiríki, þegar þau rækja skyldu sína til að starfa saman samkvæmt hafréttarsamningnum:

a) samþykkja ráðstafanir til að tryggja sjálfbærni deilistofna og víðförulla fiskstofna til lengri tíma litið og stuðla að því að markmiðinu um bestu nýtingu þeirra verði náð;

b) tryggja að þessar ráðstafanir séu byggðar á bestu tiltækum vísindalegum niður-

Article 3
Application

1. Unless otherwise provided, this Agreement applies to the conservation and management of straddling fish stocks and highly migratory fish stocks beyond areas under national jurisdiction, except that articles 6 and 7 apply also to the conservation and management of such stocks within areas under national jurisdiction, subject to the different legal regimes that apply within areas under national jurisdiction and in areas beyond national jurisdiction as provided for in the Convention.

2. In the exercise of its sovereign rights for the purpose of exploring and exploiting, conserving and managing straddling fish stocks and highly migratory fish stocks within areas under national jurisdiction, the coastal State shall apply *mutatis mutandis* the general principles enumerated in article 5.

3. States shall give due consideration to the respective capacities of developing States to apply articles 5, 6 and 7 within areas under national jurisdiction and their need for assistance as provided for in this Agreement. To this end, Part VII applies *mutatis mutandis* in respect of areas under national jurisdiction.

Article 4
Relationship between this Agreement and the Convention

Nothing in this Agreement shall prejudice the rights, jurisdiction and duties of States under the Convention. This Agreement shall be interpreted and applied in the context of and in a manner consistent with the Convention.

PART II
Conservation and management of straddling fish stocks and highly migratory fish stocks

Article 5
General principles

In order to conserve and manage straddling fish stocks and highly migratory fish stocks, coastal States and States fishing on the high seas shall, in giving effect to their duty to cooperate in accordance with the Convention:

(a) adopt measures to ensure long-term sustainability of straddling fish stocks and highly migratory fish stocks and promote the objective of their optimum utilization;

(b) ensure that such measures are based on the best scientific evidence available and are

stöðum og miði að því að stofnum sé haldið í eða komið aftur upp í stærð sem getur gefið af sér hámarkslangtímaafla, með þeim takmörkunum sem felast í viðkomandi umhverfis- og efnahagsaðstæðum, m.a. sérþörfum þróunarríkja, og að teknu tilliti til veiðimynsturs, innbyrðis tengsla stofna og almennt viðurkenndra alþjóðlegra lágmarksreglna, hvort sem þær ná til undirsvæðis, svæðis eða heimsins;

c) fylgja varúðarleiðinni samkvæmt 6. gr.;

d) meta áhrif veiða, annarrar starfsemi manna og umhverfisþátta á sóknarstofna og á tegundir er tilheyra sama vistkerfi eða eru tengdar eða háðar þeim;

e) samþykkja, þar sem þörf krefur, verndunar- og stjórnunarráðstafanir vegna tegunda, er tilheyra sama vistkerfi eða eru tengdar eða háðar sóknarstofnum, svo að stofnum þessara tegunda sé haldið ofan við eða komið aftur upp fyrir mörk þar sem viðkomu þeirra kann að verða alvarlega ógnað;

f) draga sem mest úr mengun, úrgangi, úrkasti, afla í glötuð eða yfirgefin veiðarfæri, afla af öðrum tegundum en sóknartegundum, bæði fisktegundum og öðrum tegundum, (hér eftir nefndar aðrar tegundir en sóknartegundir) og áhrifum á tengdar eða háðar tegundir, einkum tegundir í útrýmingarhættu, með því m.a., að svo miklu leyti sem unnt er, að þróa og nota veiðarfæri og veiðiaðferðir sem eru kjörhæf, hættulaus frá umhverfissjónarmiði og hagkvæm;

g) vernda líffræðilegan fjölbreytileika í hafinu;

h) gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða útiloka ofveiði og umframveiðigetu og til að tryggja að veiðisóknin sé ekki meiri en svarar til sjálfbærrar nýtingar auðlindanna;

i) taka tillit til hagsmuna fiskimanna sem stunda óvélvæddar veiðar og sjálfsþurftarveiðar;

j) safna og deila tímanlega ítarlegum og nákvæmum gögnum um veiðarnar, m.a. um staðsetningu skipa, afla af sóknartegundum og öðrum tegundum en sóknartegundum og veiðisókn, eins og lýst er í I. viðauka, svo og upplýsingum úr innlendum og alþjóðlegum rannsóknaráætlunum;

k) stuðla að og standa fyrir vísindarannsóknum og þróa viðeigandi tækni til stuðnings fiskverndun og veiðistjórn; og

designed to maintain or restore stocks at levels capable of producing maximum sustainable yield, as qualified by relevant environmental and economic factors, including the special requirements of developing States, and taking into account fishing patterns, the interdependence of stocks and any generally recommended international minimum standards, whether subregional, regional or global;

(c) apply the precautionary approach in accordance with article 6;

(d) assess the impacts of fishing, other human activities and environmental factors on target stocks and species belonging to the same ecosystem or associated with or dependent upon the target stocks;

(e) adopt, where necessary, conservation and management measures for species belonging to the same ecosystem or associated with or dependent upon the target stocks, with a view to maintaining or restoring populations of such species above levels at which their reproduction may become seriously threatened;

(f) minimize pollution, waste, discards, catch by lost or abandoned gear, catch of non-target species, both fish and non-fish species, (hereinafter referred to as non-target species) and impacts on associated or dependent species, in particular endangered species, through measures including, to the extent practicable, the development and use of selective, environmentally safe and cost-effective fishing gear and techniques;

(g) protect biodiversity in the marine environment;

(h) take measures to prevent or eliminate overfishing and excess fishing capacity and to ensure that levels of fishing effort do not exceed those commensurate with the sustainable use of fishery resources;

(i) take into account the interests of artisanal and subsistence fishers;

(j) collect and share, in a timely manner, complete and accurate data concerning fishing activities on, *inter alia,* vessel position, catch of target and non-target species and fishing effort, as set out in Annex I, as well as information from national and international research programmes;

(k) promote and conduct scientific research and develop appropriate technologies in support of fishery conservation and management; and

l) hrinda í framkvæmd og framfylgja verndunar- og stjórnunarráðstöfunum með virkri gæslu og eftirliti.

6. gr.

Notkun varúðarleiðarinnar.

1. Ríki skulu fylgja varúðarleiðinni í ríkum mæli við verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna, stjórnun veiða úr þeim og hagnýtingu þeirra í því skyni að vernda lifandi auðlindir hafsins og varðveita hafið.

2. Ríki skulu sýna meiri varúð þegar upplýsingar eru óvissar, óáreiðanlegar eða ónógar. Skorti á fullnægjandi vísindalegum upplýsingum skal ekki beitt sem rökum til að fresta eða láta hjá líða að gera verndunar- og stjórnunarráðstafanir.

3. Þegar ríki fylgja varúðarleiðinni skulu þau:

a) bæta ákvarðanatöku um verndun auðlinda og stjórnun veiða á þeim með því að afla bestu tiltækra vísindalegra upplýsinga og deila þeim og hrinda í framkvæmd skilvirkari aðferðum til að fást við áhættu og óvissu;

b) beita þeim viðmiðunarreglum sem settar eru fram í II. viðauka og ákvarða á grundvelli bestu tiltækra vísindalegra upplýsinga viðmiðunarmörk fyrir hvern stofn um sig og til hvaða aðgerða eigi að grípa sé farið fram úr þeim;

c) taka m.a. tillit til óvissu varðandi stærð og afrakstur stofnanna, viðmiðunarmörk, ástand stofnanna með tilliti til þessara viðmiðunarmarka, stig og dreifingu veiðidauða og áhrif veiða á aðrar tegundir en sóknartegundir og tengdar eða háðar tegundir, svo og til ástands sjávar og umhverfis og félagshagfræðilegra aðstæðna sem eru fyrir hendi og spáð er fyrir um; og

d) þróa gagnasöfnunar- og rannsóknaráætlanir til að meta áhrif veiða á aðrar tegundir en sóknartegundir og tengdar eða háðar tegundir og umhverfi þeirra og gera áætlanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja verndun þessara tegunda og vernda vistkerfi sem ber sérstaklega að huga að.

4. Ríki skulu gera ráðstafanir til að tryggja að þegar komið er nærri viðmiðunarmörkum verði ekki farið fram úr þeim. Ef farið er fram úr þeim skulu ríki tafarlaust grípa til þeirra aðgerða, sem ákvarðaðar eru samkvæmt b-lið 3. tl., til að koma stofnunum í samt lag aftur.

(l) implement and enforce conservation and management measures through effective monitoring, control and surveillance.

Article 6

Application of the precautionary approach

1. States shall apply the precautionary approach widely to conservation, management and exploitation of straddling fish stocks and highly migratory fish stocks in order to protect the living marine resources and preserve the marine environment.

2. States shall be more cautious when information is uncertain, unreliable or inadequate. The absence of adequate scientific information shall not be used as a reason for postponing or failing to take conservation and management measures.

3. In implementing the precautionary approach, States shall:

(a) improve decision-making for fishery resource conservation and management by obtaining and sharing the best scientific information available and implementing improved techniques for dealing with risk and uncertainty;

(b) apply the guidelines set out in Annex II and determine, on the basis of the best scientific information available, stock-specific reference points and the action to be taken if they are exceeded;

(c) take into account, *inter alia,* uncertainties relating to the size and productivity of the stocks, reference points, stock condition in relation to such reference points, levels and distribution of fishing mortality and the impact of fishing activities on non-target and associated or dependent species, as well as existing and predicted oceanic, environmental and socio-economic conditions; and

(d) develop data collection and research programmes to assess the impact of fishing on non-target and associated or dependent species and their environment, and adopt plans which are necessary to ensure the conservation of such species and to protect habitats of special concern.

4. States shall take measures to ensure that, when reference points are approached, they will not be exceeded. In the event that they are exceeded, States shall, without delay, take the action determined under paragraph 3 (b) to restore the stocks.

5. Þar sem ástand sóknarstofna ellegar annarra tegunda en sóknartegunda eða tengdra eða háðra tegunda veldur áhyggjum skulu ríki auka eftirlit með þeim í því skyni að endurmeta ástand þeirra og áhrif verndunar- og stjórnunarráðstafana. Þau skulu endurskoða þessar ráðstafanir reglulega í ljósi nýrra upplýsinga.

6. Ríki skulu ákveða eins fljótt og unnt er varfærnar verndunar- og stjórnunarráðstafanir vegna nýrra veiða eða tilraunaveiða sem fela m.a. í sér takmarkanir á afla og sókn. Slíkar ráðstafanir skulu gilda þar til fyrir hendi eru nægileg gögn til að meta áhrif veiðanna á sjálfbærni stofnanna til lengri tíma litið, en því næst skulu gerðar verndunar- og stjórnunarráðstafanir sem byggðar eru á því mati. Síðarnefndu ráðstafanirnar skulu gera ráð fyrir stigvaxandi þróun veiðanna ef við á.

7. Ef náttúrulegt fyrirbæri hefur veruleg skaðleg áhrif á deilistofna eða víðförula fiskstofna skulu ríki ákveða verndunar- og stjórnunarráðstafanir á neyðargrundvelli til að tryggja að veiðar auki ekki þessi skaðlegu áhrif. Ríki skulu einnig ákveða slíkar ráðstafanir á neyðargrundvelli þegar veiðar stofna sjálfbærni slíkra stofna í alvarlega hættu. Ráðstafanir, sem gerðar eru á neyðargrundvelli, skulu vera tímabundnar og byggðar á bestu tiltækum vísindalegum niðurstöðum.

7. gr.
Samþýðanleiki verndunar- og stjórnunarráðstafana.

1. Að óskertum fullveldisréttindum strandríkja að því er varðar rannsóknir, hagnýtingu, verndun og stjórnun veiða á lifandi auðlindum hafsins í innlendri lögsögu eins og kveðið er á um í hafréttarsamningnum og rétti allra ríkja er heimilar ríkisborgurum þeirra að stunda veiðar á úthafinu samkvæmt hafréttarsamningnum, skulu:

a) að því er varðar deilistofna, viðkomandi strandríki og önnur ríki, ef ríkisborgarar þeirra veiða úr þeim á aðlægu úthafssvæði, annaðhvort beint eða á vettvangi viðeigandi samstarfskerfa, sem kveðið er á um í III. hluta, leitast við að koma sér saman um nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda þá á aðlæga úthafssvæðinu;

5. Where the status of target stocks or non-target or associated or dependent species is of concern, States shall subject such stocks and species to enhanced monitoring in order to review their status and the efficacy of conservation and management measures. They shall revise those measures regularly in the light of new information.

6. For new or exploratory fisheries, States shall adopt as soon as possible cautious conservation and management measures, including, *inter alia*, catch limits and effort limits. Such measures shall remain in force until there are sufficient data to allow assessment of the impact of the fisheries on the long-term sustainability of the stocks, whereupon conservation and management measures based on that assessment shall be implemented. The latter measures shall, if appropriate, allow for the gradual development of the fisheries.

7. If a natural phenomenon has a significant adverse impact on the status of straddling fish stocks or highly migratory fish stocks, States shall adopt conservation and management measures on an emergency basis to ensure that fishing activity does not exacerbate such adverse impact. States shall also adopt such measures on an emergency basis where fishing activity presents a serious threat to the sustainability of such stocks. Measures taken on an emergency basis shall be temporary and shall be based on the best scientific evidence available.

Article 7
Compatibility of conservation and management measures

1. Without prejudice to the sovereign rights of coastal States for the purpose of exploring and exploiting, conserving and managing the living marine resources within areas under national jurisdiction as provided for in the Convention, and the right of all States for their nationals to engage in fishing on the high seas in accordance with the Convention:

(a) with respect to straddling fish stocks, the relevant coastal States and the States whose nationals fish for such stocks in the adjacent high seas area shall seek, either directly or through the appropriate mechanisms for cooperation provided for in Part III, to agree upon the measures necessary for the conservation of these stocks in the adjacent high seas area;

b) að því er varðar víðförula fiskstofna, viðkomandi strandríki og önnur ríki, ef ríkisborgarar þeirra veiða úr þeim á svæðinu, starfa saman, annaðhvort beint eða á vettvangi viðeigandi samstarfskerfa, sem kveðið er á um í III. hluta, með það fyrir augum að tryggja verndun og stuðla að því að náð verði markmiðinu um bestu nýtingu þeirra á öllu svæðinu, bæði innan og utan innlendrar lögsögu.

2. Verndunar- og stjórnunarráðstafanir, sem samþykktar eru fyrir úthafið, og þær, sem ákveðnar eru fyrir innlenda lögsögu, skulu vera samþýðanlegar til að tryggja verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim í heild sinni. Í þessu skyni er strandríkjum og úthafsveiðiríkjum skylt að starfa saman að því að ná fram samþýðanlegum ráðstöfunum vegna þessara stofna. Þegar samþýðanlegar verndunar- og stjórnunarráðstafanir eru ákvarðaðar skulu ríki:

a) taka tillit til verndunar- og stjórnunarráðstafana sem ákveðnar hafa verið og beitt er af strandríkjum samkvæmt 61. gr. hafréttarsamningsins vegna sömu stofna í innlendri lögsögu og tryggja að ráðstafanir, sem samþykktar eru vegna þessara stofna á úthafinu, grafi ekki undan áhrifum þessara ráðstafana;

b) taka tillit til ráðstafana sem áður hafa verið samþykktar og beitt er af viðkomandi strandríkjum og úthafsveiðiríkjum samkvæmt hafréttarsamningnum vegna sömu stofna á úthafinu;

c) taka tillit til ráðstafana sem áður hafa verið samþykktar og beitt er af veiðistjórnarstofnun eða þátttakendum í veiðistjórnarfyrirkomulagi á undirsvæði eða svæði samkvæmt hafréttarsamningnum vegna sömu stofna;

d) taka tillit til líffræðilegrar heildar og annarra líffræðilegra eiginleika stofnanna og tengslanna milli dreifingar stofnanna, veiðanna og landfræðilegra sérkenna viðkomandi svæðis, þ.á m. í hve miklum mæli stofnarnir halda sig og eru veiddir í innlendri lögsögu;

e) taka tillit til þess að hve miklu leyti strandríkin annars vegar og úthafsveiðiríkin hins vegar eru háð viðkomandi stofnum; og

f) tryggja að þessar ráðstafanir hafi ekki í för með sér skaðleg áhrif á lifandi auðlindir hafsins í heild.

(b) with respect to highly migratory fish stocks, the relevant coastal States and other States whose nationals fish for such stocks in the region shall cooperate, either directly or through the appropriate mechanisms for cooperation provided for in Part III, with a view to ensuring conservation and promoting the objective of optimum utilization of such stocks throughout the region, both within and beyond the areas under national jurisdiction.

2. Conservation and management measures established for the high seas and those adopted for areas under national jurisdiction shall be compatible in order to ensure conservation and management of the straddling fish stocks and highly migratory fish stocks in their entirety. To this end, coastal States and States fishing on the high seas have a duty to cooperate for the purpose of achieving compatible measures in respect of such stocks. In determining compatible conservation and management measures, States shall:

(a) take into account the conservation and management measures adopted and applied in accordance with article 61 of the Convention in respect of the same stocks by coastal States within areas under national jurisdiction and ensure that measures established in respect of such stocks for the high seas do not undermine the effectiveness of such measures;

(b) take into account previously agreed measures established and applied for the high seas in accordance with the Convention in respect of the same stocks by relevant coastal States and States fishing on the high seas;

(c) take into account previously agreed measures established and applied in accordance with the Convention in respect of the same stocks by a subregional or regional fisheries management organization or arrangement;

(d) take into account the biological unity and other biological characteristics of the stocks and the relationships between the distribution of the stocks, the fisheries and the geographical particularities of the region concerned, including the extent to which the stocks occur and are fished in areas under national jurisdiction;

(e) take into account the respective dependence of the coastal States and the States fishing on the high seas on the stocks concerned; and

(f) ensure that such measures do not result in harmful impact on the living marine resources as a whole.

3. Þegar ríki rækja skyldu sína til að starfa saman skulu þau gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma sér saman um samþýðanlegar verndunar- og stjórnunarráðstafanir innan hæfilegs tíma.

4. Ef ekki reynist unnt að ná samkomulagi innan hæfilegs tíma getur hvert hlutaðeigandi ríki gripið til þeirrar málsmeðferðar til lausnar deilumála sem kveðið er á um í VIII. hluta.

5. Meðan ekki næst samkomulag um samþýðanlegar verndunar- og stjórnunarráðstafanir skulu hlutaðeigandi ríki, í anda skilnings og samstarfs, gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma á nothæfu fyrirkomulagi til bráðabirgða. Reynist þau ófær um að koma sér saman um slíkt fyrirkomulag getur hvert hlutaðeigandi ríki lagt deilumálið fyrir dómstól eða dóm samkvæmt þeirri málsmeðferð til lausnar deilumála, sem kveðið er á um í VIII. hluta, í því skyni að ná fram ráðstöfunum til bráðabirgða.

6. Fyrirkomulag eða ráðstafanir til bráðabirgða, sem samþykktar eru eða mælt er fyrir um samkvæmt 5. tl., skulu taka mið af ákvæðum þessa hluta, hafa hliðsjón af réttindum og skyldum allra hlutaðeigandi ríkja, ekki tefla í tvísýnu eða hamla því að endanlegu samkomulagi verði náð um samþýðanlegar verndunar- og stjórnunarráðstafanir og ekki hafa áhrif á endanlega niðurstöðu málsmeðferðar til lausnar deilumála.

7. Strandríki skulu reglulega tilkynna ríkjum, sem veiða á úthafinu á undirsvæðinu eða svæðinu, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu viðeigandi veiðistjórnarstofnunar eða samkvæmt viðeigandi veiðistjórnarfyrirkomulagi á undirsvæðinu eða svæðinu, ellegar eftir öðrum viðeigandi leiðum, um þær ráðstafanir sem þau hafa ákveðið vegna deilistofna og víðförulla fiskstofna í lögsögu þeirra.

8. Úthafsveiðiríki skulu reglulega tilkynna öðrum ríkjum, sem hagsmuna eiga að gæta, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu viðeigandi veiðistjórnarstofnana eða samkvæmt viðeigandi veiðistjórnarfyrirkomulagi á undirsvæðum eða svæðum, ellegar eftir öðrum viðeigandi leiðum, um þær ráðstafanir sem þau hafa ákveðið til að stjórna athöfnum skipa er sigla undir fána þeirra og veiða úr þessum stofnum á úthafinu.

3. In giving effect to their duty to cooperate, States shall make every effort to agree on compatible conservation and management measures within a reasonable period of time.

4. If no agreement can be reached within a reasonable period of time, any of the States concerned may invoke the procedures for the settlement of disputes provided for in Part VIII.

5. Pending agreement on compatible conservation and management measures, the States concerned, in a spirit of understanding and cooperation, shall make every effort to enter into provisional arrangements of a practical nature. In the event that they are unable to agree on such arrangements, any of the States concerned may, for the purpose of obtaining provisional measures, submit the dispute to a court or tribunal in accordance with the procedures for the settlement of disputes provided for in Part VIII.

6. Provisional arrangements or measures entered into or prescribed pursuant to paragraph 5 shall take into account the provisions of this Part, shall have due regard to the rights and obligations of all States concerned, shall not jeopardize or hamper the reaching of final agreement on compatible conservation and management measures and shall be without prejudice to the final outcome of any dispute settlement procedure.

7. Coastal States shall regularly inform States fishing on the high seas in the subregion or region, either directly or through appropriate subregional or regional fisheries management organizations or arrangements, or through other appropriate means, of the measures they have adopted for straddling fish stocks and highly migratory fish stocks within areas under their national jurisdiction.

8. States fishing on the high seas shall regularly inform other interested States, either directly or through appropriate subregional or regional fisheries management organizations or arrangements, or through other appropriate means, of the measures they have adopted for regulating the activities of vessels flying their flag which fish for such stocks on the high seas.

III. HLUTI

Tilhögun alþjóðlegs samstarfs um deilistofna og víðförula fiskstofna.

8. gr.

Samstarf um verndun og stjórnun.

1. Strandríki og úthafsveiðiríki skulu eiga samstarf samkvæmt hafréttarsamningnum um deilistofna og víðförula fiskstofna, annaðhvort beint eða á vettvangi veiðistjórnarstofnunar eða samkvæmt veiðistjórnarfyrirkomulagi á undirsvæði eða svæði, að teknu tilliti til sérstakra einkenna undirsvæðisins eða svæðisins, til að tryggja árangursríka verndun þessara stofna og stjórnun veiða úr þeim.

2. Ríki skulu hefja viðræður tafarlaust og af trúnaði, einkum þegar sýnt þykir að viðkomandi deilistofnum og víðförulum fiskstofnum kunni að stafa hætta af ofnýtingu eða þegar verið er að þróa nýjar veiðar úr þessum stofnum. Hefja má viðræður í þessu skyni að beiðni sérhvers ríkis, sem hagsmuna á að gæta, með það fyrir augum að koma á viðeigandi fyrirkomulagi til að tryggja verndun stofnanna og stjórnun veiða úr þeim. Meðan ekki næst samkomulag um slíkt fyrirkomulag skulu ríki virða ákvæði samnings þessa og koma fram af trúnaði og með tilhlýðilegu tilliti til réttinda, hagsmuna og skyldna annarra ríkja.

3. Þegar veiðistjórnarstofnun eða þátttakendur í veiðistjórnarfyrirkomulagi á undirsvæði eða svæði eru bærir til að ákveða verndunar- og stjórnunarráðstafanir vegna tiltekinna deilistofna eða víðförulla fiskstofna skulu ríki, sem veiða úr stofnunum á úthafinu, og viðkomandi strandríki rækja skyldu sína til að starfa saman með því að gerast aðilar að stofnuninni eða þátttakendur í fyrirkomulaginu ellegar með því að fallast á að beita þeim verndunar- og stjórnunarráðstöfunum sem stofnunin eða þátttakendur í fyrirkomulaginu hafa ákveðið. Þau ríki, sem hafa raunverulega hagsmuni af viðkomandi veiðum, geta gerst aðilar að stofnuninni eða þátttakendur í fyrirkomulaginu. Þátttökuskilmálar stofnunarinnar eða fyrirkomulagsins skulu ekki útiloka slík ríki frá aðild eða þátttöku, né skal þeim beitt á þann hátt að ríki eða hópi ríkja, sem hafa raunverulega hagsmuni af viðkomandi veiðum, sé mismunað.

4. Aðeins þau ríki, sem eru aðilar að slíkri stofnun eða þátttakendur í slíku fyrirkomulagi

PART III

Mechanisms for international cooperation concerning straddling fish stocks and highly migratory fish stocks

Article 8

Cooperation for conservation and management

1. Coastal States and States fishing on the high seas shall, in accordance with the Convention, pursue cooperation in relation to straddling fish stocks and highly migratory fish stocks either directly or through appropriate subregional or regional fisheries management organizations or arrangements, taking into account the specific characteristics of the subregion or region, to ensure effective conservation and management of such stocks.

2. States shall enter into consultations in good faith and without delay, particularly where there is evidence that the straddling fish stocks and highly migratory fish stocks concerned may be under threat of over-exploitation or where a new fishery is being developed for such stocks. To this end, consultations may be initiated at the request of any interested State with a view to establishing appropriate arrangements to ensure conservation and management of the stocks. Pending agreement on such arrangements, States shall observe the provisions of this Agreement and shall act in good faith and with due regard to the rights, interests and duties of other States.

3. Where a subregional or regional fisheries management organization or arrangement has the competence to establish conservation and management measures for particular straddling fish stocks or highly migratory fish stocks, States fishing for the stocks on the high seas and relevant coastal States shall give effect to their duty to cooperate by becoming members of such organization or participants in such arrangement, or by agreeing to apply the conservation and management measures established by such organization or arrangement. States having a real interest in the fisheries concerned may become members of such organization or participants in such arrangement. The terms of participation in such organization or arrangement shall not preclude such States from membership or participation; nor shall they be applied in a manner which discriminates against any State or group of States having a real interest in the fisheries concerned.

4. Only those States which are members of such an organization or participants in such an

ellegar fallast á að beita þeim verndunar- og stjórnunarráðstöfunum er stofnunin eða þátttakendur í fyrirkomulaginu hafa ákveðið, skulu hafa aðgang að auðlindum þeim sem þessar ráðstafanir ná til.

5. Þegar ekki er fyrir hendi veiðistjórnarstofnun eða -fyrirkomulag á undirsvæði eða svæði til ákvörðunar verndunar- og stjórnunarráðstafana vegna tiltekins deilistofns eða víðförulls fiskstofns skulu viðkomandi strandríki og þau ríki, sem veiða úr þessum stofni á úthafinu á undirsvæðinu eða svæðinu, starfa saman að því að koma slíkri stofnun á fót eða koma á öðru viðeigandi fyrirkomulagi til að tryggja verndun stofnsins og stjórnun veiða úr honum og skulu taka þátt í starfi stofnunarinnar eða starfa samkvæmt fyrirkomulaginu.

6. Sérhvert ríki, er hyggst leggja til að gripið verði til aðgerða af hálfu milliríkjastofnunar sem er bær að því er varðar lifandi auðlindir, ætti, þegar þessar aðgerðir mundu hafa veruleg áhrif á verndunar- og stjórnunarráðstafanir, sem þar til bær veiðistjórnarstofnun eða þátttakendur í veiðistjórnarfyrirkomulagi á undirsvæði eða svæði hafa þegar ákveðið, að ráðfæra sig við aðila stofnunarinnar eða þátttakendur í fyrirkomulaginu á vettvangi stofnunarinnar eða samkvæmt fyrirkomulaginu. Slíkar viðræður ættu, að svo miklu leyti sem unnt er, að fara fram áður en tillagan er lögð fyrir milliríkjastofnunina.

9. gr.
Veiðistjórnarstofnanir og -fyrirkomulag á undirsvæðum og svæðum.

1. Þegar ríki koma á fót veiðistjórnarstofnunum eða -fyrirkomulagi á undirsvæðum eða svæðum vegna deilistofna og víðförulla fiskstofna skulu þau m.a. koma sér saman um:

a) til hvaða stofna verndunar- og stjórnunarráðstafanir skuli ná, að teknu tilliti til líffræðilegra eiginleika viðkomandi stofna og eðlis veiðanna úr þeim;

b) gildissvæðið, að teknu tilliti til 1. tl. 7. gr. og einkenna undirsvæðisins eða svæðisins, m.a. félagshagfræðilegra og landfræðilegra þátta og umhverfisþátta;

c) tengslin milli starfs hinnar nýju stofnunar eða þátttakenda í hinu nýja fyrirkomulagi og hlutverks, markmiða og starfsemi viðkomandi veiðistjórnarstofnana eða -fyrirkomulags sem fyrir er; og

arrangement, or which agree to apply the conservation and management measures established by such organization or arrangement, shall have access to the fishery resources to which those measures apply.

5. Where there is no subregional or regional fisheries management organization or arrangement to establish conservation and management measures for a particular straddling fish stock or highly migratory fish stock, relevant coastal States and States fishing on the high seas for such stock in the subregion or region shall cooperate to establish such an organization or enter into other appropriate arrangements to ensure conservation and management of such stock and shall participate in the work of the organization or arrangement.

6. Any State intending to propose that action be taken by an intergovernmental organization having competence with respect to living resources should, where such action would have a significant effect on conservation and management measures already established by a competent subregional or regional fisheries management organization or arrangement, consult through that organization or arrangement with its members or participants. To the extent practicable, such consultation should take place prior to the submission of the proposal to the intergovernmental organization.

Article 9
Subregional and regional fisheries management organizations and arrangements

1. In establishing subregional or regional fisheries management organizations or in entering into subregional or regional fisheries management arrangements for straddling fish stocks and highly migratory fish stocks, States shall agree, *inter alia*, on:

(a) the stocks to which conservation and management measures apply, taking into account the biological characteristics of the stocks concerned and the nature of the fisheries involved;

(b) the area of application, taking into account Article 7, paragraph 1, and the characteristics of the subregion or region, including socio-economic, geographical and environmental factors;

(c) the relationship between the work of the new organization or arrangement and the role, objectives and operations of any relevant existing fisheries management organizations or arrangements; and

d) þau kerfi sem stofnunin eða þátttakendur í fyrirkomulaginu munu nota til að afla vísindalegrar ráðgjafar og endurmeta ástand stofnanna, m.a. um stofnun vísindalegrar ráðgjafarnefndar, þar sem við á.

2. Ríki, er starfa saman að myndun veiðistjórnarstofnunar eða -fyrirkomulags á undirsvæði eða svæði, skulu tilkynna öðrum ríkjum, sem þeim er ljóst að hafa raunverulega hagsmuni af starfi hinnar áformuðu stofnunar eða þátttakenda í hinu áformaða fyrirkomulagi, um þetta samstarf.

10. gr.

Verkefni veiðistjórnarstofnana og -fyrirkomulags á undirsvæðum og svæðum.

Þegar ríki fullnægja skyldu sinni til að starfa saman á vettvangi veiðistjórnarstofnana eða samkvæmt veiðistjórnarfyrirkomulagi á undirsvæðum eða svæðum skulu þau:

a) koma sér saman um og hlíta verndunar- og stjórnunarráðstöfunum til að tryggja sjálfbærni deilistofna og víðförulla fiskstofna til lengri tíma litið;

b) koma sér saman um, eftir því sem við á, réttindi til þátttöku í veiðum, svo sem með skiptingu leyfilegs afla eða ákvörðun um veiðisókn;

c) taka upp almennt viðurkenndar alþjóðlegar lágmarksreglur um ábyrga framkvæmd veiða og beita þeim;

d) afla vísindalegrar ráðgjafar og leggja mat á hana, endurmeta ástand stofna og meta áhrif veiða á aðrar tegundir en sóknartegundir og tengdar eða háðar tegundir;

e) koma sér saman um reglur um söfnun gagna um veiðar úr stofnunum, skýrslur um þau, sannprófun þeirra og skipti á þeim;

f) taka saman og dreifa nákvæmum og ítarlegum tölulegum gögnum með þeim hætti sem lýst er í I. viðauka til að tryggja að bestu vísindalegu niðurstöður séu fyrir hendi, en jafnframt gæta trúnaðar þar sem við á;

g) stuðla að og standa fyrir vísindalegu stofnmati og viðeigandi rannsóknum og dreifa niðurstöðum þeirra;

h) koma á viðeigandi samstarfskerfum fyrir virka gæslu, eftirlit og framfylgd;

i) koma sér saman um leiðir til að koma til móts við veiðihagsmuni nýrra aðila að stofnuninni eða nýrra þátttakenda í fyrirkomulaginu;

(d) the mechanisms by which the organization or arrangement will obtain scientific advice and review the status of the stocks, including, where appropriate, the establishment of a scientific advisory body.

2. States cooperating in the formation of a subregional or regional fisheries management organization or arrangement shall inform other States which they are aware have a real interest in the work of the proposed organization or arrangement of such cooperation.

Article 10

Functions of subregional and regional fisheries management organizations and arrangements

In fulfilling their obligation to cooperate through subregional or regional fisheries management organizations or arrangements, States shall:

(a) agree on and comply with conservation and management measures to ensure the long-term sustainability of straddling fish stocks and highly migratory fish stocks;

(b) agree, as appropriate, on participatory rights such as allocations of allowable catch or levels of fishing effort;

(c) adopt and apply any generally recommended international minimum standards for the reresponsible conduct of fishing operations;

(d) obtain and evaluate scientific advice, review the status of the stocks and assess the impact of fishing on non-target and associated or dependent species;

(e) agree on standards for collection, reporting, verification and exchange of data on fisheries for the stocks;

(f) compile and disseminate accurate and complete statistical data, as described in Annex I, to ensure that the best scientific evidence is available, while maintaining confidentiality where appropriate;

(g) promote and conduct scientific assessments of the stocks and relevant research and disseminate the results thereof;

(h) establish appropriate cooperative mechanisms for effective monitoring, control, surveillance and enforcement;

(i) agree on means by which the fishing interests of new members of the organization or new participants in the arrangement will be accommodated;

j) koma sér saman um aðferðir við ákvarðanatöku sem gera kleift að ákveða verndunar- og stjórnunarráðstafanir tímanlega og á skilvirkan hátt;

k) stuðla að friðsamlegri lausn deilumála samkvæmt VIII. hluta;

l) tryggja fullt samstarf viðeigandi innlendra stjórnarstofnana og atvinnugreina við að framkvæma tillögur og ákvarðanir stofnunarinnar eða þátttakenda í fyrirkomulaginu; og

m) kynna með viðeigandi hætti þær verndunar- og stjórnunarráðstafanir sem stofnunin eða þátttakendur í fyrirkomulaginu hafa ákveðið.

(j) agree on decision-making procedures which facilitate the adoption of conservation and management measures in a timely and effective manner;

(k) promote the peaceful settlement of disputes in accordance with Part VIII;

(l) ensure the full cooperation of their relevant national agencies and industries in implementing the recommendations and decisions of the organization or arrangement; and

(m)give due publicity to the conservation and management measures established by the organization or arrangement.

11. gr.
Nýir aðilar eða þátttakendur.

Þegar ríki ákvarða eðli og umtak réttinda nýrra aðila að veiðistjórnarstofnun eða nýrra þátttakenda í veiðistjórnarfyrirkomulagi á undirsvæði eða svæði til þátttöku í veiðum skulu þau m.a. taka tillit til:

a) ástands deilistofnanna og hinna víðförulu fiskstofna og hve mikil veiðisóknin er;

b) hagsmuna, veiðimynsturs og veiðiaðferða nýrra og eldri aðila eða þátttakenda hvorra um sig;

c) framlaga nýrra og eldri aðila eða þátttakenda hvorra um sig til verndunar stofnanna og stjórnunar veiða úr þeim, til söfnunar og dreifingar á nákvæmum gögnum og til vísindarannsókna á stofnunum;

d) þarfa strandbyggða sem byggja afkomu sína að mestu leyti á veiðum úr stofnunum;

e) þarfa strandríkja ef efnahagur þeirra er í mjög miklum mæli háður hagnýtingu lifandi auðlinda hafsins; og

f) hagsmuna þróunarríkja frá undirsvæðinu eða svæðinu ef stofnarnir halda sig einnig í lögsögu þeirra.

Article 11
New members or participants

In determining the nature and extent of participatory rights for new members of a subregional or regional fisheries management organization, or for new participants in a subregional or regional fisheries management arrangement, States shall take into account, *inter alia:*

(a) the status of the straddling fish stocks and highly migratory fish stocks and the existing level of fishing effort in the fishery;

(b) the respective interests, fishing patterns and fishing practices of new and existing members or participants;

(c) the respective contributions of new and existing members or participants to conservation and management of the stocks, to the collection and provisions of accurate data and to the conduct of scientific research on the stocks;

(d) the needs of coastal fishing communities which are dependent mainly on fishing for the stocks;

(e) the needs of coastal States whose economies are overwhelmingly dependent on the exploitation of living marine resources; and

(f) the interests of developing States from the subregion or region in whose areas of national jurisdiction the stocks also occur.

12. gr.
Gagnsæi í starfsemi veiðistjórnarstofnana og þátttakenda í veiðistjórnarfyrirkomulagi á undirsvæðum og svæðum.

1. Ríki skulu sjá til þess að aðferðir veiðistjórnarstofnana og þátttakenda í veiðistjórnarfyrirkomulagi á undirsvæðum og svæðum við ákvarðanatöku og önnur starfsemi þeirra séu gagnsæ.

Article 12
Transparency in activities of subregional and regional fisheries management organizations and arrangements

1. States shall provide for transparency in the decision-making process and other activities of subregional and regional fisheries management organizations and arrangements.

2. Fulltrúum frá öðrum milliríkjastofnunum og frá félagasamtökum, sem fjalla um deilistofna og víðförula fiskstofna, skal gefinn kostur á að taka þátt í fundum veiðistjórnarstofnana og þátttakenda í veiðistjórnarfyrirkomulagi á undirsvæðum og svæðum sem áheyrnarfulltrúar eða á annan hátt, eftir því sem við á, í samræmi við reglur viðkomandi stofnunar eða fyrirkomulags. Reglurnar skulu ekki vera óþarflega strangar að þessu leyti. Slíkar milliríkjastofnanir og félagasamtök skulu hafa aðgang tímanlega að bókunum og skýrslum veiðistjórnarstofnana og þátttakenda í veiðistjórnarfyrirkomulagi, í samræmi þó við reglur um aðgang að þeim.

13. gr.
Efling stofnana og fyrirkomulags sem fyrir eru.

Ríki skulu í sameiningu efla þær veiðistjórnarstofnanir og -fyrirkomulag sem fyrir eru á undirsvæðum og svæðum og gera þau þannig skilvirkari við að ákveða ráðstafanir til verndunar deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnunar veiða úr þeim og beita þeim.

14. gr.
Söfnun og dreifing upplýsinga og samstarf um vísindarannsóknir.

1. Ríki skulu sjá til þess að fiskiskip er sigla undir fána þeirra láti í té nauðsynlegar upplýsingar til að þau geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum. Í þessu skyni ber ríkjum samkvæmt I. viðauka:

a) að safna og skiptast á vísindalegum, tæknilegum og tölulegum gögnum um veiðar úr deilistofnum og víðförulum fiskstofnum;

b) að sjá til þess að gögnum sé safnað með nægilegri nákvæmni til að unnt sé að meta stofna á skilvirkan hátt og að þau séu látin nógu tímanlega í té til að fullnægja kröfum veiðistjórnarstofnana eða -fyrirkomulags á undirsvæðum eða svæðum; og

c) að gera viðeigandi ráðstafanir til að sannprófa gögnin.

2. Ríki skulu starfa saman, annaðhvort beint eða á vettvangi veiðistjórnarstofnana eða samkvæmt veiðistjórnarfyrirkomulagi á undirsvæðum eða svæðum, að því að:

2. Representatives from other intergovernmental organizations and representatives from non-governmental organizations concerned with straddling fish stocks and highly migratory fish stocks shall be afforded the opportunity to take part in meetings of subregional and regional fisheries management organizations and arrangements as observers or otherwise, as appropriate, in accordance with the procedures of the organization or arrangement concerned. Such procedures shall not be unduly restrictive in this respect. Such intergovernmental organizations and non-governmental organizations shall have timely access to the records and reports of such organizations and arrangements, subject to the procedural rules on access to them.

Article 13
Strengthening of existing organizations and arrangements

States shall cooperate to strengthen existing subregional and regional fisheries management organizations and arrangements in order to improve their effectiveness in establishing and implementing conservation and management measures for straddling fish stocks and highly migratory fish stocks.

Article 14
Collection and provision of information and cooperation in scientific research.

1. States shall ensure that fishing vessels flying their flag provide such information as may be necessary in order to fulfil their obligations under this Agreement. To this end, States shall in accordance with Annex I:

(a) collect and exchange scientific, technical and statistical data with respect to fisheries for straddling fish stocks and highly migratory fish stocks;

(b) ensure that data are collected in sufficient detail to facilitate effective stock assessment and are provided in a timely manner to fulfil the requirements of subregional or regional fisheries management organizations or arrangements; and

(c) take appropriate measures to verify the accuracy of such data.

2. States shall cooperate, either directly or through subregional or regional fisheries management organizations or arrangements:

a) koma sér saman um hvers konar gögnum skuli safnað og í hvaða formi þau skuli látin stofnununum eða þátttakendum í fyrirkomulaginu í té, að teknu tilliti til eðlis stofnanna og veiðanna úr þeim; og

b) þróa greiningaraðferðir og aðferðafræði við stofnmat og deila þeim til að bæta ráðstafanir til verndunar deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnunar veiða úr þeim.

3. Ríki skulu starfa saman í samræmi við XIII. hluta hafréttarsamningsins, annaðhvort beint eða á vettvangi þar til bærra alþjóðastofnana, að því að efla getu til vísindarannsókna á sviði fiskveiða og stuðla að vísindarannsóknum sem lúta að verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim, öllum til hagsbóta. Í þessu skyni ber ríki eða þar til bærri alþjóðastofnun, sem stendur fyrir slíkum rannsóknum utan innlendrar lögsögu, að stuðla að því með virkum hætti að ríkjum er hagsmuna eiga að gæta sé tilkynnt um og til þeirra dreift niðurstöðum þessara rannsókna og upplýsingum um markmið þeirra og aðferðir og skal, að svo miklu leyti sem unnt er, gera vísindamönnum frá þessum ríkjum kleift að taka þátt í rannsóknunum.

15. gr.
Umlukt og hálfumlukt höf.

Við framkvæmd samnings þessa á umluktu eða hálfumluktu hafi skulu ríki taka tillit til náttúrulegra einkenna þess og haga einnig gerðum sínum í samræmi við IX. hluta hafréttarsamningsins og önnur viðeigandi ákvæði hans.

16. gr.
Úthafssvæði sem eru að öllu leyti umlukt af lögsögu eins ríkis.

1. Ríki, sem veiða úr deilistofnum og víðförulum fiskstofnum á úthafssvæði sem er að öllu leyti umlukt af lögsögu annars ríkis, og síðarnefnda ríkið skulu starfa saman að því að ákveða verndunar- og stjórnunarráðstafanir vegna þessara stofna á úthafssvæðinu. Ríki skulu, að teknu tilliti til náttúrulegra einkenna svæðisins, gefa sérstakan gaum að ákvörðun samþýðanlegra verndunar- og stjórnunarráðstafana vegna þessara stofna samkvæmt 7. gr. Þær ráðstafanir, sem gilda eiga um úthafið, skulu taka mið af réttindum, skyldum og hagsmunum

(a) to agree on the specification of data and the format in which they are to be provided to such organizations or arrangements, taking into account the nature of the stocks and the fisheries for those stocks; and

(b) to develop and share analytical techniques and stock assessment methodologies to improve measures for the conservation and management of straddling fish stocks and highly migratory fish stocks.

3. Consistent with Part XIII of the Convention, States shall cooperate, either directly or through competent international organizations, to strengthen scientific research capacity in the field of fisheries and promote scientific research related to the conservation and management of straddling fish stocks and highly migratory fish stocks for the benefit of all. To this end, a State or the competent international organization conducting such research beyond areas under national jurisdiction shall actively promote the publication and dissemination to any interested States of the results of that research and information relating to its objectives and methods and, to the extent practicable, shall facilitate the participation of scientists from those States in such research.

Article 15
Enclosed and semi-enclosed seas

In implementing this Agreement in an enclosed or semi-enclosed sea, States shall take into account the natural characteristics of that sea and shall also act in a manner consistent with Part IX of the Convention and other relevant provisions thereof.

Article 16
Areas of high seas surrounded entirely by an area under the national jurisdiction of a single State

1. States fishing for straddling fish stocks and highly migratory fish stocks in an area of the high seas surrounded entirely by an area under the national jurisdiction of a single State and the latter State shall cooperate to establish conservation and management measures in respect of those stocks in the high seas area. Having regard to the natural characteristics of the area, States shall pay special attention to the establishment of compatible conservation and management measures for such stocks pursuant to article 7. Measures taken in respect of the high seas shall take into account the

strandríkisins samkvæmt hafréttarsamningnum, skulu byggðar á bestu tiltækum vísindalegum niðurstöðum og skulu einnig taka mið af þeim verndunar- og stjórnunarráðstöfunum sem ákveðnar eru og beitt er af hálfu strandríkisins samkvæmt 61. gr. hafréttarsamningsins vegna sömu stofna í lögsögu þess. Ríki skulu einnig koma sér saman um ráðstafanir vegna gæslu, eftirlits og framfylgdar til að tryggja að farið sé eftir verndunar- og stjórnunarráðstöfununum fyrir úthafið.

2. Ríki skulu, samkvæmt 8. gr., koma fram af trúnaði og gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma sér tafarlaust saman um verndunar- og stjórnunarráðstafanir sem beita ber við framkvæmd veiða á því svæði sem getið er í 1. tl. Reynist viðkomandi veiðiríki og strandríkið ófær um að koma sér saman um slíkar ráðstafanir innan hæfilegs tíma skulu þau, að teknu tilliti til 1. tl., beita 4., 5. og 6. tl. 7. gr. um fyrirkomulag eða ráðstafanir til bráðabirgða. Meðan slíku fyrirkomulagi eða ráðstöfunum til bráðabirgða hefur ekki verið komið á skulu hlutaðeigandi ríki gera ráðstafanir vegna skipa er sigla undir fána þeirra svo að þau stundi ekki veiðar sem gætu skaðað viðkomandi stofna.

IV. HLUTI
Ríki sem eru ekki aðilar að stofnunum eða eru ekki þátttakendur í fyrirkomulagi.

17. gr.
Ríki sem eru ekki aðilar að stofnunum eða eru ekki þátttakendur í fyrirkomulagi.

1. Ríki, sem er ekki aðili að veiðistjórnarstofnun eða er ekki þátttakandi í veiðistjórnarfyrirkomulagi á undirsvæði eða svæði og fellst ekki með öðrum hætti á að beita þeim verndunar- og stjórnunarráðstöfunum sem stofnunin eða þátttakendur í fyrirkomulaginu hafa ákveðið, er ekki leyst undan þeirri skyldu að starfa að verndun viðkomandi deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim samkvæmt hafréttarsamningnum og samningi þessum.

2. Slíkt ríki skal ekki heimila skipum er sigla undir fána þess að stunda veiðar úr þeim deilistofnum eða víðförulum fiskstofnum sem verndunar- og stjórnunarráðstafanir, er stofnunin eða þátttakendur í fyrirkomulaginu hafa ákveðið, ná til.

rights, duties and interests of the coastal State under the Convention, shall be based on the best scientific evidence available and shall also take into account any conservation and management measures adopted and applied in respect of the same stocks in accordance with article 61 of the Convention by the coastal State in the area under national jurisdiction. States shall also agree on measures for monitoring, control, surveillance and enforcement to ensure compliance with the conservation and management measures in respect of the high seas.

2. Pursuant to article 8, States shall act in good faith and make every effort to agree without delay on conservation and management measures to be applied in the carrying out of fishing operations in the area referred to in paragraph 1. If, within a reasonable period of time, the fishing States concerned and the coastal State are unable to agree on such measures, they shall, having regard to paragraph 1, apply article 7, paragraphs 4, 5 and 6, relating to provisional arrangements or measures. Pending the establishment of such provisional arrangements or measures, the States concerned shall take measures in respect of vessels flying their flag in order that they not engage in fisheries which could undermine the stocks concerned.

PART IV
Non-members and non-participants

Article 17
Non-members of organizations and non-participants in arrangements

1. A State which is not a member of a subregional or regional fisheries management organization or is not a participant in a subregional or regional fisheries management arrangement, and which does not otherwise agree to apply the conservation and management measures established by such organization or arrangement, is not discharged from the obligation to cooperate, in accordance with the Convention and this Agreement, in the conservation and management of the relevant straddling fish stocks and highly migratory fish stocks.

2. Such State shall not authorize vessels flying its flag to engage in fishing operations for the straddling fish stocks or highly migratory fish stocks which are subject to the conservation and management measures established by such organization or arrangement.

3. Ríki, sem eru aðilar að veiðistjórnarstofnun eða þátttakendur í veiðistjórnarfyrirkomulagi á undirsvæði eða svæði, skulu, hvert fyrir sig eða sameiginlega, fara þess á leit við veiðiaðila þá, sem getið er í 3. tl. 1. gr. og hafa fiskiskip á viðkomandi svæði, að þeir starfi á virkan hátt með stofnuninni eða þátttakendum í fyrirkomulaginu að því að beita þeim verndunar- og stjórnunarráðstöfunum sem stofnunin eða þátttakendur í fyrirkomulaginu hafa ákveðið, með það fyrir augum að slíkum ráðstöfunum verði beitt í reynd með eins víðtækum hætti og unnt er um veiðar á viðkomandi svæði. Slíkir veiðiaðilar skulu njóta góðs af þátttöku í veiðunum sem svarar til viðleitni þeirra til að hlíta verndunar- og stjórnunarráðstöfunum vegna stofnanna.

4. Ríki, sem eru aðilar að slíkri stofnun eða þátttakendur í slíku fyrirkomulagi, skulu skiptast á upplýsingum um athafnir fiskiskipa er sigla undir fána ríkja sem hvorki eru aðilar að stofnuninni né þátttakendur í fyrirkomulaginu og stunda veiðar úr viðkomandi stofnum. Þau skulu gera ráðstafanir í samræmi við samning þennan og þjóðarétt til að koma í veg fyrir þær athafnir slíkra skipa sem grafa undan áhrifum verndunar- og stjórnunarráðstafana fyrir undirsvæði eða svæði.

V. HLUTI
Skyldur fánaríkis.

18. gr.

Skyldur fánaríkis.

1. Ríki skal, ef skip þess veiða á úthafinu, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að skip er sigla undir fána þess hlíti verndunar- og stjórnunarráðstöfunum fyrir undirsvæði og svæði og að þessi skip geri ekkert það sem grefur undan áhrifum slíkra ráðstafana.

2. Ríki skal því aðeins heimila að skip er sigla undir fána þess séu notuð til veiða á úthafinu að það sé fært um að rækja með virkum hætti skyldur sínar vegna þessara skipa samkvæmt hafréttarsamningnum og samningi þessum.

3. Ráðstafanir, sem ríki ber að gera vegna skipa er sigla undir fána þess, skulu m.a. fela í sér:

a) stjórnun á þessum skipum á úthafinu með veiðileyfum eða -heimildum samkvæmt gildandi reglum sem samþykktar hafa verið fyrir undirsvæði, svæði eða heiminn;

3. States which are members of a subregional or regional fisheries management organization or participants in a subregional or regional fisheries management arrangement shall, individually or jointly, request the fishing entities referred to in article 1, paragraph 3, which have fishing vessels in the relevant area to cooperate fully with such organization or arrangement in implementing the conservation and management measures it has established, with a view to having such measures applied de facto as extensively as possible to fishing activities in the relevant area. Such fishing entities shall enjoy benefits from participation in the fishery commensurate with their commitment to comply with conservation and management measures in respect of the stocks.

4. States which are members of such organization or participants in such arrangement shall exchange information with respect to the activities of fishing vessels flying the flags of States which are neither members of the organization nor participants in the arrangement and which are engaged in fishing operations for the relevant stocks. They shall take measures consistent with this Agreement and international law to deter activities of such vessels which undermine the effectiveness of subregional or regional conservation and management measures.

PART V
Duties of the flag State

Article 18

Duties of the flag State

1. A State whose vessels fish on the high seas shall take such measures as may be necessary to ensure that vessels flying its flag comply with subregional and regional conservation and management measures and that such vessels do not engage in any activity which undermines the effectiveness of such measures.

2. A State shall authorize the use of vessels flying its flag for fishing on the high seas only where it is able to exercise effectively its responsibilities in respect of such vessels under the Convention and this Agreement.

3. Measures to be taken by a State in respect of vessels flying its flag shall include:

(a) control of such vessels on the high seas by means of fishing licences, authorizations or permits in accordance with any applicable procedures agreed at the subregional, regional or global level;

b) setningu reglna til að:

i) binda leyfi eða heimild þeim skilmálum og skilyrðum sem nægja til að uppfylla skyldur fánaríkisins er samþykktar hafa verið fyrir undirsvæði, svæði eða heiminn;

ii) banna þeim skipum veiðar á úthafinu sem ekki hafa tilskilin leyfi eða heimildir til veiða eða veiðar skipa á úthafinu sem samræmast ekki skilmálum og skilyrðum leyfis eða heimildar;

iii) gera skipum er veiða á úthafinu skylt að hafa leyfið eða heimildina ávallt um borð og að framvísa henni ef krafist er af löggiltum eftirlitsaðila; og

iv) tryggja að skip er sigla undir fána þess stundi ekki óheimilar veiðar í lögsögu annarra ríkja;

c) að komið sé á innlendri skráningu fiskiskipa er hafa heimild til veiða á úthafinu og að veittur sé aðgangur að þeim upplýsingum, sem skráðar eru, að beiðni ríkja er beinna hagsmuna hafa að gæta, að teknu tilliti til laga fánaríkisins um veitingu slíkra upplýsinga;

d) kröfur um merkingu fiskiskipa og veiðarfæra til auðkenningar samkvæmt samræmdum og alþjóðlega þekktum merkingarkerfum fyrir skip og veiðarfæri, svo sem hinum stöðluðu lýsingum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna fyrir merkingu og skráningu fiskiskipa;

e) kröfur um að staðsetning skipa, afli af sóknartegundum og öðrum tegundum en sóknartegundum, veiðisókn og önnur viðeigandi gögn um veiðarnar verði skráð og tilkynnt tímanlega samkvæmt reglum sem settar hafa verið fyrir undirsvæði, svæði og heiminn um söfnun slíkra gagna;

f) kröfur um staðfestingu á afla af sóknartegundum og öðrum tegundum en sóknartegundum, t.d. með eftirlitskerfum, skoðunarkerfum, löndunarskýrslum og eftirliti með umskipun, lönduðum afla og markaðstölum;

g) gæslu á og eftirlit með slíkum skipum, veiðum þeirra og tengdum athöfnum, m.a. með því að:

i) hrinda í framkvæmd innlendum skoðunarkerfum og samstarfskerfum á undirsvæðum eða svæðum fyrir framfylgd samkvæmt 21. og 22. gr., þ.m.t. að skylda slík skip til að

(b) establishment of regulations:

(i) to apply terms and conditions to the licence, authorization or permit sufficient to fulfil any subregional, regional or global obligations of the flag State;

(ii) to prohibit fishing on the high seas by vessels which are not duly licensed or authorized to fish, or fishing on the high seas by vessels otherwise than in accordance with the terms and conditions of a licence, authorization or permit;

(iii) to require vessels fishing on the high seas to carry the licence, authorization or permit on board at all times and to produce it on demand for inspection by a duly authorized person; and

(iv) to ensure that vessels flying its flag do not conduct unauthorized fishing within areas under the national jurisdiction of other States;

(c) establishment of a national record of fishing vessels authorized to fish on the high seas and provision of access to the information contained in that record on request by directly interested States, taking into account any national laws of the flag State regarding the release of such information;

(d) requirements for marking of fishing vessels and fishing gear for identification in accordance with uniform and internationally recognizable vessel and gear marking systems, such as the Food and Agriculture Organization of the United Nations Standard Specifications for the Marking and Identification of Fishing Vessels;

(e) requirements for recording and timely reporting of vessel position, catch of target and non-target species, fishing effort and other relevant fisheries data in accordance with subregional, regional and global standards for collection of such data;

(f) requirements for verifying the catch of target and non-target species through such means as observer programmes, inspection schemes, unloading reports, supervision of transshipment and monitoring of landed catches and market statistics;

(g) monitoring, control and surveillance of such vessels, their fishing operations and related activities by, *inter alia:*

(i) the implementation of national inspection schemes and subregional and regional schemes for cooperation in enforcement pursuant to articles 21 and 22, including requirements

veita löggiltum eftirlitsmönnum frá öðrum ríkjum aðgang;

ii) hrinda í framkvæmd innlendum eftirlitskerfum og eftirlitskerfum á undirsvæðum eða svæðum sem fánaríkið er þátttakandi í, þ.m.t. að skylda slík skip til að veita eftirlitsmönnum frá öðrum ríkjum aðgang til að inna af hendi það starf sem samþykkt hefur verið samkvæmt kerfunum; og

iii) þróa og hrinda í framkvæmd kerfum fyrir eftirlit með skipum, m.a. kerfum fyrir sendingar um gervitungl, ef við á, samkvæmt innlendum kerfum og þeim sem hlutaðeigandi ríki hafa samþykkt fyrir undirsvæði, svæði eða heiminn;

h) stjórnun á umskipun á úthafinu til að tryggja að ekki sé grafið undan áhrifum verndunar- og stjórnunarráðstafana; og

i) stjórnun veiða til að tryggja að farið sé eftir ráðstöfunum fyrir undirsvæði, svæði eða heiminn, þ.á m. þeim sem miða að því að draga sem mest úr afla af öðrum tegundum en sóknartegundum.

4. Þar sem í gildi er kerfi fyrir gæslu og eftirlit, sem samþykkt hefur verið fyrir undirsvæði, svæði eða heiminn, skulu ríki tryggja að þær ráðstafanir, sem þau gera gagnvart skipum er sigla undir fána þeirra, séu í samræmi við það kerfi.

VI. HLUTI
Hlýðni og framfylgd.

19. gr.

Hlýðni og framfylgd af hálfu fánaríkis.

1. Ríki skal sjá til þess að skip er sigla undir fána þess hlíti verndunar- og stjórnunarráðstöfunum fyrir undirsvæði og svæði vegna deilistofna og víðförulla fiskstofna. Í þessu augnamiði skal ríkið:

a) framfylgja slíkum ráðstöfunum án tillits til þess hvar brot eiga sér stað;

b) framkvæma þegar í stað ítarlega rannsókn á sérhverju meintu broti gegn verndunar- og stjórnunarráðstöfunum fyrir undirsvæði eða svæði, sem getur falið í sér skoðun um borð í viðkomandi skipum, og tilkynna því ríki, sem staðhæfir að brot hafi átt sér stað, og viðkomandi stofnun eða þátttakendum í viðkomandi fyrirkomulagi á undirsvæðinu eða svæðinu tafarlaust um framvindu og niðurstöðu rannsóknarinnar;

c) skylda öll skip er sigla undir fána þess til að veita þeim yfirvöldum, sem fara með

for such vessels to permit access by duly authorized inspectors from other States;

(ii) the implementation of national observer programmes and subregional and regional observer programmes in which the flag State is a participant, including requirements for such vessels to permit access by observers from other States to carry out the functions agreed under the programmes; and

(iii) the development and implementation of vessel monitoring systems, including, as appropriate, satellite transmitter systems, in accordance with any national programmes and those which have been subregionally, regionally or globally agreed among the States concerned;

(h) regulation of transshipment on the high seas to ensure that the effectiveness of conservation and management measures is not undermined; and

(i) regulation of fishing activities to ensure compliance with subregional, regional or global measures, including those aimed at minimizing catches of non-target species.

4. Where there is a subregionally, regionally or globally agreed system of monitoring, control and surveillance in effect, States shall ensure that the measures they impose on vessels flying their flag are compatible with that system.

PART VI
Compliance and enforcement

Article 19

Compliance and enforcement by the flag State

1. A State shall ensure compliance by vessels flying its flag with subregional and regional conservation and management measures for straddling fish stocks and highly migratory fish stocks. To this end, that State shall:

(a) enforce such measures irrespective of where violations occur;

(b) investigate immediately and fully any alleged violation of subregional or regional conservation and management measures, which may include the physical inspection of the vessels concerned, and report promptly to the State alleging the violation and the relevant subregional or regional organization or arrangement on the progress and outcome of the investigation;

(c) require any vessel flying its flag to give information to the investigating authority

rannsókn, upplýsingar um staðsetningu þeirra, afla, veiðarfæri, veiðar og tengdar athafnir á því svæði þar sem meint brot átti sér stað;

d) vísa málinu, ef það er sannfært um að fullnægjandi sannanir séu fyrir hendi um meint brot, til yfirvalda sinna með það fyrir augum að höfða tafarlaust mál samkvæmt landslögum og, ef við á, leggja hald á viðkomandi skip; og

e) sjá til þess, ef sannað hefur verið samkvæmt lögum þess að skip hafi verið viðriðið alvarlegt brot gegn slíkum ráðstöfunum, að skipið stundi ekki veiðar á úthafinu fyrr en öllum útistandandi viðurlögum, sem fánaríkið hefur beitt vegna brotsins, hefur verið framfylgt.

2. Allar rannsóknir og málaferli skulu fara fram með skjótum hætti. Þau viðurlög, sem beita má við brotum, skulu vera nægilega ströng til að tryggja hlýðni og til að vinna gegn brotum hvar sem þau eiga sér stað og skulu svipta hina brotlegu hagnaði af ólögmætum athöfnum þeirra. Í reglum, sem beita má gagnvart skipstjórum og öðrum yfirmönnum fiskiskipa, skulu vera ákvæði er heimila m.a. synjun, afturköllun eða tímabundna sviptingu leyfa til að gegna stöðu skipstjóra eða annarra yfirmanna á slíkum skipum.

20. gr.

Alþjóðlegt samstarf um framfylgd.

1. Ríki skulu starfa saman, annaðhvort beint eða á vettvangi veiðistjórnarstofnana eða samkvæmt veiðistjórnarfyrirkomulagi á undirsvæðum eða svæðum, að því að tryggja að farið sé eftir verndunar- og stjórnunarráðstöfunum fyrir undirsvæði og svæði vegna deilistofna og víðförulla fiskstofna og þeim framfylgt.

2. Fánaríki, sem rannsakar meint brot gegn verndunar- og stjórnunarráðstöfunum vegna deilistofna eða víðförulla fiskstofna, getur beðið um aðstoð hvaða annars ríkis sem er ef samstarf við það getur komið að notum við framkvæmd rannsóknarinnar. Öll ríki skulu leitast við að verða við sanngjörnum beiðnum fánaríkis í tengslum við slíkar rannsóknir.

3. Fánaríki getur gert slíkar rannsóknir beint, í samstarfi við önnur ríki er hagsmuna eiga að gæta eða fyrir milligöngu viðeigandi veiðistjórnarstofnunar eða samkvæmt viðeigandi veiðistjórnarfyrirkomulagi á undirsvæði eða

regarding vessel position, catches, fishing gear, fishing operations and related activities in the area of an alleged violation;

112	Rafmagnsveitur ríkisins	30	200
113	Rafmagnseftirlit ríkisins	6	250
114	Löggildingarstofan	4	250
115	Veðurstofa Íslands	45	250
		4.650	22.426

1124. Nefndarálit [269. mál]

um frv. til l. breyt. á l. um gjald af áfengi, nr. 96 28. júní 1995.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með að það verði samþykkt óbreytt.

Nefndinni voru sendar umsagnir um málið frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, lögreglustjóranum í Reykjavík, vímulausri æsku og Verslunarráði Íslands.

Einar Oddur Kristjánsson og Valgerður Sverrisdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. maí 1996.

Vilhjálmur Egilsson. form., frsm.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Sólveig Pétursdóttir.
Steingrímur J. Sigfússon.	Sighvatur Björgvinsson.	Guðmundur Hallvarðsson.
	Ágúst Einarsson.	

1125. Nefndarálit [529. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðríði Þorsteinsdóttur og Sólveigu Guðmundsdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Frumvarpið felur í sér heimild fyrir ráðherra til að hækka tekjuviðmiðun lífeyrisþega sem fengið hafa eingreiðslu skaðabóta vegna örorku að frádregnum áætluðum örorkulífeyri og tekjutryggingu til framtíðar frá Tryggingastofnun ríkisins.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Kristín Ástgeirsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk því sem fram kemur í áliti þessu.

Alþingi, 30. maí 1996.

Össur Skarphéðinsson, form.	Sigríður A. Þórðardóttir, frsm.	Sólveig Pétursdóttir.
Jón Kristjánsson.	Ásta R. Jóhannesdóttir.	Katrín Fjeldsted.
Guðmundur Hallvarðsson.	Ögmundur Jónasson.	Magnús Stefánsson.

1126. Nefndarálit [390. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið til fundar Önnu Guðrúnu Björnsdóttur og Þorgerði Benediktsdóttur frá félagsmálaráðuneyti, Oddrúnu Kristjánsdóttur frá Atvinnumiðlun Reykjavíkurborgar, Ellert Eiríksson, bæjarstjóra Reykjanesbæjar, Ástráð Haraldsson og Ásmund Hilmarsson frá Alþýðusambandi Íslands, Guðrúnu Halldórsdóttur frá Námsflokkum Reykjavíkur, Margréti Tómasdóttur frá Atvinnuleysistryggingasjóði og Einar Jónsson og Gísla Gíslason frá Húsnæðisstofnun.

Í frumvarpinu er annars vegar lagt til að heimilt verði að víkja frá kaupskyldu og forkaupsrétti sveitarfélaga að félagslegum íbúðum þegar ákveðin tilraunaverkefni eiga í hlut. Hins vegar er lagt til að heimilt verði að víkja frá ákvæðum laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, með síðari breytingum, þannig að atvinnulausir geti stundað námskeið eða annað nám, sem varir lengur en í átta vikur, á bótum og að víkja frá því ákvæði laganna sem kveður á um að umsækjandi um starf skuli skrá sig vikulega hjá vinnumiðlun að viðlögðum missi bótaréttar.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Kristján Pálsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 29. maí 1996.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Einar K. Guðfinnsson.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Pétur H. Blöndal.	Arnþrúður Karlsdóttir.
Rannveig Guðmundsdóttir.		Bryndís Hlöðversdóttir.

1127. Nefndarálit [109. mál]

um till. til þál. um rannsókn á launa- og starfskjörum landsmanna.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið umsagnir um hana frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, kjararannsóknarnefnd, Jafnréttisráði, Kennarasambandi Íslands, Alþýðusambandi Íslands og félagsmálaráðuneyti.

Tillagan miðar að því að gerð verði rækileg og víðtæk rannsókn á launa- og starfskjörum landsmanna og að úttektin taki bæði til opinberra starfsmanna og launafólks á almennum vinnumarkaði. Auk þess verði hugað að samanburði á milli einstakra hópa og samspili samningsbundinna launataxta og yfirborgana eða hins opna og dulda hluta launakerfisins. Í umsögn kjararannsóknarnefndar kemur fram að nefndin og Hagstofa Íslands hafa þegar tekið upp samstarf um framkvæmd reglubundinna launakannana sem eiga að ná til allra höfuðatvinnugreina og starfsgreina á vinnumarkaði. Þessar nýju og breyttu kannanir munu hefjast á þessu ári og búist er við fyrstu niðurstöðum í ársbyrjun 1997.

Kannanirnar munu í höfuðatriðum ná yfir þau atriði sem tillagan byggist á. Með hliðsjón af efni tillögunnar þykir rétt að beina því til kjararannsóknarnefndar og Hagstofu Íslands að unnið verði á þeim forsendum sem tillagan gerir ráð fyrir þannig að tryggt sé að árangurinn verði ítarlegt yfirlit yfir launa- og starfskjör landsmanna.

Nefndin leggur til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Kristján Pálsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 29. maí 1996.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm.	Pétur H. Blöndal.	Magnús Stefánsson.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Einar K. Guðfinnsson.	Arnþrúður Karlsdóttir.
Rannveig Guðmundsdóttir.		Bryndís Hlöðversdóttir.

1128. Nefndarálit [437. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp það, sem hér um ræðir, er að stofni til samkomulag sem sjávarútvegsráðherra gerði á útmánuðum við Landssamband smábátaeigenda. Það samkomulag var afrakstur viðræðna Landssambandsins og sjávarútvegsráðherra sem hófust í kjölfar aðalfundar Landssambands smábátaeigenda á sl. hausti.

Um þetta samkomulag og aðdraganda þess mætti ýmislegt segja en ljóst er að á lokasprettinum var samkomulagið unnið til enda án samráðs við aðra aðila hvort heldur önnur hagsmunasamtök eða Alþingi og sjávarútvegsnefnd Alþingis. Sjávarútvegsráðherra ber því einn pólitíska ábyrgð á þessu samkomulagi og sama má segja um frumvarpið. Málið er mjög umdeilt eins og fjöldi umsagna og mótmælasamþykkta, sem ringdi yfir sjávarútvegsnefnd, ber með sér.

Ekki er deilt um að þörf var á að lagfæra þau ákvæði sem giltu um veiðar smábáta eða krókabáta. Var reyndar þegar bent á það þegar lögum var breytt á Alþingi sl. vor að sú niðurstaða gengi engan veginn upp og kallaði á að málið yrði tekið fyrir að nýju þegar á þessum vetri eins og raun varð á. 2. minni hluti sjávarútvegsnefndar lagði þá til allt aðra skipan mála varðandi sókn smábáta, sbr. breytingartillögur á þskj. 61 á 119. löggjafarþingi. Hefði þeirri skipan verið komið á væri ekki þörf þeirra breytinga sem nú er verið að gera.

Ljóst er að með samkomulaginu hefur hagur þess hluta smábátaflotans sem stundar veiðar með krókum vænkast mjög, einkum þó þeirra sem hafa allmikla aflareynslu í þorski og hafa því möguleika á að velja svonefnt aflahámark. Ágallarnir eru hins vegar þeir að áfram mun hluti krókaveiðiflotans búa við verulegt óöryggi strax að afloknu næsta fiskveiðiári, þ.e. fiskveiðiárinu 1996–1997, og bendir flest til verulegs niðurskurðar á róðrardögum þegar þar að kemur. Enn verri er þó útkoma þess hluta smábátaflotans sem valdi aflamark á sínum tíma. Í reynd er þar á ferðinni gleymdur floti sem tekið hefur á sig að fullu niðurskurð veiðiheimilda í þorski undanfarin ár á sama tíma og aðrir bátar hafa haft mun meiri möguleika til að bæta stöðu sína í gegnum krókaveiðikerfið.

Það er niðurstaða 2. minni hluta að samkomulag þetta, þótt í því felist verulega bætt staða fyrir hluta smábátaflotans, taki alls ekki á málum á þann heildstæða hátt sem þörf er á. Í reynd má segja að komið sé mjög til móts við óskir tiltekins hluta smábáta- og bátaútgerðarinnar í landinu en aðrir liggi áfram óbættir hjá garði. Niðurstaðan felur því í sér áframhaldandi mismunun auk þess sem stjórnkerfið verður, ef eitthvað er, enn flóknara en verið hefur. Í reynd má segja að komið verði á ferns konar stjórnkerfi fiskveiða gagnvart þessum minnsta hluta flotans. Veruleg hætta er á að strax á næsta vetri komi málið enn á ný til kasta Alþingis þegar ljóst verður í hvað stefnir með afla þess hluta krókaveiðiflotans sem áfram sækir á grundvelli róðrardaga án aflahámarks og við blasir að líkindum veruleg fækkun róðrardaga á fiskveiðiárinu 1997–1998. Hér er því ekki verið að ganga frá málum til frambúðar þannig að trúverðugt sé.

Annar minni hluti gagnrýnir harðlega að ekki skuli reynt að taka á málum fyrir smábáta- og bátaútgerðina í heild sinni en einungis hluta bátaútgerðarinnar veitt úrlausn. Eðlilegast hefði verið að skoða samhliða samkomulagi við Landssamband smábátaeigenda um meðferð krókabátanna jöfnunaraðgerðir gagnvart aflamarksbátum og skipum. Í gangi eru þrenns konar jöfnunarpottar, eða aðgerðir innan fiskveiðistjórnunarkerfisins. Í fyrsta lagi eru ákvæðin um 12.000 þorskígildi til jöfnunar skv. 9. gr. laganna, í öðru lagi 5.000 þorskígildi til jöfnunar samkvæmt sérstökum reglum á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða sem gildir út fiskveiðiárið 1998–1999 og í þriðja lagi 500 þorskígildi af óslægðum fiski til sérstakrar jöfnunar til staða sem eru háðir smábátaútgerð og Byggðastofnun úthlutar.

Annar minni hluti telur að alla þessa jöfnunarpotta hefði átt að færa saman og útfæra samræmt jöfnunarkerfi þar sem tekið hefði verið mið af breyttum aðstæðum í ljósi samkomulagsins um krókabátana. Einnig breyttum aðstæðum almennt, með það að markmiði að tryggja jafnari útkomu einstakra hluta útgerðarinnar, aflamarkssmábáta, bátaútgerðar, vertíðarbáta og ísfiskskipa með mikla aflareynslu í þorski. Slíkan jöfnunarpott hefði mátt tengja úthlutuðum aflaheimildum þannig að hann færi minnkandi og tæmdist loks með vaxandi veiðiheimildum.

Í breytingartillögum meiri hlutans á þskj. 1093 er ákvæði um afnám svonefndrar línutvöföldunar. Sjávarútvegsráðherra sendi sjávarútvegsnefnd erindi þar að lútandi að kannað yrði hvort nefndin vildi standa að breytingum í þá veru. Niðurstaðan er sú að meiri hlutinn leggur til að línutvöföldun verði afnumin með tilteknum hætti, sbr. 5. tölul. breytingartillagnanna. 2. minni hluti telur aðferðina, sem þar er lögð til, mjög umdeilanlega og reyndar málið í heild. Ljóst er að enn eru í fullu gildi mörg upprunaleg rök sem lágu til grundvallar því á sínum tíma að hvetja sérstaklega til línuútgerðar yfir vetrartímann. Var þá einkum haft í huga atvinnusjónarmið, að beitning í landi og línuútgerð skapaði mikla atvinnu og er svo enn þar sem um heföbundna landróðra, línuútgerð, er að ræða. Í öðru lagi gæfu línuveiðarnar gott hráefni. Í þriðja lagi væri ástæða til að hvetja til sókn-

ar á þennan hátt á þessum árstíma til að auka framboð á fersku hráefni til vinnslu eða útflutnings með flugi þegar hráefnisframboð væri takmarkað og fleira mætti nefna.

Meiri hlutinn leggur til að notuð verði sú aðferð að skipin taki með sér sextíu hundruðustu af aflareynslu sinni í línutvöföldun og séu tekin til viðmiðunar tvö bestu árin af þremur síðustu. Ljóst er að sú aðferð er afar hagstæð þeim skipum sem komið hafa til sögunnar í línuútgerð á síðustu árum eða hafa aukið hlutdeild sína á því tímabili í þessum veiðum en að sama skapi óhagstæð hefðbundinni línuútgerð sem var við lýði þegar línutvöföldunarreglurnar voru upp teknar og hefur að einhverju leyti verið víkjandi síðan.

Ljóst er að með þessu er mikil aflareynsla færð yfir á svonefnd verksmiðjuskip, eða útileguskip sem stunda línuveiðar með beitningarvélar um borð, frá hefðbundinni landróðraútgerð en röksemdir fyrir línutvöföldun voru á sínum tíma einmitt að styðja við bakið á slíkri útgerð sem þá var á undanhaldi og menn vildu styrkja til þess að hún legðist ekki af. Aðferðin nú er í raun í mikilli mótsögn við upphaflegan tilgang línutvöföldunarinnar og hefði þarna þurft að leita annarra aðferða.

Það er einnig ljóst að með því að taka aflareynslu skipanna undanfarin ár og breyta henni í hlutdeild nú þegar þorskveiðiheimildir eru einungis um 150 þús. tonn er valinn afar hagstæður viðmiðunarpunktur fyrir skipin. Þannig verður sú ákvörðun strax á næsta ári til þess að færa skipunum auknar veiðiheimildir ef veiðiheimildir verða auknar eins og ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar bendir til.

Annar minni hluti er þeirrar skoðunar að skoða hefði átt aðra möguleika, t.d. þann að afmarka hópinn, sem sótt gæti í framtíðinni á grundvelli línutvöföldunar, við þau skip sem þegar væru komin með reynslu af slíkum veiðum undanfarin ár. Í öðru lagi hefði mátt hugsa sér að útilegulínuskip með beitningarvél um borð hefðu mátt hverfa út úr pottinum með t.d. 50% af reynslu sinni frá undanförnum árum, en hefðbundin landróðraútgerð línuskipa hefði átt þess kost að halda áfram að sækja á grundvelli tvöföldunarákvæðanna. Þriðji kosturinn hefði verið sá að leyfa mönnum að velja hvort þeir kysu að halda áfram þessari útgerð á grundvelli tvöföldunarreglnanna eða fara út úr pottinum með sína hlutdeild. Í fjórða lagi væri að sjálfsögðu hægt að ákveða að láta einfaldlega óbreyttar reglur gilda áfram. Væri því lýst yfir um leið að sú ákvörðun væri til frambúðar mundi kapphlaupi um að mynda aflareynslu í von um væntanlegan kvóta, sem staðið hefur að undanförnu, ljúka.

Annar minni hluti treystir sér alls ekki til að mæla með þeirri aðferð við afnám línutvöföldunar sem hér er lögð til og mun greiða atkvæði gegn þessu ákvæði.

Í breytingartillögum meiri hlutans á þskj. 1093 er að finna ákvæði sem taka mið af frumvarpi sem er til meðferðar í sjávarútvegsnefnd, fluttu af Steingrími J. Sigfússyni og Kristni H. Gunnarssyni, um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða. Er þar einkum átt við 1. tölul. breytingartillagnanna um að sú dagsetning sem bundið hefur vald sjávarútvegsráðherra til að breyta leyfðum heildarafla þorsks við 15. apríl ár hvert falli niður. 2. minni hluti fagnar því að með breytingartillögunni er komið til móts við þau sjónarmið sem lágu til grundvallar flutningi áðurnefnds frumvarps og mun að sjálfsögðu styðja þennan lið breytingartillagnanna. Sama má segja um c-lið 2. tölul. Þar er á ferðinni ákvæði sem lýtur að því að skip, sem er frá veiðum í sex mánuði eða lengur innan fiskveiðiárs vegna tjóns eða meiri háttar bilana, skuli gagnvart því ári undanþegið þeirri reglu að nýta að lágmarki 50% veiðiheimilda sinna annað hvert ár. Þessi ákvæði og reyndar fleiri í breytingartillögunum og frumvarpinu, sem eru til bóta að mati 2. minni hluta mun hann styðja. Að öðru leyti mun afstaða 2. minni hluta til breytingartillagna

meiri hlutans og einstakra efnisatriða frumvarpsins koma fram við atkvæðagreiðslur í samræmi við þau viðhorf sem að framan hefur verið lýst.

Alþingi, 30. maí 1996.

Steingrímur J. Sigfússon.

Nefndarálitinu fylgdu eftirfarandi fylgiskjöl og vísast um þau til þingskjalsins (lausaskjalsins):

I. Umsögn Landssambands smábátaeigenda (30. apríl 1996).
II. Umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna (7. maí 1996).
III. Umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna og útvegsmannafélaganna (maí 1996).
IV. Umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna um tillögu um afnám línutvöföldunar (9. maí 1996).
V. Umsögn Útvegsmannafélags Reykjavíkur.
VI. Ályktun Framleiðendafélags Íslenskra sjávarafurða (28. mars 1996).
VII. Umsögn Vélstjórafélags Íslands (30. apríl 1996).
VIII. Umsögn Sjómannasambands Íslands (29. apríl 1996).
IX. Umsögn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands (2. maí 1996).
X. Umsögn Vinnumálasambandsins (15. maí 1996).
XI. Umsögn Fiskmarkaðs Suðurnesja hf. um afnám línutvöföldunar (15. maí 1996).
XII. Umsögn Samtaka fiskvinnslustöðva (17. maí 1996) og umsögn Samtaka fiskvinnslustöðva um afnám línutvöföldunar (20. maí 1996).
XIII. Umsögn Samtaka fiskvinnslu án útgerðar um afnám línutvöföldunar (17. maí 1996).

1129. Nefndarálit [442. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Indriða H. Þorlákssson, Bergþór Magnússon og Hermann Jónasson frá fjármálaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá borgarráði, Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Félagi sérleyfishafa, Íslenskri verslun, Landvara, Samtökum landflutningamanna og Verslunarráði Íslands og loks sameiginleg umsögn frá Glitni hf. og Lýsingu hf.

Leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Eru þær eftirfarandi:

1. Við 4. gr. Lagðar eru til tvær breytingar á greininni. Annars vegar er lögð til breyting á fjárhæð árgjalds þungaskatts af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru allt að 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd. Tillagan gerir ráð fyrir að gjaldflokkur bifreiða allt að 999 kg lækki úr 103.309 kr. í 94.273 kr. og að gjaldflokki 1.000–1.999 kg verði skipt upp með þeim hætti að fyrir bifreiðar frá 1.000–1.499 kg lækki gjaldið úr 132.053 kr. í 113.163 en verði áfram 132.053 kr. fyrir bifreiðar frá 1.500–1.999 kg. Hins vegar er lagt til að c–liður falli brott. Er þar ekki um efnisbreytingu að ræða.
2. Við 8. gr. Lagðar eru til tvær breytingar á greininni. Annars vegar er lögð til breyting varðandi daglegan aflestur af ökumælum. Fram hafa komið upplýsingar um að erfitt sé að lesa af ákveðnum tegundum ökumæla. Til að bregðast við því vandamáli er lagt til að ef ökutæki er búið annars konar ökumæli en ökurita sé einungis skylt að lesa af vikulega og skrá í akstursbók. Til að tryggja samræmi og öryggi við álagningu skattsins er ökumönnum þessara ökutækja þó gert skylt að skrá kílómetrastöðu hraðamælis daglega í akstursbók. Hins vegar er lagt til að fjármálaráðherra verði veitt heimild til að ákveða með reglugerð að sérreglur gildi um skráningu í akstursbók vegna notkunar eftirvagna. Eftirvagnar eru oft ekki í notkun í marga mánuði á ári og jafnvel ekki alltaf notaðir af sama aðila. Því er talið nauðsynlegt að settar verði sérreglur um skráningu á akstri þeirra.
3. Við 14. gr. Lögð er til breyting á ákvæði 2. mgr. 11. gr. laganna þannig að lögveðréttur fylgi einungis þungaskatti og álagi en ekki sektum, en töluverð gagnrýni hefur komið fram vegna þess.
4. Við 15. gr. Lagðar eru til þrjár breytingar á ákvæðinu. Í fyrsta lagi er lagt til að aðeins verði áætlaðir 2.000 km á mánuði á fólksbifreiðar sé ekki komið með þær til aflestrar á tilskildum tíma, en ekki 8.000 km eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Ljóst þykir að fólksbifreiðum er að jafnaði ekið mun minna en atvinnubifreiðum. Hagsmunir ríkissjóðs eru því ekki eins miklir ef vanrækt er að koma með fólksbifreið til álestrar á tilskildum tíma. Þá er í öðru lagi lagt til að álag verði lækkað úr 20% í 10%. Sú breyting er í samræmi við breytingar sem verið er að gera á öðrum skattalögum. Til viðbótar þessu er svo lagt til að sex ára refsihámark í viðurlagaákvæði frumvarpsins verði fellt brott.

Einar Oddur Kristjánsson og Valgerður Sverrisdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. maí 1996.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Ágúst Einarsson.
Steingrímur J. Sigfússon.	Sighvatur Björgvinsson.	Sólveig Pétursdóttir.
	Guðmundur Hallvarðsson.	

1130. Breytingartillögur [442. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 4. gr.
   a. B-liður orðist svo: 2. mgr. orðast svo:
      94.273 kr. af fólksbifreiðum að eigin þyngd allt að 999 kg, 113.163 kr. af fólksbifreiðum að eigin þyngd 1.000–1.499 kg og 132.053 kr. af fólksbifreiðum að eigin þyngd 1.500–1.999 kg. Af bifreiðum þyngri en 2.000 kg skal gjaldið hækka um 7.555 kr. fyrir hver 200 kg.
   b. C-liður falli brott.
2. Við 8. gr.
   a. 2. málsl. 1. efnismgr. orðist svo: Ef annars konar ökumælir en ökuriti er notaður skal ökumaður skrá kílómetrastöðu hraðamælis daglega í akstursbókina, hins vegar er honum einungis skylt að skrá kílómetrastöðu ökumælis einu sinni í viku.
   b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðist svo:
      Fjármálaráðherra getur með reglugerð ákveðið að aðrar reglur gildi um skráningu í akstursbók vegna notkunar eftirvagna sem skráðir eru hér á landi og eru 6.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd.
3. Við 14. gr. Á eftir b-lið komi nýr liður, er verði c-liður, sem orðist svo: 2. mgr. orðast svo:
   Þungaskatti, álagi og viðurlögum fylgir lögtaksréttur. Jafnframt fylgir þungaskatti og álagi lögveð í viðkomandi ökutæki.
4. Við 15. gr.
   a. Á eftir 2. málsl. 2. mgr. b-liðar (13. gr.) komi nýr málsliður er orðist svo: Þó skal áætlun vegna fólksbifreiða sem falla undir 2. mgr. 6. gr. nema sem svarar til þess að bifreiðinni hafi verið ekið 2000 km á mánuði.
   b. Í stað hlutfallstölunnar „20%“ í 2. málsl. 3. mgr. b-liðar komi: 10%.
   c. Orðin „allt að sex árum“ í 3. málsl. 1. mgr. g-liðar (18. gr.) falli brott.

1131. Skýrsla [245. mál]

dómsmálaráðherra um kynferðis- og sifskaparbrotamál, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

Með beiðni (á þskj. 331) frá þingmönnunum Drífu Sigfúsdóttur, Ólafi Erni Haraldssyni, Sigríði A. Þórðardóttur, Svavari Gestssyni, Jóni Kristjánssyni, Kristínu Ástgeirsdóttur, Magnúsi Stefánssyni, Össuri Skarphéðinssyni, Ísólfi Gylfa Pálmasyni, Hjálmari Jónssyni, Svanfríði Jónasdóttur, Hjálmari Árnasyni, Bryndísi Hlöðversdóttur og Kristjönu Bergsdóttur var óskað eftir skýrslu dómsmálaráðherra um kynferðis- og sifskaparbrotamál. Í skýrslunni skyldu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

1. Hafa verið gerðar rannsóknir sem gefa hugmynd um árlegan fjölda nauðgana?
2. Eru til upplýsingar um hve hátt hlutfall nauðgana er kært á ári?
3. Hve mörg mál, er varða kynferðisbrot, bárust ríkissaksóknara sl. tíu ár? Svar óskast sundurliðað eftir árum, tegund og fjölda brota. Óskað er upplýsinga um öll kynferðisbrot, jafnt innan sem utan heimilis.
4. Hve mörgum málum, er varða kynferðisbrot, hefur lokið með niðurfellingu eða sátt sl. tíu ár?
5. Hvaða ástæður voru tilgreindar fyrir slíkri afgreiðslu? Svar óskast sundurliðað eftir helstu ástæðum fyrir niðurfellingu, kæruefnum og að tekið sé mið af sl. tíu árum.
6. Hve margir dómar hafa gengið í kynferðis- og sifskaparmálum sl. tíu ár?
7. Hvernig féllu dómar í þeim málum?
   a. Dómarnir óskast flokkaðir eftir sýknu eða tegund og fjölda brota sem viðkomandi var dæmdur sekur fyrir. Ef viðkomandi var einnig dæmdur fyrir fleiri brot óskast upplýst hver þau voru. Óskað er eftir að fram komi ef dómur er skilorðbundinn.
   b. Sundurliðun taki einnig til miska- og þjáningabóta.
8. Hve margir dómar, er varða kynferðisbrot, fóru fyrir Hæstarétt sl. tíu ár?
9. Féllu hæstaréttardómar á þessu tímabili á annan veg en héraðsdómar? Ef svo er, þá hvernig? Óskað er eftir að fram komi upplýsingar um breytingar á þyngd refsingar.
10. Hve lengi voru mál, sem varða kynferðisbrot, að jafnaði til umfjöllunar hjá ríkissaksóknara sl. fimm ár?
11. Hvaða reglur gilda hjá lögreglu og heilbrigðisstéttum um meðferð og rannsókn á meintum kynferðis- og sifskaparbrotum? Gilda sömu reglur um allt land, t.d. varðandi sakbendingu, hvort rannsaka eigi áfengismagn í blóði, hvenær og hvernig eigi að nota myndbandstæki o.s.frv.?
12. Eru til nothæfar aðferðir sem hlífa fórnarlömbum án þess að ganga á rétt þess ákærða, bæði við rannsókn og úrvinnslu mála? Ef svo er, hverjar eru þær og hyggst ráðherra beita sér fyrir að þær verði nýttar í auknum mæli?
13. Hvaða úrræðum öðrum en fangelsisvist má beita gagnvart þessum brotamönnum og hvernig er þeim beitt í dag?

1. Inngangur.

Margir liðir beiðninnar gáfu tilefni til viðamikillar gagnasöfnunar hjá dómstólunum, ríkissaksóknara, Rannsóknarlögreglu ríkisins og víðar og síðan úrvinnslu úr gögnunum. Hefur vinna við skýrsluna því tekið lengri tíma en ætlað var.

Leitað var til Karls Steinars Valssonar, afbrotafræðings hjá lögreglustjóranum í Reykjavík, og safnaði hann upplýsingum í skýrsluna og vann úr þeim ásamt starfsmönnum ráðuneytisins. Við öflun upplýsinga um niðurstöður dóma í kynferðis- og sifskaparbrotamálum var stuðst við nýútgefið dómasafn Hæstaréttar Íslands á tölvutæku formi.

Þess ber að geta að með lögum nr. 40/1992 voru gerðar talsverðar breytingar á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Þar á meðal var heiti kaflans breytt úr skírlífisbrot í kynferðisbrot. Í skýrslunni er hugtakið kynferðisbrot notað yfir brot samkvæmt XXII. kafla, fyrir og eftir gildistöku laga nr. 40/1992.

Vakin er athygli á fyrri svörum dómsmálaráðherra við fyrirspurnum frá Alþingi um skylt efni. Má þar nefna svar dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Drífu Sigfúsdóttur á 120. löggjafarþingi, sbr. þskj. 231. Þá svaraði dómsmálaráðherra tveimur fyrirspurnum frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson á 117. löggjafarþingi, annars vegar um meðferð ríkissaksóknara á málum er varða kynferðisbrot og hins vegar um meðferð Rannsóknarlögreglu ríkisins á málum er varða kynferðisbrot.

Enn fremur er vakin athygli á ítarlegri skýrslu nauðgunarmálanefndar sem dómsmálaráðuneytið gaf út árið 1989.

2. Upplýsingar um fjölda nauðgana og hlutfall kærðra nauðgana.

Ekki er kunnugt um að rannsóknir sem gefa hugmynd um árlegan fjölda nauðgana hafi verið gerðar hér á landi. Þess má þó geta að verið er að vinna skýrslu um umfang heimilisofbeldis á vegum dómsmálaráðuneytisins og að því tilefni er unnið að ítarlegri rannsókn sem getur gefið veigamiklar upplýsingar um þessi mál. Væntalega verður hægt að kynna niðurstöður þeirrar rannsóknar á næstu missirum.

Af framangreindri ástæðu er ekki hægt að segja til um hve hátt hlutfall nauðgana er kært til yfirvalda. Gerðar hafa verið miklar umbætur í heilbrigðiskerfinu og réttarvörslukerfinu til að tryggja betri umgjörð um þessi mál í heild sinni. Má þar nefna neyðarmóttöku á Sjúkrahúsi Reykjavíkur sem er talin tryggja mun faglegri rannsókn og umönnun fórnarlamba en áður þekktist. Þá hefur slík neyðarmóttaka einnig verið opnuð á Akureyri.

3. Kynferðisbrotamál til meðferðar hjá ríkissaksóknara.

Tafla 1 hefur að geyma upplýsingar um fjölda kynferðisbrotamála sem borist hafa ríkissaksóknara frá árinu 1985. Í töflu 2 er yfirlit sem sýnir sérstaklega hvaða hegningarlagaákvæði mál síðustu þriggja ára vörðuðu. Hafa ber í huga að umtalsverðar breytingar voru gerðar á þeim kafla hegningarlaga sem fjallar um kynferðis- og sifskaparbrot með lögum nr. 40/1992. Af þeim sökum er samanburður við eldri ákvæði mjög erfiður og ekki raunhæfur.

Tafla 1. Meðferð kynferðisbrotamála hjá embætti ríkissaksóknara 1985–1995.

Ár	Málafjöldi	Ákærur	Dómar	Sáttir	Niðurfellingar	Ákærufrestanir/Annað
1985	26	9	9	6	9	2
1986	28	15	15	10	3	0
1987	21	13	13	5	3	0
1988	31	8	8	4	19	0
1989	33	13	13	6	14	0
1990	54	24	24	3	27	0
1991	65	22	22	9	34	0
1992	54	18	18	3	33	0
1993	60	30	30	0	30	0
1994	58	23	23	3	32	0
1995	99	38		0	59	2

Tafla 2. Mál vegna kynferðisafbrota til meðferðar hjá ríkissaksóknara 1993–1995.

Almenn hegningarlög	Fjöldi mála	Ákært	Frekari rannsókn	Sátt	Niðurfelling	Ólokið
1993:						
196 gr.	4	4	0	0	0	0
200 gr.	1	1	0	0	0	0
202 gr.	1	1	0	0	0	0
Skírlífisbrot*	54	24	0	0	30	0
Samtals	**60**	**30**	**0**	**0**	**30**	**0**
1994:						
194 gr.	8	8	0	0	0	0
196 gr.	6	6	0	0	0	0
201 gr.	3	3	0	0	0	0
202 gr.	12	11	0	0	1	0
209 gr.	4	2	0	1	1	0
Skírlífisbrot*	32	1	0	2	29	0
Sifskaparbrot	1	0	0	0	1	0
Samtals	**66**	**31**	**0**	**3**	**32**	**0**
1995:						
194 gr.	36	13	1	0	21	1
195 gr.	1	1	0	0	0	0
196 gr.	12	7	0	0	5	0
198 gr.	3	2	0	0	1	0
200 gr.	6	2	0	0	4	0
201 gr.	2	0	0	0	2	0
202 gr.	24	8	0	0	16	0
209 gr.	12	3	0	0	9	0
210 gr.	3	2	0	0	1	0
Samtals	**99**	**38**	**1**	**0**	**59**	**1**

*XXII. kafli almennra hegningarlaga bar yfirskriftina *skírlífisbrot* fyrir gildistöku laga nr. 40/1992 en með þeim var ýmsum ákvæðum kaflans breytt og sjálfu kaflaheitinu í *kynferðisbrot*.

Af þessu yfirliti má sjá að kærum í þessum brotaflokki hefur fjölgað mjög undanfarin ár, einkum á síðastliðnu ári er 99 slíkar kærur bárust ríkissaksóknara. Ástæður þessarar aukningar geta verið margar og framangreindar lagabreytingar þar á meðal. Sem fyrr segir hefur ýmislegt verið gert til að auðvelda fórnarlömbum slíkra brota að leggja fram kæru. Um 85% þeirra mála þar sem ríkissaksóknari ákærir lýkur með sakfellingu en einungis um 15% með sýknudómi. Í hluta málanna er hins vegar ekki gefin út ákæra þar

sem fyrirliggjandi upplýsingar eru ekki taldar veita nægjanleg líkindi til sakfellingar fyrir dómi.

Helstu ástæður niðurfellingar mála eru að ekki er talið líklegt að sakfelling náist fram, kærandi fellur frá kæru eða óskar eftir því að mál sé fellt niður. Mikill meiri hluti þeirra mála þar sem ákæra er gefin út lýkur með sakfellingu. Einungis 10–15% mála í þessum málaflokki lýkur með sýknudómi.

Ef litið er til meðferðar kynferðisbrotamála hjá ríkissaksóknara kemur í ljós að í flestum málum er ákæra gefin út innan mánaðar frá því að mál berst frá lögreglu. Þó eru undantekningar frá þessu því að í sumum tilvikum er ákæra gefin út innan viku frá því að mál berst, en einnig líður lengri tími í sumum tilvikum. Á allra síðustu árum hefur þeim málum fjölgað nokkuð þar sem ákærur eru gefnar út aðeins nokkrum dögum eftir að mál berast ríkissaksóknara.

4. Dómar í kynferðis- og sifskaparmálum.

Í töflu 3 má sjá þá kynferðisbrotadóma sem komu til fullnustu til Fangelsismálastofnunar. Um er að ræða bæði óáfrýjaða héraðsdóma og hæstaréttardóma.

Tafla 3. Refsingar í kynferðisbrotamálum 1986–1995.

Ár	Óskb	Óskb+sekt	Óskb+skb	Óskb+skb+sekt	Skb	Skb+sekt	Sekt	Ekki refsing	Annað	Samtals
1986	4	0	6	0	1	0	0	0	0	11
1987	4	1	4	0	2	0	0	0	0	11
1988	9	0	0	0	3	0	0	0	0	12
1989	4	0	3	0	4	0	0	1	0	12
1990	11	0	4	0	6	0	1	0	0	22
1991	8	0	4	0	9	0	0	0	0	21
1992	10	0	1	0	3	0	0	0	0	14
1993	16	0	1	0	5	0	1	0	0	23
1994	11	0	6	0	8	2	0	0	1	28
1995	16	0	4	0	3	0	1	1	0	25

5. Hæstaréttardómar er varða kynferðis- og sifskaparbrot.

Eftirfarandi samantekt er unnin upp úr hæstaréttardómum. Getið verður þeirra dóma sem varða ákvæði í XXI. og XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Vakin er athygli á því að nokkrir dómar varða fleiri en eina grein hegningarlaga og er þeirra því getið við upptalningu fyrir hvert brot fyrir sig.

Yfirlit yfir dóma Hæstaréttar Íslands, fyrir gildistöku laga nr. 40/1992, er vörðuðu kynferðis- og sifskaparbrot.

Nauðgun: Tíu dómar gengu þar sem refsing var ákveðin 12 til 48 mánaða fangelsi.

Nauðgun og líkamsárás: Fjórir dómar þar sem refsing var ákveðin 24 til 54 mánaða fangelsi.

Nauðgunartilraun: Einn dómur þar sem refsing var ákveðin 10 mánaða fangelsi.

Manndráp og nauðgunartilraun: Einn dómur þar sem refsing var ákveðin 8 ára fangelsi (96 mánaða).

Kynferðisbrot gagnvart börnum: Fimm dómar þar sem refsing var ákveðin 2 til 30 mánaða fangelsi.

Kynferðisbrot gagnvart þroskaheftum einstaklingum: Þrír dómar þar sem refsing var ákveðin 2 til 5 mánaða fangelsi.

Önnur kynferðisbrot: Níu dómar þar sem refsing var ákveðin 3 til 12 mánaða fangelsi.

Samantekt á dómum eftir að lög nr. 40/1992 tóku gildi og fram til ársins 1994.

Nauðgun: Tveir dómar þar sem refsing var ákveðin 12 og 24 mánaða fangelsi.

Nauðgun og líkamsárás: Fjórir dómar og var refsing ákveðin 15 til 30 mánaða fangelsi en í einu máli var refsað fyrir fleiri alvarleg brot og refsing ákveðin 12 ára fangelsi (144 mánuðir).

Kynferðisbrot gagnvart börnum: Fjórir dómar gengu um kynferðisbrot gagnvart börnum og var refsing dæmd 10 til 15 mánaða fangelsi.

Kynferðisbrot gagnvart þorskaheftum einstaklingi: Einn dómur og var refsing 5 mánuðir, þar af 3 skilorðsbundnir.

Önnur kynferðisbrot: Átta dómar gengu um önnur kynferðisbrot. Refsing 6 til 48 mánaða fangelsi.

Sifskaparbrot – XXI. kafli almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Allir hæstaréttardómar um sifskaparbrot frá 1982 til 1994.

188. og 189. gr. Engir dómar fundust er vörðuðu þessar greinar.

190. gr.

Hrd. 1988:666 X ákærður fyrir kynferðismök við börn sín. Sakfelldur fyrir kynmök við eina dóttur sína. Dæmdur í 2½ árs fangelsi.

191. og 192. gr. Engir dómar fundust er vörðuðu þessar greinar.

193. gr.

Hrd. 1993:578 Tveir aðilar ákærðir fyrir að svipta foreldri forræði barna sinna og reyna að koma þeim úr landi. Dómur 8 mánuðir og 2 ára fangelsi.

Hrd. 1993:906 Aðili ákærður fyrir kynferðis-, sifskapar- og húsbrot og tilraun til þjófnaðar. Dæmdur í 4 ára fangelsi.

Kynferðisbrot – XXII. kafli almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Allir hæstaréttardómar um kynferðisbrot eftir gildistöku laga nr. 40/1992, fram til ársins 1994.

194. gr.

Hrd. 1994:208 Málið ómerkt og vísað heim í hérað til frekari gagnaöflunar, aðalmeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Hrd. 1994:230 Ákært og dæmt fyrir nauðgun. Refsing ákveðin 12 mánaða fangelsi.

Hrd. 1994:671 Ákært fyrir nauðgun og líkamsárás. Refsing ákveðin 2 ára fangelsi.

Hrd. 1994:826 Sýknað af ákæru um nauðgun vegna ófullnægjandi sannanna um sekt.

Hrd. 1994:1874 Ákært og dæmt fyrir kynferðisbrot. Refsing ákveðin 18 mánaða fangelsi.

Hrd. 1993:198 Fjórir menn voru ákærðir fyrir nauðgun, kynferðisbrot o.fl. hegningarlagabrot. Þeir voru dæmdir í 15 til 18 mánaða fangelsi.

Hrd. 1993:691 Tveir menn ákærðir fyrir nauðgun og hlutdeild í nauðgun. Þeir voru dæmdir í 2 ára fangelsi.

Hrd. 1993:890 Aðili ákærður fyrir nauðgun og frelsissviptingu. Dæmdur í 2½ árs fangelsi og vísað úr landi að lokinni afplánun.

Hrd. 1993:1860 Aðili ákærður fyrir nauðgun en sýknaður vegna sönnunarskorts.

Hrd. 1993:1947 Aðili ákærður fyrir nauðgun, líkamsmeiðingar, rán, þjófnað, húsbrot og ölvun við akstur. Dæmdur í 12 ára fangelsi.

195. gr.

Hrd. 1993:27 Aðili ákærður og dæmdur í 6 mánaða fangelsi.

196. gr.

Hrd. 1994:1055 Ákært og dæmt fyrir tilraun til kynferðisbrots. Refsing ákveðin 6 mánaða fangelsi, þar af 3 mánuðir skilorðsbundnir.

Hrd. 1994:1230 Ákært og dæmt fyrir kynferðisbrot og brot á áfengislögum. Refsing 8 mánaða fangelsi.

Hrd. 1993:27 Aðili ákærður og dæmdur í 6 mánaða fangelsi.

197. gr.

Hrd. 1993:2242 Aðili ákærður fyrir kynferðisbrot gagnvart þroskaheftri konu. Dæmdur í 5 mánaða fangelsi, þar af 3 mánuði skilorðsbundna.

198. og 199. gr. Engir dómar fundust.

200. gr.

Hrd. 1994:639 Ákært og dæmt fyrir kynferðisbrot gagnvart börnum. Refsing ákveðin 10 mánaða fangelsi.

Hrd. 1994:1874 Ákært og dæmt fyrir kynferðisbrot. Refsing ákveðin 18 mánaða fangelsi.

Hrd. 1993:1943 Aðili ákærður og sakfelldur fyrir kynferðisbrot gagnvart barni. Refsing 12 mánaða fangelsi.

Hrd. 1992:1705 Aðili ákærður fyrir kynferðisbrot, áfengislagabrot og klám. Refsing 2½ árs fangelsi.

Hrd. 1992:1774 Aðili ákærður fyrir kynferðisbrot gagnvart barni. Refsing 12 mánaða fangelsi.

201. gr.

Hrd. 1994:1849 Aðili ákærður og dæmdur fyrir kynferðisbrot gagnvart barni. Refsing 15 mánaða fangelsi.

Hrd. 1994:1874 Ákært og dæmt fyrir kynferðisbrot. Refsing ákveðin 18 mánaða fangelsi.

Hrd. 1992:1774 Aðili ákærður fyrir kynferðisbrot gagnvart barni. Refsing 12 mánaða fangelsi.

202. gr.

Hrd. 1994:230 Ákært og dæmt fyrir nauðgun. Refsing 12 mánaða fangelsi.

Hrd. 1994:639 Ákært og dæmt fyrir kynferðisbrot gagnvart börnum. Refsing ákveðin 10 mánaða fangelsi.

Hrd. 1994:1230 Ákært og dæmt fyrir kynferðisbrot og brot á áfengislögum. Refsing 8 mánaða fangelsi.

Hrd. 1994:1408 Ákært og dæmt fyrir kynferðisbrot. Refsing ákveðin 8 mánaða fangelsi.

Hrd. 1994:1849 Aðili ákærður og dæmdur fyrir kynferðisbrot gagnvart barni. Refsing 15 mánaða fangelsi.

Hrd. 1994:1874 Ákært og dæmt fyrir kynferðisbrot. Refsing ákveðin 18 mánaða fangelsi.

Hrd. 1993:691 Tveir menn ákærðir fyrir nauðgun og hlutdeild í nauðgun. Dæmdir í 2 ára fangelsi.

Hrd. 1993:906 Aðili ákærður fyrir kynferðis-, sifskapar- og húsbrot og tilraun til þjófnaðar. Refsing 4 ára fangelsi.
Hrd. 1993:1943 Aðili ákærður og sakfelldur fyrir kynferðisbrot gagnvart barni. Refsing 12 mánaða fangelsi.
Hrd. 1992:1705 Aðili ákærður fyrir kynferðisbrot, áfengislagabrot og klám. Refsing 2½ árs fangelsi.
Hrd. 1992:1774 Aðili ákærður fyrir kynferðisbrot gagnvart barni. Refsing 12 mánaða fangelsi.

203.–208. gr. Engir dómar fundust.

209. gr.

Hrd. 1994:693 Ákært og dæmt fyrir kynferðisbrot gagnvart börnum. Refsing ákveðin 10 mánaða fangelsi.
Hrd. 1993:198 Fjórir menn ákærðir fyrir nauðgun, kynferðisbrot o.fl. hegningarlagabrot. Refsing 15 til 18 mánaða fangelsi.
Hrd. 1993:906 Aðili ákærður fyrir kynferðis-, sifskapar- og húsbrot og tilraun til þjófnaðar. Refsing 4 ára fangelsi.
Hrd. 1993:1943 Aðili ákærður fyrir kynferðisbrot gagnvart barni. Refsing ákveðin 12 mánaða fangelsi.

210. gr.

Hrd. 1994:693 Ákært og dæmt fyrir kynferðisbrot gagnvart börnum. Refsing ákveðin 10 mánaða fangelsi.
Hrd. 1992:1705 Ákært var og dæmd fyrir kynferðisbrot, áfengislagabrot og klám. Refsing ákveðin 2½ árs fangelsi.

6. Samanburður á refsingum fyrir héraðsdómi og Hæstarétti í kynferðisbrotamálum.

Stórum hluta dóma héraðsdómstólanna í þessum málaflokkum eins og öðrum er ekki áfrýjað til Hæstaréttar og niðurstaða héraðsdóms því endanleg.

Samanburður á refsingum í einstökum málum getur verið ákaflega vandasamur og meðferð meðaltalstalna villandi. Þau brot sem einu nafni eru nefnd kynferðisbrot í XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, eru öll alvarleg en þó mjög mismunandi alvarleg. Sem dæmi má nefna nauðgun annars vegar og klám hins vegar. Þannig eru t.d. öll þau mál í töflunum hér á eftir sem lýkur með sektarrefsingu höfðuð vegna brota gegn 210. gr. laganna.

Í mörgum málanna er dæmt fyrir fleiri en eitt brot, ýmist sömu tegundar eða ólíkrar. Til viðbótar því kynferðislega ofbeldi sem beitt er bætist í sumum málunum við gróft ofbeldi af öðru tagi. Fleiri atriði hafa áhrif á þyngd refsingar, svo sem hvort um ítrekað brot er að ræða, hegningarauka eða að viðkomandi hafi rofið reynslulausn vegna afplánunar annars dóms. Tveir þyngstu dómarnir hleypa meðaltalinu talsvert upp. Í öðru málinu var dæmt 10 ár fangelsi en í hinu málinu 12 ára fangelsi. Dómar vegna minna alvarlegra brota draga meðaltalið hins vegar niður.

Með þessum fyrirvörum eru hér birtar tvær töflur yfir alla dóma sem gengið hafa vegna kynferðisbrota í Hæstarétti í þessum málaflokkum á árunum 1984 til 1994, annars vegar fram til gildistöku laga nr. 40/1992 (tafla 4) og hins vegar eftir gildistöku þeirra (tafla 5), og borin saman refsing í Hæstarétti annars vegar og samkvæmt héraðsdómi hins vegar. Síðara tímabilið er mun styttra og dómar færri. Samanburður á meðaltalstölum milli tímabila er vart marktækur þar sem samsetning mála milli tímabila er ekki sú sama og málin of fá til að dregnar verði af meðaltalstölunum víðtækar ályktanir.

Þar sem aðeins var um að ræða þrjá dóma vegna sifskaparbrota á þessu árabili er ekki gerð sérstök grein fyrir refsingum í þeim málum. Þess má geta að í tveimur málanna var einnig ákært og dæmt fyrir kynferðisbrot og þau mál eru bæði í eftirfarandi töflum.

Tafla 4. Samanburður á refsingum fyrir héraðsdómi og Hæstarétti í málum þar sem ákært var fyrir kynferðisbrot, samkvæmt XXII. kafla almennra hegningarlaga, frá árinu 1984 fram til gildistöku laga nr. 40/1992.

Dómar	Héraðsdómur		Hæstiréttur	
	Refsing	þar af skb.	Refsing	þar af skb.
Hrd. 1984:855	Sekt		Sekt	
Hrd. 1984:1181	120 mán.		120 mán.	
Hrd. 1984:1303	Sekt		Sekt	
Hrd. 1985:300	4 mán.	4 mán.	10 mán.	7 mán.
Hrd. 1985:936	48 mán.		42 mán.	
Hrd. 1985:1061	Ákv. refs. frestað		Ómerking	
Hrd. 1986:139	3 mán.	3 mán.	Ómerking	
Hrd. 1986:646	6 mán.	6 mán.	9 mán.	
Hrd. 1986:682	Ákv. refs. frestað		3 mán.	2 mán.
Hrd. 1986:1287	36 mán.		36 mán.	
Hrd. 1986:1427	36 mán.		30 mán.	
Hrd. 1986:1613	1 mán.		7 mán.	
Hrd. 1987:266B	36 mán.		36 mán.	
Hrd. 1987:1179	3 mán.	3 mán.	5 mán.	3 mán.
Hrd. 1987:1280	Sekt		Sekt	
Hrd. 1988:166	42 mán.		30 mán.	
Hrd. 1988:222	96 mán.		96 mán.	
Hrd. 1988:241	30 mán.		24 mán.	
Hrd. 1988:372	Sekt		Sýkna	
Hrd. 1988:666	48 mán.		30 mán.	
Hrd. 1988:1293	24 mán.		18 mán.	
Hrd. 1989:343	Sýkna		2 mán. varðh.	2 mán.
Hrd. 1989:352	Ákv. refs. frestað		2 mán.	2 mán.
Hrd. 1989:1716	18 mán.		24 mán.	
Hrd. 1989:1741	54 mán.		54 mán.	
Hrd. 1990:153	3 mán.		Ómerking	
Hrd. 1990:305	6 mán.	3 mán.	6 mán.	3 mán.
Hrd. 1990:420	13 mán.		36 mán.	
Hrd. 1990:512	36 mán.		42 mán.	
Hrd. 1990:585	15 mán.		15 mán.	
Hrd. 1990:720	3 mán.	2 mán.	3 mán.	3 mán.
Hrd. 1990:1103	Sekt		Sekt	
Hrd. 1990:1164	1 mán.		2 mán.	
Hrd. 1990:1482	18 mán.		12 mán.	
Hrd. 1991:84	18 mán.		18 mán.	
Hrd. 1991:264	48 mán.		48 mán.	
Hrd. 1991:393	7 mán.	4 mán.	7 mán.	7 mán.
Hrd. 1991:802	9 mán.	6 mán.	9 mán.	6 mán.
Hrd. 1991:812	6 mán.		6 mán.	3 mán.
Hrd. 1991:1580	12 mán.		12 mán.	
Hrd. 1992:48	Sýkna		Sýkna	
Hrd. 1992:87	18 mán.		24 mán.	
Hrd. 1992:97	18 mán.		27 mán.	
Hrd. 1992:704	48 mán.		Sýkna	
Hrd. 1992:916	8 mán.		Sýkna	
Hrd. 1992:956	10 mán.	3 mán.	18 mán.	
Hrd. 1993:124	8 mán.	6½ mán.	Ómerking	
Samtals	**840 mán.**	**31 mán.**	**856 mán.**	**32 mán.**
Meðaltal	**26 mán. og 8 dagar**	**1 mán.**	**26 mán. og 23 dagar**	**1 mán.**

Rétt er að benda á að aðeins er hægt að bera saman refsingu í 32 málum af þeim 47 sem eru á listanum þar sem fangelsisrefsing er dæmd á báðum dómstigum. Í 10 málum er niðurstaðan ekki sambærileg og í 5 dómum er um sektarrefsingu að ræða á öðru eða báðum dómsstigum.

Tafla 5. Samanburður á refsingum fyrir héraðsdómi og Hæstarétti í málum þar sem ákært var fyrir kynferðisbrot, samkvæmt XXII. kafla almennra hegningarlaga, eftir gildistöku laga nr. 40/1992, fram til ársins 1994.

Dómur	Héraðsdómur		Hæstiréttur	
	Refsing	Þar af skb.	Refsing	Þar af skb.
Hrd. 1992:1705	24 mán.		30 mán.	
Hrd. 1992:1774	12 mán.		12 mán.	
Hrd. 1993:27	6 mán.	3 mán.	6 mán.	
Hrd. 1993:198	8 mán.		18 mán.	
Hrd. 1993:691	24 mán.		24 mán.	
Hrd. 1993:890	18 mán.		30 mán.	
Hrd. 1993:906	60 mán.		48 mán.	
Hrd. 1993:1860	18 mán.		Sýkna	
Hrd. 1993:1943	12 mán.	9½ mán.	12 mán.	
Hrd. 1993:1947	120 mán.		144 mán.	
Hrd. 1993:2242	5 mán.	3 mán.	5 mán.	3 mán.
Hrd. 1994:208	12 mán.	9 mán.	Ómerking	
Hrd. 1994:230	12 mán.		12 mán.	
Hrd. 1994:639	10 mán.		10 mán.	
Hrd. 1994:671	12 mán.		24 mán.	
Hrd. 1994:826	18 mán.		Sýkna	
Hrd. 1994:1055	6 mán.	3 mán.	6 mán.	3 mán.
Hrd. 1994:1230	8 mán.		8 mán.	
Hrd. 1994:1408	8 mán.		8 mán.	
Hrd. 1994:1849	10 mán.		15 mán.	
Hrd. 1994:1874	15 mán.		18 mán.	
Samtals	**370 mán.**	**18½ mán.**	**430 mán.**	**6 mán.**
Meðaltal	**20 mán. og 5 dagar**	**1 mán.**	**23 mán. og 23 dagar**	**10 dagar**

Rétt er að benda á að aðeins er hægt að bera saman refsingu í 18 málum af 21 á listanum þar sem fangelsisrefsing er dæmd á báðum dómstigum. Í þremur málum er niðurstaðan ekki sambærileg í héraði og Hæstarétti.

Í töflum 6 og 7 eru dregnar saman upplýsingar úr töflum 4 og 5 um samanburð á refsingum fyrir héraðsdómi og Hæstarétti í kynferðisbrotamálum.

Tafla 6. Meðaltalsrefsingar í héraði og Hæstarétti.

Meðaltalsrefsing	Héraðsdómur	Hæstiréttur	Meðaltalsþynging
Fyrir l. nr. 40/1992	26 mán. og 8 dagar	26 mán. og 23 dagar	15 dagar
Eftir l. nr. 40/1992	20 mán. og 5 dagar	23 mán. og 27 dagar	3 mán. og 22 dagar
Samtals	**24 mán. og 6 dagar**	**25 mán. og 22 dagar**	**1 mán. og 16 dagar**

Tafla 7. Samanburður á refsingum í héraði og Hæstarétti samkvæmt töflum 4 og 5.

	Tafla 4	Tafla 5	Samtals
Refsing þyngd í Hæstarétti	11	7	18
Refsiákvörðun héraðsdóms staðfest í Hæstarétti	18	10	28
Refsing vægari í Hæstarétti	7	1	8
Sýkna í héraði og Hæstarétti	1		1
Sýkna í héraði en sakfelling í Hæstarétti	1		1
Sakfelling í héraði en sýkna í Hæstarétti	3	2	5
Ákv. refsingar fr. skb. í héraði en ómerking í Hæstarétti	2		2
Ákv. refsingar fr. skb. í héraði en fangelsi skb. í Hæstarétti	1		1
Fangelsisdómar úr héraði ómerktir í Hæstarétti	3	1	4

7. Reglur um meðferð og rannsókn á meintum kynferðis- og sifskaparbrotum.

Flest kynferðis- og sifskaparbrotamál eru rannsökuð af Rannsóknarlögreglu ríkisins. Í handbók embættisins eru skýrar reglur um meðferð kynferðisbrotamála á rannsóknarstigi. Þær reglur fjalla um samskipti lögreglu við heilbrigðisstéttir og að hverju þarf að huga við þessar rannsóknir. Á það við um töku blóðsýna, upptökur á yfirheyrslum og sakbendingu. Um þessi atriði er fjallað í 72. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, þar sem veitt er heimild til að hljóðrita skýrslur vitna eða taka upp á myndband. Þótt í lagaákvæði sé talað um skýrslutöku vitna virðist sem það taki einnig til sakbornings. Þá er einnig bent á 15 gr. laga nr. 19/1991 þar sem fjallað er um hljóðritun og myndbandsupptöku fyrir dómi.

Þá má einnig geta þess að á vegum neyðarmóttöku Sjúkrahúss Reykjavíkur starfar nú hópur lögmanna sem kalla má út að nóttu sem degi til að aðstoða fórnarlömb kynferðisbrota, veita þeim lögfræðilega ráðgjöf, annast kröfugerð vegna skaðabóta og miskabóta og mæta með þeim fyrir dóm ef þurfa þykir. Dómsmálaráðuneytið veitir neyðarmóttökunni árlegan fjárstuðning vegna kostnaðar sem þjónustu lögmannanna er samfara.

Í lögum nr. 19/1991 eru engin fyrirmæli um sakbendingu eins og var í eldri lögunum. Þrátt fyrir það er gert ráð fyrir að sakbending verði notuð við rannsókn máls þegar þörf er talin á. Markmið sakbendingar er að sannreyna hvort maður beri kennsl á annan mann og skal hann þá látinn benda á þann mann í hópi manna ef þess er kostur. Í handbók dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um meðferð opinberra mála er fjallað um sakbendingu á bls. 57–59.

Sakbending kemur aldrei til framkvæmda nema grunur hafi fallið á ákveðinn mann, en er sjaldan notuð af lögreglu við rannsókn afbrota. Lögregla hefur reglur um hvernig standa skuli að sakbendingu. Það eru einkum Rannsóknarlögregla ríkisins og lögreglan í Reykjavík sem nota sakbendingu þar sem slík rannsóknaraðferð er miklum takmörkunum háð í fámenni.

Benda má á nýlegan dóm Hæstaréttar frá 3. apríl 1992 þar sem fjallað var um sakbendingu.

8. Aðferðir til hlífðar fórnarlömbum kynferðis- og sifskaparbrota.

Umtalsverðar breytingar hafa orðið á rannsóknaraðferðum ef litið er til síðasta áratugar. Má þar nefna öflun sönnunargagna, rannsókn þeirra og vinnu með þau. Sömu sögu er einnig að segja um yfirheyrslur, einkum að því er varðar börn. Kynferðisbrot hafa þá sérstöðu meðal brota að fátítt er að vitni séu að þeim atburðum sem eiga sér stað. Af

þeim sökum er framburður fórnarlamba mjög mikilvægur þegar mál eru til meðferðar í réttarkerfinu.

Reynt hefur verið eftir fremsta megni að fylgjast með þróun rannsókna erlendis og telja má að þær rannsóknaraðferðir sem beitt er hér á landi taki mið af því sem gerist í nágrannalöndum okkar.

Þegar mál koma af rannsóknarstigi á ákærustig koma til ákvæði sem stuðla eiga að því að hlífa fórnarlömbum brota án þess að gengið sé á rétt sakaðs manns. Almenna reglan um þinghöld í opinberum málum er að finna í 1. mgr. 8. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, þess efnis að þinghöld skuli háð í heyranda hljóði. Dómara er þó rétt að ákveða að dómþing skuli haldið fyrir luktum dyrum ef eitthvert eftirtalinna skilyrða er fyrir hendi.

a. til hlífðar sakborningi eða nánum vandamönnum hans þegar sérstaklega stendur á,
b. til hlífðar vitnum, brotaþolum eða öðrum sem málið varðar,
c. ef um er að ræða þinghöld meðan á rannsókn máls stendur og sérstök hætta þykir á sakarspjöllum ef þing væri háð fyrir opnum dyrum,
d. ef sakborningur er undir 18 ára aldri,
e. af velsæmisástæðum,
f. vegna öryggis ríkisins,
g. ef óhjákvæmilegt þykir til að halda uppi þingfriði.

Ákvæði b-liðar er sérstaklega mikilvægt fyrir fórnarlömb kynferðis- og sifskaparbrota. Þessum ákvæðum er í vaxandi mæli beitt til verndar brotaþolum og vitnum í málum af þessu tagi.

Fulltrúar félagsmálayfirvalda eru jafnan kallaðir til þegar skýrslur eru teknar af ungum fórnarlömbum brota fyrir dómi.

Telja verður að þær heimildir sem fyrir hendi eru til að hlífa fórnarlömbum við dómstólameðferð séu nýttar eins og kostur er. Beiting slíkra heimilda má þó aldrei stefna í hættu þeim rétti sakaðs manns að fá réttláta málsmeðferð. Dómurum landsins verður að treysta til að taka slíkar ákvarðanir og það er ekki á valdi ráðherra að hafa áhrif á í hve miklum mæli dómarar beita slíkum heimildum.

Þess má geta að á vegum dómsmálaráðuneytisins er starfandi nefnd sem upphaflega var falið að athuga hvort taka ætti upp það fyrirkomulag að ríkissjóður ábyrgðist greiðslur dæmdra bóta vegna kynferðisafbrota eða annarra grófra ofbeldisbrota. Í framhaldi af störfum nefndarinnar var lagt fram á Alþingi frumvarp um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota sem varð að lögum nr. 69/1995. Lögin taka gildi 1. júlí 1996.

Sömu nefnd hefur einnig verið falið að athuga hvort setja eigi í lög heimild til að leggja á nálgunarbann og enn fremur hvort fórnarlamb geti fengið betri aðgang að rannsóknarferlinu.

Öll þessi atriði ættu að stuðla að bættri réttarstöðu brotaþola í réttarvörslukerfinu.

9. Önnur viðurlög við kynferðisbrotum en fangelsisvist.

Í almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, er ekki að finna nein sérviðurlög við kynferðisbrotum. Þó skal bent á ákvæði VII. kafla laganna um öryggisráðstafanir, sviptingu borgararéttinda og upptöku eigna, sérstaklega 62.–67. gr. en þau ákvæði eru svohljóðandi:

„62. gr. Nú er maður sýknaður samkvæmt ákvæðum 15. gr., eða niðurstaða dóms verður sú, samkvæmt ákvæðum 16. gr., að refsing sé árangurslaus, og má þá ákveða í dómi, ef nauðsynlegt þykir vegna réttaröryggis, að gerðar skuli ráðstafanir til að varna

því, að háski verði að manninum. Ef ætla má, að vægari ráðstafanir, svo sem trygging, bann við dvöl á ákveðnum stöðum eða svipting lögræðis, komi ekki að notum, má ákveða, að honum sé komið fyrir á viðeigandi hæli. Skal þá hæstiréttur skipa honum tilsjónarmann, sem eftirlit hefur með því, að dvöl hans á hælinu verði ekki lengri en nauðsyn ber til. Þegar ástæða þykir til, getur dómsmálaráðherra leitað úrlausnar héraðsdóms, þar sem hælið er, hvort téðar ráðstafanir skuli teljast lengur nauðsynlegar, enda hafi umsagnar læknis verið leitað. Svo getur og tilsjónarmaður krafist þess, þegar ár er liðið frá dómsuppsögn eða síðasta dómsúrskurði, eða fyrr, ef dómsmálaráðherra samþykkir, að málið skuli að nýju lagt undir úrskurð dómstóls þess, sem áður segir. Ákvörðun hans má áfrýja eftir reglum um kæru í opinberum málum.

63. gr. Nú hefur orðið svo ástatt um mann til langframa, sem í 15. eða 16. gr. segir, eftir að hann hefur drýgt refsiverðan verknað, en áður en fullnaðardómur gengur í máli hans, og ákveður dómur þá, hvort refsing skuli dæmd eða hún eigi að falla niður. Ákveða má í dóminum, ef skilyrði samkvæmt 62. gr. þykja vera fyrir hendi, að ráðstöfunum samkvæmt þeirri grein skuli beitt í stað refsingar eða þangað til unnt þykir að framkvæma refsingu.

64. gr. [Felld brott.]

65. gr. Þyki það ljóst af málavöxtum, eftir að umsagnar læknis hefur verið leitað, að sakborningur, sem framið hefur brot undir áhrifum áfengis, geti ekki haft hemil á drykkjufýsn sinni, má ákveða í dómi, að hann skuli lagður inn á viðeigandi hæli til lækningar. Skal dómur þá hljóða um dvöl á hælinu allt að 18 mánuðum, eða, ef ítrekun á sér stað, allt að 3 árum. Dómsmálaráðherra ákveður, eftir tillögum stjórnar hælisins og hlutaðeigandi læknis, hvort leysa megi manninn af hælinu, áður en ofangreindur hámarkstími er liðinn, sökum þess að ætla megi, að hann hafi læknast.

66. gr. Ef nokkur heitist við annan mann eða hótar honum bana, brennu eða öðrum óförum, og refsingu verður annaðhvort ekki við komið eða hún þykir ekki veita næga tryggingu, getur ákæruvaldið hlutast til um, eftir kröfu þess, sem hlut á að máli, eða án kröfu hans, ef nauðsynlegt þykir vegna réttaröryggis, að dómsúrskurður gangi um það, hvort gera skuli ráðstafanir til varnar því, að hótunin sé framkvæmd, þar á meðal, hvort heitingamaður skuli setja tryggingu eða hvort setja skuli hann í gæslu. Dómstóll getur fellt ráðstafanirnar niður, ef þeirra þykir ekki lengur þörf vegna breyttra málavaxta.

Ef ákæruvaldið æskir þess, má jafnan leggja málið á ný undir úrskurð dómstóls. Hinn dómfelldi getur og jafnan krafist, þegar 6 mánuðir eru liðnir frá uppkvaðningu dóms eða síðasta úrskurði, og fyrr, ef ákæruvaldið samþykkir, að málið sé að opinberri tilhlutan lagt undir úrskurð dómstóls að nýju.

Dómsúrlausnum samkvæmt grein þessari má áfrýja eftir reglum um kæru í opinberum málum.

67. gr. Sé maður dæmdur í þyngri refsingu en varðhald, og mjög sennilegt má telja af því, hvernig glæp hans var háttað og andlegu ástandi hans er varið, svo og af undanfarandi breytni hans, að hann muni drýgja afbrot af vana eða í atvinnuskyni og sé því hættulegur umhverfi sínu, má ákveða í refsidómi eða síðar í sérstöku máli, sem höfðað er að tilhlutan ákæruvaldsins, að beitt skuli öryggisráðstöfunum samkvæmt 66. gr. að refsingu lokinni. Létta má slíkum ráðstöfunum af aftur eftir sömu reglum og um getur í 66. gr.“

Ákvæði 65. gr. var beitt í hæstaréttarmáli frá árinu 1988, bls. 241 í dómasafni, en í því máli var ákærði dæmdur í 6 mánaða fangelsi og til 15 mánaða hælisvistunar að auki vegna kynferðisbrota. Fyrrnefndum ákvæðum hefur ekki að öðru leyti verið beitt í kynferðisbrotamálum á undanförnum 10 árum en í nokkrum tilvikum hefur verið gerð krafa um slíkt.

1132. Breytingartillögur [437. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá Tómasi Inga Olrich og Árna Johnsen.

1. Við 2. gr.
   a. Í stað 3. mgr. komi þrjár nýjar málsgreinar er orðist svo:
      Heildarþorskaflaviðmiðun fyrir krókaleyfisbáta skal vera 13,9% af ákvörðuðum heildarafla eins og hann var á fiskveiðiárinu 1995/1996.
      Verði þorskafli aukinn skal þorskaflaviðmiðun krókaleyfisbáta taka breytingum sem hér segir:
      1. Þorskaflahlutdeild þeirra sem veiða í sóknardagakerfi af heildarhækkun leyfilegs aflamagns skal ákvörðuð þannig að hlutfallsleg aukning aflamarks skal margfölduð með stuðlinum 0,2 áður en til úthlutunar kemur. Þetta ákvæði gildir þar til leyfilegur þorskafli hefur náð 250 þús. lestum af óslægðum þorski. Eftir það skal leyfilegur afli hækka um sama hlutfall og leyfilegur heildarafli.
      2. Þorskaflahlutdeild þeirra sem veiða í aflahámarkskerfi af heildarhækkun leyfilegs aflamagns skal ákvörðuð þannig að hlutfallsleg aukning aflamarks skal margfölduð með stuðlinum 0,4 áður en til úthlutunar kemur. Þetta ákvæði gildir þar til leyfilegur þorskafli hefur náð 250 þúsund lestum af óslægðum þorski. Eftir það skal leyfilegur afli hækka um sama hlutfall og leyfilegur heildarafli.

      Komi til minnkunar aflamarks skal það minnkað í sömu hlutföllum.
   b. Í stað orðanna „21.000 lestum“ í 4., 7. og 9. mgr. komi: 21.500 lestum.
   c. Við bætist tvær nýjar málsgreinar er orðist svo:
      Hlutfallsleg aukning aflamarks frá fiskveiðiárinu 1995/1996 miðað við aflahlutdeild báta minni en 10 brl. í upphafi hvers fiskveiðiárs skal margfölduð með stuðlinum 1,25 áður en til úthlutunar kemur. Þetta ákvæði gildir þar til leyfilegur þorskafli hefur náð 250 þús. lestum af óslægðum þorski. Ákvæðið breytir ekki aflahlutdeild báta undir 10 brl.

      Komi til minnkunar aflamarks skal það minnkað í sömu hlutföllum.
2. Við 4. gr. Við bætist nýr málsliður er orðist svo: Ákvæði til bráðabirgða I og II í lögum nr. 83/1995 falla brott frá og með sama tíma.

1133. Skýrsla [539. mál]

félagsmálaráðherra um styttingu vinnutíma.

(Lögð fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

Alþingi samþykkti 7. maí 1994 þingsályktun um könnun á aðgerðum erlendis, sem miða að styttingu vinnutíma og fjölgun starfa, sem hljóðar svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera skýrslu um þær aðgerðir sem gripið hefur verið til á meðal Evrópuþjóða, einkum annarra norrænna ríkja, sem miða að styttingu vinnutíma og fjölgun starfa. Í skýrslunni verði gerð grein fyrir eðli og umfangi aðgerða, kostnaði og árangri eftir því sem upplýsingar frá stjórnvöldum, aðilum vinnumarkaðar eða alþjóðastofnunum gefa tilefni til.

Skýrslan skiptist í fjóra kafla: 1. Ýmsar skilgreiningar á vinnutíma. 2. Fyrirkomulag vinnutíma í ýmsum löndum. 3. Aðgerðir til að stytta vinnutímann í ýmsum ríkjum. 4. Samantekt.

1. Ýmsar skilgreiningar á vinnutíma.

Áður en lengra er haldið er rétt að geta þess að samanburður getur oft reynst torveldur þegar bornar eru saman upplýsingar um fjölda vinnustunda í ýmsum löndum.

Helstu heimildir um vinnutíma eru tvær á Íslandi: Vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands sem nær aftur til ársins 1991 og mælingar kjararannsóknarnefndar sem ná aftur til ársins 1966. Mikill munur er á heimildum þessum hvað varðar skilgreiningar og söfnun gagna.

Vinnutímamælingar Hagstofu Íslands byggjast á símaviðtalskönnunum, þar sem einstaklingar er valdir af handahófi úr þjóðskrá. Framkvæmd könnunarinnar er í samræmi við evrópskar viðmiðanir og eru einstaklingar m.a. spurðir um fjölda vinnustunda í aðal- og aukastörfum. Sá vinnutími sem mælist er því heildarvinnutími viðkomandi einstaklinga.

Vinnutímamælingar kjararannsóknarnefndar byggjast á úrtaki fyrirtækja og eru upplýsingar fengnar ársfjórðungslega úr launabókhaldi þeirra. Viðmiðunin er einstaklingur í ákveðnu starfi og gildir þá einu hvort um aðal- eða aukastarf er að ræða, en fyrirtækin senda upplýsingar um hvern starfsmann, hve mikið er greitt til hans, svo og fjölda vinnustunda að baki þeirri fjárhæð. Sá möguleiki er fyrir hendi að einstaklingur í tveimur störfum komi tvisvar fyrir í úrtaki nefndarinnar. Aðalvinnutímahugtak kjararannsóknarnefndar er „vinnutími fólks í fullu starfi“. Mælingarnar miðast einungis við þá einstaklinga í úrtakinu sem eru í fullu starfi á ársfjórðungnum (vinna 400 klukkustundir eða meira). Kjararannsóknarnefnd notar mælinguna fyrst og fremst til þess að reikna heildarlaun fullvinnandi fólks eftir starfsstéttum.

Ýmsar skilgreiningar eru til fyrir vinnutíma og er misjafnt eftir löndum hvaða skilgreiningar eru notaðar. Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO) gerir greinarmun á unnum og greiddum stundum:

Unnar stundir eru skilgreindar sem þær stundir sem launþegi er við störf, auk stuttra hvíldarhléa og tafa vegna bilana o.fl.

Greiddar stundir eru skilgreindar sem unnar stundir auk greiddra fjarvista. Greiddar fjarvistir eru t.d. orlof, kaffitímar, veikindi og helgidagar.

Erlendar skilgreiningar miða ýmist við unnar eða greiddar stundir og í alþjóðlegum samanburði er mikilvægt að mæliaðferðir og skilgreiningar séu ljósar.

Ef greiddum orlofsstundum er bætt við vinnutíma samkvæmt mælingum kjararannsóknarnefndar má með nokkurri einföldun segja að um greiddar stundir sé að ræða. Að sama skapi má fá hugmynd um unnar stundir fólks í fullu starfi með því að draga frá greiddar fjarvistir.

Við samanburð á vinnutíma í ýmsum löndum ber að hafa í huga þær mæliaðferðir og skilgreiningar sem liggja til grundvallar vinnutímanum. Þannig eru kaffitímar og matartímar innifaldir í vikulegum vinnustundafjölda í sumum löndum og öðrum ekki. Hér á landi er þetta á þann veg að 35 mínútna kaffitími verkafólks á dag nemur alls 3 tímum á viku. Þar með verður vinnuvika þessa hóps ekki 40 tímar heldur 37 virkir vinnutímar. Hjá skrifstofufólki er vinnutímafjöldinn 38 tímar á viku og kaffitíminn 20 mínútur á dag eða 1 tími og 40 mínútur fyrir vikuna. Þar með er virkur vinnutími á viku 36 tímar og 20 mínútur.

Mismunandi reglur geta einnig gilt um atvinnuþátttöku og yfirvinnu í ýmsum löndum. Um nokkurt skeið hafa eftirtaldar reglur um hámarksyfirvinnu gilt í nokkrum löndum: Í Noregi er leyft hámark yfirvinnu 200 tímar á hverju fjögurra vikna tímabili, í Finnlandi í mesta lagi 20 tímar á tveimur vikum og í Svíþjóð í mesta lagi 200 tímar á ári. Jafnframt gilda víða fleiri og flóknari reglur um yfirvinnu.

Í skýrslu ILO „Working time issues in industrialised countries" (1988) kemur fram að við samanburð vinnutíma ber að hafa í huga að mæling tímafjölda grundvallast á fjölda vinnutíma á viku, reglugerðum og hefðum sem skapast hafa.

1.1 Aðferðir til þess að stytta vinnutímann.

Stytting vinnutíma er hagstjórnartæki sem stýrir eða dregur úr heildarvinnuframlagi. Einnig má líta á hugtakið út frá einstaklingnum sem ígildi aukins frítíma.

Ýmsar leiðir eru til þess að takmarka vinnuframlag:

1. Takmörkun á fjölda vinnutíma á ári, viku, dag; lenging orlofs; takmörkun á yfirvinnu, aukastarfi o.fl.
2. Lækkun eftirlaunaaldurs.
3. Lenging námstímans, aukin námsskylda, fullorðinsfræðsla, orlof til náms.

1.2 Ástæður vinnutímastyttingar.

Ástæður vinnutímastyttingar geta m.a. verið eftirfarandi:

1. Í kjölfar efnahagslegra framfara er talið réttlætanlegt að stytta vinnutímann þegar til lengri tíma er litið.
2. Ástæða vinnutímastyttingar hefur m.a. verið sú að draga úr atvinnuleysi.
3. Hætta er á heilsufarslegum og félagslegum skaða af mikilli vinnu.

4. Stytting vinnutíma í hættulegum störfum.
   Hér er átt við störf sem eru hættuleg andlegri og líkamlegri heilsu. Í Þýskalandi var samþykkt tillaga þess efnis að stytta vinnutíma þeirra sem vinna vaktavinnu og næturvinnu við sérstaklega erfið skilyrði.
5. Stytting vinnutíma sem framlag til fjölskyldustefnu og jafnréttis með tilliti til tómstunda.
   Á þingi sænska alþýðusambandsins árið 1986 kom fram að krafan um 6 tíma vinnudag væri langtímamarkmið en forgang um styttingu vinnutíma hafi vaktavinnufólk og starfsfólk sem hafi óreglulegan vinnutíma og foreldrar ungra barna.
6. Frítími til starfsmenntunar.
   Annar tilgangur styttingar vinnutímans er að gefa verkamönnum möguleika á starfsmenntun. Samþykkt ILO nr. 140 (1974) gerir ráð fyrir stefnumörkun á þessu sviði sem gefur starfsmönnum tækifæri til að fara í námsleyfi til starfsmenntunar eða af öðrum ástæðum. Mörg lönd hafa löggjöf á þessu sviði.
7. Samræming vinnutímans í ýmsum starfsgreinum.
   Þótt styttri vinnutími fyrir verkamenn í ýmsum heilsuspillandi störfum sé oft talinn viðeigandi er vinnutími margra verkamanna lengri en skrifstofufólks og opinberra starfsmanna. Litið er á styttingu vinnutímans hjá verkamönnum sem forgangsmál.

Skoðanir eru skiptar á því með hvaða hætti eigi að stytta vinnutímann. Ýmsar hugmyndir eru um takmörkun vinnutímans á dag, á viku, í mánuði eða á ári, aukið orlof, foreldra- eða námsorlof, auk lækkunar eftirlaunaaldurs. Í Þýskalandi leggur verkalýðshreyfingin áherslu á styttri vinnudag, lækkun eftirlaunaaldurs og lengra orlof, auk bættra skilyrða fyrir vaktavinnufólk. Þar var gerð könnun á því hve mörg störf mundu skapast ef yfirvinnutími yrði styttur. Niðurstaðan var sú að í stað yfirvinnu verkamanna hefðu 952.000 atvinnulausir verkamenn getað fengið störf. Auk þess kom fram að 90% þeirra verkamanna sem unnu yfirvinnu töldu sig geta verið án hennar fjárhagslega. Í Noregi reyndist vera mestur áhugi á lægri eftirlaunaaldri, styttri vinnudegi og lengra orlofi.

1.3 Aðgerðir við ýmsar aðstæður.

Við fullt atvinnustig eru gerðar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að auka framboð vinnuafls. Dæmi: Takmarkanir eða rýmkun á yfirvinnureglum, fleiri hlutastörf, fjölgun dagvistunarstofnana, erlent vinnuafl o.fl. Þegar á heildina er litið minnkar vinnuaflseftirspurn við aukna framleiðni. Þó er það ekki einhlítt. Þannig getur sterkari samkeppnisstaða í einstökum löndum vegna aukinnar framleiðni kallað á aukna eftirspurn eftir vinnuafli í viðkomandi löndum.

Vegna breyttra aðstæðna á vinnumarkaðinum, þ.e. atvinnuleysis, mætti íhuga ýmsar aðgerðir til takmörkunar á framboði vinnuafls, t.d. styttingu vinnutíma eins og áður var getið. Hugsanlega gæti takmörkun á lengd vinnutíma skapað vandamál í sjávarútvegi. Tilraun til þess að ráðast gegn atvinnuleysinu með styttingu vinnutíma er öðru fremur varnarbarátta. Atvinnuleysisvandinn er mildaður, en framleiðslu- og neyslumöguleikum gæti fækkað þegar vinnutímastytting er framkvæmd án launaumbunar.

1.4 Stytting vinnutíma og framleiðniaukning.

Í sumum tilvikum getur stytting vinnutíma orðið þess valdandi að vinnutilhögun verður skipulagðari og nýting vinnutímans batnar. Hollensk rannsókn gefur til kynna að áhrif vinnutímastyttingar á tímaframlegð minnka miðað við lengd vinnutímans í upphafi.

Þannig muni stytting vikulegs vinnutíma úr 45 stundum í 40 stundir auka framlegð á klukkustund hlutfallslega meira en stytting úr 40 vikulegum stundum. Möguleiki á framleiðniaukningu á klukkustund er breytilegur frá fyrirtæki til fyrirtækis og frá atvinnugrein til atvinnugreinar. Dönsk athugun gefur til kynna að stytting vikulegs vinnutíma um 1% auki framleiðni á klukkustund um 1,3%. Ef um meiri vinnutímastyttingu yrði að ræða yrðu framleiðniáhrifin minni.

Margar orsakir eru fyrir því að vinnutímastytting getur haft jákvæð áhrif á framleiðnina. Þreyta verður minni þegar vinnutíminn styttist. Meðalframleiðsla á vinnutíma getur aukist. Tíðni slysa og sjúkdóma sem tengjast vinnustaðnum lækkar þegar vinnutíminn er styttri. Ef framleiðniaukning er í sama hlutfalli og stytting vinnutíma mun launakostnaður á einingu haldast óbreyttur, þ.e. hærra tímakaup en óbreyttur launakostnaður.

1.5 Stytting vinnutíma og fjármagnskostnaður.

Við almenna vinnutímastyttingu geta verðhlutföllin milli vinnu og véla og tækja breyst miðað við þá forsendu að verð á klukkustund muni hækka. Framboð vinnuafls í tímum minnkar. Vinnuafl verður dýrara í samanburði við vélar og tæki. Í fyrirtækjum þar sem það er mögulegt ætti þetta að leiða til þess að vélar og tæki yrðu notuð í ríkari mæli fremur en vinnuafl við vinnutímastyttingu. Í reynd hefur vinnutímastytting fyrst og fremst verið hjá fólki sem ekki er í framleiðslugreinum.

Ef stytting vikulegs vinnutíma hefur í för með sér að fastafjármunir nýtast illa mun fjármagnskostnaður á einingu aukast. Áhrif styttingar vinnutímans á fjármagn eru háð nýtingu afkastagetu. Ójafnvægi á vinnumarkaði getur orðið í ýmsum starfsgreinum ef atvinnuástand í viðkomandi starfsgrein er í jafnvægi eða eftirspurn er eftir vinnuafli. Ef atvinnuleysi minnkar hins vegar vegna efnahagslegrar þenslu mætti búast við mikilli atvinnuaukningu á sviðum þar sem samdráttur hefur verið mestur, t.d. við byggingar og virkjanir. Hugsanlegt misræmi, sem yrði vegna þess að samtímis atvinnuleysi yrði þörf á starfsfólki í öðrum greinum vegna styttingar á vinnutíma, mælir með vinnutímastyttingu í áföngum vegna hættu á ósamræmi í framboði og eftirspurn eftir vinnuafli í mismunandi starfsgreinum. Auk þess er nauðsynlegt að styðja aðlögun vinnuafls með virkri vinnumarkaðsstefnu og starfsmenntastefnu.

Áhrif vinnutímastyttingar á framleiðslu eru mest þar sem hlutfall fjármagns og vinnuafls er lítt sveigjanlegt og framleiðslan stöðluð. Annaðhvort verður að bregðast við með því að fjölga fólki eða fá sérhæfðari og afkastameiri tæki.

Afleiðing vinnutímastyttingar á efnahagslífið er í ríkum mæli háð því hvaða breyting verður á nýtingu véla og tækja. Verður brugðist við vinnutímastyttingu með vaktavinnu? Vaktavinna leiðir oft til hámarksnýtingar fastafjármuna. Styttri vinnuvika útilokar ekki vaktavinnu. Aukinni nýtingu véla og tækja með lengri rekstrartíma framleiðslutækja gæti hins vegar verið hafnað af launþegum.

1.6 Vinnutímastytting og hið opinbera.

Við vinnutímastyttingu eykst vinnuaflsþörfin að jafnaði hjá hinu opinbera miðað við óbreytt þjónustustig. Enginn grundvöllur virðist fyrir því að samneysla verði fyrir áhrifum af vinnutímastyttingu. Eftirspurn eftir opinberri þjónustu er því hér gefin óháð lengd vinnutíma (fasti). Stefna um viðfang og umfang samneyslunnar er hins vegar stjórnmálaleg ákvörðun hverju sinni.

1.7 Vinnutímastytting og atvinnustigið.

Sú fullyrðing að stytting vinnutíma þýði hærra atvinnustig þegar atvinnuleysi er fyrir hendi er einföldun á þeirri fullyrðingu að fleiri starfsmenn þurfi til þess að framleiða sama magn og fyrir styttingu vinnutímans. Þetta getur verið tilfellið í einstaka fyrirtækjum, atvinnugreinum og stöðum en í samfélaginu sem heild geta áhrifin verið allt önnur. Þegar atvinnuleysi ríkir er það merki þess að ójafnvægi sé í hagkerfinu. Ójafnvægi getur endurspeglað of litla eftirspurn eða að laun séu of há sem leiðir til lægra atvinnustigs. Þetta ójafnvægi breytist ekki þótt vinnutíminn styttist. Það er tvennt sem máli skiptir um áhrif styttingar vinnutímans á atvinnustigið. Annað er kostnaður á framleidda einingu. Þessi áhrif ráðast af þeirri þýðingu sem stytting vinnutímans hefur á framleiðni, reksturstíma véla og tækja og vinnuaflskostnað. Vinnutímastytting sem leiðir til aukins kostnaðar getur leitt til aukins atvinnuleysis. Vinnutímastytting, sem er tengd aukinni framlegð, lengri reksturstíma og lægri launakostnaði, getur hins vegar leitt til hærra atvinnustigs. Hitt er fastur vinnuaflskostnaður. Hann hækkar við vinnutímastyttingu en það leiðir aftur til þess að fyrirtækin geta þurft að láta vinna yfirvinnu í stað þess að ráða fleiri starfsmenn. Ef atvinnuþátttaka er lítil gæti það þýtt að fleiri færu á vinnumarkaðinn.

Í sérstökum tilfellum getur stytting vinnutíma leitt til aukinnar atvinnu. Kostnaðaraukning í kjölfarið á styttingu vinnutímans gæti hins vegar leitt til niðurskurðar og sparnaðar í ríkisbúskapnum eða sérstakra aðgerða til að takmarka neyslu.

Mikilvægi sterkrar samkeppnisstöðu fyrirtækja vegur oftast þyngst í aðgerðum gegn atvinnuleysi.

1.8 Vinnutímastytting og tekjuskiptingin.

Við vinnutímastyttingu geta orðið breytingar á tekjuskiptingunni. Vinnuframboðið verður takmarkaðri auðlind og dýrari. Hlutur launa í landsframleiðslu gæti aukist og hlutur fjármagns minnkað að sama skapi. Þá er miðað við þær forsendur að stytting vinnutímans verði árangursrík og eftirspurn eftir vinnuafli muni aukast.

1.9 Viðhorf til vinnutímastyttingar.

Atvinnurekendur hafa víða varað við almennri styttingu vinnutímans. Frekar ætti að meta þekkingu starfsmanna til launaflokkabreytinga og stöðu þeirra atvinnugreina sem viðkomandi vinna í. Launþegar líta aftur á móti svo á að stytting vinnutíma sé áhrifarík aðgerð gegn atvinnuleysi. Flestir eru þó sammála um að vinnutímastytting verði að eiga sér efnahagslegar forsendur.

Rétt er að benda á að viðbrögð vinnuveitenda og launþega geta skipt miklu máli um hver áhrifin af vinnutímastyttingu verða. Kannanir meðal fyrirtækja sem gerðar hafa verið til þess að meta áhrif vinnutímastyttingar á atvinnustig sýna takmarkaðar væntingar um áhrif á atvinnustig. Slíkar kannanir, vegna einstakra vinnutímastyttinga, geta ekki sýnt óbein áhrif sem verða af styttingu vinnutíma vegna þess að áhrif hagsveiflna sjást illa. Líkönin sem mæla áhrif vinnutímastyttingar sýna þannig meiri áhrif á atvinnustig en kannanir meðal fyrirtækja sem eiga að mæla sama hlut. Í Evrópu hafa verið gerðar ýmsar kannanir í þeim tilgangi að sýna fram á væntingar fyrirtækja til vinnutímastyttingar. Til þess að fyrirtækin geti svarað þessum fyrirspurnum þurfa ýmsar forsendur að vera fyrir hendi.

2. Fyrirkomulag vinnutíma í ýmsum löndum.

Í ítarlegri könnun ILO á styttingu vinnutímans árið 1967 lagði sérfræðinganefnd ILO um samþykktir og tilmæli áherslu á almennan vanda vinnutímastyttingar þar sem mat var lagt á tengsl efnahagslegra- og félagslegra þátta. Mörg þeirra stjórntækja sem ILO hefur notað undanfarin ár snerta vinnutíma eða aðgerðir sem snerta vinnutímafyrirkomulag.

Á þingi ILO árið 1975 var gerð samþykkt um framtíðaraðgerðir ILO á vinnuumhverfissviðinu. Þar voru rædd vinnutímamálefni og notkun frítíma. Samþykkt ILO nr. 116 snertir þetta málefni þar sem lögð er áhersla á efnhags- og félagslega þætti. Samþykktin leiðir af sér að vinnutíminn verður að tengjast þáttum eins og áhrifum nýrrar tækni og atvinnustefnu, sbr. 7. gr. hennar.

Á 69. þingi ILO árið 1983 var m.a. rætt um staðla vegna atvinnustefnu þar sem vinnutímastytting var bundin við atvinnustefnu viðkomandi ríkis.

Í skýrslu ILO frá 1984 um vinnutíma kemur m.a. fram að óljóst samband er milli styttingar vinnutíma og minnkunar atvinnuleysis, auk tekjubreytinga, sökum þess hve takmarkaðar upplýsingar eru fyrir hendi.

Á vegum ILO var haldin ráðstefna um vinnutíma dagana 17.–25. október 1988. Málefnin voru eftirfarandi: Athugun á þróun, lengd og skipulagi vinnutíma í iðnríkjum og gæðamat vinnu, líftíma framleiðsluþátta auk atvinnustigs. Á ráðstefnunni kom fram að vinnutímastytting hefur víða verið framkvæmd. Margir fulltrúar ríkisstjórna skýrðu frá rannsóknum á sambandi vinnutímastyttingar og atvinnustigs; slíkar rannsóknir hefðu í för með sér tæknilega erfiðleika og niðurstöður væru ekki áreiðanlegar.

Í Vestur-Evrópu hefur vinnutíminn styst um 14% eða að meðaltali um 0,5% á ári tímabilið 1960–1988. Fulltrúar atvinnurekenda hafa ekki ætíð litið á vinnutímastyttingu sem leið til þess að auka atvinnu heldur hefur þessi aðgerð jafnvel þveröfug áhrif. Sem dæmi var tekið að í Þýskalandi hafa skapast 300.000 ný störf á tímabilinu 1984–87 í járniðnaði en aðeins 25.000 þeirra væru að þakka 1½ tíma styttingu vinnutímans árið 1985.

Í áætlun, sem gerð var í Belgíu í því skyni að fjölga störfum um 60.000 með færri vinnustundum, leiddi stytting vinnutíma til 10.000–20.000 fleiri starfa. Vinnutímastyttingin leiddi að auki til þess að margir atvinnurekendur juku fjárfestingar í fjármagnstækjum.

Fjölgun starfa í kjölfar vinnutímastyttingar í Þýskalandi og Frakklandi hefur ekki reynst vera mikil.

Í Svíþjóð eru atvinnurekendur, verkalýðsfélög og ríkisvaldið sammála um að stytting vinnutímans sé ekki rétta leiðin til atvinnusköpunar. Þar er meiri áhersla lögð á lífsgæði og gott vinnuumhverfi.

Mikil fjölgun starfa í Bandaríkjunum frá því árið 1982 hefur átt sér stað án þess að vinnutíminn hafi styst.

ILO mælir með að frekari kannanir fari fram á grundvelli nýrrar atvinnustefnu.

Takmörkun yfirvinnu í þeim tilgangi að stytta vinnutíma gæti haft áhrif á atvinnustig. Hér þyrfti einnig að hafa í huga annars vegar þann hlutfallslega kostnað sem þessi breyting hefði í för með sér auk þess hvort hæft starfsfólk fengist í staðinn og hins vegar aðlögun að eftirspurn eftir vinnuafli. Um takmörkun yfirvinnu ætti að geta náðst samstaða atvinnurekenda og launþega. Hagsmunir atvinnurekenda lægju í lækkun launakostnaðar vegna yfirvinnutakmörkunar og aukinnar aðlögunar (tímabundinni fjölgun starfa) ef eftirspurn ykist skyndilega. Hagsmunir launþega væru m.a. að viðhalda óbreyttum launum

þeirra sem eru nú þegar í störfum og væntanleg fjölgun starfa vegna aukinnar eftirspurnar.

Sérfræðinganefnd ILO bendir á að afleiðingar styttri vinnutíma séu bæði efnahagslegar og félagslegar. Aðstæður eru nú um margt öðruvísi með tilliti til vinnutíma en áður. Má þar nefna tækniframfarir, hagvöxt í iðnvæddum ríkjum, framleiðsluaðferðir hafa breyst, frítími hefur aukist hjá mörgum launþegum auk þess sem vinnutímahugtakið hefur breyst, hlutastörfum hefur fjölgað og sveigjanlegur vinnutími tíðkast víða. Því telur sérfræðinganefndin að í framtíðinni ætti ekki einungis að huga að daglegum, vikulegum og árlegum vinnutíma heldur einnig frítíma og vinnuhugtakinu í víðum skilningi með tilliti til lífaldurs. Verið er að vinna að alþjóðlegum vinnustöðlum er taka til lágmarksaldurs, eftirlaunaaldurs og almannatrygginga. Við erfið atvinnuskilyrði ætti að leggja áherslu á þessa þætti með það að leiðarljósi að minnka atvinnuleysið.

Í einstökum ríkjum ESB hefur vinnutími verði styttur en mismunandi mikið eftir löndum. Margir vinna þó enn langan vinnudag. Hlutastörfum hefur fjölgað en það hefur þó ekki í för með sér styttri vinnutíma. Þróunin hefur verið í átt að styttri vinnutíma í þeim tilgangi að fjölga störfum. Fjölgun frídaga hefur einnig orðið til þess að vinnutími hafi styst. Á árunum 1983–92 hefur vikulegum vinnustundum fækkað um 4% í ríkjum ESB. Mesta vinnutímastytting hefur orðið í Hollandi þar sem meðalvinnutímafjöldinn hefur minnkað um 13% eða 4 tíma á viku. Hluti þeirrar breytingar er þó tengdur vinnumælingu á árinu 1987 sem leiddi til þess að hlutastörfum fjölgaði mikið. Aftur á móti varð vinnutímastyttingin á Ítalíu og í Bretlandi aðeins 1% eða minni en hálftími á viku, en á Spáni, á Írlandi og í Lúxemborg nam styttingin 2%. Í Frakklandi nam vinnutímastyttingin um 3%, um 4% í Portúgal og Grikklandi, um 5% í Danmörku og Þýskalandi og um 6% í Belgíu.

Aukin atvinnuþátttaka kvenna, en þær hafa frekar farið í hlutastörf, skýrir um 10% af vinnutímastyttingu á viku á tímabilinu 1983–92. Árið 1992 unnu 23% karla í iðnaði og þjónustu í ESB lengur en 40 stundir á viku, 58% karla unnu 38–40 stundir á viku og 13% unnu 35–37 stundir. Aðeins 6% karla unnu minna en 35 stundir á viku. Um helmingur kvenna vann minna en 38 stundir á viku á árinu 1992 og um 30% unnu minna en 30 stundir. Vinnutímastytting hjá starfsfólki í fullu starfi hefur numið að meðaltali einni eða tveimur stundum á viku.

Sum lönd hafa litlar takmarkanir á vinnutímanum. Í Bretlandi eiga takmarkanir aðallega við ýmsar starfsgreinar verkafólks, en í flestum greinum eru vinnutímatakmarkanir innan ramma heilbrigðis- og öryggisviðmiðana. Í Danmörku fjallar löggjöfin um hvíldartíma og orlof en samið er um vinnutíma í frjálsum samningum. Í Bandaríkjunum er vinnutímalöggjöf mjög frjálsleg, m.a. litlar takmarkanir á yfirvinnu. Í öðrum ríkjum er víðtæk löggjöf, t.d. í Belgíu, Kanada, Grikklandi, Portúgal og Spáni. Í þriðja hópi ríkja eru frjálsir samningar aðila algengir innan ramma almennrar löggjafar. Í flestum ríkjum er 8 stunda vinnudagur, en engin lagaleg takmörk eru á dagvinnutíma í Danmörku, Svíþjóð, Sviss, Bretlandi og Bandaríkjunum. Vikulegur vinnutímafjöldi er yfirleitt minni en 40 stundir í flestum OECD-ríkjum, nema Grikklandi, Portúgal, Spáni og Sviss þar sem hann fer oft yfir 40 stundir á viku. Takmörkun á yfirvinnu er í öllum löndunum með hámarksfjölda vinnustunda yfir ákveðið tímabil, sbr. vinnutímatilskipun ESB. Orlofsdagar eru yfirleitt 25–30 í flestum ríkjum á grundvelli löggjafar eða samkomulags á vinnumarkaðinum. Þróunin hefur verið í átt að sveigjanlegri vinnutíma undanfarin ár og hefur það gerst með löggjöf og frjálsum samningum. Upplýsingar um meðalvinnutímafjölda á ári er nú hægt að fá í ýmsum löndum, t.d. Belgíu, Frakklandi, Þýskalandi, Ítalíu og

Hollandi. Upplýsingar um meðalvinnutímafjölda yfir styttri tímabil má fá í öðrum ríkjum ESB nema í Grikklandi og Portúgal. Í Svíþjóð er veitt undanþága frá vinnutímalöggjöf í frjálsum samningum og í Austurríki, Belgíu og Frakklandi má víkja frá hámarksvinnutíma við vissar aðstæður.

Tafla 1 sýnir skipulag vinnutíma í ýmsum löndum:

Tafla 1. Skipulag vinnutíma í ýmsum löndum.

	Löggjöf	Samningar	Vikul. vinnust. skv. samningum
ESB-ríki:			
Belgía	x (1987)		38
Danmörk		x	37
Frakkland	x (1982)		39
Þýskaland		x	37
Grikkland	x (1990)		40
Írland	x	39	
Ítalía		x	39
Holland		x	38
Portúgal	x (1990)		41
Spánn	x (1986)		40
Bretland		x	37–39
Austurríki	x (1969)	x (1985)	38
Finnland	x (1989)		37,5
Svíþjóð	x (1987)	x	40
EFTA-ríki:			
Ísland	x (1972)	x	40*
Sviss	x (1988)	x	41,6
Noregur	x (1987)	x	37,5
Norður-Ameríka:			
Kanada	x	x	38
Bandaríkin	x		40

* M.a. 37 tímar hjá verslunarmönnum.

3. Aðgerðir til að stytta vinnutímann í ýmsum ríkjum.

3.1 Aðstæður á Íslandi.

Eins og áður sagði styðjast upplýsingar um vinnutíma sem liggja fyrir hér á landi aðallega við gögn frá Hagstofunni og kjararannsóknarnefnd. Í athugunum Hagstofunnar hefur m.a. komið fram að karlar vinna fleiri vinnustundir en konur. Á árinu 1994 unnu 73% kvenna í fullu starfi að jafnaði 35–45 stundir á viku, en hins vegar 33% karla. Tæp 20% karla unnu meira en 61 stund á viku en innan við 4% kvenna. Launþegar vinna að jafnaði færri vinnustundir en þeir sem vinna sjálfstætt og fólk á landsbyggðinni vinnur að jafnaði lengri vinnuviku en fólk á höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar er ekki teljandi munur á lengd vinnuviku eftir menntun. Lengsti vinnutíminn virðist vera hjá bændum og sjómönnum. Frá 1991 hefur meðalfjöldi vinnustunda minnkað hægt.

Árið 1992 unnu 17,3% karla 61 stund eða meira á viku en 15,7% árið 1994. Um 8% kvenna unnu 51–60 stundir á viku árið 1992 en 6,3% árið 1994.

Þeim sem eru háskólamenntaðir og hafa unnið yfir 61 stund á viku virðist hafi farið fjölgandi frá 1993 til 1994. Þannig unnu 15,9% allra launþega með háskólanám að baki yfir 61 stund á viku en 14,5% árið 1993. Þeir sem unnu 36–45 stundir á viku eru álíka

margir. Hins vegar fækkar þeim sem unnið hafa 46–50 stundir á viku. Þannig unnu 22% allra launþega með háskólanám að baki 46–50 stundir árið 1992 en 17,9% árið 1994. Þeim sem unnið hafa 46 stundir og meira hefur farið fækkandi frá árinu 1992. Þannig voru þeir 58,1% árið 1992 en 55,1% árið 1994. Varðandi sjálfstætt starfandi háskólamenn er þessu öfugt farið. Þar unnu 52,7% þeirra meira en 46 stundir árið 1992 en 58,2% árið 1994.

3.2 Noregur.

Í Noregi hefur atvinnuleysi verið tiltölulega lítið fram til ársins 1987 og hefur þar líkt og á öðrum Norðurlöndum verið litið á styttingu vinnutímans sem velferðarauka en ekki hagstjórnartæki. Þannig hefur vinnutíminn verið styttur í þeim tilgangi að bæta vinnuumhverfi og jafna vinnuskilyrði milli skrifstofufólks og verkafólks. Frá árinu 1988 hefur atvinnuleysi aukist nokkuð og hefur styttingu vinnutímans í þessu sambandi borið á góma sem stjórntæki á vinnumarkaði. Norsk atvinnumálanefnd fjallaði um mál þetta og mælti ekki með þeirri leið að stytta vinnutímann vegna hugsanlegrar hækkunar á kostnaði í kjölfarið og neikvæðra áhrifa á framleiðslu og tekjur.

Rannsókn á verðmyndun í norskum iðnaði (1994), sem Bowitz og Cappelen gerðu, leiddi í ljós að algengast var að fyrirtæki færðu kostnaðaraukann út í verðlagið, sérstaklega á vörur á innanlandsmarkaði, en einnig á útflutningsmörkuðum. Áhrif á atvinnustigið miðað við þessar forsendur eru önnur en þar sem kostnaðarhækkunum er ekki velt út í verðlagið.

Í þjóðhagslíkani má kanna áhrif vinnutímastyttingar á launamyndun, yfirvinnu, atvinnu hjá hinu opinbera og framboð vinnuafls. Einnig má athuga óbein áhrif á önnur fyrirtæki og endanlega eftirspurn og reikna út áhrif á verðbólgu, afkomu ríkissjóðs og greiðslujöfnuð sem getur haft þýðingarmikil áhrif á efnahagsstefnuna. Fyrstu rannsóknir á afleiðingum vinnutímastyttingar á þjóðhagsstærðir voru gerðar af Cappelen (1987 og 1988).

Óvissa ríkir um á hvern hátt ríki og sveitarfélög muni bregðast við styttingu vinnutímans vegna röskunar á vinnumarkaði viðkomandi starfsgreina og eins hvernig stjórnvöld bregðast við neikvæðum afleiðingum vinnutímastyttingar. Aðgerðir stjórnvalda þarf að meta utan líkansins þegar heildaráhrif á atvinnustigið eru metin.

Í greinargerð norska hagfræðingsins Martins Stölens (1995), sem byggir bæði á eigin rannsóknum og á fyrrgreindum rannsóknum, kemur fram að við ákvörðun um styttingu vinnutímans verður að hafa í huga hugsanlegar neikvæðar afleiðingar þegar til lengri tíma er litið, m.a. aukna verðbólgu, verri afkomu ríkissjóðs og minni framleiðslu og hugsanlega lakari lífskjör í framtíðinni. Þegar til skemmri tíma er litið eru afleiðingarnar ekki eins neikvæðar. Stytting vinnuvikunnar er betri kostur þegar atvinnuleysi er mikið en þegar það er lítið.

Árið 1915 fengu ýmsir hópar iðnverkamanna orlof í eina viku. Árið 1919 var orlofið lengt í 6 daga og árið 1920 lengdist orlofið í 2 vikur í flestum iðngreinum. Síðan styttist orlofið í 8 daga árið 1922. Árið 1935 lengdist orlofið í 9 vinnudaga og árið 1937 að auki um 3 daga í 2 vikur í flestum iðngreinum. Árið 1947 varð orlofstíminn 3 vikur og árið 1964 varð hann 4 vikur. Árið 1981 varð síðan fimmta orlofsvikan að veruleika.

Tafla 2. Sögulegt yfirlit yfir norsku vinnutímalöggjöfina.

Ár	Fjöldi vinnustunda á viku	Orlofstími
1915	54	1 vika
1919	48	6 dagar
1922		8 dagar
1935		9 dagar
1937		2 vikur
1947		3 vikur
1959	46,5	
1960	45	
1964		4 vikur
1968	42,5	
1976	40	
1981		5 vikur
1987	37,5	

3.3 Svíþjóð.

Vinnutími hefur styst verulega síðustu þrjá áratugi í Svíþjóð. Þannig fór raunverulegur vinnutími að meðaltali úr 41 tíma á viku í byrjun sjöunda áratugarins í u.þ.b. 37 tíma árið 1996. Vinnutími hefur gegnt lykilhlutverki í velferðarstefnu Svía. Hins vegar hafa stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins hafnað almennri vinnutímastyttingu sem tæki til þess að draga úr ójafnvægi (atvinnuleysi) á vinnumarkaðinum.

Vinnutímastefna er ekki einvörðungu aðalatriðið í fjölskyldustefnunni heldur einnig leið til þess ná meira jafnrétti milli kynjanna.

Fyrri hluti vinnutímastyttingarinnar (tímabilið 1963–1982) var þríþættur:

1. Lögbundin eða samningsbundin.
2. Bundin við atvinnuþætti.
3. Félagslegs eðlis.

Hagvöxtur var mikill í Svíþjóð á sjöunda áratugnum og völdu Svíar að taka hluta hagvaxtarins út með auknum frístundum. Vaxandi atvinnuþátttaka kvenna á áttunda áratugnum olli því að hlutastörfum fjölgaði. Breytingar á dreifingu vinnutímans sýna að stór hluti vinnutímastyttingarinnar kom til vegna fjölgunar á hlutastörfum.

Í Svíþjóð hafa verið gerðar athuganir á áhrifum styttri vinnutíma á ýmsar hagstærðir. Má þar nefna áhrif á framleiðslu og framleiðni, nýtingu fjármagns, atvinnustig, hlutdeild launa/fjármagns í hagkerfinu, svo og almenn félagsleg áhrif styttri vinnutíma, m.a. á fjölskyldur, nám, heilsu og frítíma.

Í Svíþjóð voru gerðar athuganir á áhrifum styttingar vinnutímans á efnahaginn þegar vinnutíminn var styttur úr 45 tímum í 42,5 tíma og úr 42,5 tímum í 40 tíma. Stytting vinnutímans nam 11,1% miðað við tímabilið 1966–1973. Við það minnkaði framleiðslan um 6,1% þannig að við hverja vinnutímastyttingu um 1% minnkaði framleiðslan um 0,55% en framleiðnin óx um 0,45%. Framleiðnin óx hraðar við styttingu úr 42,5 tímum í 40 tíma en við styttingu úr 45 tímum í 42,5 tíma á viku. Þetta er önnur niðurstaða en t.d. í Danmörku og Hollandi. Í mörgum alþjóðlegum rannsóknum kemur fram að auðveldast er að auka framleiðnina með því að stytta vinnuvikuna. Þetta á þó ekki við um Svíþjóð. Sænsk nefnd um vinnutímamál (DELFA) gerir ráð fyrir að árangur vinnutímastyttingar sé háður efnahagsástandinu. Þannig verði framleiðnin meiri við skilyrði samdráttar í hagkerfinu.

Í rannsókn sem gerð var fyrir tímabilið 1963–1981 í Svíþjóð var lögð áhersla á að reikna út afleiðingar vinnutímastyttingar á atvinnustigið. Á þessu tímabili fækkaði vinnutímum úr 1.800 stundum á ári í 1.500 stundir á ári. Rannsóknin miðaði að því að skoða áhrif vinnutímastyttingar á landbúnað, byggingariðnað, almennan iðnað og þjónustufyrirtæki í einkarekstri. Rannsóknin leiddi í ljós að ekkert samband reyndist vera milli starfsráðninga og vinnutímastyttingar í atvinnulífinu á tímabilinu.

Niðurstaða sænsku rannsóknarinnar bendir til þess að þær vinnutímastyttingar sem gerðar hafa verið í Svíþjóð hafi ekki einar sér leitt til hærra atvinnustigs heldur hafi fleira komið til.

Orlofstíminn hefur lengst samhliða styttingu vikulegs vinnutíma. Í byrjun aldarinnar var orlof óalgengt. Um 1935 voru flestir launþegar með 4–6 daga orlof. Árið 1939 tóku gildi fyrstu orlofslögin með rétt til 2 vikna orlofs (12 daga). Síðan hefur orlofið verið lengt um eina viku í senn árin 1951, 1963 og 1978, alls í 5 vikur.

Tafla 3. Sögulegt yfirlit yfir vinnutímalöggjöf í Svíþjóð.

Ár	Fjöldi vinnustunda	Orlofstími
1905	57 tímar	
1919	48 tímar (nema skrifstofufólk)	
1931		4 dagar
1939		2 vikur
1951		3 vikur
1958	47 tímar	
1959	46 tímar	
1960	45 tímar	
1963		4 vikur
1966	42,5 tímar	
1971	41 tími 15 mín.	
1973	40 tímar	
1978		5 vikur
1983	39,5 tímar í vaktavinnu	
1987	38,5 tímar í vaktavinnu	
1988	38 tímar í vaktavinnu	

Foreldraorlof hefur lengst úr 6 mánuðum í 15 mánuði. Hægt er að taka það yfir lengra tímabil með því að vinna styttri vinnuviku með launaumbun.

Seinna tímabil vinnutímastyttingarinnar (1982–1993) einkenndist af minni vinnutímastyttingu en fyrra tímabilið. Eftir þetta tímabil hefur enginn nýr hvati legið að baki breytingum á vinnutíma. Frá árinu 1982 hefur bæði raunverulegur og hlutfallslegur fjöldi starfsfólks í hlutastörfum farið minnkandi en fjöldi kvenna í heilsdagsstörfum farið vaxandi. Hlutfallsleg fjölgun heilsdagsstarfa kvenna útskýrir þannig bæði lengri meðalvinnutíma almennt en sérstaklega meðal kvenna.

Fyrsta vinnutímalöggjöfin í Svíþjóð árið 1920 fól í sér 8 tíma vinnudag en tilgangurinn var m.a. að berjast gegn neikvæðum áhrifum langs vinnudags á andlega og líkamlega heilsu verkamanna. Bætt vinnuskilyrði og hærri tekjur breyttu eðli vinnutímaumræðunnar. Vinnutímalöggjöfin er nú sveigjanleg þar sem aðilar vinnumarkaðarins semja sjálfir sín á milli um daglegan og vikulegan vinnutíma.

Árið 1970 varð vinnutími skrifstofufólks lögbundinn en var áður umsaminn í fyrirtækjunum sjálfum (undantekning er samningurinn milli atvinnurekenda og launþega í iðnaðinum árið 1964).

Í lok níunda áratugarins voru lagaleg, efnahagsleg og félagsleg atriði könnuð með til-

liti til styttingar vinnutímans. Könnunin leiddi í ljós að mikill meiri hluti fólks (yfir 80%) var ánægður með lengd vinnutímans. Aðeins 10% vildu vinna lengur og 10% skemur án launaumbunar.

Árið 1991 fól sænska ríkisstjórnin nefnd að kanna endurskoðun á vinnutímalöggjöfinni. Átti nefndin að kanna leiðir til þess að skoða möguleikana á sveigjanlegra fyrirkomulagi. Í stað 40 tíma vinnuviku var það tillaga nefndarinnar að koma á kerfi með fjölda unninna vinnustunda árlega. Nýja löggjöfin gerði ráð fyrir 2.007 árlegum vinnustundum, þar sem 1.791 stundir væru unnar en 216 stundir væru orlof. Nefndin mælti einnig með því að fyrirtæki sem gerðu samninga á almennum vinnumarkaði mættu skipuleggja vinnutíma sinn.

Umræðan um vinnutímastyttingu í Svíþjóð jókst með vaxandi atvinnuleysi árið 1992. Mikil andstaða var gegn almennri vinnutímastyttingu í öllum atvinnugreinum en meiri stuðningur var við þá leið að stytting vinnutímans yrði ákveðin í hverri atvinnugrein fyrir sig.

Breytingar á vinnutíma í Svíþjóð munu sem endranær byggjast á efnahagslegum forsendum. Aukning atvinnuleysis og ójafnvægi í sænsku efnahagslífi mun gera það ólíklegt að stytting vinnutímans verði að veruleika í Svíþjóð í næstu framtíð. Hins vegar verður lögð áhersla á einstaklingsbundið val á fyrirkomulagi vinnutíma með samkomulagi í fyrirtækjunum sjálfum.

3.4 Danmörk.

Þegar atvinnuleysi jókst í Danmörku á áttunda áratugnum varð mikil umræða um að stytta vinnutímann. Minni háttar vinnutímastytting var gerð (með fleiri orlofsdögum) á árunum 1979–1981. Í upphafi níunda áratugarins hófst umræðan á nýjan leik með vaxandi atvinnuleysi, m.a. vegna olíuverðshækkana. Vinnutíminn styttist úr 40 tímum í 37 tíma á tímabilinu 1986–1990. Síðan ákvörðunin um styttingu vinnutímans í 37 stundir var tekin hefur stjórnmálaleg umræða um vinnutímastyttingu verið lítil.

Ólíkt Svíþjóð og Noregi hefur atvinnuástand verið slæmt í Danmörku um langt árabil. Í Danmörku hefur áhugi á vinnutímastyttingu sem tæki gegn atvinnuleysi aukist í takt við aukið atvinnuleysi. Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar í þessum tilgangi. Má þar nefna ýmsar skýrslur árið 1984, m.a. „Rapport om arbejdstid" sem vinnumálaráðuneytið tók saman, „Kortere arbejdstid-flaskehalsproblemer" sem stofnun um byggðarannsóknir tók saman, „Nedsættelse af arbejdstiden i samfundsökonomisk perspektiv" sem gefin var út af efnahagsmálaráðuneytinu og „Samfundsökonomiske virkninger af en nedsættelse af arbejdstiden" sem fjármálaráðuneytið gaf út.

Í skýrslu vinnumálaráðuneytisins („Rapport om arbejdstid") var reynt að áætla afleiðingar styttingar vinnutímans fyrir atvinnustigið eftir atvinnugreinum og menntun. Sú forsenda var gefin að 1 stundar stytting vinnutíma samsvari atvinnustigsaukningu sem nemur ⅔ stundar. Í könnuninni var ekki tekið tillit til stærðar fyrirtækis eða vandkvæða varðandi afkastagetu auk þess sem litið var fram hjá launaumbun og margföldunaráhrifum. Niðurstaðan varð að þýðingarmikið væri hvernig efnahagsástandið væri hverju sinni. Ef um væri að ræða samdráttarskeið með minnkandi eftirspurn og litlum fjárfestingum gæti vinnutímastytting dregið úr vaxandi atvinnuleysi en ekki aukið atvinnustigið. Á uppgangstímum með vaxandi framleiðslu og aukinni fjárfestingu fyrirtækja væri aðlögunarhæfni fyrirtækja hins vegar meiri til þess að fást við vinnutímastyttingu og meiri líkur væru á jákvæðum áhrifum á atvinnustigið sérstaklega ef hvorki væri hætta á ófyrirséðum launahækkunum né óhagstæðum áhrifum á greiðslujöfnuðinn við útlönd.

Í skýrslu fjármálaráðuneytisins var athugað með hjálp líkans hvað mundi gerast í hagkerfinu ef vinnutíminn yrði styttur. Reiknuð voru út efnahagsáhrifin af 1% árlegri vinnutímastyttingu árin 1983–1987. Áhrifin voru reiknuð út frá gefnum forsendum en ekki raunverulegum tölum. Í forsendum skýrslunnar kom fram að hvorki í Danmörku né öðrum löndum fannst það ábyggilegur gagnagrunnur að hægt væri að nota hann. Reiknað var hver áhrifin yrðu ef allar breytingar væru gerðar hlutlausar með skattaaðgerðum. Dönsku rannsóknirnar gerðu ráð fyrir hærra atvinnustigi innbyggðu í líkönunum þannig að þeir sem ráðnir yrðu væru með sömu framleiðni og þeir sem þegar væru í störfum.

Litið var á áhrifin út frá fjórum mismunandi forsendum:

1. Án launaumbunar og með óbreyttri nýtingu framleiðslutækja.
2. Með launaumbun og óbreyttri nýtingu framleiðslutækja.
3. Án launaumbunar og með minni nýtingu framleiðslutækja.
4. Með launaumbun og minni nýtingu framleiðslutækja.

Áhrifin voru könnuð á atvinnustig, greiðslujöfnuð, útflutning, innflutning, einkaneyslu, raunlaun, opinber fjármál o.fl.

Líkanið leiddi í ljós að áhrifin á atvinnustigið voru í öllum tilvikum jákvæð. Á almenna vinnumarkaðinum voru áhrifin jákvæðust í tilviki 3, þá tilviki 4 og tilviki 1 en minnst í tilviki 2. Einkum vegur minni nýting framleiðslutækja þyngra, sem þýðir vinnuafl í stað framleiðslutækja. Áhrifin á atvinnustigið hjá hinu opinbera eru óháð launaumbun og nýtingu framleiðslutækja. Áhrifin á atvinnustigið fóru vaxandi með tímanum, þ.e. þau eru minnst árið 1983 en mest árið 1987.

Líkanið leiddi í ljós að við vinnutímastyttingu án launaumbunar mundi útflutningur aukast, innflutningur minnka og greiðslujöfnuður verða hagstæðari. Vinnutímastytting með launaumbun hafði hins vegar í för með sér að samkeppnisstaðan versnaði og landsframleiðslan dróst saman. Einkaneysla og ráðstöfunartekjur drógust saman í öllum tilvikum en hægar þegar vinnutímastytting var framkvæmd með launaumbun.

Í byrjun tuttugustu aldar var algengt að vikulegur vinnutími fyrir iðnverkamenn væri 55 stundir. Árið 1919 náðist samkomulag á vinnumarkaðinum um 48 tíma vinnuviku. Á tímabilinu 1959–1974 styttist vinnutíminn smátt og smátt í 40 stundir á viku. Í byrjun árs 1987 náðist samkomulag á vinnumarkaðinum um að vinnutími á viku yrði styttur smám saman á 4 ára tímabili úr 39 stundum í 37 stundir á viku.

Fram til ársins 1938 var lengd orlofs háð samkomulagi við atvinnurekendur. Á öðrum áratug þessarar aldar nam orlof þriðjungi úr viku hjá verkamönnum en var lengt í viku árið 1930. Með löggjöf árið 1938 nam orlofið 2 vikum fyrir alla launþega miðað við 6 daga vinnuviku og tók það gildi árið 1939. Árið 1953 varð lenging á orlofi í 18 daga (3 vikur) og frá og með 1971 nam orlofið 24 orlofsdögum miðað við 6 daga vinnuviku með gildistíma frá 1973. Árið 1981 bættist síðan við 5. orlofsvikan og orlofsdagar urðu 30 miðað við 6 daga vinnuviku.

Tafla 4. Sögulegt yfirlit yfir vinnutímalöggjöf í Danmörku.

Ár	Fjöldi vinnustunda á viku	Orlofstími	Skýring
1910–15	55		
1919	48		Framleiðsluaukning
1938		2 vikur	
1953		3 vikur	
1958	47,5		Framleiðsluaukning
1959	45,5		Áhrif frá útlöndum
1960	45		Forgangsröðun
1966	44		Framleiðsluaukning
1968	42,5		Aukinn frítími
1970	41¼		„Hefð" fyrir félagslegum umbótum
1971		4 vikur	
1974	40		
1981		5 vikur	
1986	39		
1987	38,5		
1988	38		
1989	37,5		
1990	37		

3.5 Finnland.

Síðastliðin 100 ár hefur árlegur vinnutími styst verulega í Finnlandi. Í byrjun tuttugustu aldarinnar, voru unnar 10–12 klukkustundir á dag sex daga vikunnar í Finnlandi. Í iðnaði nam vinnuvikan 57–60 klukkustundum og árlegur vinnustundafjöldi á mann nam 3.010 stundum (1910). Árið 1917 voru sett lög um 8 stunda vinnudag og nam árlegur vinnustundafjöldi 2.424 klukkustundum (1918). Árið 1946 voru sett ný lög um 47 klukkustunda vinnuviku. Árið 1958 styttist vinnuvikan í 45 stundir á viku með samkomulagi aðila vinnumarkaðarins. Árið 1970 voru sett lög um 40 stunda vinnuviku fimm daga vikunnar. Í samfelldri þrískiptri vaktavinnu styttist vinnuvikan í 36 stundir á viku og á þrískiptum vöktum með vinnuhléum styttist vinnuvikan í 38 stundir með samkomulagi aðila vinnumarkaðarins á árunum 1979–1980. Árin 1984 og 1986 höfðu samningar á vinnumarkaðinum í för með sér vinnutímastyttingu fyrir launþega með 40 stunda vinnuviku. Á árunum 1986–1990 styttist árlegur vinnutími um 100 stundir í einkageiranum og 84 stundir hjá hinu opinbera. Hjá fyrirtækjum í einkarekstri styttist vinnutíminn með fjölgun frídaga (12,5 frídagar á ári), en í opinberum rekstri með styttri daglegum eða vikulegum vinnutíma (45 mínútur á viku). Megintilgangur vinnutímastyttingarinnar var að minnka þann mun sem er á vinnutíma verka- og skrifstofufólks. Tafla 5 sýnir yfirlit yfir vinnustundafjölda á viku og ári og lengd orlofs.

Markmið finnskra stjórnvalda er að minnka atvinnuleysið um helming fram að aldamótum (úr 20% í 10%). Höfuðáherslan verður lögð á aukinn hagvöxt. Hins vegar er gert ráð fyrir að árlegur 5% hagvöxtur geti einungis fjölgað störfum um helming þess sem þörf er á til að ná markmiðinu. Þess vegna er þörf á öðrum aðgerðum, t.d. fjölgun hlutastarfa, takmörkun yfirvinnu, 6+6 vinnutímalotum (vinnutíminn styttist úr hefðbundnum 8 stundum á dag í tvær 6 tíma vinnulotur) og vinnuskipti (þeir sem eru í störfum fari um stundarsakir í starfsþjálfun en í þeirra stað komi atvinnulaust fólk sem þar með öðlast starfsreynslu sem eykur möguleika þeirra á atvinnu).

Tafla 5. Sögulegt yfirlit yfir vinnutímalöggjöf í Finnlandi.

Ár	Fjöldi vinnustunda á viku (löggjöf)	Fjöldi orlofsdaga (löggjöf)	Árlegar vinnustundir í iðnaði
1917	48		3010
1922		4–7	2424
1939		9–12	
1946	47	12–18	
1958	45		
1960		18–24	
1966–69			1900–1940
1970	40		
1973		24–26	1866–1882
1979		24–30	
1983			1815–1887
1984			
1990			1715–1787

Á árinu 1967 kom prófessor Paavo Seppanen með tillögu um að í stað einnar 8 stunda vinnulotu á dag ætti starfsfólk að vinna tvær 6 stunda vinnulotur. Meginrökin fyrir tvískiptum vinnulotum voru m.a. betri nýting á vélum og tækjum (notkun þeirra mundi aukast úr 8 stundum á dag í 12 stundir á dag auk þess sem framleiðni vinnuafls ykist). Þess utan yrðu lífs- og vinnuskilyrði bætt með þessu móti. Fleiri starfsmenn mundu nýta sömu tæki og vélar. Þetta þýðir í reynd að vélar eru lengur í notkun. Styttri vinnudagur þýðir meiri framleiðni vinnuafls. Skipuleggja þarf betur vinnuferilinn þegar vinnutíminn styttist. Frá atvinnulegu sjónarmiði munu fleiri starfsmenn verða ráðnir á grundvelli 6+6 vinnutíma líkansins ef framleiðsluaukning verður þess valdandi að koma þurfi á aukavakt. Í ákveðnum tilvikum getur lenging rekstrartíma í verksmiðjum eða aukning þjónustu valdið skipulagsbreytingum í sjálfu starfinu þar sem færri verkefni eru unnin með færri starfsmönnum á hverri vinnuvakt.

Lenging rekstartíma í verksmiðjum eða þjónustutíma starfsfólks með fjölgun vinnuvakta er réttlætanleg ef eftirspurn eftir afurðum eða þjónustu sem fyrirtækin inna af hendi er í vexti. Atvinnurekendur eru efins um að 6+6 vinnutíma líkanið sé nægjanlega sveigjanlegt. Samt sem áður megi skipuleggja 12 tíma rekstrartíma á ýmsan hátt, t.d. 4+8 tíma, 5+7 tíma. Atvinnurekendur vilja að tekjur verði í samræmi við vinnustundafjölda án launaumbunar en launþegasamtökin eru því andvíg. Um þetta þarf að nást samkomulag.

Vorið 1995 hófu vinnumálaráðuneytið í Finnlandi og háskólinn í Jyväskylä tveggja ára rannsóknar- og þróunarverkefni um vinnutíma. Einn hluti verkefnisins er að kanna reynslu þeirra fyrirtækja og stofnana sem nota 6+6 vinnutíma líkanið. Annar hluti verkefnisins er að skoða þetta nýja vinnutímafyrirkomulag kerfisbundið í fjórum fyrirtækjum. Vinnutímafyrirkomulagið er nú til reynslu í nokkrum framleiðslufyrirtækjum í Finnlandi, m.a. plastverksmiðju og röraverksmiðju. Eitt fyrirtæki í röraframleiðslu er í þessu verkefni þar sem eru 45 starfsmenn, þar af eru 24 í framleiðslu. Upp úr 1990 jókst eftirspurn eftir rörum. Fyrst jókst yfirvinna í framleiðslunni en það leysti ekki vandann. Eftir samninga við starfsfólkið varð endurskipulagning á rekstrinum. Rekstrartíminn lengdist úr 8 í 12 stundir, með tveimur 6 tíma vinnulotum þar sem 7 starfsmenn vinna í hverri vinnulotu. Raunverulegur vinnutími styttist um 50 mínútur vegna færri hléa. Engin aukning varð í fjárfestingum. Laun starfsmanna urðu óbreytt þar sem framleiðnin var álitin aukast. Í reynd varð launakostnaður á framleidda einingu óbreyttur. Að sögn stjórnenda fyrirtækisins hefur ánægja viðskiptavina aukist þar sem afgreiðslutíminn hefur styst og

er það álit stjórnendanna að 6+6 vinnutíma líkanið hæfi fyrirtækjum með háum föstum kostnaði, svo og háum fjármagnskostnaði.

Draga má saman vinnutímaumræðuna í Finnlandi á eftirfarandi hátt:

1. Atvinnurekendur leggja áherslu á sveigjanlegra vinnutímafyrirkomulag. Þeir leggja áherslu á lengri rekstrartíma véla og tækja til þess að auka arðsemi fjármagns. Lengri rekstrartími þýðir meiri vaktavinnu, kvöld-, nætur- og helgarvinnu, og fleiri hlutastörf. Fyrirtæki vilja auk þess meiri sveigjanleika í vinnutíma vegna aukinnar eftirspurnar á mismunandi tímabilum. Auk þess vilja fyrirtæki meira frelsi til þess að semja um og ákveða vinnutímann í fyrirtækjum.
2. Launþegasamtök hafa verið í meiri varnarbaráttu varðandi vinnutímastefnuna. Í sérstakri vinnutímanefnd stjórnvalda varð ekki samkomulag milli atvinnurekenda og launþegasamtaka. Þar strandaði aðallega á því hvaða hlutverki fyrirtækjasamningar ætti að gegna varðandi vinnutíma, takmörkun yfirvinnu og lágmarksvinnustundafjölda á dag. Árið 1994 var þriðjungur fyrirtækja í framleiðslugreinum búinn að gera vinnustaðasamninga.
3. Á meðal launþega er vilji fyrir hendi til að semja um fyrirkomulag vinnutíma, m.a. um að breyta úr heilsdagsstörfum í hlutastörf.
4. Aðalmarkmið styttingar vinnutímans í Finnlandi hefur verið að bæta lífsskilyrðin. Hins vegar hefur í æ ríkari mæli verið litið á styttingu vinnutímans sem mögulegt tæki gegn gríðarlegu atvinnuleysi í Finnlandi.

3.6 Norðurlönd, yfirlit.

Eins og sjá má af yfirliti þessu hefur vinnutíminn styst verulega á Norðurlöndum á þessari öld. Þannig nam árlegur vinnutími u.þ.b. 2.800–3.000 tímum fyrsta áratuginn (50–59 tímar á viku). Á miðjum níunda áratugnum nam árlegur vinnutími að meðaltali um 1.800 vinnustundum á ári miðað við verkamann í fullu starfi.

Ævivinnutími hefur styst vegna þess að skólaganga hefur lengst og eftirlaunaaldur hefur lækkað. Árlegur vinnutími hefur styst við lengingu orlofs en einnig vegna aukinna möguleika launþega á ýmsum náms- og foreldraleyfum. Meðalvinnuvikan hefur styst vegna þess að stærri hluti launþega vinnur hlutastarf.

Á Norðurlöndum hefur vinnutímastytting til skamms tíma verið hluti af velferðarstefnu stjórnvalda í þessum löndum ólíkt öðrum löndum Evrópu.

3.7 Frakkland.

Vinnutíminn í Frakklandi var styttur árið 1982 úr 40 tímum á viku í 39 tíma með möguleikum á frekari vinnutímastyttingu.

Tvær kannanir voru gerðar á vinnutímastyttingu í Frakklandi árið 1982. Fyrri könnunin náði til 250 fyrirtækja með alls 131.000 starfsmenn. Meðal þeirra fyrirtækja sem höfðu stytt vinnutímann höfðu tæplega 10% ráðið fleiri starfsmenn. Hin könnunin náði til 5.000 fyrirtækja og var svörunin 75%.

Aðstæður í hagkerfinu á þessum tíma voru þær að iðnaðarframleiðslan hafði dregist saman á árinu 1982 og gert var ráð fyrir að fyrirtækin hefðu ekki verið viljug að ráða til sín nýtt starfsfólk. Hins vegar jókst veltan hjá fyrirtækjum í verslun og þjónustu, einkum smásöluverslun. Áhrif vinnutímastyttingar í Frakklandi urðu þessi árið 1982 í iðnaði og verslun (hlutfall fyrirtækja í atvinnugreinum sem breyta ráðningum):

Tafla 6. Áhrif vinnutímastyttingar árið 1982 í Frakklandi á ráðningar í iðnaði og verslun.

	Iðnaður (%)	Verslun Heildsala (%)	Verslun Smásala (%)	Alls (%)
Fastar nýráðningar	18	8	21	15
– í hlutastarfi	-	4	18	12
– í fullu starfi	-	8	12	11
Skammvinnar nýráðningar	11	5	2	3
Notkun afleysingafólks	7	1	1	1
Fjölgun starfsfólks alls	26	13	22	18
Hætt við áætlaðar uppsagnir	3	0	1	0
Breyting úr hlutastarfi í fullt starf	7	-	-	-
Engin áhrif	59	77	70	73
Engin svör	6	10	8	9

Af töflunni má t.d. ráða að í u.þ.b. 60% fyrirtækja í iðnaði voru engin áhrif til atvinnuaukningar, en hins vegar í 70% fyrirtækja í verslun. Fyrirtæki í verslun og þjónustu voru einungis spurð um skiptingu ráðninga í full störf og hlutastörf.

3.8 Bretland.

Í Bretlandi var gerð rannsókn á vegum opinberra aðila árið 1980 á 401 stóru iðnaðarfyrirtæki (með 100 eða fleiri starfsmönnum) þar sem þróunin í atvinnu og yfirvinnu var könnuð gagnvart fyrirtækjum sem ýmist höfðu stytt vinnutímann eða ekki. Rannsókn á áhrifum vinnutímastyttingarinnar á líkan sem nefnt var „Treasury-líkanið“ sýndi að án launaumbunar voru áhrif af 5% vinnutímastyttingu 0,28% atvinnustigshækkun. Líkanið átti að sýna hversu mikil áhrif vinnutímastytting hefði á atvinnustigið miðað við að engin launaumbun væri. Hafa verður í huga að svokölluð teygni (tölulegt orsakasamband) gagnvart breyttri peningamálastefnu í Bretlandi er mikil; þannig mun takmarkað peningamagn hafa neikvæð áhrif á atvinnustigið.

Flestar evrópsku rannsóknirnar gera ráð fyrir 0,1–0,6% hækkun atvinnustigs miðað við 1% vinnutímastyttingu. Mestu áhrifin eru í þýska líkaninu, en minnstu áhrifin eru í breska líkaninu. Þannig gerir þýska líkanið ráð fyrir 0,8% aukningu atvinnustigs miðað við 1% styttingu vinnutímans. Áhrif launaumbunar á atvinnustigið við vinnutímastyttingu eru mismunandi eftir líkönum. Þannig gera bresku og hollensku líkönin ráð fyrir jákvæðum áhrifum á atvinnustigið þegar engin launaumbun er við framkvæmd vinnutímastyttingar. Frönsku og þýsku líkönin gera hins vegar ekki ráð fyrir mismun á áhrifum vinnutímastyttingar á atvinnustigið hvort heldur um er að ræða launaumbun eða enga launaumbun.

Skýringar á mismun milli vinnutímastyttingar gagnvart atvinnuaukningu bæði innan landa og á milli landa eru taldar eftirfarandi:

1. Flestar rannsóknirnar gera ráð fyrir hægari vexti í framleiðslu en gert hefði verið ráð fyrir við óbreyttan vinnutíma.
2. Flestar rannsóknirnar gera ráð fyrir aukinni verðbólgu sem afleiðingu vinnutímastyttingar, og þessi aukning verðbólgu verður aðallega þegar launaumbun fylgir styttingu vinnutímans.
3. Launakostnaður mun aukast hraðar en ella (án vinnutímastyttingar) því að laun hafa tilhneigingu til þess að fylgja framleiðniþróun og aukning atvinnu hefur í flestum tilvikum í för með sér auknar launakröfur.

3.9 Þýskaland.

Árið 1950 unnu Vestur-Þjóðverjar 2.316 tíma að meðaltali á ári, 449 tímum minna en bandarískir verkamenn og 327 tímum minna en franskir verkamenn. Síðan hefur vinnutíminn styst. Á sjöunda og áttunda áratugnum styttist vinnutíminn en mikill hagvöxtur olli röskun á vinnumarkaði þar sem eftirspurn var meiri en framboð eftir vinnuafli í ýmsum atvinnugreinum. Afleiðingin var mikill straumur innflutts vinnuafls og aukin yfirvinna. Á árunum 1960 til 1974 styttist vinnutíminn um 1% á ári. Hins vegar dró úr styttingu vinnutímans sem styttist um 0,3% á ári á árunum 1975–1984. Járniðnaðarmenn fóru tvisvar í verkfall til þess að knýja á um styttri vinnuviku. Þessi verkföll urðu þess valdandi að vinnutími hefur styst áfram á níunda áratugnum.

Tólf rannsóknir hafa verið gerðar til þess að finna afleiðingar vinnutímastyttingar á atvinnustigið. Mismunandi aðferðir voru notaðar bæði í formi kannana og hagrannsókna. Allar rannsóknirnar sýndu jákvæða fylgni, þ.e. atvinna jókst í kjölfar vinnutímastyttingar.

Flestar skýrslur í Þýskalandi sem um vinnutímamál fjalla eru gefnar út á vegum hagsmunasamtaka. Ólíkar myndir fást þar af leiðandi af þessum rannsóknum.

Rannsókn sem rannsóknastofnunin „Bundesanstalt für Arbeit“ gaf út sýnir með hjálp tölvulíkans hvað gerist í þýska hagkerfinu við vinnutímastyttingu. Rannsóknin sýnir áhrif launaumbunar og hvort hið opinbera umbuni atvinnurekendum vegna kostnaðaraukningar. Í öllum útreikningunum er gert ráð fyrir að stytting vinnutímans muni leiða til hærra atvinnustigs. Í forsendum er gert ráð fyrir að við 1% vinnutímastyttingu verði 0,3% aukning á framleiðni, 0,2% aukning yfirvinnu og 0,5% aukning atvinnu. Þar með er gefið í líkaninu, líkt og í danska líkaninu, að áhrif verði af vinnutímastyttingunni fyrir fram. Niðurstaða þessi fékkst úr skoðanakönnun sem gerð var árið 1976 þar sem 2.400 fyrirtæki voru spurð hvernig þau mundu bregðast við vinnutímastyttingu sem næmi 5%.

Þýsk rannsókn á grundvelli haglíkans kannaði áhrif 4,8 tíma vinnutímastyttingar á þremur árum, þannig að vikulegur vinnustundafjöldi varð 35 stundir. Áhrifin voru könnuð á grundvelli tveggja forsendna:

1. styttingar vinnutíma án launaumbunar, samtímis því að launin voru aðlöguð launa- og framleiðnihækkunum, þ.e. einungis við framleiðniaukningu gæti orðið vinnutímastytting auk launahækkunar,
2. styttingar vinnuvikunnar með launaumbun.

Ef engin launaumbun væri fyrir utan þá sem meðfylgjandi framleiðnibreytingar og verðhækkanir skilyrða mundi lækkun launa í fyrstu leiða af sér samdrátt í einkaneyslu. Þessi samdráttur veldur samdrætti í fjárfestingu vegna óbreyttra opinberra útgjalda. Margföldunaráhrifum styttingar vinnutímans virðist lokið eftir 6–7 ár, en á eftir fylgja óbreyttar aðstæður hvað viðvíkur ýmsum hagstærðum.

Ef launaumbun samkvæmt þýska líkaninu fylgir vinnutímastyttingu verður víxlverkun launa og verðlags. Hlutfallslegt verðmæti vinnuafls hækkar vegna eftirspurnaráhrifa (launaumbun). Hagræðing fylgir í kjölfarið næstu 3 árin sem stytting vinnutíma varir. Framleiðniáhrif, aukin nýting framleiðsluþátta og yfirvinna ætti að fylgja í kjölfarið. Aukin vaktavinna gæti einnig bætt ástandið. Lækkun launa ætti ekki að geta haft áhrif á atvinnustig og framleiðslu.

Mismunur áhrifa á atvinnustigið eftir löndum byggist m.a. á því hve löndin eru í mismiklum mæli háð utanríkisverslun, vinnutíma og lagasetningu. Uppbygging líkananna er einnig mismunandi eftir löndum og hefur áhrif á niðurstöður. Það skiptir einnig miklu máli að líkönin hafi innbyggðar breytingar á launum vegna breytinga á atvinnuleysi.

Það sem vekur athygli við áðurnefnda athugun í Þýskalandi er að í 60% iðnaðarfyrirtækja voru ekki áhrif til fjölgunar starfa en í 70% verslunarfyrirtækja var aukning í fjölda starfa.

4. Samantekt.

Þær kannanir, sem gerðar hafa verið í ýmsum ríkjum á áhrifum vinnutímastyttingar á atvinnustigið, eru á ýmsan hátt misvísandi og þyrfti að gera frekari rannsóknir sem í senn væru sambærilegar og samanburðarhæfar með tilliti til þeirra þátta sem áhrif hafa á atvinnustigið. Rannsóknir sýna að óvissuþættir um áhrif vinnutímastyttingar á atvinnustigið eru margir.

Áhrif vinnutímastyttingar á atvinnustigið geta verið breytileg eftir aðstæðum hverju sinni. Miklu skiptir hvort gert er ráð fyrir óbreyttum launakostnaði á tímaeiningu eða ekki og hvort um sé að ræða lengri reksturstíma framleiðslutækja og hver séu áhrifin á hlutfallslega hagkvæmni í notkun vinnuafls annars vegar og tækja og vélbúnaðar hins vegar. Þá skiptir einnig máli hvernig atvinnuástandið er og um hvaða atvinnu- og starfsgreinar er að ræða. Meginreglan er sú að vinnutímastytting sem leiðir til aukins kostnaðar getur leitt til aukins atvinnuleysis en vinnutímastytting sem er tengd aukinni framlegð, lengri reksturstíma og lægri heildarlaunakostnaði getur leitt til hærra atvinnustigs. Flestar rannsóknir hafa sýnt að framleiðni á klukkustund eykst mest við vinnutímastyttingu ef vinnutíminn er langur fyrir en fer minnkandi þegar vinnutímastytting er gerð út frá styttri vinnutíma. Möguleikar á framleiðniaukningu á klukkustund eru breytilegir milli atvinnugreina og einstakra fyrirtækja.

Það er ljóst að miklar breytingar á vinnutímanum á skömmum tíma geta haft miður æskileg áhrif, m.a. hættu á ójafnvægi á vinnumarkaði þeirra starfsgreina þar sem vinnutíminn styttist. Þannig gæti afleiðingin orðið skyndileg þörf á viðbótarvinnuafli í þeim starfsgreinum þar sem framboð vinnuafls er ekki nægilegt fyrir.

Á Norðurlöndum hefur stytting vinnutímans lengst af verið hluti af velferðarstefnu stjórnvalda. Með vaxandi atvinnuleysi á Norðurlöndum hefur meiri gaumur verið gefinn að því að nýta vinnutímastyttingu eða breytt fyrirkomulag á vinnutíma til að fjölga störfum.

Annars staðar í Evrópu hefur vinnutímastytting hins vegar fyrst og fremst verið tengd möguleikum á fleiri störfum í kjölfar breytts vinnutíma.

Vinnutímastytting hefur víða verið framkvæmd og eins og fram kemur í skýrslunni hefur Alþjóðavinnumálastofnunin sýnt þessu máli mikinn áhuga án þess að einhugur ríki um almenna vinnutímastyttingu. Áhersla er lögð á að tengja vinnutímastyttingu aðstæðum í hverju landi bæði með tilliti til atvinnustefnu og tækniþróunar og út frá efnahagslegum og félagslegum aðstæðum.

Á sama tíma hefur áhugi aukist á nýrri skipan vinnutíma þar sem meiri gaumur hefur verið gefinn að sveigjanlegum vinnutíma. Mismunur á vinnutíma milli landa hefur verið talsverður, sérstaklega hvað varðar daglegan og vikulegan vinnustundafjölda. Víða er sveigjanlegur vinnutími orðinn staðreynd. Sums staðar er lögð áhersla á að skipuleggja vinnutímann fremur en stytta. Skoðun atvinnurekenda hefur verið sú að líta á vinnutímann sem hagrænan þátt fremur en félagslegan. Stytting vinnutímans er ekki einungis

kostnaðarlegur þáttur heldur getur hún leitt til skorts á faglærðu vinnuafli og truflunar í framleiðsluferli. Atvinnurekendur leggja í auknum mæli áherslu á sveigjanlegan vinnutíma.

Við þær aðstæður í launamálum hér á landi að launataxtar eru tiltölulega lágir og afkoma flestra byggist á mikilli yfirvinnu verður að líta á það sem forsendu að allt launakerfið þurfi að endurskoða með tilliti til breytinga á vinnutíma. Mætti hugsa sér að laun verði gerð mun sýnilegri þannig að t.d. greidd föst yfirvinna verði sett inn í launataxta og yfirvinna verði mjög takmörkuð.

Nauðsynlegt er að fram fari umfangsmikil könnun á áhrifum vinnutímastyttingar á íslenskt þjóðfélag áður en hún verður framkvæmd.

Sambandið milli vinnutímastyttingar og atvinnustigs er óbeint þannig að vinnutímastytting og aðgerðir tengdar henni hafa áhrif bæði á kostnað og framboð og eftirspurn eftir vinnuafli. Samanburður milli landa með tilliti til vinnutímastyttingar verður alltaf erfiður þar sem hagkerfin eru ólík. Rannsóknir benda til þess að fjölgun starfa munu verða meiri en minnkun atvinnuleysis þar sem fjölgun starfa mun valda því að fleiri munu fara út á vinnumarkaðinn. Almennt er talið að vikuleg vinnutímastytting hafi í för með sér aukna framleiðni. Aukningin verður mest við daglega vinnutímastyttingu en minni við orlofslengingu.

Áhrif vinnutímastyttingar á launakostnað og nýtingu véla og tækja er þýðingarmikill þáttur þegar meta á áhrif vinnutímstyttingar á ýmsar hagstærðir.

Helstu heimildir.

1. Årsarbetstid, Arbetsmarknadsdepartementet, Stockholm 1992.
2. EG:s arbetstidsdirektiv, Arbetsmarknadsdepartementet, Stockholm 1994.
3. Arbetstid och välfärd, Arbetsmarknadsdepartementet, Stockholm 1989.
4. Rapport om arbejdstid, Arbejdsministeriet 1984.
5. Bilag til rapport om arbejdstid, Arbejdsministeriet 1984.
6. Kortere arbejdstid – flaskehalsproblemer? Institut for grænseregionsforskning 1984.
7. Samfundsvidenskab. litteratur om arbejdstidsneds., Socialforskningsinst. 1984.
8. Kan arbetstidsförkortningar öka sysselsättningen? TCO, Stockholm 1983.
9. Employment outlook: OECD 1994.
10. Working time, ILO 1984.
11. Working time issues in industrialised countries, ILO 1988.
12. Upplýsingar fengnar frá fulltrúum í vinnumarkaðsrannsóknarnefnd EK-A (Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku).
13. Ýmsar ritgerðir um styttingu vinnutíma frá seminari um styttingu vinnutíma við Hafnarháskóla 1982.
14. Vinnumarkaðurinn 1994, Hagstofa Íslands 1995.
15. Vísbending, 15. tbl. 1991, ráðgjöf Kaupþings hf.
16. „Working time policy in Finland", Dr. Jouko Natti, 1995 (erindi á ráðstefnu um vinnutíma í Gautaborg, 20. október 1995).
17. „Effects of reductions in working hours in Norway", Nils Martin Stölen (erindi á ráðstefnu um vinnutíma í Gautaborg, 20. október 1995).
18. „Working-time policy in Sweden", Dominique Anxo (erindi á ráðstefnu um vinnutíma í Gautaborg, 20. október 1995).

19. „Working time policy and paid leave arrangements, the Danish experience in the 1990's", Per Kongshöj Madsen (erindi á ráðstefnu um vinnutíma í Gautaborg, 20. október 1995).
20. „Working time policy in Germany", dr. Gerhard Bosch (erindi á ráðstefnu um vinnutíma í Gautaborg, 20. október 1995.

1134. Nefndarálit [76. mál]

um till. til þál. um rannsóknir í ferðaþjónustu.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Magnús Oddsson ferðamálastjóra og Ármann Kr. Ólafsson, aðstoðarmann samgönguráðherra.

Nefndin fékk sendar umsagnir um tillöguna frá Sambandi veitinga- og gistihúsa, Ferðamálasamtökum Vestfjarða, Ferðamálasamtökum Suðurlands, umhverfisráðuneyti, Félagi íslenskra ferðaskrifstofa, Ferðamálaráði Íslands, Bændasamtökum Íslands, Háskólanum á Akureyri og Ferðamálasamtökum höfuðborgarsvæðisins.

Meginefni þessarar tillögu er að stuðla að eflingu rannsókna í ferðaþjónustu, tryggja grundvöll stefnumótunar og langtímaáætlana í atvinnugreininni og stuðla að jafnvægi í fjárfestingu og að gripið verði til ráðstafana í þessu sambandi. Bent hefur verið á að íslensk ferðaþjónusta hefur ekki notið sömu stöðu til rannsókna, þróunarstarfa og stefnumótunar og aðrar mikilvægar atvinnugreinar. Greinin styðst ekki við rannsóknastofnanir sem hafa sérhæfðu hlutverki að gegna á þessu sviði.

Í nýútkominni skýrslu samgönguráðuneytisins um stefnumótun í ferðaþjónustu er m.a. fjallað um menntun og rannsóknir. Þar er talið að bjóða eigi upp á menntun í ferðaþjónustu á háskólastigi og að menntun og starfsþjálfun í ferðaþjónustu verði einnig í boði á öðrum skólastigum. Þá er samkvæmt skýrslunni stefnt að því að rannsóknastarfsemi á sviði ferðamála verði efld þannig að hún verði í fullu samræmi við þarfir atvinnugreinarinnar og styðji við stefnumótun, markaðsstarf, vöruþróun og gæðaeftirlit í atvinnugreininni.

Í tillögunni er lagt til að gagnamiðstöð verði stofnuð við skrifstofu Ferðamálaráðs Íslands á Akureyri og að rannsóknarfulltrúi starfi þar. Skrifstofan á Akureyri sér í dag um upplýsingaöflun og útgáfu, umhverfismál, markaðsráðgjöf innan lands og öll samskipti við innlenda ferðaþjónustuaðila. Í gagnagrunni skrifstofunnar er m.a. að finna upplýsingar um alla ferðaþjónustu á Íslandi. Þá hefur Háskólinn á Akureyri lýst áhuga á að setja á stofn rannsóknadeild ferðamála innan Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri. Þá

er lagt til að stofnaður verði sérstakur rannsóknasjóður við Ferðamálaráð Íslands. Nefndin telur ekki þörf á að koma á sérstökum rannsóknasjóði og telur eðlilegt að rannsóknir verði fjármagnaðar með öðrum hætti. Nefndin leggur því til að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

2. tölul. falli brott.

Alþingi, 31. maí 1996.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Kristján Pálsson.
Stefán Guðmundsson.	Egill Jónsson.	Árni Johnsen.
Gísli S. Einarsson.	Ragnar Arnalds.	Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.

1135. Lög [415. mál]

um breyting á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 31. maí.)

Samhljóða þskj. 1058 með þessari breytingu:

A-liður (20. gr.) 5. gr. hljóðar svo:

Félagsmálaráðherra skipar ríkissáttasemjara til fimm ára í senn. Hann skal vera íslenskur ríkisborgari, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð. Þess skal gætt að afstaða hans sé slík að telja megi hann óvilhallan í málum launafólks og atvinnurekenda.

Félagsmálaráðherra skipar einnig vararíkissáttasemjara til fimm ára í senn og skal hann fullnægja sömu skilyrðum og ríkissáttasemjari.

Vararíkissáttasemjari tekur við störfum ríkissáttasemjara þegar hann er forfallaður og er honum til aðstoðar þegar þörf krefur.

Ríkissáttasemjari getur skipað aðstoðarsáttasemjara til að aðstoða sig við lausn vinnudeilu eða vinna sjálfstætt að lausn einstakrar vinnudeilu. Það er borgaraleg skylda að taka að sér aðstoðarsáttasemjarastarf.

Ef sýnt þykir að vinnudeila hafi mjög alvarlegar afleiðingar getur ríkisstjórnin skipað sérstaka sáttanefnd til að vinna að lausn deilunnar. Skal samráð haft við ríkissáttasemjara og deiluaðila áður en sáttanefnd er skipuð.

Vararíkissáttasemjari, aðstoðarsáttasemjari og sáttanefndarmenn hafa réttindi og bera skyldur ríkissáttasemjara þegar þeir eru að störfum.

Laun ríkissáttasemjara skulu ákveðin á sama hátt og laun ráðherra og hæstaréttardómara. Félagsmálaráðherra ákveður laun vararíkissáttasemjara og aðstoðarsáttasemjara og þóknun sáttanefndarmanna.

1136. Frumvarp til laga [421. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 31. maí.)

1. gr.

2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Til tekna sem vextir, sbr. 1. mgr., af kröfum eða inneignum, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, teljast vextir sem greiddir eru eða eru greiðslukræfir og greiddar verðbætur á afborganir og vexti, svo og gengishækkun hlutdeildarskírteina. Til tekna í þessu sambandi teljast enn fremur hvers kyns gengishagnaður og afföll af keyptum verðbréfum, víxlum og sérhverjum öðrum kröfum og hvers kyns aðrar tekjur af peningalegum eignum. Ákvörðun tekna skal vera þannig:

1. Vextir af reikningum í innlánsstofnunum skulu teljast til tekna þegar þeir eru færðir eiganda til eignar á reikningi.
2. Vextir af kröfu skulu teljast til tekna þegar þeir eru greiddir eða greiðslukræfir.
3. Afföll, þ.e. mismunur á uppreiknuðu nafnverði kröfu á kaupdegi að frádregnu kaupverði hennar, skal færa til tekna í hlutfalli við afborganir nafnverðs þegar þær greiðast.

   Við vexti af verðbréfum sem ekki eru með árlegri greiðslu skal, þegar skattur er reiknaður af vöxtunum, bætast sérstakt álag sem miðast við að ársávöxtun eftir skatt yfir reikningstímabilið sé sem næst því sem verið hefði við árlega staðgreiðslu. Seðlabanki Íslands skal reikna út stuðul í þessu sambandi fyrir hvert tekjuár í upphafi næsta árs á eftir tekjuárinu. Nánar skal kveðið á um útreikning þennan í reglugerð.
4. Áfallinn gengishagnað á hverja úttekt af reikningi eða afborgun af kröfu í erlendri mynt skal færa til tekna. Heimilt skal þó að miða við meðaltal stöðu reiknings í upphafi og í lok árs eða á innborgunar- og úttektardegi innan ársins nema um veruleg viðskipti sé að ræða. Nánari reglur hér að lútandi skulu settar í reglugerð í samráði við Seðlabanka Íslands.
5. Vextir, arður og önnur ávöxtun af lífeyristryggingum, söfnunartryggingum einstaklinga hjá líftryggingafélögum skulu teljast til tekna þegar slíkar tekjur koma til greiðslu, nema að því leyti sem lífeyristryggingar, söfnunartryggingar, verða skattlagðar sem tekjur samkvæmt öðrum ákvæðum laga þessara.

2. gr.

9. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Skattskyldur arður.

Til arðs af hlutum og hlutabréfum í félögum, sem um ræðir í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., telst auk venjulegrar arðgreiðslu sérhver afhending verðmæta til hlutareiganda eða hlutahafa er telja verður sem tekjur af hlutareign þeirra í félaginu.

Arður af eigin hlutum eða hlutabréfum telst hvorki til tekna né gjalda hjá hlutafélagi.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „fimm“ í 1. mgr. kemur: tvö.
b. Í stað orðsins „fimm“ í 4. mgr. kemur: tveggja.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Í stað 2. mgr. koma tvær málsgreinar er orðast svo:

Hagnaður af sölu hlutabréfa telst mismunur á söluverði þeirra annars vegar og kaupverði þeirra hins vegar. Kaupverð hlutabréfa, sem skattaðili hefur eignast við samruna hlutafélaga skv. 56. gr., skal ákvarðast jafnt kaupverði þeirra hlutabréfa er hann lét af hendi. Þegar ákveða skal hagnað af sölu hlutabréfa skal kaupverð hvers hlutabréfs teljast jafnt meðalkaupverði allra hlutabréfa sömu tegundar á hendi sama eiganda.

Nú er félagi slitið án þess að um samruna félaga sé að ræða, sbr. 56. gr., og skal þá litið á það sem sölu hlutafjár á hendi eiganda og úthlutunina sem söluverð. Sé hlutafé í hlutafélagi lækkað og það greitt út til hluthafa skal líta svo á að um sé að ræða sölu hlutafjár í hendi eiganda til hlutafélagsins.

b. Í stað orðanna „á árinu 1990 og síðar“ í 1. málsl. 3. mgr. (er verður 4. mgr.) kemur: á árunum 1990–1996.
c. Á eftir orðinu „fyrr“ í 3. málsl. 3. mgr. kemur: eða á árinu 1997 eða síðar.
d. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Unnt er að fara fram á frestun á tekjufærslu söluhagnaðar manns af sölu hlutabréfa um tvenn áramót frá söludegi að svo miklu leyti sem fjárhæð hans er umfram 3.000.000 kr. hjá einstaklingum og 6.000.000 kr. hjá hjónum. Kaupi hann önnur hlutabréf í stað hinna seldu innan þess tíma færist söluhagnaðurinn til lækkunar á því kaupverði hinna nýju bréfa sem ákvörðun söluhagnaðar samkvæmt þessari grein miðast við. Nemi kaupverð hinna keyptu hlutabréfa lægri fjárhæð en söluhagnaðurinn telst mismunurinn til skattskyldra tekna á kaupári hinna keyptu bréfa. Ef hlutabréf eru ekki keypt innan tilskilins tíma telst hagnaðurinn með skattskyldum tekjum á því ári þegar hann myndast. Ákvæði þessarar málsgreinar taka ekki til söluhagnaðar sem myndaðist í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. 1., 2. og 3. tölul. B-liðar falla brott.
b. Við lokamálsgrein 4. tölul. B-liðar (sbr. b-lið 2. gr. laga nr. 147/1994), er verður 1. tölul., bætist nýr málsliður er orðast svo: Frádráttur samkvæmt þessum lið heimilast frá þeim tekjum manna er greinir í A- og B-lið 7. gr.
c. Við B-lið bætist nýr töluliður, er verður 2. tölul., sem orðast svo: Nú verður greiðslufall á kröfu sem vextir, sbr. 2. mgr. 8. gr., hafa verið reiknaðir af og frestast þá greiðsla skatts af slíkum vöxtum.

Heimilt er að mótreikna tapaða vexti við fjármagnstekjur hafi skattur þegar verið greiddur af vöxtunum. Skal það gert á því ári þegar sýnt er að krafa sem vextir voru reiknaðir af fæst ekki greidd og skal gera grein fyrir henni í skattframtali viðkomandi tekjuárs. Með sama hætti fer um aðrar fjármagnstekjur, sbr. 3. mgr. 67. gr. Heimildin nær til fimm ára aftur í tímann frá og með tekjuári. Sé ekki um fjár-

magnstekjur að ræða á því tekjuári þegar mótreikningur á sér stað yfirfærist mótreikningsheimildin til næsta skattframtals í allt að fimm ár. Heimild samkvæmt þessari málsgrein tekur einungis til fjármagnstekna utan rekstrar hjá einstaklingum og þeirra lögaðila sem ekki hafa með höndum atvinnurekstur.

Ákvæði 2. mgr. þessarar greinar um heimild til að draga frá beinan kostnað við öflun tekna gilda ekki um leigutekjur, vexti eða aðrar fjármagnstekjur.

d. Orðin „í stað beins kostnaðar skv. 2. mgr.“ í 1. málsl. 3. mgr. falla brott.

e. 4. mgr. greinarinnar fellur brott.

6. gr.

Í stað 2. og 3. málsl. 8. tölul. 31. gr. laganna koma fjórir málsliðir, svohljóðandi: Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en nemur 7% af nafnverði hlutafjár. Sé í eigu hlutafélags íbúðarhús, sumarhús, fólksbifreiðar, skemmtibátar eða aðrar eignir sem ekki tengjast rekstrarþörf félagsins og ætlaðar eru til einkaþarfa hluthafa, stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra félagsins eða skylduliðs þeirra manna skal verðmæti þeirra eigna dregið frá nafnverði áður en arður samkvæmt þessum tölulið er ákvarðaður. Nú nýtir hlutafélag ekki að fullu frádráttarheimild samkvæmt þessum tölulið og er þá heimilt að flytja ónýtta frádráttarheimild til næstu ára. Arður samkvæmt þessum tölulið er frádráttarbær frá tekjum þess árs sem hann er reiknaður af.

7. gr.

Við 67. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, er verða 3. og 4. mgr., sem orðast svo:

Tekjuskattur af fjármagnstekjum einstaklinga utan rekstrar skal vera 10% af þeim tekjum. Til fjármagnstekna teljast í þessu sambandi tekjur skv. 1.–8. tölul. C-liðar 7. gr., þ.e. vextir, arður, leigutekjur, söluhagnaður og aðrar eignatekjur. Ákvæði þessarar málsgreinar taka þó ekki til hagnaðar af sölu hlutabréfa, þar með talið við innlausn þeirra, t.d. við slit félags og lækkun hlutafjár, ef hagnaðurinn fer fram úr 3.000.000 kr. hjá einstaklingi og 6.000.000 kr. hjá hjónum. Fer um skatthlutfall og álagningu á slíkan söluhagnað eftir ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar og skulu reglur 4. mgr. um tekjuviðmiðun ekki eiga við um umframfjárhæðina.

Sú fjárhæð sem reiknast skv. 3. mgr. skal vera endanleg álagning á fjármagnstekjur. Skulu engin önnur opinber gjöld, sem reiknuð eru á tekjuskattsstofn, leggjast á þessar tekjur. Sömuleiðis skulu tekjurnar ekki taldar til tekjuskattsstofns til viðmiðunar við útreikning bóta eða annarra greiðslna samkvæmt lögum um almannatryggingar, lögum um húsaleigubætur eða öðrum lögum nema sérstaklega sé kveðið á um það í þeim lögum. Um afdrátt skatts af vaxtatekjum og arði samkvæmt þessari málsgrein skulu á tekjuárinu gilda lög um staðgreiðslu skatts af slíkum tekjum samkvæmt því sem nánar er kveðið á um í þeim lögum.

8. gr.

Á eftir 3. málsl. 2. mgr. A-liðar 68. gr. laganna kemur nýr málsliður er orðast svo: Þeim hluta persónuafsláttar, sem þá er óráðstafað, skal ráðstafað til að greiða tekjuskatt sem lagður er á fjármagnstekjur, sbr. 3. mgr. 67. gr.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 69. gr. laganna:

a. 2. málsl. 3. mgr. B-liðar orðast svo: Með tekjuskattsstofni í þessu sambandi er átt við tekjur skv. II. kafla laganna, þó ekki tekjur skv. 3. tölul. C-liðar 7. gr., að teknu tilliti til frádráttar skv. 1., 3. og 5. tölul. A-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 30. gr. og frádráttar skv. 31. gr.
b. 3. málsl. 3. mgr. C-liðar fellur brott.
c. 2. málsl. 4. mgr. C-liðar orðast svo: Með tekjuskattsstofni í þessu sambandi er átt við tekjur skv. II. kafla laganna, að teknu tilliti til frádráttar skv. 1., 3. og 5. tölul. A-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 30. gr. og frádráttar skv. 31. gr.

10. gr.

Við 72. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, er verða 3. og 4. mgr., svohljóðandi:

Lögaðilar þeir er undanþegnir eru skattskyldu skv. 2., 3., 5., 6. og 7. tölul. 4. gr. skulu þrátt fyrir það greiða tekjuskatt af fjármagnstekjum, sbr. 3., 4. og 5. tölul. C-liðar 7. gr., svo og skv. 8. tölul. sama stafliðar 7. gr., að því er varðar söluhagnað af hlutabréfum. Skal hann vera 10% af þeim stofni. Afdráttur skatts og innborgun hans samkvæmt lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur skal vera fullnaðargreiðsla og koma í stað álagningar samkvæmt lögum þessum. Þó skulu þeir aðilar sem þessi málsgrein tekur til og sjálfir annast um innheimtu vaxta í eigin lánaumsýslu eða fá vaxtatekjur, sem ekki er dregin af staðgreiðsla, skila greinargerð um vaxtatekjur til skattyfirvalda og standa skil á 10% tekjuskatti af slíkum vöxtum að tekjuári loknu. Þeir aðilar sem þessi málsgrein tekur til og hafa aðrar fjármagnstekjur skulu sömuleiðis standa skil á 10% tekjuskatti af slíkum tekjum að tekjuári loknu. Við ákvörðun á stofnverði eigna sem félög, sbr. 5. tölul. 4. gr., eignast við gjöf skal við sölu miðað við að stofnverðið sé markaðsverð á yfirtökudegi félagsins á eigninni. Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um skilagreinar og skil vegna þessarar málsgreinar.

Eftirtaldir aðilar eru undanþegnir ákvæðum 3. mgr.:

1. Lánasjóður íslenskra námsmanna, Byggðastofnun, Byggingarsjóður ríkisins, Byggingarsjóður verkamanna, Framkvæmdasjóður fatlaðra, Framkvæmdasjóður aldraðra, Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Lánasjóður sveitarfélaga, Lánasjóður Vestur-Norðurlanda, Seðlabanki Íslands og lífeyrissjóðir, sbr. lög nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.
2. Lánastofnanir sem skattskyldar eru samkvæmt lögum nr. 65/1982, um skattskyldu lánastofnana, með síðari breytingum, en fjármagnstekjur þeirra falla undir almenna skattskyldu samkvæmt þeim lögum.

11. gr.

4. mgr. 110. gr. laganna orðast svo:

Álagða skatta, að frádregnu því sem greiða ber fyrir álagningu skv. 2. mgr. þessarar greinar auk mismunar sem fram kemur á álagningu tekjuskatts og staðgreiðslu launamanns, sbr. 35. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, að frádreginni staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur og að frádregnum bótum skv. 69. gr., skal greiða með sem næst jöfnum greiðslum á þeim gjalddögum sem eftir eru á árinu þegar álagning fer fram.

12. gr.

Á eftir orðinu „laga“ í 1. mgr. 121. gr. laganna, sbr. 20. gr. laga nr. 145/1995, kemur: eða laga um staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við staðgreiðslu gjalda á árinu 1997 og við álagningu gjalda á árinu 1998 fyrir tekjuárið 1997. Breyting á nafnverði hlutafjár, sbr. 1. málsl. 6. gr., skal koma til framkvæmda í fyrsta sinn á árinu 1998 vegna verðbreytingarstuðuls ársins 1997.

14. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Vextir af bréfum og kröfum hjá aðilum utan rekstrar sem stofnað var til fyrir 1. janúar 1997.

Vextir eins og þeir eru skilgreindir í 2. mgr. 8. gr. af bréfum og kröfum sem gefin voru út, eða til var stofnað fyrir 1. janúar 1997, teljast eigi til skattskyldra vaxtatekna að því leyti sem þeir voru áfallnir þann 1. janúar 1997.

II.

Jöfnunarverð hlutabréfa.

Á árunum 1997 og 1998 reiknast jöfnunarverðmæti hlutabréfa í samræmi við þetta ákvæði hjá þeim félögum sem skráð voru, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 75/1981, í árslok 1996.

Jöfnunarverðmæti hlutabréfa í félagi skal vera nafnverð hlutabréfa í árslok 1996 að viðbættri þeirri fjárhæð sem heimilt væri að gefa út af jöfnunarhlutabréfum samkvæmt þeim reglum sem um það giltu í árslok 1996. Gera skal grein fyrir útreikningi jöfnunarverðmætis með framtalsskilum á árunum 1997, 1998 eða 1999. Skattstjóri skal staðfesta útreikninginn.

Jöfnunarverðmæti samkvæmt þessu ákvæði skal árlega tilgreina á skattframtali hlutafélagsins og á hlutafjármiðum. Ríkisskattstjóri skal gefa út reglur og útbúa eyðublöð til notkunar við framkvæmd þessa ákvæðis.

Hafi seljandi hlutabréfa eignast hin seldu hlutabréf fyrir 1. janúar 1997 skal jöfnunarverðmætið skv. 2. mgr. þessa ákvæðis lagt til grundvallar sem kaupverð án framreiknings skv. 26. gr. laga nr. 75/1981 við útreikning á söluhagnaði hlutabréfa. Í stað jöfnunarverðmætis er heimilt að miða við upphaflegt kaupverð, að viðbættum breytingum samkvæmt verðbreytingarstuðli skv. 26. gr. til ársloka 1996, sé það hærra. Um söluhagnað þeirra sem eignast hin seldu hlutabréf eftir gildistöku laga þessara fer eftir ákvæðum 2. mgr. 17. gr.

Hafi hlutafélag ekki gefið út jöfnunarhlutabréf eða, ef um einkahlutafélag er að ræða, tilkynnt nýtt nafnverð formlega til hlutafélagaskrár eða tilgreint jöfnunarverðmæti með þeim hætti sem áskilið er í 2. og 3. mgr. ákvæðis þessa í síðasta lagi með skattframtali 1999, vegna tekna á árinu 1998 og eigna í lok þess árs, skal jöfnunarverðmæti við sölu bréfanna vera nafnverð hlutabréfanna í árslok 1996.

Hlutafélögum er heimilt að gefa út jöfnunarhlutabréf eða, ef um einkahlutafélög er að ræða, tilkynna nýtt nafnverð formlega til hlutafélagaskrár, allt að því að heildarnafnverð hlutafjár nái jöfnunarverðmæti eins og það reiknast skv. 2. mgr. þessa ákvæðis. Jöfnunarverðmætið, ásamt heimild til útgáfu jöfnunarhlutabréfa, skal síðan hækka eða lækka eftir verðbreytingarstuðli skv. 26. gr. laga nr. 75/1981, í fyrsta sinn við útreikning á árinu 1998 samkvæmt verðbreytingarstuðli sem birtur er í árslok 1997. Hlutafélögum er, þannig að skattfrjálst sé hjá hluthöfum, jafnframt heimilt að gefa út jöfnunarhlutabréf eða, ef um einkahlutafélag er að ræða, tilkynna nýtt nafnverð formlega til hlutafélagaskrár, vegna innborgaðs hlutafjár eftir 1. janúar 1997, og takmarkast heimildin við innborgað hlutafé eftir að það hefur verið hækkað eða lækkað eftir verðbreytingarstuðli skv. 26. gr. laga nr. 75/1981 frá innborgunarári til ársins á undan útgáfuári, að frádregnu nafnverði.

III.

Vextir af örorkubótum.

Nú hefur einstaklingur fengið greiddar bætur fyrir varanlega örorku á árunum 1992–1996 og þær verið ákveðnar í einu lagi til greiðslu og er honum þá heimilt á árunum 1997–2001 að færa til frádráttar á móti fjármagnstekjum sínum fjárhæð sem svarar til lækkunar útborgaðra bóta vegna eingreiðsluhagræðis og nemi 5% af fjárhæð bótanna.

1137. Frumvarp til laga [422. mál]

um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

(Eftir 2. umr., 31. maí.)

Upphafsákvæði.

1. gr.

Innheimta skal í staðgreiðslu 10% tekjuskatt til ríkissjóðs af vöxtum og arði eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum. Staðgreiðsla samkvæmt þessum lögum er bráðabirgðagreiðsla tekjuskatts nema annað sé tekið fram.

Hjá lögaðilum, sbr. 2. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og hjá einstaklingum vegna fjármagnstekna er myndast í atvinnurekstri þeirra eða sjálfstæðri starfsemi skal réttilega ákvörðuð og innborguð staðgreiðsla á fjármagnstekjur vera bráðabirgðagreiðsla upp í væntanlegan álagðan tekjuskatt eða önnur opinber gjöld sem lögð verða á slíka rekstraraðila.

Gera skal grein fyrir vaxtatekjum og arði ásamt öðrum fjármagnstekjum, svo og afdreginni staðgreiðslu á skattframtali eða eftir atvikum greinargerðum að tekjuári liðnu. Skattstjóri skal annast álagningu og fylgjast með að staðgreiðslu hafi verið skilað.

Skattskyldir aðilar.

2. gr.

Skyldir til að greiða skatt skv. 1. gr. og sæta innheimtu í staðgreiðslu hans eru allir þeir sem fá vaxtatekjur og arðstekjur, sbr. þó 3. mgr.

Greiðsluskylda samkvæmt þessari grein tekur til þeirra lögaðila sem undanþegnir eru skattskyldu skv. 2., 3., 5., 6. og 7. tölul. 4. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Réttilega ákvörðuð og innborguð staðgreiðsla þessara aðila er fullnaðargreiðsla án þess að fram þurfi að fara frekari ákvörðun eða álagning tekjuskatts á vexti eða arð hjá þeim. Þó skulu þeir aðilar, sem þessi málsgrein tekur til og sjálfir annast um innheimtu vaxta í eigin lánaumsýslu eða fá vaxtatekjur sem ekki er dregin af staðgreiðsla, t.d. afföll eða gengishagnaður, skila greinargerð um þær vaxtatekjur til skattyfirvalda og standa skil á 10% tekjuskatti af slíkum vöxtum að tekjuári loknu. Þeir aðilar, sem þessi málsgrein tekur til og hafa aðrar fjármagnstekjur en vexti og arð, skulu sömuleiðis standa skil á 10% tekjuskatti af slíkum tekjum að tekjuári loknu. Skal ríkisskattstjóri setja nánari reglur um skilagreinar og skil í þessu sambandi.

Undanþegnir skyldu skv. 1. mgr. eru: Forseti Íslands og maki hans, erlend ríki og alþjóðastofnanir, Lánasjóður íslenskra námsmanna, Byggðastofnun, Byggingarsjóður ríkisins, Byggingarsjóður verkamanna, Framkvæmdasjóður fatlaðra, Framkvæmdasjóður aldraðra, Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Lánasjóður sveitarfélaga og Lánasjóður Vestur-Norðurlanda, Seðlabanki Íslands, lánastofnanir sem skattskyldar eru samkvæmt lögum nr. 65/1982, með síðari breytingum, og lífeyrissjóðir, sbr. lög nr. 55/1980.

Skilaskylda.

3. gr.

Skylda til að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum og afföllum og skila í ríkissjóð hvílir á innlendum innlánsstofnunum, verðbréfafyrirtækjum, verðbréfamiðlurum, eignarleigufyrirtækjum og öðrum fjármálastofnunum, lögmönnum, löggiltum endurskoðendum og öðrum fjárvörsluaðilum, tryggingafélögum, svo og sérhverjum öðrum aðilum sem hafa atvinnu af fjárvörslu, milligöngu eða innheimtu í verðbréfaviðskiptum eða annast innheimtu fyrir aðra.

Skylda til að draga staðgreiðslu af arði og skila í ríkissjóð hvílir á lögaðilum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Skattstofn.

4. gr.

Vaxtatekjur til staðgreiðslu samkvæmt lögum þessum teljast vextir og afföll, sbr. 8. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, svo sem:

1. Vextir af innstæðum í innlendum bönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum samvinnufélaga, á póstgíróreikningum og orlofsfjárreikningum, svo og vextir af verðbréfum sem hliðstæðar reglur gilda um samkvæmt sérlögum. Til vaxta teljast enn fremur verðbætur á höfuðstól og vexti, verðbætur á inneignir og kröfur sem bera ekki vexti og happdrættisvinningar sem greiddir eru í stað vaxta.
2. Vextir af stofnsjóðseign í gagnkvæmum vátrygginga- og ábyrgðarfélögum, kaupfélögum og öðrum samvinnufélögum, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.
3. Vextir hjá innlendum aðilum af sérhverjum öðrum innstæðum og inneignum en um getur í 1. og 2. tölul., þar með taldir vextir af víxlum, verðbréfum og öllum öðrum kröfum sem bera vexti. Með vöxtum teljast einnig verðbætur og happdrættisvinningar á sama hátt og um getur í 1. tölul.
4. Hvers kyns tekjur af hlutdeildarskírteinum.

5. Hvers kyns tekjur af lífeyristryggingum, söfnunartryggingum, einstaklinga hjá tryggingafélögum.
6. Hvers kyns aðrar tekjur af peningalegum eignum sem telja má til vaxta af þeim, sbr. þó 2. mgr.

Ekki skal telja gengishagnað til stofns til staðgreiðslu. Um skattgreiðslu af slíkum tekjum fer eftir lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og skal skatturinn ákvarðaður við álagningu opinberra gjalda næsta ár á eftir tekjuári ásamt álagi á skattfjárhæðina samkvæmt þeim lögum.

Stofn til staðgreiðslu sem arður samkvæmt lögum þessum teljast arðstekjur, sbr. 4. tölul. C-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, þ.e. fjárhæð sú er félög skv. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1981 greiða eða úthluta í arð.

Afdráttur staðgreiðslu.

5. gr.

Afdráttur staðgreiðslu af vöxtum skal fara fram eins og nánar er kveðið á um í þessari málsgrein:

1. Staðgreiðsla af vöxtum skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. 4. gr. skal fara fram þegar vextir eru greiddir út eða færðir rétthafa til tekna og þar með lausir til ráðstöfunar. Með greiðslu er átt við greiðslu í hvaða formi sem er, hvort heldur greiðslu í peningum, kröfum eða öðru því sem hefur peningalegt verðgildi og látið er af hendi í stað peninga.
2. Rekstraraðilar hlutdeildarsjóða skulu gera skil á greiðslu skatts af tekjum sjóðsins. Sjóðurinn telst þá hafa fullnægt skattskyldu, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 4. gr., hjá eigendum hlutdeildarskírteina sjóðsins vegna þess tímabils sem gert er upp fyrir, enda sundurgreini sjóðurinn skattgreiðslur á yfirlitum til eigenda.
3. Aðili, sem tekur að sér lífeyristryggingar, söfnunartryggingar, skal gera skil á greiðslu skatts af tekjum af þeim. Telst þá skattskyldu lífeyristryggingahafa, söfnunartryggingahafa, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 4. gr., fullnægt.
4. Staðgreiðsla af tekjum skv. 6. tölul. 1. mgr. 4. gr. skal fara fram þegar þær eru færðar rétthafa til tekna og lausar honum til ráðstöfunar eða þegar þær eru greiddar út.
5. Við vexti af verðbréfum, sem ekki eru með árlegri greiðslu, skal, áður en skattur er reiknaður, bætast viðbótarfjárhæð sem miðast við að ársávöxtun eftir skatt yfir reikningstímabilið sé sem næst því sem verið hefði við árlega staðgreiðslu. Seðlabanki Íslands skal reikna út álagið fyrir hvert ár í upphafi næsta árs á eftir tekjuárinu.
6. Sé kröfu skuldbreytt þannig að áföllnum vöxtum sé bætt við höfuðstól skal staðgreiðsla dregin af þeim vöxtum sem voru áfallnir þegar skuldbreytingin er gerð.

Ef einungis er borgaður hluti af áskilinni afborgun kröfu skal við það miðað að vextir séu fyrst greiddir. Þegar verðbréf er selt, eða afhent sem greiðsla, skal skrá á verðbréfið nafn seljanda, kennitölu hans og dagsetningu sölu ásamt söluverði (kaupverði) eða markaðsvirði þegar um kröfu til lengri tíma en 12 mánaða er að ræða.

Afdráttur staðgreiðslu af afföllum skal fara fram við hverja afborgun af kröfu þeirri sem afföllin reiknast af. Ákvæði þessarar málsgreinar taka þó ekki til affalla þegar krafa er innheimt hjá öðrum en skilaskyldum aðilum, sbr. 3. gr.

Afdráttur staðgreiðslu af arði skal fara fram þegar hlutafélag greiðir eða úthlutar arði til hluthafa. Með greiðslu er átt við greiðslu í hvaða formi sem er, hvort heldur í peningum, kröfu eða öðru því sem hefur peningalegt verðgildi og látið er af hendi í stað peninga.

Upplýsingar til rétthafa.

6. gr.

Skilaskyldur aðili skv. 3. gr. skal ávallt geta um staðgreiðslu skatts á kvittun til rétthafa vaxta og arðs skv. 4. gr. Að tekjuári liðnu og eigi síðar en 1. febrúar ár hvert skulu skilaskyldir aðilar, sbr. 1. mgr. 3. gr., láta þeim sem skattur var dreginn af samkvæmt lögum þessum í té heildaryfirlit þar sem fram komi höfuðstóll inneignar eða kröfu í árslok, vextir ársins og afdregin staðgreiðsla á þá vexti. Lögaðilar, sbr. 2. mgr. 3. gr., skulu eigi síðar en 1. febrúar ár hvert gefa út hlutafjármiða þar sem fram komi m.a. staðgreiðsla næstliðins árs.

Greiðslutímabil og gjalddagar.

7. gr.

Greiðslutímabil skatts samkvæmt lögum þessum skal vera almanaksárið. Gjalddagi er 15. janúar árlega og er eindagi 15 dögum síðar.

Innheimta.

8. gr.

Skilaskyldur aðili skv. 3. gr. skal ótilkvaddur greiða á gjalddaga skv. 7. gr. skatt samkvæmt lögum þessum.

Greiðslur skv. 1. mgr. skal inna af hendi til innheimtumanna ríkissjóðs í því umdæmi sem skilaskyldur aðili á lögheimili í.

Skilagreinar.

9. gr.

Með greiðslum skal fylgja skilagrein á þar til gerðu eyðublaði eða í öðru því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Aðilar skv. 3. gr. skulu skila skilagrein enda þótt enginn skattstofn sé fyrir hendi á tekjuárinu. Þeir geta þó sótt um undanþágu frá þessari skyldu til ríkisskattstjóra, enda hafi þeir þá ekki innheimtu á eða milligöngu með peningalegar eignir eða greiði út arð.

Skattstjóri skal yfirfara skilagreinar og gera á þeim leiðréttingar ef þörf krefur.

Ef aðili framvísar ekki fullnægjandi skilagrein innan tilskilinna tímamarka skal skattstjóri áætla skilaskylda fjárhæð hans.

Skattstjóri skal tilkynna aðila um áætlun eða leiðréttingu skv. 2. og 3. mgr.

Þeir aðilar, sem staðgreiðsla er ekki dregin af, skulu gera grein fyrir vaxtatekjum og greiða tekjuskatt af þeim að tekjuári liðnu í samræmi við ákvæði X. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Bókhald.

10. gr.

Skilaskyldur aðili skv. 3. gr. skal haga bókhaldi sínu þannig að skattyfirvöld geti með auðveldum hætti staðreynt skil hans.

Fjármálaráðherra hefur heimild til að setja reglur um sérstakt bókhald skilaskyldra aðila.

Skrá um skilaskylda aðila.

11. gr.

Ríkisskattstjóri skal halda sérstaka skrá um skilaskylda aðila samkvæmt lögum þessum.

Aðili skv. 3. gr. skal innan átta daga frá því að hann tekur til starfa tilkynna ríkisskattstjóra um starfsemi sína sem þá færir viðkomandi í skrána. Ef aðili hættir starfsemi skal hann innan átta daga senda tilkynningu þar að lútandi til ríkisskattstjóra sem tekur viðkomandi út af skránni. Aðili, sem fellur undir 1. mgr. 3. gr., getur sótt til ríkisskattstjóra um að verða ekki færður á skrá um skilaskylda aðila, enda hafi hann ekki með höndum innheimtu á eða milligöngu með peningalegar eignir annarra.

Vanræki aðili tilkynningarskyldu sína skv. 2. mgr. skal ríkisskattstjóri úrskurða hann sem skilaskyldan aðila og tilkynna honum um það.

Tilkynningar samkvæmt þessari grein skulu vera á þar til gerðu eyðublaði sem ríkisskattstjóri lætur gera. Ríkisskattstjóri ákveður hvaða upplýsingar skuli gefa á þessu eyðublaði.

Ábyrgð.

12. gr.

Skilaskyldir aðilar skv. 3. gr. og skattskyldir aðilar skv. 2. gr. bera óskipta ábyrgð á þeim skatti sem dreginn er af fjármagnstekjum samkvæmt lögum þessum. Skattskyldur aðili ber þó ekki ábyrgð á þeim skatti sem hann sannar að skilaskyldur aðili hafi dregið af fjármagnstekjum hans.

Aðili, sem er skilaskyldur vegna milligöngu um viðskipti, er ekki ábyrgur fyrir greiðslu skatts af fjármagnstekjum umfram þá fjárhæð sem hann raunverulega fékk í hendur.

Kærur.

13. gr.

Rísi ágreiningur um staðgreiðslu samkvæmt lögum þessum milli skilaskylds og skattskylds aðila getur skattskyldur eða eftir atvikum skilaskyldur aðili kært staðgreiðsluna til skattstjóra innan 30 daga frá því að staðgreiðsla átti sér stað.

Skattstjóri getur krafist af aðilum allra þeirra upplýsinga sem hann telur þörf á til að fjalla efnislega um málið og kveða upp úrskurð um það. Skattstjóri getur jafnframt krafið þriðja mann um upplýsingar hér að lútandi ef skattstjóri telur þörf á til að upplýsa málsatvik.

Úrskurð eða ákvörðun skattstjóra má kæra til yfirskattanefndar innan 30 daga frá og með næsta degi eftir póstlagningu tilkynningar eða úrskurðar skattstjóra.

Ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri ríkisins.

14. gr.

Ríkisskattstjóri getur af sjálfsdáðum kannað öll atriði er varða skilaskyldu eða staðgreiðslu samkvæmt lögum þessum og breytt ákvörðun skattstjóra ef ástæða er til, svo og kannað sérhver önnur atriði er varða framkvæmd laga þessara. Getur hann í því skyni krafist allra upplýsinga og gagna sem hann telur þörf á að fá frá skattstjórum, innheimtumönnum ríkissjóðs, gjaldheimtum, bönkum, sparisjóðum, fjármálastofnunum eða öðrum aðilum um viðkomandi viðskipti.

Sömu heimildir hefur skattrannsóknarstjóri ríkisins varðandi rannsóknir á greiðslu- og skattskilum samkvæmt lögum þessum.

Upplýsingaskylda, heimildir til skatteftirlits og skattrannsókna.

15. gr.

Öllum aðilum, bæði framtalsskyldum og öðrum, er skylt að láta skattyfirvöldum í té, ókeypis og í því formi sem óskað er, allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða greiðslu- og skilaskyldu þeirra aðila. Með skattyfirvöldum í þessari grein er átt við skattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og ríkisskattstjóra.

Vegna skatteftirlits samkvæmt lögum þessum geta skattstjóri og ríkisskattstjóri krafist þess að framtals- og skilaskyldir aðilar leggi fram til könnunar bókhald sitt og bókhaldsgögn, svo og önnur gögn er varða reksturinn, þar með talin bréf og samninga. Enn fremur hafa þessir aðilar aðgang að framangreindum gögnum og aðgang að starfsstöðvum framtalsskyldra aðila og heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim sem ætla má að geti gefið upplýsingar er máli skipta. Sömu heimildir hefur skattrannsóknarstjóri ríkisins vegna rannsókna skv. 16. gr.

Skattyfirvöld hafa enn fremur heimildir þær, er um getur í 2. mgr., gagnvart þeim aðilum sem ekki eru framtalsskyldir.

Nú verður ágreiningur um skyldu aðila samkvæmt þessari grein og getur ríkisskattstjóri eða skattrannsóknarstjóri ríkisins þá leitað um hann úrskurðar héraðsdóms. Gegni einhver ekki upplýsingaskyldu sinni má vísa máli til opinberrar rannsóknar.

Skatteftirlit, skattrannsóknir.

16. gr.

Skattstjórar annast skatteftirlit hver í sínu umdæmi. Ríkisskattstjóri skal fylgjast með eftirlitsstörfum skattstjóra og afla upplýsinga um þau, leiðbeina skattstjórum um eftirlitsaðgerðir og önnur atriði sem þýðingu hafa við skatteftirlit. Telji skattstjóri að skattsvik, eða önnur refsiverð brot á lögum þessum, hafi verið framin skal hann tilkynna það skattrannsóknarstjóra ríkisins sem tekur ákvörðun um framhald máls. Sama tilkynningarskylda hvílir á ríkisskattstjóra.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur hafið rannsókn á hverju því atriði er varðar greiðslu- og skilaskyldu samkvæmt lögum þessum. Hann skal annast rannsóknir í málum sem skattstjóri eða ríkisskattstjóri vísa til hans, skv. 1. mgr. svo og 5. mgr. 96. gr. og 4. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Þegar aðgerðir skattrannsóknarstjóra ríkisins gefa tilefni til breytinga á greiðslu- og skilaskyldu samkvæmt lögum þessum skal ríkisskattstjóri annast framkvæmd hennar nema hann feli hana skattstjóra, sbr. 3. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Álag og dráttarvextir.

17. gr.

Séu greiðslur samkvæmt lögum þessum eigi inntar af hendi á tilskildum tíma skal skattstjóri gera skilaskyldum aðila að sæta álagi til viðbótar þeim skatti sem honum bar að standa skil á. Sama gildir ef skilagrein hefur ekki verið skilað eða henni verið ábótavant og skattur því verið áætlaður, sbr. 3. mgr. 9. gr., nema skilaskyldur aðili hafi greitt fyrir eindaga fjárhæð er til áætlunarinnar svarar.

Álag á vanskilafé skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

1. Einn hundraðshluti af fjárhæð vanskilafjár fyrir hvern dag eftir eindaga, þó ekki hærra en tíu hundraðshlutar.
2. Álag til viðbótar af fjárhæð vanskilafjár fyrir hvern byrjaðan mánuð, talið frá og með 1. degi næsta mánaðar eftir eindaga, hið sama og dráttarvextir samkvæmt vaxtalögum, nr. 25/1987.

Við útreikning á álagi á áætlaða greiðsluskylda fjárhæð telst eindagi vera sá sami og eindagi greiðslu þess árs sem áætlað er fyrir. Sama gildir um álag á allar vangoldnar greiðslur fyrri ára.

Sendi skilaskyldur aðili fullnægjandi skilagrein innan 15 daga frá og með dagsetningu tilkynningar skattstjóra skv. 2. mgr. 9. gr. skal hann greiða fjárhæð skilafjár samkvæmt skilagreinum ásamt álagi, sbr. 2. mgr. Skattstjóri má breyta fyrri áætlun eftir lok þessara tímamarka ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Ef bókhaldi er ekki hagað í samræmi við ákvæði 10. gr. má áætla skilaskyldum aðila skilaskylda fjárhæð.

Komi í ljós að skilaskyldum aðila, sem greiða átti skilafé, hafi ekki verið áætluð skilaskyld fjárhæð eða áætlun verið lægri en það skilafé sem honum bar að greiða skal hann greiða hið skilaskylda skilafé auk álags skv. 2. mgr.

Fella má niður álag skv. 2. mgr. ef skilaskyldur aðili færir gildar ástæður sér til afsökunar og metur skattstjóri það í hverju einstöku tilviki hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi. Innan 30 daga frá og með næsta degi eftir póstlagningu úrskurðar skattstjóra er heimilt að áfrýja mati hans til yfirskattanefndar sem kveður upp endanlegan úrskurð.

Sé skattur samkvæmt lögum þessum vanreiknaður má gera skilaskyldum aðila að greiða vanskilafé sex ár aftur í tímann, talið frá byrjun þess árs þegar endurreikningur fer fram. Fari fram rannsókn á skilum skilaskylds aðila nær heimild til endurreiknings til sex ára aftur í tímann, talið frá byrjun þess árs þegar rannsókn hófst.

Innheimta vanskilafjár o.fl.

18. gr.

Vanskilafé, álag og sektir samkvæmt lögum þessum skal innheimt af innheimtumanni ríkissjóðs í því umdæmi þar sem skuldari á lögheimili eða hefur starfsstöð.

Vanskilafé, álag og sektir njóta fjárnámsréttar í eignum skuldara.

Innheimtumaður ríkissjóðs skal senda skilagrein til skattstjóra yfir það fé er hann hefur móttekið samkvæmt ákvæðum þessara laga. Innheimtu vanskilafé og álagi skal haldið aðgreindu á sérstökum reikningi þar til skilagrein berst frá skilaskyldum aðila.

Innheimtumaður ríkissjóðs getur látið lögreglu stöðva atvinnurekstur skilaskylds aðila sem ekki gerir fullnægjandi skil á skilafé eða álagi skv. 17. gr. innan 15 daga talið frá eindaga eða frá úrskurði skattyfirvalda um vanskil og álag, með því m.a. að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útibú, tæki og vörur undir innsigli þar til full skil hafa verið gerð.

Refsingar.

19. gr.

Skýri skattskyldur eða greiðsluskyldur maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um staðgreiðsluskil hans skal hann greiða fésekt allt að tífaldri þeirri skattfjárhæð sem vanrækt var greiðsla á og aldrei lægri fésekt en nemur tvöfaldri skattfjárhæðinni. Stórfellt brot gegn ákvæði þessu varðar við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga.

Hver sá skilaskyldur aðili, sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi skýrir rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um staðgreiðsluskil sín, hefur ekki haldið eftir staðgreiðslu af vaxtatekjum og arði samkvæmt lögum þessum eins og honum bar, hefur ekki afhent skilagreinar á lögmæltum tíma eða hefur ekki innt af hendi þá staðgreiðslu af vaxtatekjum og arði samkvæmt lögum þessum sem hann hefur haldið eftir eða honum bar að halda eftir, skal greiða fésekt allt að tífaldri þeirri skattfjárhæð sem hann vanrækti að halda eftir eða standa skil á og aldrei lægri fésekt en nemur tvöfaldri skattfjárhæðinni nema þyngri refsing liggi við brotinu eftir 247. gr. almennra hegningarlaga. Álag skv. 17. gr. dregst frá sektarfjárhæð. Stórfellt brot gegn ákvæði þessu varðar við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga.

Hafi skilaskyldur aðili af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi vanrækt að halda bókhald skv. 10. gr. varðar það brot við refsiákvæði laga um bókhald en við 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga sé um meiri háttar brot að ræða.

Ef maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi vanrækir tilkynningarskyldu sína skv. 11. gr., upplýsingaskyldu skv. 15. gr., vanrækir að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skilagreinar, skýrslur eða gögn, svo sem ákveðið er í lögum þessum, skal hann sæta sektum eða varðhaldi.

Skýri skilaskyldur aðili af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju er varðar skilaskyldu hans má gera honum sekt þótt upplýsingarnar geti ekki haft áhrif á skilaskyldu hans eða greiðsluskil. Sömu refsingu varðar það skattskyldan aðila (rétthafa) sem lætur greiða sér vaxtatekjur eða arð samkvæmt lögum þessum, vitandi um að skilaskyldur aðili hefur eigi haldið eftir staðgreiðslu af þessum tekjum sem skylt er samkvæmt lögum þessum, eða skýrir rangt eða villandi frá einhverju er varðar skilaskyldu eða greiðsluskyldu vegna hans þótt upplýsingarnar geti ekki haft áhrif á þessi skil.

Verði brot á 1. eða 2. mgr. ákvæðisins uppvíst við skipti dánarbús skal greiða úr búinu fésekt, allt að fjórfaldri þeirri skattfjárhæð sem vanrækt var greiðsla á og aldrei lægri fésekt en nemur skattfjárhæðinni að viðbættum helmingi hennar. Álag skv. 17. gr. dregst frá sektarfjárhæð. Sé svo ástatt sem segir í 5. mgr. má gera búinu sekt.

Hver sá sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi lætur skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn varðandi skilaskyldu annarra aðila eða aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda skal sæta þeirri refsingu er segir í 1. eða 2. mgr. þessarar greinar.

Tilraun til brota eða hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga og varðar fésektum allt að hámarki því sem ákveðið er í öðrum ákvæðum þessarar greinar.

Gera má lögaðila fésekt fyrir brot á lögum þessum óháð því hvort brotið megi rekja til saknæms verknaðar fyrirsvarsmanns eða starfsmanns lögaðilans. Hafi fyrirsvarsmaður hans eða starfsmaður gerst sekur um brot á lögum þessum má auk refsingar, sem hann sætir, gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu.

Málsmeðferð og fyrningarreglur.

20. gr.

Sektir skv. 19. gr. skulu úrskurðaðar af yfirskattanefnd nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 2. mgr. Skattrannsóknarstjóri ríkisins sendir yfirskattanefnd mál til úrskurðar. Við meðferð mála hjá yfirskattanefnd skal veita sakborningi færi á að halda uppi vörnum. Úrskurðir yfirskattanefndar eru fullnaðarúrskurðir og fylgir þeim ekki vararefsing.

Rannsóknarlögregla ríkisins fer með frumrannsókn opinberra mála vegna brota á lögum þessum. Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfsdáðun, svo og eftir ósk sakbornings ef hann vill ekki hlíta því að mál hans verði afgreitt af yfirskattanefnd skv. 1. mgr.

Mál vegna brota á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála. Greiðslukröfu má hafa uppi og dæma í slíkum málum.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð. Um innheimtu sekta, er yfirskattanefnd úrskurðar, gilda sömu reglur og um innheimtu vanskilafjár og álags eftir lögum þessum. Einnig má beita ákvæðum 4. mgr. 18. gr. eftir því sem við á.

Sök skv. 19. gr. fyrnist á sex árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum skattrannsóknarstjóra ríkisins eða Rannsóknarlögreglu ríkisins, enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

Uppgjör staðgreiðslu.

21. gr.

Ákvæði VIII. kafla laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, um ákvörðun skatts af vöxtum og arði, uppgjör staðgreiðslu af þeim tekjum og innheimtu þeirra skulu gilda eftir því sem við á.

Reglugerðarheimild.

22. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara.

Gildistaka.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1997.

24. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Aðilar, sem skilaskyldir eru skv. 3. gr., skulu strax við gildistöku laga þessara og eigi síðar en 31. desember 1996 senda ríkisskattstjóra tilkynningu um starfsemi sína sem þá skráir viðkomandi á skrá um skilaskylda aðila. Aðili, sem fellur undir 3. gr., getur farið fram á undanþágu frá færslu í skrá um skilaskylda aðila, enda hafi viðkomandi ekki milligöngu um innheimtu, fjárvörslu eða aðra sýslan með peningalegar eignir annarra.

Vanræki aðili tilkynningarskyldu sína skv. 1. mgr. skal ríkisskattstjóri úrskurða hann sem skilaskyldan aðila og tilkynna honum það.

Tilkynningar samkvæmt þessu ákvæði skulu vera á þar til gerðu eyðublaði sem ríkisskattstjóri lætur gera. Ríkisskattstjóri ákveður hvaða upplýsingar skuli gefa á þessu eyðublaði.

1138. Nefndarálit [356. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Húnboga Þorsteinsson skrifstofustjóra og Sesselju Árnadóttur deildarstjóra frá félagsmálaráðuneyti, Árna Guðjónsson frá Innheimtustofnun sveitarfélaga, Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson og Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Stefaníu Traustadóttur frá skrifstofu jafnréttismála og Þóru Guðmundsdóttur frá Félagi einstæðra foreldra.

Nefndin fékk sendar umsagnir um málið frá Innheimtustofnun sveitarfélaga, Neytendasamtökunum, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, skrifstofu jafnréttismála og Ríkisendurskoðun. Þá studdist nefndin við skýrslu um málefni Innheimtustofnunar sveitarfélaga sem unnin var af Löggiltum endurskoðendum hf. og gefin út í desember 1995.

Frumvarpið gerir annars vegar ráð fyrir að Innheimtustofnun sveitarfélaga verði heimilt að gera tímabundna samninga við meðlagsskuldara sem kveða á um að lægri upphæð verði greidd en fellur til mánaðarlega. Þá er gert ráð fyrir að stjórnin fái heimild til að afskrifa höfuðstól eða hluta hans ef um sérstakar félagslegar aðstæður er að ræða hjá skuldara. Gert er ráð fyrir að heimild til niðurfellingar höfuðstóls eða hluta hans verði bundin því skilyrði að skuldari hafi í a.m.k. þrjú ár staðið við framangreinda samninga. Í öðru lagi er í frumvarpinu kveðið á um að Innheimtustofnun sé heimilt að mæla með nauðasamningi þar sem fjallað er um niðurfellingu höfuðstóls og/eða dráttarvaxta að hluta eða öllu leyti. Þetta síðarnefnda úrræði er sjálfstætt úrræði og það sett að skilyrði að ljóst sé að hagsmunum stofnunarinnar verði betur borgið með nauðasamningi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem fram koma á sérstöku þingskjali. Þær lúta annars vegar að því að skilgreina hvað átt er við með félagslegum erfiðleikum skuldara. Hins vegar er lagt til að verði niðurstaða máls til ógildingar á faðernisviðurkenningu eða vefengingar á faðerni barns sú að skuldari er ekki faðir viðkomandi barns sé Innheimtustofnun heimilt að afskrifa og endurgreiða höfuðstól skuldara sem stofnast hefur eftir að niðurstaða blóðrannsóknar liggur fyrir og/eða mál hefur verið höfðað.

Kristján Pálsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 31. maí 1996.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., með fyrirvara.	Magnús Stefánsson, frsm.	Einar K. Guðfinnsson.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Pétur H. Blöndal.	Arnþrúður Karlsdóttir.
Rannveig Guðmundsdóttir.		Bryndís Hlöðversdóttir, með fyrirvara.

1139. Breytingartillaga [356. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Við 1. gr. Í stað fyrri efnismálsgreinar komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga er heimilt að gera tímabundna samninga sem kveða á um greiðslu skuldara á lægri upphæð en til fellur mánaðarlega þegar til skuldarinnar hefur verið stofnað sökum félagslegra erfiðleika skuldara, svo sem af heilsufarsástæðum, ónógum tekjum, skertri starfsorku, mikilli greiðslubyrði, barnamergð eða af öðrum sambærilegum ástæðum. Slíka samninga skal endurskoða reglulega og a.m.k. á sex mánaða fresti. Ef um áframhaldandi félagslega og fjárhagslega erfiðleika er að ræða hjá skuldara og stjórnin telur fullljóst að aðstæður skuldara séu þannig að hann geti eigi greitt áfallinn höfuðstól eða hluta hans, auk meðlaga sem falla til mánaðarlega, er stjórninni heimilt að afskrifa höfuðstól skuldara að hluta eða öllu leyti. Heimild til niðurfellingar höfuðstóls eða hluta hans er bundin því skilyrði að skuldari hafi í a.m.k. þrjú ár staðið við samning skv. 1. málsl. Nánari ákvæði um framkvæmd skulu sett í reglugerð.

Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga er heimilt að afskrifa og endurgreiða höfuðstól skuldara sem stofnast hefur eftir að niðurstaða blóðrannsóknar liggur fyrir og/eða mál hefur verið höfðað til ógildingar á faðernisviðurkenningu eða til vefengingar á faðerni barns. Heimildin til afskriftar og endurgreiðslu er þó bundin því skilyrði að niðurstaða dómsmáls leiði í ljós að skuldari er ekki faðir viðkomandi barns. Nánari ákvæði um framkvæmd skulu sett í reglugerð.

1140. Nefndarálit [527. mál]

um till. til þál. um staðfestingu þriggja samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið á sinn fund Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra, Helga Ágústsson, ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins, Árna Kolbeinsson, ráðuneytisstjóra sjávarútvegsráðuneytisins, Kristin F. Árnason, skrifstofustjóra viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, og Tómas H. Heiðar frá utanríkisráðuneytinu. Þá óskaði nefndin eftir umsögn sjávarútvegsnefndar um málið og er hún birt sem fylgiskjal með álitinu.

Nefndin hefur fylgst náið með samningaviðræðum Íslands við Færeyjar, Noreg og Rússland um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum og auk þess fengið upplýsingar um stærð og dreifingu stofnsins, bæði núverandi og fyrir hrun stofnsins, alls á níu fundum á yfirstandandi þingi. Þar af voru tveir haldnir sameiginlega með sjávarútvegsnefnd Alþingis. Utanríkisráðherra og sjávarútvegsráðherra, embættismenn viðkomandi ráðuneyta og Jakob Jakobsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, komu til þessara funda, ýmist allir saman eða hluti þessa hóps.

Á framangreindum fundum hefur komið skýrt fram að mikið er í húfi fyrir Íslendinga að tryggja að síldarstofninn verði ekki ofveiddur. Með því aukast líkur á því að þeir stóru árgangar sem nú er veitt úr gangi inn í íslenska lögsögu í ríkari mæli en nú og stofninn taki aftur upp eðlilegt göngumynstur eins og það var fyrir hrun hans. Meiri hlutinn álítur að mikilvægt skref í þessa átt hafi verið tekið með bókun um verndun, skynsamlega nýtingu og stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi sem gerð var í Ósló 6. maí 1996 af Færeyjum, Íslandi, Noregi og Rússlandi og að niðurstaða samninganna sé viðunandi. Með henni er sett fordæmi sem önnur ríki sem stunda síldveiðar á alþjóðlega hafsvæðinu austan af Íslandi verða að taka tillit til. Meiri hlutinn telur þó rétt að minna á að bókunin, sérstaklega að því er varðar aflahlutdeild fyrir árið 1996, hefur ekki fordæmisgildi gagnvart samningum milli ríkjanna fjögurra í framtíðinni.

Hvað varðar samning við Norðmenn um veiðiheimildir innan íslenskrar lögsögu og lögsögu Jan Mayen á árinu 1996 telur meiri hlutinn hann stuðla að því að sem mest verðmæti fáist úr þeim síldarafla sem í hlut Íslands kemur. Samningurinn mun væntanlega lengja vertíð íslenskra síldveiðiskipa og um leið gera kleift að nýta stærri hluta veiðinnar til manneldis, en með því fæst mest verðmæti fyrir síldina.

Meiri hlutinn minnir á að hér er um samninga að ræða og í þessu tilviki féllust viðsemjendur Íslands ekki á ýtrustu kröfur okkar. Eigi að síður telur meiri hlutinn mikilvægt að ganga samningaleið í deilum Íslendinga við aðrar þjóðir sé þess nokkur kostur. Í þessu tilviki var unnt að ná viðunandi samningi sem veikir ekki stöðu Íslands. Skortur á samningsvilja af hálfu Íslands hefði getað haft ófyrirséðar afleiðingar.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 31. maí 1996.

Geir H. Haarde, form., frsm.	Tómas Ingi Olrich.	Siv Friðleifsdóttir.
Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Árni M. Mathiesen.	Vilhjálmur Egilsson.

Fylgiskjal.

Umsögn sjávarútvegsnefndar um 527. og 470. mál.

(29. maí 1996.)

Sjávarútvegsnefnd fékk Árna Kolbeinsson, ráðuneytisstjóra í sjávarútvegsráðuneytinu, og Jakob Jakobsson, forstöðumann Hafrannsóknastofnunar, til að fara yfir málin með sér á fundi sínum í morgun.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til þessa máls en kýs að birta hér álit meiri og minni hlutans saman. Varðandi málsmeðferð vill nefndin í heild taka fram að hún hefði kosið að meira samráð hefði verið haft við hana á lokastigum málsins.

Meiri hluti nefndarinnar gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu málsins.

Minni hluti nefndarinnar, Steingrímur J. Sigfússon, Svanfríður Jónasdóttir og Sighvatur Björgvinsson, fagnar því samstarfi sem verið hefur milli Íslendinga og Færeyinga á sviði sjávarútvegsmála og mælir með samþykkt fyrrgreindrar þingsályktunartillögu um staðfestingu fiskveiðisamninga við Færeyjar. Um hina tillöguna, er varðar staðfestingu samninga um nýtingu og stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum, vill minni hlutinn taka eftirfarandi fram:

1. Minni hlutinn gagnrýnir vinnubrögð ríkisstjórnarinnar í aðdraganda samningsgerðarinnar. Ekkert samráð var haft við Alþingi og hagsmunaaðila fyrr en gengið hafði verið frá efnisatriðum samkomulags við Norðmenn í öllum aðalatriðum á leynifundi í London. Alls ekkert samráð var haft við sjávarútvegsnefnd.
2. Samkomulagið byggist fyrst og fremst á mikilli tilslökun af hálfu Íslands og Færeyja frá því sem þjóðirnar höfðu einhliða ákveðið. Eftirgjöf Norðmanna er óveruleg og Rússar auka sinn hlut með samkomulaginu.
3. Gagnrýnivert er að Íslendingar opna landhelgi sína fyrir Norðmönnum og Rússum án þess að fá rétt til veiða í lögsögum þeirra ríkja á móti. Er þá undanskilinn réttturinn til veiða við Jan Mayen, enda hafa Íslendingar sjálfstæðan rétt til veiða þar samkvæmt Jan Mayen-samningnum.
4. Samkomulagið felur í sér að hlutdeild Íslendinga til veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum nemur aðeins 17,2%. Þetta lága hlutfall er háskalegt í ljósi þess að eðlileg hlutdeild Íslendinga til veiða á fullorðinni síld, studd sögulegum og líffræðilegum rökum, er á bilinu 30–40%.
5. Ástæða er til að hafa áhyggjur af orðalagi greinar 6.2 í bókun um verndun, skynsamlega nýtingu og stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi. Orðalag ákvæðisins, þar sem talað er um „hugsanlegar breytingar“ á leyfilegum heildarafla og aflahlutdeild aðila, er óljóst. Ekki verður séð að það tryggi rétt Íslendinga til aukinnar hlutdeildar ef göngumynstur síldarinnar breytist eins og haldið hefur verið fram.
6. Ljóst er að ekki hefur, þrátt fyrir þetta samkomulag, komist á heildarstjórnun veiða úr stofninum þar sem Evrópusambandið er ekki aðili að samkomulaginu.

Virðingarfyllst,

Steingrímur J. Sigfússon, formaður.

1141. Nefndarálit [470. mál]

um till. til þál. um staðfestingu tveggja samninga við Færeyjar um fiskveiðimál.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið á sinn fund Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra, Helga Ágústsson, ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins, Árna Kolbeinsson, ráðuneytisstjóra sjávarútvegsráðuneytisins, Kristin F. Árnason, skrifstofustjóra viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, og Tómas H. Heiðar frá utanríkisráðuneytinu. Þá óskaði nefndin eftir umsögn sjávarútvegsnefndar um málið og er hún birt sem fylgiskjal með nefndaráliti um 527. mál (þskj. 1140).

Mál þetta tengist samningaviðræðum Íslands við Færeyjar, Noreg og Rússland um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum og vísast til þskj. 1140 um málsmeðferð.

Bent er á að ekki er þörf á að breyta 1. gr. samnings milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1996 frá 2. febrúar 1996 sem kveður á um hámarksaflahlutdeild landanna úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1996. Nægilegt var að skiptast á orðsendingum milli landanna um ákvörðun um aflahlutdeild í stofninum fyrir árið 1996, en það var gert 6. maí 1996, sbr. fskj. IV á þskj. 1010.

Nefndin leggur áherslu á mikilvægi samstarfs og góðra samskipta Færeyinga og Íslendinga á sviði sjávarútvegs, sem og á öðrum sviðum, og leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 31. maí 1996.

Geir H. Haarde, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Tómas Ingi Olrich.
Siv Friðleifsdóttir.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Árni M. Mathiesen.
Hjörleifur Guttormsson.	Ásta R. Jóhannesdóttir.	Vilhjálmur Egilsson.

1142. Nefndarálit [536. mál]

um frv. til l. um breyt. á byggingarlögum, nr. 54/1978, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingimar Sigurðsson, skrifstofustjóra í umhverfisráðuneytinu.

Í frumvarpinu er lagt til að bætt verði við byggingarlögin ákvæði til bráðabirgða þar sem einstaklingum, sem lokið hafa námi á rafsviði og störfuðu við raflagnahönnun 1. janúar 1996 eða höfðu á síðustu þremur árum fengið samþykktar raflagnateikningar, verður veittur réttur á fullu eða takmörkuðu starfsleyfi sem raflagnahönnuðir. Þurfa þeir að sækja um slíkt leyfi til umhverfisráðherra fyrir 1. janúar 1997.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Ásta R. Jóhannesdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk því sem fram kemur í álitinu.

Alþingi, 31. maí 1996.

Ólafur Örn Haraldsson, form., frsm.	Gísli S. Einarsson.	Árni M. Mathiesen.
Tómas Ingi Olrich.	Ísólfur Gylfi Pálmason.	Hjörleifur Guttormsson.
Katrín Fjeldsted.	Kristín Halldórsdóttir.	Einar Oddur Kristjánsson.

1143. Nefndarálit [261. mál]

um till. til þál. um endurskoðun á lagaákvæðum um vernd trúnaðarsambands fjölmiðlamanna og heimildarmanna þeirra.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið sendar umsagnir frá dómsmálaráðuneytinu og Blaðamannafélagi Íslands.

Tillagan fjallar um endurskoðun á gildandi lögum um vernd trúnaðarsambands fjölmiðlamanna og heimildarmanna þeirra. Sérstaklega verði 53. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, skoðuð og mat lagt á hvort þörf sé á frekari löggjöf sem miði að því að tryggja aðstöðu blaðamanna og annars fjölmiðlafólks við störf sín.

Í umsögn dómsmálaráðuneytisins er bent á að dómsmálaráðherra hafi þegar falið réttarfarsnefnd að framkvæma heildarendurskoðun á lögum um meðferð opinberra mála og er þar lagt til að þetta mál verði tekið til sérstakrar athugunar í því sambandi. Með hliðsjón af framansögðu leggur allsherjarnefnd til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Jóhanna Sigurðardóttir sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 31. maí 1996.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Ögmundur Jónasson.
Guðný Guðbjörnsdóttir.	Hjálmar Jónsson.	Lúðvík Bergvinsson.
Jón Kristjánsson.	Katrín Fjeldsted.	Kristján Pálsson.

1144. Nefndarálit [62. mál]

um till. til þál. um hert viðurlög við ólöglegum innflutningi á fíkniefnum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið umsagnir frá Lögmannafélagi Íslands, lögreglustjóranum í Reykjavík, sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli, Landssambandi lögreglumanna, Fangelsismálastofnun ríkisins og ríkissaksóknara.

Nefndin hélt sérstakan fund í febrúar sl. þar sem fjallað var um fíkniefnavandann og hugsanleg úrræði til að bregðast við honum. Gestir á þeim fundi voru Sigurður Tómas Magnússon og Högni Kristjánsson frá dómsmálaráðuneyti, Hallvarður Einvarðsson og Egill Stephensen frá embætti ríkissaksóknara, Allan V. Magnússon og Guðjón Markússon frá Dómarafélagi Íslands, Haraldur Johannessen, Jón Friðrik Sigurðsson og Erlendur Baldursson frá Fangelsismálastofnun ríkisins, Böðvar Bragason, Björn Halldórsson og Jóhann Hauksson frá embætti lögreglustjórans í Reykjavík, Jóhann Jóhannsson frá útlendingaeftirlitinu og Kristinn Ólafsson tollgæslustjóri. Var m.a. rætt um hvort hert viðurlög væru rétta leiðin til að stemma stigu við þessari vá. Fram kom á fundinum að rík-

isstjórnin hefði þegar skipað starfshóp til að fara yfir þessi mál og leita leiða til úrbóta. Má í því sambandi vísa til skýrslu forsætisráðherra um útbreiðslu fíkniefna og þróun ofbeldis lögð fram 29. apríl sl., sbr. þskj. 869.

Allsherjarnefnd leggur því til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Jóhanna Sigurðardóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 31. maí 1996.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Ögmundur Jónasson.
Hjálmar Jónsson.	Jón Kristjánsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.
Lúðvík Bergvinsson.	Katrín Fjeldsted.	Kristján Pálsson.

1145. Breytingartillaga [421. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, PHB, EOK, VS, SP, GMS).

Við 13. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú selur maður hlutabréf á árinu 1996 og skal þá hagnaður af sölu þeirra skattlagður með 10% skatthlutfalli, enda sé salan ekki þáttur í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi mannsins og hagnaðurinn nemi lægri upphæð en 3.000.000 kr. hjá einstaklingi eða 6.000.000 kr. hjá hjónum. Söluhagnaður sá er þessi málsgrein tekur til telst ekki til útsvarsstofns. Ákvæði lokamálsgreinar 17. gr., um heimild til frestunar á tekjufærslu og um ráðstöfun á söluhagnaði til kaupa á hlutabréfum, skulu gilda um söluhagnað umfram fjárhæðarmörk í 1. málsl.

1146. Nefndarálit [449. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með að það verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali, en þær felast í því að lagt er til að 1. og 3. gr. frumvarpsins falli brott. Felur það þá aðeins í sér efnisbreytingu á 5. mgr. 12. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sem lýtur að nýtingu upplýsinga persónuafsláttar. Þannig verði hægt að nýta sér ónýttan persónuafslátt á árinu hversu lítill sem hann er og ekki er gert að skilyrði að sækja um útgáfu sérstaks skattkorts ef óyggjandi upplýsingar eru fyrir hendi um uppsöfnun afsláttarins.

Gunnlaugur M. Sigmundsson og Sólveig Pétursdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 31. maí 1996.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Ágúst Einarsson.
Einar Oddur Kristjánsson.	Pétur H. Blöndal	Steingrímur J. Sigfússon.

Rannveig Guðmundsdóttir.

1147. Breytingartillögur [449. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. 1. gr., svo og fyrirsögn hennar og fyrirsögn 2. gr., falli brott.
2. Við 3. gr. Greinin falli brott.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.
4. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987.

1148. Nefndarálit [527. mál]

um till. til þál. um staðfestingu þriggja samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Frá minni hluta utanríkismálanefndar.

Minni hluti nefndarinnar gagnrýnir vinnubrögð ríkisstjórnarinnar við undirbúning samningsgerðar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum. Samráð var ekki haft við Alþingi né hagsmunaaðila fyrr en gengið hafði verið frá helstu efnisatriðum samkomulagsins við Norðmenn. Á fundi nefndarinnar 4. maí sl. var kynnt efni bókunarinnar en minni hlutinn gagnrýnir harðlega að á fundinum var ekki minnst á samninga sem síðan voru gerðir 6. maí við Norðmenn um einhliða veiðiheimildir í íslenskri lögsögu upp á 127 þús. tonn og einhliða heimildir Rússa til veiða á 5.000 tonnum í íslenskri lögsögu. Varðandi veiðiheimildir á Jan Mayen-svæðinu bendir minni hlutinn jafnframt á að Íslendingar eiga sjálfstæðan rétt til veiða við Jan Mayen samkvæmt Jan Mayen-samkomulaginu.

Samkvæmt samningunum nemur hlutdeild Íslands til veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum aðeins 17,2%. Þarna er um að ræða hættulega lágt hlutfall miðað við eðlilega hlutdeild Íslendinga til veiða á fullorðinni síld sem er á bilinu 30–40% miðað við söguleg og líffræðileg rök.

Þá gagnrýnir minni hlutinn að samkomulagið byggist að mestum hluta á tilslökunum af hálfu Íslendinga og Færeyinga frá því sem áður hafði verið ákveðið einhliða af þjóðunum. Þannig eykst hlutur Rússa með samkomulaginu og Norðmenn gefa óverulega eftir. Má í þessu sambandi rifja upp að fyrir liggur, m.a. í yfirlýsingum norskra vísindamanna frá 1980, að það voru ekki veiðar Íslendinga á fullorðinni síld sem leiddu til hruns stofnsins á sínum tíma, heldur gegndarlaus rányrkja Norðmanna á seiðum og ungsíld. Gagnrýnir minni hlutinn það að Íslendingar skuli opna landhelgi sína fyrir Norðmönnum og Rússum án þess að fá á móti heimildir til að veiða í lögsögum þeirra ríkja, en eins og áður segir hafa Íslendingar sjálfstæðan rétt til veiða við Jan Mayen.

Samkvæmt ákvæði liðar 6.2 í bókuninni um verndun, skynsamlega nýtingu og stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi skulu aðilar að samningnum nota niðurstöður vinnuhóps vísindamanna, sem fylgjast á með og meta þróun og dreifingu síldarstofnsins, sem grundvöll samningaviðræðna í framtíðinni um verndun, nýtingu og stjórnun veiða úr stofninum, m.a. vegna hugsanlegra breytinga á leyfðum heildarafla og aflahlutdeild aðila að svo miklu leyti sem dreifing stofnsins réttlætir breytingar á gildandi fyrirkomulagi. Skal við endurskoðun tekið tillit til dreifingar allra hluta stofnsins. Í athugasemdum með tillögunni kemur fram sá skilningur að á grundvelli þessa ákvæðis megi búast við að aflahlutdeild Íslendinga muni aukast á komandi árum ef síld úr stofninum gengur í auknum mæli í íslenska lögsögu. Telur minni hlutinn, þrátt fyrir ákvæði þetta, hætt við að Íslendingar verði lengi bundnir við það hlutfall af veiðanlegum stofni sem nú hefur verið samið um.

Loks bendir minni hlutinn á að Evrópusambandið átti ekki aðild að samkomulaginu en krefst verulegs kvóta. Því er staðhæfing ríkisstjórnarinnar að samningurinn tryggi heildarstjórn á veiðunum tilhæfulaus.

Með vísan til þess að margt er gagnrýnivert í málatilbúnaði stjórnvalda við undirbúning samninganna og veikleika í efnisþáttum þeirrar bókunar sem fylgir endanlegum samningi telur minni hlutinn rétt að ríkisstjórnin og meiri hlutinn beri ábyrgð á afgreiðslu málsins og situr því hjá við afgreiðslu þess.

Alþingi, 31. maí 1996.

Hjörleifur Guttormsson, frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Ásta R. Jóhannesdóttir.

1149. Frumvarp til laga [445. mál]

um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 3. júní.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „í 3. gr.“ í 1. mgr. kemur: í viðauka I við lög þessi.
b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Sala á gjaldskyldri vöru til varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, sbr. lög nr. 110/1951, telst sala úr landi í skilningi laga þessara.
c. Orðin „og gilda ákvæði þeirra jafnframt um úrskurðarvald í ágreiningsmálum um tollflokkun vara“ í 2. mgr. falla brott.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Vörugjald skal reiknað með tvenns konar hætti; annars vegar sem tiltekin fjárhæð fyrir hvert kílógramm eða hvern lítra af gjaldskyldri vöru (magngjald), en hins vegar sem tiltekið hlutfall af verðmæti gjaldskyldrar vöru (verðgjald).

Af vörum, sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í A-lið í viðauka I, skal greiða tiltekna fjárhæð fyrir hvert kílógramm af vörunni án umbúða, eftir því sem nánar er kveðið á um í viðaukanum.

Af vörum, sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í B-lið í viðauka I, skal greiða tiltekna fjárhæð fyrir hvern lítra af vörunni, eftir því sem nánar er kveðið á um í viðaukanum.

Af vörum, sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í C–F-liðum í viðauka I, skal greiða gjald af verðmæti vöru sem hér segir:

1. 15% af vörum sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í C-lið.
2. 20% af vörum sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í D-lið.
3. 25% af vörum sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í E-lið.
4. 30% af vörum sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í F-lið.

3. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 4. gr. laganna:

a. 2. málsl. 2. tölul. 1. mgr. fellur brott.
b. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Aðilum sem skráðir hafa verið sérstakri skráningu skv. 5. gr.
c. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Aðilar, sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr., aðrir en þeir sem flytja vörur til landsins til eigin nota, skulu ótilkvaddir og eigi síðar en 15 dögum áður en vörugjaldsskyld starfsemi hefst tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi til skráningar hjá skattstjóra þar sem aðilar eiga lögheimili.

4. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 5. gr. laganna og orðast svo:

Aðilar, sem flytja inn eða kaupa innan lands gjaldskyldar vörur til heildsölu, geta fengið sérstaka skráningu hjá skattstjóra. Skilyrði slíkrar skráningar eru:

1. Að aðili hafi heildsöluleyfi.
2. Að aðili haldi sérstakt birgðabókhald yfir þær vörur sem vegna skráningarinnar lúta sérreglum um uppgjör vörugjalds í samræmi við reglur sem ríkisskattstjóri setur.

Aðila, sem fengið hefur sérstaka skráningu, er heimilt að flytja gjaldskyldar vörur inn til landsins eða kaupa gjaldskyldar vörur innan lands af framleiðanda eða af öðrum sérstaklega skráðum aðila án þess að skylda stofnist til greiðslu vörugjalds, sbr. 4. mgr. 9. gr.

Innlendum framleiðendum og aðilum sem fengið hafa sérstaka skráningu er heimil sala eða afhending á gjaldskyldum vörum án vörugjalds til aðila sem skráðir eru samkvæmt þessari grein.

Þegar aðili, sem fengið hefur sérstaka skráningu, kaupir gjaldskyldar vörur án vörugjalds skal tilgreina á sölureikningum það magn eða það verð sem myndar gjaldstofn vörugjalds.

5. gr.

5. gr. laganna, sem verður 6. gr., ásamt fyrirsögn orðast svo:

Gjaldstofn verðgjalds.

Gjaldstofn vörugjalds af innfluttum vörum, sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í C–F-liðum í viðauka I, er tollverð þeirra eins og það er ákveðið í 8.–10. gr. tollalaga, að viðbættum tollum eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt þeim lögum.

6. gr.

6. gr. laganna, sem verður 7. gr., orðast svo:

Gjaldstofn vörugjalds af innlendum framleiðsluvörum, sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í C–F-liðum í viðauka I, er verksmiðjuverð þeirra.

Verksmiðjuverð er söluverð vöru frá framleiðanda, þ.e. það verð sem kaupandi greiðir eða ber að greiða við kaup á vöru af framleiðanda án frádráttar nokkurs kostnaðar eða þjónustugjalds.

Samsvari verksmiðjuverð ekki heildarandvirði vöru, t.d. vegna þess að kaupandi eða annar framleiðandi leggur til hráefni, efnivörur eða annað verðmæti sem vörugjald hefur ekki þegar verið greitt af, skal heildarandvirði vörunnar teljast gjaldstofn til vörugjalds.

Ef framleiðandi er jafnframt heildsali eða smásali vöru eða ef verksmiðjuverð vöru liggur ekki fyrir af öðrum ástæðum skal gjaldstofn vera almennt gangverð á sömu eða sams konar vöru við sölu frá framleiðendum. Ef slíkt almennt gangverð liggur ekki fyrir skal gjaldstofn vera verksmiðjuverð framleiðanda á sömu eða sams konar vöru í sambærilegum viðskiptum við óháða aðila.

Ef framleiðandi og kaupandi eru háðir hvor öðrum í skilningi 2. mgr. 8. gr. tollalaga er skattyfirvöldum heimilt að ákvarða gjaldstofn samkvæmt ákvæðum 4. mgr. Ríkisskattstjóri skal gefa út reglur um mat til verðs samkvæmt þessari málsgrein.

7. gr.

7. gr. laganna, sem verður 8. gr., orðast svo:

Tollstjórar skulu reikna vörugjald af gjaldskyldum vörum sem aðilar, aðrir en þeir sem skráðir hafa verið skv. 5. gr., flytja til landsins.

8. gr.

8. gr. laganna, sem verður 9. gr., orðast svo:

Hvert uppgjörstímabil aðila sem skráðir eru skv. 2. mgr. 4. gr. er tveir mánuðir, desember og janúar, febrúar og mars, apríl og maí, júní og júlí, ágúst og september, október og nóvember. Gjalddagi hvers uppgjörstímabils er 15. dagur annars mánaðar eftir lok þess.

Innflytjendur, sem flytja vörur til landsins til endursölu, aðrir en þeir sem jafnframt eru skráðir skv. 5. gr., skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs vörugjald af gjaldskyldum vörum sem voru tollafgreiddar á uppgjörstímabilinu. Aðilar, sem flytja gjaldskylda vöru til landsins til eigin nota, skulu greiða vörugjald við tollafgreiðslu.

Innlendir framleiðendur skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs vörugjald af gjaldskyldum vörum sem voru seldar eða afhentar á tímabilinu. Þó skal ekki greiða vörugjald af vörum sem voru seldar án vörugjalds til skráðra aðila skv. 5. gr.

Aðilar, sem skráðir eru skv. 5. gr., skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs vörugjald af þeim vörum sem þeir hafa keypt eða fengið tollafgreiddar á tímabilinu eða voru til staðar í birgðum í upphafi uppgjörstímabils en eru ekki til staðar í birgðum við lok uppgjörstímabils samkvæmt birgðabókhaldi. Þó skal hvorki greiða vörugjald af þeim vörum sem vörugjald hefur þegar verið greitt af né af vörum sem voru seldar án vörugjalds til annarra skráðra aðila skv. 5. gr.

Gjaldskyldir aðilar skv. 2. og 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils skila vörugjaldsskýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður vegna vara sem greiða ber vörugjald af á uppgjörstímabilinu. Jafnframt skal tilgreina í skýrslunni sölu á gjaldskyldum vörum án vörugjalds til aðila sem eru skráðir skv. 5. gr. Skattstjóri skal áætla vörugjald af viðskiptum þeirra aðila sem ekki skila skýrslu innan tilskilins tíma, senda enga skýrslu eða ef skýrslu eða fylgigögnum er ábótavant. Skattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og gjaldskyldum aðila um áætlanir og leiðréttingar sem gerðar hafa verið.

Sé vörugjald ekki greitt á tilskildum tíma skal aðili sæta álagi til viðbótar því vörugjaldi sem honum ber að standa skil á. Sama gildir ef vörugjaldsskýrslu hefur ekki verið skilað eða henni er ábótavant og vörugjald því áætlað, nema aðili hafi greitt fyrir gjalddaga vörugjaldsins upphæð er til áætlunar svarar eða gefið fyrir lok kærufrests fullnægjandi skýringu á vafaatriðum. Álag skal vera 1% af þeirri upphæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 10%.

Sé vörugjald ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir vaxtalögum, nr. 25/1987, með síðari breytingum.

9. gr.

9. gr. laganna, sem verður 10. gr., orðast svo:

Við skil á vörugjaldi í ríkissjóð er gjaldanda heimilt að draga frá það vörugjald sem hann hefur sannanlega greitt við kaup á hráefni og efnivöru til gjaldskyldrar framleiðslu á viðkomandi uppgjörstímabili, hvort sem varan er seld innan lands með vörugjaldi eða úr landi án vörugjalds.

Sé vörugjald af aðföngum hærra á uppgjörstímabili en vörugjald af sölu skal mismunur endurgreiddur úr ríkissjóði. Hafi vörugjaldsskýrslu verið skilað á tilskildum tíma skal endurgreiðsla fara fram innan 15 daga frá lokum skilafrests.

10. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 11. gr. og orðast svo:

Heimilt er að kæra álagningu vörugjalds innan 30 daga frá gjalddaga gjaldsins. Kæru skal beint til þess tollstjóra eða þess skattstjóra sem annaðist álagningu gjaldsins. Kæru skal fylgja skriflegur rökstuðningur. Innsend fullnægjandi vörugjaldsskýrsla skal tekin sem kæra þegar um er að ræða áætlanir skv. 5. mgr. 9. gr. Tollstjóri eða skattstjóri skal kveða upp skriflegan rökstuddan úrskurð um kæruna og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi innan 30 daga frá lokum kærufrests.

Gjaldskyldur aðili og ríkistollstjóri geta skotið úrskurði tollstjóra skv. 1. mgr. til ríkistollanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Um kærufresti og málsmeðferð fer eftir ákvæðum 101. gr. tollalaga.

Gjaldskyldur aðili og ríkisskattstjóri geta skotið úrskurði skattstjóra skv. 1. mgr. til yfirskattanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Um kærufresti og málsmeðferð fer eftir ákvæðum 2.–7. mgr. 29. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

11. gr.

10. gr. laganna, sem verður 12. gr., orðast svo:

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum um gjaldskyldu, álagningu, tilhögun bókhalds, eftirlit, viðurlög og aðra framkvæmd varðandi vörugjald skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði tollalaga og laga um virðisaukaskatt.

12. gr.

Í stað orðanna „3. gr.“ tvívegis í síðari málslið 1. mgr. 11. gr. laganna, er verður 13. gr. þeirra, kemur: viðauka I.

13. gr.

Viðauki við lögin orðast svo:

Viðauki I við lög um vörugjald.

A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða í vörugjald krónur fyrir hvert kílógramm af vörunni án umbúða sem hér segir:

Tollskrárnúmer	*kr./kg*	*Tollskrárnúmer*	*kr./kg*	*Tollskrárnúmer*	*kr./kg*
0813.4001	80	1702.3001	30	1806.3209	65
0813.5001	80	1702.3002	30	1806.9011	15
0901.1100	28	1702.3009	30	1806.9012	15
0901.1200	28	1702.4001	30	1806.9019	15
0901.2101	35	1702.4002	30	1806.9023	65
0901.2109	35	1702.4009	30	1806.9024	65
0901.2201	35	1702.5000	30	1806.9025	65
0901.2209	35	1702.6000	30	1806.9026	65
0901.9000	35	1702.9001	30	1806.9027	65
0902.1000	35	1702.9002	30	1806.9028	65
0902.2000	35	1702.9003	30	1806.9029	65
0902.3000	35	1702.9004	30	1806.9039	65
0902.4000	35	1702.9009	30	1901.9011	15
0903.0000	35	1703.1002	30	1901.9019	15
0909.1001	80	1703.1009	30	1904.1001	40
0909.5001	80	1703.9009	30	1905.2000	40
1211.9001	80	1704.1000	65	1905.3011	40
1211.9002	80	1704.9001	65	1905.3019	40
1701.1100	30	1704.9002	65	1905.3021	40
1701.1200	30	1704.9003	65	1905.3029	40
1701.9101	30	1704.9004	65	1905.3030	40
1701.9102	30	1704.9005	65	1905.9030	20
1701.9103	30	1704.9006	65	1905.9060	20
1701.9104	30	1704.9007	65	2005.2003	20
1701.9105	30	1704.9009	65	2006.0011	12
1701.9106	30	1805.0001	15	2006.0012	12
1701.9107	30	1805.0009	15	2006.0019	12
1701.9109	30	1806.1000	65	2006.0021	12
1701.9901	30	1806.2001	65	2006.0022	12
1701.9902	30	1806.2003	65	2006.0023	12
1701.9903	30	1806.2004	65	2006.0029	12
1701.9904	30	1806.2005	65	2006.0030	12
1701.9905	30	1806.2006	65	2007.1000	12
1701.9906	30	1806.2009	65	2007.9100	12
1701.9907	30	1806.3101	65	2007.9900	12
1701.9909	30	1806.3109	65	2008.1101	12
1702.1100	30	1806.3201	65	2008.1109	12
1702.1900	30	1806.3202	65	2008.1900	12
1702.2000	30	1806.3203	65	2008.2001	12

2008.2009	12	2101.1209	80	3003.9001	65
2008.3001	12	2101.2001	80	3004.5004	65
2008.3009	12	2101.2009	80	3004.9004	65
2008.4001	12	2101.3001	80	3302.1021	65
2008.4009	12	2101.3009	80	3302.1029	65
2008.5001	12	2106.9021	400	3302.1030	65
2008.5009	12	2106.9022	30	4011.1000	20
2008.6001	12	2106.9023	80	4011.2000	20
2008.6009	12	2106.9024	80	4011.4000	20
2008.7001	12	2106.9025	80	4011.5000	20
2008.7009	12	2106.9026	80	4011.9100	20
2008.8001	12	2106.9031	25	4011.9900	20
2008.8009	12	2106.9039	80	4012.1000	20
2008.9100	12	2106.9041	25	4012.2000	20
2008.9201	12	2106.9042	25	4012.9000	20
2008.9209	12	2106.9048	25	4013.1000	20
2008.9901	12	2106.9049	25	4013.2000	20
2008.9902	12	2106.9061	65	4013.9000	20
2008.9909	12	2106.9062	12	4016.9922	20
2101.1100	80	2106.9063	30	4016.9925	20
2101.1201	80				

B. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða í vörugjald krónur fyrir hvern lítra af vörunni sem hér segir:

Tollskrárnúmer	*kr./l*	*Tollskrárnúmer*	*kr./l*	*Tollskrárnúmer*	*kr./l*
2009.1101	9	2105.0011	9	2204.2161	9
2009.1109	9	2105.0019	9	2204.2911	9
2009.1901	9	2105.0021	9	2204.2921	9
2009.1909	9	2105.0029	9	2204.2931	9
2009.2001	9	2106.9011	9	2204.2941	9
2009.2009	9	2106.9019	9	2204.2951	9
2009.3001	9	2201.1000	9	2204.2961	9
2009.3009	9	2202.1001	9	2204.3001	9
2009.4001	9	2202.1002	9	2205.1001	9
2009.4009	9	2202.1009	9	2205.9001	9
2009.5001	9	2202.9001	9	2206.0001	9
2009.5009	9	2202.9002	9	2206.0009	9
2009.6001	9	2202.9009	9	2208.9091	9
2009.6009	9	2203.0001	9	2209.0000	9
2009.7001	9	2204.1001	9		
2009.7009	9	2204.2111	9		
2009.8001	9	2204.2121	9		
2009.8009	9	2204.2131	9		
2009.9001	9	2204.2141	9		
2009.9009	9	2204.2151	9		

C. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða 15% vörugjald:

3303.0001	3920.3001	4411.3101	5705.0001	7315.9001
3303.0002	3920.4101	4411.3901	5705.0009	7320.1000
3304.1000	3920.4202	4411.9101	5805.0000	7320.2001
3304.2000	3920.5101	4411.9901	5904.1000	7320.9001
3304.3000	3920.5901	4412.1301	5904.9100	7324.1000
3304.9100	3920.6101	4412.1401	5904.9200	7324.2100
3304.9900	3920.6201	4412.1901	6702.1000	7324.2900
3305.2000	3920.6301	4412.2201	6702.9000	7324.9000
3305.3000	3920.6901	4412.2301	6802.1000	7417.0000
3305.9000	3920.7101	4412.2901	6802.2109	7418.2000
3307.1000	3920.7301	4412.9201	6802.2209	7419.9904
3307.2000	3920.7901	4412.9301	6802.2309	7615.2000
3307.3000	3920.9101	4412.9901	6802.2909	8301.2000
3307.4100	3920.9401	4413.0001	6802.9109	8301.4001
3307.4900	3920.9902	4418.3000	6802.9209	8302.1001
3307.9002	3922.1000	4504.1002	6802.9309	8302.3000
3307.9009	3922.2000	4601.2000	6802.9909	8302.4901
3701.2000	3922.9001	4815.0000	6803.0000	8407.3100
3701.9109	3922.9009	5602.9001	6806.2000	8407.3200
3701.9909	3925.9002	5701.1000	6806.9001	8407.3300
3702.2000	3926.3001	5701.9000	6806.9009	8407.3400
3702.3100	4003.0001	5702.1000	6807.1001	8408.2000
3702.3200	4008.1101	5702.2000	6807.9001	8426.1201
3702.3909	4008.2101	5702.3100	6808.0000	8426.1209
3702.4402	4016.9100	5702.3200	6809.1101	8426.1900
3702.5100	4016.9918	5702.3900	6809.1901	8426.2000
3702.5200	4016.9919	5702.4100	6809.9001	8426.3000
3702.5300	4016.9925	5702.4200	6809.9009	8426.4101
3702.5400	4407.1001	5702.4900	6811.2001	8426.4109
3702.5500	4407.2401	5702.5100	6811.9001	8426.4900
3702.5600	4407.2501	5702.5200	6811.9009	8426.9100
3702.9100	4407.2601	5702.5900	6814.1000	8426.9900
3702.9200	4407.2901	5702.9100	6904.9000	8428.1001
3702.9300	4407.9101	5702.9200	6905.1000	8428.4000
3702.9400	4407.9201	5702.9900	6905.9000	8431.3100
3702.9500	4407.9901	5703.1001	6907.1000	8481.1000
3918.1001	4409.1001	5703.1009	6907.9000	8481.2000
3918.1002	4409.2001	5703.2001	6908.1000	8481.3000
3918.9011	4410.1101	5703.2009	6908.9000	8481.4000
3918.9019	4410.1901	5703.3001	6910.1000	8481.8000
3918.9021	4410.9001	5703.3009	6910.9000	8481.9000
3918.9029	4411.1101	5703.9001	7007.1101	8507.1000
3919.9010	4411.1901	5703.9009	7007.2101	8507.2000
3920.1002	4411.2101	5704.1000	7009.1000	8507.3009
3920.2001	4411.2901	5704.9000	7014.0001	8507.4000

8507.8000	8537.2000	8540.6000	8714.1100	9405.5000
8507.9000	8538.1000	8540.7100	8714.1900	9405.6001
8535.1000	8538.9000	8540.7200	8716.8001	9405.6009
8535.2100	8539.1000	8540.7900	8716.8009	9405.9101
8535.2900	8539.2100	8540.8100	8716.9009	9405.9109
8535.3000	8539.2200	8540.8900	9007.1100	9405.9201
8535.4000	8539.2900	8540.9100	9007.1900	9405.9202
8535.9000	8539.3100	8540.9900	9007.2001	9405.9209
8536.1000	8539.3200	8544.1100	9007.2009	9405.9910
8536.2000	8539.3900	8544.1900	9007.9100	9405.9921
8536.3000	8539.4100	8544.2009	9007.9200	9405.9929
8536.4100	8539.4900	8544.3000	9405.1001	
8536.4900	8539.9000	8544.4100	9405.1009	
8536.5000	8540.1100	8544.4900	9405.2001	
8536.6100	8540.1200	8544.5100	9405.2009	
8536.6900	8540.2000	8544.5900	9405.3000	
8536.9000	8540.4000	8544.6000	9405.4001	
8537.1009	8540.5000	8544.7000	9405.4009	

D. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða 20% vörugjald:

7321.1100	8421.1201	8476.8900	8516.7901	8708.9300
7321.1200	8421.3901	8476.9000	8516.7909	8708.9400
7321.1300	8422.1100	8479.6001	8516.8001	8708.9900
7321.8100	8433.1100	8479.8901	8544.3000	9608.1000
7321.8200	8433.1900	8511.1000	8545.9001	9608.2000
7321.8300	8450.1100	8511.2000	8708.1000	9608.3100
7321.9000	8450.1200	8511.3000	8708.2900	9608.3900
8418.1001	8450.1900	8511.4000	8708.3100	9608.4000
8418.2100	8450.9000	8511.5000	8708.3900	9608.5000
8418.2200	8451.1009	8511.8000	8708.4000	9608.6000
8418.2900	8451.2100	8511.9000	8708.5000	9608.9100
8418.3001	8451.3001	8516.5000	8708.6000	9608.9900
8418.4001	8476.2100	8516.6001	8708.7000	9609.1000
8418.6101	8476.2900	8516.6002	8708.8000	9609.2000
8418.6901	8476.8100	8516.6009	8708.9100	9609.9000

E. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða 25% vörugjald:

8517.1901	8519.1000	8519.9901	8520.9001
8518.2109	8519.2100	8519.9902	8520.9009
8518.2209	8519.2900	8519.9909	8521.1021
8518.2900	8519.3100	8520.1000	8521.1029
8518.3000	8519.3900	8520.2000	8521.9021
8518.4009	8519.4000	8520.3200	8521.9029
8518.5009	8519.9200	8520.3300	8522.1000
8518.9000	8519.9300	8520.3900	8522.9000

F. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða 30% vörugjald:

8527.1201	8527.2900	8528.1302	8543.9001	9305.2100
8527.1209	8527.3101	8528.1309	9301.0000	9305.2900
8527.1301	8527.3102	8528.2109	9302.0000	9305.9000
8527.1302	8527.3109	8528.2209	9303.1000	9306.1000
8527.1309	8527.3200	8528.3009	9303.2000	9306.2100
8527.1900	8527.3900	8529.1009	9303.3000	9306.2900
8527.2101	8527.9009	8529.9009	9303.9009	9306.3009
8527.2102	8528.1202	8543.8001	9304.0000	9306.9009
8527.2109	8528.1209	8543.8901	9305.1000	9307.0000

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1996. Ákvæði þeirra skulu taka til allra vara sem þá eru ótollafgreiddar, þó ekki vara sem afhentar hafa verið með bráðabirgðatollafgreiðslu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Allir þeir sem framleiða eða flytja til landsins vöru sem skattskyld er samkvæmt lögum þessum og eru ekki skráðir á vörugjaldsskrá skv. 2. mgr. 4. gr. laganna við gildistöku laga þessara skulu tilkynna innan 15 daga frá því að lög þessi öðlast gildi um rekstur sinn og starfsemi til skattstjóra eða tollstjóra þar sem þeir eiga lögheimili.

Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. skal fyrsta uppgjörstímabil vörugjalds samkvæmt lögum þessum vera þrír mánuðir, júlí, ágúst og september 1996.

1150. Frumvarp til laga [442. mál]

um breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 3. júní.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakan skatt, þungaskatt, af eftirtöldum ökutækjum:

a. bifreiðum sem skráðar eru hér á landi og nota annan orkugjafa en bensín,
b. eftirvögnum sem skráðir eru hér á landi og eru 6.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd,
c. bifreiðum sem skráðar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín og fluttar eru hingað til lands til notkunar,
d. eftirvögnum sem skráðir eru erlendis og eru 6.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd og fluttir eru hingað til lands til notkunar.

Við ákvörðun á því hvort greiða eigi þungaskatt af ökutæki, sem skráð er hér á landi, skal líta til skráningar þess í ökutækjaskrá.

Bifreiðar erlendra sendisveita og bifreiðar erlendra ræðismanna sem eigi eru íslenskir ríkisborgarar eru undanþegnar skattskyldu.

2. gr.

Á eftir orðinu „vegáætlun“ í 2. gr. laganna kemur: að frádregnum 0,5% sem renna í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði við framkvæmd laga þessara.

3. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Ríkisskattstjóri annast álagningu þungaskatts og aðra framkvæmd laganna. Ríkisskattstjóra er heimilt að fela skattstjórum og Vegagerðinni framkvæmd einstakra verkefna sem honum eru falin í lögunum.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á A-lið 4. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „frá og með árinu 1986 greiða árlega þungaskatt“ í 1. mgr. kemur: greiða fast gjald þungaskatts.
b. 2. mgr. orðast svo:

   94.273 kr. af fólksbifreiðum að eigin þyngd allt að 999 kg, 113.163 kr. af fólksbifreiðum að eigin þyngd 1.000–1.499 kg og 132.053 kr. af fólksbifreiðum að eigin þyngd 1.500–1.999 kg. Af bifreiðum þyngri en 2.000 kg skal gjaldið hækka um 7.555 kr. fyrir hver 200 kg.
c. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Skráning ökutækis samkvæmt þessari málsgrein tekur gildi á næsta gjaldtímabili eftir að heimild hefur verið veitt og gildir í a.m.k. tólf mánuði.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á B-lið 4. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

   Kílómetragjald skv. 1. mgr. þessa stafliðar skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.	Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.
4.000–4.999	7,09	18.000–18.999	18,50
5.000–5.999	7,54	19.000–19.999	19,92
6.000–6.999	8,15	20.000–20.999	20,98
7.000–7.999	8,56	21.000–21.999	22,19
8.000–8.999	8,93	22.000–22.999	23,59
9.000–9.999	9,33	23.000–23.999	24,71
10.000–10.999	9,90	24.000–24.999	25,83
11.000–11.999	10,27	25.000–25.999	27,09
12.000–12.999	11,57	26.000–26.999	28,29
13.000–13.999	12,65	27.000–27.999	29,55
14.000–14.999	14,00	28.000–28.999	30,81
15.000–15.999	15,07	29.000–29.999	32,06
16.000–16.999	16,27	30.000–30.999	33,32
17.000–17.999	17,45	31.000 og yfir	34,58

b. 3. mgr. orðast svo:
Nú er ökutæki eingöngu notað vegna flutninga þar sem leyfð heildarþyngd nýtist ekki til fulls og getur eigandi eða umráðamaður þá fengið gjaldþyngd ökutækisins skráða lægri en leyfð heildarþyngd þess er. Þó skal gjaldþyngd ekki vera lægri en eigin þyngd ökutækis. Ríkisskattstjóri veitir heimild samkvæmt þessari grein og getur bundið hana tilteknum tímamörkum. Ef í ljós kemur við eftirlit að heildarþyngd ökutækis með farmi er meiri en skráð gjaldþyngd þess skv. 1. mgr. skal heimild til að skrá gjaldþyngd niður afturkölluð og ekki veitt á ný fyrr en að liðnum fullum tveimur árum. Þungaskattur skal vera 70% lægri af akstri almenningsvagna í áætlunarferðum. Enn fremur skal endurgreiða 70% þungaskatts sem greiddur hefur verið af akstri ökutækja í eigu sérleyfishafa á leiðum sem sérleyfi þeirra nær til.

c. Eftirfarandi breytingar verða á 4. mgr.:
1. Í stað orðanna „Ráðherra er heimilt að ákveða að veittur skuli allt að 10% afsláttur“ kemur: Veita skal 10% afslátt.
2. Orðin „allt að“ þar sem þau koma fyrir í málsgreininni falla brott.
3. Í stað orðsins „má“ kemur: skal.

d. Við bætist ný málsgrein sem verður 5. mgr. og orðast svo:
Samanlögð gjaldþyngd samtengdra ökutækja skal vera að hámarki 40.000 kg fyrir fimm ása samtengd ökutæki og 44.000 kg fyrir sex ása samtengd ökutæki.

e. Við bætist ný málsgrein sem verður 7. mgr. og orðast svo:
Ef skylt er að búa ökutæki ökurita til eftirlits með aksturs- og hvíldartíma ökumanna samkvæmt reglugerð nr. 136/1995 skal ökuritinn notaður sem ökumælir. Nú er ökuriti notaður sem ökumælir og er ökumanni þá skylt að hafa skráningarblað (skífu) í ökuritanum.

f. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 6. mgr., er verður 8. mgr., kemur: Ríkisskattstjóri.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á C-lið 4. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra í reglugerð“ í 1. mgr. kemur: skv. 3. mgr.

b. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:
Af öðrum ökutækjum skráðum erlendis skal greiða þungaskatt fyrir hverja byrjaða viku sem ökutækið er hér á landi sem hér segir:

Eigin þyngd bifreiðar, kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku, kr.	Eigin þyngd bifreiðar, kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku, kr.
Allt að 1.000	3.246	2.800–2.999	5.336
1.000–1.999	4.035	3.000–3.199	5.556
2.000–2.199	4.386	3.200–3.399	5.807
2.200–2.399	4.623	3.400–3.599	6.029
2.400–2.599	4.863	3.600–3.799	6.285
2.600–2.799	5.096	3.800–3.999	6.519

Sé eigin þyngd ökutækis meiri en 4.000 kg skal þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku hækka um 1.000 kr. fyrir hver byrjuð 1.000 kg sem eigin þyngd er umfram 4.000 kg. Við ákvörðun þungaskatts samkvæmt þessari málsgrein reiknast brot úr viku sem heil vika.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „bifreiðaskrá“ í 1. mgr. kemur: ökutækjaskrá.
b. Í stað orðanna „lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti)“ í 1. og 2. mgr. kemur: skráningaraðila.
c. 4. mgr. orðast svo:
   Þungaskattur af ökutækjum sem nota innlenda orkugjafa í tilraunaskyni skal vera 50% lægri en þungaskattur skv. 4. gr.
d. 5. mgr. fellur brott.

8. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Ökumaður ökutækis sem þungaskattur er greiddur af skv. B-lið 4. gr. skal við lok hvers dags, sem ökutæki er ekið, lesa kílómetrastöðu af ökumæli og skrá hana í sérstaka akstursbók sem ríkisskattstjóri gefur út. Ef annars konar ökumælir en ökuriti er notaður skal ökumaður skrá kílómetrastöðu hraðamælis daglega í akstursbókina, hins vegar er honum einungis skylt að skrá kílómetrastöðu ökumælis einu sinni í viku. Ökumaður skal athuga hvort ökuriti eða ökumælir og hraðamælir hafi talið rétt og að kílómetrastöðu beri saman við akstur dagsins. Ökumaður skal staðfesta skráningu með nafnritun sinni.

Eiganda eða umráðamanni fólksbifreiðar sem er undir 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekki er nýtt til atvinnurekstrar er ekki skylt að skrá kílómetrastöðu ökumælis og hraðamælis oftar en einu sinni í mánuði.

Eigandi og umráðamaður ökutækis bera ábyrgð á að ökumælir telji rétt og að akstur sé skráður í akstursbók við lok hvers dags sem ökutæki er ekið.

Eiganda eða umráðamanni ökutækis ber að varðveita skráningarblöð ökurita og akstursbók í sjö ár frá lokum gjaldárs.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð ákveðið að aðrar reglur gildi um skráningu í akstursbók vegna notkunar eftirvagna sem skráðir eru hér á landi og eru 6.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á A-lið 7. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „næsta mánaðar eftir gjalddaga“ í 1. mgr. kemur: sama mánaðar.
b. Við 3. mgr. bætast tveir nýir málsliðir er orðast svo: Sama gildir ef framvísað hefur verið útflutnings- og innflutningsskýrslum til sönnunar á tímabundnum útflutningi í jafnlangan tíma. Þá er ríkisskattstjóra heimilt að lækka eða endurgreiða fast gjald að réttri tiltölu ef sýnt er fram á það með fullnægjandi hætti að bifreið hafi ekki verið í notkun hér á landi í a.m.k. þrjátíu daga samfellt vegna viðgerðar á viðurkenndu verkstæði, þó ekki hærri fjárhæð en sem nemur gjaldi í þrjátíu daga.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á B-lið 7. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „næsta mánaðar eftir gjalddaga“ í 1. mgr. kemur: sama mánaðar.
b. Í stað orðanna „eftirlitsmanns fjármálaráðuneytis eða bifreiðaeftirlits“ í 2. mgr. kemur: álestraraðila.
c. 3. mgr. orðast svo:

   Nú kemur í ljós við skráningu á kílómetrastöðu ökurita eða ökumælis og hraðamælis, sbr. 6. gr., eða við skoðun á skráningarblöðum ökurita að einhver fyrrgreindra mæla telur rangt eða telur ekki og skal ökumaður þá svo fljótt sem honum er unnt tilkynna um bilun mælis til Vegagerðarinnar. Jafnframt skal hann, innan tveggja virkra daga frá því er bilun í mæli kom fram, fara með hann á löggilt verkstæði til viðgerðar.
d. 4. mgr. orðast svo:

   Ef taka þarf ökumæli úr ökutæki til viðgerðar skal lesið af ökumælinum áður en hann er tekinn úr og annar settur í stað hins bilaða. Tilkynna skal þegar í stað til Vegagerðarinnar ef nýr ökumælir er settur í ökutæki. Jafnframt skal lesið af ökumæli sem settur er í ökutækið. Nú verður því ekki við komið að setja annan ökumæli í ökutæki og er þá heimilt að aka án ökumælis gegn greiðslu daggjalds, enda sé það tilkynnt til Vegagerðarinnar á eyðublaði í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Heimild skal ekki veitt til lengri tíma en fimm virkra daga. Greiða skal daggjald fyrir þann tíma sem ekið er án ökumælis og skal gjaldið nema sem svarar til a.m.k. 200 km aksturs fyrir hvern dag sem heimildin nær til. Heimilt skal við ákvörðun gjaldsins að miða við raunverulegan akstur verði því komið við samkvæmt fyrirliggjandi gögnum.

11. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Innheimtumenn ríkissjóðs annast innheimtu þungaskatts.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „taka af henni skráningarmerki og afhenda þau lögreglustjóra, en lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu skattsins“ í 1. mgr. kemur: og tilkynna lögreglu um það þegar í stað.
b. 2. mgr. orðast svo:

   Óheimilt er að skrá eigendaskipti að ökutæki, nema greiddur hafi verið gjaldfallinn þungaskattur. Sé þungaskattur greiddur eftir akstri er óheimilt að skrá eigendaskipti, nema lesið hafi verið af ökumæli og þungaskattur vegna þess álestrar greiddur. Verði eigendaskipti að ökutæki skal lækkun þungaskatts skv. 4. mgr. B-liðar 4. gr. ákvarðast til þess dags sem eigendaskipti eru skráð í ökutækjaskrá.
c. 5. mgr. fellur brott.

13. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Ríkisskattstjóri annast eftirlit með því að gjaldskyld ökutæki, skráning þeirra og búnaður, svo og skráning ökumanna á akstri, sé í samræmi við fyrirmæli laga þessara, reglur um ökumæla og skráningu ökutækisins í ökutækjaskrá.

Eftirlitsmönnum er heimilt að stöðva ökutæki og gera þær athuganir á ökutækinu sem taldar eru nauðsynlegar til að staðreyna að ökutæki, mælabúnaður þess og skráning ökumanns á akstri sé í samræmi við skráningu ökutækisins í álestrarskrá ökumæla, lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Þannig er heimilt að mæla heildarþyngd ökutækis, athuga ökurita eða ökumæli og hraðamæli og kanna skráningarskírteini, skráningarblöð ökurita og akstursbók ökutækis. Jafnframt er eftirlitsmönnum heimilt að leggja hald á skráningarblöð ökurita og akstursbók. Að öðru leyti fer um eftirlit samkvæmt lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, eftir því sem þau geta átt við.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir vaxtalögum, nr. 25/1987, með síðari breytingum.
b. 3. málsl. 1. mgr. fellur brott.
c. 2. mgr. orðast svo:
   Þungaskatti, álagi og viðurlögum fylgir lögtaksréttur. Jafnframt fylgir þungaskatti og álagi lögveð í viðkomandi ökutæki.
d. 3. mgr. fellur brott.

15. gr.

Við lögin bætast níu nýjar greinar er orðast svo:

a. (12. gr.)

Komi í ljós að ökutæki hafi verið í röngum gjaldflokki, ranglega skráð í ökutækjaskrá eða að fast gjald þungaskatts hafi að öðru leyti ekki verið réttilega á lagt skal ríkisskattstjóri tilkynna eiganda eða umráðamanni ökutækisins skriflega um fyrirhugaða endurákvörðun fasts gjalds og skora á hann að láta í té skýringar og gögn innan a.m.k. fimmtán daga. Berist ríkisskattstjóra ekki fullnægjandi skýringar eða gögn eiganda eða umráðamanns innan frests endurákvarðar ríkisskattstjóri fast gjald.

b. (13. gr.)

Ríkisskattstjóri annast á gjalddaga álagningu kílómetragjalds vegna ökutækja sem færð hafa verið til álestrar á álestrartímabili, sbr. 3. gr. Ríkisskattstjóri skal jafnframt, sé lesið af ökumæli ökutækis utan álestrartímabils, annast álagningu kílómetragjalds vegna aksturs frá síðasta álestri til álestrardags.

Ef eigandi eða umráðamaður ökutækis lætur ekki lesa af ökumæli þess á álestrartímabili skal ríkisskattstjóri áætla þungaskatt. Áætlun skal svara til þess að ökutækinu hafi verið ekið 8.000 km á mánuði, nema fyrirliggjandi gögn bendi til þess að akstur kunni að hafa verið meiri. Þó skal áætlun vegna fólksbifreiða sem falla undir 2. mgr. 6. gr. nema sem svarar til þess að bifreiðinni hafi verið ekið 2.000 km á mánuði. Ríkisskattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og skattgreiðanda um áætlanir sem gerðar hafa verið. Komi eigandi eða umráðamaður með ökutæki til álestrar utan álestrartímabils skal álestur tekinn sem kæra og sendur ríkisskattstjóra til ákvörðunar. Komi eigandi eða umráðamaður, sem sætt hefur áætlun á fyrri gjaldtímabilum, með ökutæki til álestrar á álestrartímabili gjaldtímabils sem ekki hefur verið áætlað fyrir skal álagning miðast við að allur aksturinn hafi átt sér stað á því.

Til viðbótar áætlun og álagningu skv. 2. mgr. skal bætt við álagi sem skal vera 1% af fjárhæð þungaskatts fyrir hvern dag sem dregið hefur verið að koma með ökutækið til álestrar fram yfir lok álestrartímabils. Álag skal vera að hámarki 10% af fjárhæð þungaskatts. Gjalddagi álags skal vera sá sami og gjalddagi þungaskatts. Fella má niður álag ef aðili færir gildar ástæður sér til málsbóta og getur ríkisskattstjóri metið það í hverju tilviki hvað teljist gildar ástæður í þessu sambandi.

c. (14. gr.)

Berist ríkisskattstjóra, fyrir eða eftir álagningu, tilkynning um að ökutæki hafi heimildarlaust verið í umferð án þess að vera búið ökumæli, akstur hafi verið ranglega færður eða ekki færður í akstursbók, ökumælir hafi verið óvirkur, innsigli verið rofið eða mælir talið of lítið eða telji ríkisskattstjóri að öðru leyti að akstur ökutækis hafi verið meiri en álestur af ökumæli gefur til kynna skal hann tilkynna eiganda eða umráðamanni ökutækisins skriflega um fyrirhugaða endurákvörðun vegna vantalins aksturs og skora á hann að láta í té skýringar og gögn innan a.m.k. fimmtán daga. Berist ríkisskattstjóra fullnægjandi skýringar eða gögn innan frests endurákvarðar hann skatt á grundvelli fyrirliggjandi gagna, en að öðrum kosti endurákvarðar hann skatt skv. 2. mgr.

Endurákvörðun vegna vantalins aksturs skal nema sem svarar til 2.000 km aksturs fyrir hverja byrjaða viku sem talið verður að akstur hafi verið vantalinn, nema fyrirliggjandi gögn bendi til þess að akstur kunni að hafa verið meiri. Þó skal endurákvörðun vegna vantalins aksturs bifreiða sem falla undir 2. mgr. 6. gr. nema sem svarar til 500 km aksturs fyrir hverja byrjaða viku sem talið verður að akstur hafi verið vantalinn. Ríkisskattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og skattgreiðanda um endurákvörðun.

Verði talið að akstur á því tímabili sem endurákvörðun nær til hafi að einhverju leyti komið fram á kílómetrastöðu ökumælis skal sá akstur koma til frádráttar við endurákvörðun.

d. (15. gr.)

Berist ríkisskattstjóra tilkynning eftirlitsmanna um að heildarþyngd ökutækis með farmi hafi mælst vera meiri en sem nemur gjaldþyngd þess skal hann tilkynna eiganda eða umráðamanni ökutækisins skriflega um fyrirhugaða endurákvörðun vegna vanreiknaðrar gjaldþyngdar og skora á hann að láta í té skýringar og gögn innan a.m.k. fimmtán daga. Berist ríkisskattstjóra ekki fullnægjandi skýringar eða gögn eiganda eða umráðamanns innan frests endurákvarðar ríkisskattstjóri skatt vegna vanreiknaðrar gjaldþyngdar.

Endurákvörðun vegna of lágrar gjaldþyngdar, sbr. 1. mgr., skal nema sem svarar til mismunar á kílómetragjaldi gjaldþyngdar og þeirrar þyngdar er mælist við eftirlit. Endurákvörðun skal ná til alls aksturs ökutækisins á síðustu sextíu dögum áður en mæling fer fram.

Hafi gjaldþyngd ökutækis verið rangt skráð í álestrarskrá ökutækja er heimilt að endurákvarða þungaskatt miðað við rétta gjaldþyngd vegna aksturs ökutækisins frá því er gjaldþyngd var skráð.

e. (16. gr.)

Heimild til endurákvörðunar skatts skv. 12., 14. og 15. gr. nær til þungaskatts síðustu sex ára sem næst eru á undan því ári er endurákvörðun fer fram. Verði skattskyldum aðila eigi um það kennt að þungaskattur var vanálagður er þó eigi heimilt að endurákvarða honum skatt nema vegna síðustu tveggja ára sem næst eru á undan því ári sem endurákvörðun fer fram á.

f. (17. gr.)

Eiganda og/eða umráðamanni ökutækis er heimilt að kæra til ríkisskattstjóra álagningu þungaskatts skv. 3. og 13. gr. innan þrjátíu daga frá því að skatturinn var ákvarðaður.

Heimilt er að kæra endurákvörðun skv. 12., 14. og 15. gr. og úrskurð ríkisskattstjóra um kæru skv. 1. mgr. til yfirskattanefndar. Kærufrestur er þrjátíu dagar frá póstlagningu endurákvörðunar eða úrskurðar ríkisskattstjóra. Yfirskattanefnd kveður upp fullnaðarúrskurð.

g. (18. gr.)

Brjóti eigandi eða umráðamaður ökutækis af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi gegn ákvæðum laga þessara, svo sem með því að ökutæki hafi heimildarlaust verið í umferð án þess að vera búið ökumæli, skráning þess í ökutækjaskrá hafi verið röng, ökumælir hafi verið óvirkur, innsigli verið rofið, mælir talið of lítið, ekki hafi verið komið með ökutæki til álestrar innan þrjátíu daga frá lokum álestrartímabils, akstur verið ranglega færður eða ekki færður í akstursbók eða heildarþyngd ökutækis með farmi hafi verið meiri en gjaldþyngd þess, skal hann greiða sekt allt að tífaldri þeirri fjárhæð sem ætla má að hann hafi dregið undan eða ofendurgreidd hafi verið. Sekt samkvæmt þessari grein skal nema að lágmarki tvöfaldri þeirri fjárhæð sem ætla má að dregin hafi verið undan eða ofendurgreidd hafi verið. Séu brot stórfelld eða ítrekuð gegn lögum þessum má auk sektar beita varðhaldi eða fangelsi. Tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð skv. III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Ef skattrannsóknarstjóri ríkisins telur að brot skv. 1. mgr. varði ekki þyngri refsingu en sekt er honum heimilt að ljúka máli með því að gefa eiganda eða umráðamanni ökutækis kost á að greiða sekt, sem greiðist innan tveggja mánaða, í stað sektarmeðferðar skv. 19. gr. Sé sekt greidd innan þess tíma telst máli vera lokið af hálfu skattyfirvalda. Greiðist sekt ekki fer um sektarmeðferð skv. 19. gr.

Hafi eigandi eða umráðamaður ökutækis brotið gegn 1. mgr. án þess að talið verði að akstur hafi verið vantalinn skal ríkisskattstjóri ákvarða honum sekt að lágmarki 5.000 kr. en að hámarki 50.000 kr. Sektarákvörðun ríkisskattstjóra er kæranleg til yfirskattanefndar innan þrjátíu daga frá póstlagningu ákvörðunar. Sektarfjárhæð, sem ríkisskattstjóri ákvarðar, dregst frá sektarfjárhæð skv. 1. og 2. mgr.

Gera má lögaðila sekt fyrir brot á lögum þessum óháð því hvort brotið megi rekja til saknæms verknaðar fyrirsvarsmanns eða starfsmanns lögaðilans.

h. (19. gr.)

Yfirskattanefnd úrskurðar sektir skv. 1. mgr. 18. gr., nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 2. mgr. Úrskurður yfirskattanefndar er fullnaðarúrskurður. Vararefsing fylgir ekki sektarúrskurðum nefndarinnar.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur eftir kröfu sökunauts eða af sjálfsdáðum vísað máli til opinberrar rannsóknar.

Sök skv. 18. gr. fyrnist á sex árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum skattrannsóknarstjóra ríkisins eða rannsóknarlögreglustjóra ríkisins gegn skattaðila sem sökunaut, enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

i. (20. gr.)

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

Um þau atriði, sem ekki er kveðið sérstaklega á um í lögum þessum, fer samkvæmt lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Ákvæði laga þessara um álagningu þungaskatts, svo og um áætlun á þungaskatti og álag á skattinn ef mætt er of seint eða ekki er mætt í álestur, skulu gilda við álagningu þungaskatts vegna aksturs á öðru gjaldtímabili ársins 1996. Ákvæði laganna um skyldu til skráningar í akstursbók, eftirgjöf þungaskatts, endurákvörðun og refsingu skulu gilda um akstur frá upphafi þriðja gjaldtímabils ársins 1996, 11. júní 1996. Ákvæði laganna um málsmeðferð vegna brota á lögum nr. 3/1987 skulu gilda um brot sem framin voru fyrir gildistöku laga þessara.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal ákvæðum þessara laga frá gildistöku þeirra ætíð beitt við ákvörðun þungaskatts vegna aksturs á fyrri gjaldtímabilum, að því leyti sem þau eru ívilnandi fyrir greiðendur skattsins.

II.

Frá og með 1. ágúst 1996 falla úr gildi heimildir sem verkstæðum hafa verið veittar til ísetningar og úrtöku ökumæla og mælabúnaðar. Verkstæði, sem óska eftir að fá slíka heimild, skulu sækja um það til ríkisskattstjóra.

1151. Lög [313. mál]

um breytingu á lögum nr. 74/1984, um tóbaksvarnir.

(Afgreidd frá Alþingi 3. júní.)

Samhljóða þskj. 1015 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:

8. gr. laganna orðast svo:

8.1. Tóbak má hvorki selja né afhenda einstaklingum yngri en 18 ára. Bann þetta skal auglýst með áberandi hætti þar sem tóbak er selt. Leiki vafi á um aldur kaupandans getur sala því aðeins farið fram að hann sýni með skilríkjum fram á að hann sé orðinn 18 ára.

8.2. Bannað er að flytja inn, framleiða og selja leikföng eða sælgæti sem er eftirlíking af sígarettum, vindlum eða reykjarpípum eða er ætlað að minna á tóbak með öðrum hætti, svo sem myndskreytingu.

8.3. Bannað er að selja tóbak úr sjálfsölum.

8.4. Ekki er heimilt að selja sígarettur í minna magni en heilum 20 stykkja pökkum.

8.5. Bannað er að flytja inn, framleiða og selja fínkornótt neftóbak og munntóbak, að undanskildu skrotóbaki.

8.6. Ekki má selja tóbak í skólum, stofnunum fyrir börn og unglinga eða á heilbrigðisstofnunum.

1152. Svar [517. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Hjálmars Árnasonar og Guðmundar Árna Stefánssonar um kærur vegna iðnlagabrota.

Einstakir liðir fyrirspurnarinnar eru orðaðir þannig að ekki er fyllilega ljóst hvort verið er að leita eftir upplýsingum um kærur til lögreglu eða ákærur sem gefnar eru út af ríkissaksóknara eða öðrum ákærendum. Svörin taka mið af því síðar nefnda. Í þessum inngangi verður þó vikið nokkuð að kærum almennt.

Allur gangur er á því hvernig upplýsingar um afbrot berast lögreglu og þeim sem með ákæruvald fara. Í sumum tilvikum er um að ræða formlegar kærur frá einstaklingum en í öðrum tilkynningar um tiltekna háttsemi eða upplýsingar um hana. Eins geta lögreglumenn eða ákærendur sjálfir orðið áskynja um afbrot. Þar sem mörkin á milli upplýsinga eða kvartana og formlegrar kæru eru oft óljós getur verið erfitt að henda reiður á fjölda kæra.

Dómsmálaráðuneytið hefur á síðustu tveimur árum unnið að gerð upplýsingakerfa fyrir lögreglu og vonir standa til að í árslok verði allar lögreglustöðvar og sýslumannsembætti tengd með víðneti við miðlægan gagnagrunn sem hafi að geyma upplýsingar um kærur og önnur lögreglumál. Upplýsingar af því tagi sem beðið er um í fyrirspurninni verða því mun aðgengilegri í nánustu framtíð.

Í svarinu er iðnlagabrot skilgreint sem brot gegn iðnaðarlögum, nr. 42/1978. Viðurlög við brotum á iðnaðarlögum eru bundin við sektir og sviptingu réttinda þannig að ákæruvald vegna iðnlagabrota er hjá lögreglustjórum, sbr. 1. mgr. 28. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, og tilkynningar ríkissaksóknara frá 14. maí 1993, um málshöfðunarheimildir lögreglustjóra, þó þannig að ef um er að ræða sjaldgæf, sérstæð eða mjög alvarleg brot er rétt að leita viðhorfa ríkissaksóknara.

Í kjölfar fyrirspurnarinnar var héraðsdómstólunum send beiðni um svör við einstökum spurningum og byggist svar ráðuneytisins á svörum héraðsdómstólanna sem aftur sækja sínar upplýsingar í tölvutækar málaskrár sem færðar hafa verið frá árinu 1992. Upplýsingar um iðnlagabrot sem og aðra refsiverða háttsemi fyrir 1. júlí 1992 eru svo

brotakenndar og torsóttar að ráðuneytið hefur ekki treyst sér til að taka þær saman og taka svörin því aðeins til tímabilsins frá 1. júlí 1992 til ársloka 1995 eða tæpra fjögurra ára. Forstöðumenn héraðsdómstólanna voru þó beðnir um að veita upplýsingar um mál af þessu tagi frá fyrri tíma ef slíkar upplýsingar væru tiltækar.

1. *Hversu margar kærur hafa verið gefnar út vegna iðnlagabrota sl. tíu ár?*

Samkvæmt upplýsingum héraðsdómstólanna var aðeins gefin út ein ákæra vegna iðnlagabrots á tímabilinu frá 1. júlí 1992 til 31. desember 1995. Þessi ákæra var gefin út 25. janúar 1994 og móttekin í héraðsdómi Suðurlands 3. febrúar sama ár.

Upplýsingar bárust um annað brot úr umdæmi héraðsdóms Austurlands frá árinu 1991. Um var að ræða kærumál sem varðaði starfsemi á sviði málaraiðnar og lauk því með sátt um greiðslu sektar.

2. *Hvernig skiptast kærurnar eftir*
   a. *iðngreinum,*
   b. *sveitarfélögum?*

Umrædd ákæra sem héraðsdómur Suðurlands hafði til meðferðar á árinu 1994 var vegna brots á sviði húsasmíði og var brotið framið í Vestmannaeyjum.

3. *Hversu stórum hluta kæranna lauk með dómi?*

Umræddu máli, sem rekið var fyrir héraðsdómi Suðurlands, lauk með viðurlagaákvörðun um greiðslu sektar skv. 124. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991. Viðurlagaákvörðun er ígildi dóms.

1153. Nefndarálit [139. mál]

um till. til þál. um nýtt mat á jarðskjálftahættu og styrkleika mannvirkja á Suðurlandi.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið umsagnir frá Orkustofnun, Landsvirkjun, Norrænu eldfjallastöðinni, Veðurstofu Íslands, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og borgarverkfræðingnum í Reykjavík.

Tillagan fjallar um úttekt á mannvirkjum á Suðurlandi með tilliti til jarðskjálftahættu, gerð áætlunar um úrbætur til að styrkja eða úrelda mannvirki sem talin eru ótraust og kortlagningu svæða með tilliti til staðbundinnar jarðskjálftahættu. Hafin er vinna að þessu á vegum Sambands sunnlenskra sveitarfélaga og fleiri aðila, en nauðsynlegt er að samræma þær aðgerðir. Jafnframt er nú unnið að heildarendurskoðun laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985. Meðal þess sem þar er til endurskoðunar er hlutverk ofanflóðasjóðs með tilliti til annarra náttúruhamfara og forvarna, sbr. álit umhverfisnefndar um frumvarp til laga um breyting á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum á þskj. 1030.

Nefndin telur að með þingmálinu sé vakin athygli á verkefni og vinnu sem æskilegt sé að styðja og samræma öðrum þáttum er tengjast viðbrögðum við náttúruhamförum. Því leggur nefndin til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Ásta R. Jóhannesdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk því sem fram kemur í áliti þessu.

Alþingi, 3. júní 1996.

Ólafur Örn Haraldsson, form., frsm.	Gísli S. Einarsson.	Árni M. Mathiesen.
Ísólfur Gylfi Pálmason.	Tómas Ingi Olrich.	Hjörleifur Guttormsson.
Katrín Fjeldsted.	Kristín Halldórsdóttir.	Einar Oddur Kristjánsson.

1154. Frumvarp til laga [540. mál]

um breyting á lögum um eftirlaun alþingismanna, nr. 46/1965, með síðari breytingum.

Flm.: Ragnar Arnalds, Sturla Böðvarsson,
Guðni Ágústsson, Guðmundur Árni Stefánsson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Á eftir 2. málsl. greinarinnar kemur nýr málsliður er orðast svo: Á sama hátt greiðir forseti Alþingis í sjóðinn 4% af forsetalaunum eins og þau eru ákveðin á hverjum tíma og miðast mótframlag úr ríkissjóði við þau laun.
b. Við greinina bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Með „alþingismanni“ er í lögum þessum átt við þann sem tekið hefur fast sæti á Alþingi. Sömu reglur skulu einnig gilda um ráðherra sem ekki er jafnframt alþingismaður.

Varaþingmaður skal einnig greiða í sjóðinn af þingfararkaupi sínu og eiga rétt til eftirlauna skv. 2.–3. gr.

Þegar réttindi alþingismanna samkvæmt lögunum eru reiknuð út skal telja með þann tíma sem þeir greiddu í sjóðinn sem varaþingmenn.

2. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, 5. mgr., er orðast svo:

Þeir sem gegnt hafa embætti forseta Alþingis eftir gildistöku laga nr. 88/1995 skulu, auk réttar skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar, eiga rétt til viðbótargreiðslna úr sjóðnum eftir sömu reglum og gilda um eftirlaun ráðherra, sbr. lög nr. 47/1965, með síðari breytingum, fyrir þann tíma er þeir voru í embætti. Greiðslur samkvæmt þessari málsgrein og greiðslur úr eftirlaunadeild ráðherra, sem fyrrverandi forseti kann að eiga rétt á, mega þó aldrei nema samtals hærri fjárhæð en 50% af ráðherralaunum og skerðast greiðslur samkvæmt þessari málsgrein sem því nemur.

3. gr.

4. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 73/1982, orðast svo:

Eftirlifandi maki alþingismanns, fyrrverandi alþingismanns eða varaþingmanns á rétt á eftirlaunum að honum látnum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Eftirlaunaréttur maka alþingismanns eða fyrrverandi alþingismanns skal vera 20% af þingfararkaupi að viðbættum helmingnum af þeim hundraðshluta sem hinn látni alþingismaður hafði áunnið sér skv. 1.–2. mgr. 3. gr. Sé makalífeyrir samkvæmt þessari málsgrein hærri hundraðshluti en sá sem hinn látni alþingismaður hafði áunnið sér skal það sem umfram er falla niður eftir þrjú ár eða þegar yngsta barn hans verður 18 ára ef síðar er.

Eftirlifandi maki varaþingmanns skal eiga rétt á eftirlaunum er nema helmingnum af þeim hundraðshluta sem hinn látni varaþingmaður hafði áunnið sér skv. 1.–2. mgr. 3. gr. Hafi samanlögð þingseta varamanns numið tveimur árum á eftirlifandi maki þó sama rétt og eftirlifandi makar alþingismanna og fyrrverandi alþingismanna skv. 2. mgr. þessarar greinar.

Eftirlifandi maki fyrrverandi forseta Alþingis á rétt á viðbótargreiðslu sem nemur helmingi þess réttindahlutfalls af ráðherralaunum sem forsetinn hafði aflað sér skv. 5. mgr. 3. gr. laganna, auk 20% nema makinn eigi jafnframt rétt í ráðherradeild sjóðsins.

Eftirlaun maka fylgja þingfararkaupi alþingismanna eins og það er á hverjum tíma og er sá hundraðshluti þess sem eftirlaunaréttur skv. 2.–4. mgr. þessarar greinar segir til um.

Reglur 4.–7. mgr. 14. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins skulu gilda um makalífeyri alþingismanna eftir því sem við á.

4. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., er orðast svo:

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um börn eða kjörbörn varaþingmanna nema þingseta varaþingmanns hafi varað a.m.k. tvö ár samanlagt.

5. gr.

6. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði a-liðar 1. gr. gilda frá 1. júlí 1995.

Ný ákvæði 4. og 5. gr. laganna skerða ekki rétt þeirra er við gildistöku þessara laga taka maka- eða barnalífeyri úr sjóðnum eða hafa þá öðlast rétt til slíkrar greiðslu.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu eru aðallega tvö efnisatriði. Hið fyrra lýtur að starfskjörum forseta Alþingis. Með 2. gr. laga nr. 88/1995, um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, var stefnt að því að forseti Alþingis nyti sömu launa- og starfskjara og ráðherra. Með starfskjörum er m.a. átt við eftirlaunarétt. Eftirlaunum ráðherra er skipað með lögum nr. 47/1965, með síðari breytingum, og er eftirlaunasjóður ráðherra sérstök deild innan Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Hins vegar þykir ekki eðlilegt að forsetar Alþingis greiði í þann sjóð eins og ráðherrar. Til þess að lögfesta fyrri ákvarðanir Alþingis um stöðu þingforseta að þessu leyti er í frumvarpinu lagt til að hann greiði af öllum launum sínum fyrir forsetastarfið í eftirlaunadeild alþingismanna og öðlist þar viðbótarrétt sem sé hliðstæður eftirlaunarétti ráðherra. Réttur ráðherra til eftirlauna er 6% fyrir hvert ár í embætti, þó aldrei meira en 50% af ráðherralaunum, þ.e. þeim launum sem ráðherrar hafa fyrir starfa sinn umfram þingfararkaup.

Síðara efnisatriði frumvarpsins miðar að því að þrengja rétt til makalífeyris. Samkvæmt túlkun stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins á 4. gr. laga nr. 46/1965, um eftirlaun alþingismanna, eins og henni var breytt með lögum nr. 73/1982, hefur eftirlifandi mökum varaþingmanna verið greitt úr sjóðnum að lágmarki 20% af þingfararkaupi auk helmings af réttindum varaþingmannsins. Varaþingmenn sitja alla jafna stuttan tíma á Alþingi, sumir aðeins í tvær vikur og öðlast við það rétt til lífeyris sem nemur 0,08% af þingfararkaupi, nú um 150 kr. á mánuði. Makinn fær hins vegar við andlát varaþingmannsins samkvæmt þessari túlkun lagagreinarinnar tæplega 40 þús. kr. á mánuði í makalífeyri. Með frumvarpi þessu er hins vegar afnuminn réttur eftirlifandi maka varaþingmanns til eftirlauna sem eru hærri en eftirlaun varaþingmannsins voru. Jafnframt er 4. gr. laganna breytt þannig að lífeyrir eftirlifandi maka alþingismanns eða fyrrverandi alþingismanns geti aldrei orðið hærri en eftirlaun þingmannsins, nema um mjög skamman tíma. Við þetta skerðast eftirlaun eftirlifandi maka alþingismanns eða fyrrverandi alþingismanns ef hinn látni hafði setið á Alþingi skemur en 12 ár, en sá þingsetutími veitir rétt til 40% eftirlauna.

Það skal áréttað sérstaklega að með frumvarpi þessu er einvörðungu verið að sníða vankanta af lögunum og samræma þau fyrri ákvörðun Alþingis um launa- og starfskjör forseta þingsins. Frumvarpið felur því ekki í sér almenna endurskoðun laganna um eftirlaun alþingismanna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eins og rakið er í inngangi greinargerðarinnar er ákvæði a-liðar 1. gr. frumvarpsins í samræmi við 2. gr. þingfararkaupslaganna nýju sem tóku gildi 1. júlí 1995, þ.e. að forseti Alþingis njóti í öllu tilliti sömu launa og starfskjara og ráðherrar. Óvissa hefur ríkt um greiðslu lífeyrisiðgjalds af launum forseta. Samkvæmt bréfi stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins frá 9. október 1995 miðast greiðsla enn við þingfararkaup en ekki full laun forsetans eins og þau eru ákvörðuð af Kjaradómi. Hlýtur það að teljast óeðlileg skipan og ekki í samræmi við þau markmið sem stefnt var að með breytingum á launa- og starfskjörum forseta Alþingis.

Í b-lið greinarinnar er tekin í lögin skilgreining á því hvað átt er við með orðinu „alþingismaður“. Alþingismaður er samkvæmt því hver sá sem tekið hefur fast sæti á Alþingi, þ.e. verið kjörinn á þing eða hlotið fast sæti við afsögn aðalmanns eða andlát. Ráðherrar, sem ekki eru jafnframt kjörnir alþingismenn, utanþingsráðherrar, eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi, sbr. 51. gr. stjórnarskrárinnar, og því þykir eðlilegt að þeir hafi sama rétt samkvæmt lögunum og alþingismenn, enda er það í samræmi við venju.

Þá eru enn fremur í b-lið greinarinnar tekin af tvímæli um rétt varaþingmanna en engin ákvæði hafa verið um þá í lögum um eftirlaun þingmanna. Þeir hafa greitt til lífeyrissjóðsins af launum sínum um nokkurn tíma og verið úrskurðaður lífeyrir á grundvelli lögfræðiálits sem stjórn lífeyrissjóðsins hefur aflað sér. Stjórn sjóðsins hefur í framhaldi af því talið varaþingmenn njóta allra sömu réttinda og alþingismenn samkvæmt lögunum og að makar þeirra eigi rétt til lífeyris. Samkvæmt þessu frumvarpi eiga varaþingmenn rétt til lífeyris skv. 2.–3. gr. laganna, en jafnframt er kveðið sérstaklega á um eftirlaunarétt eftirlifandi maka varaþingmann í 4. gr. laganna, sbr. athugasemdir við 3. gr. frumvarpsins. Þykir eðlilegt að fylgja þeirri meginreglu að greitt sé lífeyrissjóðsiðgjald af launum varaþingmanna eins og öðrum launagreiðslum og að þeir eignist rétt til eft-

irlauna samkvæmt því þótt lítil séu. Réttur maka þeirra til eftirlauna, sem geta verið mörghundruð sinnum hærri, er hins vegar skertur.

Loks er í greininni lögfest sú venja að tíminn, sem alþingismenn hafa setið á þingi sem varamenn, teljist með þeim tíma sem þeir hafa setið sem aðalmenn þegar reiknað er út lífeyrishlutfall þeirra og önnur réttindi samkvæmt lögunum.

Um 2. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að í eftirlaunadeild alþingismanna myndist viðbótarréttur fyrir fyrrverandi forseta Alþingis, sem kosnir eru eftir 1995, eftir sömu reglum og gilda um ráðherra í eftirlaunadeild þeirra. Samkvæmt reglum í 3. gr. laga nr. 47/1965, um eftirlaun ráðherra, með síðari breytingum, eiga þeir sem gegnt hafa ráðherraembætti í a.m.k. eitt ár rétt á eftirlaunum sem nema 6% fyrir hvert ár og samsvarandi hlutfallslega fyrir hvern byrjaðan mánuð.

Þar sem ætlunin er að gera forseta Alþingis að þessu leyti jafnsettan ráðherra er eðlilegt að viðbótarréttur hans í lífeyrissjóði alþingismanna og hugsanlegur réttur hans í lífeyrissjóði ráðherra séu samanlagt háðir sömu takmörkunum og gilda um ráðherra, þ.e. að eftirlaunahlutfallið fari ekki yfir 50% af ráðherralaunum. Með ráðherralaunum er í þessu sambandi átt við þau föstu laun sem ráðherra hefur umfram þingfararkaup. Fyrrverandi forseti Alþingis, sem gegnt hefði ráðherraembætti í rúm átta ár, og þar með öðlast hámarkslífeyri í ráðherrasjóðnum, nyti því ekki góðs af þessum viðbótarrétti í lífeyrissjóði alþingismanna. Skerðing vegna 50%-hámarksins verður því á greiðslum úr alþingismannadeildinni en ekki ráðherradeildinni.

Rétt er að benda á að fyrrverandi forseti, sem starfað hefði skemur en eitt ár og ætti ekki rétt í eftirlaunasjóði ráðherra, nyti ekki viðbótargreiðslna fremur en ráðherra sem setið hefur skemur en eitt ár. Loks er þess að geta að um viðbótargreiðslur þessar gilda ákvæði 2. gr. laga nr. 47/1965, sbr. 7. gr. laga nr. 73/1982, þ.e. að þær hefjast ekki fyrr en við 65 ára aldur jafnvel þótt taka lífeyris samkvæmt lögum um eftirlaun alþingismanna sé hafin áður.

Um 3. gr.

Í 3. gr. felst annað meginefnisatriði þessa frumvarps og eru ástæður greinarinnar raktar í inngangi greinargerðar. Ákvæðið felur í sér þá reglu að makalífeyrir verði ekki hærri en eftirlaun fyrrverandi alþingismanns, nema um skamman tíma. Réttur maka látinna varaþingmanna til eftirlauna verður ekki lengur jafn rétti eftirlifandi maka alþingismanns eða fyrrverandi alþingismanns nema varaþingmaðurinn hafi átt setu á Alþingi í samtals tvö ár. Með ákvæði þessu, sbr. einnig 1. gr. frumvarpsins, er létt af sjóðnum lífeyrisskuldbindingum sem í árslok 1992 voru taldar nema um 365 millj. kr. Eftirlifandi makar varaþingmanna, sem fá nú greiðslu úr sjóðnum, eru þó tiltölulega fáir. Það skýrist m.a. af því að einungis 20 varaþingmenn tóku sæti á Alþingi fram til ársins 1959, enda víða um land fram að þeim tíma einmenningskjördæmi þar sem engir varaþingmenn voru kjörnir. Varaþingmönnum, sem tekið hafa sæti á Alþingi síðan 1959, hefur hins vegar fjölgað mjög, voru orðnir 254 um sl. áramót.

Í 4. mgr. er sett inn ákvæði um rétt maka forseta þingsins til viðbótarlífeyris þannig að honum séu tryggð sambærileg réttindi og ef þingforseti hefði greitt í ráðherradeildina. Maki fyrrverandi forseta á þá, auk hins almenna makalífeyrisréttar samkvæmt lögunum, rétt til greiðslu sem nemur 20% af ráðherralaunum auk helmings af því réttindahlutfalli sem forsetinn hafði aflað sér skv. 5. mgr. 3. gr. laganna (2. gr. frumvarpsins), þ.e. þeim

launum þingforseta sem eru umfram þingfararkaup, en þau eru jafnhá ráðherralaunum. Ef forsetinn hafði einnig áunnið sér eftirlaunarétt sem ráðherra falla 20% niður því að makinn ætti þá slíkan rétt í þeirri deild. Miðar sú skerðing að því að gera maka forseta að þessu leyti jafnsettan maka ráðherra. Makalífeyrir samkvæmt þessari málsgrein getur aldrei orðið hærri en 45% af ráðherralaunum.

Þá er felld inn í greinina tilvísun til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og kveðið á um að reglur 4.–7. mgr. 14. gr. laganna skuli gilda um makalífeyri alþingismanna úr sjóðnum eftir því sem við eigi. Fjalla þær um skiptingu makalífeyris ef alþingismaður hefur verið tvígiftur, um hvernig með skuli fara ef eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, um greiðslu til sambúðarmanns eða sambúðarkonu og fleiri áþekk atriði sem gilda um makalífeyri úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Um 4. gr.

Ákvæði þetta er sett til samræmis við þá meginstefnu sem fram kemur í 1. og 3. gr. frumvarpsins um eftirlaunarétt maka varaþingmanna. Þykir eðlilegt, líkt og gildir um eftirlifandi maka varaþingmanna, að börn eða kjörbörn varaþingmanna njóti ekki til fulls jafns réttar á við börn eða kjörbörn alþingismanna eða fyrrverandi alþingismanna nema varaþingmaðurinn hafi átt setu á Alþingi í samtals tvö ár.

Um 5. gr.

Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að 6. gr. laganna, sem fjallar um makalífeyri, falli brott því að greinin hefur ekki lengur sjálfstætt gildi eftir breytingar sem gerðar hafa verið á lögunum. Ákvæði um makalífeyri eru nú í 4. gr. laganna.

Um 6. gr.

Í 6. gr. er auk gildistökuákvæðis tekið sérstaklega fram að ákvæði a-liðar 1. gr., sem fjallar um iðgjaldagreiðslur þingforseta, skuli gilda frá 1. júlí 1995 þegar lög nr. 88/1995, um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, tóku gildi, en frumvarp þetta er að hluta flutt í framhaldi af þeirri lagasetningu til að tryggja samræmi eftirlaunalaganna við 2. gr. þingfararkaupslaganna.

Þá er í greininni kveðið á um að ákvæði 4. og 5. gr. frumvarpsins um maka- eða barnalífeyri skerði ekki rétt þeirra er við gildistöku þessara laga taka maka- eða barnalífeyri úr sjóðnum eða hafa öðlast rétt til greiðslu slíks lífeyris á þeim tíma. Hvað makalífeyri varðar gildir þetta fyrst og fremst um maka varaþingmanna, en einnig um maka alþingismanna sem hafa ekki náð 40% réttindahlutfalli, þ.e. setið skemur en 12 ár á Alþingi. Með ákvæði þessu fellur því niður núverandi réttur maka varaþingmanna til jafns lífeyrisréttar á við maka alþingismanna og fyrrverandi alþingismanna við greiðslu úr lífeyrissjóðnum ef varaþingmaðurinn er á lífi við gildistöku laganna.

1155. Frumvarp til laga [541. mál]

um breyting á lögum um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, nr. 88/1995, með síðari breytingu.

Flm.: Geir H. Haarde, Valgerður Sverrisdóttir, Svavar Gestsson,
Rannveig Guðmundsdóttir, Svanfríður Jónasdóttir,
Guðný Guðbjörnsdóttir.

1. gr.

Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Nú tekur alþingismaður, er nýtur biðlauna skv. 1. mgr., við starfi í þjónustu ríkisins eða annars aðila áður en þriggja eða sex mánaða tímabilið er liðið og skulu þá launagreiðslur samkvæmt þessari grein falla niður ef laun þau er nýja starfinu fylgja eru jöfn eða hærri en biðlaunagreiðslur til hans. Ef launin í nýja starfinu eru lægri skal greiða honum launamismuninn til loka þriggja eða sex mánaða tímabilsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í framhaldi af samþykkt nýrra laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í frumvarpinu felst að hið almenna ákvæði þeirra laga um skerðingu biðlaunagreiðslna, ef menn taka strax við nýju starfi, gildi jafnt um alþingismenn sem um starfsmenn ríkisins.

1156. Skýrsla [369. mál]

forsætisráðherra um laun og lífskjör á Íslandi, í Danmörku og víðar, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

Inngangur

Samanburður á launum og lífskjörum á Íslandi og í öðrum löndum hefur verið fyrirferðamikill í efnahags- og þjóðmálaumræðu hér á landi undanfarin misseri. Sitt sýnist hverjum um þessi efni og er það að vonum því slíkur samanburður er vandasamur og flókinn. Það þarf því að hafa marga fyrirvara á svona efni.

Umræðan hefur hins vegar um margt verið gagnleg. Hún hefur smám saman skýrt meginlínur í lífskjörum á Íslandi í samanburði við önnur lönd. Þessar meginlínur sýna annars vegar að hagsæld hér á landi er á svipuðu stigi og í þeim löndum þar sem hún er hvað mest og hins vegar að Íslendingar hafa meira fyrir því að afla gæðanna en þær þjóðir sem eru á áþekku hagsældarstigi.

Mörgum spurningum er hins vegar ósvarað og verður eflaust seint gerð full skil. Til þess að stuðla að frekari umræðu um þessi mál á raunhæfum grunni óskaði forsætisráðherra snemma á þessu ári eftir því að Þjóðhagsstofnun tæki saman efni um lífskjör hér á landi og annars staðar. Jafnframt fól forsætisráðuneytið stofnuninni með bréfi dagsettu 13. mars síðastliðinn að svara ítarlegum spurningum í skýrslubeiðni frá Alþingi um muninn á launum og lífskjörum á Íslandi og í Danmörku.

Þjóðhagsstofnun hefur eftir föngum reynt að svara fyrirspurninni, sumum spurningum eru gerð veruleg skil en öðrum minni. Jafnframt reyndist nauðsynlegt að draga fram ýmsa þætti sem miklu skipta við slíkan samanburð.

Mikil upplýsingaöflun um kjör danskra launþega liggur að baki þessari skýrslu. Margir þættir sem mynda lífskjör Dana eru mjög flóknir og erfitt að setja sig inn í þau á skömmum tíma. Stofnunin hefur leitað fanga víða og einkum notið aðstoðar efnahagsráðuneytisins (Økonomiministeriet) og fjármálaráðuneytisins í Danmörku.

Það liggur í hlutarins eðli að svona samanburður verður ekki tæmandi og aldrei vafalaus. Þjóðhagsstofnun hefur hins vegar dregið saman miklar upplýsingar um lífskjör í ýmsum löndum sem hún telur að geti komið að gagni og jafnframt orðið grunnur að frekari rannsóknum á þessu sviði.

Helstu niðurstöður í þessari skýrslu eru eftirfarandi.

- Öll kennileiti sem helst er litið til í alþjóðlegum samanburði sýna að lífskjör eru góð á Íslandi. Þannig var landsframleiðsla á mann árið 1994 3,4% meiri hér á landi en að meðaltali í aðildarríkjum OECD og 7,6% meiri en að meðaltali í ESB. Sömu sögu segja aðrir mælikvarðar, svo sem stærð íbúðarhúsnæðis, fjöldi bifreiða og sjónvarpstækja á íbúa og vísbendingar um gæði heilbrigðisþjónustu. Hins vegar vinna Íslendingar meira en flestar aðrar þjóðir og landsframleiðsla á vinnustund er langt undir meðaltali OECD-ríkjanna.

- Til marks um mikla vinnu er bæði mikil atvinnuþátttaka og langur vinnudagur. Sem dæmi má nefna að fullvinnandi fólk á Íslandi vinnur að meðaltali 50 klukkustundir á viku en aðeins 39 í Danmörku. Í þessu felst að framleiðni er lítil hérlendis og fyrir vikið er tímakaup lægra en í flestum öðrum aðildarríkjum OECD. Tímakaup í dönskum iðnaði, en þar er það hæst, er til dæmis 55% hærra en í sænskum iðnaði og 97% hærra en í íslenskum. Lítil framleiðni er án efa helsta skýringin á hversu tímakaup er lágt hér á landi.
- Samkvæmt skattagögnum voru tekjur hjóna í Danmörku að jafnaði 39% hærri en á Íslandi árið 1993. Þessi munur verður hins vegar mun minni þegar litið er til ráðstöfunartekna þeirra þar sem skattbyrðin er þyngri í Danmörku. Þannig voru meðalráðstöfunartekjurnar í Danmörku 226,9 þúsund krónur á mánuði borið saman við 197,4 þúsund krónur hér á landi. Munurinn var því 14,9%. Rétt er að vekja athygli á því að svona samanburður er næmur fyrir hagsveiflunni og árið 1993 var Íslendingum erfitt.
- Eðli málsins samkvæmt er mikill munur á launum einstakra hópa á Íslandi og í Danmörku. Þetta á jafnt við um almenna vinnumarkaðinn sem opinbera geirann. Sem dæmi má taka að danskur byggingarverkamaður hefur um 28% hærri ráðstöfunartekjur en sá íslenski. Íslenskt fiskverkafólk hefur nokkru minna til ráðstöfunar en danskt en lítill munur er á afgreiðslufólki á kassa. Flestar stéttir hjá hinu opinbera á Íslandi eru með lægri ráðstöfunartekjur en sambærilegar stéttir í Danmörku. Þetta gildir þó ekki um hjúkrunarfræðinga og héraðsdómara.
- Byrði beinna skatta er mun þyngri í Danmörku en hér á landi. Meðalheimili í Danmörku greiðir 38% tekna sinna í tekju- og eignarskatta, samanborið við 21% á Íslandi. Það er greiddur skattur af hverri krónu launa í Danmörku en skattleysismörk hér á landi voru 57.200 kr. á mánuði.
- Jaðarskattar eru mun hærri í Danmörku en á Íslandi. Hæsti jaðarskatturinn þar var 70%, sem bera má saman við 46,84% á Íslandi.
- Margs konar tekjutenging bóta hefur aukist mjög á Íslandi sem og raunar víða annars staðar og er hún mun meiri og brattari á flestum sviðum en í Danmörku. Þannig eru ýmsar bætur sem standa hinum allra tekjulægstu til boða hærri á Íslandi en í Danmörku, nefna má vaxtabætur og barnabætur með barnabótaauka. Tekjutengingin er hins vegar það brött hér á landi að bætur til fólks með lágar meðaltekjur fær mun minna en í Danmörku.
- Útgjöld til félagsmála eru miklu meiri í Danmörku en á Íslandi. Sem hlutfall af landsframleiðslu námu þau 32,9% í Danmörku samanborið við 18,9% í Danmörku. Tilfærslutekjur (lífeyrir og bætur) danskra heimila eru miklu meiri en íslenskra, eða sem nemur 42%-43% af heildarlaunatekjum á móti 17%-18% á Íslandi.
- Verðlag einkaneyslu var 9,2% hærra í Danmörku en á Íslandi árið 1993. Jafnvirðisgildi íslensku krónunnar gagnvart þeirri dönsku var 9,66 kr. árið 1994 miðað við verðlag landsframleiðslu eins og það er metið af OECD.

1. Lífskjör þjóða

Lífskjör manna hafa margar víddir og mat á þeim hlýtur þegar upp er staðið að vera einstaklingsbundið. Tekjur manna eru vissulega einn mikilvægur kvarði á lífskjörin vegna þeirrar neyslu sem þær gefa færi á. Í velferðarríkinu er tekjumyndunin óneitanleg flókin, ekki nægir að einblína á laun að frádregnum sköttum. Heldur verður einnig að líta gaumgæfilega á það sem einstaklingurinn fær fyrir skattana bæði sem tilfærslur (barnabætur, lífeyri o.fl.) og í formi samneyslugæða. En tekjur eða neysla er engan veginn einhlítur kvarði. Frítími er mikilvæg gæði í huga hvers manns, þótt iðjuleysi sé án efa fáum að skapi. Tekjuauki sem til verður vegna aukinnar yfirvinnu er engan veginn jafngóður og sá sem fæst án viðbótarvinnu. Ýmis gæði sem teljast til lífskjara er trauðla hægt að meta í peningagildum. Þar má nefna hreina náttúru, lág glæpatíðni, langlífi o.fl.

Almennt er erfitt að bera saman lífskjör eins manns við annan. Það verkefni verður ekki auðveldara ef þeir búa ekki í sama landshluta og enn erfiðara verður að bera saman lífskjör milli þjóða.

1.1 Alþjóðlegur verðlagssamanburður

Við samanburð hagstærða milli landa er nauðsynlegt að hafa í huga að verðlag er mjög mismunandi eftir löndum og misjafnt er hversu gengi einstakra gjaldmiðla mælir raunverulegan kaupmátt þeirra. Til þess að bera magnstærðir saman á raunhæfan hátt verður að athuga kaupmátt gjaldmiðla, t.d. hver kaupmáttur eins Bandaríkjadollara er á Íslandi og í Bandaríkjunum. Hversu mikið af vörum og þjónustum er hægt að kaupa fyrir einn dollara hér á landi og í Bandaríkjunum?

Til þess að svara þessari spurningu hefur verið þróuð aðferð til að bera saman verðlag þannig að skráð gengi hefur ekki bein áhrif á. Aðferðin byggist á að bera saman verðhlutföll milli landa á sömu eða hliðstæðum vörum og þjónustu og reikna viðmiðunartölur, jafnvirðisgildi[1] sem nota má í stað gengis við samanburð.

- Jafnvirðisgildi er umreikningstala fyrir mismunandi gjaldmiðla í stað gengis.
- Jafnvirðisgildi sýnir hvað mikið þarf í gjaldmiðlum einstakra landa til að kaupa sama magn vöru og þjónustu í öðrum löndum.
- Jafnvirðisgildi sýnir verðhlutföll milli gjaldmiðla á sambærilegu verðlagi.
- Jafnvirðisgildi jafnar mun á verðlagi milli landa við samanburð þjóðhagsstærða.

Útreikningur á jafnvirðisgildi byggist á verðsamanburði á sömu eða sambærilegum vörum og þjónustu. Vörur sem eru bornar saman verða helst að vera dæmigerðar fyrir landið og viðkomandi vöruhóp. Í hverju landi verður að vera til að minnsta kosti ein vörutegund í öllum flokkum sem hægt er að telja dæmigerða og er til í einu öðru ríki hið minnsta.

Niðurstaða þessa samanburðar sýnir að verðlag á Íslandi sem á hinum Norðurlöndunum er afar hátt. Verðlag einkaneyslu á Íslandi árið 1994 reyndist þannig vera 12,8% hærra en meðaltal 15 ESB-ríkja sem eru viðmiðunarlöndin. Þessi niðurstaða ræðst ekki síst af því hversu háir óbeinir skattar eru hér á landi og ennfremur er verð matvæla afar hátt hér á landi. Verðlag í Danmörku var 15,1% hærra en hér. Jafnvirðisgildi krónunnar gagnvart Bandaríkjadollara er af þessum sökum hærra en skráð gengi. Árið 1994 hefði gengið þurft að vera 84,2 kr. fyrir

[1] Jafnvirðisgildi er þýðing á Purchasing Power Parity, PPP.

Bandaríkjadollara til að kaupmáttur gjaldmiðlanna væri hinn sami gagnvart landsframleiðslu í stað hins skráða gengis upp á 69,9 kr.

Árið 1994 var gengi dönsku krónunnar 11 kr. Jafnvirðisgildið samkvæmt OECD er hins vegar 9,65 ísl. krónur. Og eru allar danskar fjárhæðir í skýrslunni umreiknaðar til íslenskrar krónu miðað við það gengi. OECD hefur einnig gert sérstaka könnun á verðlagi á Norðurlöndum. Vörukarfan sem þar er gengið út frá er nokkuð frábrugðin þeirri sem OECD styðst við fyrir öll OECD ríkin. Ef gengið er út frá hinni norrænu körfu fæst nokkuð önnur niðurstaða um jafnvirðisgildið eða 10,38.[2]

1.2 Alþjóðlegur samanburður á lífskjörum þjóða

Sá alþjóðlegi samanburður á lífskjörum sem til er fellur í tvo meginflokka; samanburður á peningastærðum, s.s. landsframleiðslu og neyslu á mann og samanburður á eignum manna, ævilengd o.fl.

Tafla 1.1 Landsframleiðsla á mann í OECD ríkjum 1994 í dollurum

		Á markaðsgengi	Á jafnvirðisgildi gjaldmiðla
1	Lúxemborg	35.281	29.454
2	Bandaríkin	25.512	22.512
3	Sviss	36.790	23.942
4	Noregur	28.434	21.968
5	Japan	36.732	20.756
6	**Danmörk**	**28.181**	**20.546**
7	Kanada	18.598	20.401
8	Austurríki	24.670	20.210
9	Belgía	22.515	20.166
10	Þýskaland	25.133	19.675
11	**Ísland**	**23.199**	**19.271**
12	Frakkland	22.944	19.201
13	Ítalía	17.796	18.681
14	Holland	21.733	18.589
15	Ástralía	18.072	18.382
16	Bretland	17.468	17.650
17	Svíþjóð	22.389	17.422
18	Nýja-Sjáland	14.513	16.248
19	Finnland	19.106	16.208
20	Írland	14.550	15.212
21	Spánn	12.321	13.581
22	Portúgal	8.792	12.335
23	Grikkland	9.167	11.315
24	Mexikó	3.991	7.239
25	Tyrkland	2.157	5.271
	OECD Samtals	20.970	18.646
	OECD Evrópa	17.742	16.321
	Evrópusambandið	19.798	17.914

[2] Edda Rós Karlsdóttir, hagfræðingur hjá Kjararannsóknarnefnd, hefur notað þá gengisforsendu í sínum athugunum á launum í Danmörku og á Íslandi. Sjá „Samanburður á tekjum verkafólks á Íslandi og í Danmörku", október, óbirt og *Laun verslunar- og skrifstofufólks á Íslandi og í Danmörku*, Verzlunarmannafélag Reykjavíkur, febrúar 1996.

Ísland var samkvæmt töflu 1.1 í 11. sæti meðal OECD ríkjanna yfir landsframleiðslu á mann miðað við jafnvirðisgildi gjaldmiðla. Tekjur Lúxemborgara eru langhæstar, 15,5% hærri en Bandaríkjamanna sem eru í 2. sæti og tæpum 52% hærri en Íslendinga. Tekjur Bandaríkjamanna, Svisslendinga og Japana skera sig einnig úr. En athyglisvert er hversu lítill munur er á næstu ríkjum. Á þeim ríkjum er nánast ekki marktækur munur. Sérstaka athygli vekur að Svíþjóð er lengi var með allra ríkustu þjóðum er nú í 17. sæti. Staða Íslands hefur versnað í þessum samanburði, en árið 1990 var Ísland í 8. sæti. Frá 1990 til 1994 vex landsframleiðsla á mann mælt í jafnvirðisgildi Bandaríkjadollars um 11,6% hér á landi, borið saman við 16,5% í OECD og 24,2% í Danmörku. Varasamt er þó að gera of mikið úr slíkum mun, sem oftar en ekki helgast af því hvar löndin eru í hagsveiflunni á hverjum tíma.

Þrátt fyrir að aðferðarfræði þjóðhagsreikninga sé alþjóðlega samhæfð gildir engu að síður að þessar tölur eru háðar allnokkurri óvissu. Samanburður á ýmsum öðrum velferðarmælikvörðum dregur úr þessari tölfræðilegu óvissu, en hver og einn kvarðinn er hins vegar takmarkaður og ekki unnt að draga almennar ályktanir.

Í töflu 1.2 gefur að líta nokkrar vísbendingar um íbúðarhúsnæði. Meðalstærð íbúða er hvergi meiri en hér á landi og þegar litið er á flatarmál á íbúa kemur í ljós að aðeins danir búa rýmra. Athygli vekur að íbúðir í byggingu eru miklu stærri hér en annars staðar. Hins vegar eru íbúðir í byggningu í Danmörku miklu minni en meðalíbúðin, en þessu er víðast annars staðar öfugt farið. Meðalíbúðin er m.ö.o. að stækka á Íslandi en fer minnkandi í Danmörku.

Tafla 1.2 Vísbendingar um íbúðarhúsnæði 1992

	Íbúðastærð á íbúa (m^2)	Meðalstærð íbúða (m^2)	Meðalstærð nýbygginga (m^2)	Fjöldi sumarhúsa á 1.000 íbúa
Ísland	**47,3**	**132,2**	**157,5**	**24,7**
Danmörk	**49,7**	**106,9**	**82,0**	**38,4**
Þýskaland	36,5	86,6	90,8	6,1
Svíþjóð	43,7	92,0	90,0	67,3
Holland	38,7	98,6	81,0	1,0
Bretland	32,8	79,7	76,0	4,2
Írland	27,2	95,0	120,0	...
Austurríki	37,0	85,0	99,0	25,9
Belgía	34,1	86,3	128,3	13,5
Frakkland	39,5	85,4	96,9	42,2
Lúxemborg	37,6	107,0	135,0	...
Ítalía	37,3	92,3	93,1	...
Spánn	36,9	83,6	93,3	67,9
Meðaltal ESB	36,5	86,9	91,4	24,6

Heimild: *Statistics on Housing in the European Community*, Eurostat 1993.

Fólksbifreiðar á 1.000 íbúa er algengur kvarði á velferð íbúa. Eins og tafla 1.3 sýnir er bifreiðaeign mikil á Íslandi og aðeins nokkur OECD lönd státa af fleiri bifreiðum á íbúa. Bílaeign Dana er tiltölulega lítil, en það skýrist af því að landið er mjög þéttbýlt, almenningssamgöngur eru góðar og hár skattur er innheimtur af bílum og bensíni.

Tafla 1.3 Fólksbifreiðar á 1.000 íbúa

	1976	1993	Árlegur vöxtur 1976-93 (%)
Ísland	**297**	**439**	**2,2**
Danmörk	**265**	**309**	**1,0**
Svíþjóð	350	410	1,0
Finnland	218	369	3,0
Noregur	253	377	2,5
Þýskaland	308	480 [a]	3,0
Bretland	255	362	2,0
Írland	175	253	2,0
Holland	273	376	2,0
Belgía	279	408	2,5
Austurríki	243	426	3,5
Frakkland	300	421	2,0
Ítalía	283	497 [b]	4,0
Spánn	148	335 [c]	5,0
Portúgal	107	231	4,5
Grikkland	55	189	7,5
Bandaríkin	505	565 [c]	0,5
Kanada	388	488 [c]	1,5
Japan	163	329 [c]	4,5

[a] 1990, [b] 1991, [b] 1992
Heimild: OECD, Danmarks statistik, Þjóðhagsstofnun.

Tafla 1.4 Vísbendingar um gæði heilbrigðisþjónustu

	Fjöldi lækna á þús. íbúa (1991)	Fjöldi sjúkrarúma á þús. íbúa (1991)	Ungbarnadauði í 0/00 af fjölda fæddra (1992)	Meðal ólifuð ævi meybarns við fæðingu
Ísland	**2,8**	**15**	**4,8**	**80,7**
Danmörk	**2,8**	**6**	**6,6**	**77,8**
Svíþjóð	2,9	13	5,3	80,8
Finnland	2,5	13	5,1	80,2
Noregur	3,1	14	5,8	80,6
Þýskaland	3,2	11	6,0	79,4
Bretland	1,4	6	6,6	78,9
Írland	1,5	6	6,6	79,0
Holland	2,5	12	6,3	80,0
Belgía	3,6	10	8,2	79,8
Frakkland	2,7	10	6,8	81,8
Austurríki	2,1	11	7,5	79,7
Ítalía	1,3	7	8,3	80,6
Spánn	3,9	4	7,9	80,5
Portúgal	2,8	5	9,2	78,2
Grikkland	3,4	5	8,4	79,9
Bandaríkin	2,3	5	8,4	78,9
Japan	1,6	...	4,4	82,2

Heimild: OECD.

Góð heilbrigðisþjónusta er hiklaust mikilvægur þáttur lífskjara. Skv. töflu 1.4 standa fá lönd Íslandi framar hvað gæði heilbrigðisþjónustu varðar, bæði ef litið er til árangurs, svo sem ungbarnadauða og ævilengdar, eða umsvifa, svo sem fjölda lækna og sjúkrarúma.

Ugglaust er eign á ýmsum varanlegum neysluvörum einn augljósasti kvarði. Í töflu 1.5 er litið á eign á ýmsum neysluvörum. Taflan staðfestir góð lífskjör Íslendinga sem eiga mest af öllum þessum vörum, sem við höfum upplýsingar um, þó er uppþvottavélaeign víða meiri en hér.

Tafla 1.5 Eign heimila á völdum neysluvörum 1988

	Hlutfall húsráðenda (%) sem hafa:						
	Minnst tveir bílar	Lita-sjónvarp	Hljóm-flutnings-tæki	Mynd-bandstæki	Einkatölva	Uppþvotta-vél	Örbylgju-ofn [a]
Ísland	**40**	**99**	..	**57**	..	**28**	..
Danmörk	**7**	**86**	**78**	**21**	**9**	**25**	**35**
Þýskaland	15	87	42	26	..	29	40
Bretland	22	98	..	51	16	..	65
Írland	10	82	37	21	6	8	..
Holland	..	91	73	33	19	10	31
Belgía	10	87	..	26	8	21	..
Frakkland	27	84	41	24	..	28	38
Ítalía	22	78	43	13	7	17	..
Lúxemborg	24	90	48	23	11	40	..
Portúgal	4	49	..	16	5	6	..
Grikkland	2	51	27	25	3	8	..
Svíþjóð	..	96	..	..	..	32	69
Noregur	17	89	..	23	..	32	..
Finnland	14	90	70	45	16	33	..
Austurríki	16	88	45	31	6	28	..
Sviss	17	86	53	38	15	40	..

[a] Tölurnar eru frá 1992/1993. Bandaríkin: 1985, Japan: 1975

Í töflu 1.6 er litið á útstreymi þriggja gróðurhúsaloftegunda á mann. Það vekur nokkra athygli hversu mikið útstreymið er á Íslandi í alþjóðlegum samanburði. Á hitt er að líta að ekki er þar með sagt að mengun sé meiri hér, því við njótum þess að búa á eylandi og að hér er vindasamt.

Tafla 1.6 Útstreymi gróðurhúsalofttegunda á mann 1991

	CO_2 (tonn)	SO_2 (kg)	NO_2 (kg)
Ísland	**8**	**28**	**84**
Danmörk	**12**	**35**	**55**
Svíþjóð	6	12	45
Finnland	11	39	57
Noregur	8	11	51
Þýskaland	12	72	41
Bretland	10	62	48
Írland	9	50	...
Austurríki	8	11	28
Holland	11	14	37
Belgía	12	42	30
Frakkland	7	23	26
Ítalía	7	34	35
Spánn	6	...	...
Portúgal	4	21	12
Grikkland	7	...	15
Bandaríkin	20	82	74
Kanada	16	122	73
Japan	9	7	10

Heimild: Eurostat og Hagstofa Íslands

Það blasir raunar við að tölur um eign manna vitnar um betri lífskjör á Íslandi í samanburði við önnur lönd heldur en kvarðar sem byggja á peningastærðum.

1.3 Alþjóðlegur samanburður á launum

Ekki er gefið að í þeim löndum sem eru með mikla landsframleiðslu sé tímakaup hvað hæst. Kemur þar margt til. Í fyrsta lagi er vinnuframlag mismunandi, þar sem bæði skiptir máli hversu atvinnuþátttaka er mikil og hversu löng meðalvinnuvika er. Landsframleiðsla á vinnustund er betri kvarði á getu hagkerfa til að greiða laun heldur en landsframleiðsla á mann. Ekki liggja fyrir óyggjandi og samhæfðar tölur um heildar vinnumagn í einstökum ríkum. Útreikningar á landsframleiðslu á unna klukkund hljóta því einatt að vera nokkurri óvissu háðir. Í eftirfarandi mynd eru notaðar upplýsingar um vinnumagn samkvæmt OECD[3] um mörg aðildarríki, en tölur um sum aðildarríkin eru áætlaðar eftir vinnumarkaðskönnunum.

Röð landanna breytist umtalsvert frá þeirri er fram kom í töflu 1.1, en hvergi meira en Ísland sem fellur úr 11. sæti miðað við landsframleiðslu á íbúa í það 20. Landsframleiðsla á vinnustund á Íslandi er hér talin vera ríflega 1.500 kr., samanborið við 2.200 kr. í Bandaríkjunum og 2.100 kr. í Danmörku.[4]

[3] Sjá *OECD Employment Outlook*, 1994 og *Økonomisk oversigt*, Økonomiministeriet, október 1995.
[4] Samkvæmt þessari áætlun eru vinnustundir á hvern starfandi mann um 2.000 á ári.

Í öðru lagi er hlutur launa í landsframleiðslu mismunandi. Samanburður á Íslandi og hinum OECD ríkjunum árið 1993 sýnir að hlutur launa er nokkuð hár. Árið 1993 var hann 62,8% hér á landi, samanborið við 61% í OECD og 62,8% í Danmörku. Í þriðja lagi má nefna að mismunandi er hvernig skattheimtu af launum er háttað, en í löndum þar sem launþeginn greiðir tryggingargjöld og önnur félagsleg gjöld af eigin launum er viðbúið að laun séu hærri en í þeim löndum þar sem þessi gjöld falla á atvinnurekandann.



Sambærileg alþjóðleg tölfræði um laun og launakjör liggur ekki á lausu. Þó er hægt að finna tvennar heimildir um laun. Sænska atvinnurekendasambandið (SAF) hefur um allangt skeið tekið saman og birt upplýsingar um tímakaup í iðnaði í mörgum löndum. Niðurstöður síðustu athugunar sem tók til ársins 1993 er dregin saman í töflu 1.7. Þar kemur fram að laun eru hæst í Danmörku, 1.108 kr. á klst. og næst hæst í Sviss. Laun á Íslandi eru hins vegar í 17. sæti, eru svipuð og á Spáni og lægri en laun í þessum 20 löndum., nema í Portúgal og Grikklandi. Athyglisvert er hversu hátt tímakaup í dönskum iðnaði eru. Það er 97% hærri en á Íslandi, 55% hærri en í Svíþjóð og 13% hærri en í Noregi og Þýskalandi. Eftir leiðréttingu fyrir verðlagi breytist röðin þannig að laun verða hæst í Kanada og Danmörk flyst í 2. sætið, en Ísland fellur niður um eitt sæti í það 18. og er þar á svipuðu sæti og þegar raðað var eftir landsframleiðslu á vinnustund. Rétt er að hafa í huga að kaupmáttur launa er nálægt botni á Íslandi árið 1993 og að kaupmáttur dagvinnulauna í iðnaði batnaði um 2,6% til 1995.

Tafla 1.7 Tímakaup í iðnaði 1993 í ísl. krónum
Raðað eftir upphæð tímakaups

		Á markaðsgengi	Á jafnvirðis-gildi gjaldmiðla
1	Kanada	824	1.017
2	**Danmörk**	**1.108**	**999**
3	Bandaríkin	796	970
4	Noregur	979	969
5	Þýskaland	974	927
6	Belgía	755	849
7	Sviss	1.002	842
8	Holland	771	820
9	Bretland	629	796
10	Írland	612	765
11	Spánn	565	753
12	Finnland	634	728
13	Austurríki	691	705
14	Ítalía	552	690
15	Svíþjóð	715	688
16	Frakkland	599	630
17	Japan	762	564
18	**Ísland**	**562**	**562**
19	Grikkland	233	353
20	Portúgal	190	323

Heimild: Wages and total labour costs for workers, SAF 1995

OECD tekur saman og birtir upplýsingar um meðallaun, skatta og félagslegar bætur meðalverkamanns í framleiðsluiðnaði.[5] Þar er gengið út frá meðalmánaðarlaunum verkamanna og teknar saman gagnlegar upplýsingar um laun, skatta o.fl.

Ísland er í 21. sæti hvað mánaðarlaun iðnverkafólks viðkemur og í því 19. hvað laun eftir greiðslu tekjuskatta og tryggingagjalds áhrærir. Í síðustu dálkunum er annars vegar sýnd skattbyrði beinna skatta og hins vegar tryggingargjöld sem launþeganum er gert að gera skil af eigin launum. Athygli er vakin á því hversu há síðastnefndu gjöldin eru í mörgum löndum.

Þessar tölur sýna allar áþekka niðurstöðu, hvort sem litið er til áætlunar um landsframleiðslu á vinnustund, tímakaup í iðnaði eða laun framleiðsluverkafólks að laun og framleiðni á Íslandi eru lág miðað við helstu iðnríki heims.

[5] *The Tax/Benefit Position of Production Workers 1991-1994*, París 1995.

Tafla 1.8 Mánaðarlaun og skattar verkafólks í iðnaði í OECD ríkjum 1994
Skattar miðast við einhleypa

				Skattar, % af launum	
		Mánaðar-laun	Laun eftir skatt	Teknu-skattur	Trygginga-gjöld launþegans
1	Sviss	194.790	153.111	11,1	10,3
2	Bandaríkin	183.682	136.109	18,2	7,7
3	Holland	182.974	107.334	7,8	33,5
4	Kanada	181.409	132.629	21,5	5,4
5	Þýskaland	181.388	112.021	18,8	19,4
6	**Danmörk**	**180.644**	**98.956**	**38,3**	**6,9**
7	Ástralía	174.673	133.668	22,1	1,4
8	Lúxemborg	173.964	129.815	12,9	12,5
9	Belgía	161.994	101.601	24,2	13,1
10	Bretland	158.408	116.491	18,1	8,4
11	Japan	157.566	132.903	8,7	7,0
12	Noregur	155.552	110.772	21	7,8
13	Írland	148.550	102.689	23,1	7,7
14	Nýja-Sjáland	148.206	112.211	24,3	...
15	Ítalía	141.519	103.692	16,7	10,0
16	Austurríki	140.958	104.983	7,5	18,1
17	Finnland	138.867	87.266	28,5	8,6
18	Svíþjóð	129.507	89.617	28,8	1,97
19	Frakkland	122.553	89.006	8,7	18,6
20	Spánn	112.428	90.543	12,9	6,6
21	**Ísland**	**111.874**	**88.670**	**20,5**	**0,3**
22	Tyrkland	105.383	72.538	26	5,1
23	Portúgal	70.735	57.831	7,2	11,0
24	Mexíkó	69.612	61.101	7,1	5,1

Heimild: *The Tax Benefit Position of Production Workers 1991-1994*, Paris 1995

2. Laun og lífskjör á Íslandi og í Danmörku

2.1 Tekjur, verðlag og útgjöld

Gögn byggð á skattframtölum sýna að tekjur hjóna með börn í Danmörku voru að jafnaði 39% hærri en á Íslandi árið 1993. Hér er um að ræða meðaltal allra fjölskyldna óháð samsetningu þeirra, stærð og atvinnuþátttöku. Dönsku hjónin fá hærri barnabætur, en þau borga líka ríflega tvöfalt hærri beina skatta. Þegar upp er staðið hefur danska fjölskyldan 15% meira til ráðstöfunar en sú íslenska.

Tafla 2.1 Meðalráðstöfunartekjur hjóna með börn árið 1993
Í þúsundum íslenskra króna miðað við jafnvirðisgildi gjaldmiðla

	Ísland	Danmörk	Mismunur %
Heildartekjur á mánuði	237,7	329,8	38,8
+ Barnabætur	7,9	9,4	13,7
+ Vaxtabætur	4,3		
– Skattar	52,5	112,3	113,7
= Ráðstöfunartekjur á mánuði	197,4	226,9	14,9

Heimild: *Indkomster og formuer 1993*, Statistiske efterretninger, Danmarks statistik, 1996
Þjóðhagsstofnun, *Frétt* nr. 6, 1994.

Ekki eru til samsvarandi gögn um ráðstöfunartekjur fyrir aðrar fjölskyldugerðir á Íslandi. En í töflu 2.2 eru dregnar saman upplýsingar um tekjuskattstofn eftir fjölskyldugerðum í Danmörku og á Íslandi, en þessar tölur eru notaðar síðar í skýrslunni til að meta ýmsar tekjutengdar bætur.

Tafla 2.2 Meðaltekjuskattstofn eftir fjölskyldugerðum árið 1994
Fjárhæðir á mánuði í kr. m.v. jafnvirðisgildi gjaldmiðla

	Danmörk	Ísland
Hjón	307,6	230,9
Með börn	352,0	243,2
Án barna	270,0	214,4
Einhleypur	119,1	80,6
Með börn	161,0	91,3
Án barna	114,6	79,6

Heimild: *Indkomster og formuer 1993*, Statistiske efterretninger,
Danmarks statistik, 1996. Tölur eru framreiknaðar með 4,3% til 1994.
Þjóðhagsstofnun, *Frétt* nr. 7, 1995.

Fjölskyldan eyðir að jafnaði stærstum hluta ráðstöfunartekna sinna til framfærslu. Framfærslukostnaður fjölskyldunnar er samsettur úr mörgum liðum s.s. útgjöldum til matarkaupa, fatnaðar, húsaskjóls og heimilisbúnaðar, samgangna, orku og fleiri liða. Það sem eftir stendur fer annað hvort til greiðslu afborganna lána eða í sparnað.

Í tölum OECD um verðlag og neyslu eftir löndum er hægt að bera saman verðlag og magn einstakra þátta einkaneyslunnar. Í töflu 2.3 er þessi samanburður birtur fyrir árið 1993[6]. Fyrsti dálkur sýnir hlutfallslegt verð einstakra liða í Danmörku miðað við að verð sömu liða á Íslandi sé jafnt og 100. Í dálki tvö er hlutfallsleg neysla í magni á mann í Danmörku miðað við að magn sömu liða á mann á Íslandi sé jafn og 100. Í þriðja dálkinum eru reiknuð út hlutfallsleg útgjöld á mann í Danmörku að teknu tilliti til verðs og magns miðað við að Ísland sé jafnt og 100.

Samkvæmt töflunni var verð á mat- og óáfengri drykkjavöru 7-8% lægra í Danmörku en á Íslandi. Áfengir drykkir voru hins vegar meira en helmingi ódýrari í Danmörku, föt og skófatnaður um 17% ódýrari. Athygli vekur að eldsneyti og orka voru tæplega þrefalt dýrari í Danmörku, heilsugæsla var 36% dýrar, húsaleiga var 30% dýrari og samgöngur og fjarskipti voru tæpum fjórðungi dýrar, þó mismunandi eftir einstökum liðum eins og sjá má í töflunni. Í heildina var verð einkaneyslunnar 9,2% hærra í Danmörku en á Íslandi árið 1993.

Neyslumynstrið er ólíkt. Danir virðast drekka tvöfalt meira áfengi en Íslendingar og reykja fjórðungi meira. Íslendingar drekka hins vegar mun meira af óáfengum drykkjarvörum, nota meiri orku, kaupa meira af húsgögnum og heimilisbúnaði, nota meira heilbrigðisþjónustu og þjónustu veitingahúsa- og hótela. Íslendingar nota einnig meira einkafarartæki en danir nota meira aðra samgönguþjónustu og mun meria fjarskipti. Í heildina neyttu Danir 10% minna í magni á mann en íslendingar árið 1993.

Tafla 2.3 Verðlag og magn einkaneyslu árið 1993
Vísitala Ísland = 100

	Danmörk		
	Verðlag	Magn á mann	Útgjöld á mann
Matvörur	91,7	85,8	78,2
Óáfengar drykkjavörur	92,5	35,1	32,7
Áfengar drykkjavörur	44,4	224,0	99,5
Tóbak	118,2	122,9	145,5
Föt og skófatnaður	83,0	80,7	66,8
Húsaleiga	130,1	113,7	147,0
Eldsneyti og orka	281,4	72,5	204,7
Húsgögn og heimilisbúnaður	99,1	77,9	77,8
Heilsugæsla	136,3	84,2	110,5
Samgöngur og fjarskipti	123,8	83,1	104,3
þ.a. einkafarartæki	146,0	60,6	87,2
rekstur farartækja	127,6	72,3	92,5
samgönguþjónusta	96,7	113,7	109,3
fjarskipti	142,3	180,9	258,2
Tómstundaiðkun og menntun	93,4	107,6	100,1
Veitingastaðir, kaffihús og hótel	91,2	89,3	81,9
Einkaneysla alls	109,2	90,7	98,3

[6] Bráðabirgðatölur um 1994 sýna mjög frábrugðna mynd bæði á hlutfallslegu verðlagi og á magni. Því ræður að matvara varð virðisaukaskattsfrjáls á Íslandi 1994. Afleiðingar eru þær að hlutfallslegt verðlag einkaneyslu lækkar á Íslandi m.v. Danmörku.

Þegar tekið er tillit til verðs og magns einstakra þátta einkaneyslunnar fæst að útgjöld danans var fimmtungi minni vegna matvara árið 1993 og þriðjungi minni vegna fatnaðar. Mikil neysla danans á áfengum drykkjarvörum vegur upp verðmun milli landanna og útkoman verður svipuð í útgjöldum á mann. Daninn eyðir tvöfalt meira í orku en íslendingurinn, um helmingi meira í húsaleigu og tóbak og 10% meira í heilsugæslu. Þegar vegnir eru saman allir þættir einkaneyslunar miðað við verð og magn fæst að útgjöld til einkaneyslunar er svipuð hér á landi og í Danmörku þó verulegur munur sé á einstökum þáttum hennar.

Tafla 2.4 Landsframleiðsla

	Ísland	Danmörk	Mismunur %
Meðalhagvöxtur 1990-96,%	1,2	2,4	
Landsframleiðsla á mann 1994, þús. kr. [a)]	1.623	1.730	6,6
Einkaneysla á mann 1994, þús. kr. [a)]	922	964	4,5
Heildar vinnutími á viku 1994, klst.	42,7	38,0	-11,0

[a)] Miðað við jafnvirðisgildi gjaldmiðlanna.

2.2 Hagþróun síðustu ára

Alkunna er að kaupmáttur launa og raungengi krónunnar eru mjög næm fyrir breytingum í afkomu þjóðarbúsins og raunar virðast þessar stærðir vera óvenju næmar fyrir hagsveiflum hér á landi. Af þessum sökum er varasamt að bera saman laun og lífskjör á Íslandi við önnur lönd á einhverju tilteknu stuttu tímabili. Það er þó gert hér, en mikilvægt er einmitt að hafa í huga að íslenskt þjóðarbú hefur verið í efnahagslægð og kaupmáttur launa hefur óneitanlega verið lágur undanfarin ár. Dönum hefur að mörgu leyti tekist vel í hagstjórn og hefur lánast að sigla lygnan sjó í þeirri alþjóðaefnahagslægð sem varð á fyrra hluta þessa áratugar. Þeir hafa um áratugaskeið búið við atvinnuleysi um 10%, kaupmáttur launa hefur verið stöðugur og framleiðni hefur því verið næsta stöðug. Á Íslandi hefur þessu verið öðruvísi farið, því atvinnustig hefur lengstum verið stöðugt, en kaupmáttur launa og framleiðni afar viðkvæm fyrir hagsveiflum.

Hagvöxtur á mann frá 1991 til 1994 var að meðaltali 1,7% á ári í Danmörku og miðað við spár ætti meðalvöxtur að vera 2% á ári frá 1991 til 1996. Árin 1991 til 1994 var hins vegar árlegur meðalhagvöxtur á mann neikvæður um ½% á Íslandi, en spár sýna meðalhagvöxt á sex árum til 1996 sem nemur 0,2%.

Aðrar hagstærðir í löndunum báðum taka mjög mið af hagvextinum. Frá 1990 til 1994 óx kaupmáttur launa í Danmörku um 6,7% og reiknað er með að frá 1991 til 1996 hafi kaupmátturinn vaxið um 1,7% árlega. Hér á landi var kaupmáttur launa árið 1994 6% lakari en hann var árið 1990. Þessi samanburður á kaupmáttarþróuninni er auðvitað afar mikilvægur, en kaupmáttur laun hér á landi hefur hlutfallslega lækkað um nær 9% frá 1990 til 1994 miðað við kaupmátt danskra launa.

Marktækari samanburður á launum í löndunum tveimur hefði fengist með því að meta jafnvægis- eða frambúðarlaunastig, þ.e. sem er óháð hagsveiflunni. Slíkt myndi útheimta gífurlega vinnu. Því má hins vegar gera skóna að kaupmáttur launa árið 1994 hafi verið óvenju lágur hér á landi og að yfir hagsveifluna megi gera ráð fyrir 10-15% kaupmáttarsveiflu. Sá munur sem er á ráðstöfunartekjum heimilanna í töflu 2.1 er því að hluta vegna hagsveiflunnar.


Verg landsframleiðsa á mann
Vísitala 1990=100
Ísland
Danmörk
120
115
110
105
100
95
90
1990
1991
1992
1993
1994
1995
1996


Einkaneysla á mann
Vísitala 1990=100
Ísland
Danmörk
120
115
110
105
100
95
90
1990
1991
1992
1993
1994
1995
1996


Kaupmáttur launa
Vísitala 1990=100
Ísland
Danmörk
115
110
105
100
95
90
1990
1991
1992
1993
1994
1995
1996


Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann
Vísitala 1990=100
Ísland
Danmörk
115
110
105
100
95
90
1990
1991
1992
1993
1994
1995
1996


Þróun verðlags
Vísitala 1990=100
Ísland
Danmörk
130
125
120
115
110
105
100
1990
1991
1992
1993
1994
1995
1996


Þróun gengis
Vísitala 1990=100
Ísland
Danmörk
120
115
110
105
100
95
90
85
80
1990
1991
1992
1993
1994
1995
1996





2.3 Laun og vinnutími

Danmörk

Dagvinnuskylda er 37 klukkustundir á viku. Árlegt frí eru 5 vikur eða 25 dagar og að auki eru 10-11 rúmhelgir dagar á ári. Dagvinnuskylda í heild telst 1.688 klukkustundir á ári. Yfirvinna er sjaldgæf í Danmörku. Í mörgum kjarasamningum er beinlínis kveðið á um að komið skuli í veg fyrir yfirvinnu og að gerð skuli áætlun um yfirvinnu og afbrigðilegan vinnutíma með allt að 12 mánaða fyrirvara. Danir hafa þó ekki samþykkt vinnutímatilskipun ESB, en ástæða þess er ekki vinnutímaþátturinn heldur vinna barna og unglinga og er fyrirvari Dana vegna blaðburðarbarna.

Í mörgum stéttum opinberra starfsmanna er ekki greitt fyrir yfirvinnu og er það nánast regla í einkageiranum. Í ýmsum tilvikum er starfsmönnum boðið að taka yfirvinnu út í fríum og með tilliti til hárra jaðarskatta er það oft hagstæður kostur.

Greiðslur fyrir yfirtíð er annars mismunandi frá einum kjarasamningi til annars. Hjá hinu opinbera er algengt að fyrir hverja yfirvinnustund sé greitt sem nemur 1½ klukkustund, þ.e. með 50% álagi á dagvinnu.

Meðalvinnutími fullvinnandi Dana var 38,8 klst. á viku árið 1993[7]. Meðalvinnutími allra vinnandi Dana var hins vegar 33 klst. á viku. Atvinnuþátttaka er mikil í Danmörku, þó ekki eins og t.d. hér á landi eða í Svíþjóð. Atvinnuþátttaka 16-74 ára mældist 73,6%, atvinnuþátttaka kvenna var 68,8% og karla 78,4% árið 1993.

Ísland

Samkvæmt lögum er dagvinnuskylda 40 klukkustundir á viku, þó er í sumum kjarasamningum, t.d. Verzlunarmannafélags Reykjavíkur kveðið á um færri stundir eða 37,6 stundir á viku fyrir skrifstofufólk. Dagvinnuskylda í heild telst 1.907 klukkustundir á ári. Lágmarksorlof er 24 dagar, en meðalorlof er um 27 dagar. Á ári hverju eru 10-11 rúmhelgir dagar.

Matartímar eru alla jafnan ekki greiddir á virkum dögum, en kaffitímar eru hins vegar greiddir, þeir eru frá 15 mínútum á dag (skrifstofufólks) til 40 mínútna (hafnarverkamanna/fiskvinnslufólks). Þetta hefur í för með sér að þótt greiddir tímar séu 40 klukkustundir á viku er raunverulegur vinnutími skemmri eða 37,05 tíma hjá landverkafólki innan ASÍ. Í þessu felst að menn taka hluta af launum út í kaffitíma í stað launa. Í eftirvinnu fær verkafólk greiddan

[7] Heimild: *Labour force survey*, Eurostat, 1995.

kaffitíma og í kvöldvinnu fá allar stéttir greiddan matartíma. Opinberir starfsmenn hafa hins vegar upp til hópa selt greidda kaffitíma í kjarasamningum.

Laun á klukkustund í eftirvinnu er greidd sem 1,0385% af mánaðarlaunum. Álag á eftirvinnu er því 80% á tímakaup í dagvinnu.

Meðalvinnutími fólks í fullri vinnu var 49,6 klst. og 42,7 klst. á alla sem í vinnu voru 1994, þessar tölur eru úr vinnumarkaðskönnun og taka ekki tillit til greiddra kaffitíma. Atvinnuþátttaka er afar mikil á Íslandi eða 81,3% árið 1994, 76,7% fyrir konur og 85,8% karla.

Samanburður

Í eftirfarandi töflu er dreginn saman vinnutími fullvinnandi eftir atvinnugreinum í löndunum báðum. Þar kemur vel í ljós að vinnutími er lengri í öllum atvinnugreinum, munurinn er mestur í opinberri stjórnsýslu, landbúnaði, veitum og í hótel- og veitingarekstri.

Tafla 2.5 Vikulegur vinnutími eftir atvinnugreinum

	Danmörk	Ísland	Mismunur
Landbúnaður	42,7	55,7	13,0
Iðnaður	38,3	48,5	10,2
Veitur	37,2	49,5	12,3
Mannvirkjagerð	38,3	49,1	10,8
Verslun og viðgerðaþjónusta	39,4	48,6	9,2
Hótel- og veitingahúsarekstur	38,8	51,0	12,2
Samgöngur og flutningar	40,4	52,3	11,9
Fjármálaþjónusta og tryggingar	38,8	43,4	4,6
Fasteignarekstur og þjónusta	38,7	48,0	9,3
Opinber stjórnsýsla	38,3	52,7	14,4
Önnur þjónusta	38,4	44,9	6,5
Alls	38,8	49,9	11,1

Heimild: Eurostat og Hagstofa Íslands

Munurinn er mestur hjá karlmönnum, en sá íslenski vinnur 52,7 klst. á viku í fullu starfi og sá danski 39,5 klst sem er 13,2 klst. færri tímar. Íslenskar konur sem vinna í fullu starfi skila vikulega 44,1 klst en stallsystur þeirra í Danmörku 37,8 klst. Munurinn er 6,3 klst. á viku. Danskar konur vinna þannig ekki yfirvinnu.

2.4 Samanburður á launum einstakra hópa

Til þess að bera saman laun á Íslandi og í Danmörku voru valdir nokkrir hópar launþega sem annars vegar starfa á almennum vinnumarkaði og hins vegar hjá hinu opinbera. Mikla fyrirvara verður að hafa á öllum þessum samanburði. Margt kemur til. Mismunandi aðferðum er beitt við öflun upplýsinganna, erfitt er að ganga úr skugga um að störf séu skilgreind með nákvæmlega sama hætti í tölfræði beggja landanna. Menntunarskilyrði eru oft mismunandi, sem dæmi má taka að hjúkrunarfræði er kennd við háskóla á Íslandi en ekki í Danmörku. Munur getur verið á tilhögun og jafnvel lengd vinnutíma margra stétta, eins og kennara og vaktavinnufólks.

Nýjustu upplýsingar um laun í Danmörku taka til ársins 1994 og það hefur í för með sér að allur samanburður í skýrslunni miðast við það ár. Erfitt hefur reynst af afla upplýsinga um heildarlaun einstakra stétta í Danmörku einkum í einkageiranum. Fullyrt er að afar lítill hluti

heildarlaunanna sé vegna yfirtíðar og margar stéttir fái ekkert greitt fyrir yfirvinnu. Hins vegar eru greiðslu vegna yfirvinnu verulegur hluti heildarlauna íslenskra launþega, eða fjórðungur heildarlaun ASÍ fólks og þriðjungur heildarlauna opinberra starfsmanna. Með tilliti til þessa er í þeim samanburði sem hér fylgir miðað við dagvinnulaun í Danmörku að viðbættu álagi sem m.a. felur í sér þóknun vegna yfirvinnu ("gene-tillæg").

Eftir föngum var reynt að velja fjölmennar stéttir með tiltölulega afmarkað svið. Við val á stéttum í þessum samanburð hafði aðgangur að upplýsingum úrslitaþýðingu. Þannig skortir mjög á upplýsingar um stjórnendur á almennum vinnumarkaði á Íslandi, en hins vegar voru upplýsingar um launatekjur hjá hinu opinbera nokkuð takmarkaðar í Danmörku. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir reyndist ekki unnt að fá upplýsingar um tekjur fiskimanna í Danmörku.

Niðurstöður eru raktar í töflum 2.6 og 2.7. Dagvinnulaun eru í öllum tilvikum mun hærri í Danmörku en á Íslandi. Munurinn virðist vera sérstaklega mikill hjá verslunar- og verkafólki á almennum vinnumarkaði, en minni meðal háskólamenntaðra starfsmanna á einkamarkaði. Enn meiri munur er á dagvinnulaunum hjá hinu opinbera, þar sem dönsku launin eru 2-3 falt hærri. Munurinn minnkar mjög mikið þegar tillit hefur verið tekið til greiðslna fyrir yfirvinnu o.fl. á Íslandi. Útilokað er að kveða upp úr hvort um óunna yfirtíð sé að ræða hér á landi. Loks er tekjuskatturinn miklu hærri í Danmörku en hér á landi, eins og nánar er fjallað um hér á eftir. Þegar upp er staðið jafnast munurinn á heildarlaunum eftir skatt, ráðstöfunartekjum, milli landanna mjög. Fiskverkafólk, afgreiðslufólk og gjaldkerar bera litlu minna úr býtum hér en í Danmörku, en munurinn er áfram mikill á byggingaverkamönnum. Verkfræðingar í einka-þjónustu koma vel út úr samanburðinum og eru með um 16% meira til ráðstöfunar en í Danmörku. Á opinbera vinnumarkaðnum fæst svipuð niðurstaða þótt munurinn sé hjá mörgum stéttum enn Dönum verulega í hag. Hjúkrunarfræðingar og héraðsdómarar kom vel út úr þessum samanburði, en kennarar, skrifstofufólk, bréfberar og tollverðir hins vegar miður.

Þótt þessar niðurstöður séu mikilvægar skiptir miklu að skoða sem nákvæmast hvað launþeginn fær fyrir skattana, bæði í ýmis konar beinum bótagreiðslum og í niðurgreiðslu þjónustu. Um það er fjallað nánar hér á eftir.

Þegar laun menntastétta eru borin saman milli þessara landa, verður að hafa í huga að mikill munur er á stuðningi við námsmenn. Í Danmörku eru greiðslur til námsmanna tvenns konar, styrkir eða námslán. Ýmis skilyrði eru sett fyrir þessum greiðslum um tegund náms og lengd.

Námsstyrkurinn nemur 1.983 Dkr. á mánuði til þeirra sem búa í heimahúsum og 3.469 Dkr. á mánuði til þeirra sem búa einir. Námsstyrkurinn er háður ákv. frítekjumarki. Hjá þeim sem eru yngri en 19 ára skerðist styrkurinn ef tekjur foreldra fara yfir ákveðin mörk. Námsstyrkurinn er skattskyldur.

Námslánin nema 1.534 Dkr. á mánuði og bera 4% vexti á meðan á námi stendur en eftir það einhvers konar markaðsvextir sem eru ákvarðaðir í fjárlögum, 7¼% frá 1. nóvember 1993. Endurgreiðslur námslána hefjast ári eftir að námi lýkur og er endurgreiðslutíminn 7 til 15 ár.

Tafla 2.6 Ráðstöfunartekjur einstakra hópa á almennum markaði árið 1994
Í íslenskum krónum

Ísland	Fisk-verkafólk	Bygg.-verkam.	Afgr.fólk á kassa	Gjaldk.og bókari	Verk-fræðingur
Dagvinnulaun á mán.	78.698	71.804	61.669	106.350	217.235
Heildarlaun á mánuði	108.638	99.815	85.075	124.650	252.951
Ráðstöfunartekjur	81.740	77.049	69.214	90.252	155.976

Danmörk	Fisk-verkafólk	Bygg.-verkam.	Afgr.fólk á kassa	Gjaldk.og bókari	Verk-fræðingur
Dagvinnulaun á mán.	166.851	198.854	138.330	192.168	322.648
Heildarlaun á mánuði	175.715	213.252	139.881	193.665	327.847
Ráðstöfunartekjur	96.328	112.434	80.214	103.558	148.632
Ráðstöfunartekjur, PPP	84.558	98.697	70.413	90.905	130.471

Mismunur,% [a]	Fisk-verkafólk	Bygg.-verkam.	Afgr.fólk á kassa	Gjaldk.og bókari	Verk-fræðingur
Dagvinnulaun á mán	112,0	176,9	124,3	80,7	48,5
Heildarlaun á mánuði	61,7	113,6	64,4	55,4	29,6
Ráðstöfunartekjur	17,8	45,9	15,9	14,7	-4,7
Ráðstöfunartekjur,PPP	3,4	28,1	1,7	0,7	-16,4

[a] Jákvætt formerki þýðir að fjárhæðir eru hærri í Danmörku og öfugt þegar formerkið er neikvætt.

Heimild: Danmörk: *Strukturstatistisk*, Dansk arbejdsgiverforening, Ísland: Kjararannsóknarnefnd og Kjarakönnun verkfræðinga.

Tafla 2.7 Ráðstöfunartekjur einstakra hópa hjá hinu opinbera árið 1994
Í íslenskum krónum

Ísland	Bréfberi	Sjúkra-liði	Fulltrúi á skrifstofu	Tollvörður	Grunnsk.-kennari	Hjúkrunar-fræðingur	Lög-fræðingur	Héraðs-dómari	Ráðuneytis-stjóri
Dagvinnulaun á mán.	58.252	70.927	71.787	72.352	84.146	91.730	95.091	192.494	217.034
Heildarlaun á mánuði	84.306	105.518	97.746	138.799	109.703	136.781	168.412	278.452	370.174
Ráðstöfunartekjur	70.108	81.811	77.248	101.096	83.584	98.953	117.182	172.555	220.087

Danmörk	Bréfberi	Sjúkra-liði	Fulltrúi á skrifstofu	Tollvörður	Grunnsk.-kennari	Hjúkrunar-fræðingur	Lög-fræðingur	Héraðs-dómari	Ráðuneytis-stjóri
Dagvinnulaun á mán.	166.281	168.760	210.828	274.174	225.226	186.174	287.828	398.747	740.667
Heildarlaun á mánuði.	172.517	178.933	216.333	283.342	229.717	202.308	305.250	398.747	740.667
Ráðstöfunartekjur	96.372	97.077	112.829	137.905	120.941	105.924	140.044	174.414	282.580
Ráðstöfunatekjur, PPP	84.597	85.216	99.043	121.055	106.164	92.981	122.932	153.103	248.053

Mismunur ,% [a]	Bréfberi	Sjúkra-liði	Fulltrúi á skrifstofu	Tollvörður	Grunnsk.-kennari	Hjúkrunar-fræðingur	Lög-fræðingur	Héraðs-dómari	Ráðuneytis-stjóri
Dagvinnulaun á mán.	185,5	137,9	193,7	278,9	167,7	103,0	202,7	107,1	241,3
Heildarlaun á mánuði	104,6	69,6	121,3	104,1	109,4	47,9	81,3	43,2	100,1
Ráðstöfunartekjur	37,5	18,7	46,1	36,4	44,7	7,0	19,5	1,1	28,4
Ráðstöfunartekjur, PPP	20,7	4,2	28,2	19,7	27,0	-6,0	4,9	-11,3	12,7

[a] Jákvætt formerki þýðir að fjárhæðir eru hærri í Danmörku og öfugt þegar formerkið er neikvætt.

Heimild: Danmörk: *Lønstatistik for statsansatte 1994*, Statistiske efterretninger 1995:12, Danmarks statistik. Ísland: Starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytis.

2.5 Meðal- og jaðarskattar fjölskyldna

Danmörk

Tekjuskattur ríkisins er lagður á 4 þrepum með mismunandi skatthlutföllum og einnig á mismunandi skattstofnum og raunar er hvert skattþrep kallað sérstakur skattur, eins og fram kemur í eftirfarandi töflu. Útsvar er greitt til sveitarfélaga og sérstakt útsvar til amta.

Tafla 2.8 Megindrættir danska skattkerfisins 1994

	Hlutfall	Uppsafnaður jaðarskattur	Skatt-stofn [a]	Frádráttur Dkr.
Útsvar til sveit.fél.	20,9% [b]	20,9%	T	29.300
Útsvar til amta	8,7%	29,6%	T	29.300
Vinnumarkaðs-framlag	5,0%	34,6%	L	0
Botnskattur	14,5%	49,1%	T	29.300
Milliskattur	4,5%	53,6%	S + FN	130.000
Tekjuskattur	5,0%	58,6%	S	173.100
Hátekjuskattur	12,5%	71,1%	S	234.900
Skattur af arði	30% af fyrstu Dkr. 32.700 40% af því sem er umfram			
Eignarskattur	1% umfram Dkr. 1.580.500			

[a] Tekjuskattstofn:
L = Laun
S = Skattskyldar tekjur; laun, lífeyrir o.fl. – vinnumarkaðsframlag – iðgjald í lífeyrissjóð.
T = Tekjuskattstofn: Skattskyldar tekjur + fjármagnstekjur nettó – frádr. kostnaðar frá atvinnutekjum
FN = Fjármagstekjur nettó.

[b] Meðaltalsútsvar.

Frádrátturinn sem sýndur er í síðasta dálki er frádráttur frá tekjum til skatts. Almenna reglan er sérsköttun, þó með mikilli millifærslu milli hjóna, því hvers konar ónýttur frádráttur færist milli hjóna. Margvíslegir frádrættir kostnaðar vegna tekjuöflunarinnar eru heimilaðir, þótt á undanförnum árum hafi þær heimildir verið þrengdar. Helstu frádrættirnir eru eftirfarandi:

Tafla 2.9 Helstu frádrættir sem heimilaðir eru í danska tekjuskattskerfinu

	Almennar reglur
Lífeyrisiðgjald	Allt að 30.900 Dkr.
Meðlög og greiðslur til fyrrv.maka	Almennt hægt að draga frá tekjum til útreiknings botnskatts og útsvara og kirkjuskatts.
Fráráttur á móti ökutækjastyrk	Föst fjárhæð á km eða framtalinn kostnaður
Ferðalög til og frá vinnu	Akstur umfram. 25 km á dag til og frá vinnu
Fiskimannafrádráttur	Dkr. 190 á dag m.v. a.m.k. 12 tíma úthald og að hámarki 41.800 Dkr./ár.
Stéttarfélagsgjöld	Án takmarkana
Iðgjöld til atvinnuleysistrygginga	Án takmarkana
Vaxtagjöld	Án takmarkana
Ýmis kostnaður vegna öflunar tekna, s.s. fagbækur, o.fl.	Aðeins kostnaður umfram 3.800 Dkr.

Í heild námu þessir frádráttarliðir 23,2% af brúttótekjum til skatts árið 1992.[8] Velji fiskimaður fiskimannafrádráttinn getur hann ekki dregið frá skatti ýmsar aðra frádrætti til stéttarfélags og til atvinnuleysistrygginga.

Eignarskattur leggst á nettóeignir, þ.e. eignir að frádregnum skuldum. Til eigna reiknast allar eignir jafnt peningalegar (þ.m.t. hlutabréf) sem rauneignir. Skatturinn er 1% af eignum umfram 1.580.500 Dkr., sem er ríflega 17 milljónir króna.

Sérstakur skattur er greiddur af arði hlutabréfa. Hann nemur 30% af arði upp að 32.700 Dkr. og 40% á arð umfram það.

Reiknuð leiga af íbúðarhúsnæði er skattskyld í Danmörku. Hún er hlutfall af fasteignamati og 2% af mati að 1.483.200 Dkr. (16,3 millj. kr.) en 6% af því sem umfram er. Leigumat er lægra á fasteignum ellilífeyrisþega, eða 1,1% í lægra þrepi. Fasteignamatsverð íbúðar í fjölbýlishúsi var um 420 þús. Dkr. að meðaltali 1994, en um 540 þús. Dkr. fyrir einbýlishús.

Meðalskattbyrði danskra heimila er tekin saman í eftirfarandi töflu:

Tafla 2.10 Meðalskattar danskra heimila 1994
Fjárhæðir í þús. Dkr.

	Á mann	Á hjón
Atvinnutekjur, lífeyrir o.fl.	144,2	337,2
Nettó fjármagnstekjur	-9,8	-29,8
Ýmis frádr. vegna kostnaðar	7,0	16,4
Tekjuskattstofn	127,5	291,7
Tekju- og eignarskattur	49,0	114,4
Vinnumarkaðsframlag	5,9	15,1
Tekjur eftir skatt	72,6	162,2
Skattbyrði, % af tekjum	38,1%	38,4%

Heimild: Ökonomiministeriet, lovmodelen.

[8] *Indkomster og formuer 1992*, Danmarks statistik, 1995.

Einhleypur meðaldani greiðir u.þ.b. 50% jaðarskatt. Samhengið á milli meðalskattbyrði, jaðarskatta og tekna í Danmörku er sýnt í meðfylgjandi mynd. Þar kemur fram að skattleysismörkin af launatekjum eru raunar núll, því vinnumarkaðsframlagið reiknast af öllum launum. Skattleysismörk af öðrum tekjum voru 40,5 þús. Dkr. á ári, um 37 þús. kr. á mánuði.

Til þess að glöggva sig nánar á stighækkun tekjuskatta í Danmörku er tafla 2.11 gagnleg.

Tafla 2.11 Skattbyrði eftir hjúskaparstöðu, % af meðaltekjum

	33% undir meðaltekjum	Meðaltekjur	33% yfir. meðaltekjum
Einhleypur	30%	35%	39%
Hjón	31%	35%	39%



a) Ekki með nein vaxtagjöld



a) Ekki með nein vaxtagjöld

Árið 1993 ákvað danska ríkisstjórnin umfangsmiklar breytingar á skattkerfinu, og koma breytingarnar til framkvæmda á árunum 1994 til 1998. Jafnhliða breytingunum á skattstiganum er tekið upp nýtt gjald, vinnumarkaðsframlag sem nemur 5% af launum 1994. Vinnumarkaðsgjaldið er markaður tekjustofn og rennur til þriggja sjóða sem greiða ýmsar bætur á vinnumarkaði. Breytingarnar felast í lækkun á tekjusköttum, en á móti koma ýmsir „grænir skattar" sem eru gjöld sem leggjast á rafmagn, vatn, hitaveitu, bensín, olíu, kol og sorp. Árið 1998 er þannig reiknað með að tekjuskattsþrepið falli niður, lægsta skattþrepið lækki úr 14,5% í 8%, hæsta þrepið fari í 15% og að vinnumarkaðsgjaldið hækki úr 5% í 8%. Við þessar breytingar lækkar hámarksjaðarskattur (án vinnumarkaðsgjalds) úr 65% í 58%.

Eftir að breytingum lýkur verða skattþrepin þrjú, en eru fjögur við álagningu 1995. Það er gert ráð fyrir því að þessar aðgerðir hafi í för með sér að skattbyrðin verði 3-5% léttari 1998 en 1993. Árin 1994-1996 er reiknað með að skattar lækki um 11,6 milljarða Dkr.

Ísland

Tekjuskattar sem lagðir eru á íslensk heimili fara eftir tiltölulega einföldu kerfi, sem lýst er í töflu 2.12.

Tafla 2.12 Megindrættir íslenska skattkerfisins 1994

	Skattur / frádráttur
Tekjuskatthlutfall í staðgreiðslu	41,84%
Hátekjuskattur	0% á tekjur < 2.440.080 5% af tekjur umfram 2.440.080
Persónuafsláttur	23.930 kr. á mánuði
Skattleysismörk	57.199 kr. á mánuði
Sjómannafrádráttur	672 kr. á dag
Fjárfesting í hlutabréfum	101.670 kr. hjá einhleypum 203.340 kr. hjá hjónum
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraða	3.915 kr. ef tekjur > 689.724 kr.
Eignarskattur	1,2% af eignum umfram 3.572.684 kr.
Stóreignaskattur	0,75% eignum umfram 10 milljón kr.
Sérstakur eignarskattur	0,25% af eignnum umfram 5.162.803 kr.

Elli- og örorkulífeyrisþegar eru undanþegnir sérstaka eignarskattinum. Óráðstöfuðum persónuafslætti má jafna á móti eignarskatti.

Mikilvægt sérkenni íslenska tekjuskattskerfisins er að almenn skattleysismörk eru há og jaðarskattar eru tiltölulega háir á lágum tekjum. Tafla 2.13 gefur hugmynd um stighækkun tekjuskattanna.

Tafla 2.13 Skattbyrði eftir hjúskaparstöðu, % af meðaltekjum

	33% undir meðaltekjum	Meðaltekjur	33% yfir. meðaltekjum
Einhleypur	0,0%	12,0%	19,5%
Hjón	11,0%	21,0%	26,0%

Samanburður

Skattar eru mun hærri í Danmörku en á Íslandi. Munurinn liggur í því hversu hærri beinir skattar eru í Danmörku því óbeinir skattar eru heldur hærra hlutfall af landsframleiðslu hér á landi. Þetta er nánar sýnt í eftirfarandi töflu.

Tafla 2.14 Skattar í Danmörku og á Íslandi 1993

	Danmörk	Ísland
Skattar í hlutfalli við VLF	49,8%	33,2%
Beinir skattar í hlutfalli við VLF	32,3%	14,5%
Óbeinir skattar í hlutfalli við VLF	17,6%	18,7%
Beinir skattar heimila, % af beinum sköttum alls	89,5%	83,9%
Beinir skattar fyrirtækja, % af beinum sköttum alls	10,4%	16,1%

Heimild: *OECD National Accounts, Búskapur hins opinbera 1994-1995*, apríl 1996.

Helsti munurinn á skattkerfinu á Íslandi og í Danmörku er eftirfarandi:
- Fjármagnstekjur eru að fullu skattskyldar og öll vaxtagjöld frádráttarbær í Danmörku.
- Ýmis frádráttur vegna kostnaðar við öflun teknanna er heimilaður í Danmörku sem ekki er til hér á landi. Þar á meðal má nefna frádrátt á kostnaði vegna aksturs til og frá vinnustað.
- Reiknuð húsaleiga af eigin húsnæði er skattskyld í Danmörku. Eignarskattar eru miklu hærri á Íslandi en í Danmörku, en þar leggjast þeir aðeins á mjög miklar eignir.
- Persónuafsláttur er dreginn af skattstofni í Danmörku en af reiknuðum skatti á Íslandi
- Hámarksjaðarskattur er í gildi í Danmörku.

2.6 Greiðslur vegna barna

Danmörk

Barnabætur (börnefamilieydelse)

Barnabætur greiðast með börnum fram til 18 ára aldurs, óháð tekjum foreldra. Með börnum 0 til 6 ára aldurs nema bæturnar 8.300 Dkr. á ári en 6.400 Dkr. á ári með börnum 7 til 18 ára. Barnabætur eru skattfrjálsar.

Mæðralaun og barnalífeyri (börnetilskud)

Mæðralaun og barnalífeyri er skipt í þrjá flokka. Bætur skv. öllum flokkunum greiðast með börnum fram til 18 ára aldurs og eru óháðar tekjum foreldra.

a) Venjulegur barnabætur (Ordinært børnetilskud): 4.400 Dkr. á ári með hverju barni einstæðra foreldra og einnig ef báðir foreldrarnir eru lífeyrisþegar.
b) Extra børnetilskud: 3.360 Dkr. á ári til einstæðra foreldra óháð fjölda barna.
c) Særligt børnetilskud: 6.872 Dkr. á ári ef báðir foreldrarnir eru látnir. Ef annað foreldrið er látið eða ef annað eða báðir foreldrarnir eru lífeyrisþegar eða ef barnið er ófeðrað þá er fjárhæðin 8.436 Dkr. á ári.

Við fleirburafæðingu eiga foreldrar rétt á 5.436 Dkr. á ári með hverju barni fram til 7 ára aldurs. Við ættleiðingu eiga foreldrar rétt á eingreiðslu sem nemur 31.332 Dkr.

Tafla 2.15 Barnabætur árið 1993 í ísl. kr. m.v. jafnvirðisgildi
Meðalgreiðslur á mánuði eftir hjúskaparstöðu og fjölda barna

	Fjöldi barna		
	1	2	3
Einstæðir foreldrar	10.776	21.069	
Hjón	5.629	11.178	18.255

Heimild: *Indkomster og formuer 1993*, Danmarks statistik, 1996.

Ísland

Greiðslur vegna barna greinast í fernt; barnabætur, barnabótaauka, mæðra/feðralaun og barnalífeyri.

Barnabætur

Barnabætur eru greiddar með börnum fram til 16 ára aldurs. Barnabætur eru háðar hjúskaparstöðu foreldra og aldri og fjölda barna. Sérstakt álag er vegna barna 6 ára og yngri og þá er sérstakt álag vegna annars barns í heimili. Þessu er nánar lýst í töflu 2.16.

Tafla 2.16 Barnabætur á Íslandi 1994

	Aldur		Ársfjórðungslegar greiðslur	
Fjöldi barna	0-6 ára	7-15 ára	Hjón eða sambýlisfólk	Einstæðir foreldrar
1 barn	1	0	9.622	16.980
	0	1	2.262	16.980
2 börn	2	0	23.998	42.393
	1	1	16.638	42.393
	0	2	9.278	35.033
3 börn	3	0	38.374	67.806
	2	1	31.014	67.806
	1	2	23.654	60.446
	0	3	16.294	53.086
4 börn	4	0	52.750	93.219
	3	1	45.390	93.219
	2	2	38.030	85.859
	1	3	30.670	78.499
	0	4	23.310	71.139

Barnabótaauki

Barnabótaauki er háður tekjum, eignum, fjölda barna og hjúskaparstöðu foreldra. Óskertur barnabótaauki var 90.884 með hverju barni hjóna og 98.518 með hverju barni einstæðra foreldra. Barnabótaauki greiðist óskertur til hjóna með allt að 1.116.337 kr. samanlagðan tekjuskattstofn og til einstæðra foreldra með helming þessara tekna. Skerðing barnabótaauka vegna fyrsta barns er 7% vegna tekna umfram frítekjumark, 6% vegna annars barns, 5% vegna þriðja barns og 4% vegna hvers og eins barns umfram þrjú.

Tafla 2.17 Barnabótaauki á Íslandi 1994

Fjöldi barna	Hjón/sambýlisfólk		Einstæðir foreldrar	
	Óskertur Barnabótaauki	Fellur niður við tekjur	Óskertur Barnabótaauki	Fellur niður við tekjur
1	90.884	2.414.685	98.518	1.965.568
2	181.768	2.631.070	197.036	2.200.134
3	272.652	2.934.017	295.554	2.528.528
4	363.536	3.388.437	394.072	3.021.118





Samandregið gefur eftirfarandi tafla góða mynd af meðalgreiðslum barnabóta og -auka á Íslandi. Athygli er vakin á því hversu miklu hærri greiðslur eru til einstæðra foreldra.

Tafla 2.18 Barnabætur og barnabótaauki árið 1994
Meðalgreiðslur á mánuði eftir hjúskaparstöðu og fjölda barna

	Fjöldi barna		
	1	2	3
Einstæðir foreldrar	11.592	23.839	38.078
Hjón	4.179	8.466	13.454

Heimild: Þjóðhagsstofnun, óbirt efni.

Mæðra/feðralaun
Mæðra/feðralaun greiðast til einstæðra foreldra (og svipar þannig til Ordinært børnetilskud og extra børnetilskud í Danmörku). Árið 1994 voru greiddar 1.000 kr. á mánuði til einstæðra

foreldra með eitt barna, 5.000 kr. vegna tveggja barna og 10.800 kr. til einstæðra með 3 börn eða fleiri.

Barnalífeyri
Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 18 ára ef annað hvort foreldra er látið eða er örorkulífeyrisþegi. Greiðslan nam 10.300 kr. á mánuði á hvert barn árið 1994.

2.6.1 Meðlag

Danmörk
Meðlag greiðist með barni til 18 ára aldurs, ef barni er í námi má þó framlengja meðlagsgreiðslur fram til 24 ára.

Meðlagið er að lágmarki 702,50 Dkr. á ári. Lágmarksmeðlagið er skattfrjálst, en það sem er þar umfram er skattskylt hjá barninu. Meðlagsgreiðslur til barna yngri en 18 ára eru frádráttarbærar frá tekjum til skatts.

Ísland
Meðlag greiðist með barni til 18 ára aldurs. Framlag til menntunar er heimilt að ákveða allt til þess að barn verður 20 ára.

Meðlag nemur að lágmarki sömu fjárhæð og barnalífeyri, 10.300 kr. á mánuði. Það er ekki skattskylt og meðlagsgreiðandi hefur ekki heimild til að draga það frá tekjum til skatts.

2.6.2 Samandregið yfirlit yfir greiðslur vegna barna

Barnafjölskyldur njóta margvíslegs stuðnings í báðum löndum sem þeim er veitt með ýmsum hætti. Hér eru þessar greiðslur dregnar saman.

Danmörk

Tafla 2.19 Greiðslur til barnafólks á mánuði í Danmörku
Ísl. kr. m.v. jafnvirðisgildi gjaldmiðla

	Barna-bætur	Extra börne-tilskud	Ordinært börne-tilskud	Meðlag	Samtals
Hjón					
Með 1 barn					
Yngri en 7 ára	6.682	0	0	0	6.682
Eldri en 7 ára	5.166	0	0	0	5.166
Með 2 börn					
Bæði yngri en 7	13.364	0	0	0	13.364
Bæði eldri en 7	10.293	0	0	0	10.293
Annað yngra	11.829	0	0	0	11.829
Einstæðir foreldrar					
Með 1 barn					
Yngri en 7 ára	6.682	2.704	3.541	6.783	19.709
Eldri en 7 ára	5.147	2.704	3.541	6.783	18.174
Með 2 börn					
Bæði yngri en 7	13.364	2.704	7.081	13.567	36.715
Bæði eldri en 7	10.293	2.704	7.081	13.567	33.645
Annað yngra	11.829	2.704	7.081	13.567	35.180

Ísland

Tafla 2.20 Greiðslur til barnafólks á mánuði

	Barna-bætur	Mæðra-laun	Meðlag	Óskertur barnabóta-auki	Samtals Með barna-bótaauka	Samtals Án barna-bótaauka
Hjón						
Með 1 barn						
Yngri en 7 ára	3.207	0	0	7.574	10.781	3.207
Eldri en 7 ára	754	0	0	7.574	8.328	754
Með 2 börn						
Bæði yngri en 7	7.999	0	0	15.147	23.146	7.999
Bæði eldri en 7	3.093	0	0	15.147	18.240	3.093
Annað yngra	5.546	0	0	15.147	20.693	5.546
Einstæðir foreldrar						
Með 1 barn						
Yngri en 7 ára	5.660	1.000	10.300	8.210	25.170	16.960
Eldri en 7 ára	5.660	1.000	10.300	8.210	25.170	16.960
Með 2 börn						
Bæði yngri en 7	14.131	5.000	20.600	16.420	56.151	39.731
Bæði eldri en 7	11.678	5.000	20.600	16.420	53.698	37.278
Annað yngra	14.131	5.000	20.600	16.420	56.151	39.731

Samanburður

Uppbygging greiðslna til barnafólks er svipuð í báðum löndum. Hins vegar eru tekjutengdar barnabætur ekki til í Danmörku. Barnabætur til hjóna/sambýlisfólks eru miklu lægri á Íslandi en í Danmörku, mestur er munurinn á greiðslum til hjóna með 1 barn eldra en 7 ára, íslensku hjónin fá aðeins um 15% af þeim greiðslum sem hin dönsku fá. Barnabætur til einstæðra foreldra eru hliðstæðar í löndunum og jafnvel heldur betri á Íslandi.

Barnabótaaukinn breytir hins vegar myndinni mjög, þannig að greiðslur til tekjulágs íslensks barnafólks eru mun hærri en til dansks. Ágætan samanburð um raunverulegar greiðslur barnabóta og -auka má fá með því að skoða töflur 2.19 og 2.20. Mikilvægt er einnig að Danmörku eru greitt vegna barna allt til 18 ára aldurs en hér á landi til 16 ára aldurs.

Meðlag er hærra á Íslandi en í Danmörku en mæðralaunin eru lægri. Greiðslur til einstæðra foreldra með mörg börn eru þannig mun hærri hér á landi en í Danmörku. Í kafla 2.13 hér á eftir er fjallað um dagvistargjöld. Þar kemur fram að hér á landi greiða einstæðir foreldrar lægra gjald en foreldrar í sambúð. Á móti kemur að dagvistargjaldið er tekjutengt í Danmörku og er vistun ókeypis fyrir tekjulítið fólk. Frítekjumarkið er óháð fjölskyldugerð sem er hagstætt fyrir einstæða foreldra.

2.7 Vaxtabætur

Danmörk

Ekki eru neinar vaxtabætur til í Danmörku með sama hætti og hér á landi. Meginreglan er að nettóvaxtatekjur, þ.e. vaxtatekjur að frádregnum vaxtagjöldum, eru skattlagðar og vaxtagjöld lækka þannig tekjuskattstofn. Þetta á þó ekki við um "indkomstskat", því nettóvaxtatekjur eru ekki hluti af tekjustofni til útreiknings á þeim skatti. Þá eru eingöngu nettóvaxtatekjum umfram 20.000 Dkr. bætt við tekjuskattstofn til útreiknings á topskatti, sem þýðir að vaxtagjöld koma eingöngu til frádráttar ef viðkomandi hefur umtalsverðar vaxtatekjur.

Verðmæti vaxtafrádráttarins ræðst af þeim jaðarsköttum sem viðkomandi greiðir. Þetta þýðir að verðmæti frádráttarins fer vaxandi eftir því sem tekjur hækka. Þetta kemur fram í eftirfarandi mynd.



a) 20.000 Dkr. í vaxtagjöld á ári.



a) Barnlaus og með 36.000 Dkr. vaxtagjöld á ári.

Einstaklingur sem greiðir tekjuskatt en ekki hátekjuskatt (topskat) greiðir 49,2% jaðarskatta. Fyrir hverjar 100 kr. sem hann greiðir í vexti lækka skattar hans því um 49,2 kr.

Ísland

Vaxtabætur greiðast eingöngu vegna vaxtagjalda af lánum sem tekin eru vegna öflunar íbúðarhúsnæðis. Þótt vaxtabætur séu hluti af skattkerfinu, eru þær algerlega sjálfstæðar bætur, sem ganga upp í skattaskuldir og eru til útgreiðslu ef þær eru hærri en skattar. Fjárhæð þeirra ræðst af vaxtagjöldum, tekjum, hjúskaparstöðu og eignum, en að auki er hámark á vaxtagjöldum sem telja má fram og bæturnar eru einnig háðar hámarki. Á viðmiðunarárinu, 1994, voru vaxtabætur reiknaðar út frá 90% af framtöldum vaxtagjöldum umfram vaxtatekjur af skuldabréfum. Frá þeirri fjárhæð er síðan dregin 6% af tekjuskattstofni.

Tafla 2.21 Vaxtabætur á Íslandi 1994

	Einhleypur	Einstætt foreldri	Hjón
Hámarksvaxtabætur	125.204	163.885	203.584
Hámarksvaxtagjöld	400.580	526.651	651.705
Fríeignamark	3.105.002	3.105.002	5.146.535
Hámarkseign	4.968.003	4.968.003	8.234.456
Meðalvaxtagjöld	208.700	221.900	355.100
Meðalvaxtabætur	77.400	110.700	125.700

Bæði hámarksvaxtabætur og -vaxtagjöld einhleypra, en þó einkum einstæðra foreldra eru mun hærri hlutfallslega en til hjóna. Meðalvaxtabætur einstæðra foreldra námu þannig rétt um helmingi vaxtagjalda þeirra árið 1994, samanborið við 35% fyrir hjón og 37% fyrir einhleypa.



. a) Barnlaus og með 360 þ.kr. vaxtagjöld á ári.



a) 200 þ.kr. í vaxtagjöld á ári.

Verulegar breytingar hafa gerðar á vaxtabótakerfinu á Íslandi frá 1994. Helstar eru:

- Reglan um að aðeins 90% vaxtagjalda komi til útreiknings bóta.
- Hámarksvaxtagjöld miðast nú við 7% af skuldastofni.
- Hámarksvaxtabætur hafa verið hækkaðar.
- Allar vaxtatekjur, þ.m.t. bankainnstæður, koma til frádráttar frá vaxtagjöldum.

Samanburður

1. Vaxtafrádráttur í Danmörku er almennur, en ekki eingöngu bundinn við vaxtagjöld vegna öflunar íbúðarhúsnæðis eins og gildir um vaxtabætur hér á landi.
2. Vaxtabætur lækka með hærri tekjum/eignum hér á landi en skattalegt hagræði af frádrætti vaxtagjalda eykst með hærri tekjum í Danmörku.

3. Fjölskylda með meðaltekjur fær meira út úr danska vaxtafrádrættinum, en vaxtabótum á Íslandi. Hins vegar gagnast vaxtabótakerfið hinum tekjulægri vel á Íslandi og mun betur en vaxtafrádrátturinn danski.

2.8 Húsaleigubætur

Danmörk

Rétt til húsaleigubóta eiga allir leigjendur, nema þeir sem eru í sérstökum íbúðum ríkisins, s.s. sambýli o.fl. Bætur eru skattfrjálsar. Fjárhæð þeirra fer eftir húsaleigu, íbúðarstærð, heimilistekjum og fjölda barna. Við útreikning á húsaleigubótum eru tekin með börn allt að 23 ára aldri, er búa hjá foreldrum sínum. Húsaleigubætur geta hæstar orðið 15% af greiddri leigu fyrir barnlausa.

Tafla 2.22 Húsaleigubætur í Danmörku 1994

	Almennar reglur
Hámarksbætur	2.208 Dkr./mán. +5% vegna hvers barns að þremur og um 25% ef börn eru fjögur eða fleiri.
Hámarksleiga	4.183 Dkr./mán. viðbót vegna barna þannig að ef 2 börn þá 4.660 Dkr./mán. en hámark vegna 4 barna 5.016 Dkr./mán.
Hámarksstærð íbúðar	65 m^2 á einstakling +20 m^2 á hvern íbúa
Tekjuskerðing	Frá tekjum eru dregnar 2.008 Dkr/ mán. vegna hvers barns. Tekjur skerða bætur um 16% að tekjum 11.350 Dkr./mán, 26 2/3% umfram þá fjárhæð.
Skattlagning	Að fullu skattfrjálst.

Hjón með tvö börn sem greiða 3.700 Dkr. í leigu á mánuði fá 750 Dkr. í bætur á mánuði ef tekjur þeirra eru 18,750 Dkr. á mánuði, en 83 Dkr. ef tekjurnar eru 265.000 Dkr. á mánuði.

Tafla 2.23 Húsaleigubætur í Danmörku

	Einstætt foreldri i með 1 barn	Hjón með tvö börn
Heimilistekjur á mán.	11.000	18.750
Greidd húsaleiga á mán.	3.800	4.700
Húsaleigubætur á mán.	1.780	1.425
Húsaleigurbætur/húsaleiga, %	46,8%	30,3%

Heimild: *Boligsikring 1995*, Boligselskabernes landsforening.

Sérstakar reglur gilda um greiðslur húsaleigubóta (nefndar boligtilskud) til lífeyrisþega.

Ísland

Húsaleigubætur voru teknar upp árið 1995 og voru þannig ekki við lýði á viðmiðunarárinu, en eftirfarandi lýsing miðast við reglur sem í gildi voru 1995.

Tafla 2.24 Húsaleigubætur á Íslandi 1995

	Almennar reglur
Grunnstofn á íbúð	7.000 kr./mán.
Viðbót:	4.500 kr./mán.
1. barn	4.500 kr./mán.
2. barn	3.500 kr./mán.
3. barn	3.000 kr./mán.
Tillit til leigu	12% af leigu umfram 20 þús. kr. þó að hámarki 45 þús. kr.
Tilllit til tekna	2% umfram frítekjur
Frítekjumark	1,5 millj. kr. á ári
Hámarksbætur	21.000 kr./mán.
Hámarksbætur % af leigu	50%
Skattlagning	Að fullu skattlagt

Í tekjutillitinu felst ígildi 24% jaðarskatts. En þegar tillit er tekið til skattlagningarinnar verður igildi jaðarskatts 55,8%.

Tafla 2.25 Húsaleigubætur á Íslandi

	Einstætt foreldri i með 1 barn	Hjón með tvö börn
Heimilistekjur, kr./mán.	100.000	150.000
Greidd húsaleiga, kr./mán.	30.000	40.000
Húsaleigubætur, kr./mán.	12.700	4.200
Húsaleigubætur eftir skatt, kr./mán.	7.386	2.442
Húsaleigurbætur/húsaleiga, %	24,6%	6,1%

Athygli vekur að hjón með miðlungstekjur eiga varla rétt á bótum á Íslandi.

Samanburður

1. Húsaleigubætur í Danmörku eru mun hærri en á Íslandi.
2. Bæði eru bætur hærri og eins eru þær ekki skattlagðar í Danmörku.
3. Tekjuskerðingin er ekki eins brött og hér á landi.
4. Húsaleigubætur á Íslandi ganga nær eingöngu til þeirra sem hafa mjög lágar tekjur, en fólk með miðlungstekjur í Danmörku getur fengið húsaleigubætur.



a) Með tvö börn og 4.000 Dkr. í leigu á mánuði.



a) Með tvö börn og 40 þ.kr. í leigu á mánuði.

2.9 Tekjutening og tekjuskattar

Þótt jaðarskattar séu þó nokkuð hærri í Danmörku en á Íslandi er ekki öll sagan þar með sögð. Bæði barnabótaauki og vaxtabætur eru tekjutengt á Íslandi og eru ígildi jaðarskatts frá sjónarmiði skattgreiðandans. Í þessari mynd er litið á barnabæturnar og vaxtabæturnar saman.



a) Með eitt barn yngra en 7 ára og eitt eldra og 200 þ.kr. í vaxtagjöld



a) Með eitt barn yngra en 7 ára og eitt eldra og 360 þ.kr. í vaxtagjöld

Skatthlutfallið og skerðingarhlutfall vaxtabóta og barnabótaauka er ígildi ríflega 60% jaðarskatts á lágum tekjum. Tekjutenging er einnig veruleg í lífeyristryggingum almannatrygginga bæði hér og ekki síður í Danmörku og ígildi jaðarskatts sem lífeyrisþegar standa frammi fyrir er oft á tíðum gífurlega háir.

2.10 Atvinnuleysisbætur

Danmörk

Réttur til atvinnuleysisbóta er háður aðild að atvinnuleysistryggingarsjóði (í Danmörku eru 38 sjóðir viðurkenndir af hinu opinbera). Í stórum dráttum eiga allir launþegar, sjálfstæðir atvinnurekendur og þeir sem lokið hafa a.m.k. 18 mánaða námi í grein sem tilheyrir viðkomandi sjóði rétt á aðild.

Launþegi greiddi á árinu 1994 3.552 Dkr. á ári, sjálfstæðir atvinnurekendur greiða 4.128 Dkr. á ári. Hlutur launagreiðanda er innifalinn í 3% launagjaldi. Almennur réttur til atvinnuleysisbóta er 7 ár, sem skiptast í tvö tímabil, 4 og 3 ár. Ýmis viðbótarákvæði gilda þó um þá sem eru eldri en 50 ára.

Atvinnuleysisbætur nema 90% af fyrri tekjum, þó að hámarki 2.545 Dkr./viku, aðrar reglur gilda um þá sem hafa verið með eigin rekstur. Fyrir þá sem lokið hafa námi og fara beint á atvinnuleysisbætur er hámarkið 2.085 Dkr. á viku. Aðrar tekjur hafa almennt ekki áhrif á fjárhæð atvinnuleysisbóta.

Atvinnuleysisbætur miðast við 37 stundir á viku. Ef bótaþegi stundar vinnu, launaða eða ólaunaða, dragast þeir vinnutímar frá og bæturnar sem viðkomandi fær greiddar eru reiknaðar út hlutfallslega. Frádrátturinn er óháður tekjunum.

Á hvoru þessara tveggja tímabila sem atvinnuleysisbæturnar ná til getur bótaþegi, á samfelldu 12 mánaða tímabili, fengið 80% af þeim bótum sem hann hafði áður og jafnframt þénað 27.500 Dkr. á ári án þess að það lækki bæturnar. Ef tekjurnar fara fram úr áðurnefndri fjárhæð, skerðast bæturnar krónu á móti krónu.

Atvinnuleysisbætur eru skattskyldar og af þeim greiðist ATP-gjald en ekki vinnumarkaðsgjald.

Ísland

Skilyrði til að fá atvinnuleysisbætur er að hafa unnið a.m.k. 425 klst. í tryggingarskyldri vinnu á síðustu 12 mánuðum. Réttur til atvinnuleysisbóta er almennur, en greiðslur til Atvinnuleysistryggingarsjóðs er hluti af tryggingargjaldinu.

Atvinnulaus maður á rétt á greiðslu atvinnuleysisdagpeninga í 52 vikur, þó ber honum að taka þátt í námskeiðum eða taka þátt í átaksverkefnum í 8 vikur á hverju bótatímabili. Sinni hann ekki slíkum tilboðum falla bætur hans niður í 16 vikur.

Fjárhæð atvinnuleysisdagpeninga miðast við ákveðinn kauptaxta og er óháð fyrri launum hins atvinnulausa. Hafi tekjur hins atvinnulausa síðustu 6 mánuði fyrir missi atvinnu verið að meðaltali meira en tvöfaldar bætur frestast réttur til bóta þar til meðaltekjur fyrir liðinn mánuð verða jafnháar tvöföldum bótum. Greitt er aukalega 4% álag á bætur vegna hvers barns á framfæri bótaþega. Atvinnuleysisbætur eru að fullu skattlagðar og af þeim er greitt í lífeyrissjóð með hefðbundnum hætti.

2.11 Lífeyrir

Danmörk

Lífeyriskerfið í Danmörku byggir á fjórum stoðum; almannatryggingum (folkepension og förtidspension), viðbótarlífeyri; (ATP) [9] og samningsbundnum viðbótarlífeyri (Arbejdsmarkedspension) og loks einstaklingsbundnum lífeyrissparnaði. Ríkisstarfsmenn njóta sértaks lífeyriskerfis (tjenestemandspension).

Greiðslur almannatrygginga eru lang mikilvægastar og sem dæmi þá eru 57% af lífeyri ellilífeyrisþega frá almannatryggingum, en bæði ATP-lífeyrir og samningsbundu sjóðunum er enn sem komið er lítilfjörleg.

Almannatryggingar

Ellilífeyrir

Allir sem náð hafa 67 ára aldri eiga rétt á ellilífeyri. Til þess að eiga rétt á fullum lífeyri þarf viðkomandi að hafa verið búsettur í Danmörk í a.m.k. 40 ár.

Ellilífeyrinum er skipt í þrennt.

Tafla 2.26 Ellilífeyrir í Danmörku

	Grunnlífeyrir *Grundbeløb*	Uppbót *Pensionstillæg*	Sérstök uppbót *Pensionstillæg til reelt enlige*
Skilyrði	Almenn	Almenn	Búa einn
Fjárhæð	44.328 Dkr. á ári.	19.476 Dkr. á ári	24.468 Dkr
Tekjutenging	Já	Já	Nei
Frítekjumark	Einhl. 106.000 Dkr á ári Hjón 126.300 Dkr á ári	Einhl. 40.900 Dkr Hjón 81.900 Dkr	
Fellur niður við	Einhleypir 179.800 Dkr Hjón 200.100 Dkr		
Skerðing, %	60%	Einhleypir 30% Hjón 15%	
Skerðingargrunnur	Atvinnutekjur Tekjur maka ekki áhrif	Allar tekjur, nema grunnlífeyrir.	
Skattskylda	Að fullu	Að fullu	Undanþegið

Ellilífeyrisþegi getur þannig að hámarki fengið 7.356 Dkr. á mánuði í lífeyri frá almannatryggingum.

[9] Skammstöfunin stendur fyrir Arbejdsmarkedets Tillægspension.

Örorkulífeyrir (førtidspension)
Örorkulífeyrinum er skipt í 4 stig eftir örorkumati.

Tafla 2.27 Örorkulífeyrir í Danmörku

		Skilyrði	Hámarksfjárhæð
1. Stig	*Højeste førtidspension*	100% öryrkjar 18 til 60 ára	115.152 Dkr. á ári
2. Stig	*Mellemste førtidspension*	75% öryrkjar 18 til 60 ára og 100% öryrkjar 60 til 67 ára	85.380 Dkr. á ári
3. Stig	*Forhøjet førtidspension*	50% öryrkjar og þeim sem teljast hafa takmarkaða starfsgetu af öðrum ástæðum og eru á aldrinum 18 til 60 ára	75.060 Dkr. á ári
4. Stig	*Almindelig førtidspension*	50% öryrkjar og þeim sem teljast hafa takmarkaða starfsgetu af öðrum ástæðum og eru á aldrinum 60 til 67 ára	63.804 Dkr. á ári

Allir örorkulífeyrisþegar fá grunnlífeyri og uppbót sem lúta sömu reglum og gildir um ellilífeyri. Örorkulífeyrir (invaliditiesbeløb) jafn hátt sérstakri uppbót greiðist til þeirra er falla undir hæsta og miðstig. Örorkulífeyrisþegar í hæsta þrepi fá einnig greitt sérstakt álag að hámarki 29.772 Dkr. Örorkulífeyrisþegum stendur að auki til boða ýmsar uppbætur vegna fötlunnar og umönnunarþarfar.

Viðbótarlífeyrir (ATP)
ATP kerfið tekur til allra launþega sem vinna að minnsta kosti 9 tíma á Tilgangurinn með ATP er að greiða launþegum viðbótarlífeyri út frá greiddu iðgjaldi. Kerfið byggist að hluta á uppsöfnun og að hluta á gegnumstreymi.

a) Iðgjald
Iðgjaldið er einungis háð vinnuframlagi en ekki tekjum. Það er að hámarki Dkr. Fyrir fullt starf greiðast 194,40 Dkr. á mánuði og annað hvort 2/3 eða 1/3 þeirrar fjárhæðar vegna fólks í hlutastarfi. Launþeginn greiðir 1/3 og atvinnurekandinn 2/3 iðgjaldsins. Opinberir starfsmenn greiða þó lægra ATP iðgjald.

Almennt eiga sjálfstæðir atvinnurekendur ekki aðild að ATP. Hafi þeir greitt sem samsvarar fullu iðgjaldi í þrjú ár áður en þeir hófu sjálfstæðan rekstur, þá geta þeir haldið áfram að greiða í ATP.

b) Lífeyrir
Hægt er að hefja töku lífeyris við 67 ára aldur. Lífeyrisgreiðslurnar ráðast af hversu mikið lífeyrisþeginn hefur greitt í ATP. Lífeyrisþegi sem varð 67 ára 1. janúar 1994 og hafði greitt fullt iðgjald frá því ATP var hleypt af stokkunum árið 1964 fær um 12.000 Dkr. á ári.

Hægt er að fresta töku lífeyris fram til 70 ára aldurs og hækkar þá lífeyririnn um 10% fyrir hvert ár. Ef aðili að ATP fellur frá geta maki og börn yngri en 18 ára fengið eingreiðslu úr sjóðnum.

Er vísitölubinding launa var afnumin árið 1977 varð að samkomulagi að um ríkið skyldi greiða inn í sjóð sem svarar til tveggja ára verðlagsuppbótar sem ella kæmu á laun. Þessar fjárhæðir eru í LD sjóðnum og greiðast lífeyrisþegum í einu lagi er þeir hefja lífeyristöku. Lífeyrisþegi sem var í fullri vinnu árin 1977-1979 á þannig rétt á 29.618 Dkr.

Samningsbundnir lífeyrissjóðir

Á árunum 1988 til 1993 var með kjarasamningum komið á lífeyrissjóðum sem byggja á söfnun og líkjast að því leyti þeim er starfa hér á landi. Áður höfðu opinberir starfsmenn og einstaka aðrir hópar á almennum vinnumarkaði notið slíkra sjóða. Eins og nafnið bendir til er um að ræða samningsbundið lífeyrisfyrirkomulag en ekki lagalegt. Í sumum tilvikum er að ræða lífeyrissjóði er tengjast einstökum fyrirtækjum, en algengast er að aðild að sjóðunum fari eftir stéttarfélögum. Fyrirkomulagið er þannig mismunandi frá einum samningi til annars, en ætíð er um að ræða skylduaðild. Það er gert ráð fyrir að í lok árs 1993 hafi næstum 80% launþega verið aðilar að þessum lífeyrissjóðum.

Þessir sjóðir eru margir hverjir nýir. Fullt iðgjald verður 9-15% af launum, en í mörgum tilvikum er enn sem komið er greitt lægra iðgjald. Atvinnurekendinn innir af hendi 2/3 hluta á móti 1/3 hluta sem dregin eru af launum launþegans.

Lífeyrisreglur eru mismunandi í þessum sjóðum. Sumir sjóðirnir bjóða aðeins elli- og örorkulífeyri, aðrir (með hærra iðgjald) eru með víðtækari lífeyristryggingar. Almennt gildir að lífeyririnn ræðst af raunávöxtun eigna og ekki eru í gildi neinar einfaldar reglur um lífeyri sem fæst fyrir hverja innborgaða krónu í iðgjald. Miðað við 1% raunávöxtun má launþegi sem greiðir 9% af 180.000 Dkr. launum í lífeyrissjóð rekna með að fá um fimmtung launanna í lífeyri eftir 40 ára greiðslutíma.

Um embættismenn gildir svo nefnd „tjenestemandspensionsordning" sem er fjármögnuð með almennri skattheimtu en ekki iðgjaldsgreiðslum og þannig er engin sjóðsmyndun. Lífeyrir byggist á launum er taka lífeyris hefst og á fjölda starfsára. Eftir 37 ár starf á embættismaður rétt á lífeyri sem nemur 57% af launum. Ríkisstarfsmenn sem ekki eru embættismenn greiða til einstakra lífeyrissjóða.

Einstaklingsbundinn lífeyrissparnaður

Fjórða stoðin er svo einstaklingsbundinn lífeyrissparnaður sem er algengur enda mega menn draga iðgjald frá tekjum til skatts.

Uppbætur á lífeyrir (Personlige tillæg)

Allir lífeyrisþegar eiga rétt á uppbót frá sveitarfélaginu, ef þeir búa við erfiðar efnahagslegar aðstæður. Uppbótin getur verið greidd út mánaðarlega eða um eingreiðslu getur verið að ræða.

Aðstæður umsækjanda eru metnar og tekið tillit til tekna og eigna við matið, hvernig eignir eru metnar virðist vera ákvörðun einstakra sveitarfélaga en einhverjar fastar reglur gilda um tekjur.

Þeir sem fá óskerta uppbót þurfa ekki að greiða afnotagjöld fyrir útvarp og einungis hálft afnotagjald fyrir sjónvarp. Lífeyrisþegar geta átt rétt á aðstoð við húshitun og einnig fá þeir afslátt á fargjöldum með dönsku ríkisjárnbrautunum.

Meðaltekjur einhleypra lífeyrisþega voru að meðaltali 8.700 Dkr. á mánuði árið 1993.

Ísland

Íslenska lífeyriskerfið hvílir á þremur stoðum; almannatryggingum, lífeyrissjóðum og einstaklingsbundnum lífeyrissparnaði.

Almannatryggingar

Ellilífeyrir

Allir sem náð hafa 67 ára aldri eiga rétt á ellilífeyri. Til þess að eiga rétt á fullum lífeyrir þarf viðkomandi að hafa verið búsettur á Íslandi í a.m.k. 40 ár. Sérstakar reglur gilda um EES löndin.

Lífeyrisgreiðslur almannatrygginga falla í fjóra flokka: grunnlífeyrir, tekjutrygging, heimilisuppbót og sérstök heimilisuppbót. Fjárhæðir, frítekjur og skerðingarhlutfall þessara bóta eins og þau eru í lok árs 1994 eru dregnir saman í töflu 2.28.

Tafla 2.28 Ellilífeyrir kr. á mánuði m.v. lok árs 1994

	Hámarks fjárhæð	Frítekjur [a)]	Skerðingar-hlutfall	Uppurið við
Grunnlífeyrir	12.329	68.519	25%	117.835
Tekjutrygging	22.684	17.582	45%	67.991
Heimilisuppbót	7.711	17.582	15,3%	67.991
Sérstök heimilisuppbót	5.304	0	100%	5.304
Samtals	48.028			

[a)] Breytilegt hvaða tekjur mynda skerðingarstofn.

Rétt er að benda á að í töflunni er ekki tekið tillit til sérstaks álags sem greitt var nokkrum sinnum á árinu og miðaðist við þær eingreiðslur sem launþegum voru greiddar samkvæmt kjarasamningum. Þegar álaginu er bætt við kemur fram að hámarkslífeyrir einhleypings var að meðaltali 51.052 kr. á mánuði 1994.

Örorka

Öryrkjum er skipt í tvo hópa eftir stigi örorku. Örorkulífeyris njóta þeir sem eru metnir 75% öryrkjar eða meira. En sé maður metinn 50-74% öryrki á hann rétt á örorkustyrk. Þessar greiðslur eru inntar af hendi þar til viðkomandi verður 67 ára.

Lengst af hafa greiðslur til öryrkja og aldraðra verið jafnháar en frá og með maí 1992 hefur óskert tekjutrygging örorkulífeyrisþega verið ákveðinn nokkru hærri en til ellilífeyrisþega og var 23.320 kr. á mánuði í árslok 1994. Að öðru leyti gilda sömu reglur um greiðslur til öryrkja og aldraðra.

Örorkustyrkþegar eiga rétt á greiðslu sem nemur fullum örorkulífeyri, en fá ekki tekjutryggingu o.s.frv.

Lífeyrissjóðir

Öllum starfandi mönnum er skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði. Þeir starfa eftir sjóðssöfnun með fyrirfram ákveðnum lífeyrisreglum, sem eru óháðar raunávöxtun sjóðsins.

a) Iðgjald

Iðgjald er greitt af öllum launum samkvæmt reglum almennu lífeyrissjóðanna, en iðgjaldsstofn eru dagvinnulaun hjá opinberu sjóðunum. Iðgjaldsskylda er aðeins í 32 ár hjá Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna. Í flestum sjóðunum er iðgjaldið 10% af iðgjaldsstofni og greiðir launþegi 4% og atvinnurekandi 6%.

b) Lífeyrir

Réttindavinnsla í almennu lífeyrissjóðunum er byggð á stigaútreikningi. Fyrir hvert iðgjaldsár fást sem svarar 1,8% af launum. Maður sem aflar meðallauna landverkafólks innan ASÍ, um 115 þús. kr. á mánuði 1994, vinnur sér inn 2,4 stig á ári sem veita rétt til tæpra 25 þús. kr. á ári í lífeyri. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins er ekki grundvallaður á stigareikningi heldur á launum þess er við starfi tekur. Hvert iðgjaldsgreiðsluár gefur rétt til 2% af launum, en eftir að iðgjaldsgreiðsluskyldu lýkur er réttindaávinnsla 1% á ári. Árlega ávinnur opinber starfsmaður, sem aflar meðaltekna BSRB félaga hjá ríkinu, 75 þús. kr. fyrir dagvinnu á mánuði, 2% af dagvinnulaunum eða 18 þús. kr. á ári.

Samkvæmt skattframtölum fá um 87% karla 70 ára og eldri greiðslur úr lífeyrissjóði en einungis 75% kvenna á sama aldri. Af þeim sem eru á aldrinum 67 til og með 69 ára fá um 57% karla og 59% kvenna greiðslur úr lífeyrissjóði. Ekki er unnt að greina á milli þess hvort um sé að ræða elli- eða makalífeyri.

Annað

Þegar tekið er tillit til ýmissa hlunninda og niðurfellingu eða afslátt gjalda sem lífeyrisþegum stendur til boða, kemur í ljós að afkoma lífeyrisþega er heldur betri en launþega með sömu tekjur. Hér verður drepið á nokkra þessara þátta.

Lífeyrisþegum sem teljast hreyfihamlaðir gefst kostur á styrkjum eða lánum til kaupa á bifreiðum. Bensínstyrkur stendur þeim einnig til boða og er hann greiddur sem uppbót á lífeyri. Hægt er og að sækja um niðurfellingu bifreiðaskatts.

Tafla 2.29 Tekjur elilífeyrisþega 1994

	Einhleypir		Hjón, bæði lífeyrisþegar	
	Meðaltekjur þ.kr. á ári	Hlutfallslegt vægi	Meðlatekjur þ.kr. á ári	Hlutfallslegt vægi
Heildartekjur	929,4	100,0%	1740,2	100,0%
Sjálfsaflatekjur	157,0	16,9%	572,2	32,9%
Greiðslur frá Tryggingarst.	494,7	53,2%	670,0	38,5%
Greiðslur úr lífeyrissjóð	277,7	29,9%	498,0	28,6%

Einstaklingsbundinn lífeyrissparnaður

Þriðja stoðin er svo einstaklingsbundinn lífeyrissparnaður. Hann er hins vegar afar vanþróaður á Íslandi, enda mega menn ekki draga iðgjald frá tekjum til skatts.

Samanburður

Uppbygging lífeyriskerfa er áþekk í báðum löndunum. Almannatryggingar mynda grunninn og greiðslur þar eru í auknum mæli tekjutengdar. Til viðbótar við almannatryggingarnar eru svo lífeyrissjóðirnir. Á Íslandi er þó ekki til neitt sem svarar til ATP í Danmörku.

Lífeyrir almannatrygginga er hærri í Danmörku. Mánaðargreiðslur til ellilífeyrisþega svara að hámarki til 70 þús. ísl. kr. á mánuði, borið saman við 48 þús. kr. á Íslandi. Á hinn bóginn virðist lífeyrir úr lífeyrissjóðunum vera hagstæðari hér en í Danmörku. Lífeyrir embættismanna er þó augljóslega mun betri í Danmörku. Að samanlögðu eru tekjur lífeyrisþega í Danmörku hærri en hér á landi, eða 82,8 þús.kr. á móti 77,5 þús. kr. og er þá bent á að atvinnuþátttaka ellilífeyrisþega er miklu meiri hér en þar.

Samanburður á hámarkslífeyri og launum sýnir að lífeyristrygging er óneitanlega góð hér á landi. Þessi niðurstaða er raunar staðfest í riti NOSOSKO nefndarinnar, *Social trygghed i de nordiske lande*, þar sem fram kemur að hlutfall launa og lífeyris er hvað hæst hér á landi. Í töflu 2.30 er sýnt hlutfall lífeyris og launa á Norðurlöndunum og miðað við þau dæmigerðu tilvik um laun iðnverkafólks sem þar er stuðst við og 25% hærri/lægri laun.

Tafla 2.30 Hlutfall ellilífeyris og launa á Norðurlöndum árið 1990

	25% undir	„Dæmigerð tilvik“	25% yfir
Ísland	95	82	73
Danmörk	100	81	69
Finland	66	58	44
Noregur	74	70	66
Svíþjóð	76	70	71

Heimild: *Social Security in the Nordic Countries. Scope, expenditure and financing 1990*, bls. 205.

2.12 Réttur til fæðingarorlofs, foreldraorlofs og menntunarorlofs

Danmörk

Fæðingarorlof

Fæðingardagpeningar eru aðeins greiddir til kvenna sem hafa lágmarks atvinnuþátttöku og krafist er að þær hafi innt af hendi a.m.k. 120 vinnustundir á undangengnum 13 vikum eða fengið atvinnuleysis- eða sjúkradagpeninga. Fæðingarorlof er 24 vikur en auk þess á þunguð kona rétt á dagpeningum þegar fjórar vikur eru taldar til fæðingar (konur í opinberri þjónustu þó í 8 vikur) fyrir fæðingu.

Foreldrar geta deilt með sér síðustu 10 vikum fæðingarorlofisins, faðirinn á einnig rétt á dagpeningum í 2 vikur eftir fæðingu, enda sé hann frá vinnu á meðan.

Fæðingardagpeningar eru jafnháir fyrri launum þó upp að hámarki sem var 2.546 Dkr á viku á árinu 1994. Foreldrar sem ættleiða barn eiga rétt á dagpeningum í 24 vikur.

Réttur foreldra í veikindum barna

Þessi réttur mun vera bundin kjarasamningum og er mismunandi eftir stéttarfélögum.

Allir þeir sem eru á vinnumarkaði eiga rétt á orlofsgreiðslum vegna náms, leyfis eða barnaumönnunar að uppfylltum ákv. skilyrðum.

Miklar takmarkanir eru á því hvaða aðrar bætur hægt er að fá um leið og menn fá orlofsgreiðslur. Orlofsgreiðslurnar eru inntar af hendi til launþega nema í þeim tilvikum þar sem viðkomandi heldur launum sínum og ef þau eru hærri en orlofið renna greiðslurnar til atvinnurekanda. Ef orlofsþegi þiggur viðbótargreiðslur fá atvinnurekanda skerðir það ekki orlofið.

Orlofsgreiðslur eru skattskyldar.

Menntunarorlof

Rétturinn til orlofs er háður því að launþegi sé félagi í atvinnuleysistryggingarsjóði (arbejdsløshedskasse) og hafi verið starfandi í amk. 3 ár af síðustu 5. Atvinnulausir þurfa aftur á móti að eiga rétt á atvinnuleysisbótum. Hámarksorlof til þeirra sem hafa full réttindi eru 2.635 Dkr. á viku.

Foreldraorlof

Foreldrar með börn að 8 ára aldri eiga rétt að taka sér frí frá vinnu og fá dagpeninga í 13-26 vikur. Dagpeningarnir eru jafnháir fæðingardagpeningum.

Orlofsgreiðslur vegna leyfis

Launþegar sem eru eldri en 25 ára eiga rétt á orlofsgreiðslum á allt að eitt ár séu þeir félagar í atvinnuleysistryggingarsjóði (arbejdsløshedskasse) og hafi verið starfandi í amk. 3 ár af síðustu 5. Orlofið nemur 82% af orlofi vegna náms (2.635 Dkr./viku).

Skilyrði fyrir orlofsgreiðslum er að atvinnurekandi þess sem fer í orlof skuldbindur sig til þess að ráða mann af atvinnuleysiskrá í sambærilegt starf.

Ísland

Fæðingarorlof

Fæðingarorlof er 26 vikur. Feður eiga ekki sjálfstæðan rétt til orlofs, heldur er hann afleiddur af rétti móður og geta þeir nýtt sér orlof í stað móður, þó ekki fyrsta mánuðinn. Greiðslur eru tvískiptar. Allar mæður eiga rétt á fæðingarstyrk, nema þær njóti óskertra launa í orlofi annars staðar, sem var 25.090 kr. á mánuði. Réttur til fæðingardagpeninga stofnast með atvinnuþátttöku og er miðað við 1.032-2.064 dagvinnustundir á undangengnum 12 mánuðum til að öðlast rétt til fullra dagpeninga.

Konur í opinberri þjónustu njóta betri réttar og fá full laun í 6 mánuði í fæðingarorlofi. Konur sem starfa í bönkum fá full laun í 3 mánuði og fá fæðingarstyrk og dagpeninga í 3 mánuði.

Réttur foreldra í veikindum barna

Þessi réttur mun vera bundin kjarasamningum og er mismunandi eftir stéttarfélögum. Venja er að miða við 7 daga á ári.

2.13 Þjónustugjöld

Danmörk

Læknishjálp

Það er engin gjaldtaka í danska heilbrigðiskerfinu.

Lyf

Lyf eru flokkuð í 4 flokka. Lyf sem ekki er borgað með, lyf sem niðurgreidd eru að 50%, 75% og loks lyf sem sjúklingur greiðir ekkert fyrir. Sveitarstjórnir geta "efter reglerne om personlige tillæg udstede medicinkort til pensionister". Skoða þessar reglur!

Tannlæknar

Börn að 18 ára aldri fá ókeypis tannlækningnar, en að fullu þarf að greiða fyrir tannréttingar. Sjúkratryggingar greiða hluta tannlæknakostnaðar þeirra sem eru 18 ára og eldri.

Dagvistun barna

Greiðslur fyrir dagvistun barna fara eftir tekjum foreldra, fjölda barna og fjölda barna í dagvistun. Frá tekjum á ári má draga 7.000 Dkr. frá vegna hvers barns við útreikning greiðslna.

Tafla 2.31 Gjaldskrá dagvistar barna

Heimilistekjur á ári	Greiðslur á mánuði	
< 99.600	0	
99.601	5% af fullu gjaldi	
99.601 - 200.000	Fyrir hverjar 1.103 sem heimilistekjur hækka um, hækkar greiðslan um 1%	
> 204.400	Fullt gjald:	
	Vöggustofa	1.885
	Dagheimili	1.127
	Skóladagheimili	746

Samanburður við meðaltekjur fjölskyldufólks sýnir að meðal einstætt foreldri í Danmörku borgar ekki fullt gjald, hins vegar eru tekjur hjón langt umfram þau mörk að þeim ber að greiða fullt gjald.

Systkinaafsláttur er veittur og er hann þannig að gefinn er helmings afsláttur af fullu gjaldi fyrir þau systkini sem greiðir lægra gjald.

Annað

Lífeyrisþegar sem eiga rétt á fullum uppbótum geta fengið afnotagjald útvarps að fullu niðurfelld og sjónvarpsgjaldið að hálfu. Lífeyrisþegar eiga rétt á ódýrari fargjöldum með járnbrautum. Sjúkratryggingar taka þátt í kostnað vegna gleraugu barna yngri en 16 ára.

Ísland

Læknishjálp

Lega á sjúkrahúsi er almennt ókeypis. Hins vegar er greitt fyrir ýmsa aðra læknishjálp. Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir helstu þætti gjaldskrárinnar, sem í gildi var árið 1994.

Tafla 2.32 Greiðslur vegna læknishjálpar

	Gjaldflokkur	Fjárhæð
Koma til heimilislæknis/ heilsugæslustöð	Fullt gjald	600 kr. + 40% umframkostnaðar.
	Með afsláttarskírteini	200 kr.
	Lífeyrisþegar, börn	200 kr.
	Með afsláttarskírteini	0 kr
Koma til sérfræðings, á göngu- og slysadeild	Fullt gjald	1.200 kr.+ 40% umframkostnaðar.
	Með afsláttarskírteini	Þriðjungur fulls gjalds.
	Lífeyrisþegar, börn	Þriðjungur fulls gjalds.
	Með afsláttarskírteini	1/9 fulls gjalds.

Afsláttarskírteini fæst útgefið þegar einstaklingur 16-67 ára hefur greitt 12.000 kr. á sama almanaksári. Lífeyrisþegi á rétt á afsláttarskírteini er hann hefur greitt 3.000 kr. og vegna barna 6.000 kr.

Tafla 2.33 Lyfjaverð

	Elli- og örorkulífeyrisþegar	Aðrir
Lífsnauðsynleg lyf	Ókeypis	Ókeypis
Lyf í „B" flokki	150 kr. - 400 kr.	500 kr. - 1.500
Lyf í „E" flokki	150 kr. - 800 kr.	500 kr. - 3.000
Lyf í „O" flokki	Greiðir að fullu	Greiðir að fullu

Margir elli- og örorkulífeyrisþegar fá uppbót á lífeyri vegna lyfjakostnaðar sem nemur allt að 120 % af grunnlífeyri.

Tannlæknar

Sjúkratryggingar endurgreiða 3/4 reikninga vegna tannlækninga fyrir börn undir 16 ára aldri.

Lífeyrisþegi sem nýtur óskertrar tekjutryggingar fær 75% af kostnaði vegna tannviðgerða og gervitanna endurgreidd, en 50% njóti hann skertrar tekjutryggingar. Lífeyrisþegar sem dveljast á sjúkrastofnunum og í þjónustuhúsnæði aldraðra fá fulla endurgreiðslu vegna tannviðgerða og gervitanna ef þeir fá vasapeninga en 75% endurgreitt annars.

Dagvistun barna

Tafla 2.34 Greiðslur fyrir dagvist barna

Fjöldi stunda á dag	Einstæðir foreldrar	Hjón annað í námi	Hjón hvorugt í námi
4 stundir	6.900	6.900	6.900
5 stundir	6.600	7.000	11.000
6 stundir	7.100	8.600	12.300
8 stundir	8.600	12.000	19.600
Skóladagheimili	8.600		

Ekki er veittur afsláttur vegna systkina.

Annað

Lífeyrisþegum sem njóta óskertrar tekjutryggingar og búa einir þurfa ekki að greiða fastagjald af venjulegum síma, en fastagjaldið er 1.382 kr. á ársfjórðungi eða 5.528 kr. á ári. Árið 1993 nam kostnaðurinn af þessari niðurfellingu 34 millj. kr. Njóti lífeyrisþegi uppbótar á lífeyri getur hann fengið fellt niður afnotagjald ríkisútvarps, 24.000 kr. á ári. Alls var afnotagjald 8.322 lífeyrisþega fellt niður árið 1993, samanborið við 5.433 árið 1986. Árið 1993 nam kostnaðurinn tæpum 175 millj. kr. sem er 15% af greiðslum vegna uppbótar til elli- og örorkulífeyrisþega.

Lífeyrisþegar eru undanþegnir hinum sérstaka eignarskattsauka.

Flest sveitarfélög á landinu lækka fasteignagjöld hjá elli- og örorkulífeyrisþegum. Framkvæmdin er breytileg eftir sveitarfélögum. Hjá sumum sveitarfélögum er lækkunin tekjutengd og er þá tekjunum skipt upp í ákveðin bil sem gefa rétt á hlutfallslegri lækkun. Í Reykjavík gilda eftirfarandi reglur um lækkun fasteignaskatta elli- og örorkulífeyrisþega 1995: Ef tekjur einhleypra eru undir 625 þús. kr. á ári og 875 þús. kr. hjá hjónum er lækkunin 100%. Einhleypir með tekjur allt að 688 þús. kr. og hjón með tekjur allt að 961 þús. kr. á ári fá 80% lækkun á sköttunum. Einhleypir með tekjur allt að 780 þús. kr. og hjón með tekjur allt að 1.094 þús. kr. á ári fá 50% lækkun. Þeir sem eru með hærri tekjur en þessi mörk fá enga lækkun. Þar sem lækkunin er tekjutengd miðast hún við tekjuskattsstofn þ.m.t. bætur almannatrygginga.

Í öðrum sveitarfélögum er lækkunin miðuð við fasta krónutölu, þ.e. fasteignagjöld þeirra sem náð hafa ákveðnum aldri eru lækkuð að ákveðnum viðmiðunarmörkum. Hjá sumum sveitarfélögum er miðað við 67 ára aldur, önnur miða lækkunina við 70 ára aldur og hjá enn öðrum sveitarfélögum er lækkunin mismunandi eftir því hvort viðkomandi er yngri eða eldri en 70 ára.

Einnig er mismunandi eftir sveitarfélögum hvort lækkunin nái einungis til fasteignaskattsins eða einnig til annarra gjalda, svo sem þjónustugjalda sem innheimt eru með fasteignagjaldi. Ekki liggja fyrir upplýsingar til að meta um hversu miklar fjárhæðir hér kynni að vera að tefla.

1157. Frumvarp til laga [331. mál]

um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar.

(Eftir 2. umr., 3. júní.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að stofna hlutafélag um rekstur Póst- og símamálastofnunar, sem nefnist Póstur og sími hf., og að leggja til hlutafélagsins allar eignir og skuldir Póst- og símamálastofnunar, réttindi, skuldbindingar og viðskiptavild svo sem nánar greinir í lögum þessum.

Við stofnun félagsins skal allt hlutafé þess vera í eigu íslenska ríkisins og skal sala þess óheimil án samþykkis Alþingis.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að veita hvers konar fjarskiptaþjónustu, póstþjónustu og fjármálalega umsýslu á grundvelli laga og reglugerða sem þar gilda, svo og að reka aðra skylda starfsemi. Þá skal félaginu einnig heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum.

Heimilt er hlutafélaginu að stofna nýtt félag eða félög, sem alfarið verði í eigu þess, til þess að annast ákveðna þætti í starfsemi þess. Í sama tilgangi getur hlutafélagið ákveðið skiptingu þess í samræmi við ákvæði 133. gr. hlutafélagalaga, nr. 2/1995.

Hlutafélaginu er heimilt að gera hvers konar samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt skv. 1. mgr. þessarar greinar.

Tilgangi og verkefnum félagsins skal nánar lýst í samþykktum þess.

3. gr.

Ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, gildir ekki um innborgun hlutafjár. Þá gildir 2. mgr. 3. gr. laganna ekki um tölu stofnenda í hlutafélaginu og 1. mgr. 20 gr. sömu laga ekki um tölu hluthafa.

Í stofnyfirlýsingu skal mælt fyrir um þau atriði sem áskilið er að fram komi í stofnsamningi samkvæmt hlutafélagalögum að öðru leyti en getið er um í lögum þessum.

Að öðru leyti skulu ákvæði laga um hlutafélög gilda um hið nýja félag.

4. gr.

Nafnverð stofnhlutafjár skal nema 75% af bókfærðu eigin fé Póst- og símamálastofnunar samkvæmt endurskoðuðum efnahagsreikningi 31. desember 1995 sem jafnframt skal gilda sem stofnefnahagsreikningur félagsins, en 25% af eigin fé skal færa í varasjóð. Hlutafé skal þó taka breytingum til hækkunar eða lækkunar samkvæmt niðurstöðu matsnefndar, sbr. 5. gr.

Eitt hlutabréf skal gefið út við skráningu félagsins. Hlutabréf, sem gefið verður út í tengslum við stofnun félagsins eða skiptingu þess samkvæmt niðurlagsákvæði í 2. mgr. 2. gr., skal undanþegið stimpilgjöldum.

5. gr.

Samgönguráðherra skipar nefnd þriggja óvilhallra manna til að endurmeta eignir stofnunarinnar, skuldbindingar og viðskiptavild, svo og til að leggja mat á aðra eigna- og

skuldaliði efnahagsreiknings stofnunarinnar. Við endanlegt mat á stofnhlutafé skal jafnframt taka tillit til áhrifa verðbreytinga og rekstrar á efnahag á árinu 1996. Niðurstöður nefndarinnar skulu liggja fyrir í síðasta lagi 1. október 1996 og skal hlutafé félagsins ákvarðast í samræmi við þær, sbr. 4. gr.

6. gr.

Stjórn Pósts og síma hf. skal skipuð sjö aðalmönnum og sjö til vara. Þeir skulu kosnir á aðalfundi ár hvert. Ef félaginu verður skipt í tvö félög í samræmi við niðurlagsákvæði 2. mgr. 2. gr. skulu stjórnir beggja skipaðar á sama hátt.

Samgönguráðherra fer með eignaraðild ríkissjóðs að Pósti og síma hf.

7. gr.

Póstur og sími hf. skal taka til starfa 1. janúar 1997.

Samgönguráðherra skipar þriggja manna undirbúningsnefnd til þess að annast undirbúning og nauðsynlegar aðgerðir vegna breytingarinnar. Nefndin skal hafa heimild til þess að gera hvers kyns löggerninga sem eru nauðsynlegir til undirbúnings stofnun félagsins og fyrirhugaðri starfrækslu. Við stofnun skal félagið bundið við umrædda löggerninga.

8. gr.

Fastráðnir starfsmenn Póst- og símamálastofnunar skulu eiga rétt á störfum hjá hinu nýja félagi og skulu þeim boðnar stöður hjá því, sambærilegar þeim er þeir áður gegndu hjá stofnuninni, enda haldi þeir hjá félaginu réttindum sem þeir höfðu þegar áunnið sér hjá stofnuninni. Þó fer um biðlaunarétt þeirra eftir þeim lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem í gildi eru við gildistöku laga þessara.

Nú hefur félagið boðið fastráðnum starfsmanni Póst- og símamálastofnunar sambærilega stöðu hjá félaginu með eigi lakari launum en hann áður naut og fellur biðlaunaréttur þá niður ef starfsmaður hafnar boðinu eða hefur ekki samþykkt það innan sex vikna frá því honum barst boðið.

Ef fastráðinn starfsmaður Póst- og símamálastofnunar, sem ráðinn hefur verið hjá félaginu samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr., fær eigi að síður greidd biðlaun eða bætur fyrir missi biðlauna úr ríkissjóði vegna formbreytingar þeirrar á starfsemi stofnunarinnar, sem lög þessi kveða á um, fellur sjálfkrafa niður biðlaunaréttur hans hjá félaginu.

Fastráðinn starfsmaður stofnunarinnar, sem hefur áunnið sér rétt til lífeyrisgreiðslna samkvæmt ákvæðum 12. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, og hefur ráðist til starfa hjá félaginu með óskertum launum skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar, heldur þeim réttindum gagnvart félaginu sem 12. gr. greinir, en á ekki jafnframt rétt til greiðslu lífeyris úr sjóðnum meðan hann heldur óskertum launum sínum hjá félaginu skv. 9. mgr. 12. gr. laga nr. 29/1963, með síðari breytingum.

9. gr.

Samgönguráðherra veitir félaginu rekstrarleyfi á tilteknum sviðum til þeirrar starfsemi sem af verkefnum félagsins leiðir samkvæmt lögum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum. Við útgáfu rekstrarleyfa getur ráðherra bundið þau þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru til að tryggja hagsmuni viðskiptavina félagsins.

10. gr.

Stjórn hlutafélagsins setur gjaldskrá fyrir félagið þar sem m.a. skal gætt almennra arðsemissjónarmiða og jafnframt tekið tillit til tækninýjunga sem haft geta áhrif á söluverð þjónustu félagsins. Setning gjaldskrár er þó háð samþykki samgönguráðherra að því er varðar verðlagningu á póst- og símaþjónustu innan lands sem er veitt vegna einkaleyfis sem félagið kann að hafa á hverjum tíma.

Gjaldskrá fyrir einkaleyfisþjónustu öðlast gildi þegar hún hefur verið staðfest af samgönguráðherra og birt í Stjórnartíðindum.

11. gr.

Nú selur félagið búnað og þjónustu í samkeppni við aðra á frjálsum markaði og skal félagið þá í þeim tilvikum halda fjárreiðum deilda í einkaréttarþjónustu aðskildum frá öðrum rekstri. Félaginu er óheimilt að nota fjármagn frá rekstri, sem grundvallast á rekstrarleyfi, til þess að lækka verð á búnaði eða þjónustu sem seld er í samkeppni. Samgönguráðuneytið skal fylgjast með því að einkaréttarrekstur sé nægilega aðgreindur frá samkeppnisrekstri félagsins.

12. gr.

Póstur og sími hf. skal greiða skatta eftir almennum reglum sem tíðkast um hlutafélög og arð eftir því sem afkoma félagsins leyfir.

13. gr.

Pósti og síma hf. er skylt að halda uppi tilskilinni öryggisþjónustu fyrir landsmenn sem nánar er skilgreind í reglugerð sem ráðherra setur.

14. gr.

Nú óska stjórnvöld eftir því að Póstur og sími hf. leggi í framkvæmdir eða rekstur til almannaheilla í öryggisskyni fyrir landsmenn eða vegna byggðasjónarmiða sem ljóst er að ekki skilar arði og skal þá gera um það samning milli ríkisstjórnarinnar og Pósts og síma hf.

15. gr.

Póstur og sími hf. yfirtekur í samræmi við 1. gr. allar eignir, réttindi og skuldbindingar Póst- og símamálastofnunar frá og með 1. janúar 1997. Yfirtakan veitir samningsaðilum stofnunarinnar ekki heimild til uppsagnar fyrirliggjandi samningssambanda.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1996.

Við yfirtöku Pósts og síma hf. á eignum, réttindum og skyldum Póst- og símamálastofnunar 1. janúar 1997 falla úr gildi lög um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, nr. 36/1977, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði 16. gr. skal samgönguráðherra eigi síðar en 1. júlí 1996 skipa nefnd þá sem mælt er fyrir um í 5. gr.

II.

Þrátt fyrir ákvæði 16. gr. skal samgönguráðherra eigi síðar en 1. júlí 1996 skipa undirbúningsnefnd þá sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 7. gr. og skal nefndin taka til starfa þegar í stað.

III.

Á stofnfundi félagsins sem haldinn skal eigi síðar en 27. desember 1996 skal samgönguráðherra skipa félaginu stjórn sem starfa skal fram að fyrsta aðalfundi, sbr. 6. gr.

1158. Frumvarp til laga [364. mál]

um breytingu á póstlögum, nr. 33/1986.

(Eftir 2. umr., 3. júní.)

1. gr.

Í stað orðanna „Póst- og símamálastofnun“ í upphafi 4. gr. laganna kemur: „Íslenska ríkið“.

Við 4. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Samgönguráðherra er heimilt að veita Pósti og síma hf. rekstrarleyfi til að annast þá póstþjónustu sem ríkið hefur einkarétt á samkvæmt þessari grein.

2. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Íslenska ríkið hefur einkarétt á uppsetningu póstkassa á almannafæri.

Notkun póstlúðurs með eða án stjarna eða örva, til auðkenningar póstþjónustu, er einungis heimil Pósti og síma hf.

3. gr.

19. gr. laganna orðast svo:

Samgönguráðherra setur, að fengnum tillögum frá Pósti og síma hf., gjaldskrá fyrir þjónustu sem lýtur einkarétti. Jafnframt getur hann ákveðið gjaldskrá fyrir flutning og dreifingu dagblaða, vikublaða og tímarita á vegum Pósts og síma hf.

4. gr.

25. gr. laganna orðast svo:

Ríkið hefur einkarétt á útgáfu frímerkja. Með orðinu frímerki er átt við gjaldmiðil sem ætlaður er til greiðslu fyrir póstþjónustu sem innt er af hendi í umboði ríkisins.

5. gr.

Í stað orðanna: „Póst- og símamálastofnun“ og „póst- og símamálastjóri“ í niðurlagi 5. gr. laganna, 1. mgr. 6. gr., 7., 9., 20., 21., 23., 26., 27., 31., 34. og 36. gr. kemur „Póstur og sími hf.“ með fallbreytingum eftir því sem við á.

6. gr.

Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga er heimilt að gera tímabundna samninga sem kveða á um greiðslu skuldara á lægri upphæð en til fellur mánaðarlega þegar til skuldarinnar hefur verið stofnað sökum félagslegra erfiðleika skuldara, svo sem af heilsufarsástæðum, ónógum tekjum, skertri starfsorku, mikilli greiðslubyrði, barnamergð eða af öðrum sambærilegum ástæðum. Slíka samninga skal endurskoða reglulega og a.m.k. á sex mánaða fresti. Ef um áframhaldandi félagslega og fjárhagslega erfiðleika er að ræða hjá skuldara og stjórnin telur fullljóst að aðstæður skuldara séu þannig að hann geti eigi greitt áfallinn höfuðstól eða hluta hans, auk meðlaga sem falla til mánaðarlega, er stjórninni heimilt að afskrifa höfuðstól skuldara að hluta eða öllu leyti. Heimild til niðurfellingar höfuðstóls eða hluta hans er bundin því skilyrði að skuldari hafi í a.m.k. þrjú ár staðið við samning skv. 1. málsl. Nánari ákvæði um framkvæmd skulu sett í reglugerð.

Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga er heimilt að afskrifa og endurgreiða höfuðstól skuldara sem stofnast hefur eftir að niðurstaða blóðrannsóknar liggur fyrir og/eða mál hefur verið höfðað til ógildingar á faðernisviðurkenningu eða til vefengingar á faðerni barns. Heimildin til afskriftar og endurgreiðslu er þó bundin því skilyrði að niðurstaða dómsmáls leiði í ljós að skuldari er ekki faðir viðkomandi barns. Nánari ákvæði um framkvæmd skulu sett í reglugerð.

Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga er heimilt að mæla með nauðasamningi þar sem fjallað er um niðurfellingu höfuðstóls og/eða dráttarvaxta að hluta eða öllu leyti, enda sé ljóst að hagsmunum Innheimtustofnunar sveitarfélaga verði betur borgið með nauðasamningi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1166. Frumvarp til laga [483. mál]

um breyting á lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald.

(Eftir 2. umr., 3. júní.)

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Til iðnaðar telst öll starfsemi sem fellur undir atvinnugreinanúmer sem upp eru talin í viðauka við lög þessi.

Undanþegin gjaldinu eru fyrirtæki sem að öllu leyti eru í eign opinberra aðila, svo og fyrirtæki sem stofnuð eru samkvæmt sérstökum lögum til að vera eign opinberra aðila að verulegu leyti nema annars sé getið í þeim lögum.

3. gr.

Við lögin bætist nýr viðauki sem verður hluti af lögum þessum og orðast svo:

Viðauki.

Til iðnaðar skv. 1. mgr. 2. gr. skulu teljast eftirtaldar atvinnugreinar samkvæmt Íslenskri atvinnugreinaflokkun, ÍSAT 95:

10	Kolanám og móvinnsla.
11	Vinnsla á hráolíu, jarðgasi o.fl.
12	Nám á úran- og þórínmálmgrýti.
13	Málmnám og málmvinnsla.
14	Nám og vinnsla annarra hráefna úr jörðu.
Úr 15	*Matvæla- og drykkjarvöruiðnaður:*
15.20.8	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta.
15.3	Vinnsla ávaxta og grænmetis.
15.43	Framleiðsla smjörlíkis og svipaðrar feiti til manneldis.
15.6	Framleiðsla á kornvöru, mjölva og mjölvavöru.
15.7	Fóðurframleiðsla.
15.8	Annar matvælaiðnaður.
15.9	Drykkjarvöruiðnaður.
16	Tóbaksiðnaður.
17	Textíliðnaður.
18	Fataiðnaður; sútun og litun loðskinna.
19	Leðuriðnaður.
20	Trjáiðnaður.
21	Pappírsiðnaður.
22	Útgáfustarfsemi og prentiðnaður. Þó ekki 22.31, fjölföldun hljóðritaðs efnis, og 22.32, fjölföldun myndefnis.
23	Framleiðsla á koxi, olíuvörum og kjarnorkueldsneyti.
24	Efnaiðnaður.
25	Gúmmí- og plastvöruframleiðsla.
26	Gler-, leir- og steinefnaiðnaður.
27	Framleiðsla málma.
28	Málmsmíði og viðgerðir.
29	Vélsmíði og vélaviðgerðir.
30	Framleiðsla á skrifstofuvélum og tölvum.
31	Framleiðsla og viðgerðir annarra ótalinna rafmagnsvéla og tækja.
32	Framleiðsla og viðgerðir fjarskiptabúnaðar og tækja.
33	Framleiðsla og viðhald á lækningatækjum, mæli- og rannsóknartækjum, úrum o.fl.

34	Framleiðsla vélknúinna ökutækja annarra en vélhjóla.
35	Framleiðsla annarra farartækja.
36	Húsgagnaiðnaður, skartgripasmíði, hljóðfærasmíði, sportvörugerð, leikfangagerð og annar ótalinn iðnaður.
37	Endurvinnsla.
45	Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð.
Úr 50	*Sala, viðhald og viðgerðir á bílum o.fl.; bensínstöðvar:*
50.2	Bílaviðgerðir og viðhald; hjólbarðaviðgerðir.
52.7	Viðgerðir á hlutum til einkanota og heimilisnota.
72	Tölvur og tölvuþjónusta.
Úr 74	*Önnur viðskipti og sérhæfð þjónusta:*
74.81	Ljósmyndaþjónusta.
Úr 93	*Önnur persónuleg þjónustustarfsemi:*
93.02	Hárgreiðslu- og snyrtistofur.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

1167. Þingsályktun [470. mál]

um staðfestingu tveggja samninga við Færeyjar um fiskveiðimál.

(Afgreidd frá Alþingi 3. júní.)

Samhljóða þskj. 805.

1168. Þingsályktun [527. mál]

um staðfestingu þriggja samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum.

(Afgreidd frá Alþingi 3. júní.)

Samhljóða þskj. 1010.

1169. Lög [510. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 4. júní.)

Samhljóða þskj. 913.

1170. Þingsályktun [61. mál]

um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna.

(Afgreidd frá Alþingi 4. júní.)

Samhljóða þskj. 61.

1171. Þingsályktun [71. mál]

um menningar- og tómstundastarf fatlaðra.

(Afgreidd frá Alþingi 4. júní.)

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að láta kanna á hvern hátt fatlaðir geti notið sumarleyfa, tómstunda, lista og menningarlífs á sama hátt og aðrir í þjóðfélaginu og gera tillögur um úrbætur. Tryggt verði að fulltrúar frá samtökum sveitarfélaga, svæðisskrifstofum um málefni fatlaðra, Öryrkjabandalaginu og Þroskahjálp komi að málinu.

1172. Þingsályktun [76. mál]

um rannsóknir í ferðaþjónustu.

(Afgreidd frá Alþingi 4. júní.)

Alþingi ályktar að brýnt sé að efla rannsóknir í ferðaþjónustu, tryggja með þeim hætti grundvöll stefnumótunar og langtímaáætlana í atvinnugreininni og stuðla að jafnvægi í fjárfestingu. Í því skyni verði gripið til eftirtalinna ráðstafana:

1. Stofnuð verði gagnamiðstöð við skrifstofu Ferðamálaráðs Íslands á Akureyri sem hafi það hlutverk:
   a. að skipuleggja öflun upplýsinga um atvinnugreinina þannig að þær varpi sem skýrustu ljósi á stöðu og þróun greinarinnar og verði traustur grundvöllur rannsókna, þróunarstarfs og fjárfestingar í ferðamennsku;
   b. að safna upplýsingum um erlenda ferðamarkaði og safna gögnum um erlendar rannsóknir í ferðamálum;
   c. að varðveita þessar upplýsingar og birta reglulega fréttir um stöðu greinarinnar.
2. Stofnuð verði staða rannsóknarfulltrúa við skrifstofu Ferðamálaráðs Íslands á Akureyri. Hlutverk hans verði að efla rannsóknir í ferðaþjónustu og skipuleggja samstarf Ferðamálaráðs við fyrirtæki og rannsóknastofnanir á sviði rannsókna og þróunarstarfs.

1173. Þingsályktun [89. mál]

um notkun steinsteypu til slitlagsgerðar.

(Afgreidd frá Alþingi 4. júní.)

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta kanna möguleika á aukinni notkun steinsteypu til slitlagsgerðar á vegum þar sem álagsumferð er mikil og við flugvallagerð. Könnunin nái til nýlagningar og endurnýjunar slitlags og verði lokið á árinu 1997.

1174. Þingsályktun [189. mál]

um breytingu á merkingum þilfarsfiskiskipa.

(Afgreidd frá Alþingi 4. júní.)

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að breyta reglugerð nr. 493/1986, um merkingu skipa, þannig að krafa verði gerð um að þilfarsfiskiskip séu merkt með kallmerki skipsins til viðbótar öðrum merkingum sem gerð er krafa um í sömu reglugerð. Við útfærslu slíks ákvæðis og gildissvið skal tekið mið af alþjóðlegum tilmælum um merkingar fiskiskipa.

1175. Breytingartillaga [536. mál]

við frv. til l. um breyt. á byggingarlögum, nr. 54/1978, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

Við 1. gr.:

a. Í stað orðanna „Einstaklingar, sem lokið hafa námi á rafsviði, og“ komi: Rafiðnfræðingar, rafvirkjameistarar og rafvirkjar sem“.
b. Í stað orðanna „3 árum“ komi: 4 árum.
c. Orðin „fullu eða“ falli brott.

1176. Lög [442. mál]

um breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 4. júní.)

Samhljóða þskj. 1150.

1177. Lög [269. mál]

um breytingu á lögum um gjald af áfengi, nr. 96 28. júní 1995.

(Afgreidd frá Alþingi 4. júní.)

Samhljóða þskj. 497.

1178. Lög [445. mál]

um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 4. júní.)

Samhljóða þskj. 1149.

1179. Lög [444. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 4. júní.)

Samhljóða þskj. 776.

1180. Lögreglulög. [451. mál]

(Afgreidd frá Alþingi 4. júní.)

Samhljóða þskj. 1162.

1181. Lög [450. mál]

um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 4. júní.)

Samhljóða þskj. 1163.

1182. Lög [320. mál]

um staðfesta samvist.

(Afgreidd frá Alþingi 4. júní.)

Samhljóða þskj. 1164.

1183. Lög [356. mál]

um breytingu á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 4. júní.)

Samhljóða þskj. 1165.

1184. Lög [390. mál]

um breyting á lögum um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994.

(Afgreidd frá Alþingi 4. júní.)

Samhljóða þskj. 685.

1185. Lög [483. mál]

um breyting á lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald.

(Afgreidd frá Alþingi 4. júní.)

Samhljóða þskj. 1166.

1186. Lög [529. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 4. júní.)

Samhljóða þskj. 1026.

1187. Svar [480. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um störf tannsmiða.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hyggst ráðherra beita sér fyrir lagabreytingum til að taka af tvímæli um að tannsmiðir hafi rétt til að starfa sjálfstætt?

Ýmsar stoðstéttir, svo sem tannsmiðir, tannfræðingar og sjóntækjafræðingar, hafa sótt á með lagabreytingar til að fá rétt til að starfa sjálfstætt á starfssviði sínu. Eins og nú háttar eru þessar stéttir háðar forsögn annars vegar tannlækna og hins vegar augnlækna til að geta unnið við starf sitt.

Þegar rætt er um tannsmiði sérstaklega er augljóst að nám í tannsmíði hér á landi hefur ekki verið skipulagt á þann hátt að þeim sé ætlað að starfa sjálfstætt í þessum skilningi þar sem hlutur klínískrar kennslu er mun minni en aðrar þjóðir hafa gert að skilyrði til að tannsmiðir fái rétt til að starfa sjálfstætt. Tannsmíðaskóli Íslands útskrifar nemendur sína með nauðsynlegri færni til smíði á gervitönnum en í svipuðum skóla í Danmörku þarf að bæta við tveimur árum í læknisfræðilegum greinum áður en tannsmiðir fá réttindi til að starfa sjálfstætt án umsjónar og eftirlits tannlækna með sjúklingnum. Að líkindum hafa einungis þrír til fjórir tannsmiðir á Íslandi þessa menntun eins og sakir standa.

Áður en hugað er að því að veita stoðstéttum sjálfstæði í starfi sínu er nauðsynlegt að undirbúa vel menntunarkröfur sem gera verður til þeirra. Öll lönd sem veitt hafa tannsmiðum rétt til sjálfstæðrar starfsemi gera klínískt nám að skyldu þannig að heildarnámstími getur farið upp í fimm ár í sumum löndum áður en þeir fá tilskilin leyfi.

Ef heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið undirbýr lagabreytingar í þessa veru verður því að fara mjög gaumgæfilega ofan í saumana á því hvaða menntunarkröfur umsækjendur um sjálfstæðan atvinnurekstur á þessum sviðum þurfa að uppfylla.

Tryggingastofnun ríkisins hefur gert samninga við nokkra tannsmiði um kaup á vinnu þeirra í smíði heilgóma. Verð fyrir þessa vinnu er mun lægra en tannlæknar hafa boðið.

Eins og að framan greinir er mál þetta flóknara en svo að hér sé einungis um að ræða að breyta einni lítilli lagagrein og það er langt frá því að tannsmiðir séu einir á ferð þegar rætt er um sjálfstæði stoðstétta. Verður því að skoða mál þetta í víðara samhengi með hliðsjón af starfsréttindum heilbrigðisstétta og stoðstétta í heilbrigðisþjónustu.

Verið er að vinna að heildarendurskoðun á réttindamálum heilbrigðisstétta og verða réttindamál stoðstétta eins og tannsmiða skoðuð í þeirri vinnu. Á þessu stigi er hins vegar ekki tímabært að segja til um niðurstöður þess eða hvort heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra muni beita sér fyrir lagabreytingum í þá veru sem fyrirspurnin lýtur að.

1188. Svar [508. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Kristínar Halldórsdóttur um símgjöld stjórnmálasamtaka.

1. *Hvaða afslátt frá gjaldskrá, eða önnur sérkjör, bauð Póstur og sími stjórnmálasamtökum fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 1994 og alþingiskosningarnar 1995?*

Öll viðurkennd framboð til sveitarstjórnarkosninga árið 1994 og alþingiskosninga 1995 nutu 85% afsláttar af símgjöldum.

2. *Hvert var umfang viðskiptanna og hvað má meta ívilnanir stofnunarinnar til mikils fjár?*

Það er mat Póst- og símamálastofnunar að þessar ívilnanir megi meta til tæpra 4,7 millj. kr. í alþingiskosningunum árið 1995 og til rúmra 3,9 millj. kr. í sveitarstjórnarkosningunum 1994.

3. *Hvaða skilyrði þurfa framboð að uppfylla til að njóta þessara kjara?*

Einungis gild framboð samkvæmt kosningalögunum geta notið slíks styrks.

1189. Svar [511. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um álbræðslu á Grundartanga.

1. *Hver er staða samningaviðræðna stjórnvalda við Columbia Aluminium um byggingu álbræðslu á Grundartanga?*

Fulltrúar fyrirtækisins heimsóttu Ísland í október 1995 til að kanna aðstæður til byggingar álverksmiðju hér á landi. Í framhaldi af þeirri heimsókn hafa fulltrúar fyrirtækisins verið í sambandi við MIL til að afla frekari upplýsinga um aðstöðu hér. Raunverulegar samningsviðræður hafa því ekki hafist.

2. *Hvenær gæti bygging fyrsta áfanga verksmiðjunnar hafist og rekstur hennar byrjað?*

Ágreiningur hefur verið milli aðaleigenda CAC og starfsmanna um ráðstöfun eigna fyrirtækisins. Þó svo að fyrirsjáanleg sé lausn á þeim ágreiningi hefur fyrirtækið enn ekki tekið ákvörðun um hvar það eigi að fjárfesta. Valið hefur staðið milli Venesúela og Íslands. Þegar þetta er haft í huga og það að engar formlegar samningaviðræður hafa hafist milli íslenskra aðila og fulltrúa CAC er útilokað að segja til um hvenær bygging fyrsta áfanga verksmiðjunnar geti hafist eða hvenær rekstur hennar hefst.

3. *Hversu miklu fjármagni hefur þegar verið varið til undirbúnings þessu máli af hálfu Íslendinga í heild, þar af frá eftirtöldum aðilum:*
   a. *iðnaðarráðuneyti,*
   b. *Landsvirkjun,*
   c. *MIL, þar af sérgreint til umhverfisrannsókna,*
   d. *öðrum?*

Allt starf að undirbúningi málsins hefur verið í höndum MIL. Samkvæmt bókhaldi hefur útlagður kostnaður MIL við undirbúning þessa máls á sl. ár og því sem af er þessu ári verið sem hér segir:

Tæknilegur undirbúningur og áætlanir	3.754.596 kr.
Mat á umhverfisáhrifum	5.975.448 kr.
Samtals	9.730.044 kr.

Kostnaður þessi er greiddur af sérstöku framlagi eigenda MIL sem skiptist jafnt milli Landsvirkjunar og iðnaðarráðuneytisins. Aðrir innlendir aðilar hafa ekki borið kostnað af þessu máli.

4. *Hversu mikið hefur Columbia Aluminium lagt fram eða endurgreitt vegna einstakra undirbúningsþátta?*

CAC óskaði eftir því við MIL að fram færi mat á umhverfisáhrifum á byggingu álvers af tiltekinni stærð á Grundartanga. Samkomulag er um að verði álverið byggt á Grundartanga muni CAC endurgreiða allan kostnað við mat á umhverfisáhrifum. Verði hins vegar ekki ráðist í byggingu álverksmiðju á Grundartanga á vegum CAC er engu að síður ljóst að þær umhverfisrannsóknir, sem þar hafa verið gerðar munu nýtast, komi til þess að aðrir aðilar vilji fjárfesta í orkufrekum iðnaði á Grundartanga. Sá kostnaður, sem lagt hefur verið í vegna mats á umhverfisþáttum, mun því nýtast til atvinnuuppbyggingar á umræddu iðnaðarsvæði. Svipaður háttur var hafður á með stækkun álversins í Straumsvík þar sem ÍSAL endurgreiddi MIL allan útlagðan kostnað við mat á umhverfisáhrifum og starfsleyfi jafnskjótt og ákveðið var að stækka álverið.

5. *Verður búnaður verksmiðjunnar að öllu leyti í samræmi við alþjóðleg skilyrði um bestu fáanlega tækni (BAT), m.a. að því er varðar mengunarvarnir?*

Búnaður verksmiðjunnar verður í samræmi við skilgreiningu „PARCOM“ á bestu fáanlegri tækni (BAT).

6. *Hvert er áætlað heildarkoltvísýringsútstreymi frá verksmiðjunni á ári og hvernig samrýmist sú losun alþjóðlegum skuldbindingum Íslendinga?*

Heildarkoltvísýringsútstreymi frá 60.000 tonna álveri er áætlað allt að 120.000 tonn á ári og frá 180.000 tonna álveri um 360.000 tonn á ári. Varðandi alþjóðlegar skuldbindingar Íslands um losun koltvísýrings út í andrúmsloftið vísast til svars umhverfisráðuneytisins til Skipulags ríkisins, dags. 25. janúar 1996, en þar segir orðrétt: „Ráðuneytið hefur engu við úrskurðarorðin frá 7. nóvember sl., vegna kæru Hjörleifs Guttormssonar, Alþingi, á úrskurði skipulagsstjóra ríkisins frá 11. september sl. um mat á umhverfisáhrifum, samkvæmt lögum nr. 63/1993, vegna stækkunar álvers Íslenska álfélagsins hf. í Straumsvík, að bæta, þ.e. að aukning í útblæstri koltvíoxíðs frá álverum er ekki í andstöðu við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftlagsbreytingar.“

7. *Hvernig verður tryggð vatnsöflun til fullbyggðrar álbræðslu á þessum stað og hvernig fellur sú vatnstaka að heildarmarkmiðum um vatnsöflun og vatnsvernd á svæðinu sunnan Skarðsheiðar?*

Margar skýrslur hafa verið teknar saman á undanförnum árum varðandi vatnsból og vatnsöflun á svæði sveitarfélaganna sunnan Skarðsheiðar.

Samkvæmt þeim athugunum og upplýsingum frá Íslenska járnblendifélaginu um fáanlegt vatn úr vatnsleiðslu þeirra má draga saman eftirfarandi niðurstöður:

Virkjunarstaður vatns	**Magn (l/s)**
Vatnslögn járnblendiverksmiðju	15
Við Bugumela	15
Við Geldingaá	25
Við Fiskilæk	70
Við norðanvert Akrafjall	30
Samtals	*155 l/s*
Vatnsþörf 60.000 t álvers með lokuðu kælikerfi	25 l/s
Vatnsþörf 180.000 t álvers með lokuðu kælikerfi	35 l/s

Þessar tölur um vatnsmagn byggja á mælingum til töku neysluvatns en ekki iðnaðarvatns. Minni kröfur eru gerðar til gæða iðnaðarvatns og er líklegt að virkja megi meira vatn til iðnaðar. Heildarmagn virkjanlegs vatns samkvæmt þessari samantekt gefur til kynna að taka vatns fyrir lokað kælikerfi allt að 35 l/s getur varla talist vera vandamál í umhverfislegu tilliti.

Rétt er að vekja athygli á að í gildandi mengunarvarnareglugerð eru ákvæði um vatnsvernd og vatnsverndarsvæði sem tekið verður fullt tillit til við vatnsöflun. Ekki hafa verið sett lög um nytjavatn hér á landi en frumvarp þar að lútandi er í vinnslu í umhverfisráðuneytinu.

8. *Hvaða virkjanir þurfa að koma til vegna verksmiðjunnar, bæði fyrsta áfanga hennar og síðari áfanga?*

Í minnisblaði frá Landsvirkjun, sem fylgir matsskýrslu MIL og CAC um umhverfisáhrif álvers á Grundartanga, frá 4. desember 1995, segir svo:

„Þar sem ákveðið hefur verið að stækka ÍSAL í ársbyrjun 1998, hefur Landsvirkjun fáa virkjunarkosti mögulega til að anna 60 þúsund tonna álveri Columbia Aluminum Corporation á Grundartanga árið 1997. Þær virkjanaframkvæmdir, sem mögulegt er að virkja með svo skömmum fyrirvara, eru helst þær jarðgufuvirkjanir sem komnar eru á verkhönnunarstig á þeim jarðhitasvæðum þar sem nægjanlegar rannsóknir eru tiltækar. Til að anna álverinu á Grundartanga gerir Landsvirkjun ráð fyrir að ráðast sjálf í eða semja við eignaraðila um að ráðist verði í eftirfarandi virkjunarframkvæmdir:

1997 Hágöngulón,
1997 Nesjavellir 1. áfangi,
1998 Nesjavellir 2. áfangi,
1998 Bjarnarflag 1. og 2. áfangi.“

Engar ákvarðanir liggja þó fyrir, hvorki um virkjanir fyrir fyrsta né síðari áfanga, enda óvissa um allar tímasetningar þar að lútandi. Aðrir virkjunarkostir gætu einnig komið til greina svo sem stækkun Kröfluvirkjunar, jarðgufuvirkjun á Reykjanesi, Vatnsfellsvirkjun og Sultartangi.

1190. Frumvarp til laga [437. mál]

um breyting á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 4. júní.)

1. gr.

Orðin „þó er óheimilt að breyta leyfðum heildarafla þorsks eftir 15. apríl“ í 3. málsl. 2. mgr. 3. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Við 2. málsl. 2. mgr. 5. gr. bætist: nema bátur komi í stað báts sem hefur verið dæmdur óbætandi vegna sjótjóns.

3. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Bátar minni en 6 brl., sem stundað hafa veiðar með línu og handfærum með dagatakmörkunum eða á þorskaflahámarki, krókabátar, skulu frá og með fiskveiðiárinu sem hefst 1. september 1996 stunda veiðar skv. 9. mgr. þessarar greinar. Þessum bátum er einungis heimilt að stunda veiðar með handfærum og línu, eða einungis með handfærum, sbr. 6. mgr. þessarar greinar. Þó er sjávarútvegsráðherra heimilt að veita þeim leyfi til að stunda veiðar á botndýrum með þeim veiðarfærum sem til þarf, svo sem plógum og gildrum og til hrognkelsaveiða í net.

Krókabátum gefst frá og með fiskveiðiári því sem hefst 1. september 1996 kostur á að velja á milli þess að stunda veiðar með þorskaflahámarki skv. 4.–5. mgr. og þess að stunda veiðar í tiltekinn fjölda sóknardaga eftir annarri hvorri þeirra aðferða sem nánar er lýst í 6.–10. mgr. Eigandi krókabáts skal tilkynna Fiskistofu um val sitt fyrir 1. júlí 1996. Innan sama frests getur eigandi krókabáts komið fram athugasemdum við Fiskistofu um útreikning á þorskaflahámarki. Velji eigandi krókabáts ekki fyrir tilskilinn tíma skal bátur stunda veiðar á þorskaflahámarki. Sætti eigandi sig ekki við úrskurð Fiskistofu um þorskaflahámark getur hann, innan mánaðartíma frá því að úrskurður liggur fyrir, skotið málinu til sérstakrar kærunefndar sem ráðherra skipar. Skal hún skipuð þremur mönnum og skal formaður hennar fullnægja skilyrðum til að vera skipaður héraðsdómari. Úrskurðir kærunefndar eru fullnaðarúrskurðir innan stjórnkerfisins.

Heildarþorskaflaviðmiðun fyrir krókabáta skal vera 13,9% af ákvörðuðum heildarþorskafla hvers fiskveiðiárs en þó ekki lægri en 21.500 lestir, miðað við óslægðan fisk. Frá þessari heildarþorskaflaviðmiðun dragast 500 lestir til og með fiskveiðiárinu 1998/1999, samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II laga nr. 83/1995.

Þorskaflahámark þeirra báta sem þann kost velja skal á hverju fiskveiðiári vera sama hlutfall af heildarþorskaflaviðmiðun fyrir krókabáta og nam hlutfalli hvers báts í 21.000 lestum, miðað við reiknað þorskaflahámark skv. 2. gr. laga nr. 83/1995.

Heimilt er að framselja þorskaflahámark krókabáts til annars krókabáts eða báta en það er háð því skilyrði að allt hámarkið sé flutt af viðkomandi bát, enda falli veiðileyfi niður og rétti til endurnýjunar sé afsalað. Heimilt er að flytja allt að 20% af þorskaflahámarki frá einu fiskveiðiári yfir á það næsta. Enn fremur er heimilt að flytja til krókabáts á þorskaflahámarki, innan hvers fiskveiðiárs, úthlutað aflamark í þorski skv. 7. gr., um þann flutning gilda almennar reglur um flutning aflamarks. Tilkynna skal Fiskistofu

fyrir fram um flutning þorskaflahámarks milli báta og öðlast hann ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest flutninginn.

Bátum sem velja sóknardaga gefst kostur á að velja um að stunda veiðar með handfærum og línu skv. 7.–8. mgr. þessarar greinar eða einungis með handfærum skv. 9.–10. mgr. þessarar greinar. Sóknardagur telst vera 24 klukkustundir frá upphafi veiðiferðar. Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um fyrirkomulag sóknardaga og eftirlit með þeim. Ráðherra getur heimilað að veiðar í sérhæfð veiðarfæri samkvæmt lokamálslið 1. mgr., sem og veiðar með sérhæfðri línu til veiða á háfiskum, séu utan sóknardaga.

Sameiginlegur hámarksþorskafli þeirra báta er velja að stunda veiðar með handfærum og línu skal á hverju fiskveiðiári vera sama hlutfall af heildarþorskaflaviðmiðun fyrir krókabáta og nam samanlagðri hlutdeild þessara báta í 21.000 lestum, miðað við reiknað þorskaflahámark, skv. 2. gr. laga nr. 83/1995. Á fiskveiðiárinu sem hefst 1. september 1996 skulu sóknardagar þessara báta vera 84, miðað við veiðar með handfærum. Ef bátur rær með línu skal margfalda fjölda nýttra daga með tölunni 1,9 á tímabilinu frá 1. maí til 1. september, en með tölunni 1,35 á öðrum tíma. Sé einn maður í áhöfn krókabáts er óheimilt að róa með og eiga í sjó fleiri en 12 bala alls af línu fyrir hvern sóknardag en 20 bala séu tveir eða fleiri í áhöfn. Miðað er við að 500 krókar séu á línu í hverjum bala.

Fjöldi sóknardaga þeirra báta er þennan kost velja er ákveðinn fyrir hvert fiskveiðiár, í fyrsta sinn fyrir fiskveiðiárið sem hefst 1. september 1997, með því að reikna meðalafla á hvern leyfðan sóknardag næstliðins fiskveiðiárs og deila þeirri tölu í hámarksafla þeirra á fiskveiðiárinu. Sóknardögum skal fækka eða fjölga um heila daga og er broti sleppt.

Sameiginlegur hámarksþorskafli þeirra báta er velja að stunda veiðar með handfærum eingöngu skal á hverju fiskveiðiári vera sama hlutfall af heildarþorskaflaviðmiðun fyrir krókabáta og nam samanlagðri hlutdeild þessara báta í 21.000 lestum, miðað við reiknað þorskaflahámark skv. 2. gr. laga nr. 83/1995. Á fiskveiðiárinu sem hefst 1. september 1996 skulu sóknardagar þessara báta vera 84.

Fjöldi sóknardaga þeirra báta er þennan kost velja er ákveðinn fyrir hvert fiskveiðiár, í fyrsta sinn fyrir fiskveiðiárið sem hefst 1. september 1997, með því að reikna meðalafla á hvern leyfðan sóknardag næstliðins fiskveiðiárs og deila þeirri tölu í hámarksafla þeirra á fiskveiðiárinu. Sóknardögum skal fækka eða fjölga um heila daga og er broti sleppt.

4. gr.

Á eftir 6. gr. laganna kemur ný grein, 6. gr. a, sem orðast svo:

Heimilt er án sérstaks leyfis að stunda fiskveiðar í tómstundum til eigin neyslu. Slíkar veiðar er einungis heimilt að stunda með handfærum án sjálfvirknibúnaðar. Afla, sem veiddur er samkvæmt heimild í þessari málsgrein, er óheimilt að selja eða fénýta á annan hátt.

Ráðherra er heimilt að ákveða árlega að á tilteknum fjölda opinberra sjóstangaveiðimóta teljist afli ekki til aflamarks eða þorskaflahámarks og veiðidagar ekki til sóknardaga, enda sé aflinn einungis fénýttur til að standa straum af kostnaði við mótshaldið.

5. gr.

2. tölul. 3. mgr. 7. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Fyrri málsliður 6. mgr. 10. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

Við 4. mgr. 12. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Tefjist skip frá veiðum í sex mánuði eða lengur innan fiskveiðiárs vegna tjóns eða meiri háttar bilana hefur afli þess fiskveiðiárs ekki áhrif til niðurfellingar aflahlutdeildar eða veiðileyfis samkvæmt þessari grein.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1996, nema ákvæði 2. gr. sem öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Heimild til að framselja þorskaflahámark krókabáts til annars krókabáts eða báta, með því skilyrði að allt hámarkið sé flutt af viðkomandi bát, veiðileyfi falli niður og rétti til endurnýjunar sé afsalað, skal taka þegar gildi. Enn fremur skal heimild 2. mgr. 6. gr. a er varðar sjóstangaveiðimót þegar taka gildi.

II.

Reikna skal sérstaka viðbótaraflahlutdeild til handa skipum sem stundað hafa línuveiðar á fiskveiðiárunum 1993/1994, 1994/1995 og 1995/1996 í mánuðunum nóvember, desember, janúar og febrúar þar sem afli var aðeins að hálfu talinn til aflamarks skv. 6. mgr. 10. gr. Skal samanlögð viðbótaraflahlutdeild þessara skipa vera jöfn hlutfallinu milli 30 af hundraði línuafla þeirra á þessum þremur árum í framangreindum mánuðum af þorski og ýsu og úthlutaðs heildaraflamarks af sömu tegundum á sömu árum að viðbættum samanlögðum hálfum línuafla í framangreindum mánuðum á sömu árum hins vegar. Skal aflahlutdeild allra skipa endurreiknuð að teknu tilliti til þessa.

Viðbótaraflahlutdeild línuskipa af hvorri tegund skv. 1. mgr. skal skiptast milli þeirra í hlutfalli við þann afla af tegundinni sem ekki taldist til aflamarks vegna reglna um línutvöföldun á tveimur bestu af framangreindum þremur fiskveiðiárum.

1191. Lög [331. mál]

um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar.

(Afgreidd frá Alþingi 4. júní.)

Samhljóða þskj. 1157.

1192. Lög [364. mál]

um breytingu á póstlögum, nr. 33/1986.

(Afgreidd frá Alþingi 4. júní.)

Samhljóða þskj. 1158.

1193. Lög [408. mál]

um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 73 28. maí 1984, sbr. lög nr. 32 14. apríl 1993.

(Afgreidd frá Alþingi 4. júní.)

Samhljóða þskj. 1159.

1194. Lög [536. mál]

um breyting á byggingarlögum, nr. 54/1978, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 4. júní.)

1. gr.

Við lögin bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Rafiðnfræðingar, rafvirkjameistarar og rafvirkjar, sem störfuðu þann 1. janúar 1996 við raflagnahönnun eða höfðu á næstliðnum 4 árum fengið samþykki opinberra aðila fyrir raflagnateikningum, eiga, þrátt fyrir ákvæði 12. gr., rétt á takmörkuðu starfsleyfi sem raflagnahönnuðir, enda sæki þeir um slíkt leyfi til umhverfisráðherra fyrir 1. janúar 1997.

Ráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd greinar þessarar í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1195. Frumvarp til laga [449. mál]

um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987.

(Eftir 2. umr., 4. júní.)

1. gr.

5. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Ef launamaður eða maki hans hefur eigi nýtt allan persónuafslátt launamannsins og ekki haft tekjur sem undanþegnar eru staðgreiðslu sem honum samsvarar er launamanni heimilt að sækja um útgáfu skattkorts sem hefur uppsafnaðan persónuafslátt frá ársbyrj-

un staðgreiðsluárs til næsta mánaðar á undan útgáfudegi. Ríkisskattstjóri annast útgáfu skattkorts með uppsöfnuðum persónuafslætti. Falla má frá skilyrðum um útgáfu skattkortsins ef óyggjandi upplýsingar liggja fyrir um uppsöfnun hans, t.d. skráning fyrri launagreiðanda á kortið um nýtingu afsláttarins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1196. Nefndarálit [300. mál]

um till. til þál. um úttekt og flutning á félagslegum verkefnum frá heilbrigðisráðuneyti til félagsmálaráðuneytis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið umsagnir um það frá félagsmálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og Þroskahjálp.

Tillagan fjallar um skipun starfshóps til að gera úttekt á og skilgreina hvaða stofnanir og verkefni á sviði heilbrigðisráðuneytis séu í raun félagsleg verkefni sem eðlilegra væri að heyrðu undir félagsmálaráðuneyti.

Í framkvæmd eru mörk heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytis óljós varðandi félagslega þjónustu og ljóst er að huga verður að þessum mörkum. Þegar hefur verið skipaður starfshópur sem hefur það hlutverk að ræða verkaskiptingu ráðuneytanna.

Nefndin leggur því til að tillagan verði samþykkt.

Jóhanna Sigurðardóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 4. júní 1996.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Jón Kristjánsson.	Hjálmar Jónsson.
Ögmundur Jónasson.	Kristján Pálsson.	Árni R. Árnason.
Ísólfur Gylfi Pálmason.	Lúðvík Bergvinsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.

1197. Breytingartillaga [437. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá Gísla S. Einarssyni.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að úthluta til reksturs skólabáta allt að 200 þorskígildum árlega.

1198. Nefndarálit [541. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um þingfararkaup og þingfararkostnað, nr. 88/1995, með síðari breytingu.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Indriða H. Þorláksson frá fjármálaráðuneyti og Hauk Hafsteinsson frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Kristín Ástgeirsdóttir sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 4. júní 1996.

Sólveig Pétursdóttir, frsm.	Jón Kristjánsson.	Einar Oddur Kristjánsson.
Svavar Gestsson.	Pétur H. Blöndal.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Árni R. Árnason.	Ísólfur Gylfi Pálmason.	Sighvatur Björgvinsson.

1199. Nefndarálit [224. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um laun forseta Íslands, nr. 10/1990.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Frumvarpið er flutt af sex þingmönnum, Ólafi Hannibalssyni, Svanfríði Jónasdóttur, Kristni H. Gunnarssyni, Guðnýju Guðbjörnsdóttur, Ólafi Erni Haraldssyni og Pétri H. Blöndal. Fulltrúar minni hluta nefndarinnar hafa ítrekað beðið um að frumvarpið verði tekið til efnislegrar umræðu, en því miður var ekki orðið við því fyrr en í lokaviku þingsins. Þá kom endanlega í ljós að ekki er vilji fyrir því hjá meiri hlutanum að mæla með afgreiðslu frumvarpsins eða að nefndin flytji annað frumvarp um tengt efni sem einnig kom til umræðu.

Efnislega fjallar fyrri grein frumvarpsins um að orðin „og er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum“ í 2. gr. laga um laun forseta Íslands, nr. 10/1990, falli brott. Síðari greinin afnemur einnig skattfrelsi maka forsetans, en samkvæmt henni fellur úr gildi 1. tölul. 4. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981. Samkvæmt sömu grein er kveðið á um að gildistakan verði 1. ágúst 1996 eða við upphaf kjörtímabils næsta forseta lýðveldisins.

Ljóst er að breytingar af því tagi sem frumvarpið mælir með verða ekki gerðar á kjörtímabili forseta vegna ákvæðis 2. mgr. 9. gr. stjórnarskrárinnar en þar segir: „Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra, sem fara með forsetavald. Óheimilt skal að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans.“ Því er rétti tíminn nú, þegar forsetakosningar fara í hönd, að taka afstöðu til skattfríðinda forseta Íslands og maka hans.

Minni hlutinn átelur að frumvarpið fékk ekki viðhlítandi umfjöllun í nefndinni. Minni hlutinn telur að þau sjónarmið, sem fram koma í greinargerð frumvarpsins, séu gild: Óeðlilegt sé að launakjör forsetans felist að verulegu leyti í skattfríðindum. Launakerfi ríkisins eigi að vera gagnsætt og eigi það að gilda um æðsta embættismann þjóðarinnar sem aðra.

Minni hlutinn vill sérstaklega vekja athygli á breyttri stöðu maka forsetans, m.a. með tilliti til atvinnuþátttöku og jafnréttis kynjanna. Rökstutt er í greinargerðinni að hvorki forsetinn né maki hans geta afsalað sér skattfrelsi sínu almennt og bent á að skattyfirvöldum væri óheimilt að ákvarða forseta og maka hans skattgreiðslur þótt beiðni bærist frá þeim þess efnis. Þetta er að mati minni hlutans alls ekki í anda hinnar nýju jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Handhafar forsetavalds njóta samanlagt jafnra launa og laun forseta eru þann tíma sem þeir fara með forsetavald um stundarsakir skv. 8. gr. stjórnarskrárinnar. Handhafar forsetavalds eru þó hvergi í lögum beinlínis undanþegnir skattskyldu. Samt sem áður eru laun þeirra fyrir forsetastarfann skattfrjáls með sama hætti og laun forseta. Þetta er fráleitt og knýr enn frekar á endurskoðun þessara mála.

Minni hlutinn harmar að nefndin tók þetta grundvallarmál ekki til umfjöllunar fyrr en undir lok þingsins, og þá mjög stuttlega, ekki síst þar sem forsetakosningar eru fram undan og þáttaskil af þeim sökum. Það er afstaða minni hlutans að æskilegast hefði verið að nefndin hefði sjálf flutt málið á þann hátt sem pólitísk samstaða næðist um. Að minnsta kosti hefði átt að taka á skattfrelsi maka forsetans. Því miður komst umræðan aldrei í þann farveg innan nefndarinnar. Tillaga meiri hlutans um að vísa frumvarpinu til ríkisstjórnarinnar, sem fram kemur í þinglok, er sýndarmennska þar sem ljóst er að ekkert getur gerst í málinu fyrr en undir lok kjörtímabils næstkjörins forseta. Með stuðningi við þetta frumvarp er ekki tekin afstaða til launa forsetans heldur til þess eins að forsetinn, maki hans og handhafar forsetavalds greiði skatta eins og aðrir þegnar.

Jóhanna Sigurðardóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk áliti þessu.

Alþingi, 4. júní 1996.

Guðný Guðbjörnsdóttir, frsm.	Ögmundur Jónasson.	Lúðvík Bergvinsson.

1200. Nefndarálit [224. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um laun forseta Íslands, nr. 10/1990.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Árnason, deildarstjóra í forsætisráðuneyti. Þá fékk nefndin senda umsögn um málið frá ríkisskattstjóra.

Í frumvarpinu er lagt til að skattfrelsi forseta Íslands og maka hans verði afnumið. Á fundum nefndarinnar kom fram að margar hliðar eru á þessu máli sem ekki er vikið að í frumvarpinu, t.d. varðandi skatt af ýmsum hlunnindum sem forseti nýtur, svo sem af embættisbústað og bílaafnotum. Gera má ráð fyrir að bein laun forsetans yrðu hækkuð

ef slík breyting næði fram að ganga. Kjaradómur ákveður laun forseta Íslands og margra æðstu ráðamanna þjóðarinnar. Hefur dómurinn jafnan reynt að gæta samræmis í ákvörðunum sínum og er því ekki útilokað að hækkun launa forsetans leiddi jafnframt til hækkunar launa annarra embættismanna. Ef svo færi gæti slík breyting ein og sér sett af stað ákveðna keðjuverkun í kjaramálum opinberra starfsmanna. Meiri hluti nefndarinnar telur, í ljósi þessara atriða, að málið þurfi nánari skoðunar við og felur ríkisstjórninni að kanna áhrif slíkrar lagabreytingar og undirbúa frumvarp um málið ef raunhæft þykir.

Með hliðsjón af framansögðu leggur meiri hlutinn til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 4. júní 1996.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Jón Kristjánsson.	Hjálmar Jónsson.
Árni R. Árnason.	Ísólfur Gylfi Pálmason.	Kristján Pálsson.

1201. Framhaldsnefndarálit [500. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, ásamt síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin tók málið til umræðu að nýju þar sem ábendingar bárust um að frumvarpið tæki ekki til annarra starfsmanna grunnskóla en kennara og skólastjórnenda og skapaði það nokkurt ósamræmi. Nefndin leggur því til breytingar sem miða að því að sömu reglur gildi fyrir kennara og skólastjórnendur og aðra starfsmenn skóla. Þannig er lagt til að aðrir starfsmenn grunnskóla og fræðsluskrifstofa, sem ráðnir eru af ríkinu og eiga aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins er flutningur grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga á sér stað, eigi áfram aðild að sjóðnum séu þeir ráðnir til áframhaldandi starfa hjá grunnskóla eða skólaskrifstofum sveitarfélaga.

Mælir nefndin með að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Kristín Ástgeirsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 4. júní 1996.

Sólveig Pétursdóttir, frsm.	Jón Kristjánsson.	Einar Oddur Kristjánsson.
Svavar Gestsson.	Pétur H. Blöndal.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Árni R. Árnason.	Ísólfur Gylfi Pálmason.	Sighvatur Björgvinsson.

1202. Breytingartillaga [500. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, ásamt síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Við 1. gr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Sama gildir um aðra starfsmenn grunnskóla og fræðsluskrifstofa sem ráðnir voru af ríkinu og áttu aðild að lífeyrissjóðnum 31. júlí 1996 og ráðnir eru til áframhaldandi starfs við grunnskóla sveitarfélaga og skólaskrifstofur þeirra.

1203. Skýrsla [542. mál]

samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1995.

(Lögð fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

I. FJÁRÖFLUN

Samkvæmt bráðabirgðatölum frá ríkisbókhaldi voru innheimtar tekjur vegasjóðs af mörkuðum tekjustofnum á árinu 1995 sem hér segir:

	Samkvæmt vegáætlun m.kr.	Rauntekjur (bráðabirgðatölur) m.kr.
1.1. Markaðar tekjur :		
1. Bensíngjald	4.370	4.264
3. Þungaskattur, árgjald	570	659
2. Þungaskattur, km-gjald	1.410	1.509
4. Bætt innheimta þungaskatts	100	100
1.2. Fært í ríkissjóð	-275	-357
	6.175	6.175
1.3. Framkvæmdaátak :		
1. Frá mörkuðum tekjustofnum	310	310
3. Framlag úr ríkissjóði	350	350
2. Lánsfé	590	590
	1.250	1.250
Samtals vegáætlun	7.425	7.425
Breytingar samkvæmt heimild í 6. grein fjárlaga	-13	-13
Breytingar samkvæmt fjáraukalögum	200	200
Samtals fjárveiting	7.612	7.612

Greiðslur til Vegagerðarinnar voru samkvæmt endurskoðaðri vegáætlun ásamt þeim breytingum sem gerðar voru samkvæmt 6. grein fjárlaga og samkvæmt fjáraukalögum.

1.1. MARKAÐAR TEKJUR

1.1.0. Bifreiðaeign

Samkvæmt tölum frá Bifreiðaskoðun Íslands hf. voru nýskráðar fólksbifreiðar 6.931 á árinu 1995 á móti 5.583 árið áður eða um 24% aukning. Á sama tíma voru nýskráðar hópferðabifreiðar 70 á móti 62 árið áður eða um 13% fleiri. Nýskráðar vöru- og sendibifreiðar voru 891 á árinu 1995 en voru 660 árið áður og er aukningin þar 35%. Endurnýjun bifreiða landsmanna á árinu 1995 var í heild um 6%.

Innflutningur og sala á bifreiðum tók nokkurn fjörkipp á árinu 1995 eftir nokkurra ára lægð. Í töflunni hér að neðan má sjá að bifreiðaeign landsmanna fer á ný vaxandi eftir samdrátt og stöðnun undanfarinna ára.

	Bifreiða-eign 31.12.93	Nettó aukning í %	Bifreiða-eign 31.12.94	Nettó aukning í %	Bifreiða-eign 31.12.95
Fólksbifreiðir	116.195	0,04	116.243	2,57	119.232
Hópferðabifreiðir	1.193	4,69	1.249	3,68	1.295
Vöru-/sendibifreiðir	14.451	-0,71	14.348	2,85	14.757
Samtals	131.839	0,00	131.840	2,61	135.284

1.1.1. Bensíngjald

Bensínsalan á tekjuárinu nam 179 m.l. og var um að ræða 0,8% söluminnkun milli ára. Í vegáætlun var hins vegar gert ráð fyrir 1,8% aukningu milli ára. Afleiðingin varð sú að tekjur af bensíngjaldi urðu um 100 m.kr. minni er áætlað hafði verið. Bensíngjald var hækkað um 5,68% í byrjun desember 1994, í framhaldi af ákvörðun um átak í framkvæmdum.

Dagsetning	Bensíngjald kr/l	Hækkun %	Byggingar-vísitala stig	Bensíngjald mætti vera kr/l
2. desember 1994	26,41	5,68	199,1	28,76

Sala á blýbensíni fer stöðugt minnkandi og er markaðshlutdeild þess komin niður í um 12%. Bensíngjald af blýlausu bensíni er enn 5,88% lægra en af blýbensíni. Afsláttur þessi skerti tekjur vegasjóðs um 245 m.kr. á árinu 1995.

Ekki voru miklar sveiflur í bensínverði á árinu. Í ársbyrjun var verð á 92 oct bensíni 66,80 kr/l en í árslok var það komið upp í 67,70 kr/l.

Ár	Bensínsala m.l	Meðaleyðsla lítrar á bifr.	Verð á lítra 31.12. 92 oct.	95 oct.	98 oct.	Bensíngjald Venjulegt	Blýlaust
1987	155,7	1.324	33,7		35,4	12,60	
1988	164,8	1.321	36,6		38,3	12,60	
1989	166,4	1.336	49,9		54,1	19,39	17,74
1990	169,4	1.387	56,8		62,9	20,55	18,80
1991	175,4	1.436	59,4	63,3	66,4	22,25	20,35
1992	179,1	1.474	60,4	63,4	67,5	23,82	21,78
1993	178,4	1.519	64,4	66,9	70,5	23,80	22,40
1994	180,5	1.537	66,8	69,9	73,6	26,41	24,85
1995	179,0	1.510	67,7	70,0	73,5	26,41	24,85

Meðaleyðsla á bíl hefur aukist jafnt og þétt á meðan bifreiðar verða sífellt sparneytnari (undantekningar eru árin 1988 og 1995). Bendir þetta til þess að akstur hverrar bifreiðar sé að aukast. Eðlilegt er að þetta gerist þegar bifreiðaeign landsmanna er að minnka en þetta á einnig við þegar bifreiðaeignin er að aukast.

1.1.2.-4. Þungaskattur

Gjaldskrár þungaskatts, bæði km-gjalds og árgjalds, voru hækkaðar um 4,3% þann 1. janúar 1995.

Í ársbyrjun 1994 tók vegaeftirlit Vegagerðarinnar við eftirliti með þungaskatti og við það stórjókst eftirlitið. Ljóst er að þetta aukna eftirlit auk innheimtuátaks sem fjármálaráðuneytið stóð fyrir hefur skilað verulegum árangri. Við gerð vegáætlunar var reiknað með áðurnefndri gjaldskrárhækkun og eðlilegri magnaukningu m.v. umferðarspá. Auk þess var reiknað með 100 m.kr. vegna bættrar innheimtu í kjölfar aukins eftirlits. Miðað við bráðabirgðatölur ríkisbókhalds skilaði þungaskatturinn um 188 m.kr. umfram þessar 100 m.kr. á árinu 1995.

Frumvarp um vörugjald af olíu, sem leysa skyldi þungaskattinn af hólmi og var lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994 varð að lögum í mars 1995. Átti olíugjaldið að taka við um áramótin 1995/6. Í maí 1995 skipaði fjármálaráðherra sérstaka samráðsnefnd um olíugjald, og var hlutverk nefndarinnar að vera til ráðgjafar um undirbúning og framkvæmd laganna.

Nefndin skilaði niðurstöðu sinni í október 1995 og var hún sú að æskilegt væri að fresta gildistöku laganna þar til skoðaðar hefðu verið aðrar leiðir við framkvæmd olíugjaldsins einkum hagkvæmari leiðir við litun olíu. Í framhaldinu var gildistöku laganna frestað um tvö ár og skal þungaskattur í endurbættri mynd gilda á meðan. Vinnuhópur fjármálaráðuneytis, ríkisskattstjóra og Vegagerðarinnar hefur síðan unnið að endurskoðun kaflans um þungaskatt í lögunum um fjáröflun til vegagerðar.

1.2. FÆRT Í RÍKISSJÓÐ

Í vegáætlun fyrir 1995 var gert ráð fyrir að 275 m.kr. af mörkuðum tekjum rynnu í ríkissjóð. Miðað við bráðabirgðatölur um innheimtu verður þessi tala öllu hærri eða 357 m.kr.

1.3. FRAMKVÆMDAÁTAK

Framkvæmdaátak í atvinnumálum sem skila átti 450 m.kr. í auknum framkvæmdum á árinu 1995 var fellt niður.

Hins vegar var ákveðið að fara í sérstakt framkvæmdaátak í vegagerð sem af auknum þunga á að ná til framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu.

Framkvæmdaátak þetta skal ná yfir 5 ára tímabil og í heild nema 3.500 m.kr. Það skal fjármagna að hálfu leyti með tekjum frá mörkuðum stofnum (310 m.kr. árið 1995) og að hálfu leyti með framlagi frá ríkissjóði (350 m.kr. á ári). Framkvæmdaþunginn á að vera mestur fyrstu árin og er reiknað með lánsfé fyrstu þrjú árin til að brúa bilið. Á árinu 1995 nam þetta lánsfé 590 m.kr.

Heildarupphæð framkvæmdaátaksins á árinu 1995 var því 1.250 m.kr.

II. SKIPTING ÚTGJALDA

Í eftirfarandi töflu er sýnd skipting útgjalda samkvæmt vegáætlun 1995 með þeim breytingum sem gerðar voru í samráði við samgönguráðuneyti og samgöngunefnd og breytingum í samræmi við fjáraukalög.

	(Fjárhæðir í m.kr.)	Vegáætlun 1995	Breyting 1995	Fjárveiting 1995
2.1.	**Stjórn og undirbúningur**	**252**		**252**
	1. Skrifstofukostnaður	127		127
	2. Tæknilegur undirbúningur	125		125
2.2.	**Viðhald þjóðvega**			
	1. Almenn þjónusta	**803**		**803**
	1. Sameiginlegt	215		215
	2. Vegir og vegyfirborð	335		335
	3. Brýr og önnur vegamannvirki	33		33
	4. Vegmerkingar og vegbúnaður	220		220
	2. Vetrarþjónusta	**610**	**200**	**810**
	3. Viðhald	**1.185**	**-13**	**1.172**
	1. Endurnýjun bundinna slitlaga	480		480
	2. Endurnýjun malarslitlaga	200		200
	3. Styrkingar og endurbætur	255		255
	4. Viðhald brúa og varnargarða	100		100
	5. Öryggisaðgerðir	60		60
	6. Vatnaskemmdir	90	-13	77
	4. Þéttbýlisvegir	**267**		**267**
2.3.	**Til nýrra þjóðvega**	**3.040**		**3.040**
	1. Stofnvegir			
	1. Almenn verkefni og bundin slitlög	421		421
	2. Höfuðborgarsvæðið	299		299
	3. Stórverkefni	620		620
	4. Framkvæmdaátak í atvinnumálum	450		450
	5. Framkvæmdaátak	1.250		1.250
	2. Tengivegir	**280**		**280**
	3. Til brúagerða	**154**		**154**
	1. Brýr 10 m og lengri	139		139
	2. Smábrýr	15		15
	4. Girðingar	**27**		**27**
2.4.	**Til safnvega**	**176**		**176**
2.5.	**Til landsvega**	**64**		**64**
2.6.	**Til styrkvega**	**25**		**25**
2.7.	**Til reiðvega**	**11**		**11**
2.8.	**Til tilrauna**	**62**		**62**
2.9.	**Til flóabáta**	**469**		**469**
	Samtals	7.425	189	7.612

2.0. VERÐLAGSFORSENDUR OG AFKOMA 1995 OG YFIRLIT YFIR FJÁRMAGN TIL VEGAMÁLA

Við gerð vegáætlunar fyrir 1995 var meðalvísitala vegagerðar fyrir árið 1995 áætluð 4.990 stig og hafði þá verið gert ráð fyrir 2% hækkun milli ára í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps. Í reynd varð hún 5.026 stig eða 0,7% hærri en áætlað hafði verið.

Áætlaðar tekjur á árinu 1995 af mörkuðum stofnum til vegagerðar, sem ekki voru sérstaklega merktar framkvæmdaátaki, voru 6.450 m.kr. Þar af var gert ráð fyrir að 275 m.kr. rynnu í ríkissjóð.

Nýtt framkvæmdaátak var sett af stað á árinu, en eldra, framkvæmdaátak í atvinnumálum, fellt niður. Fjármagn til þessa nýja átaks nam 1.250 m.kr. á árinu 1995.

Kostnaður við vetrarþjónustu varð mjög mikill eða 951 m.kr. en í vegáætlun var gert ráð fyrir 610 m.kr. Af þessari ástæðu fékk Vegagerðin 200 m.kr. aukafjárveitingu á fjáraukalögum. Rekstrarafgangur véladeildar Vegagerðarinnar var mikill á árinu eða tæpar 105 m.kr., einkum vegna mikils snjómoksturs. Var því ákveðið að verja þessari upphæð til að minnka hallann á vetrarþjónustunni.

Samkvæmt heimild í 6. grein fjárlaga var ráðstöfunarfé Vegagerðarinnar skert um 13 m.kr.

Ráðstöfunarfé Vegagerðarinnar nam því alls 7.612 m.kr. og hefur aðeins einu sinni verið meira, en það var árið 1993.

Taka vinnulána jókst lítillega frá fyrra ári, en almennt má segja að afkoma Vegagerðarinnar á árinu 1995 hafi verið nokkuð góð.

Í súluritinu hér að neðan koma fram framlög til vegamála í m.kr. á verðlagi 1995 á árunum 1965 til 1995.



Hér að neðan má sjá framlög til vegamála sem hlutfall af þjóðarframleiðslu á árunum 1965 til 1995. Miðað er við endurskoðaðan grunn þjóðarframleiðslu.



2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR

2.1.0. Starfsmannahald

Um sl. áramót voru fastir starfsmenn hjá Vegagerðinni 346 í 336 stöðugildum en voru 341 í 336 stöðugildum um áramótin 1994-1995. Af þessum 346 eru 162 starfsmenn á kjörum opinberra starfsmanna í 160 stöðugildum. Stöðugildi með starfsnúmeri eru 355. Meðalstarfsmannafjöldi á árinu 1995 var 403 en var 399 árið 1994. Heildarvinnuframlag á árinu 1995 reiknað í dagvinnustundum nam 569 mannárum og hafði hækkað úr 558 frá árinu 1994. Launagreiðslur voru 831 m.kr. á árinu 1995 og launatengd gjöld 101 m.kr. Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda fastra starfsmanna og skiptingu þeirra eftir starfsstéttum og umdæmum.

	Reykja-vík	Suður-land	Reykja-nes	Vestur-land	Vest-firðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austur-land	Sam-tals
Yfirstjórn, skrifstofa	18	3	2	4	5	3	3	2	40
Tæknilegur undirbúningur	43	9	7	7	5	3	7	5	86
Vegaeftirlit	7	0	0	0	0	0	0	0	7
Starfsm. áhaldah. skv. lfl. BSRB	9	0	0	0	0	0	1	1	11
Iðnlærðir verkstjórar	1	1	3	1	1	2	1	1	11
Verkstjórar	1	8	7	9	7	4	11	9	56
Iðnaðarmenn	1	2	9	5	2	4	6	5	34
Vélamenn	5	7	9	11	13	6	11	9	71
Verkamenn	0	3	2	5	3	3	5	1	22
Ráðskonur, matreiðslumenn	1	1	0	1	1	1	1	2	8
Fastir starfsmenn í desember 1995	86	34	39	43	37	26	46	35	346
Fastir starfsmenn í desember 1994	88	34	34	43	38	25	44	35	341
Fastir starfsmenn í desember 1993	85	35	32	44	35	27	46	33	338
Fastir starfsmenn í desember 1992	89	37	32	44	34	27	42	35	340
Fastir starfsmenn í desember 1991	94	33	28	44	33	29	45	34	340
Fastir starfsmenn í desember 1990	104	33	21	42	35	28	46	33	342
Fastir starfsmenn í desember 1989	106	30	24	43	34	27	47	34	345
Fastir starfsmenn í desember 1988	116	31	17	40	32	29	45	35	345
Fastir starfsmenn í desember 1987	117	31	19	44	32	30	45	40	358
Fastir starfsmenn í desember 1986	123	32	18	46	32	29	48	43	371
Fastir starfsmenn í desember 1985	124	33	17	48	32	32	55	44	385

2.1.1. Skrifstofukostnaður

Fjárveiting í vegaáætlun var 127 m.kr.

Til þess liðar telst eftirfarandi starfsemi: Yfirstjórn Vegagerðarinnar og stjórnsýslusvið, sem nær yfir fjárreiðudeild, hagdeild og lögfræði- og starfsmannadeild.

2.1.2. Tæknilegur undirbúningur

Fjárveiting í vegaáætlun var 125 m.kr.

Tæknisvið í Reykjavík nær yfir áætlanadeild, framkvæmdadeild, rekstrardeild, tölvudeild og þjónustudeild. Á tæknisviði fer fram hönnun brúa og aðstoð við umdæmi í veghönnun. Unnið er úr umferðartalningum og slysaskýrslum og tillögur gerðar um úrbætur. Haldið er utanum alla skráningu í viðhaldi og þjónustu, vinnubrögð samræmd og fjárveitingum til viðhalds og þjónustu skipt milli umdæma og þjónustusvæða. Miðlun upplýsinga til vegfarenda og almennings er sífellt mikilvægari og er henni stjórnað í samvinnu við umdæmin. Haft er eftirlit með ásþunga bifreiða og þungaskatti. Tölvuþjónusta er rekin í Reykjavík fyrir allar umdæmisskrifstofur og þjónustustöðvar Vegagerðarinnar. Á tæknisviði er umsjón með rekstri vélakosts Vegagerðarinnar í samvinnu við umdæmi og rekin birgðastöð fyrir allt landið. Starfsmenn tæknisviðs vinna auk þess að ýmsum tilrauna- og rannsóknarverkefnum í samvinnu við rannsókna- og þróunardeild Vegagerðarinnar. Sé unnið við ákveðna framkvæmd sem hefur fjárveitingu í vegaáætlun er kostnaður færður á verkið en ef vinnan tengist ekki ákveðnu verkefni er hún greidd af þessum lið.

Haldið var við skrám um þjóðvegi og lengd þeirra, en samkvæmt nýjum vegalögum er þeim skipti í fjóra flokka, stofnvegi, tengivegi, safnvegi og landsvegi. Í eftirfarandi töflu má sjá lengd þjóðvega samkvæmt þeirri flokkun þann 1. janúar 1995.

Umdæmi	Stofnvegir km	Tengivegir km	Safnvegir km	Landsvegir km	Samtals km
Suðurland	620	989	533	558	2.700
Reykjanes	302	162	74	29	567
Vesturland	588	726	381	132	1.827
Vestfirðir	802	416	248	65	1.531
Norðurland vestra	410	625	369	201	1.605
Norðurland eystra	636	561	372	491	2.060
Austurland	921	485	372	310	2.088
Samtals	4.279	3.964	2.349	1.786	12.378

Á tæknisviði er haldið við skrám um umferð á þjóðvegum landsins og upplýsingum um slys á þjóðvegum, sem gerð er lögregluskýrsla um. Niðurstöður um slys eru birt í sérstakri skýrslu. Einnig er haldið við skrám um lengd vega með bundnu slitlagi. Á árinu 1995 var lagt bundið slitlag á 100 km af vegum og er það nokkru minna en verið hefur undanfarin ár.

Auk þess bættust við heildartölu vegir með bundnu slitlagi í kaupstöðum og kauptúnum sem nú eru taldir með stofn- og tengivegum. Þannig telst heildarlengdin nú 3.070 km en ekki 2.942. Stólpa- og línuritið hér að neðan sýnir lengd bundinna slitlaga sem bæst hafa við á vegakerfinu á síðustu árum og heildarlengd slitlaga.



Á síðunum hér á eftir er yfirlit yfir umferð á vegum landsins árið 1994, en úrvinnsla umferðartalninga fyrir árið 1995 er ekki lokið. Vakin er athygli á því að samkvæmt nýjum vegalögum eru vegir í kaupstöðum og kauptúnum taldir með þjóðvegakerfinu. Umferð á þessum vegum er mun meiri en annars staðar á vegum landsins og skýrir það að mestu aukningu umferðar úr tæpum 900 milljón eknum km á árinu 1993 í um 1.350 milljón ekinna km á árinu 1994 sem sýnd er í töflu hér á eftir.




Ársumferð 1994
> 1000 bílar á dag
500 - 1000 bílar á dag
200 - 500 bílar á dag
< 200 bílar á dag

Í eftirfarandi töflu er sýnd lengd þjóðvega flokkuð eftir sumardagsumferð (júní-september). Gerður er greinarmunur á vegum með bundnu slitlagi og vegum með malarslitlagi. Einnig er sýndur fjöldi ekinna km í hverju umdæmi, hvernig þeir skiptast eftir slitlögum og hve stór hluti þeir eru af heildarakstri. Umferð er samkvæmt umferðartalningu 1994, en lengd vega miðað við árslok 1995. Vakin er athygli á því að vegir sem áður voru þjóðvegir í þéttbýli eru nú samkvæmt vegalögum nr. 45/1994 taldir til þjóðvega.

		Sumardagsumferð, bílar á dag árið 1994													Ársumferð 1994				
		Minni en 50	50-100	100-200	200-300	300-500	500-750	750-1.000	1.000-1.500	1.500-2.000	2.000-3.000	3.000-5.000	5.000-10.000	Yfir 10.000		% skipting			
	Gerð slit-	Kílómetrar vega í hverjum umferðarflokki 1995													Alls	Eknir	Í kjörd.	Í landi	
Umdæmi	lags	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	m.km	%	%	
Suðurland	Malar	272	192	279	118	55	15	0	0	0	0	0	0	0	931	26	14	2	
	Bundið	14	22	41	42	155	145	82	52	28	43	14	40	0	678	166	86	12	
	Samt.	286	214	320	160	210	160	82	52	28	43	14	40	0	1.609	192	100	14	
Reykjanes	Malar	19	27	41	20	13	9	5	4	0	2	0	0	0	140	12	2	1	
	Bundið	0	15	22	6	21	10	2	34	25	30	46	52	61	324	718	98	53	
	Samt.	19	42	63	26	34	19	7	38	25	32	46	52	61	464	730	100	54	
Vesturland	Malar	246	281	180	122	65	9	0	0	0	0	0	0	0	903	24	19	2	
	Bundið	5	2	24	37	106	80	28	36	18	56	19	0	0	411	101	81	7	
	Samt.	251	283	204	159	171	89	28	36	18	56	19	0	0	1.314	125	100	9	
Vestfirðir	Malar	181	325	305	39	9	0	0	0	0	0	0	0	0	859	15	36	1	
	Bundið	0	5	142	133	39	13	0	17	5	3	2	0	0	359	27	64	2	
	Samt.	181	330	447	172	48	13	0	17	5	3	2	0	0	1.218	42	100	3	
Norðurland	Malar	311	230	81	43	18	0	0	0	0	0	0	0	0	683	12	16	1	
vestra	Bundið	0	0	16	19	93	18	67	135	4	0	0	0	0	352	62	84	5	
	Samt.	311	230	97	62	111	18	67	135	4	0	0	0	0	1.035	74	100	5	
Norðurland	Malar	178	270	150	129	72	10	0	0	0	0	0	0	0	809	25	23	2	
eystra	Bundið	1	6	21	41	71	89	24	68	50	5	7	5	0	388	85	77	6	
	Samt.	179	276	171	170	143	99	24	68	50	5	7	5	0	1.197	110	100	8	
Austurland	Malar	210	252	238	95	44	9	0	0	0	0	0	0	0	848	21	28	2	
	Bundið	9	6	26	236	161	99	10	6	2	3	0	0	0	558	55	72	4	
	Samt.	219	258	264	331	205	108	10	6	2	3	0	0	0	1.406	76	100	6	
Samtals	Malar	1.417	1.577	1.274	566	276	52	5	4	0	2	0	0	0	5.173	135	10	10	
	Bundið	29	56	292	514	646	454	213	348	132	140	88	97	61	3.070	1.214	90	90	
	Alls	1.446	1.633	1.566	1.080	922	506	218	352	132	142	88	97	61	8.243	1.349	100	100	

2.2. ÞJÓNUSTA OG VIÐHALD ÞJÓÐVEGA

Í vegaáætlun 1995 með síðari breytingum var fjárveiting viðhalds stofn- og tengivega 3.052 m.kr. Viðhaldi þeirra er skipt í almenna þjónustu, vetrarþjónustu, viðhald og þéttbýlisvegi. Sú breyting var gerð á vegalögum (nr. 45/1994), sem tóku gildi við samþykkt vegaáætlunar 25. febrúar 1995 að vegir í kaupstöðum og kauptúnum voru felldir inn í þjóðvegakerfið og fjárveiting til viðhalds og þjónustu þeirra gerð að sérstökum lið undir viðhaldi þjóðvega. Fjárveiting til þéttbýlisvega var 267 m.kr. Við samanburð á þeim töflum og súluritum sem sýnd eru hér á eftir þarf að hafa í huga þá breytingu á vegalögum sem tók gildi á árinu 1995.

Markmið þjónustu og viðhalds er að stuðla að greiðum samgöngum og varðveita þau verðmæti sem bundin eru í þjóðvegakerfinu. Hér er um að ræða mikið og vaxandi starf. Samkvæmt vegalögum nr. 45/1994 er þjóðvegum skipt í eftirfarandi flokka stofnvegir, tengivegir, safnvegir og landsvegir. Heildarlengd þjóðvega er tæplega 12.400 km og á árinu 1994 var umferð á þeim um 1.350 milljónir ekinna km (sjá töflu hér að framan). Væntingar vegfarenda til vegakerfisins og bættrar þjónustu þess munu stöðugt aukast.

Í súluritinu hér að neðan kemur fram þróun í kostnaði við þjónustu og viðhald þjóðvega frá 1965. Tölurnar eru í m.kr. á verðlagi 1995. Kostnaður vegna viðhalds og þjónustu þjóðvega í þéttbýli er talinn með kostnaði 1995.



Taflan hér að neðan sýnir fjárveitingar og heildarkostnað viðhalds og þjónustu ásamt hlutdeild vetrarþjónustu á árunum 1976 til 1995. Upphæðir eru í m.kr. á verðlagi 1995. Frá og með árinu 1995 er viðhaldskostnaður þjóðvega í þéttbýli talinn með öðrum viðhaldskostnaði í samræmi við vegaáætlun.

Ár	Fjárv. í vegáætlun m.kr.	Heildar-kostnaður m.kr.	Vetrar-þjónusta m.kr.	Vetrarþjónusta sem hlutfall af heildarkostnaði %
1976	13,81	15,04	3,19	21,2
1977	18,78	19,78	5,00	25,3
1978	32,20	34,97	8,45	24,2
1979	52,52	53,84	14,37	26,7
1980	83,02	81,92	16,75	20,4
1981	140,06	138,78	42,98	31,0
1982	220,90	236,90	55,90	23,6
1983	414,00	425,30	137,10	32,2
1984	532,30	556,70	156,80	28,2
1985	691,00	645,20	96,80	15,0
1986	821,10	777,00	179,10	23,1
1987	875,00	909,20	141,70	15,6
1988	1.063,00	1.055,30	248,20	23,5
1989	1.485,00	1.489,70	526,70	35,4
1990	1.852,00	1.800,82	594,80	33,0
1991	1.878,00	1.887,10	393,00	20,8
1992	2.045,00	2.082,76	466,81	22,4
1993	2.300,00	2.336,00	587,15	25,1
1994	2.481,00	2.394,51	582,40	24,3
1995	3.052,00	3.275,56	1.020,79	31,2

Kostnaður vegna viðhalds og þjónustu á þjóðvegum í þéttbýli var árið 1995 279,4 m.kr. Þar af nam kostnaður vegna vetrarþjónustu í þéttbýli 69,7 m.kr.

Taflan hér að neðan sýnir skiptingu á kostnaði við viðhald og þjónustu stofn- og tengivega milli umdæma 1995. Upphæðir eru í m.kr. Akstur er samkvæmt umferðartalningu 1994. Sú breyting er gerð frá og með árinu 1995 að þjóðvegir í þéttbýli eru taldir með í tölum um kostnað, vegalengdir og akstur.

	Viðhald og þjónusta					Viðhald og almenn þjónusta		
Kjördæmi	Kostnaður árið 1995 m.kr.	Lengd stofn- og tengivega km	Kostnaður á hvern km þ.kr.	Akstur 1994 m.km	Kostnaður á ekna 100 km kr.	Kostnaður alls m.kr.	Kostnaður á km þ.kr.	Kostnaður á ekna 100 km kr.
Suðurland	356,7	1.609	221,7	192	186	302,4	187,9	157
Reykjanes	731,0	465	1572,1	730	100	605,4	1.302,0	83
Vesturland	383,5	1.313	292,1	125	307	260,3	198,3	208
Vestfirðir	525,1	1.216	431,8	42	1.250	254,9	209,6	607
Norðurland vestra	373,9	1.035	361,2	74	505	234,9	227,0	317
Norðurland eystra	488,1	1.198	407,4	110	444	294,6	245,9	268
Austurland	417,3	1.405	297,0	76	549	302,3	215,1	398
Samtals/meðaltal:	3.275,6	8.241	397,5	1.349	243	2.254,8	273,6	167

Í eftirfarandi töflu kemur fram kostnaður við viðhald og almenna þjónustu stofn- og tengivega árin 1981-1995 ásamt ýmsum stærðum sem hafa áhrif á viðhaldsþörfina. Fyrir árið 1995 eru notaðar umferðartölur ársins 1994. Sú breyting er gerð frá og með árinu 1995 að þjóðvegir í þéttbýli eru taldir með í tölum um kostnað, vegalengdir og akstur.

Ár	Kostnaður m.kr.	Vísitala viðhalds-kostnaðar	Kostnaður á verðlagi 1995 m.kr.	Lengd stofn- og tengivega km	Kostnaður pr. km á verðlagi 1995 þ.kr.	Bílafjöldi í ársbyrjun	Eknir km á á stofn- og tengivegum m.km	Kostnaður pr. 100 ekna km verðl. 1995
1981	95,80	351	1.412	8.411	167,8	95.606	485	291,1
1982	181,00	570	1.642	8.306	197,7	100.936	500	328,5
1983	288,20	1.064	1.401	8.277	169,3	100.459	485	288,8
1984	399,90	1.198	1.726	8.268	208,8	108.254	524	329,5
1985	548,40	1.595	1.778	8.222	216,3	113.202	586	303,5
1986	597,90	1.825	1.694	8.231	205,9	117.117	606	279,6
1987	767,50	2.285	1.737	8.265	210,2	125.950	726	239,3
1988	807,10	2.890	1.444	8.269	174,7	133.148	774	186,6
1989	963,00	3.538	1.408	8.256	170,5	138.602	795	177,1
1990	1.189,75	4.375	1.406	8.254	170,4	137.778	807	174,3
1991	1.494,10	4.673	1.654	8.249	200,5	134.181	889	186,0
1992	1.615,95	4.758	1.757	8.249	212,9	136.874	896	196,0
1993	1.749,00	4.879	1.854	8.020	231,2	136.148	892	207,9
1994	1.812,11	4.993	1.877	8.023	234,0	131.839	920	204,0
1995	2.254,77	5.172	2.255	8.241	273,6	131.840	1.349	167,1

Kostnaður vegna viðhalds og almennrar þjónustu á þjóðvegum í þéttbýli var 209,7 m.kr. á árinu 1995. Án þjóðvega í þéttbýli varð kostnaður 222,3 m.kr. á hverja 100 ekna km á árinu 1995.

Súluritið hér á eftir sýnir þróun í kostnaði við viðhald og almenna þjónustu frá árinu 1965. Kostnaður vegna viðhalds og almennrar þjónustu þéttbýlisvega er talinn með kostnaði 1995.



Súluritið hér að neðan sýnir kostnað við viðhald og almenna þjónustu stofnvega og tengivega á hverja ekna 100 km á verðlagi 1995. Vakin er athygli á því að breytingin sem varð á vegalögum 1995 hefur áhrif á þennan samanburð bæði hvað varðar lengd þjóðvega og umferð.



2.2.1. Almenn þjónusta

Verkefni sem tilheyra almennri þjónustu er sú viðhalds- og viðgerðarvinna á vegum, vegamannvirkjum og vegsvæðum sem þarf til að viðhalda því ástandi sem er fyrir og ætla má að þurfi að vera til að uppfylla þau markmið sem sett eru varðandi greiða umferð og almennt umferðaröryggi.

Fjárveiting til almennrar þjónustu var 803 m.kr. og var skipt í fjóra meginflokka þ.e. til sameiginlegrar þjónustu, til vega og vegyfirborðs, til brúa og annarra vegamannvirkja og til vegmerkinga og vegbúnaðar.

2.2.1.1. Sameiginlegt

Fjárveiting til þessara verkefna var 215 m.kr. og var henni varið til að greiða stjórnun og ýmis sameiginleg verkefni þ.m.t. hreinsun vegsvæða og kostnað vegna vatnaskemmda o. fl. svo og upplýsingamiðlunar og eftirlits með vegum auk margs annars til að auðvelda umferðinni að komast leiðar sinnar á öruggan og þægilegan hátt.

2.2.1.2. Vegir og vegyfirborð

Fjárveiting til vega og vegyfirborðs var 335 m.kr. og voru helstu kostnaðarliðir viðgerðir á tilfallandi skemmdum á slitlögum, lagfæringum á öxlum (hliðræmum), vegheflun og rykbinding. Innan þessa verkefnaflokks voru einnig unnin ýmis smærri verk eins og viðgerðir á tilfallandi skemmdum vegna aurbleytu, úrrennslis o.þ.h.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir lengd malarvega sem rykbundnir voru 1995 með klórkalsíum, magnesíumklóríð, salti eða sjó. Í töflunni kemur einnig fram lengd malarvega með mikla sumarumferð í hverju umdæmi, annars vegar lengd vega með sumarumferð meiri en 200 bílar á dag og hins vegar lengd vega með sumarumferð meiri en 300 bílar á dag.

	Rykbundnir km *)						malarvegir km	
Umdæmi	klór-kalsíum	magnesum klóríð	úrgangs-salt	nýtt salt	sjór	samtals	SDU> 200	SDU> 300
Suðurland	62	0	49	43	0	154	188	70
Reykjanes	49	0	0	40	112	201	53	33
Vesturland.....	73	0	251	181	185	690	196	74
Vestfirðir.....	128	10	0	152	449	739	48	9
Norðurland vestra ...	128	0	88	0	6	222	61	18
Norðurland eystra ...	56	0	59	190	24	329	211	82
Austurland	77	39	59	172	185	532	148	53
Samtals	573	49	506	778	961	2.867	905	339

*) Hér eru taldir þeir km vegar sem hafa verið rykbundnir á árinu án tillits til þess hve oft hefur verið rykbundið.

2.2.1.3. Brýr og önnur vegamannvirki

Fjárveiting til þessa verkefnaflokks var 33 m.kr og var henni varið til að greiða kostnað við umhirðu, lagfæringar og minni háttar viðgerðir á brúm, stærri vegræsum, vegskálum og varnargörðum.

2.2.1.4. Vegmerkingar og búnaður

Fjárveiting til vegmerkinga og vegbúnaðar var 220 m.kr. og var henni varið til að greiða lýsingu meðfram vegum, yfirborðsmerkingar á vegum, endurnýjun og viðhald á kantstikum, umferðarmerkjum og vegriðum og gerð og rekstur áningarstaða meðfram vegum.

2.2.2. Vetrarþjónusta

Fjárveiting í vegaáætlun var 610 m.kr. og 200 m.kr. aukafjárveitinga af aukafjárlögum. Skuld frá fyrra ári var 26,7 m.kr. Til ráðstöfunar voru því 783,3 m.kr. Veturinn frá áramótum var óvenju snjóþungur á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi og á norðanverðum Austfjörðum. Snjóflóð á Súðavík urðu til þess að auka kostnaðinn enn meira, en fyrst eftir þau var unnið dag og nótt við snjómokstur á norðanverðum Vestfjörðum og Ströndum. Heildarkostnaður við snjómokstur varð því 951 m.kr. Vegna meiri nýtingar á tækjum Vegagerðarinnar en áætlað hafði verið var 105 m.kr af hagnaði B-hluta ráðstafað til vetrarþjónustu. Skuld sem flyst til ársins 1996 er því 62,7 m.kr.

Eftirfarandi tafla sýnir yfirlit yfir kostnað við vetrarþjónustu á öllu landinu árin 1986 - 1995. Upphæðir eru á verðlagi 1995.

Ár	Vísitölur	Jan.-júní m.kr	Okt.-des. m. kr.	Allt árið m.kr.
1986	1885	243	202	445
1987	2358	171	143	314
1988	2997	305	131	436
1989	3710	577	164	741
1990	4483	524	169	693
1991	4793	253	175	428
1992	4885	299	200	499
1993	4962	358	260	618
1994	5046	331	262	603
1995	5223	785	166	951
Meðalkostnaður sl. 10 ára.				573

Hér að neðan má sjá heildarkostnað við vetrarþjónustu á árunum 1965 - 1995 í súluriti. Upphæðirnar eru í m.kr. á verðlagi 1995. Kostnaður vegna vetrarþjónustu þjóðvega í þéttbýli, 70 m.kr. er ekki meðtalinn 1995.



Á töflunni hér á eftir má sjá kostnað við vetrarþjónustu á nokkrum vegarköflum á árinu 1995.

Kaflar:	Lengd kafla km	Kostnaður m.kr.	Kostn. á km þús.kr.
Hellisheiði: Reykjavík - Hveragerði og Þrengslavegur	48	27,3	570
Holtavörðuheiði	37	11,8	318
Fróðárheiði	14	8,0	574
Miklidalur og Hálfdán	29	11,6	401
Breiðadalsheiði	17	14,4	844
Botnsheiði	17	12,7	744
Steingrímsfjarðarheiði	47	16,4	349
Siglufjarðarvegur: Ketilás-Siglufjörður	25	20,3	812
Öxnadalsheiði	25	16,0	641
Dalvík - Ólafsfjörður	18	5,9	325
Mývatns- og Möðrudalsöræfi og Jökuldalur	146	16,0	110
Vopnafjarðarheiði	51	7,3	142
Fjarðarheiði	24	7,6	318
Oddsskarð	21	7,6	363
Vegið meðaltal			352

Á töflunni hér á eftir má sjá hve lengi ýmsir fjallvegir voru lokaðir vegna snjóa á árinu 1995. Einnig kemur fram á hve mörgum dögum ársins var unnið við vetrarþjónustu á viðkomandi fjallvegi.

	Vetrarþjónustudagar													
	Hlutfall af 365 dögum													
	Jan.	Feb.	Mars	Apr.	Maí	Júní	Júlí	Ág.	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Alls	%
Fróðárheiði	2	5	11	1									19	5,2	66
Svínadalur	4	8	14	4						2			32	8,8	57
Kletthváls	31	28	31	30	15					9	1		145	39,7	34
Hálfdán	5	4	4	3						2			18	4,9	72
Dynjandisheiði	31	28	31	30	24					7	1		152	41,6	13
Hrafnseyrarheiði	31	28	31	30	20					5	1	4	150	41,1	34
Breiðadalsheiði	23	27	31	22						10		1	114	31,2	79
Botnsheiði	23	27	31	27	5					6		1	120	32,9	76
Steingrímsfjarðarheiði	13	11	11	9	1					4			49	13,4	79
Holtavörðuheiði	2	1	5							1			9	2,5	95
Vatnsskarð nyrðra	3		4							2			9	2,5	64
Siglufjv:Fljót-Siglufj.	2	5	7	2						2			18	4,9	68
Lágheiði	31	28	31	30	31	20				13	30	31	245	67,1	7
Öxnadalsheiði	2	2	3							2			9	2,5	107
Dalvík-Ólafsfjörður	1	1	4	1						1			8	2,2	89
Hólssandur	31	28	31	30	31	19			1	8	30	31	240	65,8	7
Öxarfjarðarheiði	31	28	31	30	31	25	1		6	19	30	31	263	72,1	9
Sandvíkurheiði		4	12	2									18	4,9	61
Vopnafjarðarheiði	10	14	18	11	1					1	3		58	15,8	56
Möðrudalsöræfi	9	12	19	2						1	2		45	12,3	48
Hellisheiði eystri	31	28	31	30	31	15	1		4	9	21	8	209	57,3	23
Vatnsskarð eystra	11	11	19	5	1						1		48	13,2	52
Fjarðarheiði	2		5								1		8	2,2	86
Oddsskarð	2		3							1			6	1,6	75
Breiðdalsheiði	12	6	20	1						2	2		43	11,8	35


Takmarkanir á ásþunga vegna aurbleytu
á helstu þjóðvegum landsins vorið 1995.
Vegur lokaður (v.l.), eða aðeins opinn jeppum (o.j.).
5 tonna öxulþungi (5 t.).
7 tonna öxulþungi (7 t.).
Kafla skipting.
Kafla skipting.

2.2.3. Viðhald

Verkefni sem falla undir viðhald vega miða að því að varðveita verðmæti vegarins, og hæfni hans til að bera þann umferðarþunga, sem honum er ætlaður. Fjárveiting til viðhalds vega var 1.172 m.kr og er henni skipt í sex meginflokka, sem eru endurnýjun bundinna slitlaga, endurnýjun malarslitlaga, styrkingar og endurbætur, viðhald brúa og varnargarða, öryggisaðgerðir og vatnaskemmdir.

Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig viðhaldskostnaður skiptist milli hinna einstöku liða viðhalds og milli umdæma samkvæmt bókhaldi Vegagerðarinnar.

Umdæmi	Endurnýjun bundinna slitlaga þús.kr.	Endurnýjun malar-slitlaga þús.kr.	Styrkingar og endurbætur þús.kr.	Viðhald brúa og varnargarða þús.kr.	Öryggis aðgerðir þús.kr.	Vatna-skemmdir þús.kr.	Samtals þús.kr.
Sameiginlegt	0	0	852	2.808	0	0	3.660
Suðurland	73.710	18.630	14.322	35.542	4.283	369	146.856
Reykjanes	222.982	10.502	48.418	12.407	10.061	966	305.336
Vesturland	47.814	25.069	32.652	9.528	13.428	0	128.491
Vestfirðir	30.097	30.925	11.166	3.724	4.643	40.380	120.935
Norðurland vestra	53.493	17.904	30.793	4.380	5.096	4.308	115.974
Norðurland eystra	37.092	24.843	19.312	19.279	10.406	31.013	141.945
Austurland	61.928	14.732	37.043	25.223	12.573	0	151.499
Samtals	527.116	142.605	194.558	112.891	60.490	77.086	1.114.696

Samkvæmt reglugerð nr. 325 frá 2. júní 1995 ber Vegagerðinni að greiða helming áætlaðs viðhaldskostnaðar girðinga með stofn- og tengivegum. Í samræmi við hana var af viðhaldsfé greiddur viðhaldskostnaður girðinga að upphæð 2.056 þús. kr.

2.2.3.1. Endurnýjun bundinna slitlaga

Fjárveiting var 450 m.kr. Lagðir voru 418 km af bundnu slitlagi sem skiptist á tegundir og umdæmi eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Umdæmi	Klæðing km	Klæðing þ.m²	Malbik km	Malbik þ.m²	Steypa km	Steypa þ.m²	Alls km	Alls þ.m²
Suðurland	57,9	347	0,0	0	0,0	0	57,9	347
Reykjanes	45,5	273	28,2	169	7,0	4	80,7	446
Vesturland	45,8	275	0,0	0	0,0	0	45,8	275
Vestfirðir	35,0	210	0,0	0	0,0	0	35,0	210
Norðurland vestra	68,1	409	0,0	0	0,0	0	68,1	409
Norðurland eystra	67,8	407	0,0	0	0,0	0	67,8	408
Austurland	62,5	375	0,0	0	0,0	0	62,5	375
Samtals	382,6	2.296	28,2	169	7,0	4	417,8	2.469

Í þessum tölum eru ekki blettanir og hjólfarafyllingar. Allar yfirlagnir hafa verið umreiknaðar í 6 m breið slitlög.

2.2.3.2. Endurnýjun malarslitlaga

Fjárveiting til endurnýjunar malarslitlaga var 200 m.kr. Lagt var malarslitlag á 370 km af malarvegum. Um er að ræða ný malarslitlög og endurnýjun á eldri slitlögum.

Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig þetta magn skiptist í unnið og óunnið efni og á milli umdæma.

Umdæmi	Óunnið efni km	Óunnið efni m³	Unnið efni km	Unnið efni m³	Mölburður alls km	Mölburður alls m³
Suðurland	0	0	38	15.600	38	15.600
Reykjanes	0	0	20	7.900	20	7.900
Vesturland	7	3.623	46	12.159	53	15.782
Vestfirðir	9	3.050	47	13.320	56	16.370
Norðurland vestra	0	0	42	13.500	42	13.500
Norðurland eystra	16	16.452	91	27.474	107	43.926
Austurland	3	490	51	25.655	54	26.145
Samtals	35	23.615	335	115.608	370	139.223

Vinnsla efnis í slitlög og burðarlög 1995 var eins og kemur fram í eftirfarandi töflu.

Umdæmi	Fyrir malarslitlög m³	Fyrir bundin slitlög m³	Fyrir burðalög og jöfnunarlög m³	Samtals m³
Suðurland	10.000	30.000	59.000	99.000
Reykjanes	0	0	0	0
Vesturland	28.759	6.243	15.816	50.818
Vestfirðir	14.722	10.309	25.593	50.624
Norðurland vestra	35.348	13.596	35.376	84.320
Norðurland eystra	21.350	20.037	58.795	100.182
Austurland	29.451	19.063	19.679	68.193
Samtals	139.630	99.248	214.259	453.137

Hér er aðeins talið efni sem unnið er fyrir Vegagerðina. Efni sem keypt er í einu eða öðru formi er ekki meðtalið. Vegagerðin starfrækir eina mulningsvélasamstæðu en meginhluti verksins var boðinn út.

2.2.3.3. Styrkingar og endurbætur

Fjárveiting var 255 m.kr. Mestum hluta þess fjár var varið til styrkinga og endurbóta á malarvegum með lítið burðarþol sem þarf að takmarka umferðarþunga á vegna aurbleytu. Aukin þörf er þó fyrir styrkingar vega með bundnu slitlagi. Á það sérstaklega við um vegi sem endurbættir hafa verið af viðhaldsfé til þess að geta lagt á þá bundið slitlag, elstu vegina með bundnu slitlagi og þar sem þungaumferð er mest.

Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir styrkingar vega á árinu 1995.

	Vegir með bundnu slitlagi				Malarvegir		Styrkingar alls	
	Burðarlag með möl		Bundið burðarlag					
Umdæmi	km	m³	km	m³	km	m³	km	m³
Suðurland	1,5	1.600	0,0	0	13,5	32.000	15,0	33.600
Reykjanes	0,0	0	8,1	11.500	1,8	16.000	9,9	27.500
Vesturland	0,0	0	3,7	2.979	18,8	43.195	22,4	46.174
Vestfirðir	0,0	0	0,0	0	4,0	10.000	4,0	10.000
Norðurland vestra	0,0	0	0,0	0	9,3	31.700	9,3	31.700
Norðurland eystra	0,0	0	0,0	0	19,1	22.583	19,1	22.583
Austurland	1,4	1.624	0,0	0	34,0	61.762	35,4	63.386
Samtals	2,9	3.224	11,8	14.479	100,5	217.240	115,1	234.943

2.2.3.4. Viðhald brúa og varnargarða

Fjárveiting var 100 m.kr. Stærstu einstöku verkefni voru viðgerð á brú á Hvítá hjá Brúarhlöðum og á Jökulsá í Axarfirði. Brúin á Hvítá er á mikilli ferðamannaleið og var mjög þröng fyrir stóra bíla. Var hún rýmkuð og aðkoma að brúnni lagfærð. Við Jökulsá í Axarfirði var unnið að steypuviðgerðum, ryðvörn og málun brúarinnar. Um 16 m.kr var varið til breikkunar á einbreiðum brúm, bæði með breikkun gömlu brúnna og endurnýjunar þeirra með röraræsum. Viðhaldsfé brúa hefur verið notað til slíkra verkefna undanfarin ár til að minnka slysahættu og auka öryggi vegfarenda. Almennt viðhald brúa líður nokkuð fyrir þetta. Um 13 m.kr var varið til rofvarna og lagfæringa og endurbóta á varnargörðum við brýr. Alls var unnið við um 50 brýr af þeim 1480 brúm, sem eru á þjóðvegum landsins. Lengd þessara brúa er samtals um 31 km.

2.2.3.5. Öryggisaðgerðir

Fjárveiting var 60 m.kr. Um 19 m.kr. var varið til öryggisaðgerða við einbreiðar brýr á tveggja akreina vegum. Unnið hefur verið eftir áætlun frá 1991 og er áætlað að verkefninu ljúki 1997, en það miðar að því að auka öryggi vegfarenda á þessum stöðum sem hafa sýnt sig að skapa verulega slysahættu. Til annarra öryggisaðgerða var varið 41 m.kr. Verkefnin eru af ýmsu tagi svo sem uppsetning vegriðs, lagfæring á blindhæðum og beygjum og lýsingu við vegi á vegamótum og í nágrenni þéttbýlis.

2.2.3.6. Vatnaskemmdir

Fjárveiting samkvæmt vegaáætlun var 90 m.kr., en í samræmi við 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1995 um skerðingu á ráðstöfunarfé stofnana vegna markaðsátaks erlendis til að lengja ferðamannatíma hér á landi, var fjárveiting lækkuð um tæpar 13 m.kr. Fjárveiting var því um 77 m.kr.

Í flóðum í fyrri hluta júní urðu verulegar vatnaskemmdir í Eyjafirði og Suður-Þingeyjarsýslu. Mestar skemmdir urðu þegar brúin á Fnjóská hjá Hróarsstöðum féll niður í vatnavöxtum í Fnjóská. Féll annar stöpull brúarinnar í ána auk þess sem vegfylling sópaðist burtu. Var brúnni lyft um haustið og byggður nýr stöpull undir hana auk þess sem undirstöður voru styrktar og rofvarnir. Kostnaður vegna þessa varð 19,8 m.kr. Auk þessa urðu víða minni háttar skemmdir á þessu svæði.

Á Vestfjörðum urðu miklar skemmdir á sjávarrofvörnum bæði í janúar og október. Mestur kostnaður varð vegna viðgerða á sjávarrofvörnum í Óshlíð eða 30,4 m.kr., en víðar á Vestfjörðum urðu verulegar skemmdir. Á öðrum stöðum á landinu var um minni háttar viðgerðir að ræða.

2.2.4. Þéttbýlisvegir

Fjárveiting var 267 m.kr. Með nýjum vegalögum varð Vegagerðin veghaldari á um 140 km af vegum sem áður töldust til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum. Fjárveiting til þéttbýlisvega er ætluð til að annast viðhald og þjónustu þessara vega. Samkvæmt 5. gr. vegalaga er vegamálastjóra heimilt að fela öðrum aðilum veghald einstakra vegarkafla að nokkru eða öllu leyti. Gerðir voru samningar við 52 sveitarfélög um þjónustu á þjóðvegum innan þéttbýlis samtals að upphæð 190 m.kr og samningar við 4 sveitarfélög um viðhald þéttbýlisvega að upphæð um 56 m.kr. Vegagerðin annaðist sjálf viðhald og þjónustu þéttbýlisvega í öðrum sveitarfélögum.

2.3. NÝIR ÞJÓÐVEGIR

2.3.0. Lán og fjárveitingar til vegaframkvæmda

2.3.0.1. Föst lán til vegaframkvæmda

Á árunum 1992 og 1993 tók Vegagerðin lán hjá eigendum Smárahvamms- og Arnarnesslands að upphæð samtals 24,1 m.kr. til kaupa á landi undir veg í Reykjanesumdæmi. Endurgreiðslu þessara lána lauk á árinu 1995.

2.3.0.2. Bráðabirgðalán til vegaframkvæmda

Að venju voru tekin bráðabirgðalán til að hraða eða ljúka ákveðnum framkvæmdum og til að stuðla að hagkvæmum vinnubrögðum. Voru lán þessi að meirihluta frá bæjar- og sveitarfélögum eða alls 303,9 m.kr., en 186,6 m.kr. voru í formi vinnulána frá verktökum og 11,3 m.kr. frá öðrum aðilum. Það af endurlánuðu sveitarfélögin 187,7 m.kr., en 314,1 m.kr. voru ný lán.

Bráðabirgðalán til stofnvega urðu samtals 352,1 m.kr. Þar af fóru 152,2 m.kr. til vega í Reykjanesumdæmi og eingöngu til vega á höfuðborgarsvæðinu, en 25,7 m.kr. til vega í Vesturlandsumdæmi að mestu leyti til Vestfjarðarvegar í Dölum og Ólafsvíkurvegar. Til Vestfjarðaganga fóru 140 m.kr. og 10,1 m.kr. til Djúpvegar. Að öðru leyti fóru lán þessi til vega á Suðurlandi og Norðurlandi eystra.

Lán til tengivega urðu samtals 146,9 m.kr. Að mestu voru það lán sveitarfélaga til vega á Suðurlandi eða 119 m.kr., en 14,7 m.kr. til vega á Norðurlandi vestra og nokkur lán til vega á Vestfjörðum og Vesturlandi.

Lán til safnvega í Borgarbyggð á Vesturlandi urðu samtals 2,8 m.kr.

Bráðabirgðalán í árslok voru því samtals 501,8 m.kr. á móti 459,9 m.kr. í árslok árið 1994 og skiptust þannig eftir viðfangsefnum í milljónum króna.

	Árslok 1994 m.kr.	Árslok 1995 m.kr.
Stofnvegir	365,3	352,1
Tengivegir	94,6	146,9
Safnvegir	0,0	2,8
Samtals	459,9	501,8

Á nokkrum stöðum var fjárvöntun mætt með tímabundnum lánum milli verkefna.

2.3.0.3. Önnur lán til vegaframkvæmda

Engin önnur utanaðkomandi lán voru tekin til vegaframkvæmda árið 1995 en að framan greinir.

2.3.1. Stofnvegir

Fjárveitingar til nýrra þjóðvega samkvæmt vegaáætlun voru 3.501 m.kr. og skiptist upphæðin þannig að til stofnvega fóru 3.040 m.kr., til tengivega 280 m.kr., sérstakar fjárveitingar til brúagerðar 154 m.kr. og til girðinga 27 m.kr.

Á súluritinu hér að neðan má sjá heildarframlag til nýbygginga stofnvega, tengivega, brúa og girðinga á árunum 1965 - 1995. Upphæðir eru á verðlagi 1995.



2.3.1.1. Almenn verkefni og bundin slitlög

Fjárveitingar til almennra verkefna og bundinna slitlaga voru 421 m.kr. og er skipting þeirra sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.3.1.2. Höfuðborgarsvæðið

Fjárveitingar til vegagerðar á höfuðborgarsvæðinu voru 299 m.kr. og er skipting þeirra sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.3.1.3. Stórverkefni

Fjárveitingar til stórverkefna voru 620 m.kr. og er skipting þeirra sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.3.1.4. Framkvæmdaátak í atvinnumálum

Fjárveitingar vegna framkvæmdaátaks í atvinnumálum voru 450 m.kr. og er skipting þeirra sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.3.1.5. Framkvæmdaátak

Fjárveitingar framkvæmdaátaks voru 1.250 m.kr. og er skipting þeirra sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.3.2. Tengivegir

Fjárveitingar til tengivega voru 280 m.kr. og er skipting þeirra sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.3.3. Brýr

2.3.3.1. Brýr 10 m og lengri

Fjárveiting til brúa 10 m og lengri var 139 m.kr. í vegaáætlun og var henni skipt eins og sýnt er í fskj. 1. Gerð er grein fyrir byggingu einstakra brúa í fskj. 2.

2.3.3.2. Smábrýr

Fjárveiting til smábrúa var 15 m.kr. í vegaáætlun og var henni skipt eins og sýnt er í fskj. 1.

2.3.4. Girðingar og uppgræðsla

Fjárveiting til girðinga var 27 m.kr. Fjárveitingunni var varið til að uppfylla kröfur samkvæmt lögum um girðingar. Mjög mikið er enn óunnið í þeim málum. Í töflunni hér að neðan er yfirlit yfir framkvæmdir við girðingar á árinu 1995 og stöðu þessara mála árslok.

Umdæmi	Óafgreitt 1.1.'95 Girðingar km	Óafgreitt 1.1.'95 Ristar stk.	Afgreitt 1995 Girðingar km	Afgreitt 1995 Ristar stk.	Nýjar kröfur Girðingar km	Nýjar kröfur Ristar stk.	Óafgreitt 1.1.'96 Girðingar km	Óafgreitt 1.1.'96 Ristar stk.
Suðurland	49,0	0	6,0	0	5,0	0	48,0	0
Reykjanes	28,0	0	12,0	0	1,1	0	17,1	0
Vesturland	101,0	2	8,7	0	27,2	1	119,5	3
Vestfirðir	9,0	5	0,0	0	0,0	0	9,0	5
Norðurland vestra	52,0	7	9,0	1	0,0	1	43,0	7
Norðurland eystra	121,1	7	6,0	0	0,0	0	115,1	7
Austurland	77,6	3	14,6	1	16,0	0	79,0	2
Samtals	437,7	24	56,3	2	49,3	2	430,7	24

Unnið var að uppgræðslu fyrir hluta af nýbyggingarfé og sýnir taflan hér að neðan framkvæmdir 1995 og stöðu þessa málaflokks í árslok.

Umdæmi	Framkvæmdir 1995 Sáning ha.	Framkvæmdir 1995 Áburðardreifing ha.	Samtals ha.	Ósáð 1. jan. 1996 ha.
Suðurland	60	99	159	65
Reykjanes	17	28	45	18
Vesturland	80	117	197	368
Vestfirðir	47	54	101	45
Norðurland vestra	86	0	86	170
Norðurland eystra	121	127	248	546
Austurland	130	117	247	540
Samtals	541	542	1.083	1.752

2.4. SAFNVEGIR

Fjárveiting til safnvega var 176 m.kr. og var fé þessu skipt milli héraðsnefnda eða hliðstæðra aðila í sýslum landsins í samræmi við reglugerð nr. 62/1964 eins og sýnt er í eftirfarandi töflu.

		Fjárveiting 1995 í þús.kr.
1.	Héraðsnefnd á Suðurnesjum	1.102
2.	Sýsluvegasjóður Kjósarsýslu	5.988
3.	Héraðsnefnd Borgarfjarðarsýslu	6.340
4.	Héraðsnefnd Mýrasýslu	8.658
5.	Vegasamlag Snæfellinga	7.804
6.	Héraðsnefnd Dalasýslu	4.771
7.	Sýslumaðurinn á Patreksfirði, Austur-Barðastrandarsýsla	2.080
8.	Héraðsnefnd Barðstrendinga, Vestur-Barðastrandarsýsla	4.187
9.	Héraðsnefnd Ísafjarðarsýslu	5.813
10.	Héraðsnefnd Strandasýslu	4.809
11.	Héraðsnefnd Vestur-Húnavatnssýslu	6.808
12.	Héraðsnefnd Austur-Húnavatnssýslu	6.175
13.	Héraðsnefnd Skagfirðinga	14.009
14.	Héraðsnefnd Eyjafjarðar	11.586
15.	Sýslumaðurinn á Húsavík, Suður-Þingeyjarsýsla	11.711
16.	Sýslumaðurinn á Húsavík, Norður-Þingeyjarsýsla	7.411
17.	Héraðsnefnd Múlasýslna	21.596
18.	Héraðsnefnd Austur-Skaftafellssýslu	4.570
19.	Héraðsnefnd Vestur-Skaftafellssýslu	8.070
20.	Héraðsnefnd Rangæinga	14.195
21.	Héraðsnefnd Árnessýslu	18.317
	Samtals	176.000

2.5. LANDSVEGIR

Fjárveiting til landsvega var 64 m.kr. og var henni skipt milli umdæma eins og sýnt er í eftirfarandi yfirliti.

Umdæmi	fjárveiting í þús. kr
Suðurland	19.644
Reykjanes	17.800
Vesturland	3.600
Vestfirðir	2.550
Norðurland vestra	4.900
Norðurland eystra	11.200
Austurland	5.300
Geymt frá fyrra ári	-1.794
Óskipt	800
Samtals	64.000

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu framkvæmdum við landsvegi.

Suðurland

Fjárveiting til landsvega á Suðurlandi var 19,6 m.kr., auk 8 m.kr. fjárveitingu til brúargerðar á yfirfall frá Hrauneyjarfossvirkjun á Sprengisandsleið (F28) í tengslum við færslu vegarins frá virkjanasvæði. Vegna vinnu við mat á umhverfisáhrifum var nýframkvæmdum á Sprengisandsleið frestað til næsta árs. Að öðru leyti var fjárveitingum varið til viðhalds og þjónustu á 558 km af landsvegum í umdæminu

Reykjanes

Fjárveiting til landsvega á Reykjanesi var 17,8 m.kr. Auk þess var 6 m.kr. fjárveiting vegna framkvæmdaátaks til Bláalónsvegar og er gerð grein fyrir henni í greinargerð um framkvæmdir við nýbyggingu þjóðvega. Um 15,5 m.kr. var varið til greiðslu skulda á landsvegum innan þjóðgarðsins á Þingvöllum en að öðru leyti til viðhalds og þjónustu á 29 km af landsvegum í umdæminu.

Vesturland

Fjárveiting til landsvega á Vesturlandi var 3,6 m.kr. Auk þess var 7 m.kr. fjárveiting vegna brúargerðar á Brimilsgjá á Steinadalsvegi (69). Sett var ræsi í stað lélegrar brúar á Brimilsgjá. Fjárveitingar voru að öðru leyti notaðar til viðhalds og þjónustu á 132 km af landsvegum í umdæminu.

Vestfirðir

Fjárveiting til landsvega á Vestfjörðum var 2,55 m.kr., og var hún notuð til viðhalds og þjónustu á 65 km af landsvegum í umdæminu.

Norðurland vestra

Fjárveiting til landsvega á Norðurlandi vestra var 4,9 m.kr. Um 2 m.kr. voru notaðar til greiðslu kostnaðar Siglufjarðarbæjar vegna uppbyggingar á Skarðsvegi (793) en að öðru leyti var fjárveiting notuð til viðhalds og þjónustu á 201 km af landsvegum í umdæminu.

Norðurland eystra

Fjárveiting til landsvega á Norðurlandi eystra var 11,2 m.kr. og var hún notuð til viðhalds og þjónustu á 491 km af landsvegum í umdæminu.

Austurland

Fjárveiting til landsvega á Austurlandi var 5,3 m.kr. Á Austurleið (F910) var lagður nýr 8 km langur slóði á Fljótsdalsheiði, en að öðru leyti var unnið við viðhald og þjónustu á 310 km af landsvegum í umdæminu.

2.6. STYRKVEGIR

Fjárveiting til styrkvega var 25 m.kr. og var henni varið til eftirfarandi framkvæmdaflokka.

Framkvæmdaflokkur	fjárveiting í þús. kr.
Götur í þéttbýli	7.818
Vegir yfir fjöll og heiðar	7.636
Annað	5.754
Geymt frá fyrra ári	-1.100
Óskipt	4.892
Samtals	25.000

2.7. REIÐVEGIR

Fjárveiting var 11 m.kr. Landssamband hestamannafélaga skipti þessari fjárhæð á eftirfarandi hátt.

			Fjárveiting 1995 í þús.kr.
1.	Sjö hestamannafélög	í Kjalarnesþingi	2.900
2.	Hestamannafélagið	Dreyri, Akranesi og nágrenni	250
3.	–	Skuggi, Borgarnesi	300
4.	–	Faxi, Borgarfirði	300
5.	–	Stormur, Vestfjörðum	300
6.	–	Hending, Ísafirði	300
7.	–	Neisti, Austur-Húnavatnsýslu	250
8.	–	Snarfari, Skagaströnd	250
9.	–	Stígandi, Skagafirði	150
10.	–	Léttfeti, Sauðárkróki	300
11.	–	Svaði, Hofsósi, Fljótum	350
12.	–	Léttir, Akureyri	400
13.	–	Þráinn, Svalbarðsströnd Grýtubakkahreppi	150
14.	–	Snæfaxi, Þistilfirði	150
15.	–	Glófaxi, Vopnafirði	200
16.	–	Blær, Norðfirði og Eskifirði	200
17.	–	Goði, Fáskrúðsfirði	200
18.	–	Geisli, Breiðdalsvík	500
19.	–	Freyfaxi, Suður-Múlasýslu	900
20.	–	Hornfirðingur, Hornafirði	1.000
21.	–	Logi, Biskupstungum	400
22.	–	Smári, Hreppum	400
23.	–	Sleipnir, Selfossi	250
24.	–	Ljúfur, Hveragerði	250
25.	–	Trausti, Laugardal, Grímsnesi	350
		Samtals	11.000

2.8. TILRAUNIR

Með nýjum vegalögum sem samþykkt voru 1994 var tvöfaldað það fjármagn sem verja skal til rannsókna og tilrauna. Það er nú 1 % af mörkuðum tekjum sem renna til vegagerðar, og árið 1995 nam fjárveitingin 62 m.kr.

Hér á eftir eru taldir þeir verkefnaflokkar sem unnið var að á árinu og helstu verkefnin:

- Steinefni, burðarlög og slitlög
  - Eiginleikar og gæði steinefna
  - Berggreining - endurbætur á aðferð
  - Ljós steinefni í slitlög
  - Fínefni í malarslitlög
  - Niðurbrot steinefna vegna álags
  - Úttekt á stöðu bindiefnismála
  - Festun burðarlaga með froðubiki
  - Bikfestun burðarlaga - reynsla af tilraunum
  - Athugun á eldri tilraunavegum
  - Hönnunarforrit og verkefni tengd þeim
  - Athugun á sambandi plötuprófs og falllóðs
  - Sementsfestun efra burðarlags
  - Hágæðamalbik
  - Steinkast úr klæðingum
  - Klæðingar með bikþeytum
  - Ákvörðun bindiefnismagns í klæðingu
  - Hjólfarafylling undir klæðingu
  - Klæðing með gabbró við Höfn
  - Sig og skrið í asfaltbundnum slitlögum
  - Vegasteypa úr hástyrkleikasteypu
  - Malarslitlagstilraun á Kjósarskarðsvegi
- Vegyfirborð
  - Tilraunir með ný vegmerkingarefni
- Brýr og steinsteypa
  - Steypurannsóknir
  - Vikur í sprautusteypu
  - Viðgerð burðarbita steyptra brúa
  - Áhrif mismunandi íblenda á loftdreifingu í steinsteypu
  - Brúargólf úr vikureiningum
  - Jarðskjálftamælingar í brúm
- Vatnafar og jöklar
  - Rannsóknir á Skeiðarárjökli
  - Rannsóknir á flóðum vatnsfalla
  - Skráning snjóflóða á vegum
  - Snjóflóðaviðvaranir

Samgöngu- og umferðarrannsóknir
- Kröfur til vegakerfis við uppbyggingu ferðaiðnaðar
- Flutningamagn á vegakerfinu
- Slysakostnaður
- Mat á loftmengun
- Mat á hávaðamengun

Tæki og búnaður
- Rafgirðingar
- Snjófeykjar
- Brennsluhvati fyrir vélar
- Upplýsingabúnaður frá veðurstöðvum til vegfarenda
- Vigtunarbúnaður í vegum

Ýmiss verkefni
- Sáningartilraunir
- Sprengitækni
- Ysjun í setlögum við brýr og vegi
- Loftþrýstingur í dekkjum
- OECD - fjölþjóðlegt verkefni varðandi álag á vegi

Mörg þau verkefni sem nú eru í gangi, eru langtímaverkefni þar sem unnið er að mælingum og söfnun upplýsinga um ýmis atriði. Einna mest er umfang ýmiss konar rannsókna á steinefnum, burðarlögum og slitlögum, en þeim verkefnum hefur verið komið fyrir sem einu stóru hópverkefni (nefnist BUSL). Að því starfi koma einnig Reykjavíkurborg, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Háskóli Íslands.

2.9 FLÓABÁTAR

Samkvæmt vegáætlun fyrir 1995 var fjárveiting til þessa liðar 469 m.kr. Hafði þá verið gert ráð fyrir frestun afborgana af ferjulánum að upphæð 100 m.kr. Þessi frestun skiptist jafnt á lán vegna Herjólfs og Baldurs.

Ríkisstyrktar ferjur eru sem fyrr 7 talsins, en auk þess er greiddur af þessum lið styrkur vegna vetrarsamgangna við Norðurfjörð á Ströndum.

Á árinu var gerður rekstrarsamningur við Herjólf hf. og um leið yfirtók ríkið skip og skuldir. Ríkið yfirtók einnig ferjuna Sæfara með áhvílandi skuldum, en hún hafði verið í eigu Hríseyjarhrepps. Nú er búið að gera samninga við alla ferjurekstraraðila, nema við rekstaraðila Fagranessins. Rekstur Grímseyjarferjunnar Sæfara var á sínum tíma boðinn út og var sá samningur framlengdur til 1. maí 1996.

Stærsti hluti þessa liðar eru afborganir og vextir af lánum vegna ferjukaupa. Skuldir þessar eru í erlendum gjaldmiðlum og stór hluti þeirra með breytilegum LIBOR vöxum. Eins og fyrr er getið var ákveðið að fresta afborgunum að upphæð 100 m.kr., sem gjaldfalla áttu á árinu 1995. Afborganir þessar voru færðar afturfyrir í greiðsluröðinni.

Heildarútgjöld til þessa liðar á árinu 1995 nam 449,2 m.kr. Mismunur er fluttur til næsta árs.

Ferja	Afborganir og vextir af ferjulánum í m.kr.	Rekstrar-styrkur í m.kr.	Annar kostnaður m.kr.	Samtals m.kr.
Herjólfur	169,4	74,0	0,0	243,4
Akraborg	26,3	20,6	0,0	46,9
Baldur	48,4	28,1	0,0	76,5
Fagranes	7,5	21,0	0,7	29,2
Sævar	0,0	7,8	0,1	7,9
Sæfari	17,3	19,5	0,9	37,7
Anný	0,0	4,3	0,0	4,3
Norðurfjarðarflutningar	0,0	3,2	0,0	3,2
Sameiginlegt	0,0	0,0	0,1	0,1
Samtals	268,9	178,5	1,8	449,2

Fskj. 1

1. Til stofnvega

1.1. Almenn verkefni og bundin slitlög

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1995
	Suðurlandsumdæmi	
240	Stórhöfðavegur	
02	Hraunvegur – Stórhöfði	15
31	Skálholtsvegur	
02	Helgastaðir – Biskupstungnabraut	32
	Reykjanesumdæmi	
1	Hringvegur	
e1	Klifurrein í Lækjarbotnun	15
f8	Búfjárgöng	5
41	Reykjanesbraut	
14-19	Endurbætur	16
	Vesturlandsumdæmi	
1	Hringvegur	
h3	Hellistungur	24
57	Snæfellsnesvegur	
08	Helgafellssveitarvegur – Berserkseyri	28
12	Búlandshöfði	4
60	Vestfjarðarvegur	
10	Gilsfjörður	2
	Vestfjarðaumdæmi	
60	Vestfjarðavegur	
47	Jarðgöng	88
	Norðurlandsumdæmi vestra	
76	Siglufjarðarvegur	
09	Ólafsfjarðarvegur – Almenningsnöf	13
10	Almenningsnöf – gangamunni	31
	Norðurlandsumdæmi eystra	
1	Hringvegur	
r3-r7	Kísiliðja – Biskupsháls	20
85	Norðausturvegur	
10	Vogar – Krossdalur	16
25	Þistilfjörður, flugvöllur	26
845	Aðaldalsvegur	
02	Staðarbraut – Syðrafjall	12

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1995
	Austurlandsumdæmi	
1	Hringvegur	
t0	Dimmidalur – Skóghlíð	18
85	Norðausturvegur	
35	Sandvíkurheiði – Hvammsgerði	31
93	Seyðisfjarðarvegur	
02	Borgarfjarðarvegur – Langahlíð	14
917	Hlíðarvegur	
05	Hellisheiði – Vindfell	11
	Samtals	421

1.2. Höfuðborgarsvæðið

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1995
1	Hringvegur	
e3	Rauðavatn – Nesbraut	23
411	Arnarnesvegur	
04	Bæjarbraut – Reykjanesbraut	14
412	Vífilsstaðavegur	
01	Endurbætur	55
431	Hafravatnsvegur	
02	Í Reykjahverfi	21
	Greiðsla skulda í Reykjavík	186
	Samtals	299

1.3. Stórverkefni

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1995
60	Vestfjarðavegur	
10	Gilsfjörður	50
47	Jarðgöng	560
61	Djúpvegur	
25-30	Ísafjarðardjúp	10
	Samtals	620

1.4. Framkvæmdaátak í atvinnumálum
Almenn verkefni
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1995
36	Þingvallavegur	
02-03	Heiðará – Þingvellir	15
37	Laugarvatnsvegur	
04	Reykjavegur – Biskupstungnabraut	22
45	Garðskagavegur	
00	Reykjanesbraut – Leira	20
54	Ólafsvíkurvegur	
07	Lágafell – Staðará	32
57	Snæfellsnesvegur	
08	Helgafellssveitarvegur – Berserkseyri	10
61	Djúpvegur	
01	Fjarðarhorn – Borðeyri	51
1	Hringvegur	
m4	Um Bólstaðarhlíðarbrekku	24
1	Hringvegur	
r0	Helluvað – Skútustaðir	41
r1	Garður – Geiteyjarströnd	1
1	Hringvegur	
x5	Fjallsár- og Hrútárbrú	60
	Samtals	276

Höfuðborgarsvæðið
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti		Fjárveiting 1995
1	Hringvegur		
e3	Rauðavatn – Nesbraut		36
49	Nesbraut		
01	Gatnamót við Höfðabakka		54
		Samtals	90

Stórverkefni
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti		Fjárveiting 1994
1	Hringvegur		
	Tenging Norður- og Austurlands		84
		Samtals	84

Framkvæmdaátak í atvinnumálum samtals **450**

1.5. Framkvæmdaátak
Almenn verkefni
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1995
	Suðurlandsumdæmi	
1	Hringvegur	
b4	Vík – Hvammsá	15
25	Landvegur	
02	Hagabraut – Galtalækur	13
30	Skeiða- og Hrunamannavegur	
06	Flúðir – Hvítárdalur	6
31	Skálholtsvegur	
02	Helgastaðir – Biskupstungnabraut	20
32	Þjórsárdalsvegur	
02	Stóranúpsvegur – Ásólfsstaðir	14
34	Eyrarbakkavegur	
05	Um Ölfusárós	2
36	Þingvallavegur	
02-03	Heiðará – Þingvellir	21
37	Laugarvatnsvegur	
04	Reykjavegur – Biskupstungnabraut	5
	Reykjanesumdæmi	
41	Reykjanesbraut	
14-19	Endurbætur	31
42	Krýsuvíkur- og Ísólfsskálavegur (427)	
	Frumhönnun Suðurstrandarvegar	3
45	Garðskagavegur	
00	Reykjanesbraut – Leira	22
44	Hafnavegur	
01	Lýsing	3
417	Bláfjallavegur	
01	Hringvegur – Bláfjöll	10
426	Bláalónsvegur	
01	Að Bláalóni	6
	Vesturlandsumdæmi	
57	Snæfellsnesvegur	
12	Um Búlandshöfða	33
60	Vestfjarðavegur	
07	Búðardalur – Klofningsvegur	34
	Vestfjarðaumdæmi	
60	Vestfjarðavegur	
47	Jarðgöng	23
61	Djúpvegur	
25-30	Ísafjarðardjúp	4
45	Óshlíð	23
62	Barðastrandarvegur	
02	Brjánslækur – Kross	10

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1995
	Norðurlandsumdæmi vestra	
1	Hringvegur	
m4	Um Bólstaðarhlíðarbrekku	17
76	Siglufjarðarvegur	
04	Sleitustaðir - Hofsós	11
10	Almenningsnöf – gangamunni	21
	Norðurlandsumdæmi eystra	
1	Hringvegur	
p1	Grjótá – Engimýri	15
r1	Garður – Geiteyjarströnd	40
r3-r7	Kísiliðja – Biskupsháls	9
85	Norðausturvegur	
06	Húsavík – Héðinshöfði	15
87	Kísilvegur	
05	Bláhvammur – Þverá	4
829	Eyjafjarðarbraut eystri	
01	Þverá – Laugaland	40
	Austurlandsumdæmi	
1	Hringvegur	
x5	Fjallsár- og Hrútárbrýr	2
y2	Skeiðarársandur	5
92	Norðfjarðarvegur	
06	Reyðarfjörður	1
10	Göng – Oddsdalur	19
96	Suðurfjarðavegur	
02	Eyri – Þernunes	21
07	Fáskrúðsfjörður	4
917	Hlíðarvegur	
06	Um Gljúfurá	20
	Samtals	542

Höfuðborgarsvæðið
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1995
41	Reykjanesbraut	
14	Gatnamót við Ásbraut	34
49	Nesbraut	
01	Hringvegur – Höfðabakki	136
01	Gatnamót við Höfðabakka	483
	Göngubrýr og undirgöng	40
	Óráðstafað	15
	Samtals	708
	Framkvæmdaátak samtals	1.250

2. Tengivegir

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1995
	Suðurlandsumdæmi	
204	Meðallandsvegur	
01	Hringvegur – Fossar	11
210	Ljótarstaðavegur	
01	Búlandsvegur – Snæbýli	2
239	Eldfellsvegur	
01	Um Eldfell	7
248	Markarvegur	
01	Hringvegur – Stóramörk	2
250	Dímonarvegur	
01	Hringvegur – Fljótshlíðarvegur	7
253	Gunnarshólmavegur	
01	Voðmúlastaðir – Gunnarshólmi	2
255	Akureyjarvegur	
01	Strandarhöfuð – Njálsbúð	2
264	Rangárvallavegur	
01	Hringvegur – Keldur	2
286	Hagabraut	
02	Um Saurbæ	7
33	Gaulverjabæjarvegur	
01	Hringvegur – Hamarsvegur	11
35	Biskupstungnabraut	
07	Bræðratunguvegur – Laugarvatnsvegur	6
305	Villingaholtsvegur	
03	Krókur – Lækjarbakki	11
326	Hælsvegur	
01	Ýmsir staðir	2
	Reykjanesumdæmi	
48	Kjósarskarðsvegur	
01	Um Laxá	4
425	Nesvegur	
01	Hafnir – Saltverksmiðja	10
431	Hafravatnsvegur	
01	Sólheimar – Úlfarsfellsvegur	7

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1995
	Vesturlandsumdæmi	
53	Hvítárvallavegur	
01	Tunguá – Hvanneyri	11
515	Flókadalsvegur	
01	Snjóastaðir	8
574	Útnesvegur	
01	Um Klifhraun. Snjóastaðir	10
07	Um Laxá á Breið	3
582	Hálsbæjavegur	
01	Snjóastaðir	8
582	Hálsabæjavegur	
01	Snjóastaðir	4
60	Vestfjarðavegur	
10	Gilsfjörður	13
	Vestfjarðaumdæmi	
633	Vatnsfjarðarvegur	
01	Djúpvegur – Reykjanes	3
645	Drangsnesvegur	
01	Strandavegur – Hella	27
	Norðurlandsumdæmi vestra	
752	Skagafjarðarvegur	
02	Héraðsdalsvegur – Svartárdalsvegur	30
754	Héraðsdalsvegur	
01	Um Langamel	1
792	Flugvallarvegur Siglufirði	
	Lýsing	3
	Norðurlandsumdæmi eystra	
833	Illugastaðavegur	
02	Skógar – Hróastaðir	15
845	Mývatnsvegur	
01	Hringvegur – Vagnbrekka	27
	Austurlandsumdæmi	
85	Norðausturvegur	
40	Hlíðarvegur – Deildarlækur	5
94	Borgarfjarðarvegur	
06	Um Selfljót	17
953	Mjóafjarðarvegur	10
	Samtals	280

3. Til brúagerða

3.1. Brýr 10 m og lengri

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1995
37	Laugarvatnsvegur	
03	Skillandsá	19
F26	Sprengisandsleið (landsvegur)	
	Yfirfall við Hrauneyjafoss	8
574	Útnesvegur	
07	Laxá á Breið	17
69	Steinadalsvegur (landsvegur)	
01	Brimilsgjá	7
94	Borgarfjarðarvegur	
06	Selfljót hjá Unaósi	57
93	Seyðisfjarðarvegur	
01	Eyvindará	31
	Samtals	139

3.2. Smábrýr

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1995
268	Þingskálavegur	
03	Ytri-Rangá ofan við Galtalæk	5,0
57	Snæfellsnesvegur	
06	Þórsá	1,5
76	Siglufjarðarvegur	
09	Lambanesreykjaá	5,5
85	Norðausturvegur	
09	Fjallaá í Kelduhverfi	1,0
1	Hringvegur	
x5	Kvískerjalækur í Öræfum	2,0
	Samtals	15,0

Fskj. 2 **Greinargerð um framkvæmdir við nýbyggingu þjóðvega 1995**

Suðurland

1 Hringvegur

b4 Vík – Hvammsá

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 15 m.kr. og var hún notuð til að greiða hluta skuldar frá fyrra ári.

26 Landvegur

02 Hagabraut – Galtalækur

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 13 m.kr. Tekið var bráðabirgðalán að upphæð 16 m.kr. Greidd var skuld að upphæð 4 m.kr. Lokið var við gerð 4,5 km langs kafla með bundnu slitlagi milli Hallstúns og Holtsmúla. Verktaki var Ræktunarsamband Flóa og Skeiða, Selfossi.

30 Skeiða- og Hrunamannavegur

06 Flúðir – Hvítárdalur

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 6 m.kr. Fullgerður var með malarslitlagi 2,0 km langur kafli austan við brúna á Hvítá hjá Brúarhlöðum. Verktaki var Ræktunarsambandið Ketilbjörn, Árnessýslu.

31 Skálholtsvegur

02 Helgastaðir – Biskupstungnabraut

Fjárveiting til almennra verkefna var 32 m.kr. og 20 m.kr. vegna framkvæmdaátaks eða samtals 52 m.kr. Boðinn var út 3,1 km langur kafli milli Helgastaða og Hvítár og 4,1 km langur kafli milli Höfða og Biskupstungnabraut. Samtals 7,2 km. Skal verkinu lokið haustið 1996. Verktaki er Ræktunarsamband Flóa og Skeiða, Selfossi.

32 Þjórsárdalsvegur

02 Stóranúpsvegur – Ásólfsstaðir

Fjárveiting til almennra verkefna var 14 m.kr. Auk þess var varið 5 m.kr. til vegarins af viðhaldsfé. Fullgerður var með bundnu slitlagi 3,4 km langur kafli frá Stóra Núpsvegi (328) að Þverá. Verktaki var Ræktunarsamband Flóa og Skeiða, Selfossi.

33 Gaulverjabæjarvegur

01 Hringvegur – Hamarsvegur

Fjárveiting til tengivega var 11 m.kr. Fullgerður var með bundnu slitlagi 3,0 km langur kafli milli Glóru og Önundarholtsvegar (311). Verktaki var Ræktunarsamband Flóa og Skeiða, Selfossi.

34 Eyrarbakkavegur

05 Um Ölfusárós

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 2 m.kr. Fjárveitingunni var varið til uppgræðslu í vegsvæði.

35 Biskupstungnabraut

07 Bræðratunguvegur – Laugarvatnsvegur

Fjárveiting til tengivega var 6 m.kr. Framkvæmdum var frestað til 1996.

36 Þingvallavegur

02 - 03 Heiðará – Þingvellir

Fjárveiting af framkvæmdaátaki í atvinnumálum var 15 m.kr. og af framkvæmdaátaki 21 m.kr. Undirbyggður var 3,3 km langur kafli milli Heiðarár og Steingrímsstöðvar. Lagningu slitlags var frestað til 1996. Verktaki var vörubifreiðastjórafélagið Mjölnir, Selfossi.

37 Laugarvatnsvegur

04 Reykjavegur – Biskupstungnabraut

Fjárveiting af framkvæmdaátaki í atvinnumálum var 22 m.kr., af framkvæmdaátaki 5 m.kr. og 19 m.kr. til brúagerða. Framkvæmdum við vegagerð var frestað til 1996 en byggð ný 18 m löng stálbitabrú með steyptu gólfi á Skillandsá. Brúin er með tveimur akreinum og kemur í stað einbreiðrar brúar á sama stað. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar annaðist brúarsmíði.

204 Meðallandsvegur

01 Hringvegur – Fossar

Fjárveiting til tengivega var 11 m.kr. Fullgerður var með bundnu slitlagi 2,0 km langur kafli frá Hringvegi að Tungulæk. Verktaki var Framrás hf. í Vík.

210 Ljótarstaðavegur

01 Búlandsvegur – Snæbýli

Fjárveiting til tengivega var 2 m.kr. Framkvæmdum var frestað til næsta árs.

239 Eldfellsvegur

01 Um Eldfell

Fjárveiting til tengivega var 7 m.kr. og var hún notuð til greiðslu skuldar.

240 Stórhöfðavegur

02 Hraunvegur – Stórhöfði

Fjárveiting til almennra verkefna var 15 m.kr. og var hún notuð til greiðslu skuldar.

248 Markarvegur

01 Hringvegur – Stóramörk

Fjárveiting til tengivega var 2 m.kr. Ýmsar lagfæringar voru gerðar á veginum og hann styrktur. Verkið var unnið af vinnuflokki Vegagerðarinnar.

250 Dímonarvegur

01 Hringvegur – Fljótshlíðarvegur

Fjárveiting til tengivega var 7 m.kr. Tekið var lán að upphæð 4 m.kr. Greidd var skuld að upphæð 7 m.kr. Undirbyggður var 3,5 km langur kafli milli Stóra Dímonar og Fljótshlíðarvegar (261). Verktaki var Jón og Tryggvi hf., Hvolsvelli.

253 Gunnarshólmavegur

01 Voðmúlastaðir – Gunnarshólmi

Fjárveiting til tengivega var 2 m.kr. Framkvæmdum var frestað.

255 Akureyjarvegur

01 Strandarhöfuð – Njálsbúð

Fjárveiting til tengivega var 2 m.kr. Framkvæmdum var frestað.

264 Rangárvallavegur

01 Hringvegur – Keldur

Fjárveiting til tengivega var 2 m.kr. Vegurinn endurbættur á 3,0 km kafla um Keldur. Verkið var unnið af vinnuflokki Vegagerðarinnar.

273 Bugavegur

01 Hringvegur – Vetleifsholt

Fjárveiting var engin. Unnið var fyrir lán og framlag frá Ásahreppi að upphæð 64,5 m.kr. Féð var einnig notað til framkvæmda við Ásveg (275), Heiðarveg (284) og Kálfholtsveg (288). Fullgerður var 5,3 km langur kafli með bundnu slitlagi milli Hringvegar og Vetleifsholts. Verktaki var Hjarðanesbræður hf., Höfn.

275 Ásvegur

01 Hringvegur – Framnes

Fjárveiting var engin. Unnið var fyrir lán og framlag frá Ásahreppi, sbr. greinargerð um Bugaveg (273). Styrktur var 4,3 km langur kafli milli Skammalækjar og Framness. Verktaki var Hjarðarnesbræður hf., Höfn.

284 Heiðarvegur

01 Hringvegur – Herríðarhóll

Fjárveiting var engin. Unnið var fyrir lán og framlag frá Ásahreppi, sbr. greinargerð um Bugaveg (273). Lokið var við 6,0 km kafla með bundnu slitlagi frá Hringvegi að Herríðarhóli. Verktaki var Hjarðarnesbræður hf., Höfn.

286 Hagabraut

02 Um Saurbæ

Fjárveiting til tengivega var 7 m.kr. Sett voru tvö 2,4 m ræsi í Saurbæjargil í stað lélegrar brúar, sem þar var og fullgerður með malarslitlagi 0,4 km langur vegarkafli. Verktaki var vörubílstjórafélagið Fylkir, Rangárvallasýslu.

288 Kálfholtsvegur

01 Hringvegur – Hamrahóll og Kálfholt – Hringvegur

Fjárveiting var engin. Unnið var fyrir lán og framlag frá Ásahreppi sbr. greinargerð um Bugaveg (273). Lokið var við með bundnu slitlagi 2,6 km kafla af Hringvegi að Hamrahóli og 2,4 km kafla frá Kálfholti að Hringvegi. Verktaki var Hjarðarnesbræður hf. Höfn.

305 Villingaholtsvegur

03 Krókur – Lækjarbakki

Fjárveiting til tengivega var 11 m.kr. Fullgerður var með malarslitlagi 3,0 km langur kafli milli Ragnheiðarstaða og Lækjarbakka. Verktaki var vörubifreiðastjórafélagið Mjölnir, Selfossi.

326 Hælsvegur

01 Ýmsir staðir

Fjárveiting til tengivega var 2 m.kr. Vegurinn var styrktur og endurbættur á 3,0 km löngum kafla. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar annaðist verkið.

Reykjanes

1 Hringvegur

e1 Klifurrein í Lækjarbotnum

Fjárveiting til almennra verkefna var 15 m.kr. Klifurrein um Lækjarbotnabrekku, alls um 2,5 km, var rétt af og lögð malbiki. Verktaki var Loftorka hf., Reykjavík

f8 Búfjárgöng.

Fjárveiting til almennra verkefna var 5 m.kr. Gerð voru búfjárgöng við Neðri Háls í Kjós.Vinnuflokkar Vegagerðarinnar önnuðust verkið.

41 Reykjanesbraut

14 - 19 Endurbætur.

Fjárveiting til almennra verkefna var 16 m.kr. og vegna framkvæmdaátaks 31 m.kr. eða samtals 47 m.kr. Framkvæmdum var frestað.

42 Krýsuvíkur- og Ísólfsskálavegur (427)

Frumhönnun Suðurstrandarvegar.

Fjárveiting vegna framkvæmdaátaks var 3 m.kr. Hafin var vinna við kortagerð af vegsvæðinu.

44 Hafnavegur

01 Lýsing.

Fjárveiting vegna framkvæmdaátaks var 3 m.kr. Hitaveitu Suðurnesja var greitt fyrir lýsingu með Hafnavegi, sem sett var upp 1993.

45 Garðskagavegur

00 Reykjanesbraut – Leira.

Fjárveiting vegna framkvæmdaátaks í atvinnumálum var 20 m.kr. og vegna framkvæmdaátaks 22 m.kr., auk innstæðu frá fyrra ári 68 m.kr. Breytingar á skipulagi voru staðfestar. Lokið var hönnun og mati á umhverfisáhrifum, en framkvæmdum frestað.

48 Kjósarskarðsvegur

01 Um Laxá

Fjárveiting til tengivega var 4 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

417 Bláfjallavegur

01 Hringvegur – Bláfjöll.

Fjárveiting vegna framkvæmdaátaks var 10 m.kr. auk 19,5 m.kr. innstæðu frá fyrra ári. Að loknu umhverfismati var ákveðið að endurbyggja veginn á sama stað og verið hafði ofan Húsfellsbruna, alls um 5,5 km. Verktaki er Háfell hf., Hafnarfirði, og skal verkinu lokið á árinu 1996.

426 Bláalónsvegur

01 Að Bláalóni.

Fjárveiting vegna framkvæmdaátaks var 6 m.kr. Lokið var skipulagsvinnu og mati á umhverfisáhrifum. Framkvæmdum var frestað til næsta árs.

425 Nesvegur

01 Hafnir – Saltverksmiðja

Fjárveiting til tengivega var 10 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

431 Hafravatnsvegur

01 Sólheimar – Úlfarsfellsvegur.

Fjárveiting til tengivega var 7 m.kr. Ný veglína hefur verið mæld, en hún hefur ekki verið staðfest sem skipulag. Framkvæmdum frestað.

Höfuðborgarsvæðið

1 Hringvegur

e3 Rauðavatn – Nesbraut.

Fjárveiting var 23 m.kr. og vegna framkvæmdaátaks í atvinnumálum 36 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

41 Reykjanesbraut

14 Gatnamót við Ásbraut

Fjárveiting vegna framkvæmdaátaks var 34 m.kr og var hún notuð til greiðslu skuldar.

49 Nesbraut

01 Hringvegur – Höfðabakki.

Fjárveiting vegna framkvæmdaátaks var 136 m.kr. Auk þess 15 m.kr. af óráðstöfuðu fé til framkvæmdaátaks á höfuðborgarsvæðinu. Gerð voru göng fyrir Viðarhöfða undir Nesbraut í samvinnu við Reykjavíkurborg. Verktaki var Háfell hf., Hafnarfirði.

49 Nesbraut

01 Gatnamót við Höfðabakka.

Fjárveiting vegna framkvæmdaátaks var 483 m.kr. og vegna framkvæmdaátaks í atvinnumálum 54 m.kr. Gatnamót Höfðabakka og Nesbrautar (Vesturlandsvegar) voru gerð mislæg, með því að byggja brú yfir Nesbraut ásamt tilheyrandi römpum. Verktakar við gerð bráðabirgðatengingar voru Háfell hf., Hafnarfirði, Völur hf. og Dalverk hf.,Reykjavík, en verktakar við mislægu gatnamótin voru JVJ verktakar hf., Hafnarfirði, Álftárós hf., Kópavogi og Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas, Hafnarfirði.

411 Arnarnesvegur

04 Bæjarbraut – Reykjanesbraut

Fjárveiting var 14 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

412 Vífilsstaðavegur

01 Endurbætur

Fjárveiting var 55 m.kr. Greiðsla til Garðabæjar vegna framkvæmda sveitarfélagsins á þjóðvegum í þéttbýli.

431 Hafravatnsvegur

02 Í Reykjahverfi

Fjárveiting til var 21 m.kr. Í samvinnu við Mosfellsbæ var endurbyggð gata í þéttbýlinu, sem Hafravatnsvegur liggur um. Verktaki var Jón og Tryggvi ehf., Hvolsvelli. Umsjón var í höndum tæknideildar Mosfellsbæjar.

Göngubrýr og undirgöng.

Fjárveiting vegna framkvæmdaátaks var 40 m.kr. Í samvinnu við Reykjavíkurborg var byggð göngubrú yfir Kringlumýrarbraut (Hafnarfjarðarveg (40)) í Fossvogi. Verktaki var S.R. Sigurðsson ehf., Reykjavík.

Greiðsla skulda í Reykjavík.

Fjárveiting var 186 m.kr. Greidd var upp í skuld við Reykjavíkurborg í samræmi við samning borgarinnar við Vegagerðina þar um.

Óráðstafað

Fjárveiting vegna framkvæmdaátaks var 15 m.kr. og var hún notuð við gerð undirganga fyrir Viðarhöfða undir Nesbraut í samvinnu við Reykjavíkurborg.

Vesturland

1 Hringvegur

h3 Hellistungur.

Fjárveiting til almennra verkefna var 24 m.kr. Greidd var skuld frá árinu 1993.

53 Hvítárvallavegur

01 Tunguá – Hvanneyri

Fjárveiting til tengivega var 11 m.kr. Greiddar voru skuldir frá fyrra ári og sett upp vegrið. Verkið var unnið af vinnuflokki Vegagerðarinnar.

54 Ólafsvíkurvegur

07 Lágafell – Staðará.

Fjárveiting vegna framkvæmdaátaks í atvinnumálum var 32,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

09 Urriðaá – Kálfá.

Fjárveiting var engin, en lánuð var fjárveiting til Útnesvegar (574) um Klifhraun, sem frestað var á síðasta ári. Byggðar voru nýjar brýr á Bláfeldará og Kálfá. Verkið var unnið af vinnuflokkum Vegagerðarinnar. Boðin var út lagning 4,0 km. vegarkafla í október. Lokið var við tengingu brúnna og fyllingu á helstu sigsvæðin. Áætlað er að verkinu ljúki í júlí 1996. Verktaki er Bjarni Vigfússon, Kálfárvöllum.

57 Snæfellsnesvegur

08 Helgafellssveitarvegur – Berserkseyri.

Fjárveiting til almennra verkefna var 28 m.k. og 10 m.kr. vegna atvinnuátaks í atvinnumálum. Greiddar voru skuldir frá fyrra ári og unnið að lokafrágangi.

12 Búlandshöfði

Fjárveiting til almennra verkefna var 4 m.kr. og 33 m.kr. vegna framkvæmdaátaks. Lokið var lagningu á 2,5 km löngum kafla frá Skollá að Leyningi í Fróðárhreppi, sem boðin var út í október 1994. Verktaki var Ingileifur Jónsson, Svínavatni.

60 Vestfjarðavegur

07 Búðardalur – Klofningsvegur

Fjárveiting vegna framkvæmdaátaks var 34 m.kr. og 10 m.kr. lánsheimild. Lokið var við lagningu á 4,8 km löngum kafla með bundnu slitlagi frá Búðardal að Ljárskógum. Verktaki var Borgarverk hf., Borgarnesi.

515 Flókadalsvegur

01 Snjóastaðir

Fjárveiting var 8 m.k. Lokið var við styrkingu og lagfæringu á 3,1 km löngum kafla um Geirshlíð. Verktaki var L.G. vöruflutningar, Borgarnesi.

574 Útnesvegur

01 Um Klifhraun, snjóastaðir

Fjárveiting til tengivega var 10 m.kr. Verkið er hluti verksins „Útnesvegur um Klifhraun", sem frestað var á síðast liðnu ári. Verkið var boðið út í mars 1995. Lokið var við byggingu 1,0 km. kafla með bundnu slitlagi í ágúst 1995. Verktaki var Bjarni Vigfússon Kálfárvöllum.

07 Laxá á Breið.

Fjárveiting til brúagerða var 17 m.kr. og 3 m.kr. til tengivega. Akbraut brúarinnar á Laxá á Breið var breikkuð úr 4 m í 7 m og vegurinn aðlagaður breikkuninni. Verkið var unnið af vinnuflokkum Vegagerðarinnar.

582 Hálsabæjavegur

01 Snjóastaðir.

Fjárveiting til tengivega var 4 m.kr. og var notuð til greiðslu skulda frá síðasta ári.

Vestfirðir

60 Vestfjarðavegur

10 Gilsfjörður

Fjárveiting til stórverkefna var 50 m.kr. og 2 m.kr. til almennra verkefna og 13 m.kr. til tengivega af hlut Vesturlands. Unnið var að lokahönnun og náttúrufarsrannsóknum samkvæmt úrskurði í umhverfismati. Verkið var auglýst til útboðs í lok desember.

60 Vestfjarðavegur

47 Vestfjarðagöng

Fjárveiting var 88 m.kr. til almennra verkefna, 23 m.kr vegna framkvæmdaátaks og 560 m.kr. til stórverkefna, Greitt var vinnulán að upphæð 140 m.kr og tekið annað lán að upphæð 140 m.kr.

Á árinu 1995 voru samtals grafnir 646 m af jarðgöngum frá byrjun janúar til 19. mars er sprengt var í gegn í Breiðadalsgöngum. Afköst voru því um 250 m á mánuði að meðaltali. Heildarlengd ganganna er 8.683 m. Ennfremur var unnið við endanlegar bergstyrkingar og þeim lokið í maí. Frárennsliskerfið í göngunum var að mestu frágengið í lok ágúst og unnið við vatnsvarnir og uppsetningu kapalstiga fram í miðjan desember er því verki var lokið. Ennfremur var allt neðra burðarlag í göngunum lagt út og frágengið í desember. Vegagerð utan ganga var fram haldið og því verki lokið um haustið að frátöldu síðara klæðingarlagi í Botnsdal.

Uppsetning allra ljósa í göngunum og hurða í Breiðadal og Botnsdal var lokið upp úr miðjum desember og almennri umferð hleypt á göngin með viðhöfn þann 20. desember.

61 Djúpvegur

01 Fjarðarhorn – Borðeyri

Fjárveiting vegna framkvæmdaátaks í atvinnumálum var 51 m.kr. Greitt var vinnulán að upphæð 7,3 m.kr. Lokið var við 4,0 km langan kafla ásamt tengivegi að Borðeyri. Er nú komið samfellt bundið slitlag frá Brú út fyrir Prestbakka. Verktaki við jarðvinnu var Fylling hf., Hólmavík en vinnuflokkur Vegagerðarinnar lagði bundið slitlag.

25 - 30 Ísafjarðardjúp

Fjárveiting til stórverkefna var 10 m.kr. og 4 m.kr. vegna framkvæmdaátaks. Tekið var vinnulán að upphæð 10,1 m.kr. Einnig voru lagðir til verkefnisins nokkrir fjármunir af viðhaldi.

Lagt var bundið slitlag á 5,7 km langan kafla frá Kirkjubóli inn fyrir Arngerðareyri. Verkið var unnið af vinnuflokkum Vegagerðarinnar. Hafin var undirbygging á 11,6 km löngum kafla frá Ögri að Gilseyri. Verktaki var Fylling hf., Hólmavík. Unnið var efni í burðarlag og slitlag á báða þessa kafla. Verktaki við efnisvinnslu var Myllan hf., Egilsstöðum.

45 Óshlíð

Fjárveiting vegna framkvæmdaátaks var 23 m.kr. Greitt var lán að upphæð 18 m.kr. Gerður var einn snjóflóðaskápur í gili nr. 5 og unnið að styrkingu rofvarnar.

62 Barðastrandarvegur

02 Brjánslækur – Kross

Fjárveiting vegna framkvæmdaátaks var 10 m.kr. Undirbyggður var 3,9 km langur kafli. Verktaki var Rögnvaldur Árnason, Sauðárkróki.

632 Laugardalsvegur

01 Djúpvegur – Hrafnabjörg

Fjárveiting var engin. Tekið var lán hjá Súðavíkurhreppi að upphæð 4,8 m.kr. og endurbyggður 3,2 km langur kafli. Ýmsum frágangi er ólokið.Verktaki var Hjalti Samúelsson sf.

633 Vatnsfjarðarvegur

01 Djúpvegur – Reykjanes

Fjárveiting til tengivega var 3 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

645 Drangsnesvegur

01 Strandavegur – Hella

Fjárveiting til tengivega var 27 m.kr. Tekið var vinnulán að upphæð 3,8 m.kr. Lagður var 3,8 km langur kafli frá Fagurgalavík að Kollsá. Verktaki var Vinnuvélar Jóa Bjarna, Hellu. Verkinu er ekki lokið en kaflinn hefur verið tekinn í notkun.

Norðurland vestra

1 Hringvegur

m4 Svínvetningabraut – Víðivörðuháls.

Fjárveiting af framkvæmdaátaki í atvinnumálum var 24 m.kr., af framkvæmdaátaki 17 m.kr. Greidd var skuld að upphæð 34,8 m.kr. Til framkvæmda voru því 6,2 m.kr. Unnið var að lokafrágangi vegsvæðis í Bólstaðarhlíðarbrekku, settar upp girðingar og snjógrindur.

76 Siglufjarðarvegur

02 Framnes – Sauðárkróksbraut

Fjárveiting var engin en fyrir 11 m.kr. af viðhaldsfé var lagt neðra lag bundins slitlags á 9,3 km langan kafla. Efra lag slitlags verður lagt sumarið 1996. Verktaki var Fjörður sf., Sauðárkróki.

04 Sleitustaðir – Hofsósbraut

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 11 m.kr. og var hún notuð til greiðslu skulda frá fyrra ári.

09 Ólafsfjarðarvegur – Almenningsnöf

Fjárveiting til almennra verkefna var 13 m.kr. Lagður var 1,7 km langur kafli frá Lambanesreykjum út undir Hraun. Bundið slitlag var lagt á 0.6 km en lokið verður við lögn slitlags sumarið 1996. Verktaki var Árni Helgason, Ólafsfirði. Auk þess var lagfærður 0,4 km langur kafli um jarðsig. Verktaki við það verk var Jarðverk hf., Dalvík.

10 Almenningsnöf – gangamunni

Fjárveiting til almennra verkefna var 31 m.kr. og af framkvæmdaátaki 21 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári að upphæð 31,8 m.kr. Til framkvæmda voru því 20,2 m.kr. Lagður var 2,2 km langur kafli með bundnu slitlagi frá Almenningsnöf að Máná. Verktaki var Árni Helgason, Ólafsfirði.

715 Víðidalsvegur

01 Hringvegur – Kolugil

Fjárveiting var engin en 2 m.kr. lánsheimild. Lagður var 0,9 km langur kafli frá Hringvegi að Fitjá.

733 Blöndudalsvegur

01 Svínvetningabraut – Austurhlíð

Fjárveiting var engin en innistæða frá 1994 var 0,8 m.kr. Lokið var við frágang á 2 km löngum kafla um Brandstaði. Verktaki var Suðurverk hf., Hvolsvelli.

734 Svartárdalsvegur

01 Hringvegur – Bergsstaðir

Fjárveiting var engin en innistæða frá 1994 var 0,5 m.kr. Lokið var við frágang á 1,5 km löngum kafla frá Húnaveri að Gili. Verktaki var Suðurverk hf., Hvolsvelli.

745 Skagavegur

04-05 Hafnaá – Keta

Fjárveiting var engin en innistæða frá 1994 var 0,5 m.kr. Lokið var við frágang á tveimur köflum, Hafnaá – Digrimúli og frá Víkum að Hrauni samtals 7,3 km. Verktaki var V. Brynjólfsson hf., Skagaströnd.

752 Skagafjarðarvegur

02 Héraðsdalsvegur – Svartárdalsvegur

Fjárveiting til tengivega var 30 m.kr. og lánsheimild 1,5 m.kr. Lagður var 9,9 km langur kafli með malarslitlagi frá Svartá að Svartárdalsvegi. Verktaki var Fjörður sf., Sauðárkróki.

754 Héraðsdalsvegur

02 Skagafjarðarvegur – Héraðsdalsvegur

Fjárveiting til tengivega var 1 m.kr. Lagður var 0,6 km langur kafli með malarslitlagi um Langamel. Verktaki var Agnar Hermannsson, Sauðárkróki.

792 Flugvallarvegur Siglufirði

01 Siglufjarðarvegur – Norðurtún

Fjárveiting til tengivega var 3 m.kr. Sett var upp lýsing á 0,9 km löngum kafla. Verkið önnuðust Rafmagnsveitur ríkisins.

Norðurland eystra

1 Hringvegur

p1 Grjótá – Engimýri

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 15 m.kr. Greidd var skuld frá árinu 1994 að upphæð 13,1 m.kr. Lagt seinna lag klæðingar á 1,8 km langan kafla á Öxnadalsheiði. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar annaðist verkið.

r0 Helluvað – Skútustaðir

Fjárveiting af framkvæmdaátaki í atvinnumálum var 41 m.kr. Greidd var skuld frá árinu 1994 að upphæð 31,2 m.kr. Lagt seinna lag klæðingar á 6,5 km langan kafla frá Helluvaði að Skútustöðum. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar annaðist verkið.

r1 Garður – Geiteyjarströnd

Fjárveiting af framkvæmdaátaki í atvinnumálum var 1 m.kr. og af framkvæmdaátaki 40 m.kr. eða samtals kr. 41 m.kr. Lagður var 2 km langur kafli um Garðsgrundir og lögð á hann tvöföld klæðing. Verktaki var Klæðning hf., Garðabæ.

r3 - r7 Kísiliðja – Biskupsháls

Fjárveiting til almennra verkefna var 20 m.kr., af framkvæmdaátaki í atvinnumálum 34 m.kr. og af framkvæmdaátaki 9 m.kr. eða samtals 63 m.kr. Greidd var skuld frá árinu 1994 að upphæð 23,7 m.kr. Lagður var 7,7 km. langur kafli frá Bjarnarflagi við Austaraselsheiði og lagður nýr 0,3 km langur vegur að Hverarönd ásamt bílaplani og áningarstað. Lögð var tvöföld klæðing á 5,6 km langan kafla frá Kröfluvegi að Austaraselsheiði og neðra lag klæðingar á 2,1 km langan kafla frá Bjarnarflagi að Kröfluvegi.

Einnig var lagt seinna lag klæðingar á 7,6 km langan kafla frá Austaraselslind og austur fyrir Dettifossveg. Verktaki var Klæðning hf., Garðabæ.

85 Norðausturvegur

06 Húsavík – Héðinshöfði

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 15 m.kr. Fjárveiting var notuð til efnisrannsókna og vinnslu efnis í Sjónarhól. Verktaki var Arnarfell hf., Akureyri.

10 Vogar – Krossdalur

Fjárveiting til almennra verkefna var 16 m.kr., eftirstöðvar frá fyrra ári 12,4 m.kr. eða samtals 28,4 m.kr. Lokið var við lagningu 5,4 km langs kafla frá Vogum að Skúlagarði og lagt á hann neðra lag klæðingar. Verktaki var Klæðning hf., Garðabæ.

85 Norðausturvegur

25 Þistilfjörður, flugvöllur

Fjárveiting til almennra verkefna 26 m.kr. Lagður var 3 km langur kafli frá Laxárdalsvegi að Laxá, 1,6 km langur kafli á Langanesvegi frá Þórshöfn að Flugvallarvegi og 0,4 km langur kafli á Flugvallarvegi frá Langanesvegi að flugstöð. Eftir er að aka efra burðarlagi, leggja klæðingu og snyrta þessa kafla. Verktaki við jarðvinnu á Norðausturvegi var vörubílstjórafélagið Þór Þórshöfn en við Langanesveg og Flugvallarveg, Átak hf., Þórshöfn.

87 Kísilvegur

05 Bláhvammur – Þverá

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 4 m.kr. Lagt var seinna lag klæðingar á 2,9 km langan kafla frá Skógum að Þverá. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar annaðist verkið.

829 Eyjafjarðarbraut eystri

01 Þverá – Laugaland

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 40 m.kr. Lagður var 4,4 km langur kafli frá Rein að Miðbraut og 0,6 km langur kafli af Miðbraut frá Eyjafjarðarbraut eystri að Brúnalaug. Eftir er að aka efra burðarlagi, leggja tvöfalda klæðingu og snyrta þessa kafla. Verktaki er Klæðing hf., Garðabæ.

833 Illugastaðavegur

02 Skógar – Hróarsstaðir

Fjárveiting til tengivega var 15 m.kr. Greidd skuld frá árinu 1994 að upphæð 7,5 m.kr. Lagt seinna lag klæðingar á 3,5 km langan kafla frá Lambhúsalæk og Gerðagili og á 0,2 km langa kafla á Vaglaskógarvegi til tengingar í Vaglaskóg. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar annaðist verkið.

845 Aðaldalsvegur

02 Staðarbraut – Syðrafjall

Fjárveiting til almennra verkefna var 12 m.kr. Lagður var 3,4 km langur kafli frá Hvammavegi að Lindahlíð og lagt á hann fyrra lag klæðingar. Verktaki var Jarðverk hf., Dalvík.

848 Mývatnsvegur

01 Hringvegur – Vagnbrekka

Fjárveiting til tengivega var 27 m.kr. Lokið var við að leggja 2,3 km langan kafla frá Laxá að Geirastöðum og leggja á hann fyrra lag klæðingar. Lagður 2,2 km langur kafli frá Geirastöðum að Vagnbrekku og lagt á hann fyrra lag klæðingar. Einnig var ný brú á Laxá hjá Arnarvatni tengd. Verktakar voru Góðverk sf., Mývatnssveit og Klæðning hf., Garðabæ.

01 Laxá hjá Arnarvatni

Fjárveiting til brúargerðar frá fyrra ári var 42,5 m.kr. Byggð var 52 m löng brú með tveimur akreinum og göngustíg í stað einbreiðrar brúar. Vélsmiðja Sigurðar Jónssonar hf., Kópavogi annaðist smíði stálbitanna en vinnuflokkur Vegagerðarinnar annaðist uppsetningu og steypuvinnu.

Austurland

1 Hringvegur

Tenging Norður- og Austurlands

Fjárveiting til framkvæmdaátaks í atvinnumálum var 50 m.kr. Unnið var að tæknilegum undirbúningi á Hárekssstaðaleið úr Langadal að Lönguhlíð. Fjárveiting var að öðru leiti lánuð til að ljúka gerð Hringvegar um Jökulsá á Dal.

s9 Um Jökulsá á Dal

Fjárveiting var engin en unnið fyrir lán frá fjárveitingu til tengingar Norður- og Austurlands. Lokið við klæðingu á 4,0 km kafla frá Deild og út yfir Jökulsá hjá Sellandi og á 2,4 km kafla á Hlíðarvegi um Brúarás. Verktaki var Héraðsverk hf., Egilsstöðum.

t0 Dimmidalur – Skóghlíð

Fjárveiting til almennra verkefna var 18 m.kr. Greidd skuld frá árinu 1993.

u1 Um Breiðdalsós

Fjárveiting var engin, en fyrir fjárveitingu fyrra árs var lokið var lagningu bundins slitlags á 1,4 km langan kafla frá Þverhamri og út að flugvallarvegi og 0,9 km kafla frá vegamótum við Breiðdalsvík inn fyrir Gljúfraborg. Verktaki var Guðmundur Björgólfsson, Breiðdalsvík.

v7 Um Laxá í Nesjum

Fjárveiting var engin, en gengið var frá fyllingum að og yfir brú á Laxá í Nesjum sem byggð var 1994 og lögð klæðing. Verktaki var Stefán Gunnarsson, Djúpavogi

x5 Fjallsár- og Hrútárbrú

Fjárveiting til vegagerðar var engin en endurgreidd var 24 m.kr. fjárveiting frá árinu 1994, sem lánuð var til Norðausturvegar (85). Auk þess var geymd 56 m.kr. fjárveiting til brúar á Fjallsá. Til brúagerðar var 60 m.kr. fjárveiting af framkvæmdaátaki í atvinnumálum og 2 m.kr. fjárveiting af framkvæmdaátaki. Til ráðstöfunar voru því 142 m.kr. Boðin var út og hafin undirbygging á 4,7 km löngum vegi um Fjallsá og Hrútá, sem lokið verður sumarið 1996. Verktaki við vegagerð er Hjarðarnesbræður hf., Hornafirði. Auk þess var unnið við gerð undirstaða fyrir brýr á Fjallsá og Hrútá sem vinnuflokkur Vegagerðarinnar annaðist. Í lok ársins var boðin út bygging brúnna með áætluðum verklokum í ágúst 1996.

y2 Skeiðarársandur

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 5 m.kr., og var hún notuð til að breikka 1,7 km af bundnu slitlagi á Skeiðarársandi. Verktaki við klæðingu var Klæðning hf., Garðabæ, en vinnuflokkur Vegagerðarinnar sá um undirbúning undir klæðingu.

917 Hlíðarvegur

05 Hellisheiði – Vindfell

Fjárveiting til almennra verkefna var 11 m.kr. Lokið var undirbyggingu á 6,3 km löngum kafla frá Eyvindarstöðum að Vindfelli, sem byrjað var á 1994. Áætlað er að ljúka verkinu með lagningu malarslitlags sumarið 1996. Verktaki er Einar Sigurbjörnsson og Vörubílstjórafélag Norð-Mýlinga.

06 Um Gljúfursá

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 20 m.kr. Framkvæmdum var frestað.

919 Sunnudalsvegur

01 Hlíðarvegur – Refstaður

Fjárveiting var engin en fjárveiting frá fyrra ári 12 m.kr. Hafin undirbygging á 2,94 km kafla sem lagður verður bundnu slitlagi sumarið 1996. Verktaki er Hjarðarnesbræður hf., Hornafirði.

953 Mjóafjarðarvegur

01 - 03 Norðfjarðarvegur – Brekka

Fjárveiting til tengivega var 10 m.kr. Unnið við styrkingar og mölburð á Eyvindarárdal upp á Slenjudal og í Fjarðardal út undir Hesteyri. Verktaki var Þröstur Stefánsson, Egilsstöðum.

85 Norðausturvegur

35 Sandvíkurheiði – Hvammsgerði

Fjárveiting til almennra verkefna var 31 m.kr. og var hún notuð til greiðslu 19 m.kr. skuldar, til Norðausturvegar (85) Hlíðarvegur – Fell og 12 m.kr. til Sunnudalsvegar (919).

40 Hlíðarvegur – Fell

Fjárveiting til tengivega var 5 m.kr. og innstæða frá fyrra ári 19 m.kr. Undirbyggður á 5,6 km langur kafli sem lagður verður bundnu slitlagi sumarið 1996. Verktaki er Hjarðarnesbræður hf., Hornafirði.

92 Norðfjarðarvegur

06 Reyðarfjörður

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 1 m.kr. Framkvæmdum frestað til næsta árs.

10 Göng – Oddsdalur

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 19 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

93 Seyðisfjarðarvegur

01 Um Eyvindará

Fjárveiting til brúagerða var 31 m.kr. Fjárveiting var lánuð til framkvæmda á Seyðisfjarðarvegi.

02 Borgarfjarðarvegur – Langahlíð

Fjárveiting til almennra verkefna var 14 m.kr. Undirbyggður að mestu 3,54 km langur kafli sem ljúka á sumarið 1996 með klæðingu. Verktaki er V. Brynjólfsson hf., Skagaströnd.

02 - 03 Miðhúsaá – Efristafur

Fjárveiting var engin. Lagt var seinna klæðingarlag á 4,0 km langan kafla sem lokið var við 1994. Verktaki var Vökvavélar hf., Egilsstöðum.

94 Borgarfjarðarvegur

06 Um Selfljót

Fjárveiting til tengivega var 17 m.kr. og til brúagerða 57 m.kr. eða samtals til ráðstöfunar 74 m.kr. Undirbyggður og tekin í notkun 1,8 km langur kafli sem leggja á bundnu slitlagi sumarið 1996. Byggð var 60 m löng eftirspennt bitabrú með 7 m akbraut á Selfljót hjá Unaósi. í stað einbreiðrar brúar með litlu burðarþoli. Verktaki við vegagerð er Sigurður Jónson, Mælivöllum og Njörður hf., Njarðvík. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar byggði brúna.

96 Suðurfjarðavegur

02 Eyri – Þernunes

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 21 m.kr. Lokið var endurbyggingu á 6,5 km löngum kafla með bundnu slitlagi sem byrjað var á 1994. Verktaki var Vélás hf., Egilsstöðum og síðar Verkfræðistofan Ás, Egilsstöðum.

06 Fáskrúðsfjörður

Fjárveiting af framkvæmdaataki var 4 m.kr. Endurbyggður 0,5 km langur kafli innan þéttbýlisins á Fáskrúðsfirði og lagður olíumöl.

1204. Nefndarálit [540. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um eftirlaun alþingismanna, nr. 46/1965, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Indriða H. Þorláksson, formann stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, og Hauk Hafsteinsson, framkvæmdastjóra sjóðsins.

Frumvarpið felur aðallega í sér tvær efnisbreytingar. Sú fyrri lýtur að starfskjörum forseta Alþingis. Skv. 2. gr. laga um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, nr. 88/1995, skal forseti Alþingis njóta sömu launa- og starfskjara og ráðherrar. Til starfskjara telst m.a. réttur til eftirlauna. Frumvarpið felur í sér að forseti skal, auk iðgjalds af þingfararkaupi, greiða iðgjald af forsetalaunum, þ.e. þeim launum sem hann hefur umfram þingfararkaup, í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og fá fyrir það sama lífeyrisrétt og ráðherrar hafa. Er það í samræmi við þá stefnu sem mörkuð var er lögin um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað voru sett. Hitt efnisatriði frumvarpsins miðar að því að breyta rétti til makalífeyris þannig að réttur eftirlifandi maka varaþingmanns til eftirlauna, sem eru hærri en eftirlaun varaþingmanns, er afnuminn. Mun breytingin ekki hafa áhrif á lífeyri þeirra sem þegar hafa hafið töku makalífeyris. Virkur lífeyrisréttur verður þannig ekki skertur. Í þessu efnisatriði frumvarpsins felst í raun að mati meiri hluta nefndarinnar leiðrétting á mistökum, sem rekja má til síðustu endurskoðunar laganna, en engin grundvallarbreyting.

Varðandi ákvæði 4. gr. um barnalífeyri vill meiri hlutinn benda á að almenn regla um barnalífeyri úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins er að hið látna foreldri hafi haft ráðningu a.m.k. til eins árs og hafi verið í starfi þegar andlát bar að. Ákvæði frumvarpsins er sett með hliðsjón af þeirri reglu.

Meiri hlutinn mælir með að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. júní 1996.

Sólveig Pétursdóttir, starf. form., frsm.	Jón Kristjánsson.	Sighvatur Björgvinsson.
Árni R. Árnason.	Einar Oddur Kristjánsson.	Ísólfur Gylfi Pálmason.
Svavar Gestsson.		Pétur H. Blöndal.

1205. Nefndarálit [540. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um eftirlaun alþingismanna, nr. 46/1965, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Fyrra efnisatriði frumvarpsins lýtur að því að færa lífeyrisréttindi forseta þingsins til sama horfs og hjá ráðherrum. Rökin, sem flutningsmenn færa fyrir þessari breytingu, eru

að með lögum nr. 88/1995, um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, hafi verið stefnt að því að forseti Alþingis nyti sömu launa- og starfskjara og ráðherra. Vísað er til þess í greinargerð þessa frumvarps að með starfskjörum sé m.a. átt við eftirlaunarétt.

Þingmenn Þjóðvaka studdu ekki þær breytingar sem gerðar voru á fyrrgreindum lögum í júnímánuði 1995, hvorki það ákvæði sem nú á að breyta né önnur ákvæði laganna, og munu í samræmi við þá afstöðu ekki heldur styðja þá grein frumvarpsins sem lýtur að því að hækka lífeyrisgreiðslur til forseta Alþingis.

Hitt efnisatriði frumvarpsins fjallar um löngu tímabæra leiðréttingu á ákvæði um makalífeyri varaþingmanna sem felur í sér óeðlilega háar lífeyrisgreiðslur til maka varaþingmanna. Verður að líta svo á að hér hafi verið um mistök að ræða í lagasetningu sem verið er að leiðrétta. Þingmenn Þjóðvaka vilja stuðla að því að svo sjálfsögð lagfæring nái fram að ganga.

Alþingi, 4. júní 1996.

Jóhanna Sigurðardóttir.

1206. Framhaldsnefndarálit [519. mál]

um frv. til l. um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin tók málið til umræðu að nýju. Samkomulag varð um það í nefndinni að gera breytingar á frumvarpinu. Felast þær í því að aðeins er lagt til að samþykkt verði ákvæði um veiðieftirlit utan íslenskrar lögsögu og er lagt til að heiti frumvarpsins breytist í samræmi við það.

Nefndin leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Guðný Guðbjörnsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 5. júní 1996.

Árni R. Árnason, frsm.	Guðmundur Hallvarðsson.	Ísólfur Gylfi Pálmason.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Sighvatur Björgvinsson, með fyrirvara.	Svavar Gestsson, með fyrirvara.
	Svanfríður Jónasdóttir, með fyrirvara.	

1207. Breytingartillögur [519. mál]

við frv. til l. um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. 1.–7. gr. falli brott.
2. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Eftirlitsmönnum Fiskistofu er heimilt að fara í eftirlitsferðir með íslenskum skipum við veiðar utan íslensku lögsögunnar. Um eftirlit með framkvæmd laga þessara gilda ákvæði laga um stjórn fiskveiða og laga um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum eftir því sem við á. Auk þess skal ráðherra með reglugerð gera íslenskum skipum að sæta því eftirliti sem kveðið er á um í samningum sem Ísland er aðili að.

Fyrir leyfi til veiða á úthafinu skal greiða gjald skv. 3. mgr. 18. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Útgerðir skipa sem fá úthlutað veiðiheimildum úr stofnum sem veiðast bæði innan og utan lögsögu Íslands skulu greiða sérstakt gjald — veiðieftirlitsgjald — vegna eftirlits með veiðum skipanna. Gilda um það ákvæði laga um stjórn fiskveiða varðandi gjaldskyldu, gjaldstofn, gjaldstig, álagningu og innheimtu.

Útgerðir skipa, sem stunda veiðar á sjávardýrum úr öðrum stofnum en þeim sem um er rætt í 2. mgr., skulu greiða sérstakt gjald — veiðieftirlitsgjald — vegna eftirlits með veiðum skipanna. Skal gjaldið renna til reksturs veiðieftirlits Fiskistofu. Gjald af hverju einstöku skipi skal vera 30 aurar á hvert aflakíló metið til þorskígilda í samræmi við verðmætastuðla sem ákveðnir eru á grundvelli laga um stjórn fiskveiða. Skulu útgerðir fiskiskipa greiða gjaldið í samræmi við ákvæði 4. og 5. mgr.

Útgerð skips, sem fær úthlutað veiðiheimildum úr stofnum sem veiðast alfarið utan lögsögu Íslands, skal greiða gjald skv. 3. mgr. fyrir hvert úthlutað aflakíló. Skal gjaldið greitt fyrir fram við útgáfu tilkynningar um aflamark er kveður á um heimild til að veiða tiltekið magn sjávardýra á viðkomandi fiskveiðiári, vertíð eða veiðitímabili og skal gjaldstofn miðaður við úthlutað aflamark. Gjaldið er ekki endurkræft þótt veiðiheimildir hafi ekki verið nýttar.

Fari stjórn veiða á þeim stofnum, sem veiðast alfarið utan lögsögu Íslands, fram með öðrum hætti en úthlutun veiðiheimilda til skipa skal gjald skv. 3. mgr. innheimt árlega eftir á samhliða gjaldi af almennu veiðileyfi skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, af skipum er hafa það leyfi. Innheimta af afla fiskiskipa, er hafa ekki leyfi til veiða í atvinnuskyni samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða, fer fram á sama tíma. Skulu ákvæði 3. mgr. gilda um álagningu gjaldsins en gjaldstofn miðast við landaðan afla viðkomandi fiskiskips er veiðar stundar úr þessum stofnum á tólf mánaða tímabili frá 1. ágúst til 31. júlí fyrir upphaf hvers fiskveiðiárs.

Hafi íslensk stjórnvöld á grundvelli milliríkjasamnings, eða með öðrum skuldbindandi hætti, samið um að eftirlit með veiðum fiskiskipa úr stofni, sem alfarið veiðist utan lögsögu Íslands, skuli vera með þeim hætti að um borð í hverju fiskiskipi skuli starfa eftirlitsmaður skulu útgerðir skipa, er veiðar stunda úr þeim stofni, greiða 15.000 kr. fyrir hvern dag er skipið stundar þær veiðar. Verði samið um minna eftirlit, þannig að veiðieftirlitsmaður verði við eftirlitsstörf um borð í hluta skipa er stunda veiðar úr viðkomandi stofni, skal hvert skip greiða gjald fyrir hvern dag er skipið stundar þær veiðar er nemur sama hlutfalli af daggjaldinu skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar og umsömdu hlutfalli skipa með eftirlitsmenn um borð. Skal gjaldið greitt af öllum skipum er veiðarnar stunda án tillits til veru eftirlitsmanna um borð í einstökum skipum. Gjald vegna eftirlitsmanna samkvæmt þessari málsgrein greiðist árlega, eftir á, fyrir eftirlit á 12 mánaða tímabili í samræmi við ákvæði 5. mgr.

3. 9.–14. gr. falli brott.
4. 16. gr. sem verður 3. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.
5. Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:
   Við innheimtu gjalds skv. 3., 5. og 6. mgr. 1. gr., í fyrsta sinn 1. september 1996, skal miða innheimtuna við afla og veiðidaga viðkomandi fiskiskips frá gildistöku laga þessara til 31. júlí 1996.
6. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um eftirlit með fiskveiðum utan lögsögu Íslands.

1208. Svar [489. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Þórunnar Sveinbjarnardóttur um aðstoð til sjálfsstjórnarsvæða Palestínumanna í Ísrael.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Til hvaða verkefna var þeim 92 millj. kr. varið sem veitt var til uppbyggingar á sjálfsstjórnarsvæðum Palestínumanna í Ísrael? Hvenær hófust þessi verkefni og hverjir höfðu þau með höndum?

Ríkisstjórnin hefur samþykkt tillögur nefndar um aðstoð Íslands á svæðum Palestínumanna í Ísrael um ráðstöfun 42 millj. kr. af þeim 92 millj. kr. sem verja skal til uppbyggingar á sjálfsstjórnarsvæðum Palestínumanna í Ísrael. Tillögurnar gerðu ráð fyrir að um þriðjungur fjárins færi í marghliða aðstoð á vegum alþjóðastofnana, UNRWA og Alþjóðabankans, og í aðstoð sem innlend félagasamtök, Rauði kross Íslands og Hjálparstofnun kirkjunnar annast og að 18 millj. kr. færu til stofnunar og reksturs verkfræðistofu í sameign íslenskra og palestínskra aðila.

Verkfræðistofan Al Wadi hóf störf um mitt ár 1994. Fyrirtækið er sameign þriggja íslenskra verkfræðistofa, Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen, Verkfræðistofu Stefáns Ólafssonar og Fjarhitunar og palestínskra aðila. Fyrirtækið stóð að hönnun lögreglustöðvar og eftirliti með framkvæmdum hennar og lauk þessu verkefni í októbermánuði 1995.

Hjálparstofnun kirkjunnar og Rauði kross Íslands hafa nú fengið samtals 10 millj. kr. til aðstoðar við uppbyggingu á hernumdu svæðunum í kringum Jeríkó og á Gazasvæðinu.

Nefnd um aðstoð Íslands á svæðum Palestínumanna í Ísrael vinnur nú að mati á stöðu og áframhaldi verkefna á sjálfsstjórnarsvæðunum og áætlar að skila lokatillögum um ráðstöfun fjár á hausti komandi.

1209. Lög [421. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 5. júní.)

Samhljóða þskj. 1136 með þessari breytingu:

13. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við staðgreiðslu gjalda á árinu 1997 og við álagningu gjalda á árinu 1998 fyrir tekjuárið 1997. Breyting á nafnverði hlutafjár, sbr. 1. málsl. 6. gr., skal koma til framkvæmda í fyrsta sinn á árinu 1998 vegna verðbreytingarstuðuls ársins 1997.

Nú selur maður hlutabréf á árinu 1996 og skal þá hagnaður af sölu þeirra skattlagður með 10% skatthlutfalli, enda sé salan ekki þáttur í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi mannsins og hagnaðurinn nemi lægri upphæð en 3.000.000 kr. hjá einstaklingi eða 6.000.000 kr. hjá hjónum. Söluhagnaður sá er þessi málsgrein tekur til telst ekki til útsvarsstofns. Ákvæði lokamálsgreinar 17. gr., um heimild til frestunar á tekjufærslu og um ráðstöfun á söluhagnaði til kaupa á hlutabréfum, skulu gilda um söluhagnað umfram fjárhæðarmörk í 1. málsl.

1210. Lög [422. mál]

um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

(Afgreidd frá Alþingi 5. júní.)

Samhljóða þskj. 1137.

1211. Lög [437. mál]

um breyting á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 5. júní.)

Samhljóða þskj. 1190.

1212. Lög [436. mál]

um breyting á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 5. júní.)

Samhljóða þskj. 768.

1213. Þingsályktun [300. mál]

um úttekt og flutning á félagslegum verkefnum frá heilbrigðisráðuneyti til félagsmálaráðuneytis.

(Afgreidd frá Alþingi 5. júní.)

Samhljóða þskj. 540.

1214. Lög [449. mál]

um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987.

(Afgreidd frá Alþingi 5. júní.)

Samhljóða þskj. 1195.

1215. Breytingartillaga [366. mál]

við frv. til l. um náttúruvernd.

Frá Ólafi Erni Haraldssyni.

Orðin „eða mannvirki sem reist hafa verið fyrir samþykkt þessara laga“ í síðari málslið 25. gr. falli brott.

1216. Frumvarp til laga [519. mál]

um eftirlit með fiskveiðum utan lögsögu Íslands.

(Eftir 2. umr., 5. júní.)

1. gr.

Eftirlitsmönnum Fiskistofu er heimilt að fara í eftirlitsferðir með íslenskum skipum við veiðar utan íslensku lögsögunnar. Um eftirlit með framkvæmd laga þessara gilda ákvæði laga um stjórn fiskveiða og laga um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum eftir því sem við á. Auk þess skal ráðherra með reglugerð gera íslenskum skipum að sæta því eftirliti sem kveðið er á um í samningum sem Ísland er aðili að.

Fyrir leyfi til veiða á úthafinu skal greiða gjald skv. 3. mgr. 18. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Útgerðir skipa sem fá úthlutað veiðiheimildum úr stofnum sem veiðast bæði innan og utan lögsögu Íslands skulu greiða sérstakt gjald — veiðieftirlitsgjald — vegna eftirlits með veiðum skipanna. Gilda um það ákvæði laga um stjórn fiskveiða varðandi gjaldskyldu, gjaldstofn, gjaldstig, álagningu og innheimtu.

Útgerðir skipa, sem stunda veiðar á sjávardýrum úr öðrum stofnum en þeim sem um er rætt í 2. mgr., skulu greiða sérstakt gjald — veiðieftirlitsgjald — vegna eftirlits með veiðum skipanna. Skal gjaldið renna til reksturs veiðieftirlits Fiskistofu. Gjald af hverju einstöku skipi skal vera 30 aurar á hvert aflakíló metið til þorskígilda í samræmi við verðmætastuðla sem ákveðnir eru á grundvelli laga um stjórn fiskveiða. Skulu útgerðir fiskiskipa greiða gjaldið í samræmi við ákvæði 4. og 5. mgr.

Útgerð skips, sem fær úthlutað veiðiheimildum úr stofnum sem veiðast alfarið utan lögsögu Íslands, skal greiða gjald skv. 3. mgr. fyrir hvert úthlutað aflakíló. Skal gjaldið greitt fyrir fram við útgáfu tilkynningar um aflamark er kveður á um heimild til að veiða tiltekið magn sjávardýra á viðkomandi fiskveiðiári, vertíð eða veiðitímabili og skal gjaldstofn miðaður við úthlutað aflamark. Gjaldið er ekki endurkræft þótt veiðiheimildir hafi ekki verið nýttar.

Fari stjórn veiða á þeim stofnum, sem veiðast alfarið utan lögsögu Íslands, fram með öðrum hætti en úthlutun veiðiheimilda til skipa skal gjald skv. 3. mgr. innheimt árlega eftir á samhliða gjaldi af almennu veiðileyfi skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, af skipum er hafa það leyfi. Innheimta af afla fiskiskipa, er hafa ekki leyfi til veiða í atvinnuskyni samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða, fer fram á sama tíma. Skulu ákvæði 3. mgr. gilda um álagningu gjaldsins en gjaldstofn miðast við landaðan afla viðkomandi fiskiskips er veiðar stundar úr þessum stofnum á tólf mánaða tímabili frá 1. ágúst til 31. júlí fyrir upphaf hvers fiskveiðiárs.

